Danskernes Historie Online
Danske Slægtsforskeres Bibliotek

Dette værk er downloadet fra Danskernes Historie Online

Danskernes Historie Online er Danmarks største digitaliseringsprojekt af litteratur inden for emner som personalhistorie, lokalhistorie og slægtsforskning. Biblioteket hører under den almennyttige forening Danske Slægtsforskere. Vi bevarer vores fælles kulturarv, digitaliserer den og stiller den til rådighed for alle interesserede.

Støt Danskernes Historie Online - Bliv sponsor
Som sponsor i biblioteket opnår du en række fordele. Læs mere om fordele og sponsorat her: https://slaegtsbibliotek.dk/sponsorat

Ophavsret
Biblioteket indeholder værker både med og uden ophavsret. For værker, som er omfattet af ophavsret, må PDF-filen kun benyttes til personligt brug.

Links
Slægtsforskernes Bibliotek: https://slaegtsbibliotek.dk
Danske Slægtsforskere: https://slaegt.dk

AÐALGEIR KRISTJÁNSSON

BRYNJÓLFUR PÉTURSSON

ævi og störf

REYKJAVÍK
HIÐ ÍSLENZKA BÓKMENNTAFÉLAG
1972

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

FORMÁLI

Þessi bók, sem hér um ræðir, hefir verið lengi í smíðum. Þegar ég var við nám í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands fyrir 20 árum, valdi ég Brynjólf Pétursson sem ritgerðarefni til lokaprófs að ráði dr. Þorkels Jóhannessonar prófessors. Síðar varð að ráði, að eg gæfi út bréf Brynjólfs fyrir Hið íslenzka fræðafélag í Kaupmannahöfn, sem komu út árið 1964. Jafnframt þeirri útgáfu gerði eg fyrsta uppkast að þessari bók veturna, sem eg var í Kaupmannahöfn.

Síðan tóku við önnur störf, svo að þessu verki var lítið sinnt og flest annað látið ganga fyrir. Vísindasjóður hafði tvívegis veitt mér styrki til að gefa út bréfin og rita þessa ævisögu og alltaf rakst eg á fleiri og fleiri heimildir um Brynjólf eftir því sem árin liðu. Samt var svo komið fyrir fjórum árum, að eg þóttist albúinn að ganga frá verkinu, en þá bar það til tíðinda haustið 1968, að eg fann bréfasafn Brynjólfs Péturssonar í Landsarkivet for Sjælland, og í því kom svo margt nýtt í ljós, að eg sá þann kost vænstan að setjast niður að nýju og semja bókina upp. Fundur þessara bréfa hafði í för með sér, að bókin varð öllu meiri að vöxtum, en í upphafi var vænzt, því að í þeim var svo margt nýtt og nýstárlegt, að fram hjá því varð ekki gengið með góðu móti.

Eg geri ráð fyrir, að mörgum þyki það nokkur ókostur, hve mikið er af stafréttum tilvitnunum bæði í meginmáli og neðanmáls, og eg skal fúslega játa, að allt orkar tvímælis þá gert er. Fljótt á litið virðist einfalt mál að hafa allar tilvitnanir með nútíma stafsetningu, en slíkt er ekki jafn auðvelt og virðast má í fljótu bragði. Því má heldur ekki gleyma, að þannig skrifuðu menn ekki. Stafréttur texti, hversu ósamkvæmur sjálfum sér, sem hann er, er svolítil spegilmynd af þeim, sem á pennanum heldur, og einn kostur er því samfara að fylgja réttritun heimildanna, að með því má komast fram hjá þeim gildrum, sem eru því samfara að færa textann til nútíma stafsetningar. En hér verður að gera þá játningu, að við mörg vafaatriði hefir verið að glíma í sambandi við þessa stafréttu texta. Og er þar fyrst að nefna stórt og lítið þ og d og ð, en um þetta tvennt hefir verið erfitt að gera sér nokkra fasta reglu til að fara eftir, og var sú leið farin að fylgja duttlungum bréfritaranna og ósamræmi eins og nokkur skynsemi leyfði. Þá er þess enn að geta, að bersýnilegar ritvillur hafa verið leiðréttar án þess að um sé getið. Þar sem stöfum er bætt inn, sem molnað hafa burt úr handriti eða vantað með öðru móti,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

svo og þegar skammstafanir eru fylltar út, eru jafnan notaðir hornklofar, þar sem prentsmiðjan átti ekki oddklofa, sem stundum eru notaðir í heimildum, sem vitnað er til.

Í sambandi við hina miklu heimildanotkun langar mig að gera þá afsökun, að því eru þær hér svo ríkulega fram reiddar, að eg vænti þess, að þeir, sem síðar kunna að fást við þetta tímabil, geti haft af þeim nokkur not. Þó vil eg geta þess, að í upphafi bókarinnar settu þær mig í nokkurn vanda. Séra Pétur Björnsson er sagður fæddur 8da marz 1723 og dáinn 1sta september 1803 82ja ára að aldri, en það liggur í augum uppi, að hér er einhver tímatalsvilla á ferðinni, enda segir „vita" Péturs hann fæddan 1720 og sennilegt er, að séra Pétur á Víðivöllum hafi vitað hið sanna um aldur föður síns, en ekki verður þess freistað að kveða upp neinn dóm um, hvar villan liggur.

Eg hefi farið út af troðinni slóð með neðanmálsgreinar og tilvitnanir. Þar sem stjarna fylgir tilvísunartölu, er vísað til neðanmálsgreinar, en jafnframt til heimildaskrár yfir hvern kafla aftast í bókinni, og vona eg það komi ekki að sök, en með þessu móti nýttist leturflöturinn betur auk annars hagræðis.

Ekki verður skilizt svo við þessa bók, að ekki verði getið þeirra, sem á einn eða annan hátt hafa veitt mér liðsinni og er þar fyrstan að telja dr. Þorkel Jóhannesson prófessor, sem benti mér á þetta verkefni og hvatti mig til að gera úr því bók. Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur hefir verið mér innan handar og til hans hefi eg sótt margar góðar ábendingar. Stefán Pjetursson fyrrum þjóðskjalavörður las yfir handritið og benti mér á ýmislegt, sem betur mátti fara. Sigurður Líndal prófessor, forseti Bókmenntafélagsins, las einnig yfir handritið og gerði ýmsar þarflegar breytingar. Slíkt hið sama gerðu þeir Ólafur Pálmason og Gestur Magnússon og kann eg þeim öllum beztu þakkir fyrir. Þá er mér skylt að geta þess og þakka fyrir, að frú Ása Wright sendi mér að gjöf 1000 dollara til að ljúka verkinu haustið 1968. Vísindasjóður hefir þrívegis veitt mér styrk til að gefa út bréf Brynjólfs og bók þá, sem hér er fylgt úr hlaði.

Að síðustu vil ég svo þakka prófarkalesurunum fyrir þeirra skerf, en það voru Gestur Magnússon, Árni Kristjánsson, Haraldur Sigurðsson, Jóhannes Hálldórsson og dr. Björn Karel Þórólfsson. Enn fremur vil eg nefna setjarann Kristján Gunnarsson, sem vann sitt verk með mikilli prýði og slíkt hið sama Valgeir J. Emilsson, sem hefir brotið bókina um og lagt fram sinn skerf að gera bókina sem bezt úr garði.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

EFNISYFIRLIT

	bls.
Ætt og uppruni	9
Æsku- og skólaár	13
Stúdentsárin í Kaupmannahöfn	20
Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans	26
Júlíbyltingin og áhrif hennar	31
Upphaf stéttaþinganna í Danmörku — umræður um þátttöku Íslands	36
Upphaf frjálsræðisstefnunnar í Danmörku	43
Í hópi háskólaborgara	48
Upphaf Fjölnis	51
Störf Brynjólfs Péturssonar í þágu Bókmenntafélagsins	63
Stofnun Fjölnisfélagsins og útgáfa Fjölnis	74
Útbreiðsla og móttökur Fjölnis	84
Stofnun bindindisfélaga og önnur félagsstarfsemi	92
Þýðinga- og orðabókarstörf	98
Embættisferill og embættisstörf	106
Einkamál	113
Skuldaskil	130
Hið íslenzka samfélag í Kaupmannahöfn	144
Stéttaþingin og bænarskrár um alþingi	152
Kristján VIII og alþing hið nýja	162
Um skipulag alþingis hins nýja	169
Lokaþáttur alþingismálsins — framboðsraunir	180
Ritdeilur um skipulag alþingis	186
„Í friði við stjórnina“	191
Lok einveldisins í Danmörku og stofnun íslenzku stjórnardeildarinnar	198
Vor yfir Íslandi	211
Rosenørn og afstaða hans til íslenzkra mála	219

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Grundvallarlagaþingið 227
Kosningalögin 236
Lífið í Reykjavík 248
Viðbúnaður að þjóðfundi 266
Frumvarp Brynjólfs Péturssonar 272
Frestun þjóðfundarins 282
Ævilok og eftirmæli 298
Frumvarp Brynjólfs Péturssonar í eiginhandarriti 307
Myndir af ýmsum skjölum 327
Heimildaskrá 343
Handritaskrá 357
Bókaskrá 359
Nafnaskrá 363

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ÆTT OG UPPRUNI

Um miðja 18du öld var í Hólaskóla sveinn að nafni Pétur Björnsson. Hann var fæddur á Breiðabólstað í Vesturhópi 8da marz 1723 og var talinn annað lausaleiksbarn Bjarnar Péturssonar og Halldóru Árnadóttur. Þau voru systkinabörn og tvívegis sek um lausaleiksbrot. Móðir Péturs var á Breiðabólstað, þegar sveinninn fæddist, og jafnvel talið, að hinn rétti faðir hans hafi verið sr. Halldór Hallsson prestur á Breiðabólstað, en hann var ókvæntur, þegar Pétur fæddist. Séra Halldór gekk að eiga Þuríði Sveinsdóttur árið 1735, en Pétur ólst að einhverju leyti upp hjá sr. Halldóri og hlaut tilsögn í latínu hjá honum,[1] en litlu ástríki mun Pétur hafa átt að fagna hjá Þuríði. Jón Steingrímsson segir í ævisögu sinni, að Pétur hafi alizt upp hjá Bjarna sýslumanni Halldórssyni á Þingeyrum.[2] Annars er margt á huldu um uppvöxt Péturs, en haustið 1747 var hann kominn í Hólaskóla og brautskráðist þaðan 1751 með hinum bezta vitnisburði Halldórs biskups Brynjólfssonar. Ári síðar var honum veitt Tjörn á Vatnsnesi, þar sem hann var prestur í 40 ár. Sama árið og hann tók vígslu gekk hann að eiga Guðrúnu Jónsdóttur frá Tungu í Fljótum, sem var sex árum eldri en Pétur. Þeim hjónum varð fjögurra barna auðið, en þrjú þeirra dóu í æsku. Einn sveinn, Pétur að nafni, náði fullorðinsaldri. Hann var fæddur 1sta nóvember 1754 og fór til náms í Hólaskóla árið 1769 og var brautskráður þaðan 1775. Vegna fátæktar varð ekki úr frekara námi. Að námi loknu réðst hann til Vigfúsar Schevings sýslumanns í Skagafirði. Sýslumanni þótti Pétur vænlegur, og fyrir áeggjan hans leitaði Pétur ráðahags við Elínu Grímólfsdóttur á Sjávarborg, en sýslumaður var í lögráðum með henni. Hún var ekkja eftir Svein Þorláksson, barnlaus og vel efnum búin, en 20 árum eldri en Pétur. Þau voru gefin saman 11ta október 1777. Brúðhjónin gerðu með sér erfðaskrá 23ja júní 1779, þar sem svo var á kveðið, að það sem lengur lifði skyldi erfa hitt, og var hún staðfest af konungi 31sta desember 1779.[3]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Gísli Konráðsson lýsti Pétri á þessa leið: Hann var og vel í vexti, með hærri mönnum og riðvaxinn að því skapi, herðamikill og heldur miðmjór, karlmannlegur á að sjá og þó fríður sýnum, sléttur á kinn, réttnefjaður, en nokkuð hafið upp að framan, augnsmár og heldur svo rauðleitur á andlit.[4]

Brátt kom í ljós, eftir að Pétur hafði tekið við búsforráðum á Sjávarborg, að hann var búhöldur góður og athafnamaður til sjós og lands, enda blómgaðist bú hans, og efnin uxu, þrátt fyrir rysjótt árferði.

Þegar Pétur Pétursson brautskráðist úr skóla, lágu lífvænleg embætti ekki á lausu. Hann sótti bæði um Reynistaðarklaustur og Þingeyraklaustur, en fékk hvorugt. Árið 1786 bar það til tíðinda, að Oddur Gíslason prestur á Miklabæ hvarf, svo að ekki hefir til hans spurzt með vissu. Vigfús Scheving sýslumaður hvatti Pétur til að sækja um brauðið, og er umsókn Péturs dagsett 2an desember 1786.[5] Hann hlaut hin beztu meðmæli Árna biskups Þórarinssonar, sem segir, að hann sé hinn fremsti í hópi ungra menntamanna í Hólastifti, að því er snerti góðar gáfur, lærdóm, reglusemi og dugnað í búnaði, svo að óhætt sé að spá því, að hann sem prestur verði til almennrar uppbyggingar, bæði í embættisfærslu og umsjón prestssetursins.[6] Áður hafði Árni biskup farið þess á leit við Pétur, að hann tæki að sér ráðsmennsku Hólastóls vorið 1785, en Pétur lét þess engan kost, þó að biskup leitaði fast eftir. Þetta sýnir, að Árni biskup hefir haft mikla trú á Pétri, enda fékk hann veitingu fyrir Miklabæ 15da janúar 1787, þó að tveir prestar, Jón Guðmundsson og Hallgrímur Thorlacius í Miklagarði, sæktu á móti honum.

Þegar sr. Pétur hafði tekið við kjól og kalli og þjónað í nokkur ár, sótti hann foreldra sína vestur að Tjörn, og lifðu þau síðasta áratug ævi sinnar í skjóli hans. Faðir hans, sr. Pétur Björnsson, dó úr taksótt 82ja ára gamall 1sta september 1803 og var grafinn 12ta sama mánaðar, en Guðrún móðir hans andaðist 18da október sama haust úr landfarsótt og var jarðsett fyrsta nóvember. „Þeirra Hiuskapartyd 53 ár", segir í prestsþjónustubók Miklabæjar. Þann 15da maí vorið eftir andaðist Elín Grímólfsdóttir, kona Péturs Péturssonar, 70 ára að aldri. Prestsþjónustubókin telur dauðamein hennar slag. Hún var jarðsett 26ta maí.

Þegar þau Pétur og Elín bjuggu á Sjávarborg, bjó Brynjólfur Halldórsson gullsmiður á næsta bæ, Áshildarholti. Hann var sonur Halldórs biskups Brynjólfssonar og Þóru Björnsdóttur, en hún var afkomandi biskupanna Guðbrands Þorlákssonar og Þorláks Skúlasonar. Kona Brynjólfs gullsmiðs var Ingibjörg Eggertsdóttir prests

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Sæmundssonar að Undornfelli. Ingibjörg og Brynjólfur áttu 2 börn, Þóru og Halldór. Þóra var fædd að Hafsteinsstöðum í Skagafirði árið 1766. Brynjólfur í Áshildarholti var rímnaskáld og þjóðhagasmiður, en drykkfelldur og lítill búmaður, Þóra, dóttir hans, var löngum á heimili sr. Péturs og var þjónusta presthjónanna. Henni er svo lýst, að hún hafi verið dökkhærð og hjálmfögur, kvik og létt á sér og fjörug og skemmtin.

Síðasta vetrardag eða 24ða apríl 1805 var brúðkaup haldið að Miklabæ. Þau Þóra Brynjólfsdóttir og Pétur prófastur gengu í eina sæng.[7]* Í vetrarbyrjun, 2an nóvember, sama ár fæddist fyrsta barn þeirra. Það var meybarn, sem var skírt degi síðar og hlaut nafnið Elinborg. Annað barn þeirra Þóru og Péturs var Pétur, síðar biskup. Hann fæddist 3ja október 1808.

Árið 1809 fluttist Pétur prófastur með fjölskyldu sína frá Miklabæ að Víðivöllum, en þá jörð hafði hann keypt af Jónasi Scheving árið 1807. Var það gert til að rýma fyrir aðstoðarpresti hans, sr. Gísla Oddssyni. Á Víðivöllum fæddist þriðja barn þeirra hjóna á pálmasunnudegi, 15da apríl 1810. Það var sveinn, sem var skírður degi síðar og hlaut nafnið Brynjólfur. Guðfeðgin hans voru sr. Gísli Oddsson, Jón Jónsson stúdent og Hólmfríður Einarsdóttir. Árið 1812 fæddist þriðji sonurinn, sem hlaut nafnið Jón, síðar dómstjóri. Fæðingardagur hans var 16di janúar. Síðasta barn þeirra hjóna var sveinn, sem hlaut nafnið Jónas. Hann fæddist 28da ágúst 1813, en dó í æsku.

Pétur Pétursson varð prófastur í Skagafjarðarsýslu árið 1805. Áður hafði hann haft prófastsstörf með höndum að einhverju leyti. Hann gegndi prófastsstörfum fram til ársins 1814, en prestskap fram til 1824.

Þess er áður getið, að Pétur prófastur fékk góð efni með fyrri konu sinni, en sjálfur mun hann hafa verið lítt fjáður. Efni hans jukust, eftir því sem árin liðu. Dagbækur og reikningar sr. Péturs[8] gefa nokkra hugmynd um vöxt og aukningu eigna hans. Árið 1792 fékk hann greiddar landskuldir af sex jörðum. Sú upphæð virðist hafa verið rúmlega 20 dalir. Árið 1804 fékk hann greiddar landskuldir af níu jörðum, og var sú upphæð 32 dalir og 72 skildingar. Árið 1802 voru eignir Hólastóls seldar, og þá keypti sr. Pétur sex jarðir í Skagafirði, en kaupverð þeirra virðist hafa verið rúmir 625 ríkisdalir.[9] Árið 1805 fékk hann milli 50 og 60 ríkisdali í landskuldir

[7]* Í prestsþjónustubók Miklabæjar stendur: „Þetta ár Egtavygd 24 Apr. pr. Petur Peturson og Jomfr Þora Brinjolfsd. Hann í annad — hún í firsta sinne gift."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

af 16 jörðum. Næstu tvö árin færir hann hins vegar til reiknings landskuldir af fjórtán jörðum.

Þessi jarðakaup voru hagstæð, því að peningar þeir, sem jarðirnar voru goldnar með, gerðust brátt verðlitlir. Af reikningum sr. Péturs má einnig sjá, að hann hefir haft einhver ítök í flestum kotunum í sókninni, svo sem lambseldi og fleira.

Á hinn bóginn var hann á undan samtíð sinni um nýjungar í ræktun, og er það fremst að telja, að hann hóf fyrstur manna ræktun jarðepla í Skagafirði. Einnig fékkst hann um skeið við hitamælingar og skrifaði nákvæmar veðurfarslýsingar í dagbók sína, sem áður er getið.

Pétur prófastur þótti vel menntur að hætti samtíðar sinnar. Hann var lærður vel í latínu og grísku og kenndi piltum undir skóla. Þá var hann talinn allgott skáld af samtíðarmönnum sínum og orti bæði á latínu og íslenzku. Nokkrar stökur hans hafa lifað á vörum þjóðarinnar og töluvert af kveðskap hans er varðveitt í Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni.

Sr. Pétur fékk hið bezta orð sem sálusorgari, jafnt hjá sóknarbörnum sínum sem yfirboðurum, „. . . . hann leggr til allra mála þad sem best gegnir“,[10] segir Geir biskup Vídalín í bréfi til sr. Jóns Konráðssonar 29da maí 1815. Um skilnaðarræðu sr. Péturs í Silfrastaðakirkju segir Bólu-Hjálmar, sem hefir skrifað hana upp, „ad hvar Ræda þessi réttlesin hefdi eingin áhrif á hjartad, mundi þar tæpast christin Sál innibúa“.[11] Fleiri ummæli um sr. Pétur eru þessu lík, svo að öruggt má telja, að almannarómur hafi álitið hann mætan kennimann.

Sá atburður varð 3ja október 1815, að haldið var brúðkaup í Silfrastaðakirkju með brennivínsveitingum. Séra Pétur var að þessari veizlu, enda var hann sóknarpresturinn. Þar var fleira stórmenni, svo sem sýslumaðurinn Jón Espólín. Málinu var skotið til kansellísins og sr. Pétur sætti áminningu fyrir þetta, en slapp við málssókn. Vel má vera, að þessi atburður hafi leitt til þess, að sr. Pétur sagði af sér prestskap 5ta október 1816, þó að ekki yrði af því, að hann léti af störfum.

Það ber vitni um fordómaleysi hjá sr. Pétri, að hann skyldi leyfa að halda veizluna í kirkjunni, þar sem ekki þótti unnt að halda hana úti undir berum himni vegna veðurs, en húsakynni á Silfrastöðum voru ekki næg fyrir brúðkaupsgesti.

Hallgrímur Jónsson djákni gaf sr. Pétri þann vitnisburð, að hann hefði verið höfðingi mikill, gestrisinn og góðgjörðasamur við fátæka. Slíkt er ekki vænlegt til auðsöfnunar, en þar mun hann hafa ratað

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hinn gullna meðalveg, og hann hélt höfðingsskap sínum og góðgjörðum eftir að efni hans gengu til þurrðar. Var jafnan viðkvæði hans: það verður drjúgast, sem flestir af njóta.

ÆSKU- OG SKÓLAÁR

Víðivellir í Blönduhlíð þóttu með betri jörðum í Skagafirði. Þar bjuggu öðru hverju fyrirmenn héraðsins, sýslumenn og betri bændur. Bærinn stendur lágt á mótum brekku og undirlendis. Að baki rísa Blönduhlíðarfjöll, en til norðurs er Drangey á miðjum firði. Frægir sögustaðir, Örlygsstaðir og Haugsnes eru á næsta leiti, og sjálfur var Pétur prófastur vel að sér um forna sögu, og Jón Espólín sýslumaður og sagnritari náinn vinur hans.

Á Víðivöllum voru meiri og reisulegri húsakynni en almennt gerðist, og er talið, að þau hafi verið í tölu stærstu og reisulegustu torfbæja á Íslandi á þeirri tíð.[1] Á þessum stað sleit Brynjólfur Pétursson barnsskónum. Fátt er kunnugt um æsku hans, en hann átti því láni að fagna að alast upp á góðu heimili í skjóli foreldra sinna. Faðir hans lýsti honum í tveimur vísum, sem eru á þessa leið:

Optast hleypur undir spreng,
eins og skoppi trítill;
það er fjör í þessum dreng,
þó að hann sje lítill.

Ungur, frískur skært með skinn
skælu galar kólfur,
píkunum geðjast pilturinn
Þjetursson Brynjólfur.[2]

Börnin á Víðivöllum ólust upp við alla algenga sveitavinnu, en faðir þeirra fór snemma að kenna sonum sínum latínu og grísku, segir Þorvaldur Thoroddsen í ævisögu Péturs biskups.[3]

Tvær heimildir greina frá undirbúningi og kunnáttu þeirra bræðra, Péturs og Brynjólfs, til að hefja nám í Bessastaðaskóla. Önnur er bréf frá Pétri föður þeirra til Geirs biskups Vídalíns, og var það erindið að sækja um ölmusu við Bessastaðaskóla fyrir einn af sonum hans. Þetta bréf er skrifað 1sta júlí 1823.[4] Þar segir m. a.: „Nærstl[idinn] Vetur byriadi eg eftir Jól ad koma 2*r* þeim eldri til undervisunar hia S*ra* Einari Thorlacius —". Sr. Einar Thorlacius var þá prestur í Goðdölum í Skagafirði. Hann hafði á sér mikið lærdómsorð fyrir

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

kunnáttu í latínu og grísku og einnig í íslenzku máli og fornum íslenzkum fræðum. Þennan vetur var Jónas Hallgrímsson við nám hjá honum, og þar urðu fyrstu kynni Brynjólfs og hans.

Það sést af bréfinu, að sr. Pétur hefir fengið loforð hjá sr. Einari um kennslu þeim til handa veturinn eftir, en hann fluttist þetta vor að Saurbæ í Eyjafirði, og þar skrifaði hann „Lærimeistara attest" handa þeim bræðrum, Brynjólfi og Pétri, og er vitnisburður Brynjólfs dagsettur 25ta maí 1823.[5] Segir þar m. a.: „Gáfur hanns eru . . . bædi brádskarpar og serdeilis heppnar; þó lætur sig meir í liósi hanns gegnumþreingiandi dómskraptr, . . . helldur enn serlegt minni edr Næmi." Síðan talar sr. Einar um, að honum finnist Brynjólfur vera til alls jafnvel fallinn, sem hann ber sig við, og vinni sér allt létt. Næst víkur hann að kunnáttu hans í latneskum stíl, en þar er hann „lidugur og med köblum heppinn", og hinu sama gegnir um að snúa latínu á íslenzku. Um grískukunnáttu Brynjólfs segir Einar, að hann sé vel á veg kominn í henni, „fullt sem adrir med medallags gáfur á helmingi leingri Tjma. Til Reiknings List[a]r einka hneigdur, og í henni vel nidrkominn, efni í latínu skáld, med Tilsögn og Æfingu, líka nettann Skrifara og Teiknara. J umgeingni skemtilegur og kurteys, í Sidferdi frómlyndur og óspilltr."

Í vitnisburði Brynjólfs frá Bessastaðaskóla segir, að hann hafi numið undir skóla hjá sr. Einari, en ekki getið, hve lengi hann var hjá honum. Hins vegar segir Þorvaldur Thoroddsen í ævisögu Péturs biskups, að þeir bræður hafi verið hjá sr. Einari í tvo vetur, hinn fyrri í Goðdölum, en hinn síðari í Saurbæ í Eyjafirði.[6] Vorið 1823 var Brynjólfur fermdur, og fór sú athöfn fram annan dag hvítasunnu. Hann fékk þann vitnisburð í kirkjubókinni, að hann væri mjög siðferðisgóður og vel að sér. Veturinn eftir hafa þeir bræður verið í Saurbæ hjá sr. Einari við nám.

Haustið 1824 lá leiðin suður í Bessastaðaskóla. Í prófbók skólans frá þessum árum er Brynjólfur nr. 158. Þar segir, að hann hafi komið í skólann 1sta október og setzt í efra bekk að loknu inntökuprófi.[7*]

Það var raðað í bekkina eftir kunnáttu í latneskum stíl, og Brynjólfur varð hinn 18di, næstur á eftir Tómasi Sæmundssyni, en alls

[7*] Í skýrslu Jóns Jónssonar lektors um skólahaldið frá byrjun októbermánaðar 1824 og fram til jólaleyfisins það ár segir svo: „Efterat Skole-Øvelserne paa sædvanlig Maade vare aabnede med Sang og Tale paa Islandsk den 1*te* October, sysselsattes Skole-Diciplene til den 6*te* s. M. med danske og latinske, dog mest latinske Stile-Øvelser. Den 7*de* bemeldte Maaneds afholdtes den sædvanlige latinsk Stils Pröve, efter hvis Udfald Disciplene ordnedes og classificeredes, dog blev i Henseende til Classificationen taget Hensyn til de Discipler, som optoges i II*den* Classe, Modenhed for samme i anden Henseende".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

voru 23 í bekknum. Þar urðu fyrstu kynni þeirra Tómasar og Brynjólfs. Námsferill Brynjólfs er auðlesinn úr skjölum Bessastaðaskóla.[8] Þegar raðað var aftur fyrir páska 1825, lenti hann í 22ru sæti eða 2nar neðstur í bekknum. Fyrir jól 1825 var hann 10di og 9di vorið 1826. Fyrir jól 1826 er hann 5ti af 21 í bekknum, en vorið 1827 er hann í 9da sæti.

Haustið 1827 var Brynjólfur sjúkur og kom ekki í skólann fyrr en snemma í nóvember.[9] Fram að jólum var hann í 3ja sæti, en frá jólum til páska 1828 var hann í 9da sæti.

Bessastaðaskóli gegndi tvíþættu hlutverki. Annars vegar var hann skóli til að búa menn undir háskólanám, en hins vegar var hann prestaskóli eins og stólsskólarnir höfðu verið. Hann starfaði aðeins í tveimur bekkjardeildum og voru nemendur um 40 að tölu þau árin, sem Brynjólfur var í skólanum. Námsgreinarnar voru latína, gríska, danska, saga, trúfræði, stærðfræði, skýring Nýja-testamentisins, hebreska og íslenzka, auk þess danskir og latneskir stílar. Íslenzkukennslan var ekki fólgin í öðru en því, að nemendur voru látnir gera stíla og snúa öðrum málum á íslenzku. Stílakennslan var einungis síðasta veturinn, sem skólasveinar voru í efra bekk og í neðra bekk. Landafræði var einungis kennd í neðra bekk.

Prófbókin greinir frá einkunnum skólasveina á hverju vori. Prófin voru þreytt í maí, og var gefið fyrir á dönsku. Auk einkunnanna gáfu kennarar nemendunum vitnisburði þrisvar sinnum á hverju skólaári. Þessir vitnisburðir greindu frá gáfnafari (Naturgaver), iðni við skólanám (Skoleflid), iðjusemi utan skólatíma (Privatflid), framförum (Fremgang) og hegðun (Sæder). Kennurunum bar yfirleitt saman um, að Brynjólfur væri búinn mjög góðum gáfum, og fyrir iðni við skólanám fékk hann þann vitnisburð, að hún væri góð og mjög góð, þegar á skólaveruna leið. Hins vegar fékk hann ekki nema meðalvitnisburð fyrir iðni utan skólatíma, nema þá í stærðfræði tvo síðustu veturna. Sama var að segja um framfarir í námi, þær voru með ágætum í stærðfræðigreinunum, en í upphafi var lægsta einkunn hans í þeirri grein.[10]

Jón Jónsson lektor gaf Brynjólfi fyrsta hegðunarvitnisburðinn í árslok 1824, sem var á þessa leið: „meget sædelig, men noget vild". Eftir það fékk hann mjög góðan vitnisburð fyrir hegðun. Í burtfararprófskírteininu, sem skráð er á latínu, er lokið miklu lofsorði á gáfur Brynjólfs, en kennarar hans töldu, að velgengni hans í námi ætti fremur rót sína að rekja til góðra gáfna, skarps skilnings og trausts minnis en kostgæfni og þrautseigju.[11]

Burtfararprófið var háð dagana 21-24ða, 27da og 28da maí 1828.[12]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Þá hlaut Brynjólfur þessar einkunnir: Í grísku, skýringu Nýjatestamentisins, hebresku og stærðfræðigreinum (Geometrie, Arithmet. og Algebra); udm. got. Í dönskum stíl; meget got. Í latínu, latneskum stíl, dönsku, ísl. stíl, trúfræði og sögu; got.

Þetta vor brautskráðust 5 stúdentar frá Bessastaðaskóla. Það voru þeir Stefán Eiríksson, Bjarni Jónsson, Andrés Hjaltason, Björn Jónsson og Brynjólfur. Bjarni, Brynjólfur og Stefán sigldu allir til háskólanáms í Kaupmannahöfn.

Fáar íslenzkar menntastofnanir skipa virðulegri sess í íslenzkri menningarsögu en Bessastaðaskóli. Um það leyti sem skólinn var stofnaður, urðu menningarhvörf í Evrópu. Skynsemistrú 18du aldar var á undanhaldi, en rómantíska stefnan að ryðja sér til rúms. Segja má, að Bessastaðaskóli hafi hlotið nokkuð frá báðum. Hitt var þó mest um vert, að til skólans völdust einstakir hæfileikamenn. Fyrsti forstöðumaður skólans var Steingrímur Jónsson, síðar biskup. Hann gegndi því starfi í 5 ár, 1805–1810. Steingrímur var afburðakennari og lærður vel í íslenzkum fræðum og guðfræði, en í henni lauk hann prófi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1803. Síðan varð hann styrkþegi Árnasafns og skrifari í kansellíinu, unz hann varð lektor Bessastaðaskóla. Sama árið og Steingrímur lét af lektorsstörfum kom Hallgrímur Scheving að skólanum. Hann hafði lesið klassíska málfræði við Kaupmannahafnarháskóla og kynnzt rómantísku stefnunni, þegar hún var að ryðja sér til rúms í Danmörku. Hallgrímur var náinn vinur Bjarna Thorarensens og hafði fengizt við skáldskap á skólaárum sínum. Benedikt Gröndal segir um hann í Dægradvöl, að nemendur hafi skoðað hann sem einhverja æðri veru, sem menn litu upp til með lotningu. Hallgrímur kenndi latínuna í Bessastaðaskóla. Það er engum vafa undirorpið, að hann hefir mótað lærisveina skólans, enda var hann í miklum metum hjá þeim og lét sér annt um þá á sinn hátt. Grímur Thomsen sagði um hann í ævisögubroti sínu:[13] „Dr. Scheving var sannur Rómverji, einskonar íslenzkur Cató, strangur og rjettlátur bæði við sig og aðra; sjálfsagt einn hinn latínulærðasti maður á sinni tíð, og með þeim lærðustu í fornmáli voru og bókmentum; strangur og alvörugefinn í kenslutímunum, en ljúfur og ræðinn þar fyrir utan við skólalærisveinana sem aðra; . . . Engum gat dottið í hug að andæfa gamla Scheving, eða gera sjer dælt við hann; og þó hygg jeg óhætt sje að fullyrða, að skólapiltar undantekningarlaust unnu honum hugástum. Þeir vissu, hversu ant honum var um sóma skólans og pilta sjálfra, og höfðu reynt það, að þótt hann væri á stundum þungorður við þá upp í eyrun, þá tók hann málstað þeirra á bak“. Hallgrímur Scheving mataðist með

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

skólasveinunum, og enginn þorði að mæla orð frá vörum í návist hans. Slík var virðing skólasveina á honum og svo máttugur var agi hans.

Sveinbjörn Egilsson lauk prófi í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla árið 1819, og sama ár var hann skipaður kennari við Bessastaðaskóla. Hann var í mörgu ólíkur Hallgrími Scheving, „mildari og þýðari var hann miklu heldur en Scheving, og því síður lagaður til að stjórna mörgum og ólíkum unglingum", segir Grímur Thomsen um hann í ævisögubroti sínu, „allir vita, að lipurleiki og lærdómur, snild og fróðleikur hjeldust þar höndum saman".[14] Nafn Sveinbjarnar hefir með réttu hlotið veglegan sess í íslenzkri skólasögu. Hann vann það mikla afrek með kennslu sinni að opna augu nemenda sinna fyrir fegurð íslenzkrar tungu. Hann ritaði fegurstu íslenzku samtíðarmanna sinna, þegar nemandi hans, Jónas Hallgrímsson, er undan skilinn, og þýðingar hans eru einstakt afrek, þegar litið er á allar aðstæður, og störf hans í þágu íslenzkra fræða eru enn í gildi. Sveinbjörn kenndi grísku, dönsku og sögu við Bessastaðaskóla, en íslenzkukennsla hans var einungis tengd þessum greinum.

Þriðji kennarinn við Bessastaðaskóla var Björn Gunnlaugsson. Hann kom að skólanum árið 1822 og kenndi stærðfræði, dönsku og landafræði og þá litlu íslenzku, sem kennd var samkvæmt stundaskrá í skólanum, að auki. Björn var fremur vísindamaður en kennari að eðlisfari. Grímur komst svo að orði um hann í ævisögubroti sínu:[15] „Björn Gunnlögsson var, eins og allir vita, eigi af þessum heimi; eða rjettara sagt þessari jörðu, nema hvað hann í einu sem öðru eigi vildi vamm sitt vita, en sjerílagi dvaldi hann í stjörnunum og öllu hinu háleita; hann þekti ekkert lágt, og gaf því engan gaum. Lærisveinar elskuðu hann og virtu, og varla mun það hafa komið fyrir, að nokkur móðgaði hann viljandi; en piltar höfðu ekki beig af honum eins og af Scheving."

Skólastjóri eða lektor, eins og hann var nefndur, var Jón Jónsson. Hann var guðfræðingur að menntun, eins og Sveinbjörn Egilsson. Þegar Bessastaðaskóli var settur á stofn, var Jón fyrsti kennarinn við skólann, og þegar Steingrímur Jónsson lét af lektorsembætti, tók Jón við starfi hans. Jón kenndi guðfræði í skólanum. Hann var góður kennari og hinn mesti gæðamaður, og á þessum árum fór skólastjórnin honum vel úr hendi. Þeir bræður, Brynjólfur og Pétur, munu helzt hafa átt athvarf hjá honum á skólaárum sínum á Bessastöðum.

Grímur Thomsen kveður svo að orði um Bessastaðaskóla í endur-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

minningum sínum:[16] „Jeg þori að fullyrða, að leit mun vera, við hvern skóla og á hverju landi sem vill, að meira kennara mannvali, en þá var á Bessastöðum; því eins og lærdómurinn var, eins var dagfarið."

Mörg menntastofnunin hefði þótt vel sæmd af minna lofi en þessu, og Grími var annað tamara en bera oflof á eitt eða annað, hvort sem hér er um undantekningu að ræða eða ágæti þessara manna, sem hann kynntist í æsku sinni, hillir upp í endurminningunni.

Skólavistin á Bessastöðum var hörð og þægindasnauð á mælikvarða nútímans, en skólapiltar voru ekki vanir miklum munaði. Þrifnaður var næsta bágborinn. Tveir skólasveinar sváfu saman í rúmi, og sængurföt viðruð einu sinni í mánuði og skipt um sængurklæðnað fyrsta sunnudag hvers mánaðar. Í frístundum sínum iðkuðu skólasveinar glímur, sund og knattleik. Margir þeirra voru annálaðir glímumenn. Lítið var hugsað um annað en hetjuöld Grikkja og Rómverja og fornöld Norðurlanda, er haft eftir Páli Melsteð sagnfræðingi, svo að sálin varð forneskjuleg og hálfklassísk. Sami heimildarmaður segir, að tvísöngur hafi verið iðkaður daglega, en margraddaður söngur þekktist þá ekki.

Hinn þriðja febrúar var haldin hin árlega hátíð á afmælisdegi konungs. Árið 1828 hófust þessi hátíðahöld með því, að sungin voru þrjú erindi úr kvæði, sem Brynjólfur hafði ort á latínu um konung, en átta skólasveinar sungu.[17*] Af þessu má sjá, að Brynjólfur hefir lagt nokkra stund á íþrótt föður síns á þessum árum, þó að ekki hafi annað en þetta varðveitzt.[18*]

Það er efamál, að í annan tíma hafi hlutfallslega jafnmargir afburðamenn verið við nám og kennslu í skóla á Íslandi og í Bessastaðaskóla. Meðal þeirra, sem voru í skólanum samtímis Brynjólfi,

[17*] Í skýrslu lektors segir: „Efterat Skolens samtlige lærere og disciple og de lærde af Naboelauget som til denne Höjtidelighed kunde indfinde sig, vare samlede i den överste Læsestue, bleve först 3 Stropfer af en Latinsk Sang forfattet af Skolediscipel Brinjulv Petersen hvoraf her ved lægges Copie, afsiungne af 8 af Skolens disciple som havde den bedste Stemme;"

[18*] Non prius Delos volitante Fama est
Nota qvam Phæbus generatus esset
Neve Romanis celebris fuisset
Ilia virgo

Te dies nemo celebrasset umqvam
Gloria qvem anni caput atqve princeps
Mensium locum voluit tenere
Tertium ab imo

Principem regni nisi procreasses
Daniæ Sextum Fredericum amatum
Qvo salus nostris simul est creata
Maxima rebus

O! tibi Rex qui moderaris æqve
Daniæ regnum salus atqve honores
In dies crescant. Tibi laus canatur
Nescia mortis —

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

má nefna Baldvin Einarsson, Tómas Sæmundsson, Konráð Gíslason, Jónas Hallgrímsson, Lárus Sigurðsson, Magnús Eiríksson og Kristján Kristjánsson. Allir þessir menn lifa í sögu þjóðarinnar, þó að ekki yrðu þeir allir langlífir.

Pétur Pétursson, bróðir Brynjólfs, lauk námi í Bessastaðaskóla ári fyrr en Brynjólfur. Hann var heima á Íslandi í eitt ár, en sigldi til Kaupmannahafnar síðsumars 1828.[19] Hann treysti sér ekki í inntökuprófið fyrr en ári seinna, hvað sem valdið hefir. Það er því ekki rétt, sem Þorvaldur Thoroddsen segir í ævisögu hans, að þeir bræður, hann og Brynjólfur, hafi orðið samferða til Kaupmannahafnar. Hins vegar lauk Pétur ekki inntökuprófi við Kaupmannahafnarháskóla fyrr en haustið 1829.

Af Brynjólfi er það að segja, að hann virðist hafa farið heim í foreldrahús að loknu prófi frá Bessastaðaskóla, og þar mun hann hafa verið næsta ár og búið sig undir frekara nám. Fyrsta bréfið, sem til er varðveitt frá honum, er til Jónasar Hallgrímssonar, dagsett 10da febrúar 1829. Þar segist hann vera að fást við kennslu „sosem einslags nokkurskonar Præceptor", og svo telur hann upp það, sem hann er að lesa, en það eru latnesku höfundarnir Horas, Virgill og Cicero, og svo Ossian, Heiberg og Holberg.[20] Hin svokölluðu Ossianskvæði hefir hann sennilega lesið í danskri þýðingu annað hvort eftir Blicher eða Alstrup. Kvæði þessi voru mjög í tízku um þetta leyti, t. a. m. þýddu þeir Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson nokkur þeirra. Þá nefnir Brynjólfur, að hann sé að fást við stærðfræði. Annars er lítið að græða á bréfinu.

Fundum þeirra Brynjólfs og Tómasar Sæmundssonar bar saman norður í Skagafirði síðsumars 1829. Brynjólfur ferðaðist með honum út á Hofsós og fylgdi honum inn á miðja Öxnadalsheiði. Þetta mun hafa verið í ágústmánuði.[21] En nú fór Brynjólfur að búast til siglingar. Hann fór utan frá Hofsósi með skipi, sem hét Die Einigkeit, en það hafði komið með vörur til Jakobs Havsteens kaupmanns á Hofsósi.[22] Samkvæmt nótu, sem varðveitt er í skjölum rentukammers, var skipið 30 daga á leiðinni til Kaupmannahafnar. Nótan er undirrituð af skipstjóranum J. Thrane og dagsett 9da október 1829. Af því má draga þá ályktun, að skipið hafi látið í haf, þegar rúm vika var liðin af september, og nótan dagsett við komu skipsins til Kaupmannahafnar. Brynjólfur kom því of seint til að þreyta inntökupróf (examen artium) við háskólann, því að prófin stóðu einmitt þá yfir. Ferðin kostaði 36 dali, og var sú upphæð endurgreidd, þegar hann hafði lokið inntökuprófi og fengið háskólaborgarabréf.[23]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

STÚDENTSÁRIN Í KAUPMANNAHÖFN

Kaupmannahöfn var ekki stórborg á því herrans ári 1829 eftir þeim mælikvarða, sem nú er notaður. Borgin var öll innan borgarsíkjanna, og íbúarnir voru 120 þúsundir að tölu. Hundrað árum áður var borgarstæðið innan virkisveggjanna fullbyggt, en þá voru íbúarnir um 70 þúsund. Þrengslin voru óskapleg, og hinn bági efnahagur borgarbúa eftir Napóleonsstyrjaldirnar hafði sett svip sinn á endurbyggingu borgarinnar. Göturnar voru steinlagðar og þröngar, eftir þeim miðjum lá opin skólprenna. Þaðan lagði slíkan ódaun, að Íslendingar gátu ekki orða bundizt.

Það voru mikil umskipti fyrir æskumenn frá Íslandi að koma í skarkala og glaum borgarlífsins. Baldvin Einarsson skrifaði heitmey sinni, Kristrúnu Jónsdóttur, og lýsti fyrir henni þessari „nýju veröld“[1] og Högni Einarsson frá Skógum undir Eyjafjöllum skrifaði Páli stúdent Pálssyni og sagði honum frá dásemdum og furðum borgarlífsins, sem hann sagði, að væri „þó ei Paradís, því þar veit eg ei er svo gróf skítalykt eins og mér fannst hér fyrst“.[2] Tómas Sæmundsson skrifaði föður sínum svipaðar lýsingar af fyrstu kynnum sínum við Kaupmannahöfn, „... ég hugði mig vera annaðhvort í leiðslu eður draumi, þar [eð] ég aldrei hefði getað rúmað í höfði mér slíkan skarkala, org og ósköp, sem hér í einu umkringdu mig á allar síður.“[3]

Viðbrigðin voru margvísleg, og menn voru misjafnlega fljótir að ná áttunum. Kaupmannahöfn var e. t. v. ekki eins glæsileg og sumar aðrar höfuðborgir Evrópu á þessum tíma, en hið andlega líf hennar stóð í miklum blóma um þessar mundir, svo að hún hafði margt að bjóða þeim, sem vildu kynnast bókmenntum og listum bæði meðal Dana og vítt um Evrópu. Einkum beindust augu manna í Danmörku að París og franskri menningu.

Eitt hið fyrsta, sem hinir íslenzku stúdentar urðu að gera, þegar þeir komu til Kaupmannahafnar, var að fá sér herbergi einhvers staðar í borginni, því að þeir fengu ekki vist á Garði (Regensi) fyrr en þeir höfðu tekið inntökupróf í háskólann (examen artium). Þess er áður getið, að Pétur Pétursson, bróðir Brynjólfs, sigldi til háskólanáms ári á undan Brynjólfi. Ekki er ósennilegt, að hann hafi skotið skjólshúsi yfir Brynjólf, þegar hann var fluttur inn á Garð að inntökuprófi loknu, en Pétur var innritaður í háskólann 24ða október 1829 og fluttur inn á Garð í nóvember.[4] Garðstúdentar létu kunningja sína búa hjá sér lengri eða skemmri tíma, en ekki var það vel séð af garðprófasti.

Brynjólfur sótti um að fá að þreyta inntökuprófið um áramótin

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

1829–30. Í prófskírteini hans, sem varðveitt er með bréfasafni hans, stendur:[5] „Til Examen Artium i December 1829 og Jan: 1830 har fremstillet sig Brinjulv Petersen". Skírteinið er dagsett 18da jan. 1830, svo að prófunum hefir verið lokið fyrir þann tíma. Tómas Sæmundsson segir í bréfi til Ísleifs Einarssonar á Brekku 27da marz 1831:[6] „. . . . sidan eg þekti til hefir eingin islendingur komid hingad jafnvel ad ser iöllu sem heyrir til ad komast vel fra Examine Art[ium] og han (Gísli Ísleifsson) nema Laurus og Br. Peturson —". Prófið fór á þá leið, að Brynjólfur fékk laudabilis eða fyrstu einkunn í latínu, latneskum stíl, hebresku,[7]* landafræði, arithmetik og geometriu. Aðra einkunn eða haud illaudabilis í dönskum stíl,[8]* grísku, trúfræði og sögu. Hann hlaut því fyrstu einkunn í aðaleinkunn og var innritaður í háskólann 14da janúar 1830. Stúdentarnir völdu sér eins konar einkakennara, og Brynjólfur valdi sér Mathias H. Bornemann, sem var kennari í lögfræði. Það bendir til, að Brynjólfur hafi frá upphafi ætlað að lesa lög og valið hann með tilliti til þess.

Nú var ekkert því til fyrirstöðu, að Brynjólfur gæti fengið garðvist, og í bókum Garðs[9] er frá því greint, að þeir bræður búi á herbergi nr. þrjú á sjötta gangi í janúar 1830. Pétur er skráður þar í nóvember 1829. Í nóvember 1830 eru þeir komnir á herbergi nr. fimm á sjötta gangi, og þar hafa þeir búið saman fram í marz 1834. Svo er þó að sjá sem Brynjólfur hafi átt heima eitthvað lengur á Garði, því að í „Regentsens Navneprotocol" er hans getið á tímabilinu nóvember 1833 til maí 1834 í hópi þeirra, sem kallaðir eru „extra privilegerede".[10]

Þegar stúdentar höfðu fengið garðvist, lá næst fyrir að sækja um hinn svokallaða garðstyrk (Kommunitet). Hinn 6ta marz 1830 var Brynjólfi veittur fullur styrkur (dobbelt Kommunitet), sem nam tveim dölum á viku. Þegar sá tími var liðinn, sótti hann enn um styrk í hálft ár og er umsóknin dagsett 4ða marz 1834,[11]* en þar sem hann

7* „betegner, at et Pensum Græsk er angivet istedet for Hebraisk".

8* Prófskírteinið kallar það „Udarbeidelse i Modersmaalet."

11* Herved tager jeg mig den Frihed, underdanigst at ansöge den höjkongelige Direction for Universitetet og de lærde Skoler om, at mig naadigst maatte forundes Forlængelse af Regents og Communitets-Stipendiet. I den Anledning tillader jeg mig at bemærke Følgende:

I Efteraaret 1829 tog jeg fra Island her til Universitetet, men ankom forsildig til at kunne tage exam: art: til den ordinaire Tid i October-Maaned. Jeg sögte derfor om, og erholdt Tilladelse til, at maatte underkaste mig denne Examen ved Nytaar 1830, og erholdt til samme Hovedkarakteren laudabilis, ligesom jeg ogsaa i samme Aar absolverede anden examen med samme Karakter og Udmærkelse i flere enkelte Discipliner. — I Januar 1830 blev jeg alumnus paa Regentsen og erholdt förste Grad

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hafði fengið styrk úr Hurtigkarls sjóðnum í júní 1833, sem nam 50 dölum á ári í þrjú ár, var honum synjað um styrkinn, en í þess stað fékk hann 25 dali samkvæmt bréfi frá guðfræðideildinni dagsettu 29da marz 1834.[12*]

Þegar stúdentarnir höfðu lokið inntökuprófi, beið þeirra ný prófraun, áður en þeir gátu hafið aðalnámið. Þetta próf var nefnt annað lærdómspróf (examen philologico-philosophicum). Það var í tveimur hlutum, málfræði og heimspeki, og tók að jafnaði árið að leysa þessi próf af hendi eftir að inntökuprófi lauk. Þegar þessi þraut var úti fengu stúdentarnir rétt til að kalla sig cand. philos. og öðluðust réttindi til að ljúka embættisprófi frá háskólanum.

af Communitetet. I Martsmaaned s: A: blev mig naadigst forundt det saakaldte dobbelte Communitet, hvilket jeg er vedbleven at nyde indtil nu (: dog i de sidste 2 Maaneder den 1*te* Grad fradraget:).— At det har været mig umueligt, i de 3 Aar der ere forløbne siden jeg begyndte paa det juridiske Studium, uagtet al Anstrængelse og Flid, tilstrækkeligen at kunne forberede mig til Embeds-Examen, troer jeg at kunne gotgjöre derved: at det kostbare Studium jeg har valgt har lagt mig Hindringer i Vejen formedelst min Uformuenhed; At jeg i Sommeren 1831 blev nödt til, for min Sundheds Skyld at foretage en Reise til mit Födeland, hvilken optog næsten 6 Maaneder af min Tid; samt derved at jeg deels paa grund af min Uformuenhed, deels ifölge min Studieplan, har læst uden Manuducteur. Da jeg nu troer ikke at staae langt fra Maalet for mine Bestræbelser og jeg alligevel ingen Udsigter har til at kunne naae dette Maal, formedelst mine trængende Omstændigheder, saa vover jeg underdanigst at ansöge den höjkongelige Direction om, at mig naadigst maatte forundes Forlængelse af Regents og dobbelt Communitet paa et halvt Aar, og haaber ved min Flid og övrige Forhold ikke at have gjort mig uværdig til den höje Directions naadigste Bönhörelse; i hvilken Anledning jeg tillader mig at vedlægge Attester fra De Herrer juridiske Professorer, hvis Forelæsninger jeg har hört, samt en Attest fra Professor og Regentsprovst Petersen for mit Forhold som Alumnus paa Regentsen, tilligemed mine Karakterlister.

Kjöbenhavn den 4*de* Marts 1834.

underdanigst
B: Petersen.

[12*] I Anledning af den hermed tilbageföIgende Ansøgning, i hvilken Stud. juris Brynjulf Petersen anholder om, endnu i et halvt Aar at maatte nyde Regentz- og det dobbelte Communitets-Stipendium, har den Kongelige Direction i Skrivelse af 22. d. M. behaget at forlange Facultetets Betænkning.

Vi bemærke, at Ansøgeren, ligesaavelsom Broderen, hvem en lignende Begunstigelse nyeligt er bleven til Deel, uden Tvivl høre til de Studerende, som ved Flid og Dueligh ed maae ansees at have fortrinlig Adgang til academisk Understøttelse. Men da han netop i Betragtning heraf er i Juni 1833 bleven udnævnt til at nyde det Hurtigkarlske Legat, og saaledes endnu i tvende Aar nyder en aarlig Understøttelse af 50 Rbdr., saa mener Facultetet at burde indskrænke sin Anbefaling dertil, at en Gratification af 25 Rbdr. Sølv, tilsvarende Beløbet af det enkelte Communitets-Stipendium for et halvt Aar, bliver tilstaaet Ansøgeren til Udbetaling i Juni-Termin.

Det theologiske Facultet, den 29de Marts 1834.

J. Ol. Hansen. MHHohlenberg

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Í þetta skipti urðu þeir bræður, Pétur og Brynjólfur, samferða í prófunum. Fyrri hlutann, málfræðiprófið, tóku þeir 16da apríl 1830, en síðari hlutann, heimspekiprófið, 23ja október 1830. Í fyrra prófinu fékk Brynjólfur laudabilis pr. c. (ágætiseinkunn) í stærðfræði (Math. Inf.), laudabilis í latínu, grísku og sögu, en haud. ill. í náttúrufræði (Hist. Nat.). Í síðara prófinu fékk hann laudabilis pr. c. í eðlisfræði og hagnýtri heimspeki (Philos. Pract:), en laudabilis í fræðilegri heimspeki (Philos: Theor:) og stærðfræði (Math. Sup.).[13]

Í þessu prófi varð Pétur hlutskarpari en Brynjólfur, því að hann fékk ágætiseinkunn í 4 greinum, fyrstu einkunn í 2 og aðra í einni grein. Hins vegar náði Pétur ekki fyrstu einkunn við inntökuprófið haustið 1829.

Vorið 1831 sigldu þeir bræður heim til Íslands með Höfðaskipi og heimsóttu foreldra sína á Víðivöllum, en komu aftur til Kaupmannahafnar um haustið.[14] Í áðurnefndri umsókn um framlengingu á garðstyrknum segir Brynjólfur, að hann hafi farið þessa ferð af heilsufarsástæðum og hún hafi tekið næstum sex mánuði.

Þegar Brynjólfur kom aftur til Kaupmannahafnar, lét hann skrá sig í „Studenterkorpset" 31sta október það ár og lauk heræfingum í stúdentadeildinni 19da nóvember sama haust. Hann var nr. 44 í sjöundu herdeild og var brautskráður (afskediget) 8da júní 1837, en þá hafði hann nýlokið prófi í lögfræði.[15]

Á þessum árum voru allir stúdentar skyldugir að leggja stund á heræfingar. Þannig stóð á þessu, að árið 1801 stofnaði Friðrik VI, sem þá var krónprins, sjálfboðaliðssveit, sem einungis var skipuð stúdentum. Sveitin var þá kölluð „Kronprindsens Livkorps", en fékk nafnið „Kongens Livkorps" árið 1808. Fjórum árum seinna hætti hún að vera sveit sjálfboðaliða, því að þá var svo fyrir mælt, að allir háskólastúdentar skyldu vera í henni. Flestir íslenzku stúdentarnir voru skráðir í sveitina að loknu inntökuprófi. Þannig voru þeir Pétur og Bjarni Jónsson, síðar rektor, skráðir í hana sama daginn og þeir voru innritaðir, eða 24ða október 1829. Ef til vill hefir Brynjólfur ekki viljað hefja heræfingarnar fyrr en haustið 1831, þar sem þær kynnu að hafa tafið hann frá hinum tilskildu prófum, nema vanheilsa hafi hamlað, en fyrir þessu eru engar heimildir.

Tómas Sæmundsson getur um þessar heræfingar í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar 8da marz 1828 og segir:[16] „Eftir examen var ég innskrifaður í kongsins herkorps sem dáti og æfði mig í vopnaburði með fleirum í 3 vikur á Exercérskólanum — með byssu á öxl og korða við hlið; — það er rétt gaman." Eftir þessum upplýsingum hefir æfingatíminn verið þrjár vikur, en stúdentarnir hins vegar skráðir í deild-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ina meðan þeir voru við háskólanám. Fáeinir Íslendingar komust til nokkurrar upphefðar í sveitinni. Til að mynda urðu þeir Bjarni Jónsson og Jónas Hallgrímsson báðir undirforingjar. Hins vegar varð Brynjólfur aldrei annað en óbreyttur hermaður.

Hinn 16da júlí 1820 stofnuðu danskir stúdentar félag, sem hlaut nafnið Studenterforeningen. Meðal stofnendanna var einn íslenzkur stúdent, Þorleifur Guðmundsson Repp. Þegar hann er undanskilinn, komu Íslendingar þar lítið við sögu.

Félagslíf íslenzkra stúdenta var fremur lítið, þó að þeir héldu hópinn og reyndust hver öðrum vel, þegar óhöpp steðjuðu að, en hins vegar er það gömul og ný saga, að þeir blönduðu lítið geði við danska stúdenta, og sambúðin var stirð á stundum.

Síðla árs 1831 hófst garðprófasturinn, F. C. Petersen, handa um að koma á fót lestrarfélagi á Garði. Hann sneri sér til prófessoranna við guðfræðideild Kaupmannahafnarháskóla, sem voru yfirboðarar hans, og þeir féllust á þessa hugmynd. Lestrarfélagið (Læseforeningen) hóf starfsemi sína 1sta janúar 1832. Markmið þess var að efla sjálfstæða og vísindalega hugsun.[17*]

Íslendingar tóku virkan þátt í þessari félagsstofnun. Meðal þeirra, sem skrifuðu undir tillögur um skipulag félagsins, voru Lárus Sigurðsson, Þórður Guðmundsson, Ásmundur Jónsson, Markús Jónsson, Pétur Pétursson, Brynjólfur og Kristján Kristjánsson. Í áðurnefndum tillögum eru talin upp blöð og tímarit, sem stúdentarnir lögðu til, að félagið fengi. Þessi blöð og tímarit voru frá Norðurlöndum og Þýzkalandi og fjölluðu um námsgreinar stúdenta og um fagurfræðileg efni, en þar má einnig sjá heiti eins og „Politisches Journal", og það gefur hugmynd um, hvert straumurinn lá, enda þótt hin bókmenntalegu tímarit skipuðu öndvegið.[18]

Nokkru áður en lestrarfélagið leit dagsins ljós, var stofnað félag meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Baldvin Einarsson segir í bréfi til föður síns 21sta marz 1831:[19] „Eg hef átt hvað mestan hlut í þessari samkundu og ritað lög hennar, vér köllum hana „Bræðralag" og með einkanafni Alþing." Þetta félag var stofnað 2an marz 1831.[20]

Félagsmenn voru tæplega 30 að tölu og aðeins „Mínervu-sonum" frá Íslandi leyfð þátttaka.[21] Baldvin hafði ætlað sér að stofna slíkt félag árið 1829, en það fórst fyrir af einhverjum ástæðum. Markmið félagsins var að örva samheldni með stúdentum og kynna þeim rit

[17*] Tillagan hefst með þessum orðum: „Øiemedet af denne Forening skal være, at fremme sand videnskabelig Aand, fri selvstændig Tænkning, almindelig Dannelse og en livligere Idee-Communication blandt Regentsens Alumner."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um Ísland,[22] og Torfi Eggerz segir í einu bréfa sinna, að það hafi „það augnamið að semja þar allar misklíðir, sem koma á millum manna."[23] Annars eru lög félagsins ekki kunn og lítið frá því sagt nema í bréfum frá árinu 1831. En af þeim heimildum, sem frá því segja, má sjá, að félagið hefir látið þjóðmál og atvinnumál skipa öndvegið. Baldvin kvartaði einmitt um það í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar amtmanns, hvað íslenzkir Hafnarstúdentar „dannast lítið, og koma líkir því aptr til föðurlandsins sem þeir fóru, að undantekinni þeirri vísindagrein sem þeir hafa lært."[24] Ekki þarf að draga í efa, að „Alþing" hefir átt að bæta úr þessu, en hvort tveggja var, að félagið varð ekki langlíft og íslenzkir embættismenn litu það hornauga undantekningarlítið, svo að það dró úr áhrifum þess, enda var sú skoðun útbreidd, að það væri bæði byltingarsinnað og pólitískt.[25*]

Baldvin Einarsson hugsaði sér, að félagið tæki að sér útgáfu Ármanns á alþingi, þegar fram liðu stundir. Félagsmenn komu saman einu sinni í viku og lásu bækur, sem fjölluðu um Ísland.[26] Högni Einarsson talar um það í bréfi til Páls Pálssonar 15da apríl 1831, að félagið sé enn í æsku, „en getur orðið nytsamlegt með tímanum, einkum ef við fengjum oss stofnað bókasafn nokkuð, sem og er áformað."[27] Engar heimildir eru fyrir hendi um það, að Brynjólfur Pétursson hafi verið í félagi þessu, en allar líkur benda til, að svo hafi verið, og verður síðar að því vikið.

Þá er næst að geta tveggja félaga, sem koma mikið við sögu, um það leyti sem Baldvin stofnaði félag sitt, en það eru Hið íslenzka bókmenntafélag og Hið konunglega fornfræðafélag.

Hið íslenzka bókmenntafélag var stofnað árið 1816. Aðalhvatamaðurinn að stofnun þess var danski málfræðingurinn Rasmus Christian Rask, en af Íslendingum er fyrstan að nefna séra Árna Helgason. Bókmenntafélagið starfaði í tveimur deildum. Árni Helgason var fyrsti forseti Reykjavíkurdeildarinnar, en Rask Kaupmannahafnardeildarinnar. Íslenzkir stúdentar gerðust flestir félagar í Kaupmannahafnardeildinni, og margir fengu vinnu við að sjá um útgáfur fyrir félagið og skrifa fréttirnar í Skírni, eftir að hann hóf

[25*] Tómas Sæmundsson minnist á Alþing í bréfi til Ísleifs Einarssonar á Brekku 1sta október 1831 og segir: „Alþing ockar mælist ecki betur f[yrir] sem heldur ecki er ad ætlast til ef þad er alitid sem einslags Revolution imod den bestaaende Tingenes Orden edur yfirhöfud ef því er tillögd stor politisk Betydn[ing] en sé þad álitid — eins og þad er — eitt af fleiri medölum til ad abla ser nytsamlegrar þeckingar styrkja samheldi og skemta ser uppa saklausan máta fyrst allir islandsvinir eru daudir sem látid hafa hús sin standa opin í þessum tilgangi fyrir Löndum, get eg ecki séd þad forþeni ad sæta miklu álasi."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

göngu sína árið 1827. Brynjólfur Pétursson gerðist „orðulimur" í Kaupmannahafnardeildinni á fundi 27da apríl 1830.[28] Hann var síðan í deildinni til dauðadags og kom mikið við sögu hennar.

Konunglega norræna fornfræðafélagið var stofnað árið 1825. Stofnendurnir voru þeir Carl Christian Rafn, Gísli Brynjólfsson eldri og Sveinbjörn Egilsson. Rafn var frá upphafi ritari og ráðamaður félagsins, og það náði undraverðum vexti undir stjórn hans. Starfsvettvangur þess var einkum útgáfa íslenzkra fornrita, og til þeirra starfa voru íslenzkir stúdentar fengnir. Á fyrstu árum Fornfræðafélagsins unnu þeir Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason til að mynda að útgáfu Fornmanna sagna. Starfsemi þessara félaga minnti hina íslenzku æskumenn á land sitt og forna frægð og efldi þjóðarmetnað þeirra og þjóðernistilfinningu, sem rómantíska stefnan hafði vakið og glætt víðs vegar í Evrópu.

BALDVIN EINARSSON OG ÞJÓÐMÁLASTARF HANS

Baldvin Einarsson var mjög fyrir íslenzkum stúdentum, um það leyti sem Brynjólfur Pétursson kom til Kaupmannahafnar. Þeir hafa sennilega verið kunnugir frá fyrri tímum í Bessastaðaskóla, því að þeir voru þar samtíða hluta úr vetri 1825.

Baldvin Einarsson kom til Kaupmannahafnar síðsumars 1826. Hann las lög, en hafði jafnframt fleiri járn í eldi. Árið 1828 sendi hann og Þorgeir Guðmundsson út boðsbréf um nýtt ársrit, Ármann á alþingi. Í formála fyrsta árgangsins skýrði Baldvin frá markmiði ritsins, að það „gæti ordid nytsamligt fyrir fósturjørd vora" og „ad hann (Ármann á alþingi) yrdi almennt lesinn".[1]

Baldvin var hinn raunverulegi ritstjóri, en þáttur Þorgeirs virðist hafa verið óverulegur. Ármann á alþingi var í verulegum tengslum við upplýsingastefnuna, eins og hún var boðuð í ritum Magnúsar Stephensens, og form ritsins, samtalsformið, var á mörgum ritum Magnúsar. Svo er að skilja, að mönnum hafi fallið skyldleikinn við anda Magnúsar Stephensens misjafnlega, eins og kemur fram í bréfi frá Steingrími biskupi Jónssyni til Þorgeirs Guðmundssonar 2an marz 1829, eftir að hann hefir fengið sýnishornið af Ármanni á alþingi í hendur.[2*]

[2*] Steingrímur segir m. a.: „Í þessu sidasta er so ytarl[ega] lyst yckar góda, nytsama og til almennings heilla horfandi Fyrir ætlan, ad ei verdur betur fyrimælt — en —

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Val kvæðanna í fyrsta árgangi Ármanns á alþingi gefur nokkra vísbendingu um stefnu og anda ritsins. Þar var Búnaðarbálkur Eggerts Ólafssonar og brot úr Aldarhætti Hallgríms Péturssonar, og í endann kom svo Íslands minni eftir Bjarna Thorarensen. Öll kvæðin voru felld inn í samtalsform. Hins vegar gætti rómantískra áhrifa í aðdáun á fornöldinni og hinu forna Alþingi, en slíku var ekki fyrir að fara í ritum Magnúsar Stephensens. Vaknandi þjóðernistilfinning ól af sér ræktarsemi við móðurmálið, og Baldvin gerðist boðberi málfegrunar og málhreinsunar, og þar kunna erlend áhrif og áhrifin frá Bessastaðaskóla að hafa lagzt á eitt, Ármann á alþingi var fyrir búhölda og bændafólk á Íslandi. Baldvin heilsaði kostgæfum og árvökrum búmönnum, trúum og dyggum vinnuhjúum og auðsveipum og námfúsum unglingum, og það var þetta fólk, sem tók ritinu bezt.

Séra Þorkell Bjarnason segir, að af þeim þremur tímaritum, Ármanni á alþingi, Fjölni og Nýjum félagsritum, hafi Ármann verið hið eina, sem lesið var upphátt á bernskuheimili hans í Skagafirði.[3] Íslenzkir embættismenn tóku Ármanni hins vegar fálega, þegar Bjarni Thorarensen er undan tekinn, enda segist Baldvin ekki skrifa Ármann fyrir lærða menn. Þrátt fyrir það að móttökurnar væru ekki uppörvandi, hélt Baldvin útgáfunni áfram, meðan ævin entist, og fékk til þess styrk úr „Fonden ad usus publicos" (sjóðnum til almennra þarfa).

Hin svonefnda Raskdeila gerði Baldvin óvinsælan meðal margra hér heima á Íslandi. Baldvin gerðist félagi í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins fyrsta árið, sem hann var í Kaupmannahöfn. Hann varð aukaskrifari deildarinnar árið 1829, en tók við ritarastarfinu árið eftir (1830) af Þorsteini Helgasyni. Baldvin skrifaði fréttirnar í Skírni það ár. Á þessum árum var Rask forseti Kaupmannahafnardeildarinnar. Það bar til tíðinda árið 1829, að Jómsvíkinga saga og Knytlinga saga komu út hjá Fornfræðafélaginu í danskri þýðingu, sem C. C. Rafn hafði gert. Í desember 1830 birtist ritdómur um þýðinguna í Maanedsskrift for Litteratur, 12ta hefti 22rum árg., þar sem þýðingunni var hallmælt og bent á, að þýðandinn hefði misskilið frumtextann. Ekki er vitað með fullum sanni,

Synishornid — ad eg segi Yckur þad sem eg hefi merkt af Almuga mönnum ur ollum Attum, er med ofspaugslegum beryrdum, og iblondudum Sveita Vanvyrdingum, med fæstu ordum i þeim lengi illa upptekna stephensenska allt of satyriska bytandi upplysingar Anda".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hver skrifaði þennan ritdóm, en hann ber það með sér, að Íslendingur hafi verið þar með í ráðum, og þóttu þeir Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason helzt koma til greina. Rask svaraði ritdóminum fyrir hönd Rafns, en Baldvin varð til að andmæla honum, því að hann mun hafa álitið, að Þorsteinn Helgason hafi verið höfundurinn. Þeir Rask og Baldvin skrifuðu síðan sinn bæklinginn hvor. Nokkrir fleiri drógust inn í þessa deilu, m. a. Finnur Magnússon, sem var varaforseti Fornfræðafélagsins og tók afstöðu til deilunnar með Rask og Rafni. Finnur fékk brátt að reyna það, að flestir hinna yngri Íslendinga fylgdu Baldvin að málum, því að á aðalfundi Kaupmannahafnardeildarinnar 15da marz 1831 lýsti Rask því yfir, að hann gæfi ekki kost á sér lengur sem forseti. Þá var Þorgeir Guðmundsson valinn til forseta, en gengið fram hjá Finni. Baldvin var ritari eins og áður og réð mestu í deildinni.[4**]

Mótleikur þeirra Rafns og fylgjenda hans var sá, að Þorgeir Guðmundsson var keyptur út úr fornritadeild Fornfræðafélagsins og Þorsteini Helgasyni var vísað úr henni og sú ástæða notuð, að hann hefði farið heim til Íslands án þess að láta stjórn félagsins vita.

Reykjavíkurdeildinni þótti ísjárvert, að Finnur Magnússon prófessor skyldi ekki verða kjörinn forseti Kaupmannahafnardeildarinnar. Þetta var til umræðu á fundi í Reykjavíkurdeildinni og samþykkt að skrifa Kaupmannahafnardeildinni um málið. Í bréfinu var reifuð lagabreyting, sem var þess eðlis, að hver sem skildi íslenzku gæti orðið forseti og gjaldkeri, þó að hann hvorki skrifaði né talaði hana rétt.[5**]

[4**] Hann segir í bréfi til föður síns 21sta marz 1831: „Í Hinu íslenzka bókmenntafélagi, þar sem eg er skrifari, hafa þeir prófessor Rask og Magnússen verið formenn á víxl. Nú höfum vér rekið þá frá völdum, og er nú félagið í vorum höndum. Get eg nú ráðið þar mestu, eftir því sem eg vil".

[5**] Í bréfinu 11ta ágúst 1831 segir svo: „Ver merkjum á bréfi ydar, einsog sia má líka af Skyrnir, oss til ecki lítils fagnadar, ad þér naudugir vildud missa frá forseta embættinu höfund vors félags og Islands gamla vin professor Rask, enn þegar ecki var kostur til ad fá hann til ad vera vid þetta embætti, af hvorjum sem helst orsökum, furdar oss stórlega, ad valid skildi þá ej lenda á landsmanni vorum Professor og Geheime-Archivarius *F. Magnusen,* um hvors álit nú medal lærdra manna í *Evropu* ecki fer tvennum sögum; og sem adur med sóma og radvendni hafdi í fleiri ár veitt forstödu ydri félags-deild. Hefdi hann ecki þeigid valid, so hefdum vér eckert tekid til þess, þá sá hefdi ordid vors félagsformadur, sem þér völdud, hvartil ver víst vitum ad hann er fær, og höfum ej nema gott til hanns ad segja.

Enn oss sýnist þad naudsyn, ad forseti vorrar félagsdeildar í Kaupmannahöfn sé so göfugur og vid frægur sem verdur, ad því verulega ógleimdu; því þad eykur vors félagsheidur bædi í Danmörku og utanríkis. — Af þessu hefur oss komid til hugar, — þar ver þikiumst siá, ad þeir tímar giætu komid ad erfidt yrdi ad fá hentugann

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Kaupmannahafnardeildin ræddi þessa lagabreytingu á fundi 29da september 1831. Breytingunni var hafnað eftir nokkrar umræður með 13 atkvæðum gegn fimm, en mönnum kom saman um að stinga upp á því við Reykjavíkurdeildina að velja sér sameiginlegan verndara (Patron), og var Moltke greifi nefndur, ef Reykjavíkurdeildinni litist svo.[6*]

Fundurinn fól þeim Baldvin Einarssyni og Þórði Jónassyni að skrifa Reykjavíkurdeildinni og tjá henni þessi úrslit. Það er Baldvin, sem heldur á pennanum, og honum er greinilega mikið niðri fyrir, þó að hann reyni að stilla orðum sínum í hóf. Þetta bréf er skrifað 30sta september 1831. Baldvin lagðist eindregið á móti lagabreytingunni og færði mörg rök máli sínu til stuðnings.[7*]

Reykjavíkurdeildin tók þetta bréf til umræðu á fundi 12ta des.

forseta vorrar félagsdeildar í Kaupmannahöfn, hvar optast ej eru nema ungir landsmenn, af hvorjum ej má vænta ad fengid hafi med dugnadi og lærdómi mikid nafn, — samhuga ad stínga uppá þeirri umbreitíngu laga vorra, ad hinum 20 § med tilliti til hins 27 væri þannig umbreitt *„Forseta og Gjaldkera má velja hvorn þann, sem skilur Islendsku* þó hvorki skrifi hann né tali rett þetta mál, þegar félagid veit ad hann elskar landid og landsins mál, og hefur þad álit og þá rádvendni sem gefur honum naudsinlega tiltru, enn skrifari má enginn vera nema innfæddur Islendíngur hvors skilda þad er, ef Forsetinn ecki talar Islendsku, ad frammbera allt þad sem Forsetinn fyrir hann leggur á hvörjum felagsfundi". Herum væntum ver nú ydar álits med hentugleikum, undireins og ver vonum og bydjum, ad þér takid ei þetta ödruvísi heldurenn so, ad þad sé af oss giört til ad vidhalda og ebla sem mest heidur og heillir vors félags.—"

[6*] Fundargerðin segir svo frá: „Þarnæst var lesið annað bréf frá félaginu sem stakk uppá að umbreyta laganna 20 grein. Félagið neitaði því eptir nokkurt umtal med 13 atkvæðum móti 5. Þaraðauk kom mönnum það saman ad stínga uppá því við félagsdeildina í Reykjavík að velja einn Patrón fyrir báðar deildirnar, og að stínga uppá greifa og Statsminister Moltke ef henni lítist svo".

[7*] Í bréfinu segir m. a.: „Oss virdtist þá fyrst og fremst ad frumvarp Ydar væri svo gagnstædt anda laga vorra, ad þau vid slíka umbreytingu yrdu öll önnur. Það er audséd ad stiftararnir og þeir er lögin skrifudu, hafa álitid forrétti þad er þeir hafa veitt Islendíngum, sem einn af þeim helztu máttarstólpum undir felaginu? „Enginn kemur í álit til neins embættis, sem eigi er infæddr islendíngur, eda þeim jafn ad þekkingu á Landinu og kunnáttu í málinu" § 20 eigi má tala annad enn íslenzku á fundum þó danskir (útlendir) séu vidstaddir, og er qvedid svo ad ordi, ad þad sé samqvæmt adalaugnamidinu; § 17, cfr. § 27 og § 28. „embættismenn skal kjósa eptir framqvæmd og dugnadi og eigi eptir mannvyrdíngu" § 20, en heydurslimi eptir tign og vendigleik og Lærdómi" § 29. Þessi andi gengr igegnum öll lögin, sem mjög fer ad líkindum, því felagid átti ad vera íslenzkt, átti ad hafa íslenzk verkefni og íslenzkar Bókmentir og frædi fyrir adalaugnamid, aldrej var þad ætlun þess ad tildra sér fram til veraldligs álits edur vídfrægdar; samqvæmt þessu adalaugnamidi sínu hefir þad starfad híngadtil, og þótt formenn þess enir sídustu hafi verid hvör ödrum vídfrægari, vann þó felagid einsog alkunnugt er, hvörki vídræmi né veraldligt álit, af því þad vildi heldur vera enn sýnast; voru eigi heldur störf

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

1831, og síðan var Kaupmannahafnardeildinni skrifað bréf um málið 29da febrúar 1832, og heldur dregið í land, enda virðist bréfið frá Kaupmannahafnardeildinni hafa komið allflatt upp á ráðamenn Reykjavíkurdeildarinnar eftir því að dæma, sem í bréfinu stendur.[8*]

Kaupmannahafnardeildin tók þetta bréf til umræðu á fundi 1sta maí 1832, og varð það úr, að fundurinn samþykkti að svara þessu ekki framar og láta málið falla niður.[9*]

Á aðalfundi Kaupmannahafnardeildarinnar, sem haldinn var 1sta marz 1832, var stjórn og varastjórn endurkjörin með þeim breytingum, að Brynjólfur var valinn aukaskrifari í stað Jóhanns Árnasonar, síðar sýslumanns. Þessi stjórn virðist ekki hafa haft fylgi allra deildarfélaga, og má því til sönnunar vitna í bréf frá Lárusi Sigurðssyni frá Geitareyjum til Jónasar Hallgrímssonar dagsett 17da marz 1832,

þess fleyri edur betur af hendi leyst, enn á medan núverandi Amtm. Thorsteinson annadist þess málefni, þótt eigi væri hann þá ad áliti edr vyrdingu jafningi eptirmanna hans í stjórninni. Oss syndist fremur ad spyrja megi: hvör eru félagsins störf og hvörnig af hendi leyst, enn hvör þeim stýri, en vid göfugmannsins forstjórn vex eigi altid framqvæmd, því þessi hefur fleyrum skyldum ad gégna, og felaginu er ad því leiti eigi betur borgid undir hans stjórn enn hins yngra og metordaminni. Her er og þess ad gjæta ad félag vort hvörki nú né ad undanförnu hefir haft mök vid Útlendínga og eigi heldr Dani, svo ord megi ágjöra; (: Þó er þetta einungis med vissu sagt um felagsdeild vora:). Ad Konúng undanteknum og greifa Moltke, leggja fáir því til muna allrasýst koma þeir á fundi vora. Hvar íslenzka er mæld samqvæmt lögum vorum. Þó hefdi þetta eigi verid fullkomin röksemd, hefdi felaginu verid stýrt hingadtil af úngum og audvyrdiligum Jslendíngum, því þá hefdi mátt kenna því um, ad felagid hefdi svo lítil afskipti af ödrum úti fra, og ad svo fáir veittu því fjárstyrk, en þar svo miklir menn sem Prof. Magnusen og Prof. Rask hafa veitt felaginu forstödu, er þ[eir]ri vidbáru hrundid. — Okkur þykir og hætt vid því ad þegar svo er komid, eins- og þér viljid, ad formadr vor sé danskur eda útlendur ad felags efni vor kunni ad tvístrast og fara ad ringulreid, einsog dæmi finnast til í líku tilfelli ad undanförnu?, því þegar sá kabli var komin inni lög þess sálada íslenzka Lærd. lysta felags, er þer nú hafid uppástungid, kom tvístrun á allt í felaginu á stuttum tíma, og fyrr en vardi lá felagid í andarslitrunum, þetta ógjæfu-dæmi ásamt ödru násvipudu er ordid hefir nýl: sýnist oss mætti vera oss nokkud til varúdar, ad eigi breyttum ver svo algjörlega útaf laganna skýru fyrirmælum medan eigi ber meyri naudsyn til enn her er máli ad gegna."

[8*] Þar segir m. a.: „Hverjar hugsanir og tilfinníngar þetta bréf vakti er ecki verdt á ad minnast, enn géta má þess, ad félagsdeildinn hér gat ecki fundid sig seka í neinu því er þyrfti ad hamla ydar forseta frá ad meddeila eins þessa áliktan ydar félagsdeildar eptir atqvæda fjölda, sem hverja adra, því vor uppásláttur midadi ecki, og gat ecki midad til hans forseta Embættis, sem var res trans acta, og oss óvidkomandi, heldr til forseta og gialdkéra Embættis yfirhöfud eptirleidis".

[9*] Í fundargerðinni stendur m. a. þetta: „vidvíkjandi því ad velja danskann forseta og var ályktad ad svara því eigi framar, og lata þad falla svo nidr, þar eigi þótti þörf á svari".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

en honum farast þannig orð:[10] „Eckert sögul[egt] hefur hér vid borid; nema máske þad ad vid 8 Islendingar sögdum ockur utur ísl[enzka] bokmentafel[aginu] Lambhusabrædur og jeg, Bjarni og Scheving, Petur Christian og Þordur, vegna þess Magnussen eda Rask ei voru valdir." Finnur Magnússon drepur einnig á þessi mál í bréfi til Ísleifs Einarssonar á Brekku 30ta marz 1832.[11*] Þetta hlýtur að hafa stafað af einhverri óánægju í Kaupmannahafnardeildinni, og er greinilegt, að þeim bræðrum Pétri og Brynjólfi hefir sýnzt sitt hvorum, þar sem annar gengur úr félaginu, en hinn fer í stjórn þess, og virðist þetta benda til, að Brynjólfur hafi gerzt þeim Baldvin og Þorgeiri handgenginn og þeir fengið slíkt traust á honum að velja hann í stjórn deildarinnar. Þess var ekki heldur langt að bíða, að Kaupmannahafnardeildin legði honum störf á herðar. Baldvin Einarsson andaðist 9da febrúar 1833 af völdum brunasára. Þar með var Brynjólfur orðinn skrifari Kaupmannahafnardeildarinnar. Á næsta aðalfundi deildarinnar 18da marz 1833 var hann kjörinn skrifari og færir þá inn fyrstu fundargerð sína. Hann var síðan í starfi ritara fram til 24ða apríl 1840, að Jón Sigurðsson tók við af honum.

JÚLÍBYLTINGIN OG ÁHRIF HENNAR

Í júlímánuði 1830 varð bylting í Parísarborg. Konungurinn, Karl X, hrökklaðist frá völdum, en nýr konungur, Louis Philippe, tók við. Stjórnarfyrirkomulagið varð þingbundin konungsstjórn, og með henni höfðu völdin færzt yfir í hendur borgarastéttarinnar. Eftir Vínarfundinn 1814–15 hafði stjórnmálaþróunin í Evrópu stefnt í afturhaldsátt. Mál- og ritfrelsi var takmarkað, og aðall og klerkar höfðu aukið völd sín. Það varð afturkast, sem stefnt var gegn hugsjónum frönsku stjórnarbyltingarinnar. Þegar Vínarfundurinn skipulagði Evrópu að nýju, var stefnt að því að koma henni í sama eða svipað horf og fyrir stjórnarbyltinguna miklu. Lítið tillit var tekið

[11*] Finnur kemst svo að orði í bréfinu: „Af því *hérveranda Isl* [*endska*] *Bókmentafélagi* hefi eg mér á seinni tímum ekkert skipt. Bref ykkar forstjóra þess frá Jslandi (hvad eg meina eg persónulega hafi ordsök til ad þakka) heyri eg ad muni hafa verid lítils metid; ad sömu embættismenn á sídustu samkomu voru aptur valdir, enn ad 10 til 12 Jslendskir Studentar strax eptir hafi sagt sig út úr félaginu. Póstskipid er því midur! enn ekki komid, og ykkar nýa svar uppá þess tilskrif frá hausti er því hér enn ekki heyrum kunnugt. *Baldvin Einarsson* sem tekid hefur juridiskt Attestatz med besta Charakter, mun nú sem deildarinnar skrifari, vera hennar *sál* og *kröptugasta driffjödur*.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

til þjóðernis. Stórveldin á meginlandi Evrópu höfðu þjóðir ólíkar að máli og siðum innan vébanda sinna. Austurríki réð yfir Tékkum og Ítölum, Belgar og Hollendingar voru spyrtir saman í eitt ríki. Pólverjar lutu Rússum og Prússum, Serbar og Grikkir Tyrkjum. Danaveldi missti Noreg, en fékk Vestur-Pommern, síðar hertogadæmið Lauenburg, í staðinn.

Þjóðernistilfinningin fékk byr undir vængi hjá hinum kúguðu þjóðum á árunum eftir Vínarfundinn. Í Þýzkalandi varð þjóðernisleg vakning. Júlíbyltingin leysti þessi öfl úr læðingi. Belgar gerðu uppreisn gegn Hollendingum og mynduðu ríki erfðakonungs með þingbundinni stjórn, sem varð fyrirmynd þingræðisríkjanna á meginlandi Evrópu. Pólverjar gerðu uppreisn, sem Rússakeisari lét berja niður harðri hendi og gekk því næst milli bols og höfuðs á síðustu leifunum af sjálfstæði Pólverja. Í ársbyrjun 1831 hófst uppreisn á Ítalíu, sem Metternich lét hersveitir Austurríkismanna kæfa niður. Víða í Þýzkalandi kom til óeirða síðari hluta ársins 1830, sem stöfuðu af óánægju yfir stjórnarfarinu og erfiðum efnahagsástæðum ásamt kröfunum um nýjar og endurbættar stjórnarskrár. Þetta bar þann árangur, að nokkur hinna þýzku smáríkja fengu nýjar stjórnarskrár.

Þegar danska þjóðin kom fram í dagsbirtu sögunnar á 8du og 9du öld, lágu suðurmörk ríkisins við Egðufljót. Þar var *terminus imperii Romani* — lokamörk hins rómverska ríkis á miðöldum. Sunnan þessa fljóts bjó þjóðflokkur af kyni Saxa, Holsetar, sem héraðið dró síðan nafn af. Héruðin næst Egðufljóti að norðan voru um þetta leyti óbyggð marklönd og eðlileg landamæri milli tveggja þjóða. Á 10du öld hófst barátta milli Dana og Þjóðverja um yfirráð þessara marklanda, og árið 1025 var svo um samið, að Egða skyldi ráða mörkum Þýzkalands og Danmerkur. Upp frá því var Egðufljót hin sögulegu landamæri danska ríkisins fram til 1864. En þessi landamæri hindruðu ekki landnám þýzkra manna norðan Egðufljóts, og með því urðu ríkislandamæri og þjóðlandamæri ekki hin sömu. Þróunin varð sú, að þýzk tunga og þýzk yfirstétt hreiðruðu um sig í Suður-Jótlandi. Lágþýzkan varð ríkjandi mál í réttarfari, viðskiptum og stjórnvörzlu, en bændastéttin var hins vegar dönsk að tungu og siðum.

Þegar Aldinborgarættin kom til valda í Danmörku, varð Kristján I kjörinn hertogi og greifi í Slésvík og Holsetalandi. Við þessa kosningu voru skráð „landsréttindi“ í svo kölluðum Rípursáttmála 5ta marz 1460 og viðbótarsamningi í Kíl 4ða apríl sama ár. Þessi sáttmáli grundvallaði konungssamband með Danmörku og Slésvík-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Holsetalandi, en Slésvík hafði stundum áður verið erfðalén Holsetagreifa, en með Rípursáttmálanum var svo ákveðið, að Slésvík og Holsetaland skyldu vera samtengd að eilífu. Upp frá þessu lutu bæði hertogadæmin Danakonungi fram til 1864. Holsetaland var þó gert að hertogadæmi og ríkisléni keisaradæmisins árið 1474.

Á Vínarfundinum var svo um hnútana búið, að Danakonungur var enn sem fyrr „hertogi" í Slésvík og Holsetalandi, en hið síðarnefnda var jafnframt eitt af 38 ríkjum þýzka sambandsins, og Friðrik VI hafði orðið að heita því eins og aðrir þjóðhöfðingjar í sambandsríkjunum að koma á fót stéttaþingum í sambandsríki sínu. Þetta ákvæði, 13da grein þýzku sambandslaganna, var sett til að friða lýðinn, sem fórnað hafði lífi og blóði í styrjöldunum við Napóleon.

Riddarastéttin í Slésvík og Holsetalandi fór þess á leit við konung, þegar hann sat á Vínarfundinum, að hann uppfyllti þetta heit, en konungur daufheyrðist við, og slíkt hið sama gerði hann, þegar honum bárust í hendur bænarskrár frá borgarstjórnum ýmissa borga í Slésvík um sameiginlega stjórnarskrá handa Slésvík og Holsetalandi veturinn 1816–1817.

Árið 1823 var sett stéttaþing í Prússlandi, stærsta ríkinu í þýzka sambandinu. Hin þýzka þjóðernisvakning óx og efldist með ári hverju. Bergmálið frá árum frelsisstyrjaldanna um frjálst og sameinað Þýzkaland, svo vítt sem þýzk tunga var töluð, hafði kveðið við í eyrum þeirra Þjóðverja, sem fram til þessa höfðu verið trúir þegnar Danakonungs. Rannsóknir þýzka prófessorsins Friedrich Christopher Dahlmanns á sögulegum gögnum leiddu í ljós, að Slésvík og Holsetaland skyldu vera *að eilífu samtengd,* eins og Rípursáttmálinn kvað á um. Hertogadæmin sóttu mál sitt með sögulegum og þjóðernislegum rétti. Dahlmann hafði túlkað skilning sinn á Rípursáttmálanum fyrir ungum stúdentum, og það sáðkorn féll ekki í grýtta jörð.

Á sambandsþinginu í Frankfurt 1830 var fulltrúi Danmerkur minntur á, að Danmörk hefði ekki enn orðið við fyrirmælum 13du greinar sambandslaganna. Sjálfur Metternich hafði minnt dönsku stjórnina á þetta og undraðist þvermóðsku hennar, þar sem stofnun stéttaþinganna hafði ekki vakið gára á sjó fram að þessu. Það var sendiherra Austurríkis, forseti sambandsþingsins í Frankfurt, sem ýtti þessu máli á flot, og fulltrúi Friðriks VI sendi konungi skeyti 17da september og tjáði honum, hvernig komið væri. Þetta skeyti kom í hendur konungs 24ða sama mánaðar, og danska stjórnin brá við eins og eldingu hefði slegið niður. Í bréfum til fulltrúa síns á sambandsþinginu í Frankfurt og til sendiherra Danmerkur í Vínar-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

borg, sem voru skrifuð degi síðar, var þeim tjáð, að réttara væri að bíða betri tíma til að uppfylla kröfuna um stéttaþing Holseta. Jafnframt voru sendiherrar Danmerkur látnir kynna sér skoðanir helztu þjóðhöfðingja álfunnar á þessu máli. Sú könnun leiddi í ljós, að ekki yrði hjá því komizt að verða við kröfunni um stofnun stéttaþings.

Það var ekki að undra, þótt konungi væri þetta viðkvæmt mál. Riddarastéttin í hertogadæmunum og fleiri aðilar höfðu krafizt sameiginlegrar stjórnarskrár fyrir bæði hertogadæmin. Með því að verða við þeirri kröfu urðu tvær stjórnarskrár í gildi innan vébanda dönsku ríkisheildarinnar, og það hlaut að veikja samband Slésvíkur við aðra hluta danska ríkisins og jafnvel kljúfa hana frá Danmörku. Konungur og stjórn hans fylgdust vel með öllu í hertogadæmunum. Það hafði heyrzt, að ekki væri með öllu kyrrt í Holsetalandi og málafærslumenn og prófessorar í Kíl hefðu bænarskrá um sameiginlega stjórnarskrá fyrir hertogadæmin í undirbúningi. Slíkt var ekki hægt að hindra, en mikilvægt að vita, hvort hugur fylgdi máli almennt.

Seint í október sendi konungur einn hinna depúteruðu, æðsta embættismanninn í „Slesvig-Holstenske Kancelli", til að kynna sér málin. Samskipa honum var fyrrverandi samstarfsmaður hans, Uwe Jens Lornsen, sem var á leiðinni til að taka við landfógetastarfi á fæðingarey sinni, Sild. Lornsen hafði drukkið í sig hinn þýzka frelsisanda, sem greri í slóð Napóleonsstyrjaldanna. Hann hafði átt hlut að því að koma „Burschenschaft"-hreyfingu þýzkra stúdenta á laggirnar og stundað laganám við háskólann í Kíl og einnig verið í háskólanum í Jena. Síðan hafði Lornsen lent inn í embættisskrifstofur danska einveldisins. Þar hafði hann mikið brotið heilann um stjórnarfarslegar og stjórnmálalegar breytingar.

Lornsen var ekki fyrr stiginn á land í Kíl en hann fór að ferðast til borga í hertogadæmunum og safna fylgismönnum og undirskriftum undir bænarskrá um sameiginlega stjórnarskrá fyrir hertogadæmin. Fyrstu dagana í nóvember kom svo út bæklingur Lornsens „Ueber das Verfassungswerk in Schleswig-Holstein" — Um stjórnarskipan í Slésvík-Holsetalandi. Í bæklingnum lagði Lornsen til, að stofnað yrði sameiginlegt þing hertogadæmanna í tveim málstofum, er hefði fjárveitingarvald, löggjafarvald og tillögurétt, en konungur fullt neitunarvald. Stjórnardeildir hertogadæmanna skyldu fluttar frá Kaupmannahöfn og sérstakt ríkisráð sett á stofn, og tveir fulltrúar þess vera í Kaupmannahöfn til að leggja málin fyrir konung. Auk þess átti konungur að vera vetrarmánuðina í Slésvík. Þá skyldi stofna sameiginlegan hæstarétt fyrir hertogadæmin. Tengsl hertogadæmanna við Danmörku skyldu vera: „König und Feind gemeinsam"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

— konungur og fjandmenn sameiginlegir. Þetta hefir verið skilið svo, að konungur og konungserfðir, utanríkismál og hermál skyldu vera sameiginleg.

Sum atriðin í þessum tillögum voru tekin frá stjórnarskrá Noregs, eins og hún var úr garði gerð eftir samkomulag norska stórþingsins við Karl Jóhann Svíakonung 4ða nóvember 1814. Það var frjálsasta samband tveggja ríkja, sem þekktist í Evrópu 1830. Markmiðið með útgáfu þessa bæklings var að stefna saman eins konar bráðabirgðaþingi til að semja uppkast að stjórnarskrá handa hertogadæmunum. En raunin varð sú, að tillögur Lornsens áttu ekki því fylgi að fagna, sem hann hafði vænzt, t. d. var riddarastéttin þeim mótsnúin, og jarðvegurinn fyrir það frelsi, sem Lornsen boðaði, var ekki fullarinn. Lornsen hirti ekki um söguleg rök og skil danskrar og þýzkrar tungu, og tillögur hans gengu miklu lengra en fyrirmælin í sáttmála þýzka sambandsins bentu til. Lornsen gekk svo hreint til verks, að hann sendi Otto Moltke, forsetanum í „Slésvík-holsteinska" kansellíinu, eintak af bæklingi sínum. Í bréfi, sem fylgdi með, gaf hann þau ráð að virða ekki tillögur sínar að vettugi, af því mundi leiða skilnað hertogadæmanna og Danmerkur.

Friðrik konungur VI ól ugg í brjósti vegna krafanna frá sambandsþinginu í Frankfurt, og ekki bætti bæklingur Lornsens þar um. Hér bættust við bréf Karls landgreifa af Hessen, landstjóra í Slésvík, og hertogans af Augustenborg, sem lýstu ástandinu í dökkum litum. Þau urðu til þess, að konungur fór að hugleiða möguleika á sameiginlegri stjórnarskrá fyrir hertogadæmin.

Otto Moltke beitti sér gegn þeirri hugmynd og bar hærra hlut. Þann 16da nóvember var gefin út tilskipun um að taka Lornsen fastan og hertogadæmunum gefin óákveðin loforð um hæfilegar ráðstafanir á hentugum tíma.

Lornsen var handtekinn 23ja nóvember, dæmdur í eins árs fangelsi og vikið frá embætti. Ritskoðandinn, sem hafði samþykkt bæklinginn, var einnig dæmdur.

Tiltæki Lornsens naut ekki samúðar hjá einvöldum Evrópu. Sendiherrar Danmerkur í Vínarborg, Berlín og Pétursborg gátu fríðað Friðrik VI með því, að þar ætti hann vinum að mæta í þessu máli. Það sama varð uppi á teningnum á sambandsþinginu í Frankfurt. Þar voru atburðirnir í Kíl á engan hátt notaðir gegn Danmörku. Allt varð þetta til þess, að konungur fór að líta með meiri ró á málin, og nú var setzt á rökstóla til að íhuga, hvað gera skyldi.

Þess er áður getið, að konungur hafði hugleitt að veita hertogadæmunum sameiginlega stjórnarskrá. Otto Moltke var því andvígur,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

og 15da desember kom Møsting með þá tillögu, að eitt yrði látið ganga yfir alla þegna Danakonungs og stéttaþingum komið á fót í öllu ríkinu. Fyrirmyndin var síðan fundin. Það var skipulag prússnesku stéttaþinganna frá 1823.

UPPHAF STÉTTAÞINGANNA Í DANMÖRKU — UMRÆÐUR UM ÞÁTTTÖKU ÍSLANDS

Hinn 11ta janúar 1831 var sent konungsbréf til kansellísins, sem fór með málefni Slésvíkur og Holsetalands. Bréfið var fyrirmæli um að semja og leggja fyrir konung frumvarp til laga um stofnun stéttaþinga fyrir hertogadæmin og bent á grundvallaratriði prússnesku stjórnarskrárinnar til hliðsjónar. Tveim dögum seinna var sams konar bréf sent til danska kansellísins. Það var stuttorðara, en þar var einnig bent á stjórnarskrá Prússa sem fyrirmynd, að svo miklu leyti sem staðhættir og lega landsins leyfðu.

Jafnskjótt og kansellíin tvö höfðu hafið umræður um stéttaþingin, urðu nokkrar viðsjár út af þeim í danska kansellíinu. A. S. Ørsted hafði meiri hlutann á sínu máli, en Stemann varð honum samt drýgri í ráðum um það er lauk. Hann vildi fara sem mest eftir prússneskri fyrirmynd, og kansellíið fyrir Slésvík og Holsetaland hafði haft hana að leiðarstjörnu, svo að tillögur þess urðu kjarninn í frumvarpinu, eins og það kom til konungs og ríkisráðsins (statsrådet).

Þegar undirbúningi í stjórnardeildunum var að verulegu leyti lokið, birti konungur höfuðdrættina í væntanlegu skipulagi stéttaþinganna. Bréfin voru dagsett 28da maí 1831, og var annað fyrir hertogadæmin, en hitt fyrir Jótland og eyjarnar. Síðan var skipuð fjögurra manna nefnd til að ganga endanlega frá málunum. Það starf tók langan tíma. Það var fyrst 15da maí 1834, sem konungur setti skipan um tilhögun þeirra og lögin gengu í gildi.

Fáar sögur ganga af því, hvað þarna var rætt um Ísland. Í konungsbréfinu 13da janúar 1831, sem áður er getið, óskaði konungur eftir, að danska kansellíið myndaði sér skoðun á þátttöku Íslands í hinni nýju þingskipan. Meiri hlutinn var þeirrar skoðunar, að Ísland ætti ekki að hafa neina fulltrúa, heldur ætti að rýmka eldri fyrirmæli (6ta júní 1821) með því að kynna sér skoðanir íslenzkra embættismanna á málefnum Íslands. Stemann var hins vegar þeirrar skoðun-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ar, að hlutdeild Íslands væri hvorki óviðeigandi né gagnslaus (upassende eller unyttig).[1]

Á fundi í ríkisráðinu (statsrådet) 27da maí 1831 var tillaga Stemanns um þátttöku Íslands samþykkt, og daginn eftir voru fyrirmælin birt. Tilskipunin um stéttaþingin var í 8 greinum, og hljóðar hin fyrsta á þessa leið í þýðingu Baldvins Einarssonar.[2]

„ . 1. I voru Danmerkur ríki skulu hinar rádleggjandi Landþinganefndir hafa tvø þing, eitt fyrir Sjálands, Fjóns og Lágalands og Falstrs stipti og einnegin Island, og annad fyrir Nordr-Jótlands stipti øll saman fjøgr".

Boðskapur konungs var Íslendingum ekki neitt fagnaðarefni, þar sem á Ísland var litið eins og stifti í Danmörku, enda kom sú skoðun brátt fram í dagsljósið.

Baldvin Einarsson var að lesa undir próf í lögfræði, þegar boðskapur konungs birtist. Honum var ljóst, að réttindum Íslands var mikil hætta búin, ef dönsk stéttaþing fengju íhlutunarrétt um íslenzk málefni. Á sama tíma og kansellíin sátu á rökstólum um skipulag hinna væntanlegu stéttaþinga stofnaði hann félagið Bræðralag með aukanafni Alþing, svo sem áður hefir verið greint frá. Hann beið því ekki boðanna, þegar stéttaþingin voru komin á dagskrá hjá kansellíunum. Í sýnishorninu af Ármanni á alþingi, sem þeir Þorgeir Guðmundsson og Baldvin sendu til Íslands árið 1828, var þegar vikið að alþingi hinu forna.[3*]

Baldvin sá í sjónhendingu, að hér gafst gullið tækifæri, ef það var notað á réttan hátt. Hann talar um það í bréfi til föður síns 21sta marz 1831, að hann ætli að færa Ørsted á laun frumvarp um alþingi á Íslandi.[4*] Þetta frumvarp hefir ekki komið enn í leitirnar, en af öðrum heimildum um þessi mál frá hendi hans má fá nokkra hugmynd um það, hvernig þessi mál þróuðust í huga hans. Í bréfi frá Bjarna Thorarensen til Baldvins 25ta ágúst 1831 víkur Bjarni að þessu

[3*] Þar er Sighvatur látinn segja: „hérna var Alþíng haldit fordum; hérna søgdu forfedr vorir løg og rétt; hér hugleiddu þeir landsins efni, og skáru úr øllum vandamálum; hérna vóru þau rád árliga tekin, sem horfdu til ad efla Þjódarinnar blómgvan og þroska; hér var kristni løgtekin fyrir rúmum átta hundrud árum . . . sjálft þingit er lidit undir lok og þjódarinnar gamli þeinkíngarháttr, sem Alþíng einkum hjálpadi til at vidhalda, fer líkliga sømu leidina".

[4*] Í bréfinu segir svo: „Friðrik konungur enn 6ti hefur skipað Cansellinu að semja reglur, eftir hverjum að vissir menn eiga að veljast í hverjum parti ríkisins, og eiga þeir að koma saman og ráðslaga um þess héraðsins nauðsynjar, sem þeir heyra til, og síðan eiga ráð þeirra og frumvörp að sendast konungi til staðfestingar. Ef þetta kemst á í Íslandi, þá fáum við alþing aftur í Íslandi, og væri þess mjög að óska. Eg ætla að færa Örsted frumvarp til þess heimuglega".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

máli og leggur áherzlu á, að hann vilji einungis ráðgefandi þing, en það gæti bent til, að Baldvin hefði reifað málið á öðrum grundvelli. Það er einnig hald manna, að Baldvin hafi skrifað einhverjum íslenzkum embættismönnum um þetta vorið og sumarið 1831, en þau bréf hafa ekki komið fram í dagsljósið. Hins vegar minnist hann ekkert á alþingismálið í Ármanni á alþingi, sem kom út árið 1831, en hann lýkur við formálann að honum 20sta marz það ár.

Haustið 1831 (17da september) kvað konungur svo á, eftir tillögum kansellísins, að amtmennirnir á Íslandi skyldu gera tillögur um þátttöku Íslands í stéttaþingunum. Kansellíið lagði málið síðan fyrir amtmennina með bréfi 1sta október 1831.[5] Amtmennirnir áttu síðan að leita álits annarra manna, einkum embættismannanna. Kansellíið fékk í hendur 24 álitsgerðir frá ýmsum helztu embættismönnum íslenzku þjóðarinnar.

Hinn 23ja marz 1832 kvaddi konungur saman „nokkra upplýsta menn úr ýmsum hlutum ríkisins" til að taka sæti í nefnd, sem skyldi ráðgast um ýmis atriði til viðbúnaðar skipan stéttaþinganna. Af Íslands hálfu nefndi konungur þá E. C. L. Moltke kammerherra, sem áður hafði verið stiftamtmaður á Íslandi, og Finn Magnússon prófessor til setu í nefndinni.[6] Finnur bar þá fram tillögu um, að Ísland skyldi hafa fulltrúaþing í landinu sjálfu, og er talið, að Moltke hafi verið því hlynntur.[7]* Hins vegar lagðist kansellíið gegn sérstöku

[7]* Finnur Magnússon víkur að þessum nefndarstörfum í bréfum til Ísleifs Einarssonar 30sta marz 1832 með þessum orðum: „Heldst vildi eg lifa fyri mig og mína, Embætti mitt og Fornfrædi Nordurlanda, sem margrar upplýsingar þurfa vid og hefi því af alúd, leitast vid ad halda mér frá ad flækjast inn í Jslands Málefni, stjórn þess vidvíkjandi, enn samt er eg nú, á ymsan máta, ordinn vid þau ridinn. J fyrra haust vard eg þannig ad hlýdnast tilmælum míns í ödru tilliti eginlega Yfirvalds, hins Danska Cancellíis, um ad takast á hendur útleggingu af þeim nýustu fyrir Island útgéfnu tilskipunum, þótt eg, ymsra ordsaka vegna, aungvanvegin hefdi lyst þartil. Nú er eg, án þess eg ádur í minnsta máta vissi mitt þarum, skikkadur til ad vera einn af þeim 35 (edur 38) mönnum, sem yfirvega ega Umdæmastandanna kosníngarmáta og innrettíngu. Mikid hefda eg óskad ad Aldur ydar og heilsa hefdi leyft, ad þér til þess, í minn stad, hefdud kalladur verid. Þad huggar mig samt nokkud, ad eg hefi einslags fregn um ad Cancellíid muni hafa sendt eitthvört Circulaire til Íslands, Umdæmastöndunum vidvíkjandi, — ef þad er skéd til ad fá upplýsingar og óskir þadan, ádur Konúngur gefur þarum sinn endilega úrskurd, og væri þad þá vel. Ekki hefi eg samt enn fengid þad skjal ad siá, og þekki þad ej nema af rykti einu".

Í öðru bréfi, 9da maí 1832, víkur Finnur aftur að þessu og segir: „Því er midur ad eg, mót ósk minni og Ætlun, á seinni tímum, eptir Cansellíisins tilmælum edur Konúngsins skikkun, hefi flækst inn í eitt og annad Jslands stjórnarsökum vidvíkjandi — nefnilega Tilskipana útleggíngar og hluttekníng í þeirri Samkomu sem á ad laga Form og adgjördir Umdæmastandanna fyrir Danmörk og Jsland. Því meir sem eg, svo ad segja, vil hlidra mér hjá veröldinni, dregst eg inn í hana og hennar biltingar.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

þingi á Íslandi í álitsskjali, sem lagt var fram í ríkisráðinu 30sta maí 1832, og benti á tvær leiðir, að Ísland hefði engan fulltrúa á þingi fyrst um sinn og sérmál þess yrðu ekki tekin til umræðu á stéttaþingunum, en um þau mál, sem vörðuðu Ísland og aðra hluta ríkisins jafnframt, skyldu sérstaklega tilkvaddir menn fjalla á stéttaþingunum, en leita skyldi umsagnar yfirvalda landsins, áður en nokkur almenn fyrirmæli, sem sett væru handa Danmörku, yrðu gildandi á Íslandi. Hin leiðin var, að konungur sjálfur veldi þrjá fulltrúa á stéttaþingið fyrir hönd Íslands, þangað til leið yrði fundin, sem hentaði þörfum landsmanna, svo að þeir gætu sjálfir valið fulltrúana.

Það kom í ljós af þessu álitsskjali, að Finnur hafði ekki áorkað miklu, þó að nokkur vilji væri fyrir hendi, enda var við ramman reip að draga, því að Stemann var mótsnúinn tillögunum frá hinum upplýstu mönnum, sem kvaddir höfðu verið til ráða.

Þegar tillögur kansellísins voru lagðar fyrir konung, aðhylltist hann síðari leiðina og birti úrskurð sinn 4ða júní 1832, að fulltrúar Íslands skyldu vera þrír og konungur velja þá, þó aðeins fyrst í stað, þangað til komin væri á hentug skipan um kosningu þeirra í landinu sjálfu.[8]

— Ekkert hefi eg (og eg ætla ej heldur Hofmarskalk Moltke) enn þá séd af þeim frá Islandi innkomnu yfirvegunum alþingi edur annari samkomu vidvíkjandi. Pjesi Cand. jur. *Baldvins Einarssonar* þarum virdist mér (eptir sem af honum var ad vænta) yfirhöfud vel skrifadur, þótt margt megi út á sumt setja t. d. kostnadarreikníngana, á hvörium eg þó, sem nú svo lengi hefi verid í fjarlægd vid Jsland, ej ber betra skyn. Ydar álit um naudsyn slíkrar innrettingar (í brefinu til mín, því annad hefi eg ej séd) virdist mér ypparlegt, þótt í stuttu máli sé frammsett."

Tómas Sæmundsson hafði einnig fengið bréf frá Ísleifi á Brekku, sem hann svaraði 12ta maí 1832 og segir: „Þad var mer tvöfallt anægjusamt af því þad ad mestu leiti höndladi um þad efni er eg helst gyrndtist ad heyra ydar meining um — umdæmastöndin. Gledur þad mig ósegjanlega ad heyra hvad goda móttöku þetta malefni ogso á Íslandi hefir fengid hia þ[ei]m flestu landsins merkismönnum, og hvad þ[ei]m kemur næstum öllum samanum ad uppretta gamla Alþing, sem nóg Bevís er fyrir ad þetta eina er þad naudsynlega og retta. Ad sönnu munu Athugasemdir Amtmanna ad nordan og vestan ecki innkomnar, væntanlega af því postarnir hafa komid ofseint til ad unna þeim tídar til ad huxa um þetta mál, en med godum rökum veit eg ad þ[ei]r munu af sömu meining. Amtm[adur] Johnsen hefir altaf óskad ad Embættismen Landsins á einhvorjum Stad gjætu talast vid og radslagad um þad er Landinu til gagns heyrir.–

Cancelliet mun heldr ecki setja sig á móti tidar andanum — Þad er sialfsagt ad Steman er hreinn Despot — en þ[ei]r flestu hinir svosem Örsted eru þeim mun liufari og upplistari. — Jeg veit ad han hefir gefid pjesa Baldvins, sem ánþess ad vita yckar meining uttalar yckar Grundsetninger, udelt Bifald, og úr því er Steman ecki leingr almáttugr. Magnusen sem her á ad tala Islandsmálefni, hefir sagt vid Baldv[in] sialfan ad þ[ei]r væru aldeilis samdóma — (bara ad han ecki verdi hræddur þegar Steman fer ad tala.)"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Það er rétt að staldra ögn við og gæta að, úr hvaða efniviði úrskurður konungs var gerður. Í bréfi því, sem kansellíið sendi amtmönnum á Íslandi 1sta október 1831 og áður er getið, var einungis leitað álits þeirra um, á hvern hátt hentugast væri að haga kjöri fulltrúa Íslands, sem skyldu verða fulltrúar þess á stéttaþingunum í Danmörku. Með því var umræðugrundvellinum um sérstakt þing ýtt til hliðar. Þrátt fyrir það var í flestöllum álitsskjölunum vikið að þeim möguleika, að komið yrði á fót sérstöku ráðgefandi þingi á Íslandi.[9] Þessar greinargerðir bera því vitni, að flestir þeir, sem um málið rituðu, höfðu eitthvað um það hugsað, og margir studdust við það, sem Baldvin Einarsson hafði um málið sagt.[10]

Tillögur danska kansellísins 30sta maí 1832 voru einkum sniðnar eftir tillögum frá Bjarna Þorsteinssyni amtmanni, en einnig L. A. Krieger stiftamtmanni, Magnúsi Stephensen, Þórði Sveinbjörnssyni og Helga Thordersen. Sá eini þessara manna, sem vildi hafa innlent þing, var Helgi Thordersen. Magnús Stephensen vildi ekkert þing. Bjarni Þorsteinsson var í hávegum hjá A. S. Ørsted, og frá honum var það ráð tekið, að konungur veldi sjálfur fulltrúana.[11]

Í þeim umræðum, sem orðið höfðu í kansellíunum og þeim nefndum, sem fjallað höfðu um stéttaþingin, hafði aðeins ein rödd verið því hlynnt, að sérstakt þing yrði sett á stofn á Íslandi. Það var fulltrúi Holseta í ríkisráðinu.[12]

Hins vegar voru áhrifamenn eins og Stemann því meðmæltir, að Ísland ætti sína fulltrúa á dönsku þingi, og Kristján prins, síðar Kristján konungur VIII, sem hafði tekið sæti í ríkisráðinu, var því mjög hlynntur, að Ísland hefði sína fulltrúa á dönsku stéttaþingi, því að hann áleit, að þörfum Íslands væri aldrei nógur gaumur gefinn og óskum þess aldrei fullnægt. Þessi orð skrifaði hann í dagbók sína 4ða júlí 1832, mánuði síðar en konungur birti úrskurð sinn.[13*] Hann lagði einnig til, að fulltrúar þeir, sem konungur nefndi til fyrir hönd Íslands, yrðu einungis kvaddir til setu, þegar íslenzk mál væru til umræðu.

Sá Íslendingur, sem háði skeleggasta baráttu fyrir innlendu þingi og reyndi að vekja þjóðina til umhugsunar um það mál, var Baldvin Einarsson. Aðalframlag hans í alþingismálinu á opinberum vettvangi var bæklingurinn um þátttöku Íslands í dönsku stéttaþingunum, „Om de danske Provindsialstænder med specielt Hensyn paa Island".

Í formála gat Baldvin þess, að hann hefði ekki látið bæklinginn

[13*] „udenfor al Tvivl, at Islands Tarv aldrig tilfulde iagttages, deres Ønsker aldrig tilfredsstilles".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

koma fyrir almennings sjónir, ef hann hefði vitað eða grunað það rétt, að nokkur annar mundi gera efninu skil á prenti. Höfuðmarkmið ritlingsins var að sanna nauðsyn þess, að Ísland fengi þing innanlands. Hann vildi, að sem flestir tækju þátt í því á einhvern hátt til að „auka þjóðarandann". Fulltrúar skuli vera margir og kosningarétturinn sem rýmstur, kjörgengi bundið sömu skilyrðum og kosningaréttur, fulltrúarnir 34 talsins, 2 úr hverri sýslu, nema 1 úr Vestmannaeyjum og Strandasýslu, kosningar óbundnar og leynilegar, umræður í heyranda hljóði og þingstaðurinn á Þingvelli. Hins vegar vildi Baldvin alls engin afskipti dansks þings af íslenzkum málum, en hann reifaði þann möguleika, að löglærður Íslendingur með góða þekkingu á íslenzkum málum og staðháttum yrði ráðunautur stjórnarinnar.

Þessi bæklingur kom út í Danmörku árið 1832 og sama efni var í 4ða árgangi Ármanns á alþingi.

Það var Baldvin mikill styrkur, að hann átti skoðanabræður í Danmörku, sem höfðu orðið á undan honum að mæla með sérstöku þingi á Íslandi. Er þar fyrstan að nefna F. A. Holstein greifa í Hleiðruborg. Árið 1831 birtist eftir hann ritgerðin: Om de Danske raadgivende Provindsialstænders Væsen og Værd, þar sem hann mælti með sérstöku þingi á Íslandi. Baldvin vitnaði til þessarar greinar í 4ða árgangi Ármanns á alþingi, og notaði hana máli sínu til stuðnings.[14*]

Martin Orla Lehmann skrifaði ritdóm um þessa ritgerð Holsteins greifa í Maanedskrift for Litteratur, 4ða árgang. Lehmann var þá kornungur, fæddur 1810, og enn við laganám í Kaupmannahafnarháskóla. Þetta var fyrsta hríð hans á vígvelli stjórnmálanna og fyrsta greinin, sem hann skrifaði um stjórnmál. Hún var mótmæli gegn hinum fyrirhuguðu kosningalögum til handa stéttaþingunum, því að honum þótti hlutur borgarastéttarinnar fyrir borð borinn, eink-

[14*] Tilvitnunin er á þessa leið: „„Hvad þad áhrærir, ad ríkin er skipt í Landþingadæmi, þá réttlætist þad af sjálfu ser"" —

„„Einasta med tilliti til Islands kynni þad máske ad vera efasamt, hvørt þad land er hefir svo marga einka eginligleika, svo frábrugdna landstjórn, og landsløg, og løgvenjur (Retssædvaner), og þessauk 50,000 innbúa, eigi skyldi álítast sem adskilid land er fengi Landþingisnefnd fyrir sig. Þessi spurníng er þeim mun mikilvægari, sem ýmsar ferdasøgur geta þess, ad ennþá lifi ámedal þessa lands framúrskarandi innbúa, gømul laungun eptir slíkum landstjórnartilskipunum (politiske Institutioner), er fordum var þeirra heidrsvardi, og menn álitu sem vørn á móti ríki og veldi embættismannanna, sem ætíd er svo hætt vid þeir vanbrúki, þegar þeir eru svo fjarlægir frá stjórninni.""

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um hins upplýstari hluta hennar. Lehmann tók í sama streng og Holstein greifi, að Íslendingar ættu að fá sérstakt þing.[15*]

Fleiri raddir heyrðust, sem lýstu yfir fylgi sínu við sérstakt þing heima á Íslandi. Má þar til nefna Jens Møller prófessor í guðfræði. Hann benti á hin ólíku lífskjör og fjarlægð landanna o. fl.[16*] Rök hans voru sama eðlis og hjá Íslendingum, þegar þeir fluttu þetta mál.

Það var mikill styrkur fyrir Baldvin, að slíkar raddir skyldu heyrast, en hins verður einnig að minnast, að þær bárust ekki úr herbúðum stjórnarinnar, og einn þessara manna, Orla Lehmann, átti síðar eftir að ganga á hólm við einveldið í Danmörku. Hugtakið þingstjórn var eins og nýfætt barn í hugarheimi danskra stjórnmála, og heima á Íslandi var enginn, sem lét sig dreyma um annað stjórnskipulag en einveldi. Það kemur hins vegar greinilega fram í Ármanni á alþingi, að Baldvin hefir áttað sig á yfirburðum þingstjórnarinnar fyrir almúgann, sem hann bar fyrir brjósti. Bæði hann og Bjarni amtmaður Þorsteinsson sáu það, að stéttaþing og einvaldskonungur gátu orðið eins og úlfur og lamb í sama báti. Bjarni var mótaður af einveldinu, þess vegna leit hann stéttaþingin hornauga. Margt bendir til, að Baldvin hafi skoðað þau sem lykilinn að öðru og meira, þó að hann segi hvergi, að hann vilji einveldið feigt, enda lágu þyngstu refsingar við slíku, og ritskoðunin var fljót að stemma stigu fyrir útkomu slíkra rita, en Baldvin naut styrks til að gefa Ármann út síðustu árin.

Baldvin Einarsson var eini Íslendingurinn, sem skrifaði um alþingismálið á opinberum vettvangi bæði fyrir Íslendinga og Dani. Með þessu vakti hann íslenzku þjóðina til umhugsunar um málið. Nanna Ólafsdóttir sýnir fram á það í bók sinni um Baldvin, hve víðtæk þessi áhrif voru, og vitnar til bréfa til Finns Magnússonar. Af því virðist mega ætla, að alþingismálið hafi verið mjög til umræðu hjá þjóðinni allt fram til þess dags, að tilskipunin um stéttaþingin var endanlega birt 15da maí 1834. Eftir það virðist áhuginn á alþingi

[15*] Í ritdóminum komst Lehmann svo að orði: „„Þarámóti samsinnir dómarinn ad øllu leiti rithøfundsins velgrundudu rádleggingu, ad veita Islandi adgreinda Landþingisnefnd, þviad hér er þad adgreiníngarefni, er hann (rithøfundrinn) sjálfr hefir heimtad, nefniliga edliligr adskilnadr fra Danmørku, bædi ad landslægi, þjódaranda og landstjórn, ad einkennum og naudsynjum, endrminníngum og eptirvæntíngum. Máské og ad þeir tilburdir er ordid hafa a hinum sídari tímum, styrki þá athugasemd rithøfundsins, ad á Íslandi sé einkanliga naudsynlig vørn á móti embættismannanna næstum því ótakmarkada veldi.““

[16*] Jens Møller taldi fram þessi rök: „1) vegna þess (Íslands) fjarlægdar, 2) vegna þess málid, lifnadarháttrinn, þarfirnar, og hin borgaral. nidrrødun eru þar svo ólík því sem hér er, 3) vegna eyarinnar tignarligu fornaldar og dýrmætu endrminníngа, og hefir Dr. Henderson sagt, ad alþíng sé jafnan á medal þeirra í fyrirúmi.““

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hafa dvínað. Að minnsta kosti skrifaði Tómas Sæmundsson þeim þremenningunum, meðútgefendum Fjölnis, á þessa leið, þegar hann var kominn heim til Íslands sumarið 1834: „Ekkert talast um alþing hér til lands!“, og bætir svo við á þýzku, *„Das ist die grosse Aufgabe unserer Zeit“* — það er hið mikla viðfangsefni okkar tíma.[17]

Baldvin Einarsson var fallinn í valinn, þegar tilskipunin um stéttaþingin birtist, og enda þótt barátta hans bæri ekki þann ávöxt, sem henni var ætlaður, verður starf hans seint ofmetið.

Sr. Ólafur Indriðason á Kolfreyjustað skrifaði Magnúsi Eiríkssyni 17da júlí 1833 og sagði þar m. a.: „Baldvin sálugi vard miögsvo harmdaude — eg held eg megi segia — öllum Islendíngum sem heyrt höfdu hans gétid og svo líted sem eg til hans þeckte hafde eg feingid svoddann Þocka á hönum og von um hann, ad mér hefde valla meir brugded þó eg hefde frétt Lát Bródur míns . . . Enn hvar fáum vid nú Mann líklegann til ad verda Islande þad sem Baldvin teiknade til?“[18] Það var því ekki að undra, þó að Bjarni Thorarensen mælti eftir Baldvin látinn: „Íslands óhamingju verður allt að vopni“.

UPPHAF FRJÁLSRÆÐISSTEFNUNNAR Í DANMÖRKU

Júlíbyltingin markaði tímamót í sögu Danmerkur. Enda þótt hún hefði ekki róttæk áhrif fyrst í stað, leið ekki á löngu, unz þau fóru vaxandi og unnu að því að brjóta niður grunninn, sem danska einveldið stóð á. Að sjálfsögðu skynjaði einstaka maður fjötra ófrelsisins, einkum þeir, sem kynntust öðrum stjórnarháttum, og það löngu fyrir daga byltingarinnar.

Í aprílmánuði 1817 skrifaði ungur Dani, A. F. Tscherning, föður sínum frá París, að konungur ætti að gefa Danmörku frjálsa stjórnarskrá og bætti því við, að hann hataði einveldið jafnmikið og hann elskaði konunginn persónulega.[1*] Þessi ummæli bera því vitni, að það var farið að votta fyrir óánægju yfir einveldinu hjá einstaka manni í Danmörku. Það má sjálfsagt þakka hinum miklu vinsældum Friðriks konungs VI, að ekki var ráðizt gegn einveldinu í Danmörku, svo að orð væri á gerandi, meðan hans naut við. Sá atburður varð að vísu um 1820, að J. J. Dampe hóf áróður fyrir nýrri og frjáls-

[1*] Í bréfinu segir svo: „Jeg skulde være rede til at døe for at frelse min Konges Liv, men aldrig ville jeg drage min Kaarde for at forsvare den absolute Kongemagt, som jeg hader ligesaameget som jeg elsker Kongens Person.“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

lyndri stjórnarskrá, jafnvel þótt hún fengist ekki nema með vopnavaldi, en áróður hans hlaut sáralítið fylgi, og hann uppskar ekki annað en 20 ára fangelsisvist að launum. Hann var hinn eini, sem gekk í berhögg við danska einveldið fyrstu þrjá áratugi 19du aldarinnar, og þessi eini hrópandi í eyðimörkinni var ekki talinn heill á geði.

Svo hefir verið talið, að norska stjórnarskráin frá 1814 hafi tendrað þennan neista. Andi stjórnarbyltingarinnar miklu sveif yfir henni, og fyrirmyndirnar voru þær stjórnarskrár, sem veittu hvað mest frelsi, allt frá stjórnarskrá Bandaríkjanna 1776 til hinnar spönsku 1812.

Það voru einkum stúdentar og menntamenn, sem höfðu áhuga á júlíbyltingunni og skildu manna bezt eðli hennar og orsakir. Þeir reyndu að fylgjast með rás atburðanna og ná í sem gleggstar fregnir af því, sem gerðist suður í álfunni.

Eitt það fyrsta, sem var ritað um byltinguna, var eftir ungan prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, C. N. David að nafni. Hann skrifaði greinar í Kjøbenhavns flyvende Post, sem gefinn var út af J. L. Heiberg. Greinarnar hétu „Breve til en Politicus paa Landet". Dæmdi hann þar og ræddi um júlíbyltinguna á þann hátt, að ástæða hefði verið til að ætla, að einvaldsstjórn hefði þótt nóg um. Síðasta greinin birtist 10da september 1830, og Kjøbenhavns flyvende Post varð aftur fagurfræðilegt rit, en með þessum greinum hófst stjórnmálablaðamennska 19du aldar í Danmörku.

Stúdentarnir léðu orðum Davids eyru, og úr hópi þeirra fékk hann Orla Lehmann sem samstarfsmann. Starf þeirra í Studenterforeningen var fremur stjórnmálaleg upplýsingastarfsemi en áróður, þó að þetta starf þeirra yrði hyrningarsteinninn að frjálsræðisstefnunni (liberalismanum) í Danmörku. Með þátttöku Lehmanns í störfum Studenterforeningen varð starfsemin stjórnmálalegs eðlis að öðrum þræði. Lehmann var jafnaldri Brynjólfs Péturssonar, en samtímis Baldvin Einarssyni í Kaupmannahafnarháskóla. Hann lauk prófi í lögfræði vorið 1833, og það eru meiri líkur til, að þeir Baldvin Einarsson hafi þekkzt. Lehmann var manna glæsilegastur ásýndum, bráðþroska og gæddur hrífandi mælsku, en vart að sama skapi raunsær. Hann var hugsjónamaður, sem hreif áheyrendur með ræðusnilld og glæsimennsku.

Frjálsræðisstefnan var angi sprottinn úr jarðvegi frönsku stjórnarbyltingarinnar. Júlíbyltingin vökvaði þennan anga á ný, en fréttirnar af henni komu engri hræringu af stað í Danmörku, sem miðaði að skerðingu einveldisins. Lárus Sigurðsson frá Geitareyjum skrifaði

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Jónasi Hallgrímssyni 26ta september 1830. Lárus var þá nýkominn til Kaupmannahafnar. Þar segir hann m. a. frá óspektum, sem beindust aðallega gegn Gyðingum. Götuskríllinn braut rúðurnar í húsum þeirra, en auk þess kom fram andúð gegn þeim Stemann og Ørsted, hvað sem þar hefir legið til grundvallar, að tveir oddvitar einveldisins skyldu vera hrópaðir niður.[2*]

Árið 1834 var kosið í fyrsta sinn til stéttaþinganna í Danmörku. Kosningarnar höfðu í för með sér stjórnmálavakningu meðal mikils hluta þjóðarinnar, einkum þó í Kaupmannahöfn. Þessi áhugi var vatn á myllu frjálsræðisstefnunnar, því að þar sáu boðberar hennar hilla undir þátttöku borgaranna í stjórn landsins.

Í september 1834 stofnaði C. N. David vikublaðið „Fædrelandet", en markmið þess var „at henlede den offentlige Opmærksomhed paa det offentlige". Í nóvembermánuði sama ár höfðaði kansellíið mál á móti David vegna greina, þar sem ráðizt var á einvaldsstjórnina fyrir að standa í vegi fyrir hinu borgaralega frelsi. David missti embætti sitt sem prófessor við Kaupmannahafnarháskóla árið 1836, og stjórnin hafði í hyggju að reisa prentfrelsinu rammari skorður. Þá gekkst prófessor J. Fr. Schouw fyrir því, að konungi var send bænarskrá þess efnis, að prentfrelsið yrði ekki takmarkað meira en áður. Þessi bænarskrá var undirrituð af prófessorum háskólans og mörgum embættismönnum konungs. Svar Friðriks konungs VI var hið fræga „Vi alene vide", en það mun raunar hafa verið samið að undirlagi Stemanns. Svarið hafði enga breytingu í för með sér á prentfrelsislögunum, en varð til mikils gagns fyrir frjálsræðisstefnuna. Eftir að konungur hafði birt svar við bænarskránni um prentfrelsislögin, stofnuðu þeir, sem sent höfðu bænarskrána, „Selskabet for Trykkefrihedens rette Brug". Þetta varð mjög fjölmennt félag, og aðalverkefni þess var að breiða frjálsræðisstefnuna út. Hún átti einnig annað málgagn, Kjøbenhavnsposten. Einn þeirra, sem rituðu í hann, var A. F. Tscherning, sem getið var hér á undan, höf-

[2*] Í bréfinu segir svo: „ . . . þann 13*da* Sept vard hér vart vid oróa móti þeim (þ. e. gyðingum) einkum af skríl og götu strákum. Hér í Crystalgaden, (hvar eg by á 4*de* Sal) paralel med Store Cannikestrædet hvar Regentsen er, og rétt fyrir utnordan runde Taarn, brutu þeir hjá þeim um 200 glugga med Steinkasti, var þa allramesti sægur á götunni af fólki sem var ad horfa á, enn þá Politíinn komu bördu þeir alla burt, og jafnvel þeir, sem géngu um götuna fengu högg og ef þeir klögudu vóru þeir settir fastir, og í fleyri götum var sami órói þann dag, og daginn eptir. Kóngi var lítid um þetta sem von var, og ecki gaf han Audience þá daga. Sumstadar var sagt, ad slegid hefdi verid upp, ad annadhvört skyldu allir Gydingar ut um 3 daga, eda stadurinn skyldi standa i ljósum loga, og annarstadar (jafnvel á runde Taarn). „Bort med Jöderne, ned med Stemann og Ørsted".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

uðsmaður í stórskotaliðinu og síðar ráðherra. Hann hafði verið í Frakklandi og þar skýrðust gallarnir á stjórnarfari Danmerkur fyrir honum. Eftir júlíbyltinguna varð hann einn af boðberum hins nýja tíma og hlaut konunglega áminningu fyrir grein, sem hann hafði skrifað í Kjøbenhavnsposten um sameiningu hinna norrænu ríkja, en þegar það bar ekki tilætlaðan árangur, var honum vísað úr landi undir því yfirskini, að hann ætti að kynna sér nýjungar í hernaði, og var vikið frá embætti, en Tscherning var ekki af baki dottinn og skrifaði engu að síður í blaðið, m. a. um prentfrelsið, sem varð til þess, að konungur ítrekaði áminninguna. Þannig áttu bæði ritstjórarnir og þeir, sem í blöðin rituðu, málsókn og stöðumissi yfir höfði sér, ef þeir vógu að einveldinu í Danmörku.

Þessi dönsku blöð bárust til Íslands og gerðu sitt til að kynna hinar nýju stjórnmálaskoðanir. Sr. Ólafur Indriðason skrifaði Magnúsi Eiríkssyni 15da janúar 1839, þar sem hann lét í ljós ánægju sína yfir Fædrelandet, svo að einhver áhrif hafa þau haft hér heima á Íslandi.[3*]

Í Danmörku var þó einn flokkur manna, sem tók ákveðna stefnu gegn frjálsræðisstefnunni. Það voru forvígismenn bókmennta og lista. Skáldið Ingemann talaði með beiskju um „Tidens nærværende praktiske Retning". Það voru helzt þeir Grundtvig og St. Blicher, sem voru hlynntir frjálsræðisstefnunni að nokkru leyti, þó að þeir færu sínar eigin götur. Í hertogadæmunum var stjórnmálaþróunin 1830–40 flókin og örlagarík. Þó að Lornsen væri eins og hrópandinn í eyðimörkinni, þegar hann kvaddi sér hljóðs, skildi hann samt eftir falinn eld. Meðal yngri háskólaborgara í Kíl var frjálsræðisstefnan að skjóta rótum. Þar myndaðist lítill en harðsnúinn flokkur, sem hafði aukið sjálfræði hertogadæmanna á stefnuskrá.

Embættismennirnir í hertogadæmunum voru þýzkir og töluðu þýzku. Batnandi lífsafkoma bændastéttarinnar hafði í för með sér, að þeir fóru að hugsa meira um rétt sinn og stöðu í þjóðfélaginu. Í norðurhluta Slésvíkur bjó dönskumælandi fólk, en bæði í skóla og kirkju var töluð þýzka. Danski þjóðernisminnihlutinn í Slésvík var ekki á því að láta beygja sig. Þegar kosið var til stéttaþinganna, fylktu bændur sér um frambjóðendur úr sínum hópi, og eitt af baráttumálum Nis Lorenzens, sem var bóndi og í framboði fyrir bændur, var, að danska yrði aftur mál yfirvaldanna. Þessi barátta danska

[3*] Ólafur komst svo að orði: „Jeg hefi séd í Vetur Folkebladet og Fædrelandet. Mér finst því fyrra vera ad lakra, enn F[ædre]l[andet] er altaf og allstadar gott . . . Enn — vid ad lesa öll þessi blöd er eitt einhvörn vegin svo tómlegt f[yrir] ockur: aldrey er þar nefnt Island."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

minnihlutans átti lengi litlu fylgi að fagna hjá stjórninni. Hins vegar vaknaði áhugi almennings á þessum málum, og Orla Lehmann og skoðanabræður hans skipuðu sér í fylkingu með danska minnihlutanum, en það stuðlaði ekki að vinsældum hjá stjórninni. Í hertogadæmunum lá einnig straumur í öfuga átt. Hin þýzka þjóðernisvakning náði einnig til hertogadæmanna. Markmið hennar var, að Þýzkaland yrði sameinað. Slésvigholstenismin var angi af þeirri rót, því að kjarni hans var, að hertogadæmin yrðu eilíflega óaðskiljanleg „up ewig ungedeelt".

Ríkiserfðir Danmerkur blönduðust inn í mál hertogadæmanna á örlagaríkan hátt. Ein grein dönsku konungsættarinnar, Augustenborgarættin, hafði aðsetur í hertogadæmunum, og um tíma leit út fyrir, að hún mundi erfa ríkið. Friðrik Kristján hertogi af Augustenborg var kvæntur dóttur Kristjáns konungs VII, Lovísu Ágústu, og átti með henni tvo syni, Kristján Ágúst, hertoga af Augustenborg og Friðrik prins af Noer. Á eftir afkomendum Friðriks VI og Friðriks erfðaprins stóðu engir nær ríkiserfðum en synir Lovísu Ágústu, og lífsþróttur tveggja fyrstnefndu greina ættarinnar virtist mjög lítill, svo að það var engan veginn fjarri lagi að láta sér detta í hug, að Kristján hertogi af Augustenborg gæti orðið konungur Danmerkur samkvæmt lögum um konungserfðir. Eftir því sem árin liðu, þurru þessar vonir. Kristján prins, síðar Kristján VIII, lifði góðu lífi þrátt fyrir illspár um skamma ævi. Hann kvæntist og eignaðist son, og systir hans, Charlotte landgreifafrú af Hessen, átti bæði syni og dætur. Báðar þessar ættgreinar stóðu nær konungserfðunum en Augustenborgarættin. Þrátt fyrir þetta ól Kristján hertogi enn von í brjósti um konungdóm. Það var erfðakrafan um ríkið „Slésvík-Holsetaland". Augustenborgarættin áleit, að hertogadæmin erfðust einungis í karllegg, og þegar karlleggur Aldinborgarættarinnar dæi út, væru þeir réttbornir til konungserfða í hertogadæmunum. Friðrik erfðaprins, síðar Friðrik VII, hafði ekki átt barn með fyrstu konu sinni, og árið 1841 gekk hann aftur í hjónaband. Enda þótt storkarnir flögruðu yfir brúðhjónunum að lokinni hjónavígslunni, þótti brátt fullreynt, að þeim yrði ekki barna auðið. Það var augljóst, að ríkiserfðirnar gátu haft í för með sér aðskilnað konungsríkisins og hertogadæmanna. „Slésvigholstenismin" og konungsdraumur Kristjáns hertoga af Augustenborg gátu haft stoð hvor af öðrum, svo að milli þessara tveggja stefnumiða var viss samstaða.

Þegar litið er á þær stefnur, sem uppi voru í Danmörku og hertogadæmunum um samband þeirra innbyrðis, voru aðallega þrjú stefnumið uppi. Einríkisstefnan (Helstatspolitikken) var stefna

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

stjórnarinnar og miðaði að því að varðveita ríkisheildina og sporna við því, að hún gliðnaði sundur. Þjóðfrelsisflokkurinn (de nationalliberale) vildi láta Egðu skipta löndum, en Holsetaland skyldi ráða. hvort það lyti Danmörku eða hyrfi yfir til Þýzkalands. Orla Lehmann var höfundur þessarar stefnu, og var hún nefnd Egðustefnan (Ejderpolitikken). Í þriðja lagi var svo Slésvigholstenisminn, sem miðaði að því að sameina Slésvík og Holsetaland í eitt ríki með fullu sjálfsforræði, en í konungssambandi við Danmörku. Kröfur U. J. Lornsens voru orðnar að stefnuskrá þessa flokks. Þessar stefnur og þau öfl, sem að baki þeim lágu, stefndu að því að skipta Danaveldi í tvær andstæðar fylkingar, annars vegar þjóðfrelsisstefnuna (Nationalliberalismen) í Danmörku og hins vegar Slésvigholstenismann í hertogadæmunum.

Í HÓPI HÁSKÓLABORGARA

Hér að framan hefir verið gerð nokkur grein fyrir þeim nýju stefnum í Danmörku, sem helzt má ætla, að hafi mótað danska og íslenzka háskólaborgara á árunum eftir júlíbyltinguna. Danskir sagnfræðingar tala um kynslóðina frá 1810 og þær breytingar, sem urðu í Danmörku af hennar völdum. Svipuðu máli gegnir í okkar eigin sögu, en baráttumálin voru af tvennum toga hjá Dönum og Íslendingum, þó að þau ættu stundum samleið.

Á árabilinu eftir 1830 og fram til þess, að Kristján VIII kom til valda, var hafinn undirbúningur undir sókn til aukins frjálsræðis, og merkisberarnir voru flestir úr hópi stúdenta, sem höfðu verið á Garði um og eftir 1830. Hugarheimur stúdentanna breyttist á þessum árum. Áhrif frá þýzku Burschenschafthreyfingunni bárust til Danmerkur eftir júlíbyltinguna, skáldskapur og fagurfræði urðu að þoka fyrir áhuga á stjórnmálum og þjóðfélagsmálum. Að vísu var það minni hluti garðbúa, sem lét sig stjórnmál nokkru varða, en þetta breyttist, og sá, sem straumhvörfunum olli, var aðallega einn maður — Orla Lehmann.

Íslenzkir stúdentar hafa vissulega ekki farið varhluta af þessum veðrabrigðum, enda þótt þeir ættu jafnan lítið saman við danska stúdenta að sælda. Yfirleitt héldu þeir hópinn, þó að stundum kastaðist í kekki milli þeirra innbyrðis og sumir gæfu sig gjálífinu á vald. Þannig virðist Jóhann Árnason, síðar sýslumaður, hafa notið lítilla vinsælda meðal landa sinna á Garði. Garðprófastur greinir frá handalögmálum milli hans og Baldvins Einarssonar í dagbók sinni

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Gardur (Regensen) 1837.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

frá árinu 1831,[1] og rannsókn garðprófasts á þessum deilum leiddi í ljós, að íslenzku stúdentarnir tóku málstað Baldvins, svo að garðprófastur veitti Jóhanni áminningu, sem hann vildi ekki viðurkenna, að væri verðskulduð.

Garðprófasti þótti íslenzku stúdentarnir allfyrirferðarmiklir á þessum árum. Hann talar um „den livlige 6te Gang" í dagbók sinni, en þar bjuggu íslenzku stúdentarnir, sem hann taldi versta.[2] Sumir þeirra voru frægir fyrir slark, svo sem Ögmundur Sivertsen, síðar prestur á Tjörn, Torfi Eggerz, Högni Einarsson, Ari Arason og Gísli Ísleifsson. Það er ljóst af dagbókum garðprófastsins, að hann hefir haft sitthvað við framferði þeirra að athuga.

Lárus Sigurðsson hefir frá mörgu að segja í bréfum sínum til Jónasar Hallgrímssonar, sem eru skrifuð á tímabilinu 1830–1832. Hann nefnir þar á einum stað, að Ögmundur hafi veitt stúdentunum fræðslu í feimnismálum í fyrirlestraformi, og þótti þeim að vonum mikið til þekkingar hans koma.[3] Brynjólfur er tæpast nefndur á nafn í bréfum Lárusar, og þau ummæli, sem er að finna í dagbókum garðprófastsins, benda ekki til, að hann hafi haft nokkuð út á hegðun hans að setja.

Brynjólfur varð þeirrar náðar aðnjótandi, að Ögmundur Sivertsen orti um hann kvæði. Það er ekki prentað, og handritið af því hefir ekki komið í leitirnar. Þetta kvæði hefir sennilega verið ort einhvern tíma á samveruárum þeirra Ögmundar og Brynjólfs 1829–1832. Hins vegar eru varðveittar „Æsthetiskar Athugasemdir" um kvæðið með hendi Brynjólfs.[4] Þar segir til að mynda: „Skúli keipti Ögmund fyrir eitt Glas af Punci til ad gera qvædi um Brynjolf" og „Brinjulfi syndist qvædid vera mesti Leirburdur". Það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera sér neina hugmynd um það, hvert tilefnið hefir verið, en af þeim sýnishornum, sem tekin eru upp í athugasemdirnar, er erfitt að verjast þeirri hugsun, að kvæðið hafi verið rislítill skáldskapur, enda svarið sig í ættina við önnur kvæði Ögmundar, sem varðveitt eru.

Hinar „Æsthetisku Athugasemdir" eru skrifaðar í því augnamiði að draga dár að skáldskap Ögmundar, sem stendur óneitanlega vel til höggsins.[5*] Þess má þó geta, að skáldskapur Ögmundar var alls

[5*] Athugasemdirnar hefjast með þessum orðum: „Þad geta þeinkst 3 Orsakir hvarfyrir Madur dáist ad Skáldskap. 1° vegna þess ad han í sjálfum ser er fallegur. 2° vegna þess ad Efnid er svo interessant ad Imindunarkrapturin settur í Hreifing vid Skáldskapin, fær Tækifæri til[ad]dvelja vid eitthvad þægilegt og 3° Vegna þess ad höfundurin er svo alment lofadur ad madur einungis vid þann þánka ad madur nú lesi nokkud sem af honum er tilbúid, verdur hrifinn af Undrun — þar eg nu veit ad

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ekki svo lítils metinn meðal stúdenta á þessum árum. Lárus Sigurðsson segir til að mynda um hann, að hann sé „virkil[ega] ecki svo slæmt skáld“... og „bisna ríkur af þaunkum og forestillinger, enn hann hefur eckert begreb um neina sidsemi“.[6] Það mun og mála sannast, að skáldið hafi ekki verið heppilegur leiðtogi þeirra, sem stigu sín fyrstu spor í framandi borg, þar sem freistingarnar biðu við hvert fótmál.

Garðvist Brynjólfs Péturssonar virðist lokið um vorið 1834. Hinn 5ta maí það ár eru honum veittir 25 dalir í staðinn fyrir framlengingu á hinum venjulega styrk (dobbelt Communitet).[7] Þetta sumar sátu íslenzku stúdentarnir löngum í garðinum og ekki sízt á meðan garðprófastur var í sumarleyfi. Honum þótti þetta um of, því að þeir höfðu tekið garðinn traustataki, svo að garðprófastur leitaði lags að fá þá til að hætta þessu, og er frá þessu greint í dagbók hans. Brynjólfur hefir e. t. v. verið fluttur frá Garði, þegar þetta var, en þar var miðstöð íslenzkra stúdenta, hvort sem þeir bjuggu þar eða ekki, svo að ekki er ósennilegt, að hann hafi átt þar sæti á bekk.[8]

Það er ekki vitað, hvert leið Brynjólfs lá, eftir að hann fluttist út af Garði. Nú er vitað um tvö heimilisföng hans, meðan hann var við háskólanám, eftir að garðvist sleppti. Þessi vitneskja er tengd tveimur kvæðum, sem ort voru til hans. Annað er eftir Jónas Hallgrímsson, og hefst á þessa leið: „Mér er glatt í geðinu mínu, góðkunningi“. Það mun vera ort 7da nóvember 1835, og á því stendur „B. Peturson/150“, en í kvæðinu stendur m. a.: „Ég veit þú býrð í heiðar-háu heppnisstræti/ og hálfu öðru hundrað götum“, etc. Heppnisstræti er sennilega Fortunastræde, og húsið númer 150 er enn til, en er nú nr. 5. Ef þetta er rétt til getið, hefir Brynjólfur átt þar heima, þegar Jónas yrkir kvæðið. Hitt kvæðið er eftir Peter Wincentz Bendix og er á dönsku og heitir Nytaarsönske/ til/ min kjære Brynjulf Petersen, og utan á það er skrifað „S. T./Herr Studiosus juris/ Brinjulv Petersen —/ Kjöbenhavn/ Gammelstrand/ No 59. 2 Sal.“ Kvæði Bendix er ódagsett, og engar heimildir eru um vináttu hans og Brynjólfs aðrar en þetta kvæði.[9] Utanáskriftin ber með sér, að það er ort, meðan Brynjólfur var við háskólanám, en fluttur út af Garði, og hann hefir búið við Gammelstrand nr. 59 á annarri hæð. Engin bréf eru varðveitt frá Brynjólfi, svo að kunnugt sé, frá háskólaárum hans, nema

Sumir vegna þeirrar annarar af þeim nefndu Orsökum dást af nærverandi Qvædi, og allir í þad minsta Frónskir ættu ad dást ad því vegna hinnar sídustu, enn eg ekki veit hvert öllum sem lesa þad dettur í Hug ad dást ad því vegna hinnar firstu, þá vil eg reina til ad sína Lesaranum hversu addaanlegt þad er í þessu Tilliti bædi vid ad sína þa fallegu Stadi og forsvara þad sem vid firsta Augnakast kinni ad sinast midur heppid.—“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

2 línur til Kristjáns Kristjánssonar og svo bréfin, sem hann skrifar sem ritari Bókmenntafélagsins, svo að fátt er um hann vitað, og í bréfasafni hans eru einungis tvö bréf frá Ólafi Indriðasyni til hans, skrifuð 1836 og 1837. Það, sem á daga hans dreif á þessum árum, er því að mestu leyti hulið.

UPPHAF FJÖLNIS

Þegar Ármann á alþingi hætti að koma út við fráfall Baldvins Einarssonar, skildi hann eftir opið og ófullt skarð. Hann hafði náð til eyrna íslenzku þjóðarinnar og öðlazt verulegar vinsældir. Útgáfa Ármanns á alþingi hafði fært mönnum heim sanninn um það, að slíkt rit átti hljómgrunn á Íslandi.

Konráð Gíslason lauk prófi frá Bessastaðaskóla vorið 1831 og sigldi samsumars til Kaupmannahafnar til að hefja þar háskólanám. Að undirbúningsprófunum loknum hóf hann nám í lögfræði. Jónas Hallgrímsson hafði lengi haft í huga að sigla til Kaupmannahafnar, og haustið 1832 lét hann í haf. Hann hóf einnig laganám að undirbúningsprófunum loknum. Enginn veit, hver átti fyrst hugmyndina að því að stofna nýtt ársrit eða hvenær þeirri hugmynd skaut fyrst upp, en tvær fyrstu heimildirnar um stofnun Fjölnis eru svo til jafngamlar, báðar frá síðari hluta vetrar 1834. Sú, sem eldri er í árinu, er boðsbréfið, dagsett 1sta marz 1834, en þar komast væntanlegir útgefendur svo að orði, að markmiðið sé „að semja árlegt tímarit, sem ekki verður bundið við neitt, nema það sem skynsamlegt er og skemtilegt".[1] Undir bréfinu eru nöfnin Brynjólfur Pétursson, Konráð Gíslason, Jónas Hallgrímsson, studiosi juris.

Hin heimildin er bréf frá Torfa Eggerz til sr. Friðriks Eggerz, bróður hans. Upphaf bréfsins er dagsett 1sta apríl, en sá hluti þess, sem fjallar um hið væntanlega tímarit, er skrifaður 2an apríl. Hann segir þau deili á ritinu, að í því eigi að verða skemmtilegar og fróðlegar frásagnir, ferðasögur nafnfrægra manna um lítt kunna staði, snotrar smásögur og ýmislegt þessleiðis, og segir svo í lokin, að ritið verði líklega að mörgu líkt Kvöldvökum Hannesar biskups Finnssonar.[2*]

[2*] Í bréfinu farast Torfa orð á þessa leið: „Eg sendi þer hermed *Subskriptionsplan* jafnvel þó eg viti ad þú sért ordinn hálfleidur á þessleidis Kommissionum. Enn eg vona ad þegar eg legg til mín gód ord og þad fyrir vini mína medal hvörra eru serilagi þeir tveir fyrstu og sá þridji kunningi minn af þeim sem eru skrifadir undir, ad þú munir gjöra þitt til annad sendi eg þer til ad þú getir latid þad lyggja vid kirkjuna í Dagverdarnesi. En þad er ekki nóg ad þú látir þad lyggja nema þú brínir fyrir hjörd-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Í grein, sem Sigurður Nordal ritaði um stofnun Fjölnis í Skírni árið 1935, gat hann þess til, að þeir þremenningarnir hefðu sent boðsbréfið til allra presta á landinu. Bréf Torfa Eggerz og fleira styrkir þá skoðun. Landsbókasafnið varðveitir eintak af boðsbréfinu, og á það er skrifað: „Upplesid vid Stadarbakka- og Efra Nups-Kyrkjur; enn feck nejtandi Svar hiá sérhverjum. — / vitnar/ EBjarnason". Þetta eru víst einu kunnu heimildirnar um þær viðtökur, sem boðsbréfið fékk, og Sigurður Nordal dregur í efa, að Fjölnir hefði nokkurn tíma orðið annað en boðsbréfið, ef þeim þremenningunum hefði ekki borizt öflugur liðsauki sunnan úr löndum.

Tómas Sæmundsson kom úr suðurför sinni í maímánuði 1834. Ekki er ljóst, hvort hann hefir vitað um áform þeirra þremenninganna, fyrr en hann kom til Kaupmannahafnar. Svo mikið er víst, að hann slóst ekki í félagsskapinn fyrr en boðsbréfin voru komin á leið til Íslands, eins og orð hans sýna, þegar hann ræðir titil ritsins: „Ef þið setið nöfnin okkar framan á titilinn, *þá krefst ég* [*þess*], *að mitt* [*nafn*] *sé seinast*, þar þær tvær einustu reglur, sem við getum gengið eftir, eru annaðhvort „Tidsfölge ved Indtrædelsen", og þá er ég sá seinasti, eður stafrófsröð, eins og þeir brúka við „Maanedskrift for Litteratur", og þá er ég eins sá seinasti".[3]

Tómas var ekki fyrr orðinn einn af útgefendunum en hann tók forystuna í sínar hendur. Hann og Jónas voru nánir vinir, Brynjólfur og hann góðkunningjar, en færra með honum og Konráði. Tómas var eldri en Jónas og hafði lokið háskólaprófi í guðfræði með lofi, framazt á merkilegu ferðalagi suður um Evrópu og allt austur í Litlu-Asíu, og síðast en ekki sízt hafði hann kvatt sér hljóðs með bæklingi sínum „Island fra den intellectuelle Side betragtet".

Í boðsbréfinu var talað um, að ritið yrði ekki bundið við neitt nema það, sem skemmtilegt er og skynsamlegt, en Tómas færist meira í fang, hann bætir nytseminni við, þegar hann gerir grein fyrir stefnuskrá Fjölnis í fyrsta árganginum. Vissir þættir rómantísku stefnunnar, svo sem þjóðernis- og fornaldardýrkunin, voru Tómasi hjartans mál, en upplýsingarstefnan átti einnig rætur í huga hans,

inni þegar vel liggur á þer ad þeir skuli subscribera. Bokinn verdur líklega ein af þeim sem commiscit utile dulci og ætti ergo omne ferre punctum. Hefi eg því vissari von um það sem ad 3 einhvör þaug bestu Islendsk höfud í Kaupmannahöfn eru um hana. Hún inniheldur lyklega velvaldar skemtilegar og fródlegar frásagnir, ferdasögur nafnfrægra manna um líttkunna stadi, snotrar Smásögur og ymislegt þessleiðis. Hún verdur lyklega ad mörgu lyk Qvöldvökonum. Þess vil eg géta ad ekkert mun hún bjóda sem ádur á Islendsku skrifað í ödrum smáritum svo sem Skírnir Armanni Klausturposti og þesslags. Hvad verdid snertir er það svo gott ad fáar bækur jafnvandadar munu hafa verid seldar nylega med eins gódu verdi."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

og þarf ekki annað en vitna til ummæla hans um Magnús Stephensen í Fjölni. Að vísu höfðu þeir þremenningarnir ekki alveg gleymt nytseminni, ef marka má það, sem segir í bréfinu frá Torfa Eggerz, að því nytsamlega verði blandað saman við, „commiscit utile dulci". Tómas hafði hins vegar andað að sér hinu rómantíska andrúmslofti bæði í Kaupmannahöfn og í suðurgöngu sinni. Í Berlín hitti hann meira að segja sjálfan Henrik Steffens, postula rómantísku stefnunnar í Danmörku og að vissu leyti einnig á Íslandi. Engu að síður er það hann, sem heldur nytseminni fastast fram.

Í inngangsorðunum að fyrsta ári Fjölnis er einmitt rætt um helztu rit Lærdómslistafélagsins og Landsuppfræðingarfélagsins og nytsemi þeirra. Einnig er farið miklum viðurkenningarorðum um Ármann á alþingi, „sem einkanlega átti að vera búskaparrit, enn þaraðauki ætlaður til að vekja andan í þjóðinni".[4] Það hefir verið haldið, að hugmynd þeirra þremenninganna hafi verið, að Fjölnir skyldi taka þar við, sem Ármann á alþingi hætti. Engu að síður eru Ármann á alþingi og Fjölnir ekki lík rit. Ármanni á alþingi lauk með því, að allur þingheimurinn æpti: „Vér skulum allir yfirvega túna og engja ræktun, og rækta þau svo á eptir."[5] Fyrsta árgangi Fjölnis lýkur með því að segja landsmönnum frá, að von sé á halastjörnu þá um haustið og það muni verða hægt að sjá hana með berum augum á Íslandi.[6] Þessi dæmi sýna, hve ritin voru ólík, en mismunurinn á þessum tveimur ritum var einmitt tímanna tákn.

Tómas Sæmundsson skrifaði inngangsorðin í fyrsta árgang Fjölnis. Hann gerir þar grein fyrir markmiði ritsins. Það á að vera vakningarrit, sem stendur á fjórum hornsteinum, *nytseminni, fegurðinni, sannleikanum* og því sem *gott* er og *siðsamlegt*. Tómas víkur einnig að þessum leiðarljósum í inngangnum að ferðabók sinni á þessa leið:[7] „Maðurinn er nl. af náttúrunni svoleiðis gjörður að hann, þegar hann er kominn til þekkingar á sjálfum sér, spyr ekki að því einasta hvað gagnligt er, heldur lætur hann dóm sinn þar um hanga af þremur öðrum spurningum eður höfuðatriðum sem hreyfa sér í mannligri sál og hann verður að álíta meir umvarðandi og rétt sem neista Guðs ætlaða hönum til leiðarvísirs í hinu jarðneska skuggsýni. Þessir eru hugmyndirnar um hið falliga, hið sanna og hið góða." Sennilega eru hvor tveggja inngangsorðin skrifuð um líkt leyti, og bendir það til, að þessi hugtök hafi verið honum rík í huga.

Hér má geta þess, að nokkru áður en Fjölnir hóf göngu sína, flutti franskur heimspekingur fyrirlestra, sem báru heitið: Hið sanna og fagra og góða.[8] Þessi kjörorð voru mjög í tízku hjá frönskum rithöfundum í París um þetta leyti, svo að allar líkur eru til, að Tómas

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hafi kynnzt þessum einkunnarorðum þar. Í þessu sambandi má minnast þess, sem Gísli Brynjúlfsson sagði um Fjölni í dagbók sinni, að hann hefði verið „of *frakkneskur* eða hæn-neskur í gamni sínu".[9] En Tómas gat einnig kynnzt þessum hugmyndum innan borgarveggja Kaupmannahafnar. Til að mynda er svipað komizt að orði í stefnuskrá Studenterforeningen, þar sem gerð er grein fyrir því, hvernig stúdentinn eigi að vera af guði gerður.[10*]

Það er ljóst af bréfum Tómasar Sæmundssonar, að hann hefir hugsað sér, að þeir þremenningarnir í Kaupmannahöfn leituðu fanga handa Fjölni í erlendum tímaritum, og ekki er ósennilegt, að efnisskipting og efnisval sé að einhverju leyti sniðið eftir dönskum eða einhverjum öðrum erlendum tímaritum. Tómas nefnir nokkur erlend tímarit í bréfum sínum, og það sýnir, að hann hefir fylgzt með þeim, þegar hann átti þess kost.

Samstarf útgefenda Fjölnis gekk skamma stund árekstralaust. Tómas var stórhuga og ráðríkur, gæddur eldmóði og ríkri athafnaþrá. Þeir Konráð og Jónas voru honum ólíkir. Jónas var makráður, en Konráð seinn og nostursamur og með allan hugann við fegrun málsins og breytingar á íslenzkri stafsetningu. Þeir lásu og lagfærðu ritgerðir Tómasar, sem birtust í Fjölni. Hann viðurkenndi, að lagfæringarnar hefðu bætt og fegrað málið, en kvartaði undan því, að með því hefðu þeir mergsogið efni og boðskap ritgerðanna. Sumu stungu þeir jafnvel undir stól, svo sem ritgerð Tómasar um Danskinn.[11]

Einhver kann að spyrja, hvaða erindi Brynjólfur Pétursson hafi átt við hlið hinna þriggja. Hlutur hans er langminnstur í ritinu, og hann virðist ekki hafa verið framtakssamari um útgáfu ritsins en hinir. Hann var ekki jafnoki hinna á þeim vettvangi, þar sem þeir hösluðu sér völl. Páll E. Ólason telur, að hann hafi verið eins konar málamiðlari meðal útgefendanna. Eitt er að minnsta kosti víst, að það kastaðist aldrei eins alvarlega í kekki milli hans og Tómasar og Jónasar og Konráðs annars vegar og Tómasar hins vegar.

Félagar hans kunnu hins vegar betri skil á hæfileikum hans, og nægir í því sambandi að vitna til bréfs, sem Tómas Sæmundsson skrifaði Jónasi Hallgrímssyni 3ja október 1831. Þar ræðir hann um þá hæfileika, sem eftirmaður Finns Magnússonar prófessors þurfi að vera gæddur, og heldur síðan áfram og vegur og metur hæfileika þeirra, sem hann telur, að komi til greina. Brynjólfur er einn þeirra,

[10*] Þar segir svo: „Student kalle vi den, hvis Hjerte gløder af sand Begejstring for det Store, Gode og Skjønne".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sem hann telur upp, og fær bezta vitnisburðinn, að Jónasi frágengnum, en bréfkaflinn er á þessa leið:[12] „Mér þykir verða heldur lítið úr þér, góði Jónas! ef ég lifi þá tíð, að ég þurfi að kalla þig: *„Examinatus juris Hallgrímsen"*, því að aðra stöðu hafði ég þér ætlað, sem þér væri náttúrlegri og hvar í þú gætir gert hólmanum okkar stærri heiður. Ég ætlaði þér ekkert minna en setjast á stól [Finns] Magnússens, sem enginn er betur vaxinn en þú með réttum undirbúningi, og ómögulega má ganga undan Íslendingi, en eins lítið má falla í þær hendur, sem eru hans ómaklegar. Það er sú stærsta forþénusta, sem Magnússen hefir gert föðurlandi sínu og kannske næstum einasta (því manninn sjálfan get ég ekki mikils virt), að fá það pláss í gang. Ég hefi ekki nefnt slíkt plan við neinn, og enginn sýnist af sjálfsdáðum að geta hafið sig til svo stórra þanka, en þó er ekkert léttara en koma svoleiðis ár sinni fyrir borð, að maður geti fengið það með sniðugri pólitík. Ég skyldi sýna það með eigin dæmi, ef ég fyndi mig því vaxinn, og mig ekki hálft um hálft langaði heim, þó hér sé ærið gott að vera. a) Að præstera það, sem hér þarf, sýnist ekki óttalegt fyrir Íslending innfæddan, fyrst beundringen af Magnússens ritum „grænser til Tilbedelse", sem ég má segja [að] aldrei hafa gert stórt „Indtryk" á mig, allra sízt „Eddalæren", sem mér finst *ex magna parte* vera „langtrukket og vilkaarligt Sammenskrab". — Þetta held ég því býsna margir gætu gert, án þess að prostitúera sig. En sá, sem þetta pláss tekur, þarf að geta b) producerað söngva og kvæði þegar á liggur, sem oft hefir komið Magnússen að góðu haldi. c) Hann þarf að álíta Ísland sem sitt föðurland og ekki vera ligegyldig fyrir því eður forakta það. En d) umfram alt þarf [hann] að vera maður, sem hefir manns karaktér og dannelse, sem veit að halda því gullna meðalmáli milli „slavisk Kryberi", sem Magnússen sýnist að „grænse til", og frekju. Verði Lárus eins productiv eins og hann er receptiv, svarar hann bezt til *a-b-c,* en hræddur er ég um, að hann líkist ofmikið Magnússen í því síðasta, til að geta verið ákjósanlegur Íslands repræsentant í því marga, sem tíðin kynni [að] geta látið upp á koma. Jóhann [Árnason] sýnist að hafa oflítið af *c* og *d,* til að geta orðið Íslandi, sem ég ekki veit hvort hann vill láta kalla föðurland sitt, til mikils hagnaðar. Kristján, að öðru leyti sá bezti, sem við höfum, vantar *b* og er líka trúlofaður heima; — betur að hann og Baldvin [Einarsson] gætu einhvern tíma orðið amtmenn á Fróni. Brynjólfur Pétursson er því eflaust í öllu sá bezti, sem hér er til, fyrst þú ekki tókst þann veg, því þú varst öllu kvalificeraðri. (Um Konráð [Gíslason] þori ég ekkert að segja, því ég þekki hann ekki svo vel sem þú.)"

Fyrsti árgangur Fjölnis kom út vorið 1835. Hann skiptist í tvo

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

höfuðþætti, „I. Íslenzki flokkurinn“ og „II. Útlenzki og almenni flokkurinn“. Með öðrum árgangi hófst 3ji flokkurinn, sem bar heitið „Frjetta-bálkurinn“. Þessari skiptingu var haldið, meðan þeir fjórmenningarnir gáfu Fjölni út. Hins vegar var þessi skipting ekki í 5ta ári Fjölnis, sem Tómas gaf út einn. Þar voru einungis „Íslendski flokkurinn“ og „Frjetta-bálkurinn“.

Tómas Sæmundsson ritaði innganginn í fyrsta ári Fjölnis, síðan kom kvæðið Ísland eftir Jónas og þá „Fáein orð um hreppana á Íslandi“, einnig eftir Jónas. Ritgerðin „Athugasemdir um Íslendínga, einkum í trúarefnum,eptir Loðvík Kristján Müller,Cand. theol.“ var þýdd úr Den nordiske Kirke-Tidende 1833. Frá hendi Tómasar var einnig „Úr bréfi frá Íslandi“. Að síðustu kom svo „Bóka-fregn“. Þar var fjallað um bækling eftir Bjarna Þorsteinsson amtmann, sem hét „Om Islands Folkemængde . . .“ Þar heldur Bjarni því fram, að Íslendingum megi ekki fjölga, þar sem atvinnuvegirnir geti ekki framfleytt fleira fólki. Björn M. Ólsen telur Brynjólf höfund þessa ritdóms.[13] Ritdómarinn er á annarri skoðun en Bjarni og vitnar máli sínu til stuðnings í grein í Kjöbenhavnsposten eftir Benedikt Scheving, sem hélt fram hinu gagnstæða, og bendir á þilskipaútgerðina sem upphaf nýrrar atvinnugreinar. Þetta mun vera það eina, sem Brynjólfur á frumsamið í fyrsta árgangi Fjölnis. Björn M. Ólsen telur,[14] að hann hafi ef til vill þýtt kaflana úr „Orð ins trúaða“ eftir Lamennais, svo að skerfur hans var langtum minnstur í fjórum fyrstu árgöngum Fjölnis, því að Björn M. Ólsen telur, að auk þessara tveggja greina eigi hann ekki annað en einhvern þátt í greininni Fjölnir í 4ða ári. Jón Helgason dr. theol. telur hins vegar, að sú grein sé eftir Tómas Sæmundsson,[15] en ekki er þess getið í sjötta ári Fjölnis, þar sem talið er upp, það sem eftir Tómas liggur á prenti.[16]

Í ritdóminum um Islands Folkemængde kemur greinilega í ljós trúin á landið og atvinnuvegi þess, ef rétt er að farið. Að því leyti eru sjónarmið kynslóðanna ólík, og það kemur raunar enn betur fram í Eptirmælum ársins 1835, . . . eftir Tómas Sæmundsson. Hann víkur þar að bæklingi Bjarna og er á sömu skoðun og fram kom í ritdóminum.

Útlenzki og almenni flokkurinn í fyrsta ári Fjölnis var allnýstárlegur í augum Íslendinga. Þar mátti lesa „Um eðli og uppruna jarðarinnar“ eftir Jónas Hallgrímsson. „Fyrsta prentsmiðja á eyunni Eímeó“ var tekin úr Dansk Ugeskrift, en óvíst er, hver sneri á íslenzku. „Orð ins trúaða“ er þýðing á tveimur köflum úr bók eftir Lamennais, og tilgangurinn er greinilega að kynna höfundinn

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fyrir íslenzkum lesendum. Í sama augnamiði er þátturinn „Frá Hæni", en þar er hann kynntur Íslendingum í fyrsta sinni. Um þetta leyti var Heine orðinn nokkuð þekktur í bókmenntaheimi Dana og áhrifa frá honum farið að gæta, og nú átti að beina þessum áhrifum heim til Íslands. „Ævintír af Eggérti Glóa, eptir L. Tieck" var á sama hátt kynning á nýjum höfundi og bókmenntagrein, sem rómantíkin vakti úr dvala og bar fram í dagsbirtuna. Þættirnir „Frá Vestmönnum" og „Halastjarna" eru hvort tveggja fræðsluþættir, samdir samkvæmt loforði boðsbréfsins að „unna fróðleik og nytsamri dægrastyttíng".

Fjórði árgangur Fjölnis hefst á grein, sem heitir Fjölnir. Hún er fyrir margra hluta sakir merkileg og athyglisverð, því að hvergi er betur greint frá markmiði útgefendanna með ritinu né heldur hvaða gagnrýni það sætti og hvernig útgefendurnir brugðust við henni. Hitt er þó ef til vill enn merkilegra, að í greininni er drepið á allflest þau atriði, sem hafa markað stefnu okkar til aukinnar þjóðmenningar. Fjölnir var ekki við eina fjölina felldur í viðfangsefnum sínum. Í inngangi fyrsta árs sagði Tómas m. a.: „Í fyrra flokkinn koma allar þær greínir, sem snerta annaðhvurt landið sjálft og þess náttúru, ellegar þjóðina sem í því byggir. Enn einkanlega höfum við í huga þau málefni sem viðvíkja almenníngi og mest eru verð; sosem fyrst og fremst fulltrúaþíngin (alþíng), so framarlega þau komist á; sömuleíðis hvað sem áhrærir atvinnuhættina, athafnir embættismanna, eða stjórn Dana í landinu."[17] Fjölnir átti að fjalla um stjórnmál, atvinnumál, bókmenntir og listir, málvísindi, náttúrufræði, boða nýjar stefnur og vekja þjóðina af löngum Þyrnirósarsvefni. Hér mætti bæta því við, að ritið hafði ekki lítil áhrif á útgefendurna sjálfa og þroskaferil þeirra. Konráð Gíslason segir til að mynda í bréfi til Ísleifs Einarssonar 17da marz 1836, að „áhyggja og efasemi" hafi verið því samfara að hætta við lögfræðinámið.[18] Fjölnir er bezta heimildin um það, hvernig hann þroskast sem málfræðingur, og bréfin hans bera því vitni, hvílíkum hamskiptum málið tók á vörum hans um þetta leyti. Á sama hátt er þroskaferill Jónasar sem skálds hvergi betur skráður en á síðum Fjölnis. Það má því segja svipað um Fjölni og útgefendur hans og Erling Skjálgsson og þræla hans, að öllum kom hann til nokkurs þroska.

Það er ljóst, að útgefendur Fjölnis hafa fengið sinn skerf af aðfinnslubréfum,[19] sem nú eru glötuð, en hitt var einnig til, að menn báru á hann lof eða sögðu kost og löst á ritinu. Sr. Ólafur Indriðason var einn öflugasti stuðningsmaður Fjölnis á Austurlandi. Í bréfi

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

til Magnúsar Eiríkssonar 31sta júlí 1835 víkur hann að Fjölni og lýsir ánægju sinni yfir ritinu.[20*]

Pétur Pétursson, bróðir Brynjólfs, sigldi heim til Íslands að loknu prófi í guðfræði sumarið 1834. Í bréfi, sem hann skrifaði Brynjólfi um áramótin 1835–36, er kafli um Fjölni, sem er á þessa leið:[21] „Fleyrstum kémur samann í því ad lasta Fjolnir yckar ecki svo miög fra Religionens Side, sem líka vegna Fegurdarleisis og Nytsemdarskorts(?) og heyra hefi eg mátt, ad hann væri under al Critik, enn þetta hefur einasta verid til þeirra, hvörra Dómur er under al Critik. Ef eg mætti segja mína einföldu Meiningu umm þetta útkomna Hefti, þá synist mér Forfatterne hafa meir haft tillit til visse Yndlings Themata, enn Almennings á Islandi; Eckert finnur hér Biefald nema þad sé í en moerende Indklædning og underholdende, og þessari verdur Sanleikurinn ad klædast ef hann á ad verda móttekinn; ad draga Almenning strax op i de höjere Regioner, i de abstrakte Videnskabers Sphvære, synist ofdjarft; oformerkt ad laga Smekkinn án þess ad láta sig merkja med, ad þetta sé Tilgángurinn, mun verda þad besta; og rádlegast vyrdist mér ykkur ad blanda smá-skrítnumm Sögumm inní; einsog Sunnannpósturinn, sem vel er medtekenn nú er farinn ad gjöra, en ad géfa Almuga strax Resultatid af Naturforskernes Grandskninger og undireins uforberedt at stöde an imod Folkets religiöse Anskuelser, ad géfa þeim ummbreitta og aflagada Copiu af Hreppstjórnar Instruxinu, ad leida menn inni Noveldigtningen sem þeir ecki hafa mindsta Begreb um etc etc — þetta synist mer vera halsbrækkende Arbeide — hvörsu agætt sem þad kann ad vera í sjalfu ser, enn madr verdur ad hafa Tillit til Lesaranna og ecki gjöra of voldsom Spring.

Ieg vænti máske, ad þer misliki þetta, en þetta mun þó verda en Kjendsgjerning, því Subscribenta Tala yckar hefur minkað án efa. — Þegar eg fór frá Höfn, hugsadi eg Folks þeinkingarháttr væri ödruvisi hér enn hann er.

Forláttu mér besti bródir! þessi Beryrdi, sem einasta orsakast af velvild til þín, afþví þú ert vidridinn þetta Skrif, og af gremju minni

[20*] Í bréfinu segir svo: „Fiölner, sem þeir Landar ockar höfdu in Mente í fyrra og eg trúe Þér þá senduð mer Subskription til, er eg nú búin ad siá og eignast; þad er fallegt Rit og gódvænlegt. Ieg skal aldrey neita ad mér vyrdist hér slegid á öllu hentari Stréng til ad vekja Þjódar-andann enn í Byrjun á Armanni, þó óvíst væri hvad hann hefdi ordið ef Fadir hans hefdi lifad í hid minsta þyki mér líklegt ad fleyri verðe hér til ad leggia Orð í, enn þá, hvört sem nockur verdr til þess her austanad heldurenn vant er Jeg held við Austfyrdskir hefdum verid flestir réttar personificerader under nafni Ottars sáluga enn Þiódólfs. Íhid minsta höfum vid í Litteraturen ædelengi setid á Hurdarbake og þagad".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

utaf því, hvörnig Fjölnir var veitt Móttaka, mér sjalfumm þókti F... mikid gódur og einkumm Formálinn agjætl[ega] skrifadur. —"

Fjölnir var hvergi myrkur í máli um það, sem miður fór í þjóðlífi og menningu Íslendinga. Ritdómur Jónasar Hallgrímssonar um Tistrans rímur Sigurðar Breiðfjörðs aflaði Fjölni ærinna óvinsælda, enda var óvægilega á efninu tekið.

Fjölnir átti fylgjendur fáa meðal íslenzkra embættismanna. Tómas Sæmundsson segir í bréfi til Konráðs Gíslasonar,[22] að ritið finni ekki náð fyrir augum Álftnesinganna nema Schevings, og Sveinbjörn Egilsson taldi Fjölni vera orðinn „revolutionært" rit, segir Tómas í sama bréfi.

Fjölnir kom út þrjú ár í röð, en árið 1838 kom hann ekki út á tilsettum tíma, heldur kom 4ða ár vorið 1839 samtímis því 5ta, sem Tómas gaf út einn. Hann kenndi slóðaskap og seinlæti hinna um — sjálfsagt með réttu, og í bréfi til Jónasar 9da ágúst 1838 sagði hann í sundur *„félagsskap okkar í að gefa út Fjölni!"*[23] Bréf Tómasar eru ein til frásagnar um samstarf þeirra og sundurþykkju, en bréf þremenninganna til hans frá þeim árum, sem þeir gáfu Fjölni út, eru öll glötuð. Bréf Tómasar bera því vitni, að honum þótti forsjá þeirra og fjármálaviti takmörk sett og framkvæmdirnar eftir því. Til að mynda var Tómas mjög óánægður með fráganginn á fyrsta ári Fjölnis, letrið of stórt og blaðsíðurnar ekki nógu vel nýttar. Í næsta árgangi var minna letur og meira lesmál á hverri síðu, en þá voru önnur misklíðarefni komin upp.

Sama árið og Fjölnir hóf göngu sína kom út annað íslenzkt rit, Sunnanpósturinn. Hann kom á árunum 1835–1838 og var „útsendur ad tilhlutun Árna Helgasonar". Brátt risu úfar milli Fjölnis og Sunnanpóstsins, þó að Tómas Sæmundsson fagnaði komu hans í upphafi og léti hann njóta sannmælis í bréfum sínum. Í „Eptirmælum ársins 1835" segir Tómas um hann:[24] „er í fáum bókum eins óvandað mál, og efnið miklu vesælla, enn við hafði verið búist." Hitt var þó verra, að í sama árgangi Fjölnis kom „Sagan af Arna-birni og mjer", en hún var soðin upp úr málleysum og bögumælum Sunnanpóstsins. Þá var friðurinn úti.

Þórður Sveinbjarnarson var í upphafi ritstjóri Sunnanpóstsins. Í boðsbréfi, sem var undirritað af séra Árna Helgasyni, var talað um „ad útgefa tímarit nockud, áþeckt Klausturpóstinum".[25]

Þeir, sem veittu útgáfunni forstöðu, voru félagar í Reykjavíkurdeild Bókmenntafélagsins. Það var því ekki til að bæta samkomulagið milli deildanna, þegar óvild tók að þrútna milli Fjölnis og Sunnanpóstsins. Fjölnismenn þoldu illa aðfinnslur Sunnanpóstsins

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

við fyrsta ár Fjölnis. Svo hófust deilur um stafsetningu, þar sem Konráð Gíslason varð fyrir svörum af hendi Fjölnismanna. Ekki bætti það úr skák, að Jónas Hallgrímsson tók sér fyrir hendur að endurbæta þýðingu séra Árna Helgasonar á kvæðinu Móðurást, sem birtist í Sunnanpóstinum 1835. Frumkvæðið var norskt, en þeir Konráð og Brynjólfur gerðu Jónasi þann grikk að prenta bréfkafla og þýðingu Jónasar í 3ja ári Fjölnis, „— so almenníngur gjeti borið bæði kvæðin saman, og skorið so úr, hvurt betur hafi tekjist."[26]

Þessar tvær þýðingar eru raunar hæpinn mælikvarði á þessi rit, því að Móðurást Jónasar er ein af perlunum í Fjölni, en þýðing Árna eitt hið lakasta í Sunnanpóstinum.

Þess var því ekki að vænta, að Árni Helgason legði mikla elsku á Fjölni, né þeir, sem með honum voru. Fjölnismenn vissu þetta, en töluðu engin friðarorð til útgefenda Sunnanpóstsins. Til að mynda segir Konráð Gíslason í bréfi til Ísleifs Einarssonar á Brekku 17da marz 1836: „Á litlu stendur mér, þó *sumir* merkismenn á inn-nesjum geri sér far um, að níða niður Fjölnir."[27] Í öðru bréfi til Ísleifs 4ða júní 1836 segir hann: „Nú sendum við yður annað ár Fjölnis. Mörgu í því er að vísu ábótavant; en allir vitum við fyrir guði og samvizku okkar, að tilgangurinn er hreinn og góður (að því er okkur sýnist). Að hann yrði óvinsæll — við því var að búast, og fyrir fram töldum við okkur það handvíst; og eins að Fjölnir og Sunnanpósturinn, svo ólíkir og öldungis gagnstæðir hvur öðrum í öllu tilliti, mundu ekki lengi geta setið á sárshöfði. Það væri líka illt merki á Fjölnir (og hvurri bók), væri hann ekki ólíkur og — gagnstæður Sunnanpósti!"[28]

Í öðru ári Fjölnis var grein, sem hét „Úr brjefi af Austfjörðum". Höfundurinn var sr. Ólafur Indriðason á Kolfreyjustað. Þetta bréf var að hluta ritdómur um fyrsta ár Fjölnis, en einnig leiðbeiningar til útgefendanna og hvatning um að halda áfram útgáfunni. Af bréfi frá sr. Ólafi til Brynjólfs Péturssonar má sjá, að Ólafur hefir sent honum greinina og Brynjólfur hefir búið hana undir prentun og breytt henni og fellt niður úr henni.[29] Ekki er vitað um annað, sem hann lagði af mörkum til Fjölnis þetta árið.

Ólafur Indriðason var ánægður með þær breytingar, sem Brynjólfur gerði á bréfi hans,[30*] nema honum þótti Brynjólfur hafa snúið

[30*] Í bréfinu kemst Ólafur svo að orði: „Yfir Medferd Ydar á Bréfi mínu var eg vel ánægdr ad mestu; sérilagi kann eg Ydur miklar Þakkir fyrir það, ad Þér heldur úrfeldud med öllu seinna Part Brefsins enn ad sleppa *honum* út med mínum Frágángi. Jeg feck eptir á í Huga mér ólucku Geig fyri þaug ógiætnu Kopur-yrdi sem mér höfdu sloppid þarsem eg minntist á Umdæmastöndinn Ríkisskuldirnar og hina *Vísu*! Sú Ímyndan ad eg sæti á heimuglegum Skrafstóli vid Ydr hefr leidt mig til þessa Gá-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

dómi sínum um kveðskap Sigurðar Breiðfjörðs til verri vegar.[31*]

Í bréfinu vék Ólafur einnig að viðsjám Fjölnis og Sunnanpóstsins, og það er greinilegt, að honum þykir Fjölnir ganga einum of langt í því að taka ofan í bakið á Sunnanpóstinum, og leggur til, að þeir fari heldur vægilegar.[32*]

Fjölnismenn fóru ekki að ráðum séra Ólafs Indriðasonar, heldur beittu þeir Fjölni meir en áður gegn andstæðingum sínum. Sigurður Breiðfjörð hafði ort níð um Fjölni, þegar hann kom út. Nú galt Jónas honum rauðan belg fyrir gráan, því að í næsta árgangi Fjölnis birtist „Þáttur um stafsetníng. 2. Svar til Árna-bjarnar", „Um rímur af Tistrani og Indíönu" og „Grikkur". Það voru þeir Jónas og Konráð, sem báru vopnin á Sunnanpóstinn og fylgjendur hans, en dagar

leysis! — og einúngis Traustid á Ydar Framsýni, sem mér og ecki brást, læknadi þessa Hiartahvidu. Þó hefdud Þér giört enn þá nær Giedi minu, hefdud Þér ad eins kippt þessum Glappyrdum svo i Lag, ad horfid hefdi sú Grágletta og Skop sem i þeim var, enn látid hitt annad ad mestu leiti halda sér.

31* Í bréfinu segir svo: „Þér megid hærstvyrdti! ecki styggiast vid mig þó jeg sé dálítid sierlyndur og þver! Jeg gét ecki vel samsinnt Ydur í því ad það væri *„Þörf"* ad breyta því hiá mér í Brefinu sem þid höfdud giört til Óhagnadar Sigurdi Breidfiörd fyrir það þó Rímum hans væri hælt í S[unnan]p[óstinum]. Bædi finnst mér „austfyrdska" *Authoritetid* svo alt of *lielegt* og *liett* til ad hafa það svo á *Lopti (uden Grunde)* þar sem Slíkur er á móte — Þer vitid ad Austfyrdingurinn er ecki nema Prívatisti — ad eg er hræddur það vegi lítid hia publico og sídann vyrdist mér, medann Sunnanpóstrinn hafdi ekki framfært þessa Meiníng „í Stríd vid Fiölner" þá væri hönum nóg Aminníng í því er eg hafdi sagt, „eins og það stód" þó ecki væru giördar Gildríngar til ad Meiníngarnar rækiust *fastara* á. Til ad koma þessu Bragdi vid hafid þid líka leidst til ad herda svo dóm minn á Hrætötrinu Sigga ad jeg ætti *bágt med* ad leida *gyld* Rök ad hönum ef á þyrfti ad halda: Med því ad draga í Hlie Nöfn þeirra Ögm-Gétufödurs og Sr Snorra — Höfundar Arnlióts Rimna — og skilia Sigurd einann eptir í Dæminu, hafid þid látid mig draga hann framm svosem þann er jeg áliti argastann af Höfundum þeirra nýprentudu Kvedlínga og Rímna og hid *vesælasta Leirskáld* (brúkadi eg þetta Ord?) enn þettad var og er ecki mín *Meiníng*, og — ecki heldur einusinni *satt*! Það er miklu meira Skarnbragd hier og hvar ad Gietu, og á Arnlióts Rímum er enn þá smecklausara og herfilegra *Klúdur* enn því er eg hef séd af Rímuni Sigurdar, og þó það væri kannské Vinningur ad koma hönum med Rökum í Leirskáldadálkin þá yrdi hitt þó máske nógu Illt — med Tilliti til þeirrar Fullkomnunar sem hann hefur nad í Vessasmídi og Ordfæri og fleyru *smávegis* sem heyrir til Kvedskapar, — ad halda á hönum *vesæls Nafninu* þegar það skal gylda sem Extremum!"

32* Þér giörid Rád fyrir eg sé Ydr samdóma í því ad það sé þorf „ad taka ofanni Bakid" á Sunnannpóstinum. Já! víst er jeg Ydur samdóma í því ad Málid í hönum, einkanlega Ósköpinn frá Nesi, er „ovandad Mál"! og ad hann ecki heldur ad ödru leite er „algiördur" — enn mér fannst ad Fiölner væri í Fréttabálkinum búinn ad giöra í Brád alla Skyldu sína hönum til Uppvakníngar, og þó hefde hann *gétad*, ef hann vilde vera *Vinur* S.p: farid enn lempilegar ad hönum; hefde hinn þá ecki skilid, eda si defendere delictum quam vertere mallet þá var það máske ecki af Vegi ad færa sig

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Sunnanpóstsins voru nú brátt allir. Það var því ekki að undra, þó að Reykjavíkurdeildinni væri um og ó, þegar þeir Jónas og Konráð voru fengnir til að skrifa fréttirnar í Skírni 1836 og þriðji útgefandi Fjölnis var skrifari í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins, enda voru samskipti deildanna með lítilli eindrægni á þessum árum, eins og bráðum verður að vikið.

Tómas Sæmundsson varð þeim mun andvígari stafsetningarþáttum Konráðs sem þeir urðu fleiri. Á sama hátt mótaðist afstaða hans til deilunnar við Sunnanpóstinn. Í bréfum sínum til þeirra Jónasar og Konráðs var hann ómyrkur í máli um þessi atriði. Enda þótt hann skildi og viðurkenndi sjónarmið þeirra að vissu marki, þótti honum of langt gengið, og hann dró nytsemina af þessum skrifum mjög í efa, en taldi, að stafsetningarþættirnir mundu brugga Fjölni bana-ráðin. Bréf Tómasar eru full af beiskju í garð þeirra Konráðs og Jónasar, en þau eru eina heimildin um átökin, sem urðu milli útgefendanna, en Konráð var engu síður einþykkur og óvæginn en Tómas og vildi í engu beygja sig fyrir ráðríki hans, „því þó við aldrei nema höldum svo mikið hvor af öðrum og drögum einlæglega hvor annars taum, þá getur hvorugur okkar vægt til við annan, að því leyti, sem við erum í verki saman, þegar svo ber við að horfa, og ef meiningar okkar eru mjög fjarstæðar því viðvíkjandi, er ekki annað fyrir höndum en að bera saman mál okkar, þangað til okkur annaðhvort virðist báðum eitt, eða við verðum sáttir á að skilja félagið; en fyrir það þarf vináttan í öðru tilliti ekki að haggast“,[33] skrifaði Tómas Konráði 3ja apríl 1838.

uppá Skinnid ef þad ecki væri réttast ad breyta eptir Qvintil *nullum ultra Verbum* aut operam sumebat inanem! enn ad Þid svona *strax* mindid yckur til ad leggia hann á Grúfu er eg hræddur ecki verde nema til ad *forherda* hann i giegn Sannleikanum og — ad Þid lendid í þeirri Olucku „Polemik“ sem eg giörde Ydr Ord um ad jeg væri „hræddur vid“. . . . Þad er audsied af þeirri Utreid sem Fiölner hefr haft her í Ár; ad hann gedjast nú ecki Almenníngi! Jeg hefi talad um hann vid marga og Þér vitid, ad er ecki Mótpartr hans, og skal aldrey verda! enn ad hönum geingr nú svo ílla vyrdist mér koma af tvennu: Fyrst af því, ad margir sem þeckia Sunnanpóstinn, halda af hönum — hann má nú hafa til þess hvad sem vera vill; máske þad, ad hann er nockud fiölbreyttr og — hefr lítid vid ad sýna mönnum framaní siálfa sig! „Dönskusletturnar“ sem eru hans mestu Lýti géfa fáir sig um! Þar hiá er Utgefari hans Stiptprófasturinn, bædi af Ordfæri, og medfram vegna Postillunnar, vída í miklu Áliti og Þokka. Fyrir þessa Skuld misfiell flestum stórlega su óvæga Medferd sem hann mætir í Sögunni „af A. b. og mér“, fyrir þad sem menn reikna „Smámuni“ — og þad af þeim sem menn ætludu þad ecki hæfa ad brúka vid *hann, þennann Kenníngar máta.* Fyrir þetta vard — jeg má segia — meiri Partur af Prestunum, og ecki fáir af Bændum eins og Hárhnífar uppámóti Fiölne. Her til kom nú hitt: ad F. hafde lítid medferdis í Ár sem eiginlega er tillokkandi fyrir Almúga, og þetta er þó ómissandi hvörju Riti sem á ad geta haldid sér vid og fá Kaupendr.“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Nú tókst þeim þremenningunum í Höfn ekki betur til en svo, að þeir komu Fjölni ekki út þá um vorið þrátt fyrir eggjunarorð Tómasar. Þar með þótti honum mælirinn fullur, og í bréfi til Jónasar 9da ágúst 1838 sleit hann samstarfinu með þessum orðum:[34] „Ég er orðinn fullreyndur og fullþreyttur á því, að fást við ykkur í þessum málum og þið eruð búnir að verða ykkur svo oft til skammar með því að gefa fólki góð orð og feit á prenti og láta *ekkert* af því rætast, að ég sé [að] okkur er ekki hent að vera saman og *segi því framvegis sundur félagsskap okkar í að gefa út Fjölni!*"

Árið 1839 komu svo út tveir árgangar af Fjölni. Fjórða ár var gefið út af þeim öllum, nöfn þeirra allra fjögurra eru á titilsíðu, en fimmta ár var „samið og kostað af Tómasi Sæmundarsini" einum. Engu að síður var það með stafsetningu Konráðs og prentað hjá sama prentara og hinir árgangarnir. Þannig lauk fyrra útgáfutímabili Fjölnis.

STÖRF BRYNJÓLFS PÉTURSSONAR Í ÞÁGU BÓKMENNTAFÉLAGSINS

Þess er áður getið, að Brynjólfur gerðist félagi í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins árið 1830 og varð ritari deildarinnar við fráfall Baldvins Einarssonar og fram til 24ða apríl 1840, að Jón Sigurðsson tók við af honum. Þorgeir Guðmundsson var forseti Kaupmannahafnardeildarinnar öll árin, sem Brynjólfur var ritari, nema hið síðasta. Þá tók Finnur Magnússon við og var forseti til dauðadags. Það voru ekki heitar ástir milli Brynjólfs og Reykjavíkurdeildarinnar, sem sjá má til að mynda af því, að á fundi í Kaupmannahafnardeild félagsins vorið 1836 bar Jónas Hallgrímsson það upp, hvort félagið vildi taka tilboði hans að semja íslenzka fuglafræði og hvað mikið það vildi greiða honum fyrir ómakið. Kaupmannahafnardeildin féllst á tilboð hans, og Brynjólfur skrifaði Reykjavíkurdeildinni þessar fréttir 24ða apríl 1836.[1*] Reykjavíkurdeildin settist á rökstóla og ræddi þetta á félagsfundi 17da ágúst og einnig tillögu frá Kaupmannahafnardeildinni þess efnis, að þeir, sem skrifa

[1*] Í bréfinu segir Brynjólfur m. a.: „Fjelagsdeild vor tók tilbodi hans med þökkum, og þared bók þessi, sem höfundurinn giskar á, ad verda muni hérumbil 10 arkir prentud, ekki er audgerd, hét fjelagsdeild vor honum 10*rd* fyrir sérhvurt prentad ark, ef deild Ydar irdi því samdóma."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Skírni framvegis, skyldu fá einhverja þóknun fyrir starf sitt. Reykjavíkurdeildin var því ekki mótfallin að greiða einhver ritlaun fyrir að semja Skírni, en lagðist hins vegar gegn því, að kaupa fuglafræðina af Jónasi, sem hún kallaði stúdent H. Jónasson. Þetta svarbréf var dagsett 11ta september 1836.[2*]

Það kom í hlut Brynjólfs að svara þessu bréfi. Það er greinilegt, að honum hefir þótt miður, hvernig Reykjavíkurdeildin tók þessum tillögum, og segir, að Kaupmannahafnardeildinni hafi þótt ályktunin heldur en ekki kátleg, og bendir síðan á, að samkvæmt lögum félagsins eigi Kaupmannahafnardeildin einungis að dæma um þau rit, sem henni eru boðin í þetta skiptið og hún hafi fullan ráðstöfunarrétt yfir fjármunum sínum.[3*] Bréfið er dagsett 1sta júní 1837.

Þessi afstaða Reykjavíkurdeildarinnar verður skiljanleg, þegar væringarnar milli Sunnanpóstsins og Fjölnis eru hafðar í huga, en þær voru einmitt hvað mestar um þetta leyti, eins og áður hefir verið frá greint. Samkomulagið milli deildanna tók að batna, eftir að Finnur varð forseti á ný og Brynjólfur lét af ritarastörfum.

Jón Sigurðsson gefur séra Þorgeiri Guðmundssyni góð eftirmæli í afmælisriti Bókmenntafélagsins 1866. Það var ekki vandalaust að

[2*] Bréfið er á þessa leið: „Á félagsfundi vorum 17*da* August næstlidna, var félagsdeild vorri auglýst ydar Bréf af 24*da* Apr. þ. A. hvarí þér berid undir vort álit.
1. Hvert þeir sem semja Skírnir frammvegis, ei skuli kaup hafa fyrir sitt starf, og 2. Látid oss vita, ad þér hafid lofad Studenti H. Jónassyni 10*rbd.* fyrir hvert ark, af einhvurri íslendskri fuglafrædi er hann hefir í áformi ad semja, ef ad vér viljum verda því samþikkir —

Hvad enu fyrra vidvíkur, þá þótti vorri deild þad ekki óbillegt, ad þeir sem semja Skírnir hafi þar fyrir þóknun, þó þad ad undanförnu hafi ekki tídkast. — En — vor félags deild áskilur samt tvent sem er 1° ad kaupid yfirstígi ei 10*rbd* sylfurs, og 2° ad þær íslendsku fréttir séu ei útilátnar, svo Skírnis kaupendur þurfi hvörki ad leita þeirra í Fjölnir né nokkru ödru tímariti. — En vidvíkjandi fuglafrædinni, so vill félagsdeildin hér einga þá bók kaupa til prentunar, sem vér ekki þekkjum, og þá ekki þessa frammbodnu fuglafrædi."

[3*] Bréfið er á þessa leið: „Í brjefinu, sem Þjer skrifuðuð fjelagsdeild vorri 11ta d. sept. mán. 1836, seigjið Þér okkur frá:

1, Að Þér hafið áliktað „að þeir sem semja Skírni hafi þarfirir þóknun"; þó setjið Þjer upp 2 skjilmála: „1, að kaupið ifirstígi ei 10 rbd. silfurs, og 2, að þær íslenzku frjettir sjeu ei útilátnar, so Skjírnis kaupendur þurfi hvurkji að leíta þeírra í Fjölnir, nje nokkru öðru tímariti".

Nú þó oss sínist, 10rbd sjeu lítil þóknun firir annað eíns ómak og samníngurinn á frjettunum í Skjírni heímtar, þá höfum við samt að mestu leíti gjert að vilja Iðar í þessu efni. Þó vildi fjelagsdeíld okkar ekkji láta þóknunina heíta minna enn 15 rbd. — sem er mitt á milli þess, sem hjer og hjá Iður var stúngjið uppá. Hvað hinum síðara skjilmalanum viðvíkur: að íslenzku frjettunum sje ekkji sleppt í Skjírni, þá eígum við ekkji gott með að rita þær hjer; því við höfum ekkji eptir öðru að fara, enn lausafrjettum sjómanna og samtíníngi úr brjefum — og er hvurt-tveggja opt og tíðum

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Grundvallarlagaþingið

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

rétta félagið við eftir brotsjóa Raskdeilunnar. Merkustu viðfangsefni félagsins á þessum árum voru mæling Íslands og kortagerð, sem unnin var af Birni Gunnlaugssyni og kostuð að miklu leyti af Bókmenntafélaginu, og í framhaldi af því kom svo undirbúningur Íslandslýsingar þeirrar, sem félagið hafði í hyggju að láta semja. Rannsóknir Jónasar Hallgrímssonar á náttúru landsins voru einn liðurinn í undirbúningi Íslandslýsingarinnar.

Fyrsta starfið, sem Kaupmannahafnardeildin fól Brynjólfi, var í sambandi við mælingu Íslands og kortagerð, sem hófst á vegum félagsins árið 1831. Á fundi í Kaupmannahafnardeildinni 1sta maí 1832 var „ályktad ad bidja Brynjulf Petursson aukaskrifara felagsins ad vera í samverki vid stjórnina í því ad líta eptir ad kortid verdi vel og rétt stúngid".[4]

Björn Gunnlaugsson kennari við Bessastaðaskóla annaðist mælingu landsins og lauk því verki sumarið 1846. Bæði rentukammerið og Hið danska vísindafélag styrktu Bókmenntafélagið í þessu starfi, og fyrir atbeina rentukammersins fékk Bókmenntafélagið Oluf Nicolai Olsen, sem þá var höfuðsmaður við herforingjaskólann, til að gera kortin. Jón Sigurðsson lýkur miklu lofsorði á sr. Þorgeir

síður áreíðanlegt enn skjildi. Það var þessvegna afráðið á fundi vorum, að biðja Iður að senda okkur — annaðhvurt seint á haustin, eða með póstskjipum — stutt ágrip af íslenzku frjettunum, sem prenta mætti í Skjírni. Með því móti höldum við, að við bezt gjetum fullnægt vilja Iðar í þessu efni.

2, „Að fjelagsdeild Iðar vilji aungva þá bók kaupa til prentunar sem þjer ekkji þekkjið og þá ekkji heldur þá framboðnu fuglafræði.

Fjelagsdeild vorri þótti þessi áliktun Iðar heldur enn ekkji kátleg. Okkar fjelagsdeild átti í þetta sinn að ráða því, hvað prenta og gjera ætti (: sjá laganna 45ta §.) og það er þá *einúngjis* okkar deild, sem á að dæma um þau rit, sem okkur eru boðin, því 36ti § laganna, bannar Iður að skjipta Iður nokkuð af því; enn 37di §inn leífir okkur að fara með penínga okkar eptir gjeðþekkni, þegar vjer gjerum greín fírir, hvurnig við höfum varið þeim. Það er nú sjálfsagt að það verður að vera samkvæmt tilgángji fjelagsins, og þegar vjer bárum þetta mál undir Iðar álit, þá vildum vjer að Þjer segðuð okkur, hvurt Þjer væruð ekkji á sama máli og vjer í því, að náttúrufræðin mundi vera sú vísindagreín, er okkur lægi nú einna mest á góðum bókum í, og það mundi vera tilhlíðilegt, að heíta verðlaunum fírir ritgjörðir henni viðvíkjandi; og það má þá nærri gjeta, að vjer ætluðum ekkji að kaupa „einhvurja fuglabók" — einsog Þjer að orði komist, — heldur þá eína, sem nefnd, er hjer verður valin, þikir samboðin þörfum lanzins og heíðri þjóðarinnar. — Vjer vonum því að þjer íhugið betur þetta málefni: hvurt ekkji muni betur fara, að taka laun fírir bókjina — ef hún þikjir þeírra verð, — af sameíginlegum sjóð fjelagsins; og að Þjer spillið ekkji, að þarfleísu, þeírri samheldni milli beggja fjelagsdeíldanna, sem oss sínist so ómissandi til þess, að fjelag okkar gjeti starfað þjóðinni til gagns og sóma.

Deíld ins íslenzka bókmentafjelags í Kmhn. 1ta d. júní-mán. 1837.

Th: Gudmundsen

Br. Pjetursson

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Guðmundsson fyrir þátt hans í þessu stórvirki. Finnur Magnússon leiddi verkið til lykta á þeim árum, sem hann var forseti Kaupmannahafnardeildarinnar.

Litlar sögur fara af því, hvaða aðstoð Brynjólfur veitti við kortagerðina, en eftir að hann tók við forsetastörfum í Kaupmannahafnardeildinni, komu þau mál nokkuð til hans kasta. Svo var málum háttað, að Olsen hafði gjört minni uppdrátt á einu blaði eftir hinum stærri og fengið styrk til þess hjá dönsku stjórninni, en honum entist ekki aldur til að ljúka verkinu, svo að Brynjólfur sá, að það mundi verða til hagsbóta fyrir félagið að festa kaup á uppdrættinum hjá ekkju Olsens. Þetta var rætt á fundi 30sta júní 1849, „hvort félagið ætti að kaupa eyrspjald, sem Ólsen heitinn ovursti hefur látið stinga á mind Íslands í einu lagi".[5] Á fundi 15da desember sama ár voru þessi kaup um garð gengin, því að „Forseti skýrði frá kaupi á korti því, sem var eptir Ólsen heitinn ofursta; hefir félagið samið svo við ekkjuna, að hún fékk 700 dali í þóknun, en 425 dölum hefir verið varið til að fullgjöra kortið; hefir því kostnaðurinn til að búa kortið undir prentun orðið alls 1125 Rbd., en þar á móti hefir félagið fengið 1000 dali þá sem eptir voru af því sem Ólsen hafði verið veitt til kortsins, og verður því þess kostnaður 125 rbd. —"[6]

Olsen hafði óttazt, að einhverjir mundu verða til þess að búa til lítið Íslandskort eftir stóra kortinu. Þessi ótti kom einnig fram í einu af bréfum Brynjólfs til Gríms Thomsens, því að hann segir 18da ágúst 1849:[7] „Jeg hef ekki minnst á kortin, sem þú baðst mig um, fyrst og fremst af því þá voru engin kort til. Fjelagið hefur nefnilega ráðist í að kaupa dálitið Generalkort yfir Ísland, sem Olsen hafði byrjað á og var nærri búinn með áður enn hann dó. Nú höfum við verið að reyna til að koma út þessu korti, en erum í vandræðum með. Sjáum við að ef við gefum út stóru kortin svo, að hitt komi ekki rjett á eptir, verður strax hlaupið í, að búa til generalkort, og verður okkur að því mesti skaði. Viljir þú innistanda mjer fyrir, að sá sem þú gefur kortin, ekki misbrúki þau, því það verð jeg að áskilja mjer fjelagsins vegna, þá skal jeg bráðum senda þjer 1 exemplar . . ." Í „Skýrslum og Reikningum" Bókmenntafélagsins fyrir árið 1849 gerir Brynjólfur nána grein fyrir kortagerðinni, sem hann segir, að sé hið kostnaðarsamasta fyrirtæki, sem félagið hafi nokkru sinni ráðizt í, en alls nam kostnaðurinn um 1600 rd. Stærra kortið var gefið út í 400 eintökum, en hið minna í 600. Af þessu leiddi, að lítil bókaútgáfa varð þessi árin, og hagur félagsins fór ekki batnandi. Það skipti mjög til hins betra, eftir að Jón Sigurðsson varð forseti.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Brynjólfur Pétursson átti einnig nokkurn þátt í hinni fyrirhuguðu Íslandslýsingu. Á fundi í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins 25ta ágúst 1838 las forseti upp tillögu hr. Jónasar Hallgrímssonar „ad kjósa nefnd manna, og fela henni á hendur ad safna öllum fáanlegum skírslum fornum og nýum er lysi Islandi edr einstökum hérödum þess, og undirbúa so til prentunar nya og nakvæma lysingu á Íslandi er sídan verdi prentud útaf fyrir sig á felagsins kostnad".[8] Síðan var kjörin nefnd til að íhuga, hvort ráðlegt væri að hefjast handa, en hana skipuðu þeir Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason, Magnús Eiríksson, Jón Sigurðsson, Finnur Magnússon próf. og Eggert Briem.[9] Á næsta fundi 24ða september 1838 skilaði nefndin áliti sínu, og féllst hún með öllu á tillöguna. Síðan var kosin 5 manna nefnd til tveggja ára, og voru í henni þeir Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason, Jón Sigurðsson, Brynjólfur Pétursson og Finnur Magnússon.[10] Þessi nefnd var endurkjörin um eins árs skeið á fundi í Kaupmannahafnardeildinni 27da apríl 1841 og aftur á fundi 19da febr. 1842.[11] Á fundi 22an des. sama ár skýrði forseti frá, „hversu framgengt væri orðið lýsingunni á Íslandi, að Herra Jónas Hallgrímsson hefði tekið að sér einkum fyrsta partinn, Herra Konráð Gíslason að safna úr nokkrum enum íslenzku sögum, Herra Br. Pétursson að safna í skjalasafni rentukammersins og skrifari hefði lofað að styrkja til að safna til verksins eptir sem tími og tækifæri leyfði".[12] Á fundi 18da febrúar 1843 var enn greint frá undirbúningi Íslandslýsingarinnar: „Til að semja síðari hluta lýsingar Íslands stakk forseti uppá núverandi skrifara deildarinnar, og mælti einginn móti því. Herra Konráð Gíslason skírði frá, að hann hefði safnað til þeirrar bókar úr nokkrum fornsögum Íslendínga."[13] Jón Sigurðsson, ritari Kaupmannahafnardeildarinnar, fékk aðgang að skjalasafni rentukammersins.[14*] Í fundargerð frá 14da september 1843 er einnig sagt frá þessu með þessum orðum: „Lesin upp og framlögð ýmislig bréf sem komin voru til deildarinnar, þarámeðal frá Rentukammerinu, að skrifari deildarinnar og áreiðanligur styrktarmaður ef vill megi fá aðgáng að skjalasafni stjórnarráðsins til að safna til lýsingar á Íslandi."[15]

Á fundi 5ta marz 1844 las forseti upp skýrslu skrifara um starf hans að lýsingunni á Íslandi og uppástungu hans, hvort hann mætti

[14*] Bréfið er dagsett 17da júní; þar segir svo: „Rentekammeret tillader den kjöbenhavnske Afdelings Secretær og i fornödent Fald en paalidelig Medarbeider, at benytte alle de i Collegiets Archiv beroende Protocoller, Documenter og Actstykker vedkomende Island".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

kjósa sér styrktarmann til að safna töflum til ens þriðja hluta lýsingarinnar á Íslandi, og leyfði félagið það og ritað yrði til rentukammersins um styrk af stjórnarinnar hendi til þessa verks.[16]

Það stóð ekki á því, að stjórnin yrði við þeirri bón, því að á næsta fundi 10da ágúst 1844 lagði forseti fram bréf innkomin til félagsins, „eitt frá enu konúnglega Rentukammeri sem tilkynnir félaginu að konúngr með úrsk. 24 Apr. þ. á. hafi veitt félaginu 200*r* árlega um þrjú ár, til að verja til að safna og útgefa statistiskar töflur sem fylgja eiga Íslands lýsíngu."[17]

Laugardaginn 19da apríl 1845 var fundur í Kaupmannahafnardeildinni. „Forseti stakk uppá, að félagið fengi Herra Jónas Hallgrímsson til að vera hér eitt ár enn til að semja lýsíngu Íslands, og gildi honum nauðsynlegan styrk um þann tíma, og féllust allir á það; forseti las um leið upp skírslu frá Herra Jónasi Hallgrímssyni um framgáng þess verks".[18]

Þessi ákvörðun Kaupmannahafnardeildarinnar fékk skjótan og óvæntan enda. Jónas Hallgrímsson andaðist rúmum mánuði eftir þennan fund, og þar með var þáttur hans að Íslandslýsingunni úr sögunni. Hannes Árnason stud. theol. skrifaði deildinni og óskaði eftir, að sér yrði gefin von um að framhalda lýsingu Íslands. Á fundi í deildinni 16da júní 1845 var fallizt á, „að fyrst um sinn ætti ekki að gjöra neitt við þetta bónarbréf, enn að nefnd sú, sem á að sjá um lýsíngu Íslands, skyldi grennslast eptir hversu mikið Jónas heitinn hefði verið búinn með, og bera það síðan upp fyrir félagið á fundi innan skams þegar kríngumstæður leyfðu".[19] Eftir þetta er Íslandslýsingin varla nefnd á nafn í fundargerðum Kaupmannahafnardeildarinnar og er þar með úr þessari sögu.

Síðasta árið, sem Brynjólfur var ritari Kaupmannahafnardeildarinnar, tók hann jafnframt að sér að semja fréttirnar í Skírni 1840, en heldur mun hann hafa orðið síðbúinn með þær. Hann skrifaði einnig fréttirnar fyrir næsta ár og árið 1843, og verður síðar vikið nánar að þeim boðskap, sem hann flutti í þessum fréttum. Samkvæmt reikningum Bókmenntafélagsins, sem prentaðir eru í Skírni 1841, voru greiddir 50 rbd. fyrir að „semja og skrifa undir prentun" næsta árgang á undan, eða Skírni 1840. Fyrir Skírni 1841 fékk hann greidda 55 rbd., og samkvæmt reikningum Kaupmannahafnardeildarinnar 1843 eru Brynjólfi greiddir 30 rbd. eftir ávísun frá forseta, og árið eftir eru honum greiddir 10 rbd. „fyrir Skírnir að semja".

Brynjólfur kom einnig nokkuð við sögu í sambandi við fyrstu útgáfur Bókmenntafélagsins á ljóðmælum Bjarna Thorarensens og

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Jónasar Hallgrímssonar. Báðar þessar ljóðabækur komu út árið 1847.

Á fundi í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins 7da janúar 1847 las forseti upp bréflegt tilboð frá Boga Thorarensen, dagsett 27da desember fyrra árs, þar sem hann sagðist „vilja selja félaginu kvæði föður hans, Bjarna sál. amtm. Thorarensens með kostum sem þar eru taldir: 1, að kvæðin sé prentuð í vor og svo vel vönduð sem kostur er á; 2, að félagið eigi rétt á að prenta 1000 ex. en ekki meira nema hann leyfi, og gjaldi félagið 20*r* fyrir örk hverja prentaða; 3, þegar 500 ex. sé seld skyldi félagið gjalda 50 rd.; 4, að hann megi halda eptir stöku kvæðum, og ráða hvað tekið verður í safnið; 5, áskilur hann sér 20–30 ex. á skrp. — "[20]

Félagið gekk að þessum skilmálum, og síðan var kjörin nefnd til að annast útgáfuna. Í henni voru Brynjólfur (kosinn með 12 atkv.), Konráð, Jón Sigurðsson, Gísli Brynjúlfsson og Gísli Thorarensen. Í inngangsorðum útgáfunnar er gerð grein fyrir handritum kvæðanna og niðurröðun þeirra, en hér verður sú saga ekki rakin.

Eftir andlát Jónasar Hallgrímssonar söfnuðu þeir Konráð og Brynjólfur saman skjölum, bréfum og bókum, sem voru í húsakynnum Jónasar, samkvæmt beiðni prófessors Finns Magnússonar. Einnig var leitað eftir því, sem vera kynni hjá prófessor Steenstrup úti í Sórey, og með því að Bókmenntafélagið taldi sig eiganda að öllu, sem snerti undirbúning Íslandslýsingarinnar, tók það handrit Jónasar í sína vörzlu. Þeir Konráð og Brynjólfur leituðu leyfis hjá ættingjum Jónasar að gefa út kvæði hans, og að því leyfi fengnu var undirbúningur hafinn. Þeir fengu Benedikt Gröndal til að skrifa upp kvæði Jónasar, en hann kom til Kaupmannahafnar haustið 1846.[21] Svo er að sjá, að lítill skriður hafi verið kominn á útgáfuna í upphafi árs 1847, því að Brynjólfur víkur að þessu í bréfi til Gríms Thomsens 22an janúar 1847 með þessum orðum:[22] „Íslenzka bókmentafjelagið hefur keypt af Boga Thorarensen kvæði föður hans, og á nú að fara að gefa þau út . . . Kvæðum Jónasar höfum við Konráð líka verið að hugsa til að koma út, en við erum hvorugur vel við látnir að gegna aukastörfum". Þeir Konráð hafa samt undið að því bráðan bug að ganga frá útgáfunni, því að Brynjólfur skrifar Jóni bróður sínum 16da maí 1847 um þetta:[23] „Bókmentafjelagið hefur keypt af mjer upplag af kvæðum Jónasar sáluga og lofað að borga á fresti". Þessi ákvörðun var tekin á fundi í Kaupmannahafnardeildinni 26ta apríl 1847 án þess að ráða Reykjavíkurdeildarinnar væri leitað. Fundargerðin í Samkomubók Kaupmannahafnardeildar-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

innar greinir svo frá:[24] „7. Forseti bar upp tilboð þeirra Herra Brynjólfs Pjeturssonar og Herra Konráðs Gíslasonar, að félagið vildi kaupa upplagið af kvæðum Jónasar sál. Hallgrímssonar, 14 arkir og 2 blöð að stærð í 12 blaða broti, en upplagið alls 1156 exemplör. Þeir bjóða félaginu það með þeim kostum, að það borgi 3 skild. fyrir hverja örk prentaða, verður það hérumbil 42 sk. fyrir hvert exemplar og alls 513 rbd. 74 sk., en félagið skyldi borga þetta eptir efnum þess og ásigkomulagi. Félagið samþykkti þessa kosti, og var ákveðið að verðið skyldi vera eins og á hinum kvæðunum 1 rbd., í sama bandi".

Kaupmannahafnardeildin skrifaði Reykjavíkurdeildinni um þessi kaup og rakti fyrir henni, hvað gerzt hafði á fundinum,og sagði,að félagið hefði álitið þessa kosti svo aðgengilega, að það hefði gengið að þeim. Bréfið er dagsett 29da maí 1847.[25]

Reykjavíkurdeildin var hins vegar á engan hátt áfjáð í að gefa út verk Jónasar Hallgrímssonar. Hún svaraði Kaupmannahafnardeildinni með bréfi 5ta október sama ár og lýsti yfir undrun sinni, að deildin skyldi gera þetta án þess að ráðfæra sig fyrirfram við Reykjavíkurdeildina.[26*]

Svarbréf Kaupmannahafnardeildarinnar er með hendi Brynjólfs Péturssonar. Hann var þá orðinn forseti Kaupmannahafnardeildarinnar, og þar sem hér var nokkuð í húfi fyrir hann, tók hann sjálfur pennann í hönd, en þeir skrifa báðir undir, hann og Jón Sigurðsson, sem var ritari deildarinnar. Bréfið er dagsett 25ta maí 1848. Brynjólfur ver ákvörðun deildarinnar um kaupin með skírskotun til gildandi laga félagsins og einróma vilja félaga Kaupmannahafnardeildarinnar.[27*]

[26*] Bréfið er á þessa leið: „Í bréfi dagsettu 29*da* Maí þ. a. látid þér oss vita ad á árs fundi ydar þann 26 Apr þ. a. hafi félagsdeild ydar þád þad tilbod Herra Kammerassessors Br. Péturssonar, og Herra Adjunct Konráds Gíslasonar ad kaupa af þeim fyrir 513 *rbd* 74. s. þad upplag kvæda Jónasar sál. Hallgrímssonar, er þér(?) höfdud kostad til prentunar; Ad þér þádud þetta tilbod, án þess fyrir framm ad rádfæra ydur vid oss, undrumst vér því heldur á, þared verdid yfirgeingur þá peningaupphæd, svo deildin fyrir sig meigi gjöra einrád, eptir ydar eigin uppástúngu í lagafrumvarpinu til ummbreitíngar laga vorra, og þad því heldur sem oss þyki þad nokkud tvísýnt, ad svo mikid útgángi af kvædum Jónasar sál. ad félagið verdi af kaupinu skadlaust, en ekki var ad óttast, ad kvædin undir lok lidu, þared þau eru þegar prentud —"

[27*] Bréfið er á þessa leið: „Þér hafið í bréfi Yðar til vor 5*ta* Okt. í fyrra haust látið undrun Yðar í ljósi yfir því, að deild vor skuli hafa keypt kvæði Jónasar sæla Hallgrímssonar fyrir 513 rdd., 74 sk., án þess að ráðfæra sig áður við Yður um kaupin, og það því heldur, sem hún hefir stungið uppá því að önnur deildanna megi ekki leggja svo mikið í sölurnar, nema báðar sjeu á slíkt sáttar. En vjer verðum að svara því svo, að allir fjelagsmenn vorir, þeir er á fundi voru, voru á eitt sáttir um, að úr því

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Í fljótu bragði virðist undarlegt, að þeir Konráð og Brynjólfur skyldu selja Bókmenntafélaginu upplagið fyrir tæpt hálfvirði, miðað við söluverð Bókmenntafélagsins í stað þess að gera sér verð úr því sjálfir. Það er ekki ósennilegt, að þeir hafi átt erfitt með að standa straum af prentunarkostnaðinum og vitað sem var, að bókin mundi ekki seljast upp á skömmum tíma. Báðir voru í miklum fjárhagsörðugleikum, eins og sjá má af því, sem Brynjólfur segir um þessi kaup í bréfi til Jóns bróður síns 16da maí 1847, en hann segir svo frá:[28] „Bókmentafjelagið hefur keypt af mjer upplag af kvæðum Jónasar sáluga og lofað að borga á fresti. Nú ætlaði jeg að fá hávaðann af peningunum fyrirfram hjá fjelaginu, og bauð því þau boð, að það var *öldungis ómögulegt*, að það gjæti haft skaða af, en Jón Sigurðsson, sem þó lætst vera góðkunningi minn, og ekki á það heldur af mjer skilið, að hann erti mig á þann hátt, spillti fyrir mjer kaupunum, svo nú stend jeg uppi öldungis ráðalaus".

Á fundi í Kaupmannahafnardeildinni 20sta október 1847 var gengið endanlega frá greiðsluskilmálunum á ljóðmælum Jónasar.[29*] Brynjólfur lækkaði verðið niður í 487 rd. 74. sk. úr 513 rd. 74 sk., eins og ljóst er af bréfi hans til Reykjavíkurdeildarinnar 25ta maí 1848, sem áður hefir verið vitnað til. Í vasabókum Brynjólfs, sem varðveittar eru í skiptaskjölunum eftir hann, eru færð inn skuldaskil hans við Qvist prentara, sem annaðist prentun ljóðmælanna. Þar sést, að Brynjólfur hefir goldið honum 270 rd. upp í prentkostnaðinn 6ta júní 1848, og er þá enn eftir að greiða 100 rd., svo að mismunurinn á prentunarkostnaðinum og því, sem hann fékk greitt fyrir útgáfuna, virðist hafa verið um 117 dalir, en þá er vinna Konráðs og hans ekki reiknuð með.

vjer hefðum ekki getað lögleitt áminnzta uppástúngu vora, sakir mótmæla Yðar, yrði í því efni að fara eptir hinum eldri lögum, sem ekki binda deildirnar við tiltekna peninga upphæð. Þar við bætist, að svo var á kveðið að ekki skyldi gjalda allan kostnaðinn á einu ári, heldur skipta honum niður á fleiri ár enn eitt . . . En eins og sjá má af reikningi vorum, hafa seljendurnir sett verðið niður á 487 rdd. 74 sk., af því fyr var goldið enn þeir höfðu áskilið sjer, svo þjer sjáið, að akvörðun vor ekki er ósamkvæm uppástúngu þeirri, sem áður er áminnst og ekki hefir enn fengið lagagildi".

[29*] Skilmálarnir voru á þessa leið: „6. Herra Brynjólfur Pétursson spurði sig fyrir hvort félagið vildi borga sér fyrir kvæði Jónasar sál. Hallgrímssonar í haust 133 rbd. 74 sk., að ári komanda 100 rbd. og árið þar eptir 100 rbd., en svo þareptir næsta ár 50 rbd., og gefa sér skuldabréf fyrir þessu, sem hann sjálfur vildi kosta. Var því játað með 15 atkvæðum. — Því næst spurði hann, hvort félagið vildi kaupa þetta sitt skuldabréf, með því móti að hann gjaldi því leigur fyrirfram fyrir það sem ofsnemma er borgað, og allan þann skaða sem af því kynni að leiða; en félagið setti skuldabréf í þjóðbánkann sem veð, til að leysa skuldabréfið, eða þá leysti það með öðru móti. Var því einnig játað."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Meðal bréfanna í skiptaskjölunum eftir Brynjólf er ódagsett bréf frá honum til Finns Magnússonar prófessors um kaup Bókmenntafélagsins á ljóðmælum Jónasar. Sennilega hefir hann ekki sent Finni þetta bréf, nema hér sé um uppkast að ræða. Það er skrifað árið 1847 einhvern tímann eftir fundinn í Kaupmannahafnardeildinni 26ta apríl. Af bréfinu er ljóst, að Brynjólfur hefir keypt af Konráði hans hluta og þar með tekið að sér prentskuldirnar, og í bréfinu er hann að leita hófanna um greiðsluskilmála, en þeir urðu svipaðir því, sem um er rætt í bréfinu.[30*]

Bréfabók Kaupmannahafnardeildarinnar 1840–1851 geymir heimildir um eintakafjöldann af ljóðmælum þeirra Bjarna og Jónasar, sem var sendur heim til umboðsmanna Bókmenntafélagsins á Íslandi vorið 1847. Af ljóðmælum Bjarna fóru heim um 480 eintök, en af ljóðmælum Jónasar um 460. Bókasendingar félagsins urðu seint tilbúnar þetta vor, og komust þær ekki nema á nokkrar hafnir.[31] Var því minna sent heim en efni stóðu til.

Sá atburður varð í Kaupmannahöfn aðfaranótt 25ta septembermánaðar þetta ár, að eldur kom upp á efsta lofti í húsi því, þar sem bækur og skjöl Kaupmannahafnardeildarinnar voru geymd, „sem var geymsluhús í garðinum No. 4 við „Gammelstrand“.“[32] Þar brunnu á eldi tvær elztu bréfabækur Kaupmannahafnardeildarinnar frá upphafi og fram til 1840, tvær dagbækur (Journaler), bréf og reikningar. Þar brunnu einnig ýmis handrit, til að mynda tvö frá Jónasi Hallgrímssyni o. fl.

Óseldar bækur félagsins brunnu þarna til ösku. Af ljóðmælum Jónasar er talið, að 456 eintök hafi brunnið, en 427 af ljóðmælum Bjarna. Svo vel vildi til, að 172 eintök af ljóðmælum Jónasar voru geymd hjá „Kvisti prentara“ og 100 eintök af ljóðmælum hans og Bjarna náðust úr eldinum, en þau voru talin einskis virði.

[30*] Bréfið er á þessa leið: „Á síðasta fjelagsfundi keypti deild hins íslenzka bókmentafjelags hjer í bænum 1156 exemplör af kvæðum Jónasar heitins Hallgrímssonar að okkur Konráði Gíslasyni fyrir 3 skk hverja örk, eða alls 511 rdd. 74 skk, með þeim skilmálum að borga skyldi andvirði þetta eptir samkomulagi milli fjelagsins og seljendanna.

Eptir umtali við forseta fjelagsins ganga upp í þessa 511 rdd. 74 skk. 25 ríkisdala afdráttur af skuld Konráðs til fjelagsins og 3 rdd. uppí tillag hans fyrir síðasta ár. Verða þá eptir 483 rdd. 74 skk., sem mjer einum tilkoma, þar jeg hef keypt af Konráði hans hluta.

Nú býst jeg naumast við, að fjelagið muni undir eins vilja gjalda mjer þessa 483 rdd. 74 skk., þar það mundi þá ekki þykjast nota nógu vel tilboð mitt um borgunina. Jeg vil því leyfa mjer að bjóða fjelaginu þessa kosti:

Þar fjelagið hefur fengið kvæðin fyrir helming verðs og öll líkindi eru til, að þau gangi óðum út, mun Yður varla koma til hugar að fjelagið þyrfti að draga mig lengur

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Það var lán í óláni, að megnið af handritum Kaupmannahafnardeildarinnar var ekki á geymsluloftinu, heldur í vörzlum forseta og ritara. Þar á meðal voru sóknalýsingarnar og handrit Jónasar Hallgrímssonar að Íslandslýsingunni. Þrátt fyrir þetta var skaðinn töluverður fyrir félagið, ekki sízt að missa svo mikinn hluta upplagsins af kvæðum Bjarna og Jónasar, „því hvorutveggja ljóðmælin eru svo fagur skáldskapur og svo útgengilegar bækur, að enginn efi er á því, að þær hefði svarað kostnaði, þó þær sjeu ódýrt seldar, ef allt hefði farið með felldi“ (sic), sagði Brynjólfur í skýrslu sinni um störf Kaupmannahafnardeildarinnar á fundi 10da maí 1848.[33]

Brynjólfur var kjörinn varaforseti Kaupmannahafnardeildarinnar á fundi 26ta apríl 1847 með 12 atkvæðum.[34] Þetta var síðasti fundurinn, sem Finnur Magnússon kom á í Bókmenntafélaginu. Heilsa hans þvarr, eftir því sem á árið leið, svo að Brynjólfur stýrði að bón hans fundi, sem haldinn var 20sta október það ár. Finnur andaðist á aðfangadag jóla 1847, og þar með var Brynjólfur orðinn forseti fram til næsta aðalfundar. Hann var svo kjörinn forseti á fundi 4ða marz 1848 með 16 atkvæðum,[35] endurkjörinn 31sta marz 1849 með 18 atkv. og enn 27da apríl 1850 með sama atkvæðafjölda.

Þetta sumar bilaði heilsa Brynjólfs, svo að hann gat ekki sinnt störfum sínum, svo að lag væri á. Til að mynda hélt hann engan fund í Kaupmannahafnardeildinni í meira en ár, enda var hann undir læknishendi annað veifið. Hann boðaði að lokum til fundar 31sta maí 1851, en skýrsla sú, sem prentuð er í „Skýrslum og reikningum 1850“ í Skírni 1851, mun að litlu leyti vera eftir Brynjólf. Í bréfum til Jóns Sigurðssonar er sagt frá fundinum og greinilegt, að Brynjólfur var svo illa kominn, að hann var til einskis fær, enda er lýsingin af fundinum bæði brosleg og raunaleg.[36]

Þegar gengið var til kosninga, féllu atkvæði þannig, að Oddgeir

á borguninni enn svo, að jeg fengi 147*rd* 74 skk. nú þegar; 100 rd að ári liðnu; 100 rdd að tveim árum liðnum; 100 rdd að þrem árum liðnum, og 36 rdd, þá sem eptir eru, einhverntíma innan þeirrar stundar. Af því jeg þarf í bráð á peningum að halda býð jeg fjelaginu að reikna þannig borgunartíðirnar, ef það vill þegar gjalda mjer 447*rd* og 74 skk að gefa því upp þá 36 rdd, sem eptir verða, og samsvarar það 6 ríkisdala leigu af hundraði hverju fyrir það sem of snemma er goldið.

Vona jeg að Þjer munið því heldur ganga að þessum kostum, sem þeir eru betur boðnir frá minni hendi, og fjelaginu er innan handar, ef það þykist ekki hafa skotsilfur í bráð, að taka til lans peninga uppá skuldabréf sín móti 4 pC í leigu.

Auðmjúklegast
Br. Pjetursson.

Til Herra etazráðs, Dr philos. F. Magnusen, Riddara af Dbr. og DM., p. p. /forseta hins islenzka bókmentafjelags í Kaupmannahöfn

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Stephensen var kjörinn forseti með 12 atkvæðum, en hann skoraðist undan, og var þá leitað atkvæða að nýju, og urðu þeir Brynjólfur og Jón Sigurðsson þá jafnir með 7 atkv. hvor. Þá var kosið enn á ný og þá fékk Jón Sigurðsson 9, en Brynjólfur 6 atkvæði, og Magnús Eiríksson fékk 1 atkvæði. Brynjólfur tók sér þetta mjög nærri og var þetta í síðasta skiptið, sem hann kom á fund í Bókmenntafélaginu og skrifaði nafn sitt undir fundargerðir þess, enda átti hann nú skammt eftir ólifað.

Bókaútgáfa félagsins var í öldudal árin, sem Brynjólfur var forseti. Kortagerðin var svo fjárfrek, að félagið lagði ekki í önnur stórvirki. Félagsmönnum fækkaði heldur, og fjárhagur félagsins stóð höllum fæti miðað við það, sem síðar varð, eftir að Jón Sigurðsson varð forseti, enda fjölgaði félagsmönnum verulega næstu árin, og hagur félagsins blómgaðist að nýju.

STOFNUN FJÖLNISFÉLAGSINS OG ÚTGÁFA FJÖLNIS

Frá því hefir áður verið greint, að stofnendur Fjölnis gáfu út fjóra fyrstu árgangana í sameiningu, en Tómas Sæmundsson gaf einn út 5ta árganginn. Hann sagði sundur félagsskapnum árið 1838. Deiluaðilarnir sættust aftur, en um frekara samstarf varð ekki að ræða, enda orðið skammt í endadægur Tómasar. Útgefendurnir, sem heima áttu í Kaupmannahöfn, vildu þó ekki hætta við svo búið. Árið 1839 stofnuðu þeir félag til að halda áfram útgáfu Fjölnis. Tómas Sæmundsson víkur að þessari félagsstofnun í bréfi til Konráðs Gíslasonar 29da júlí 1840 og segist vera því næsta feginn, að hugsjónin lifi, „sem lá til grundvallar fyrir Fjölni".[1] Annars er ekkert vitað um þessa félagsstofnun né starfsemi fyrsta árið nema bréf sent Jóni Péturssyni, sem dagsett er 10da maí 1843 og virðist hafa átt að senda kaupendum Fjölnis. Þar segir, að þetta félag hafi gefið út *Þrjár ritgjörðir* eftir Tómas Sæmundsson, en síðan hafi orðið lítið um framkvæmdir, þó að félagið hafi að jafnaði haft fund á viknamótum.[2*]

[2*] Bréfið er á þessa leið: „Virðugleíi Herra / Samfjelaíi vor! Ár 1839 gjörðum vjer fjelag með oss til að halda fram árritinu Fjölni. Ár 1841 ljetum vjer prenta þrjár Ritgjörðir eftir sjera Tómas heítinn, enn síðann hevur lítið orðið umm framkvaímdir firir oss, þó hevur fjelagsskapur vor haldist,og hövum vjer að jabnaði átt fundi með oss á viknamótum. Vjer hövum samið oss lög og fallist á þöí, þeir er hjer erum, sendum vjer iður þöí með brievi þessu, og biðjum iður að skriva oss, ev þjer viljið hava einhvurju breítt í þeim. Nú hövum vjer látið prenta Fjölni í sjötta sinni, og sendum

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Fátt sögulegt mun hafa borið við í þessu félagi fram til haustsins 1840, því að Jón Sigurðsson segir í bréfi til Gísla læknis Hjálmarssonar 8da september 1840:[3] „Fjölnisfélagið veit jeg ekki um, og þarf þó að grafa í því, því reynandi væri að skrifa eitthvað um alþing.“ Jón lét ekki sitja við orðin tóm, því að í bréfi til Páls Melsteðs sagnfræðings 29da september sama ár segir hann:[4] „Jeg geng nú held eg í Fjölnisfélagið, en reyna vil eg að fá nafninu breytt, ef mögulegt er og ritunarhættinum líka.“ Þetta fór þó nokkuð á annan veg en ætlað var, og er bezt að láta Jón Sigurðsson rekja þá sögu í bréfum sínum, því að brátt dró til tíðinda í félaginu. Í bréfi til Gísla Hjálmarssonar læknis 16da apríl 1841 segir Jón frá á þessa leið:[5] „Þú manst víst að í fyrra vor var stofnað einskonar Fjölnisfélag, eða félag til að halda áfram Fjölni, en lítið varð úr þegar allir voru komnir heim, svo það lá í dái í fyrra sumar. Lög þess voru engin nema einhverjar munnlegar viðtektir. Nú hugsaði eg, að enginn vegur mundi verða til að koma út riti, að minsta kosti ekki eins góður, ef ekki væri tekið þetta félag, og mundi kannske heppnast að modificera það nokkuð, svo það gæti orðið populært. Sumpart þessvegna, og sumpart af því Brynjólfur bauð mér, kom eg í félagið, og útvegaði því þá meðlimi, sem eg gat fengið. Ritgjörð eptir séra Thómas um verzlun á Ísl(andi) átti að taka fyrir, og var nærri komið að, að eg tæki við henni til að hafa til styrktar til nýrrar ritgjörðar um verzlunina. Síðan átti að búa til lög, og vorum við Briem og Brynjólfur í nefnd til þess. Þegar kom til umtals ritsnafnið vildum við Briem breyta því, þareð við héldum það spillti fyrir bókinni, og væri félagslimum óhentugt; og svo af því nafnið stæði á engu, og ætti ekki að vera í lögum; þá átti einnig að skipta bókum upp. Nú þegar kom til fundar, sögðu þeir að nafnið á ritinu væri lögtekið, að skyldi heita Fjölnir, og önnur viðtekt væri sú, að engu því sem lögtekið væri mætti breyta nema 3/4 voteruðu fyrir því. Nú voru 12 á fundi, og voteruðu 8 ámóti en 4 (Konr(áð), Brynj(ólfur), Hannes, Jón Péturss(on)) með; það er raunar einsog maður voteraði sjálfur um sjálfs síns sök, en hvað sagði það. Þannig var þá nafnið *lögleitt*, það er að s(egja) ritið *varð* að heita Fjölnir, þángað til ekki fékkst 1/4 partur til að vilja það. Nú vildum við hinir fá breytt því, að 3/4 mættu breyta lögunum, svo að aldrei

vjer iður eína bók, svo sem lög vor gjöra ráð firir, og seíum vjer það eítt um rit vort, að oss þikir í þetta skjifti heldur lítið í því um landsins gagn og nöíðsinjar.

Það er oss ánaía, að vita iður í fjelaíi með oss, og hevur það öíkjið oss áraíði til að halda fram í firirtaíkji þetta, því vjer aítlum iður vera oss samhuga í flestu því, er snertir þjóð vora, og erum þess fullöruggjir, að þjer munuð stiðja málebni allra vor með fleíra enn fjártillogum eínum.

Köipmannahöbn 10 Maí 1843.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

skyldi þurfa nema einfalt Pluralitet, og vildu það 8, en 4 vildu það ekki, hinir sömu. Þetta þótti okkur nú nokkuð hart „for Principets Skyld", og sögðum við okkur því úr félaginu: Hjaltalín, sr. Páll, Bjarni Sívert(sen), Ólafur Pálsson, Jón Sigurðss. nafni, og jeg."

Þessi átök í Fjölnisfélaginu hafa verið í upphafi árs 1841, því að úrsagnarbréf Jóns Sigurðssonar og þeirra, sem honum fylgdu, er dagsett 9da febr. 1841. Þetta er aðeins uppkast, skrifað með hendi Jóns Sigurðssonar og er á þessa leið:[6]

„Þareð oss virðist sem tilgángur félags þess sem stofnað hefir verið til að styðja og efla fróðleik og kunnáttu Íslendínga o. s. frv. ekki náist, þegar greinum þeim er fylgt, sem 4 atkvæði mót 8 hafa lögleidt á tveimur enum næstu fundum, sjáum við oss ekki annan kost enn segja oss út úr félaginu.

Vér þykjumst því ekki lengur vera í félagi þessu, en vér viljum gjarnsamlega að vorum hluta gjalda kostnað þann sem félagið þegar hefir haft fyrir prentun ritgjörðar Sera Tomasar Sæmundssonar.

Kh. 9 Febr. 1841.

Jón Sigurðsson cand. philos.	P. J. Matthiesen capellan	Bjarni Sivertsen stud. philol.
Jón Sigurðsson stud. Theol.		
Ólafur Pálsson stud. Theol."		

Nöfnin undir bréfinu eru einnig skrifuð með hendi Jóns Sigurðssonar, og bendir það til, að hann hafi haft forgöngu um úrsögnina. Hann og félagar hans létu nú skammt stórra höggva milli og stofnuðu nýtt félag um miðjan febrúar, og voru þeir 12 saman. Þetta félag er kallað Félag Íslendinga í fundarboðum frá 22rum nóvember 1841.[7] Fyrsta verkefni þess var að hefja undirbúning að útgáfu tímarits.

Svo er að sjá, að sumum Fjölnismönnum hafi þótt þetta ill málalok, og aftur er það Jón Sigurðsson, sem kann frá tíðindum að segja. Í bréfi til Gísla Hjálmarssonar 16da apríl 1841, sem áður var vitnað til, segir hann svo frá:[8] „Þegar við vorum komnir út og búnir að stofna félag okkar, þá skrifuðu þeir okkur til, og vildu ganga á akkorð."

Þetta bréf Fjölnismanna er varðveitt, skrifað með hendi Brynjólfs Péturssonar og er á þessa leið:[9] „Af því vjer erum sannfærðir um, að Þjer munið vera oss samdóma í, að best sje Íslendíngar haldi allir

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

saman, enn sundrist ekkji, bjóðum vjer Iður, sem stofnað hafið fjelag til að koma út íslendsku tímariti, að vjer sameínum fjelög vor, og Þjer nefnið til menn af iðvarri hálfu, sem first verður, til að semja um sameíninguna við þá Sjera Pjetur Pjetursson og Herra Eggjert Brím, sem vjer höfum til þess kjörið firir vora hönd.

Kaupmannahöfn 20 dag febrúars 1841.

Br. Pjetursson. / Eggert Brím / Konráð Gjíslason / Gísli Magnússon / Jón Petursson / P: Petursson / Gr. Þ Thomsen / H. Árnason."

Jón Sigurðsson varð fyrir svörum af hálfu félagsmanna sinna. Svarbréfið er aðeins til í uppkasti, sem er svohljóðandi:[10] „Bréf yðar höfum vér meðtekið og yfirvegað nákvæmlega, en síðan skotið undir atkvæðafjölda, og urðum ver flestir á því máli, að oss virðist ekki brýn ástæða til að svo komnu að sameina félög vor; oss virðist ekki að nein eginleg sundrúng lýsi sér í því, þó félög vor séu tvö, því vor tilgángur er sami og yðar: að vinna fósturjörðu vorri gagn eptir mætti."

Enn eru það bréf Jóns Sigurðssonar, sem veita vitneskjuna um það, hvernig Fjölnismönnum féll svarið. Í bréfi til Páls Melsteðs yngra 29da marz 1841 segir Jón frá á þessa leið:[11] „Margir lá okkur líklega, að við ekki vildum hafa neitt við þá að sælda Fjölnismenn, eptir að sundrúngin var komin á, því þá buðu þeir að fyrra bragði samlag aptur, og vildu líklega fella nafnið, en okkur þótti slíkt nokkuð hvikult, að bjóða næsta dag það sem maður vildi ekki slaka til hinn fyrra dag, og tókum því ekki. Þeir hugsa án efa það sé fjandskapur, einsog optast er vant, sem þú veizt, en það er þó í raun réttri ekki, eða í öllu falli hjá fáum."

Í handritasafni Jóns Sigurðssonar[12] er varðveitt uppkast að lögum fyrir félag Fjölnismanna með hendi Jóns Sigurðssonar, og mun þar komið uppkast hans frá því um áramótin 1840–41, en hann var í laganefnd félagsins, eins og hann getur um í bréfi til Gísla Hjálmarssonar, sem áður er vitnað til. Lagauppkastið er í 22 greinum og hljóðar hin fyrsta á þessa leið: „Það er tilgángur félags vors, að styðja og efla fróðleik og kunnáttu Íslendínga, en einkum glæða þjóðerni (þjóðaranda?) þeirra og samheldi, og vekja eptirtekt þeirra á högum þjóðarinnar og laungun og áræði til að bæta úr því sem ábóta er vant". Næsta grein hljóðar svo: „Í því skyni heldur það uppi (áfram) árriti nokkru (árritinu Fjölni?)."

Í öðrum skjalaböggli í handritasafni Jóns Sigurðssonar[13] er einnig uppkast að lögum Fjölnismanna með hendi Brynjólfs Péturssonar,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sennilega frá sama tíma og uppkast Jóns. Sjö fyrstu greinarnar eru á þessa leið: „1) Það er tilgangur fjelagsins að fræða Íslendínga og glæða þjóðerni þeirra. 2) Í því skjini heldur það áfram árritinu Fjölni. 3) Íslendingar einir verða teknir í fjelagjið. 4) Til þess að gjeta komist í fjelagið þarf þrjá fjórðu parta af atkvæðum þeirra sem á fundi eru. 5) Eingjinn hefir atkvæðisrjett, nema hann sje í Kaupmannahöfn, og sje annaðhvurt viðstaddur fund, eða sendi atkvæði sitt, og beri þó nauðsin til. 6) Einginn er fundur lögmætur, nema þar komi til þrír fjórðungar þeirra atkvæða sem í Kaupmannahöfn eru. 7) Eingu í lögum þessum má breita, nema öll atkvæði lofi, og eingu við auka, nema því að eins að leifi þrír fjórðu partar."

Uppkast Brynjólfs er í 26 greinum, og er það í aðalatriðum nær sama efnis og uppkast Jóns Sigurðssonar, þegar 7 fyrstu greinunum sleppir.

Fáar heimildir eru um starfsemi Fjölnisfélagsins, eftir að Jón Sigurðsson og sveit hans skildi við það. Fjölnismenn voru nú fáliðaðir eftir og vinfengi þeirra og Jóns Sigurðssonar minna en áður. Þeir Konráð og Brynjólfur kenndu því um, að Jón vildi ekki sameina félögin vegna þess, að hann væri þá ekki foringinn jafnt sem áður. Hitt var að sjálfsögðu erfiðara fyrir þá að skilja, að hvorugur þeirra hafði foringjahæfileika til jafns við Jón. Fjölnir kom ekki út vorið 1841, eins og upphaflega var ætlunin, heldur ritgerðir Tómasar Sæmundssonar, sem voru gefnar út af félagsmönnum beggja félaganna. Síðan bar fátt til tíðinda fram til haustsins 1842. Þá kom Jónas Hallgrímsson alfarinn heiman frá Íslandi, og við það færðist nýtt líf í félagið. Félagsmönnum fjölgaði upp í 13, og starfsemin óx og efldist.

Aðalheimildin um starfsemi Fjölnisfélagsins er fundargerðabók þess. Hún hefst þriðja desember 1842, og henni lýkur 27da maí 1847. Hún er prentuð í Eimreiðinni 1926–27. Fundargerðabókin eða „Fundabók", eins og hún er nefnd á titilblaðinu, veitir lesandanum drjúga vitneskju um starfsemi félagsins og afstöðu félagsmanna til ýmissa mála.

Fyrsti fundurinn, sem bókin greinir frá, var haldinn í Litlu Konungsgötu 93, „höfðu menn fundist þar nokkrum sinnum áður enn bók þessi var birjuð". Á fundi voru 9 menn, og þeir Gísli Magnússon, Brynjólfur Pétursson og Grímur Thomsen, sem var ekki á fundi, voru valdir til að setja félaginu lög.

Næsti fundur var 10da desember hjá Marfleet. Þar var lagafrumvarpið tekið til umræðu, og varð töluverður ágreiningur um tvær fyrstu greinarnar. Konráð Gíslason vildi bæta við fyrstu grein, „að

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

vjer viljum hafa alþing á Þingvöllum“ og „að málinu sé haldið svo hreinu sem verður“. Jónas Hallgrímsson benti á, að „óvarlegt sé að nefna dæmið um alþingisstaðinn“, því að af því gæti leitt, að menn, sem æskilegt væri, að væru í félaginu, en á öðru máli um þetta atriði, gengju ekki í það. Jóhann Briem benti á það, að hann vildi ekki hafa alþingi á Þingvöllum og væri því sjálfsagður úr félaginu. Skúli Thorlacius sagði, að hann væri ekki fær um að tala hreina íslenzku og því ekki fær um að vera í félaginu. Konráð vildi enn fremur bæta því við fyrstu grein að efla þjóðerni Íslendinga, og Brynjólfur féllst á, að því yrði bætt við, sem Konráð hafði stungið upp á. Grími Thomsen þótti Brynjólfur nokkuð laus á svellinu að vilja breyta því, sem hann hafði samið, og það því fremur sem hann var framsögumaður nefndarinnar á þessum fundi. Þeir Grímur og Gísli Magnússon, forseti Fjölnisfélagsins, urðu ekki á eitt sáttir um atkvæðagreiðslu um fyrstu greinina, og voru breytingartillögur Konráðs samþykktar, en fallizt á að fella aðra grein niður. Í fundarlok sagði Grímur sig úr félaginu og ritaði ekki nafn sitt í fundabókina.

Lagasetning Fjölnismanna gekk ekki þrautalaust. Auk uppkasta þeirra Brynjólfs og Jóns Sigurðssonar er til uppkast að lögum félagsins með hendi Gísla Magnússonar,[14] sem var lagt til grundvallar í þeim umræðum félagsins, sem nú fóru í hönd.

Á fundi, sem haldinn var 17da desember 1842, baðst Brynjólfur undan því að eiga lengur sæti í laganefndinni fyrir annríkis sakir. Honum var veitt það „af einskjærri náð og miskunsemi“. Í stað hans og Gríms Thomsens voru þeir Jónas Hallgrímsson og Gísli Thorarensen valdir. Jónas varð nú framsögumaður laganefndarinnar, og á fundum eftir áramótin 1842–43 voru lögin rædd og samþykkt með framkomnum breytingum, og var því langdrægt lokið um mánaðamótin janúar-febrúar. Þegar rætt var um nafn ritsins, urðu þau málalok, að allir nema tveir vildu það héti Fjölnir og skyldi hvorki bætt við „nýi“ né „nytt árrit“ né nokkru öðru. Þegar rætt var um, hvað félagið skyldi heita, þótti einfalt að kalla það Fjölnisfélag. Á næsta fundi, 4ða febrúar 1843, stakk Jónas upp á, að það yrði kallað Fjölnisfélag eða Alþingisfélag. Ekki voru menn á eitt sáttir um það. Til að mynda þótti þeim Gísla Magnússyni og Konráði „Alþingisfélag“ of mikið í munni, og minntist Konráð á nafnið málfélag, þó að honum sýndist það ekki gott.

Sennilega hefir félagið liðið undir lok, án þess að það fengi lögfest nafn, því að í handriti Gísla Magnússonar er 5ta greinin á þessa leið:[15] „Fjelag vort skal heita . . . og rit vort Fjölnir.“

Á fundinum, sem haldinn var 4ða febrúar, las Jónas Hallgríms-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

son upp ljóðaþýðingar eftir sig, og var það upphafið að efnisöflun í næsta árgang Fjölnis. Lögin mæltu svo fyrir, að það, sem í boði væri, skyldi lesið upp á fundi, en síðan kjörin nefnd til að fjalla um efnið. Hún mátti bera fram breytingartillögur, en engu mátti breyta án samþykkis höfundar.

Starfsemi félagsins var með ágætum þetta ár, þó að félagsmönnum fækkaði. Fjölnir kom út um vorið, og þar átti Jónas bæði mestan og beztan hlut í bundnu og sundurlausu máli.

Gísli Magnússon var forseti félagsins við árslokin 1842, þegar fundabókin hófst, en baðst undan að gegna starfinu lengur á fundi, sem haldinn var 16da september 1843. Á næsta fundi, 25ta september, var Pétur Pétursson, síðar biskup, kjörinn forseti og gegndi því starfi fram til 13da apríl 1844, er hann sagði af sér, þar sem hann var að búast heim til Íslands. Brynjólfur var þá kjörinn forseti með öllum atkvæðum nema einu, en 7 félagsmenn voru á fundi. Hann var þó aðeins kjörinn til að sjá um það, sem eftir var af prentun Fjölnis fyrir það ár, enda hafði hann nýlega verið settur sýslumaður í Skaftafellssýslu og vissi ekki betur en hann væri á förum til Íslands, þó að önnur yrði raunin.

Það blés ekki byrlega við valdatöku hans í félaginu, því að á fyrsta fundinn, 17da apríl 1844, komu ekki nema 6, og herra Gísli Thorarensen þurfti að fara aftur, svo að of fáir þóttu eftir til að ræða lögin. Laugardaginn 27da apríl 1844 var ársfundur (aðalfundur) félagsins „hjá Herra Brinjulfi Pjeturssyni og voru 6 á fundi". Brynjólfur var valinn forseti fyrir næsta ár með fjórum atkvæðum, og Halldór Kr. Friðriksson var valinn til skrifara með sama atkvæðafjölda. Á þessum fundi las Brynjólfur upp fyrri hlutann af ritgjörð sinni „Um alþingi", og var hún tekin með öllum atkvæðum. Þessi ritgjörð er eina verulega greinin, sem birtist eftir Brynjólf í Fjölni, og verður vikið nánar að henni síðar. Á næsta fundi bar það til tíðinda, að Jóhann Briem gekk úr félaginu, enda kominn til Íslands, svo að félagið gerðist fáliðað. Flestir fundir félagsins voru haldnir hjá Brynjólfi þetta ár, sem hann var forseti félagsins, en hann sagði af sér forsetastarfinu á fundi 19da október 1845, og var Halldór Kr. Friðriksson valinn forseti í hans stað, en hann var síðasti forseti félagsins.

Það kom brátt á daginn, að rekstur Fjölnis yrði erfiður. Sumarið 1843 og veturinn þar á eftir fór að draga úr fundahöldum, félagsmönnum fækkaði og stundum voru fundir svo illa sóttir, að þeir urðu ekki löglegir. Það er ekki vitað, hvort halli á útgáfu Fjölnis eða þverrandi áhugi félagsmanna hefir valdið því, að Brynjólfur fór að leita hófanna um sameiningu Nýrra félagsrita og Fjölnis á nýjan leik.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Tæpast er hægt að hugsa sér aðrar ástæður en þær, að hann hafi óttazt, að Fjölni yrði ekki langra lífdaga auðið. Hann segir frá þessu samningstilboði í bréfi til Jóns Péturssonar 19da maí 1844[16*] og kennir Jóni Sigurðssyni um, að þessar samningaumleitanir fóru út um þúfur.

Jón Pétursson fékk einnig að vita um þetta frá nafna sínum Sigurðssyni í bréfi dagsettu 22an maí 1844. Jón Sigurðsson segir þar, að hann hafi ekki fellt sig við að fara út í stafsetningarjag, þó að hann hefði óskað, að félögin gætu sameinazt, þá kæri hann sig ekki um suma Fjölnismenn í félag sitt, en sá, sem hann vildi helzt, væri Brynjólfur.[17*] Samkvæmt bréfi Jóns hafa þessar sameiningartilraunir staðið um veturinn, áður en bréfin voru skrifuð.

Nú brá svo við, að sjöunda ár Fjölnis, sem kom út vorið 1844, var ekki með þeirri stafsetningu, sem við hann var kennd, heldur var horfið aftur á hina breiðu slóð, eins og segir í þættinum „Um stafsetninguna á þessu ári Fjölnis". Þessa greinargerð mun Konráð Gíslason hafa samið, og hann gefur þá skýringu, að stafsetningunni hafi verið breytt vegna óska meirihluta félagsmanna, en ekki vegna þess, að þá væri nær réttu en áður. Þessi stafsetning var síðan á þeim tveimur árgöngum Fjölnis, sem komu út eftir þetta, og Fjölnismenn hættu að nota stafsetningu sína. Til að mynda söðlar Brynjólfur um í bréfum sínum um áramótin 1843–44.

Jón Pétursson, bróðir Brynjólfs, lauk prófi í lögfræði í nóvember 1841. Hann vann síðan í rentukammerinu, en fór heim til Íslands vorið 1842. Hann var í Fjölnisfélaginu, eins og sjá má af undirskriftum þeirra bréfa, sem fóru milli félaganna í ársbyrjun 1841 og getið er

16* Frásögn bréfsins er á þessa leið: „Jeg hef boðið Jóni á laun og beðið hann að við skyldum sameina ritin, og jeg gat því betur gjört það, sem jeg vissi að þeir menn í okkar fjelagi, sem miklu ráða, voru fúsari til þess. En Jón vill ekki sameina ritin, af því hann þykist þá ekki geta verið flokksforingi jafnt og áður, og þó hafa bæði ritin sama tilgang og stefna bæði að sama miði, og *mjer* finnst að ekki veiti af þó allir hjeldi saman, sem áfram vilja halda —".

17* Jón kemst svo að orði í bréfinu: „Þú sér, að Fjölnir „konkurrer"ar nógu vel í ár, svo við höfum varla við honum (eins og Jón lausamaður sagði); þó máttu geta nærri, að við sleppum ekki þurradrambinu samt. Alvarlega að tala óskaði eg gjarnan, að félögin gæti sameinast, en eg felli mig ekki við að fara út í stafsetníngarjag, sem ekki lendir í neinu seinast nema í því, sem venjulegt er og menn vita frá upphafi; við stöndum okkur líka svo vel, að rit okkar getur borið sig þegar sjálft, ef ekki versnar úr því sem er, og þá er enginn „Ræson" fyrir okkur að breyta nafni þess og kalla „Fjölnir — Ný félagsrit handa Íslendíngum" eins og þeir vildu í vetur. Það fer þá bezt, að hver sigli sinn sjó, og, eg segi fyrir mig, eg er eins góður vinur þeirra eptir sem áður. Sá eini, sem mig helzt lángar til að hafa með mér, er Brynjólfur bróðir þinn (eg smjaðra ekki), en um hina suma læt eg svona hægt og suma kæri eg mig ekki um."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hér að framan. Engu að síður fór það svo, þegar hann var kominn heim til Íslands, að hann sótti um að ganga í félag Jóns Sigurðssonar. Hann skrifaði Brynjólfi um þetta frá Hvammi í Vatnsdal 10da febrúar 1843 og segir þar:[18] „Ætlar þú eigi að gánga inní nýufelagsrita félagið? eg hefi beðið Jón Sigurðsson að taka mig uppí það, synist mer að þú salvo honore géta það, og hvað meira er, þá syna réttan Conduíte.“ Þetta kom við kvikuna í þeim Fjölnismönnum, eins og sjá má af svarbréfi Brynjólfs, en hann vék að þessu í bréfi til Jóns Péturssonar, sem dagsett er 16da maí 1843. Þau ummæli sýna, að Brynjólfur og Fjölnismenn gátu hvorki né vildu viðurkenna Jón sem stjórnmálaforingja.[19*]

Jón Pétursson vék aftur að sambúð Fjölnis og Nýrra félagsrita í bréfi til Brynjólfs 18da júlí 1844. Hann gerir þar enn grein fyrir afstöðu sinni til ritanna og félaganna, sem gefa þau út. Hann segist álíta bæði félögin sem hluta af hærra félagi, sem ekki hafi enn fengið neitt málgagn, og Jón endar með því að segja, að hann kunni betur við Fjölni þetta árið en Ný félagsrit.[20*]

Jón Pétursson gagnrýndi Fjölnismenn fyrir stífni — og tók lög

[19*] Í bréfinu segir svo: „Mikjið hældust þeir ifir því í blóðtökufjelagjinu, að þú skjildir hafa „grátbænt“ Jón Sigurðsson um að komast inn í það. Mjer þikjir annars líklegt að þú sjáir, að hvað sem Jón birlar mönnum inn, þá er hann öldungjis á sama málinu í höfuðefninu einsog jeg og við hinir — nema um alþingjisstaðinn, — ef til vill — og það sínir líka best raun vitni um, þar sem hann hefir öldungjis fallist á allar mínar hugmindir um alþing, og reínt til að tileínka sjer þær — sem hann má. Það er einungjis til að gjeta verið flokksforingji, að hann vill ekkji samlagast okkur, og að ganga í blóðtökufjelagjið er ekkji annað, enn að seígja, maður álíti hann best hæfan til að vera forgöngumaður Íslendinga; vegna þess að hann er í rauninni allt fjelagjið.“

[20*] Hann kemst svo að orði í bréfinu: „Mikið skakt skylur þú mig, besti bróðir! Þó eg se með í Nyufelagsritunum, sem contribuerandi meðlimur, er eg engan veginn þarfyrir móti Fjölni, heldur vil eg einmidt ogsvo vera þar eins contribuerandi meðlimur; eg álít ekki að felög þessi hafi svo gagnstæð augnamið, að menn ekki geti verið í hvortveggju, án þess að komast í mótsögn við sig, úr því felögin ekki hafa gétað sameinast, sem eg — eins og þú — helst hefdi óskað, vil eg einmidt að þau bæði standi, því því fleiri duglegir menn sem eru í Activíteti, því betra álít eg það, og þó þeir í einhvorju kunni að hafa ymsar frábrugðnar meiningar, álít eg að slíkt vart gjöri aðalefninu skaða, nl: að hvetja okkur Íslendinga til Selvstændighed í öllu því, sem við megnum. Mer finnst sem Þú skoða mig fjandmann Fjölnisfelagsins, vegna þess eg vil líka blóðtokufelaginu vel, en það fer fjarri því, eg held allt eins og meira af fjölnisfelaginu bæði felögin finnst mér sem partur af hærra felagi, sem að vísu ekki enn þá hefir fengið neitt organ, en sem þó mun fá það seint eður snemma og það einmidt af meðlimum beggja felaganna. Þetta er mikill þvættingur orðinn, en eg vildi einúngis lata þig vita, að Fjölnir reyni eg til að selja allt hvað eg gét, hvort það verdur Nýu felagsritunum til skaða eður ekki; eins reyni eg til að selja þau allt hvað eg gét; í ár kann eg betur við Fjölni, því einsog þú segir — er hann ekki eins tannhvass, með því útrettist skjaldan mikið“.—

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

þeirra sem dæmi um það.[21]* Brynjólfur svaraði þessari gagnrýni og skýrði fyrir honum, hvernig bæri að skilja lögin, í bréfi, sem hann skrifaði honum 19da maí 1844. Þar víkur hann einnig að Jóni Sigurðssyni með þessum orðum:[22] „Þriðja það, sem jeg get ekki fallizt á, er, að jeg gjöri of lítið úr Jóni Sigurðssyni. Jeg gjöri mikið úr honum; en ekki þó svo mikið að jeg sjái ekki líti á honum. og jeg hef aldrei borið móti því að hann sje ekki góður flokksforingi, þó jeg segi hann gjöri of mikið til að vera flokksforingi; einmitt þessvegna geta ritin hjerna ekki sameinast".

Jónas Hallgrímsson var andaður, þegar Halldór Kr. Friðriksson tók við forsetastörfum í Fjölnisfélaginu. Starfsemi félagsins var lítil. Árið 1846 voru aðeins haldnir 4 fundir, og að jafnaði voru 4–6 á fundi, og Fjölnir kom ekki út það vor. Í upphafi árs 1847 hófust félagsfundir að nýju. Hinn fyrsti var haldinn 13da janúar, og voru þá teknir inn 7 nýir menn. Það voru þeir Gísli Gíslason (þ. e. Gísli Brynjúlfsson), Stefán Helgason, Eiríkur Jónsson, Sæmundur Gunnlaugsson, Jónas Guðmundsson, Benedikt Gröndal og Jón Þórðarson (þ. e. Jón Thoroddsen). Benedikt Gröndal segir svo frá:[23] „Ég hneigðist þegar að Fjölnisflokkinum, líklega af því hann var meira „æsthetiskur" en hinn, en ég fráhverfur pólitík, og átti nú að fara að gefa út seinasta (níunda) árið af Fjölni, eftir tveggja ára millibil, því fráfall Jónasar Hallgrímssonar hefur líklega hamlað útgáfunni, þó hann annars ekkert gæti styrkt Fjölni með peningum. Þá hefur Fjölnismenn einnig langað til að koma á prent einstöku smáritum eftir Jónas, sem prentuð voru í níunda árinu. Ég gekk nú í þetta Fjölnisfélag — einn fund áttum við, hjá Brynjólfi Péturssyni, átti svo að heita, að við gæfum allir út þetta níunda ár, en enginn borgaði neitt, hvorki sem „tillag", eða upp í prentkostnað, og ég held að Brynjólfur hafi gert það einn, því hann hafði alltaf peninga og sá ekki í skildinginn".

[21]* Í bréfi til Brynjólfs 11ta febrúar 1844 kemst Jón svo að orði: „Einlægt finnst mér það Eensidighed hjá Ykkur Fjolnismönnum hvornig þig (sic) fordæmið annarleidis hugsandi menn enn Ykkur, þannig kunni eg mikið ílla við það, að þið gjorðuð það að Betingelse fyrir því að *vilja* vera Íslendingur, að vilja Alþingið væri haldið á Þingvöllum, eg segi fyrir mig, mig langar ætíð til þess að vera fronskur, en mer synist og hefir synst slíkt einungis en Bisag, mest kemur uppá andan, en hitt er form, sem ætíð er minna í varið; eins þykir mér þú gera of lítið úr Jóni Sigurðssyni, eg hefi slett ekkert móti því að hann sé flokksforíngi, hann er vel hæfur til bess, aldrei mega menn búast við öðru enn flokkar verði, ef maður eigi vill hafa í sveit sinni annadhvort smjaðrara tóma eður þrællundaða menn, en konstin er að nota ser flokkana og stýra þeim. Eg vildi nú allra helst ef eg gæti upphefja bæði felögin, en þó ómögulega með öðrum móti enn þeim að þau gætu gengið uppí en höiere Enhed, eður felag, þó Oppositionir yrðu þar gerði það engan skaða, fyrri enn þær leystu upp felagið."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Þessi liðsauki, sem félaginu hlotnaðist, reyndist ekki traustur. Ungu mennirnir komu á nokkra fyrstu fundina, en von bráðar gekk einn þeirra, Eiríkur Jónsson, úr félaginu, og hinir hættu að koma á fundina eftir því sem veturinn leið. Þeir Benedikt Gröndal og Jón Thoroddsen reyndust tryggastir af hinum yngri, en gömlu félagarnir voru nú fáir eftir.

Síðasta ár Fjölnis kom út um vorið, og var það helgað minningu Jónasar. Síðasti fundurinn, sem fundabók félagsins greinir frá, var „haldinn hjá herra Br. Pjeturssyni, 6 voru á fundi." Einn þeirra hefir ekki skrifað nafn sitt undir fundargerðina. Hinir voru Halldór Kr. Friðriksson, Benedikt Gröndal, Konráð Gíslason, Gísli Thorarensen og Brynjólfur Pétursson. Þessi fundur var haldinn 27da maí 1847. Í dagbók Gísla Brynjúlfssonar er sagt frá Fjölnisfundi, sem haldinn var 3ja janúar 1848. Gísli var ekki sjálfur á þeim fundi, en heimildarmaður hans var Stefán Thordersen, sem var á fundinum.[24*] Konráð Gíslason virðist hafa verið mest í sviðsljósinu samkvæmt frásögninni í dagbókinni, og með því lauk ævi Fjölnisfélagsins. Í formála Norðurfara, sem lokið er við 4ða maí 1848, er sagt, að Fjölnir muni varla vitja Íslendinga oftar, og jafnframt því að farið er viðurkenningarorðum um útgáfu Fjölnis er Norðurfari kynntur sem arftaki hans. Fjölnismenn virðast ekki heldur hafa hugsað til frekari útgáfu. Leiðir þeirra lágu sundur. Jónas Hallgrímsson hvíldi undir grænni torfu, Brynjólf grunaði feigð sína, Konráð kominn að háskólanum í Kaupmannahöfn og tryggir félagar eins og Halldór Kr. Friðriksson og Gísli Thorarensen farnir eða á förum til Íslands. Útgáfuörðugleikar Fjölnis voru alltaf miklir, og í bréfum Brynjólfs má víða sjá, að uppgjöfin lá í leyni í hugskoti útgefendanna.

ÚTBREIÐSLA OG MÓTTÖKUR FJÖLNIS

Kaupendur Fjölnis eru hvergi skráðir, svo að vitað sé, og raunar eru heimildir ekki óyggjandi um stærð upplagsins, þó að flest bendi til, að hann hafi verið gefinn út í 500 eintökum, a. m. k. fjórir síðustu

[24*] Frásögn dagbókarinnar er á þessa leið: „Stebbi kom af Fjölnisfundi, kvað Konráð hafa stungið uppá að gefa út gamanblað, eina örk á ári, og skyldi það heita Örkin . . . Margt kvað St(ebbi) Konráð hafa sagt annað, t. d. að gefa út eitt rit á ári, 1. Þröstinn, 2. Smyrilinn, 3. Durginn, — fallegustu nöfn — etc., og seinast Snakkinn, og þá skyldi hann springa og ritið hætta,—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

árgangarnir. Um útbreiðslu fimm fyrstu árganganna er fátt vitað. Í Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveitt nokkur bréf frá útgefendum Fjölnis til Brynjólfs Evertssonar Wium, þar á meðal eitt frá Brynjólfi Péturssyni 23ja maí 1835.[1]* Þar tilgreinir hann þrjá menn á Austurlandi, sem eiga að fá sín 7 eintökin hver af Fjölni til sölu. Þessir menn voru Gunnar Gunnarsson í Vallanesi, Pétur Jónsson á Rangá og Brynjólfur E. Wium. Þegar þessu bréfi sleppir, er næstum ekkert vitað um dreifingu 5 fyrstu árganganna.

Um árgangana 1843–1845 gegnir öðru máli. Í Landsbókasafni eru varðveittar afhendingarskrár Fjölnis frá þessum árum[2] og af þeim má sjá, hverjir önnuðust sölu og dreifingu Fjölnis heima á Íslandi og hvernig þeim gekk sá starfi. Þessar skrár sýna eintakafjöldann, sem hverjum umboðsmanni var sendur, og hvernig salan gekk. Gísli Magnússon hélt þessa afhendingarskrá fyrir árið 1843, en Brynjólfur Pétursson fyrir árin 1844 og 1845. Af skrá Gísla Magnússonar má ráða, að tæp 300 eintök af Fjölni hafa verið seld eða afhent árið 1843. Hins vegar sést ekki, hve mikið fé hefir komið inn fyrir ritið það ár, en af afhendingarskrá næsta árs, sem Brynjólfur Pétursson hélt, má sjá, að hvert eintak hefir verið selt á 48 skildinga, en það bendir til, að Fjölnir hafi tæplega selzt fyrir áföllnum kostnaði vegna prentunar og heftingar, því að af þessum upplýsingum má ráða, að um 120 dalir hefðu átt að koma inn, ef allir hefðu gert skil, en það gerðu menn bæði seint og illa.

Á Fjölnisfundi 6ta júlí 1844 sagði Brynjólfur Pétursson, að 432 eintök hefðu verið send heim eða þeim verið býtt út í Kaupmannahöfn, og samkvæmt reikningum hans hefði átt að koma inn nálægt 180 dölum fyrir þann árgang.

Á fundi í Fjölnisfélaginu 26ta október 1844 lagði Brynjólfur fram reikninga fyrir skuldum félagsins. Þá var Fjölnir í 37 dala skuld, en átti 25 dali úti í ógreiddum tillögum. Laugardaginn 18da janúar 1845 var Fjölnir enn skuldugur um 57 dali og 80 skildinga. Sunnudaginn 19da október 1845 lét Brynjólfur af forsetastarfi og sagði, að allur kostnaður fyrir árið 1844 væri greiddur og bókbandskostnaður fyrir yfirstandandi ár, en Fjölnir ætti í peningum 73 dali og ógoldin tillög væru 25 dalir. Eftir þessu hefir Fjölnir skilað arði árið 1844.

[1]* Bréf Brynjólfs er á þessa leið: „Nú sendum vid Gunnari Gunnarssyni í Vallanesi 7 exemplaria af ársritinu Fjölni; Petri Jónssyni á Rangá önnur 7, og Ydur hin 3*ju* 7, med sömu skilmálum sem í fyrstu voru ákvednir.

Vid útgefendurnir þökkum Ydur allir í sameíningu fyrir starf Ydar og umönnun fyrir Bodsbrefi okkar, og vonumst eptir því af Ydar dugnadi og framtaksemi, ad þér haldid hinu sama fram eptirleídis.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Þess er þó að gæta, að á fundi 6ta júlí 1844 lagði forseti (Brynjólfur Pétursson) fram kvittunarbréf fyrir 40 dölum, er hann hafði goldið „kvisti" prentara (þ. e. J. D. Qvist, sem prentaði Fjölni), en af því hafði hann greitt 10 dali úr eigin vasa.[3]* Það fara engar sögur af því, að Brynjólfur hafi fengið þessa 10 dali endurgreidda, en þetta er eina heimildin um það, að hann hafi stutt Fjölni fjárhagslega umfram aðra félagsmenn.

Á fundi, sem var haldinn 28da apríl 1845, var samþykkt, að verð Fjölnis það ár yrði 32 skildingar í stað 48. Brynjólfur Pétursson hafði einnig bókhaldið yfir afhendingar Fjölnis það ár, og samkvæmt færslum hans voru 344 eintök sett á markað af þeim árgangi, eða næstum hundraði færri en árið áður, og það, sem kom inn fyrir hann, hefir ekki náð 100 dölum. Einnig er til afhendingarskrá með hendi Halldórs Kr. Friðrikssonar fyrir þetta ár, en þar eru eintökin talin 348.[4]

Í J. S. 129 fol. er seðill með hendi Brynjólfs Péturssonar, þar sem hann er að gera upp reikninga Fjölnis. Þar eru til að mynda færðir útgjaldaliðir eins og „Kvistur 114" dalir, „Jónas fyrir kvæði 5" og „Páll Sveinsson 5, 5 mörk", og af reikningi frá Páli sést, að hann hefir heft 500 eintök af Fjölni í kápu fyrir þessa upphæð.[5]* Þessir 114 dalir kynnu að vera prentunarkostnaðurinn fyrir 7da árganginn, þó að það sé engan veginn öruggt. Á sama miða eru skráð nöfn 9 félagsmanna, sem greitt höfðu tillög sín, en þau voru 5 dalir á mann. Eftir því hefðu tillögin og það, sem inn kom fyrir Fjölni, átt að jafna reikningana og vel það.

Síðasti árgangur Fjölnis kostaði 48 skildinga. Nær ekkert er vitað um það, hvernig sala hans gekk og annað, sem snerti fjármálahliðina, nema það, sem Gröndal segir í Dægradvöl og frá hefir verið greint. Halldór Kr. Friðriksson lét nemendur í fyrsta bekk Lærða skólans lesa það, sem var eftir Jónas í honum, um nokkurra ára skeið, en af því má ráða, að töluvert hafi verið til af upplaginu.

Fjölnisfélagið mun einnig hafa átt eitthvað af fjórum fyrstu árgöngunum, því að samkvæmt þeiðni Benedikts Kristjánssonar, sem þá var skólapiltur í Bessastaðaskóla, voru honum send 7 eintök af

[3]* Reikningurinn er svohljóðandi: „Af Herr Fuldmægtig B. Pjetursson er mig Dags Dato betalt i Afdrag for Trykningen af Fjölnir, sjöunda ár, 40 Rbd., for hvilke fyrretyve Rigsbankdaler ad interim qvitterer

Kjöbenhavn den 5*te* Juli 1844.

J D Qvist.

[5]* Reikningurinn er svohljóðandi: „500 af Fjölnir 7*da* ári ad samna inn í kápu á 7 mörk 100/ í alt 5 Rbd. og 5 mörk / borgad Páll Sveinsson"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hverjum árgangi (1–4, 6 og 8) með Römer stýrimanni til Húsavíkur sumarið 1845. Sjöundi árgangurinn fór ekki með af vangá.[6] Benedikt var þá til heimilis á Þóroddsstað í Kinn. Þetta bendir til, að fimmti árgangurinn hafi allur verið í vörzlu ekkju Tómasar Sæmundssonar, þar sem hann var ekki með.

Afhendingarskrárnar veita vitneskju um það, hverjir önnuðust sölu Fjölnis og hvernig sú verzlun gekk. Í J. S. 516 4to eru færðar til bókar afhendingar Fjölnis 1843 með hendi Gísla Magnússonar, og 1844 og 1845 með hendi Brynjólfs Péturssonar, og í J. S. 129 fol. eru afhendingarskrár með hendi Halldórs Kr. Friðrikssonar fyrir árin 1844 og 1845. Þessum skrám ber smávegis á milli, en þar sem þær eru bezta heimildin um útbreiðslu Fjölnis, verður gerð hér nokkur grein fyrir þeirri vitneskju, sem þær geyma.

Sala Fjölnis gekk misjafnlega eins og vænta mátti. Til að mynda fékk Gunnlaugur Þórðarson Reginu Örum, konu C. C. Örums faktors á Grafarósi, til að taka með sér 14 eintök til Íslands sumarið 1844, en árið eftir endursendi hún 9 þeirra. Ekki tókst betur til með sölu Fjölnis hjá séra Sigurði Thorarensen. Hann fékk 30 eintök árið 1844, en endursendi 15 árið eftir. Svipaða sögu er að segja um næsta árgang. Til að mynda tók Björn Snorrason iðnaðarmaður 30 eða 25 eintök með sér til Íslands, en sendi aftur 20, Magnús Ásgeirsson fékk 14 eintök, en skilaði aftur 10. Það er einnig ljóst af þessu reikningshaldi, að enda þótt umboðsmenn Fjölnis heima á Íslandi hafi ekki skilað aftur þeim eintökum, sem þeir fengu, þá hefir gengið seint og illa að koma þeim í verð.

Það er freistandi að athuga útbreiðslu Fjölnis í einstökum landshlutum á grundvelli þeirra upplýsinga, sem afhendingarskrárnar veita. Að vísu verður að gjalda varhuga við að taka þær of bókstaflega, því að Fjölnir gat borizt með lestamönnum og vermönnum langt frá þeim stað, þar sem hann var keyptur.

Í afhendingarskrá Gísla Magnússonar er byrjað á Austfjörðum og farið sólarsinnis kringum landið. Til Austfjarða fóru 44 eintök árið 1843. Brynjólfur Evertsson Wium fékk 20 eintök og Pétur Jónsson á Rangá önnur 20 og Brynjólfur Snorrason 4. Árið 1844 fóru 3 eintök til Brynjólfs E. Wium, Brynjólfur Snorrason tók 10, og Halldóri Sigfússyni voru send önnur 10 eða alls 23 eintök. Heimildunum ber ekki saman um árið 1845. Samkvæmt skrá Brynjólfs fékk Björn Snorrason 25, en skilaði aftur 20, svo sem áður getur, og Eiríkur Jónsson fékk 6, sem kynnu að hafa farið til ættfólks hans í Skaftafellssýslu. Halldór Kr. Friðriksson tilgreinir hins vegar 30 eintök til Bjarnar Snorrasonar og 60 til Brynjólfs bróður hans. Ef þetta er

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

rétt, hafa yfir 70 eintök farið til Austfjarða og í Austur-Skaftafellssýslu.

Árið 1843 virðast 64 eintök hafa farið til Suðurlands. Guðmundur Jónsson stúdent á Kollabæ fékk 20, Guðmundur Sigurðsson í Gegnishólum 25 eintök, Gísli Magnússon tók 14 eintök, sem ætla má, að farið hafi til ættfólks hans í Árnessýslu, og Gísli Thorarensen keypti 5 eintök, sem líklega má telja, að hann hafi sent ættfólki sínu. Árið eftir fékk séra Sigurður Thorarensen í Hraungerði 30 eintök, en skilaði 15, eins og áður er frá greint, Gísli Ísleifsson á Selalæk fékk 16, Guðmundur í Gegnishólum 20, Vigfús Thorarensen, sem bjó á Ketilsstöðum í Mýrdal, fékk 10 eintök og Gísli Thorarensen 4, þótt óvíst sé, að þau hafi farið heim til Íslands, þar sem faðir hans fékk svo stóra sendingu. Eftir þessu hefðu yfir 60 eintök getað farið til Suðurlands það ár.

Það er dálítið erfitt að gera sér glögga grein fyrir eintakafjöldanum árið 1845. Gísli Thorarensen tók við 23 eintökum, Gísli Magnússon fékk einnig 23 eintök, en hann var kennari við Bessastaðaskóla veturinn eftir, svo að erfitt er að gizka á, hvert þau eintök hafa lent, sem hann fór með. Jón Sigurðsson í Guttormshaga fékk 7, og Jens Sigurðsson tók 8 eintök, en hann fór til Vestfjarða á fund ættmenna sinna vorið 1845 og enginn veit, hvort eintökin, sem hann tók, voru seld á Vestfjörðum eða í nágrenni Eyrarbakka, en hann var kennari þar veturinn 1845–46.

Á kaupsvæði Faxaflóa fóru 50 eintök árið 1843. Matthías kaupmaður Jónsson í Hafnarfirði fékk 25 eintök og Jón Markússon kaupmaður í Reykjavík önnur 25. Árið eftir fékk Jón Markússon 50 eintök, Matthías 7 eintök, Lárus Johnsen 7, Halldór Einarsson sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu 10 og Þórður Jónasson 4. Hannes Árnason tók 7 eintök þetta ár, en þau gátu bæði hafa farið til Arnórs bróður hans, sem var sýslumaður í Norður-Þingeyjarsýslu, og til ættfólks hans í Borgarfirði. Samkvæmt þessu ættu að hafa komið yfir 70 eintök á Faxaflóahafnirnar á þessu ári. Árið 1845 virðast ekki hafa komið nema 38 eintök á þetta svæði. Lárus Johnsen fékk 7, Jón Markússon önnur 7, og Jón Árnason, sem þá var á Eyvindarstöðum á Álftanesi, fékk 14 eintök, og Þórður, sonur Þórðar Jónassonar, skólapiltur í Bessastaðaskóla, fékk 10.

Fjölnir var allmikið keyptur um Snæfellsnes og Breiðafjörð. Pétur Guðmundsson á Búðum fékk 20 eintök árið 1843, Guðmundur prestur Einarsson fékk 7 og Jón Thoroddsen, sem fór til Íslands þetta sumar, tók 7, sem hann hefir væntanlega selt í nágrenni Reykhóla. Samkvæmt þessu hefðu átt að koma 34 eintök á þetta kaupsvæði.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Árið 1844 fékk Pétur á Búðum 20 eintök, Guðmundur Einarsson 7, Þorvaldur Sivertsen í Hrappsey 14 og séra Ólafur Sivertsen í Flatey 30, en þetta gerir 61. Árið eftir var salan nærri því helmingi minni. Séra Pétur Pétursson á Staðarstað fékk 15 eintök, séra Ólafur í Flatey 14 og Þorvaldur í Hrappsey 7 eða 36 eintök alls.

Fjölnir var lítið keyptur í kjördæmi Jóns Sigurðssonar, nema hann hafi verið sóttur til Breiðafjarðar. Árið 1844 eru 10 eintök skráð við nafn Halldórs Kr. Friðrikssonar, sem hann hefði getað sent séra Eyjólfi Kolbeinssyni á Eyri. Árið eftir eru séra Eyjólfi send 7 eintök, sem hann greiðir, og 6 eintök frá því 1844, svo að hann hefir fengið eitthvað af Fjölni 1844.

Þegar kemur yfir til verzlunarsvæðis Húnaflóa, birtir á ný yfir viðskiptunum. Daníel Halldórsson, aðstoðarprestur á Melstað, fékk 20, og séra Jón Jónsson í Steinnesi 10, sem gera alls 30 eintök árið 1843. Jón Pétursson, bróðir Brynjólfs, varð sýslumaður í Strandasýslu árið 1844. Hann fékk 12 eintök af Fjölni það ár, en ekki er ósennilegt, að hann hafi selt eitthvað af þeim í Eyjafirði, þar sem hann var settur sýslumaður, því að hann fór þaðan ekki fyrr en nálægt miðju sumri. Konráð sendi séra Jóni í Steinnesi 21 eintak þetta ár, svo að vel má vera, að um eða yfir 30 eintök hafi komið á þetta svæði. Árið 1845 fékk Jón Pétursson 15 eintök, séra Jón í Steinnesi 14, Páll Jónsson skólapiltur í Hvammi í Vatnsdal fékk 7 og Jón Sigurðsson yngri, síðar prestur á Breiðabólstað í Vesturhópi, kom heim frá Kaupmannahöfn þetta sumar og hafði með sér 7 eintök, en þetta gerir alls 43 eintök.

Samkvæmt afhendingarskrá Gísla Magnússonar komu aðeins 10 eintök af Fjölni til Skagafjarðar árið 1843. Þau voru send Halldóri Jónssyni í Glaumbæ. Árið eftir sendi Konráð séra Halldóri í Glaumbæ 21 eintak, Brynjólfur sendi þeim séra Benedikt á Hólum, séra Jóni á Miklabæ, séra Jóni Hallssyni og Sigurði Arnórssyni sín 7 eintökin hverjum, og frú Regina Örum kom með 14, en endursendi 9, svo að Skagfirðingar hafa fengið yfir 50 eintök að moða úr. Árið 1845 fékk séra Halldór í Glaumbæ 14 eintök, séra Benedikt á Hólum, séra Jón Konráðsson á Mælifelli og Sigurður Arnórsson sín 7 eintökin hver, eða alls 35 eintök.

Gísli Magnússon skráir 2, sem seldu Fjölni í Eyjafirði árið 1843. Það voru þeir Ólafur Briem á Grund, sem fékk 20 eintök, og Bjarni stúdent Gunnarsson á Friðriksgáfu, sem fékk 7, þannig að alls hafa komið 27 eintök til Eyjafjarðar það ár. Árið eftir komu einungis 20 eintök til Eyjafjarðar, sem fóru til Ólafs Briems. Árið 1845 fékk séra Daníel Halldórsson í Glæsibæ 14 eintök, og annað virðist ekki hafa

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

komið til Eyjafjarðar á því ári. Jónas Hallgrímsson fékk 6 eintök þetta vor, en hvort tveggja er, að hann gat ætlað þau fleirum en ættfólki sínu í Eyjafirði og svo kallaði feigðin hann brott svo sviplega, að óvíst er, að hann hafi komið þeim til réttra aðila.

Í Þingeyjarsýslum er ekki að sjá, að Fjölnir hafi eignazt hauka í horni fyrr en Sigfús Skúlason fékk 10 eintök árið 1845 og Benedikt Kristjánsson fékk 7 eintök af 1–4ða, 6ta og 8da árgangi, eins og áður getur. Eftir því hafa 17 eintök af 8da árgangi Fjölnis komið til Þingeyjarsýslu árið 1845.

Auk þeirra viðtakenda, sem hér hafa verið nefndir, má nefna Jón Sigfússon, sem var í Kaupmannahöfn veturinn 1843–44 og kallaður iðnaðarmaður í 7da ári Fjölnis, bls. 65. Hann tók 21 eintak af Fjölni 1844 til sölu, en ekki hefir tekizt að hafa upp á, hvert á land hann fór, þegar hann kom til Íslands. Sömu sögu er að segja um eintökin, sem Magnús Ásgeirsson kom í verð og áður hefir verið getið. Hér hafa ekki verið taldir upp þeir menn, sem fengu eitt til tvö eintök, en í skrá Gísla Magnússonar 1843 standa þessar upplýsingar: „fjelagsmenn í Kaupmannahöfn fengu 12“ og „fjelagsmönnum á Íslandi voru sendar 8“ bækur, sem merkir, að það hafi verið 20 félagsmenn í Fjölnisfélaginu, ef hver hefir fengið eitt eintak.

Um dreifingu og sölu síðasta árgangsins er fátt vitað. Þess er áður getið, að Halldór Kr. Friðriksson lét nemendur fyrsta bekkjar Lærða skólans lesa í honum um nokkurra ára skeið, svo að töluvert hefir verið til.

Í bréfasafni Brynjólfs Péturssonar eru nokkrar heimildir um það, hversu mönnum féll Fjölnir, eftir að hann hóf göngu sína á ný. Enda þótt Sunnanpósturinn væri sálaður, virðist hugarþel þeirra, sem gáfu hann út, lítið hafa breytzt í garð Fjölnis, ef marka má orð Kristjáns Kristjánssonar í bréfi til Brynjólfs 27da janúar 1845, en þar segir svo:[7] „Þú spyrd um því eg aldrei minnist á Fjölni og svara eg þessu ad hann var í svoddan óþokka í Garða hrauni ad þad risu hárin á þeim hraunbúum, ef hann var nefndur“. Svipað er hljóðið í séra Jóni Hallssyni á Felli í Sléttuhlíð, en hann skrifaði Brynjólfi 6ta febrúar 1845, þar sem hann gerði honum grein fyrir því, hve erfitt væri að selja Fjölni og hvað mætti gera til þess, að hann fyndi náð fyrir augum lesenda.[8*] Brynjólfur hafði sent honum sjö eintök sumarið áður af 7da árganginum, og Jón hafði aðeins selt þrjú þeirra.

[8*] Bréfkaflinn er á þessa leið: „Hérmed þakka eg ydur hjartanlegast tvö elskuleg bréf, annad í vor en annad med póstskipinu í haust. Med því fyrra medtók eg 7 exemplör af Fjölni, af hvörjum þér mæltust til, ad eg seldi 6, ef kaupendr gjæfust. En þetta

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Pétur Pétursson, bróðir Brynjólfs, kvartaði undan því í bréfi til hans 8da ágúst 1845,[9] að ofdrykkjuræðan hans hefði ekki komið í Fjölni, og taldi, að hún hefði eins vel átt þar heima og „fiskverkunar ritgjördin", sem kom í Fjölni 1845. Í öðru bréfi, 16da febrúar 1846, minnist hann aftur á Fjölni og segir:[10] „Af Fjölni, sem eg vona komi út, bid eg þig ad senda mér 6 Exx. í vor; já eg vona, ad Fjölnir komi út, og eg vil feginn styrkja þad eptir mætti, því mér þykir mikid slæmt, ef hann skyldi lída undir lok, einkum vegna *málsins* og einúngis vegna þess." Þetta sjónarmið virðist ekki hafa verið ríkjandi hjá mörgum. Til að mynda talar Jón Pétursson um það í bréfi til Brynjólfs 20sta febrúar 1845,[11] að hann geti ekki fellt sig við stafsetningarþáttinn í Fjölni með öllu. Jón á þar við grein Konráðs í 7da ári Fjölnis „Um stafsetninguna á þessu ári Fjölnis".

Sjálfur virðist Brynjólfur ekki hafa verið alls kostar ánægður með stefnu Fjölnis, því að hann segir í bréfi til Jóns bróður síns 16da maí 1843;[12] „Þú sjer að Fjölnir er í þetta sinn í höfuðefninu „æstetisk". Hann verður öðruvísi að ári að efninu til." Brynjólfur mun hafa hugsað sér, að „Íslands málefni" yrðu þar meira á dagskrá en raun varð á, þó að hann léti ánægju sína í ljós yfir félagsmönnum og starfsemi félagsins. Sú breyting varð aldrei framkvæmd. Fjölnir varð „meinlausari og meinlausari" eftir því sem árgöngunum fjölgaði. Skáldskapur Jónasar setti því meiri svip á hann, sem lengra leið. Í bréfi til Jóns bróður síns 6ta maí 1845 er Brynjólfur orðinn vondaufur um framhald útgáfunnar og segir deili á 8da árganginum með þessum orðum:[13] „Kvæðin í honum eru í þetta skipti mesta gull. En hvað hjálpar það. Enginn hefur gagn af því, nema ef til vill einn maður í sýslu. Nú kemst enginn til að rita neitt í Fjölni, svo þessi árgangurinn verður nú líklega sá seinasti. En enginn kemst til að rita, af því menn þykjast vinna fyrir gíg þegar enginn les." Við andlát Jónasar var skeiði Fjölnis lokið. Yfirbragð ritsins hefði orðið allt annað, ef útgáfan hefði haldið áfram án hans.

rit var því midr, ekki í miklu afhaldi hjá bændum ad undanförnu og úr þeim kolunum hygg eg ad enþá rjúki; enda er eg, en sem komid er, einúngis búinn ad selja helfminginn. Hvört sem hér vid stendr, eda ekki, skal eg ad sumri, ef Gud lofar, senda ydr andvyrdi þeirra seldu exemplara.

Kjæmi nú þetta ársrit út eptirleídis, væri máské ekki ílla tilfundid, ad þad — ásamt ýmsum uppástúngum og hugmindum um landsins gagn og naudsynjar — hefdi nokkrar merkilegar frásögr inniadhalda, og gét eg þá til, ad bókin yrdi útgeíngilegri vid alþýdu, en hingad til, því fáar bækr munu hafa ordid fyrir óverdugra adkasti og ómildari palladómum. Samt hefi eg fáa heýrt hníta vid alþingisþættinum í þessum seínast útkomna Fjölni, hvad mér þýkir líka skammþakkarlaust."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

STOFNUN BINDINDISFÉLAGA OG ÖNNUR FÉLAGSSTARFSEMI

Það bar til tíðinda á fundi hjá Fjölnismönnum 9da september 1843, að Pétur Pétursson, síðar biskup, kvaddi sér hljóðs og stakk upp á, að félagsmenn stofnuðu sjálfir bindindisfélag. Menn gjörðu góðan róm að því, og allir, sem á fundi voru, stofnuðu strax bindindisfélag að Skúla Thorlacius undanskildum, er þegar áður var kominn í hófsemdarfélag með Dönum, segir í fundabók Fjölnisfélagsins. Stofnendurnir voru Brynjólfur Pétursson, Brynjólfur Snorrason, Gísli Thorarensen, Gunnlaugur Þórðarson, Halldór Kr. Friðriksson, Konráð Gíslason og Pétur Pétursson, en hann var þá nýkominn heiman frá Íslandi. „Var þeim Konráði Gíslasyni og Pjetri Pjeturssyni falið á hendur, að semja lög fjelagsins".[1] Þeir báru frumvarp sitt upp á fundi 16da september sama haust, og féllust menn á það. Fyrsta grein laganna var svohljóðandi: „Fjelag vort heitir íslenzkt hófsemdarfjelag." Í annarri grein voru mismunandi ákvæði eftir því, hvort menn voru á Íslandi eða erlendis.

Í fyrstu var hófsemdarfélagið ekki skilið frá Fjölnisfélaginu, og mikið af starfsemi og fundahöldum Fjölnisfélagsins snerist um það, og Fjölnir birti skýrslur um starfsemi og útbreiðslu bindindisfélaganna á Íslandi í tveim síðustu árgöngunum auk greinarinnar „Um bindindis-fjelög" í 7da árganginum, en höfundar hennar voru fleiri en einn. Brynjólfur gerðist einlægur stuðningsmaður þessarar hreyfingar. Hann minnist á þessa félagsstofnun í bréfi til Jóns bróður síns 27da september 1843 og segir þar:[2] „Hófsemdarfjelagjið okkar er, einsog þú sjer af nöfnunum first stofnað í Fjölnisfjelagjinu, enn til þess að það skjildi ekkji hamla mönnum að ganga í fjelagjið, þá skjildum við það undireins frá Fjölnisfjelagjinu. Allt firir það höfum við ekkji gjetað feingjið neinn hinna til að ganga inn í það enn, því þeir eru so háðir Jóni Sigurðssini, að þeir þora það ekkji, af því hann vill ekkji gjöra það."

Vel má vera, að Brynjólfur hafi verið nokkuð ölkær á stúdentsárum sínum. Dr. Páll E. Ólason segir svo frá:[3] „Svo var Brynjólfur mikill gleðimaður og svo hraustur, að hann gat vakað við gleðskap fram undir morgna, og sá ekki á, og svo reglubundinn og trúr, að kominn var hann jafnan manna fyrstur á skrifstofu sína, allt um það." Í samtímaheimildum er ekki um þetta talað, en í bréfi því, sem hér á undan var vitnað til, víkur Brynjólfur einmitt að vínneyzlu sinni að undanförnu og segir:[4] „Jeg hefi leingi ætlað mjer að stofna hóf-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

semdarfjelag þegar jeg kjæmi heim, enn nú var það margt sem knúði mig til að gjörast undirrót þess, að þetta fjelag irði stofnað undir eins, enn það seigi jeg þjer satt, að þarí var so að seigja ekkjert tillit til sjálfs míns, því jeg gjet vel verið hófsmaður án fjelaga, og hef líka verið það nokkurnveiginn á seinni tíðum."

Bindindishreyfingin náði brátt verulegri útbreiðslu á Íslandi, eins og sjá má á skýrslunum í Fjölni. Þessi hófsemisbylgja barst vestan um haf til Englands og Norðurlanda, svo sem frá er greint í Fjölni. Fyrir atbeina bindindisfélaganna vestan hafs hafði bók, sem kölluð var „Saga bindindisfjelaganna í Vesturheimi", verið þýdd á dönsku, og 100 eintök höfðu verið send heim til Íslands 1841 eða 1842. Vafalítið hefir hún undirbúið jarðveginn fyrir bindindisfélögin á Íslandi, því að þau voru stofnuð víðs vegar um landið, og sum þeirra urðu nokkuð lífseig. Útgáfa Fjölnis naut góðs af þessu, því að bindindismenn reyndu að útbreiða hann,vegna þess að hann var höfuðmálgagn hreyfingarinnar.

Hófsemdarfélagið í Kaupmannahöfn starfaði allvel í upphafi. Í fyrstu lögum þess var það kallað „íslenzkt hófsemdarfjelag" og samkvæmt lögum þess var leyfilegt, „að drekka það öl, sem gjört er í því landi, þar sem maður er þá, svo og meðal-glas af rínarvíni eða frakknesku rauðavíni í sólarhring". Með þessu þótti þó ekki nóg gert, og á árinu 1844 var lögunum breytt þannig, að félagið hét „íslenzkt bindindisfjelag" og önnur grein varð svohljóðandi:[5] „Enginn fjelagsmaður má bergja neinu, sem áfengt er, án læknis ráði, nema 1. því víni, sem klerkar deila mönnum í altarisgöngu, og 2. því öli, sem gjört er í því landi, þar sem maður er staddur." Félagsmönnum fjölgaði þrátt fyrir strangari lög. Til að mynda gengu 10 íslenzkir iðnaðarmenn í félagið, og Jónas Hallgrímsson varð skráður félagi. Brynjólfur lét af því í bréfum sínum, að meiri reglusemi væri meðal Íslendinga en áður hefði verið, og þakkaði það félaginu.

Brynjólfur Pétursson var gerður að forstöðumanni félagsins á fundi 4ða febrúar 1844 og hefir sennilega gegnt því starfi samfleytt frá því til dauðadags, ef félagið hefir verið starfandi svo lengi. Það er lítið um það vitað, eftir að Fjölnir hætti að koma út. Af bréfi til Brynjólfs frá Pétri bróður hans 13da maí 1849 er að sjá, að fylking bindindismanna í Kaupmannahöfn hafi verið orðin þunnskipuð,[6*] og í bréfasafni Brynjólfs er úrsögn Árna Thorsteinssonar úr bind-

[6*] Í bréfinu segir svo: „Er þad satt, ad flestir íslendíngar í Höfn — nema þú, Konrád og Vilh. Finsen — sjeu gengnir útúr bindindi? Þad væri ljótt, ef þad væri satt, og spilti hjer mikid fyrir. Ekki mun jeg fara úr því þó allir fari, en — jeg vona líka, ad hvorki farir þú nje Konrád."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

indisfélaginu dagsett 24ða apríl 1850. Af henni sést, að Brynjólfur hefir þá verið forseti félagsins.[7]

Heima á Íslandi sótti í sama farið og í Kaupmannahöfn. Í Bessastaðaskóla var komið á fót öflugu bindindisfélagi meðal skólasveina, en eftir að skólinn kom til Reykjavíkur, átti bindindisfélagið erfiðara uppdráttar, nemendur sögðu sig úr því, og þegar Sveinbjörn Egilsson rektor ætlaði að knýja þá til að ganga í það að nýju, svöruðu þeir með því að hrópa „pereat" fyrir honum.

Í Kaupmannahöfn var hópur manna, sem tók ekki þátt í starfi bindindisfélagsins. Það var Jón Sigurðsson og fylgismenn hans. Um þetta leyti var um merkilegt samstarf að ræða milli Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar, sem nú skal frá greint. Í októbermánuði 1843 boðaði Jón Sigurðsson til stofnfundar nýs félags. Það hlaut að vísu aldrei sérstakt nafn, en fundir þess voru kallaðir almennir fundir Íslendinga. Á fyrsta fundi var kjörin nefnd til að setja félaginu lög. Í henni áttu sæti Jón Sigurðsson, þeir bræður Pétur og Brynjólfur, Þorleifur Repp og Oddgeir Stephensen. Sömu menn voru einnig valdir í forstöðunefnd félagsins, en hún var endurkjörin fyrir næsta ár með þeirri breytingu, að Jónas Hallgrímsson var valinn í stað Péturs Péturssonar, þegar hann fór heim til Íslands vorið 1844. Lög félagsins voru hentug og einföld. Helztu atriðin voru þau, að öllum íslenzkum stúdentum skyldi heimilt að vera í félaginu, en öðrum Íslendingum, ef atkvæði félagsmanna væru með því. Fundi skyldi halda einu sinni í mánuði og fundarstjóri kjörinn í hvert sinn. Á fundinum voru rædd flest þau mál, sem efst voru á baugi hverju sinni.

Brynjólfur Pétursson getur oftar en einu sinni um starfsemi þessa félags í bréfum sínum. Til að mynda skrifar hann Jónasi Hallgrímssyni eftirfarandi tíðindi 13da janúar 1844:[8]

„Af almennu fundunum Íslendínga er lítið að seigja í brjefi — firir mig. Þeir hafa verið haldnir þrír, og ásett að halda þá framvegis einusinni hvurn mánað. Þar er talað um landsins gagn og nauðsynjar. Á fyrsta fundi talaði Jón eldri Sigurðsson „um landstjórn á Íslandi", á öðrum Jón Hjaltalín um „læknasetning", og á þriðja fundinum Pjetur frændi um „betrun prestakjara" þar heíma. En þá get jeg ekki sagt þjer meir um það, nema nefndir hafa verið kjörnar til að íhuga betur hin fyrstu tvö málin (og ein enn til að safna skírslum um verslanina) en prestamálið verður enn rætt á næsta fundi. —"

Eins og ljóst er af framanskráðu, voru íslenzk þjóðmál höfuðviðfangsefni þessa félags. Það var á góðum vegi með að skapa „höiere Enhed" úr Fjölnisfélaginu og sveit Jóns Sigurðssonar, eins og Jón Pétursson óskaði að yrði í bréfi til Brynjólfs 11ta febrúar

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

1844.[9] Brynjólfur var meira að segja farinn að gera sér vonir um, að liðsmenn Jóns Sigurðssonar ætluðu að ganga í bindindisfélagið, eftir að hann hafði talað um bindindismál á almennum fundi 7da febrúar 1844. Hann skrifaði Jónasi fréttirnar 12ta sama mánaðar og segir svo frá:[10] „Á almennum Íslendingafundi á viðrikudaginn (sic) var flutti jeg erindiskorn um það, hvað áríðandi það væri fyrir landið, að við Íslendingar sem erum við háskólann stofnuðum hófsemisfjelag. Allir gerðu góðan róm að því máli en menn beiddu sjer frests til næsta fundar að segja hvert þeir vildi ganga í fjelagið eða ekki. Við vorum farnir að verða hræddir um hófsemdarmennirnir, að þeir mundi hafa tekið sig saman úr blóðtökufjelaginu að ganga ekki í fjelagsskap við okkur í því efni, af því so vildi til að við sem stofnuðum hófsemdarfjelagið vorum allir við Fjölni riðnir. En jeg held við höfum gert þeim rangt til í því, sem betur fer". Reyndin varð þó önnur, því að í bréfi til Jóns Péturssonar 19da maí 1844 víkur Brynjólfur að bindindisfélaginu og segir:[11] „Jeg veit af því, að ef þú ert ekki orðinn því meira umbreyttur þá hjálpar þú áfram bindindisfjelaginu okkar allt sem þú getur — því það er ekki heldur Jóni Sigurðssyni ógeðfelt, eins og þú getur sjeð af ritgjörð hans um fjelagskap og samtök á 11. bls. í fjelagsritunum. Og þó enginn úr fjelagsritafjelaginu ykkar, sem hjer er í borginni vilji ganga í það fjelag vona jeg samt, að þeir leggi ekki nein bönd á þig í því tilliti."

Dr. Páll E. Ólason hefir rækilega ritað um hina almennu fundi Íslendinga,[12] svo að hér verður farið fljótt yfir sögu. Starfsemin gekk snurðulítið í upphafi. Það hefir sennilega hitnað eitthvað í mönnum á fundum, sem haldnir voru laugardaginn 17da maí og mánudaginn 19da maí 1845, þar sem mest var rætt um alþingismálin. Á síðari fundinum var Jónas Hallgrímsson málflytjandi og mælti með gamla alþingisstaðnum á Þingvelli. Forseti félagsins leitaði því næst atkvæða um, hvar alþingi skyldi vera. Sjö greiddu atkvæði með Reykjavík, en þeir Þorleifur Repp, Konráð Gíslason, Gunnlaugur Þórðarson, Jónas Hallgrímsson og Gísli Thorarensen vildu hafa þingið á Þingvöllum. Einn Fjölnismanna, Halldór Kr. Friðriksson, greiddi ekki atkvæði með Þingvöllum. Þetta var síðasta samkoman, sem Jónas Hallgrímsson kom á. Brynjólfur var á hvorugum þessum fundi.

Af endalokum þessa félags er ofurlítil saga. Svo bar við sumarið 1843, að danskir stúdentar fóru yfir til Svíþjóðar að heimsækja sænska stúdenta. Brynjólfur sagði Jóni bróður sínum frá þessu í bréfi 16da júní 1843 með þessum orðum:[13] „Hjer hefir lítið við borið síðan jeg skrifaði þjer seinast, nema að 150 stúdentar fóru hjeðan á hvítasunnunni ifir til Stokkholms og Uppsala og tóku með á leiðinni

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

stúdentana frá Lundi. Var þeim so vel tekjið í Svíaríkji að undrum gjegndi, og var þar mart talað um Skandinavien og Nordens Eenhed, að allar þjóðirnar skjildi halda saman móti ágangji Russa og Þjóðverja. Stjórninni hjerna hefir víst ekkji sem best líkað þetta, og Ploug, sem hjelt eína ræðu þar firir handan var í dag settur „under Generalfiscalens Tiltale" firir hana."

Eftir heimkomuna beitti Carl Ploug sér fyrir stofnun félags, sem átti að auka samskipti Norðurlanda.[14*] „Kanselíið upphafði það, áður enn það komst á fætur. Enn þá tóku sig saman fjöldi vísinda manna og annara merkjismanna og stofnuðu annað fjelag, sem hefir sama tilgang, nema hvað hann er ofurlítið öðruvísi orðaður . . . Kansellíið hefir ekkji þorað að firirbjóða það, enn þó hefir það sagt, að undireíns og fjelagjið briddir á nokkrum „politisk Tendents", muni því verða kollvarpað",[15] skrifaði Brynjólfur Jóni bróður sínum 27da september 1843. Þetta nýja félag var stofnað 1sta september, og markmið þess var svipað og hins fyrra.[16*] Íslendingar voru misjafnlega hændir að þessu félagi. Grímur Thomsen gerðist því handgenginn og tók verulegan þátt í störfum þess.

Það bryddi á skoðanamun meðal Íslendinga gagnvart þessu félagi, þegar fram í sótti. Þeir, sem voru hlynntir því, voru kallaðir „Skæningar". Að frumkvæði Þorleifs Repps var til umræðu á almennum fundi 6ta janúar 1846, hvort nokkurt gagn mundi vera fyrir Ísland, að Íslendingar gengju í þetta félag, en Orla Lehmann hafði hreyft því máli. Þrem dögum síðar en þessi fundur var haldinn átti Grímur Thomsen að halda fyrirlestur um Ísland í „Skandinavisk Selskab", og af orðum Halldórs Kr. Friðrikssonar er að sjá,[17] að íslenzkir háskólaborgarar hafi verið að tínast í félagið og mönnum leikið forvitni á að heyra fyrirlestur Gríms.[18] Jón Sigurðsson var fundarforseti á þessum fundi. Hann bar undir atkvæði tillögu frá Þorleifi Repp þess efnis, að enginn Íslendingur skyldi fara í neitt félag, sem væri dansk-pólitískt, án þess að ráðfæra sig við landa sína, svo framarlega sem hann vildi taka þátt í samkomum Íslendinga. Grímur Thomsen benti á, að næði tillaga Repps fram að ganga, þá gætu þeir ekki komið á almenna fundi, sem gengnir væru í skandi-

[14*] „at fremme det sociale og litteraire Samkvem mellem de skandinaviske Folk".

[16*] „at fremme en nærmere Forbindelse mellem de skandinaviske Folk dels ved regelmæssige selskabelige Sammenkomster med Svenske og Nordmænd af de dannede Klasser, der besøge København, dels ved Foretagender, sigtende til at befordre almindeligere Kendskab til de skandinaviske Sprog, til Skrifter i disse af almeninteressant Indhold og overhovedet til de forskellige Nationaliteter."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

navíska félagið. Þá sögðust þeir Konráð Gíslason, Halldór Kr. Friðriksson og Jónas Guðmundsson ekki koma á almenna fundi, ef tillaga Repps næði ekki fram að ganga. Brynjólfur vildi, að Íslendingar gerðu grein fyrir ástæðunum fyrir því, að þeir meinuðu mönnum þátttöku í almennum fundum vegna þess þeir væru í skandinavíska félaginu. Brynjólfur gekk í félagið þremur dögum síðar, ef marka má dagsetninguna á félagsskírteini hans, sem er varðveitt í bréfasafni hans.

Tillaga Repps var felld, þegar hún var borin undir atkvæði. Því næst spurði fundarforseti, hvort halda ætti almenna fundi eða ekki. Repp taldi það óráð. Forseti leitaði atkvæða um þetta, og var samþykkt með atkvæðafjölda að leggja hina almennu fundi niður.

Það er ljóst af framanskráðu, að erfitt var að fá hina fámennu sveit íslenzkra menntamanna til að halda hópinn, og hitt er einnig greinilegt, að Fjölnismenn voru oft einstrengingslegri og öfgafyllri en þeir, sem fylgdu Jóni Sigurðssyni.

Engin frekari vitneskja er fyrir hendi um þátttöku Brynjólfs í skandinavíska félaginu, en hér verður að lokum getið þriggja félaga, sem hann var í, þó að hann kæmi þar lítið eða ekkert við sögu.

Um áramótin 1846–1847 var að ráði gert að stofna félag, sem skyldi gefa út norræn og íslenzk fornrit. Félag þetta var formlega stofnað 23ja janúar 1847 og hlaut nafnið Det Nordiske Literatur-Samfund. Brynjólfur var einn af stofnendunum, en aðalhvatamaður þess var prófessor A. F. Krieger. Hinir stofnendurnir voru einnig danskir nema þeir Konráð Gíslason og Halldór Kr. Friðriksson. Útgáfur félagsins áttu fremur að vera fyrir leikmenn en lærða, og félagið átti að „supplera" Fornfræðafélagið og Árna Magnússonar nefndina, að því er Brynjólfur segir í bréfi til Gríms Thomsens 22an janúar 1847.[19] Brynjólfur var kjörinn varamaður í fyrstu stjórn þessa félags, annars er ekkert vitað um þátt hans í störfum þess. Félagið starfaði allvel um árabil, en lognaðist síðan út af.

Í bréfasafni Brynjólfs má sjá, að hann hefir gerzt félagi í Athenæum 11ta febrúar 1850. Þetta var eins konar lestrarfélag, stofnað 1824. Það hafði á boðstólum öll helztu tímarit og bækur, sem út komu í Evrópu og Ameríku. Það voru frjálslyndir menn, sem stofnuðu þetta félag í upphafi, og talið að það hafi haft veruleg áhrif á danska menntamenn frá upphafi sinna vega. Skömmu seinna eða 5ta marz gekk Brynjólfur í Fornfræðafélagið, og var það vonum seinna, hvað sem valdið hefir.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ÞÝÐINGA- OG ORÐABÓKARSTÖRF

Í öðrum árgangi Fjölnis var auglýst ofurlítið kver, sem hét „Sundreglur prófessors Nachtegalls, auknar og lagaðar eptir Íslanns þörfum, af útgjefendum Fjölnis". Jónas Hallgrímsson átti mestan þátt í þessu litla kveri og honum kom fyrst til hugar að snúa því á íslenzku, segir í 9da ári Fjölnis.[1] Rentukammerið greiddi pappír, prentun og band, en útgefendurnir ánöfnuðu Fjallvegafélaginu andvirðið í virðingarskyni.

Þetta kver kom út árið 1836, en auk Jónasar lögðu þeir Konráð og Brynjólfur hönd að þýðingunni. Hins vegar mun Tómas Sæmundsson ekki hafa átt hlut að því verki, þó að hann væri einn af útgefendunum.

Brynjólfur hafði ekkert fast starf með höndum, eftir að hann kom frá Íslandi haustið 1837 og fram til 1840. Hann var að vísu ritari í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins, en það starf var hvorki svo umfangsmikið né gaf svo mikið í aðra hönd, að hann gæti lifað af því. Það mætti því ætla, að það hafi verið happafengur fyrir þá þremenningana Jónas, Konráð og hann, að Þorgeir Guðmundsson fékk þá til að íslenzka rit eftir J. P. Mynster Sjálandsbiskup, sem hét „Betragtninger over de kristelige Troslærdomme". Þessi bók kom út í Danmörku 1833. Þeir þremenningarnir hafa sennilega byrjað á verkinu fyrri hluta árs 1838, því að Tómas Sæmundsson minnist á þýðinguna í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar 9da ágúst 1838 og talar þar um sýnishorn af henni.[2] Í 9da ári Fjölnis er sagt, að Jónas hafi átt þriðjung af „íslenzkun *Mynsters* Hugleiðinga", sem komu út 1839.[3] Hins vegar fer engum sögum af því, hvernig þeir Konráð og Brynjólfur skiptu afganginum á milli sín.

Mynsters hugleiðingar urðu vinsælar hér heima á Íslandi, enda eru þær á fögru máli og gott verk frá hendi höfundar. Sagt er, að þeir félagar hafi búið saman allir þrír úti í Kristjánshöfn, þegar þeir unnu að þýðingunni, og þótti sú vistarvera ekki glæsileg, ef marka má sögusagnir, sem hafðar eru eftir samtíðarmönnum þeirra.

Árið 1839 kom enskur auðmaður, Richard Cleasby, til Kaupmannahafnar. Hann hafði haft mikinn áhuga á íslenzkri tungu um nokkurt skeið, og var Konráð Gíslason fenginn til að kenna honum málið. Þetta mun hafa gerzt síðari hluta árs 1839. Cleasby varð fljótlega ljóst, að erfitt mundi verða að læra íslenzku án orðabókar, og því varð það að ráði, að hann kostaði útgáfu íslenzkrar orðabókar og réð Konráð Gíslason til að veita samningu hennar forstöðu. Samdist svo með þeim, að hann greiddi Konráði 40 dali á mánuði

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fyrir verkið. Brynjólfur Pétursson naut góðs af þessum hvalreka, því að hann komst einnig í kynni við Cleasby, og er hans fyrst getið í dagbókum Cleasbys 18da ágúst 1840. Þeir Brynjólfur fóru þann dag í gönguferð og tóku með sér Hrafnkels sögu til að lesa á leiðinni. Vel má þó vera, að Brynjólfur hafi verið genginn í þjónustu hans fyrr, því að 1sta júní 1840 talar Cleasby um, að hann hafi fundið Konráð og kunningja hans að verki við hina væntanlegu orðabók.

Í ævisögu Cleasbys, sem prentuð er fyrir framan frumútgáfu Icelandic-English Dictionary, rekur Sir George Webbe Dasent allnákvæmlega sögu þessa verks, meðan Cleasbys naut við, en hann dó árið 1847. Dasent hefir stuðzt við dagbækur og bréfabækur Cleasbys, svo að frásögn hans virðist reist á traustum heimildum.

Samkvæmt frásögn Dasents hóf Cleasby íslenzkunám sitt 5ta nóvember 1839, og las Konráð með honum fjórar stundir á viku. Hinn 10da janúar 1840 getur Cleasby þess í dagbók sinni, að hann hafi rætt við C. C. Rafn um útgáfu íslenzkrar orðabókar, og 3ja júní það ár flutti Cleasby í Gammel Strand 14, og þar hefir vinnustaður þeirra félaga að öllum líkindum verið, að minnsta kosti fyrst um sinn. Þeir Konráð og Brynjólfur unnu fjóra tíma á dag við orðtökuna. Það er ljóst, að Cleasby hefir fengið gömul íslenzk handrit að láni til að nota við starfið. Cleasby vann ekki stöðugt, en þegar hann var fjarverandi, stóð hann í bréfaskriftum við þá félaga, og eru bréf hans til Brynjólfs varðandi starfið varðveitt í bréfasafni hans.

Brynjólfur var ekki heilsusterkur um þessar mundir. Í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar 19da maí 1840 lýsir hann heilsufarinu með þessum orðum:[4] „jeg þoli valla að sitja hálfan tíma og skrifa firir stíng í brjóstinu og hjartanu“, og ári síðar kvartar hann um, að sér sé „ílt í hjartanu“.[5]

Það er til marks um dálæti Cleasbys á Brynjólfi, að vorið 1841 tók Cleasby hann með sér í ferðalag suður í Evrópu. Benedikt Gröndal segir, að Cleasby hafi látið Brynjólf ferðast með sér um Þýzkaland sér til skemmtunar eða hressingar.[6] Þegar þetta gerðist, var Brynjólfur orðinn launaður sjálfboðaliði í rentukammerinu, svo að hann varð að sækja um leyfi frá störfum í rentukammerinu til þess að geta farið í ferðalagið. Hann skrifaði því rentukammerinu og sótti um leyfið í bréfi dagsettu 20sta apríl 1841.[7]*

[7]* Í bréfinu segir m. a.: „Endskjöndt det er mit höjeste Önske, paa denne Maade (þ. e. með vinnu í rentukammerinu) at forberede mig til det Embede, Hans Majestæt mueligen i Tiden kunde betroe mig i mit Födeland Island, vover jeg dog, da der nu for mig frembyder sig en Leilighed til at gjöre en Reise til Tydskland og England, hvortil jeg senere efter mine Vilkaar og Omstændigheder ingen Udsigt har, og da jeg af

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Ævisaga Cleasbys[8] er aðalheimildin um þessa ferð. Það var lagt af stað 17da maí frá Kaupmannahöfn með skipi, sem hét Friðrik 6ti, og siglt til Lübeck. Þaðan var farið til Dessau, Halle, Leipzig og Dresden. Þeir dvöldust nokkurn tíma í hverri borg til að skoða hið markverðasta. Til Carlsbad komu þeir 26ta maí og voru þar í mánuð. Þar voru frægar vatnslækningastöðvar, og þangað var för Cleasbys heitið. Þarna skildi leiðir þeirra um sinn. Brynjólfur hélt áfram til Prag, en Cleasby fór til Toeplitz og var þar þrjár vikur. Þeir hittust aftur í Prag og fóru þaðan til Frankfurt am Main, niður Rín til Rotterdam, þá með gufuskipi til London og komu þangað 5ta ágúst. Brynjólfur var síðan í Englandi fram á haust og ferðaðist til að mynda til Oxford og Birmingham ásamt Cleasby, en miklu af tímanum var eytt í að skoða London og dásemdir hennar. Dagbók Cleasbys getur um gönguferðir og heimsóknir í söfn, svo sem Bodleian og British Museum, þar sem Brynjólfur skoðaði pappírshandrit af Sturlungu, enda var hann að vinna að orðabókinni á ferðalaginu, bæði við að orðtaka Njáls sögu og röðun orðanna fyrir Cleasby, sem hann færði síðar inn í bækur. Brynjólfur fór frá London 22an september með skipi, sem hét Comtess of Lonsdale, og sigldi með því til Hamborgar. Þar dvaldi hann dag um kyrrt, en fór síðan til Kílar og var þar einnig daglengis, en síðan til Kaupmannahafnar.[9]

Cleasby lýkur lofsorði á Brynjólf í dagbók sinni, ef marka má tilvitnanirnar, sem teknar eru upp í ævisögu hans.[10*] Brynjólfur er hins vegar fáorður um þessa ferð í þeim bréfum, sem varðveitt eru. Í bréfinu til Jónasar, sem vitnað er til hér á undan, nefnir hann Pálskirkju í Lundúnum og ljónið í dýragarðinum í sömu borg og endar á því, að ef Schönheider spyrji hann að því, hvernig sokkaböndin á bæheimsku stelpunum hafi verið lit, þá hafi hann ekki séð þau.[11]

Um þetta leyti var Brynjólfur að orðtaka Njálu og Sturlungu, en heilsa hans var ekki sterk. Ekki bætti það úr, að Konráð Gíslason tók að kenna augnveiki árið 1842 og átti erfitt með að vinna við orðtökuna af þeim sökum. Cleasby reyndist þeim fédrengur, þegar kreppti að, en ekki er dregin dul á það í ævisögunni, að honum þótti verkið ganga seint og þeir félagar afkastalitlir.

Vegna veikinda Konráðs var Skúli B. Thorlacius ráðinn aðstoðar-

en saadan Reise ikke allene lover mig Tilvæxt i Kundskaber, men ogsaa en gavnlig Indflydelse paa min Sundhedstilstand, underdanigst at ansöge det höje Collegium om, at det naadigst maatte tillades mig at foretage en saadan Reise fra næste Maaneds Begyndelse til næstkommende Efteraar."

[10*] „In all respects satisfied with his conduct during the whole of his sojourn both abroad and at home in my company".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

maður hans um sumarið 1843, og Brynjólfur Snorrason í nóvember sama ár. Brynjólfur Pétursson var settur fulltrúi í rentukammerinu 18da apríl 1844, svo sem síðar verður nánar frá greint. Eftir það fóru störf hans þverrandi við orðabókina. Cleasby greiddi honum 10 dali 22an apríl 1844 „for what little he has done this month". Það bendir til, að hann hafi fengið greidda 20 dali á mánuði fram til þess dags. Brynjólfur varð von bráðar yfirhlaðinn störfum í hinu nýja embætti, og auk þess hafði hann fleiri járn í eldinum, svo að störf hans við orðabókina hafa orðið óveruleg eftir þetta. Hans er síðast getið sem starfsmanns 8da apríl 1845.

Sumarið 1842 fól Cleasby Brynjólfi umsjá íbúðar sinnar á Vesturbrú 52 og bauð þeim Konráði að sofa þar, ef þeir vildu, en þeir þáðu ekki boðið. Þetta haust valdi Cleasby sér bústað að Gammel Strand 4 og fluttist þangað 15da október. Konráð virðist hafa dregið úr vinnu sinni vegna augnveikinnar, því að um þetta leyti greiddi Cleasby honum og Brynjólfi sína 20 dalina hvorum, en raunar er ekki að sjá, að Brynjólfur hafi nokkurn tíma fengið hærri upphæð á mánuði fyrir vinnu sína.

Um þetta leyti var Konráð Gíslason alvarlega að hugsa um að flytjast heim til Íslands og gerast kennari við Lærða skólann. Þetta kemur til að mynda fram í bréfi, sem hann skrifar foreldrum sínum laugardaginn fyrir hvítasunnu 1844, en þá er hann að búast til Þýzkalandsferðar til að leita sér lækninga við augnveikinni.[12] Konráði hefir samt verið óljúft að skiljast svo búið við þau störf, sem hann hafði með höndum úti í Kaupmannahöfn, þar sem hann kom ekki auga á neinn, sem gæti tekið við þeim. Þetta má til að mynda ráða af bréfi frá Hallgrími Scheving til Konráðs. Hallgrímur talar þar um, að tæpast muni vera völ á góðum Íslendingi í stað Konráðs, svo að íslenzka orðabókarstarfið þyrfti ekki að falla niður, þar sem Brynjólfur og Jón Sigurðsson hafi í öðru að snúast.[13]

Þessi ummæli Hallgríms Schevings sýna, hverja trú hann hefir haft á málfræðikunnáttu Brynjólfs og hæfni til slíkra starfa, sem hér var um að ræða, en um þetta leyti tók lífsstarf hans aðra stefnu, eins og brátt verður að vikið.

Skandinavisminn á Norðurlöndum á árabilinu milli 1840 og 1850 var hliðstæður hinni þýzku þjóðlegu sameiningarstefnu, en einnig afleiðing hennar. Á þessu tímabili þróaðist sú hugmynd hjá mörgum þjóðum Evrópu, að skyldleiki þeirra ætti að efla samstöðu þeirra. Þetta kom skýrast fram í Þýzkalandi og Ítalíu, en einnig hjá slafneskum þjóðum, en slafneskt stórríki var ógnvaldur í augum Norðurlanda.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Skandinavisminn átti upptök sín í Danmörku, og hann átti að verða eins konar mótvægi gegn hinu sameinaða Þýzkalandi og þýzkum áhrifum utan og innan danska ríkisins. Það voru hinir frjálslyndu menn í Danmörku, sem voru í fylkingarbroddi í þessari hreyfingu, en þeir höfðu einmitt spyrnt fæti gegn hinum þýzku áhrifum, sem knúðu æ fastar á í hertogadæmunum. Þeir gátu ekki leitað á náðir einvaldsins í Rússlandi vegna andúðar þeirra á einveldinu, en stuðningur frá hans hendi var að sjálfsögðu bundinn við einveldið í Danmörku. Norska stjórnarskráin var hins vegar fyrirmyndin, sem þeir vildu gera að veruleika í Danmörku. Það voru stúdentar og aðrir menntamenn, sem báru þessa hreyfingu uppi. Því voru haldin mót og fundir með hástemmdum ræðum og glasabuldri.

Í Noregi var minna fjaðrafok í kringum skandinavismann en annars staðar á Norðurlöndum. Norðmenn voru betur settir gagnvart Rússum og Þjóðverjum en Danir og Svíar. Í annan stað voru þeir minnugir þess, að þeim hafði ekki vegnað of vel, hvorki í Kalmarsambandinu né sem þegnum Danakonungs. Þeir þóttust skilja, að Danir mundu ætla sér forystuhlutverkið í þessu sambandi, en kusu fremur að búa að sínu og héldu óspart á loft framlagi sínu til fornmenningar Norðurlanda. Um þetta leyti voru þeir Rudolf Keyser og Peter Andreas Munch fyrir norskum sögurannsóknum,og Munch var auk þess málfræðingur. Hinn norski sagnfræðiskóli hóf Noreg og Norðmenn til skýjanna í upphafi norrænnar sögu.

Þessi afstaða Norðmanna leiddi til hjaðningavíga milli norskra og danskra sagnfræðinga. P. A. Munch var ekki hlynntur skandinavismanum. Hann lét mikið að sér kveða á ritvellinum og var ómyrkur í máli í blaðagreinum. Hann snerist á sveifina með Þjóðverjum og aðhylltist hinn svonefnda „pangermanisma“, sem átti að gera Þjóðverja og Norðurlandabúa að einni heild. Munch hugsaði sér stöðu Noregs í hinni stórgermönsku heild svipaða og norskir fylgjendur skandinavismans stöðu Noregs meðal Norðurlanda. Samkvæmt kenningu Munchs varðveittu Norðmenn „Germanismens Urstof“. Í upphafi árs 1849 birtust tvær greinar eftir Munch í Morgenbladet, sem hétu „Om Skandinavismen“ og „Mere om Skandinavismen“, en þær voru báðar svargreinar í ritdeilum um þessi efni. Þriðja greinin um svipað efni var „Bemerkninger i Anledning af L. K. Daa's i Christianiaposten indførte Afhandling „Danmark russisk eller skandinavisk.“ Þá er enn ótalin sú grein, sem kemur við þessa sögu og birtist í Morgenbladet 10da og 13da júlí 1849. Þessi grein hét „Skandinavismen nærmere undersøgt med Hensyn til Nordens ældre nationale og literære Forhold. (Bemerkninger ved

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

J. J. A. Worsaae's Skrift „om en forhistorisk saakaldet „tydsk" Befolkning i Danmark".[14] Þessi grein er í tveim höfuðþáttum, og hinn síðari fjallaði um, hvert væri hið rétta nafn á fornbókmenntum og fornmáli Norðurlanda.

Munch hélt því fram, að hið fornnorræna mál og bókmenntir ættu að bera nafnið norskt mál og norskar bókmenntir, en að tala um íslenzkt eða fornnorrænt mál og bókmenntir væri ekki rétt.[15*] Danski fornleifafræðingurinn J. J. A. Worsaae hafði haldið því fram, að það væri hið mesta óréttlæti að neita Íslendingum um rétt þeirra til að kalla fornbókmenntir sínar íslenzkar, en Munch svaraði því til, að málið bæri ekki nafn hins numda lands, heldur móðurlandsins, og Ísland hefði fundizt og byggzt frá Noregi.[16*] Í lok greinarinnar dró Munch niðurstöður sínar saman í þrjú atriði, og var kjarni þeirra sá, að eina rétta nafnið á því máli og bókmenntum, sem urðu til á Íslandi og í Noregi á miðöldum, væri fornnorskt eða norskt.[17*]

Íslendingar voru að sjálfsögðu á annarri skoðun í þessu máli. Í fyrirlestrinum, sem Grímur Thomsen hélt í Skandinavíska félaginu í upphafi árs 1846 og áður hefir verið að vikið, talaði hann einmitt um þetta efni og gerði grein fyrir skoðun Íslendinga. Hann taldi fornbókmenntirnar og málið, sem þær eru skrifaðar á, hvorki norskar né norrænar, heldur íslenzkar. Þeir Worsaae og Grímur voru góðir vinir og höfðu svipaðar skoðanir á þessu máli.

Worsaae svaraði Munch í „Fædrelandet" 20–23ja ágúst 1849.[18] Grein hans fjallaði um uppruna Dana og fornminjar og rúnir á Norðurlöndum, en þeir Munch voru þar ekki á einu máli. Í lok greinar sinnar kom Worsaae svo að því atriði í grein Munchs, að samið yrði vopnahlé í þessari deilu á þeim grundvelli, að danskir rithöfundar og stjórnmálamenn hreinsuðu danskt ritmál af nöfnum eins og „islandsk" og „oldnordisk", sem notað hafi verið um það mál og bókmenntir, sem einungis eigi að kalla „oldnorsk" eða „slethen norsk".

[15*] „Jeg har sagt, at det saakaldte „islandske" eller „oldnordiske" Sprog med tilhørende Literatur aldeles ikke har det mindste med Danmark og Sverige at skaffe, men ene og alene maa kaldes norsk Sprog og norsk Literatur, medens Benævnelsen „islandsk" eller „oldnordisk" er urigtig og vildledende."

[16*] „At Island er en norsk, intet andet end en norsk, ene og alene en norsk, . . . Coloni, har jeg allerede tilstrækkelig viist . . ."

[17*] „1) at Benævnelsen Islandsk om det i Norge og paa Island i Middelalderen brugelige Sprog med tilhørende Literatur er aldeles urigtig og utilbørlig.
2) at Benævnelsen Oldnordisk om samme Sprog og Literatur, naar deri ikke ogsaa oldsvensk og olddansk Literatur indbefattes, ligeledes er urigtigt og utilbørlig.
3) at den ene rigtige Benævnelse for samme Sprog og Literatur er Oldnorsk eller slethen Norsk".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Worsaae vildi ekki ganga að þessum kostum. Hann benti á, að talað væri um amerískar bókmenntir eftir skilnað Englands og Bandaríkjanna, enda þótt málið væri enska, og það væri talað um norskar bókmenntir eftir 1814, enda þótt ritmálið væri danskt, en eftir kenningu Munchs væru allar nýrri bókmenntir Norðmanna danskar. Worsaae benti Munch hins vegar á, að mál hinna fornu, norrænu bókmennta og íslenzka samtímans væri hið sama, og hann mundi halda áfram að kalla íslenzkar bókmenntir íslenzkar og norskar bókmenntir norskar.

Sömu dagana og grein Worsaaes birtist í Fædrelandet, eða 21sta ágúst 1849, birtist nafnlaus grein í „Tilskueren", sem bar heitið „Bemærkninger ved P. A. Munchs Skrift: „Skandinavismen, nærmere undersögt med Hensyn til Nordens ældre nationale og literaire Forhold", af en Islænder." Höfundur þessarar greinar var Brynjólfur Pétursson.[19]

Í bréfi til Péturs bróður síns 27da september 1849 gerir Brynjólfur grein fyrir því, hvers vegna hann skrifaði þessar athugasemdir, og er frásögn hans á þessa leið:[20] „Með blöðunum, sem jeg sendi þjer, legg jeg dálítinn pjesa. Seinni Afhandlingen, sem prentuð er úr „Tilskueren" hef jeg skrifað. Hún þótti hjer vel skrifuð og gjörði ofurlítið Opsigt, og því sendi jeg Þjer hana að gamni mínu. Annars var hún anonym, eins og það litla, sem jeg annars skrifa í blöðin. Jeg skrifaði hana til að fyrirbyggja, að einginn annar Íslendingur skyldi hlaupa til og skemma málstað okkar annaðhvort með skömmum eða vitleysu; en mjer tókst það þó ekki, því seinna kom hjer út dálítil Brochure á íslenzku og dönsku, sem hafði nóg af hvorutveggja til að bera." Í bréfi til Jóns Péturssonar 24ða september 1849 segir Brynjólfur, að Íslendingar hafi orðið ógnarlega reiðir, en Konráð hafi ekki komizt til að skrifa neitt.[21] Hins vegar geystist Benedikt Gröndal ásamt fleirum fram á ritvöllinn og skrifaði bæði skæting og skammir um Munch.[22] Gröndal greinir frá þessu í Dægradvöl og segir, að Brynjólfur hafi orðið ergilegur og kveðið þá hafa farið óhyggilega að.

Brynjólfur fjallaði einungis um síðari hlutann af grein Munchs í grein sinni. Hann tók fyrir þau þrjú atriði í niðurstöðum Munchs, sem nefnd hafa verið, og vék að þeirri lítilsvirðingu, sem hann sýndi Íslendingum með því að láta eins og þetta væri þeim óviðkomandi. Síðan vék Brynjólfur að fornmálinu og benti á, að í Grágás væri talað um, að danskir, norskir og sænskir menn tali sameiginlegt mál, danska tungu, sem einnig er kölluð „vár tunga", þ. e. mál Íslendinga. Hann sýndi fram á, að „norræn tunga" var notuð í sömu merkingu og „dönsk tunga" um hið sameiginlega mál Norðurlanda. Brynjólfur

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

gerði síðan grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hefðu á hinu samnorræna máli í Noregi og Íslandi, þar sem hvert barn skildi hið gamla mál jafn auðveldlega og mál foreldra sinna, en í Noregi væri tæpast hægt að tala um sama mál.

Í lok greinarinnar vék Brynjólfur að fornbókmenntunum og hvernig þær skiptust milli Íslands og Noregs. Sögurnar væru íslenzkar, enda þótt efni konungasagnanna væri sótt til Noregs. Eignarréttur Norðmanna á þeim væri sama eðlis, eins og Egyptum væru eignaðar frásagnir Herodots af þeim. Í grein sinni hóf Munch stílfegurð Konungsskuggsjár upp til skýjanna og taldi hana standa Íslendingasögunum framar að því leyti. Brynjólfur andmælti þessu og taldi tilgerðina í máli Konungsskuggsjár lýti á þeirri merku bók, en einfaldleik málsins hjá Snorra og á Íslendingasögunum höfuðprýði.

Grein Brynjólfs er skrifuð af hófsemi þess, sem er fullviss um, að hann hefir á réttu að standa. Hún ber vitni staðgóðri kunnáttu í málinu og bókmenntunum og nokkurri þekkingu á íslenzkum handritum, sem var ávöxtur af starfi hans við orðabókina og samvistum hans við þá Konráð og Grím Thomsen.

Í neðanmálsgrein var vikið að fáfræði Munchs, þar sem hann kallaði Ísland nýlendu frá Noregi, en síðan er bætt við: „Hvis en saadan Anskuelse, med flere af de munchske Theorier om Island, nogensinde kunde have vundet Tiltro i Norge, da have Islænderne vistnok ingen synderlig Aarsag til at fortryde, at Nordmænderne svigtede dem 1814."

Brynjólfur gerir enga grein fyrir því, hvernig Norðmenn brugðust, og þessi ummæli benda til, að Brynjólfur hafi ekki vitað allt of mikið um, á hvern hátt skilnaður Noregs og Danmerkur varð 1814, en fram til þessa hafði skilnaðarmálum Dana og Norðmanna verið lítill gaumur gefinn meðal Íslendinga. Þess ber þó að geta, að haustið 1814 benti íslenzkur prestur í Noregi, Gísli Johnson að nafni, á þá staðreynd, að Grænland, Færeyjar og Ísland hefðu komið með Noregi inn í danska ríkið. Þegar setið var við samningaborðið í Kíl um áramótin 1813–1814, gættu Svíar ekki að krefjast þess, að skattlöndin fylgdu Noregi, einfaldlega af þeirri ástæðu, að samningsaðilar Svía vissu ekki hið sanna í málinu, og þegar það vitnaðist, var það orðið of seint, samningurinn var undirritaður.

Á Eiðsvallaþinginu skaut krafan um skattlöndin upp kollinum hjá sambandsflokknum. Nicolai Wergeland, einn af forystumönnum hans, hafði með sér frumdrög að stjórnarskrá handa Noregi, þar sem talað var um, að norska ríkið fengi rétt til að láta hinar gömlu „Besiddelser", þ. e. skattlöndin, af hendi. Í Kílarsamningnum var gert

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ráð fyrir því, að Noregur tæki að sér hluta af ríkisskuldum danska ríkisins. Þetta ákvæði var Norðmönnum mikill þyrnir í augum, og svo er talið, að krafan um skattlöndin hafi verið notuð sem mótleikur til að fá eftirgjöf í skuldaskiptum landanna. Þetta mál stóð í þófi milli landanna í nokkur ár. Norðmenn gerðu kröfur til skattlandanna og Karl Jóhann sömuleiðis. Samtímis þráðust Norðmenn við að greiða af ríkisskuldunum. Gekk svo fram til ársins 1819, að samningar tókust um skuldamálin. Eftir það var krafan um skattlöndin ekki nefnd á nafn. Að þessum atburðum munu orð Brynjólfs lúta.

EMBÆTTISFERILL OG EMBÆTTISSTÖRF

Brynjólfur Pétursson hafði varla staðið upp frá prófborðinu vorið 1837, þegar hann sendi konungi umsókn um sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu. Umsóknin er dagsett 28da maí. Hann rekur þar námsferil sinn, gerir grein fyrir helztu æviatriðum og nefnir störf sín í þágu Bókmenntafélagsins og útgáfu Fjölnis.[1]* Ef til vill hefir Brynjólfur gert sér einhverja von um að fá Suður-Múlasýslu, því að séra Ólafur Indriðason hafði skrifað honum um veturinn og lýst velþóknun sinni yfir því, að hann gerðist valdsmaður í sýslu hans.[2]* Brynjólfur bjóst nú til Íslandsferðar að loknu prófi. Hann sótti um 60 dala styrk til rentukammersins 29da maí til að standa straum af ferðakostnaðinum.[3] Hann mun hafa farið frá Kaupmannahöfn í fyrri hluta júnímánaðar, en var kominn á ný til Kaupmannahafnar frá Íslandi í lok september. Það bar sitthvað til tíðinda í þessari Íslandsferð, sem síðar verður frá greint. Til að mynda skrifaði Pétur

[1]* Í umsókninni segir svo: „I den lange Tid jeg har studeret til denne Examen, har jeg ved Siden deraf dyrket de Videnskaber, jeg med Held troede at kunne anvende i mit Födeland — hvis Deres Majestæts Naade nogensinde skulde forunde mig der en Virkekreds. Som Beviis derfor, torde det maaske ansees, at jeg i 3 Aar, i Foreening med 3 andre af mine Landsmænd, har udgivet et islandskt Tidsskrift, samt at jeg i noget længere Tid har været hædret med den Tillid af mine herværende Landsmænd, at være Secretair i det islandske literaire Selskab."

[2]* Bréfið er dagsett 30sta janúar. Þar kemst Ólafur svo að orði: „Mig lángar epter ad siá frá Ydur Línu med Skipunum ef Þér ei verdid í Examens Önnum því þá vil ieg ecki fipa fyrir Ydur, allrasíst ef þad giæte dregid til þess ad Þér kjæmud á eptir inn hingad sem Valdsmadur ockar. — Þann Galdur vildi eg géta súngid! — Þér vitið ad vid í Sudrm S. erum nú eins og Höfudlaus Búkur, og þar vid vitum ad Jöfur muni af Nád sinni reisa ockur upp ad ný, vildum vid giarnann *heldur* fá aptur gott fallegt og íslendskt *Manns* Höfud heldurenn eitthvört heterogent, sem giöri ockur ad Skoffíni! — "

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

bróðir hans Bjarna Þorsteinssyni amtmanni til og bað hann að „recommendera" Brynjólf til sýslu í Vesturamtinu.[4] Brynjólfur var ekki fyrr kominn til Kaupmannahafnar um haustið en hann skrifaði umsókn um sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem hafði losnað þá um sumarið, eða Snæfellsnessýslu, ef hún skyldi losna.[5] Þessi umsókn er dagsett 30sta september 1837. Hann vísaði þar til fyrri umsóknar og sagði, að þessi umsókn gilti því aðeins, að hin fyrri kæmi ekki til greina. Það er skemmst frá að segja, að þessar umsóknir báru engan árangur.

Þess er áður getið, að Brynjólfur virðist hafa haft lítið fyrir stafni, frá því hann kom til Kaupmannahafnar haustið 1837 og fram til 1840. Á því ári hætti hann ritarastörfum í Bókmenntafélaginu, og það sama ár sótti hann um að gerast sjálfboðaliði í rentukammerinu. Rentukammerið varð við óskum hans, og er bréf þess dagsett 10da október 1840.[6] Starfið var ólaunað, en skrifstofan, sem hann vann í, fór með mál Íslands og Borgundarhólms (Islandske og bornholmske Contoir). Brynjólfur hefir sennilega byrjað að starfa í þessari skrifstofu snemma á árinu, því að hann hélt bréfabókina frá því 21sta marz 1840 og fram til 6ta marz 1841. Hann drepur einnig á, að hann sé farinn að starfa í rentukammerinu, í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar 19da maí 1840.[7]

Íslenzkir lögfræðingar áttu sjaldnast því láni að fagna að fá embætti að prófi loknu á þessum árum. Danskir lögfræðingar gegndu nokkrum sýslumannsembættum á Íslandi um þessar mundir og þóttu misjafnir vegna þekkingarskorts á íslenzkum málefnum. Það varð því ráð margra íslenzkra lögfræðinga að gerast sjálfboðaliðar í dönsku stjórnarskrifstofunum og bíða þar, unz konungi þóknaðist að veita þeim embætti á Íslandi eða annars staðar í danska ríkinu. Þessir sjálfboðaliðar fylltu stundum skrifstofurnar án þess að þeirra væri þörf. Vinnutíminn var stuttur, enda voru launin ekki há, ef þau voru einhver á annað borð.

Árið 1781 voru mál Íslands, Grænlands og Færeyja lögð undir rentukammerið með opnu bréfi, dagsettu 1sta maí.[8] Skrifstofan, sem fór með málefni Íslands frá því um 1820 og fram til ársins 1841, hét „Islandske og bornholmske Contoir". Fyrir þann tíma höfðu þau oftast samflot með norskum málum, meðan Noregur laut Danakonungi. Þegar Kristján konungur VIII kom til valda, gaf hann strax til kynna, að hann vildi endurbæta stjórnskipulagið, og þær endurbætur og breytingar, sem urðu með „Kundgørelsen af 30. Decbr 1840 ang. forandret Organisation af den øverste Finansforvaltning", miðuðu að því að gera afgreiðslu fjármálanna einfald-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ari og skapa jafnframt aukna yfirsýn yfir störfin í heild. Hið ytra var þó ekki um breytingu að ræða. Skrifstofurnar voru flestar hinar sömu og áður, en störfum þeirra betur hagað.

Rentukammerið skiptist í þrjár deildir eftir breytinguna. Æðsti maður þess var kallaður „Rentekammer Directør", en æðsti maður hverrar deildar „depúteraður". Þessir fjórir menn mynduðu „kollegíið" eða nefndina, sem lagði málin fyrir konung eða ríkisráð, en jafnframt var sú nýbreytni gjörð, að æðsti maður hverrar deildar gat lagt málin fyrir konung og ríkisráð án þess að „kollegíið" fjallaði um þau á undan. Þau mál, sem þannig var farið með, voru oftast almenns eðlis, en öll hin mikilvægari voru rædd í „kollegíinu". Á endurskoðuninni voru þær breytingar gerðar, að hún var skilin frá afgreiðslunni með einstökum undantekningum. Sú breyting varð á meðferð Íslandsmála, að skrifstofan, sem fór með þau, skipti um nafn og hét nú „Expeditions- og Revisions-Contoir for islandske, færøeske og grønlandske Sager". Þessi skrifstofa var í annarri deild rentukammersins (2den Section). Christen Lund var þar „depúteraður". Í „Kongelig Dansk Hof- og Stats-Calender for Aaret 1842" er sagt frá starfsvettvangi þessarar skrifstofu og starfsliði hennar.[9*] Skrifstofustjórinn hét Lauritz Svendsen, Hans Peter Kofoed var fulltrúi, og auk þeirra voru tveir sjálfboðaliðar starfandi. Þeir höfðu 200 dali í laun á ári, fulltrúinn 600 og skrifstofustjórinn 1400.

Rentukammerið skrifaði Brynjólfi 4ða marz 1841 og tilkynnti honum, að hann væri „antaget . . . indtil videre" að vera til aðstoðar í skrifstofu Íslandsmála og fengi 200 dali á ári í laun frá 1sta apríl að telja, og launin yrðu greidd ársfjórðungslega.[10]

Um þetta leyti var Norður-Þingeyjarsýsla skilin frá Suður-Þingeyjarsýslu og gerð að sérstöku sýslumannsumdæmi, og voru báðar sýslurnar lausar til umsóknar. Brynjólfur hefir sennilega leitað hófanna að verða þar sýslumaður, en án árangurs, því að hann segir í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar „fæ hvurugan Norðursíslu skjekilinn, kjæri mig ekkji".[11] Þetta var um sama leyti og hann varð launaður sjálfboðaliði í rentukammerinu og genginn í þjónustu Cleasbys, svo að horfurnar voru nokkuð bjartari en áður. Þá sótti Brynjólfur um Snæfellsnessýslu 31sta marz 1842, en fékk hana ekki.[12] Það var ætlun Brynjólfs að vinna í rentukammerinu, unz hann fengi viðunanlega sýslu heima á Íslandi. „Jeg sje, að jeg má ekkji úr rentu-

[9*] Þar segir svo: „Expedition og Revision af alle islandske, færøeske og grønlandske Sager, undtagen forsaavidt de som Handelssager ere henlagte under den, dog under Rentekammerets Overtilsyn staaende, kongelige Direction for den grønlandske og færøeske Handel."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

kammerinu fara, firr enn jeg er búinn að hafa út úr þeim góða síslu", skrifaði hann Jóni bróður sínum 16da maí 1843.[13] Á því ári losnuðu nokkrar sýslur á Íslandi, til að mynda Norður-Múlasýsla og Rangárvallasýsla, en þær voru með tekjuhærri sýslum. Brynjólfur sótti um þær báðar 23ja febrúar 1844.[14] Umsækjendunum um sýslurnar var raðað niður og samin greinargerð um menntun þeirra og hæfni. Í umsögninni um Brynjólf er farið viðurkenningarorðum um þekkingu hans og starfshæfni.[15*]

Brynjólfur gerði sér ekki háar vonir um að fá Rangárvallasýslu, ef marka má bréf hans til Jónasar 10da apríl 1844, en þar farast honum orð á þessa leið:[16] „Jeg hafði valla við því búist, að rentukammerið mundi innstilla mig til Rangárvallasýslu. Samt gjörðu þeir það, og gjörðu það vel. En úr því so var komið, bjóst jeg ekki við að konungur mundi fara sjer. En það er nú líka komið fram, og það á þann hátt, sem jeg hefði sízt hugsað, því hann er nú búinn að veita Magnúsi Stephensen Rangárvallasýslu, en hefur um leið, til að bæta upp aptur við Rentuk. að hann hefur gengið fram hjá mjer, gjört mig að sýslumanni í Skaptafellssýslu."

Þetta voru Brynjólfi veruleg vonbrigði. Honum var illa við þetta „skikkunarbrauð", sem hann hafði ekki beðið um, en hann átti ekki margra kosta völ. „Jeg *verð* að taka móti því bæði vegna ástands míns, og til að gjöra ekki konung æran", sagði hann í bréfinu til Jónasar, sem vitnað er til hér að ofan.

Brynjólfur tók að búast til heimferðar, því að Skaftafellssýsla var veitt honum 9da apríl frá 6ta júní að telja. Hann var farinn að kvíða fyrir Skeiðará, Núpsvötnum og Jökulsánum, en þá varð allt í einu breyting á.

Brynjólfur þurfti hvorki að takast ferð á hendur til að kveðja

[15*] Umsögnin er á þessa leið: „Brýnjólfur Pjetturssøn. Candidatus Juris siden Foraaret 1837 med bedste Characteer for den theoretiske og næstbedste for den practiske Pröve; han er fød i Island; tog de 2*de* første Examina ved Universitetet i Aarene 1829 og 1830 med Characteren Laudabilis og Udmærkelse i flere af de specielle Fag; han har siden stedse stræbt at udvide sine Kundskaber og det islandske litteraire Selskab har i flere Aar valgt ham til Secretair og overdraget ham Udförelsen af flere litteraire Arbeider; han blev for omtrent 3 Aar siden ansat som gageret Volontair i det islandske Contoir under Rentekammeret, efterat han i et Aar havde arbeidet sammesteds uden Gage; i Aaret 1841 foretog han med Kammerets Samtykke en Reise til Tydskland og England. Efter Hjemkomsten har han stadigen arbeidet i det islandske Contoir, hvorhos Collegiet i dets allerunderdanigste Forestilling af 12te April 1842 angaaende Besættelsen af Sysselmands-Embedet for Sneefellsnæs Syssel i Islands Vester-Amt, har givet Supplicanten det Vidnesbyrd, at han med fortroelige Evner og Kundskaber samt fortroeligt Kjendskab til de islandske Forholde forener megen Forretnings-Dygtighed.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Jónas Hallgrímsson né kvíða fyrir vatnsföllunum í Skaftafellssýslu, og það er bezt að láta hann segja sjálfan frá. Hann skrifaði Jónasi að nýju 21sta apríl 1844 og þar á meðal þetta:[17]

„Það hefur skjaldan verið jafnfljótt að snúast veður í lopti fyrir mjer eins og þessa seinustu tíma. Jeg lenti ekki í Skaptafellssýslu á endanum. Nokkrum dögum eptir að konungur var búinn að veita mjer sýsluna, gjerði Lundur boð fyrir mig, og sagði mjer, að þeim þætti það syndsamlegt að útslíta mjer í Skaptafellssýslu, og þeir þættust geta haft betri not af mjer á annan hátt, og bauð mjer því, að þeir skyldu stinga upp á við konung að gjöra mig að Fuldmægtig í Kammerkancelliet (eða rjettara Rentekammerets danske Secretariat) ef Kammerjunker Lerche sem þar væri, yrði Amtsforvalter á Borgundarhólmi. Þrem dögum síðar gjörði konungur mig að Fuldmægtig (en breytti í því „Indstillingen" að hann einungis gjörði mig að „constitueret Fuldmægtig", en lagði aptur 100rd til launanna, so að nú eru þau að öllu samtöldu 800rd). Nú skal jeg seigja þjer er ólukkans mikill munur á, að vera Fuldmægtig í Secretariatinu eða annarsstaðar í kammerinu, og því fæ jeg nú marga öfundarmenn, ekki einungis meðal Kammervolunteuranna heldur og sumra fullmegtugranna (þetta er dáindis fagurt orð) sem fegnir vildu hafa komizt þangað. Peningahagur minn hefði orðið miklu skárri, ef jeg hefði farið í Skaptafellssýslu, en þar sem jeg kjem nú, hef jeg langtum betri „Udsigter" til betra embættis heima með tímanum."

Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Jóni bróður sínum 27da apríl, sagði hann þessar fréttir. Hann batt miklar vonir við þetta nýja starf, og honum var ljóst, að hann var kominn í áhrifastöðu, „því Fuldmægtigen i Kammersecretariatet stendur einsog þú veitst umiddelbart under de Deputerede. Þar hef jeg allar Rentekammerets Stænder-Sager og allar alþingissakir þegar þær koma, og overhoved er Staðan, sú framavænsta undir Rentukammerinu, ef mjer tekst að standa vel í henni (: Jeg veit líka — enn það máttu fyrir guðs skuld engum segja, að sú staða gefur mjer nokkurnveginn vissa von um amtmannsembætti heima með tímanum, ef allt fer í lagi:)"[18]

Rentukammerið gekk frá þessari embættisveitingu eftir miðjan apríl. „Forestillingen" er dagsett 16da apríl, og úrskurður konungs tveimur dögum síðar, eða 18da apríl.[19*] Brynjólfur var þó einungis settur og titlaður „Sysselmand Brynjolf Pjetursson, const. Fuldmægtig."[20]

[19*] Úrskurður konungs er á þessa leið: „Vi ville allernaadigst have Fuldmægtig i Rentekammerets danske Secretariat, Kammerjunker H. G. F. Lerche beskikket til Amtsforvalter paa Bornholm paa de af Vort Rentekammer allerunderdanigst ind-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Jónasi Hallgrímssyni þótti gott að heyra, hvernig þessi mál leystust. „Þetta var fallega af sjer undið, kunningi! jeg „syng og dansa" einsog vitlaus skjepna síðan áðan jeg fjekk brjefið þitt; segi þeir nú það verði skítur úr *öllum* Fjölnis feðrum; nei nei kall minn! ekki nema í mesta lagi helminginum; heilsaðu Konráði mínum ástsamlega frá *mjer*. Guði sje lof að þú ferð nú að minnsta kosti ekki í helvítis jökulárnar austur á lands enda; ó hvað jeg hef specúlerað í þjer í dag Brínki, og ekkjert þókt að neinu, nema að móðir þín góð fjekk ekki að lifa þángað til núna í sumar. Fyrsta verkið mitt verður nú að breiða út til fólks heíma að þú megir þín svo mikið hjá stjórninni, að — að, — ó hvað þeir skulu reka upp stór augu! Sjálfur þarftu nú ekki annað að gjera enn blessaður að láta liggja vel á þjer svo heilsan batni enn meir og þú getir lifað enn leingur; jeg á vest með fýluna hún vildi fegin gjera útaf við mig".[21]

Jón Pétursson vék einnig að framtíðarhorfum Brynjólfs í bréfi, sem hann skrifaði 1sta október 1844 með þessum orðum:[22] „Nú vík eg máli mínu til þín, elsku bróðir! og held eg að þú ættir aldrei híngað að koma, nema ef þú gætir orðið Amtmaður, eg held þú ættir að halda áfram á þessum vegi, sem þú ert kominn á og með tímanum sjá, hvort þú eigi getur orðið þarna ytra Deputeraður, (þó mun það vart geta orðið) sem Jón salaði Eyríksson, því svo gætir þú gjört Islandi best gagn. Danskri stúlku vænni ættir þú víst að gipta þig; mér lítst lángtum verr á þær íslendsku í Almindelighed... Guð gæfi að þú gætir komist í þá stöðu, hvar þú gætir virket til Islands Gavns, sem best. —"

Það voru fleiri en vinir og ættingjar, sem fögnuðu frama Brynjólfs og bundu vonir við hann, til að mynda skrifaði Jón Sigurðsson Páli Melsteð yngra 18da júní 1844 og sagði:[23] „Brynjólfur kallinn er í kammercancellíinu og er þar einskonar Contoirchef, þó sem Fuldmægtig að nafni; hann á nú að fá alþíngismálin, og vænti eg að þau hafi gott af að komast í hans hendur, ef meðferðin á Íslandi verður ekki lakari."

Brynjólfur fékk brátt nóg að starfa í þessu nýja embætti. „Mjer líður dáindis vel, elsku bróðir! og þó jeg hafi haft ósköp að gjöra síðan jeg skrifaði þjer seinast, og stundum ekki komið í sæng á næturnar, hefur heilsan samt, guði sje lof, verið góð. Og nú ljettir bráðum

stillede Vilkaar, og ville Vi have den til Sysselmand for Skaptefelds Sýssel udnævnte Candidatus juris Brynjolfur Pjetursson constitueret som Fuldmægtig i Kammerets danske Secretariat med en aarlig aldeles afkortningsfri Gage af 600*r* Sølv, samt 200*r* Sölv for Bogföring i Anledning af de Udgifter, som anvises gjennem Kammeret, samt med Fritagelse for at overtage de med Regnskabsföringen for Rentekammerets danske Sportelkasse og Fattigbøssen forbundne Forretninger; — "

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

á mjer nokkuð annríkinu, því nú eru allar Stændersager búnar", skrifaði hann Jóni bróður sínum 27da júlí 1844.[24]

Brynjólfur var „udnævnt til Fuldmægtig i Rentekammerets danske Secretariat" 25ta apríl 1845.[25] Unsgaard, depúteraður í 1stu deild rentukammersins samdi „Forestillingen".[26*] Hann lauk miklu lofsorði á Brynjólf fyrir skyldurækni og dugnað, enda þótt Brynjólfur héldi, að það væri þykkja í honum í sinn garð undir niðri. Launin voru eins og áður 800 dalir á ári. Þessi „Forestilling" er dagsett 24ða apríl, en konungsúrskurður degi síðar.

Brynjólfur var ekki eins handgenginn málefnum Íslands í þessu starfi og meðan hann var starfsmaður í skrifstofunni, sem fór með málefni Íslands. Starfsvettvangur hans varð miklu víðfeðmari, þar sem skrifstofan lagði málin fyrir „Collegiet" og konung.[27*]

Snemma árs 1846 losnaði skrifstofustjóraembættið í skrifstofunni sem fór með Íslandsmál, þar sem Brynjólfur hafði unnið sem sjálfboðaliði. Brynjólfi lék hugur á að hreppa það embætti, en það var ætlað fulltrúanum, sem þar hafði unnið, svo að hann þagði eins og fiskur, en hann taldi, að þessi umskipti mundu tæplega verða til bóta fyrir málefni Íslands.[28]

Brynjólfur var sjaldan við fulla heilsu, eftir að hann varð starfsmaður hjá rentukammerinu, þó að hann gegndi jafnan störfum sínum. Sumarið 1846 var hann sér til heilsubótar úti á heilsuhælinu Klampenborg, sem Jón Hjaltalín veitti forstöðu. Brynjólfur var þar í 5 vikur, en var þó við störf sín á daginn, enda hlaut hann lítinn bata.

Hann var gjörður að kammerassessor 22an janúar 1847. Svo er að skilja, að hann hafi ekki verið neitt upp með sér af nafnbótinni, ef marka má ummæli hans í bréfi til Jóns bróður síns 18da marz 1847.[29] Þess gætir einnig í bréfum hans frá þessum árum, að hann gerðist óánægður yfir því að fá ekki betur launuð embætti og í meiri tengslum við Ísland og mál þess og hafði einkum augastað á amtmannsembættunum, þegar þau losnuðu.

[26*] Þar farast honum m. a. orð á þessa leið: „Pjetursson har siden den Tid forestaaet den foranførte Fuldmægtigpost til Collegiets fuldkomne Tilfredshed og aflagt saadanne Prøver paa Forretningsduelighed og Iver for at opfylde sine Kaldspligter, at man maa særdeles ønske, at han fremdeles kan vedblive at arbeide umiddelbart under Kammeret, hvortil han ogsaa selv har yttret sig tilbøielig".

[27*] *„Rentekammerets danske Secretariat.* Generalia, alle Sager angaaende Collegiet og de under samme umiddelbart sorterende Betjente, saavelsom Forestillinger til Hs. Maj. Kongen om Embeders Besættelse, Lovgivningssager, Udfærdigelsen af Bestallinger og Bevillinger og Confirmation paa disse, Registraturen over samt Opbevaringen af de kongl. Resolutioner og Rescripter, Collegiets Sportelkasse og Fattigkasse".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

EINKAMÁL

„Jeg gét ecki geymt mér ad recommendera þér Ceceliu á Hólum (ef þú ecki hugsar uppá Fr: Einars),hun er ad minu Ályti eda verdur einhvör sá besti Qvennkostr ad minsta kosti héri Nordr Amtinu og þo vídar væri leitad, og þad sem mer þókti ad henni var ubetydeligt, ɔ: hun var ofrjód, og máské ecki eins pólerud og Kjobenhavnere; vænsta Stulka ad allra Sögn, þetta er og mitt Alyt eftir modent Overlæg; hvad þu gjorir rædur þú, en viljer þu gefa mér í Commission að bidja hennar handa þér, skal eg takast þad á hendur, enn ecki nema med utþrykkilegri Fullmakt í Brefi til min, sem eg verd ad geta synt; ecki held eg þó radlegt ad tiltaka hve mikla peninga þú villt hafa, heldr einkumm udhæve þá gódu Afspurn Stulkunnar, Foreldranna etc og, ad þu sért hræddur umm, ad þeir taki hana frá þér, sem ogsvo brádumm mun verda. — En sért þú búinn ad binda þig annarstadar — er ei þetta Tiltökumál, og þetta hefr mér skilist á þín[u]m seínustu Bréfumm; betri synist mer þessi Qvennkostr enn allir þeir sem þu nefndir í Vor. —“[1]

Þetta skrifaði Pétur Pétursson Brynjólfi bróður sínum á jólaföstunni 1835. Pétur var þá aftur kominn heim í foreldrahús að loknu námi og var að svipast um eftir brauði, því að hann staðfesti ráð sitt 17da nóvember þetta haust.

Af framanskráðu sést, að Pétur var tekinn að huga að konuefni handa bróður sínum, og þau mál hafa verið til umræðu í bréfum þeim, sem á milli þeirra fóru, eftir að Pétur fór frá Kaupmannahöfn, og Brynjólfur hefir haft hug á Jórunni, dóttur Ísleifs Einarssonar á Brekku, en hún mun hafa verið kölluð „Fr. Einars“. Jórunn var fædd 14da maí 1816. Hún varð síðar kona Páls Melsteðs sagnfræðings og kemur hér ekki meira við sögu. „Cecelia“ á Hólum var elzta dóttir séra Benedikts Vigfússonar á Hólum í Hjaltadal, fædd 25ta júlí 1820. Faðir hennar var góðvinur gamla Péturs á Víðivöllum og prófastur Skagfirðinga, þegar þetta var. Hann var talinn efnaðastur manna á Norðurlandi.

Um þetta leyti var Brynjólfur orðinn allskuldugur. Faðir hans lét hvern sona sinna fá 1000 dali til háskólanáms,[2] en það fé var víst löngu eytt og skuldheimtumennirnir á hverju horni, svo að nú átti að grípa til þess ráðs að afla sér fjár með auðugu kvonfangi. Hér var samt úr vöndu að ráða, því að síðar í sama bréfi segir Pétur svo frá:[3] *„Cammerád Sysslumadur Skúli* ætlar ad sækja umm lausn frá Embætti eptir þvi sem madur frá Stadarfelli ad vestann sagdi hér umm Daginn; þessi madur fór nordur og kom med Bréf frá Boga Bene-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

dictsen til Födur ockar, þari ítrekar hann Bónorð sitt til þin fyrir Hönd Dóttur sinnar R. og géfur med ljósumm ordumm tilkynna, ad hun se *sterbendes forliebt* í þér sidann þú sást hana fyrir Sunnann (í Reykjavik);[4]* máské þér lytist nu þad? og sækja svo umm Sysslu Skula; þad væri held eg ecki af vegi NB. ef þér hefr lytist á Stulkuna. M. Olsen beiddi hennar í fyrra Sumar en féck Repuls ɔ: af Stulkunni en ecki Foreldrunumm. Þó hefdi eg heldur tekid Jomfru Ceceliu á Hólum afþví eg ecki þekki hina, S*ra* Benedikt er nu ordinn prófastr ockar, sá ríkasti á Norðurlandi. Sat de his." Og í þriðja sinn kom Pétur að þessu í bréfinu og sagði: „Væri eg í þínumm Sporumm kjæmi eg nu enn i Sumar eptir aflokid Examen, væri á Vidivollumm og gjördi þadann mínar Excursionir, ad skoda Stulkurnar og útvega mér Peninga jafnframt; því eg gjöri rád fyrir, ad þu ljúkir þér af í Vor. —"

Í þessum bréfköflum er drepið á ýmislegt, sem ekki er frekar vitað um, svo sem kynni þeirra Brynjólfs Péturssonar og Ragnheiðar Bogadóttur á Staðarfelli. Hún var 21 árs, þegar þetta var, fædd 7da júní 1814. Af prestsþjónustubókum má ráða, að hún hafi dvalizt á Ísafirði á þessum árum, en hvenær fundum þeirra Brynjólfs hefir borið saman, vita guðirnir einir.

Í bréfi, sem Pétur skrifaði Brynjólfi 26ta maí 1836, tók hann upp þráðinn að nýju frá síðasta bréfi og sagði:[5] „Jómfru Cezelia er ennþá, þad eg tilveit ótrulofud, hvad leingi sem þad nu verdur, þad er víst vænt Qvennmans efni, þó hun sem Barn, ennþá máské ecki sé ordinn sem fullkomnust í ad skrifa, sauma etc."

Síðar í bréfinu vék Pétur að nýjum miðum og sagði: „Á Miklabæ stendur allt vid sama; Jómfrurnar þar standa Þér gandske og aldeles til Tjeneste —". Hér á Pétur við dætur séra Jóns Jónssonar á Miklabæ. Jón var aðstoðarprestur séra Péturs á Víðivöllum, og elztu dætur hans, Margrét, Ragnheiður og Björg, voru litlu yngri en Brynjólfur og þekktu hann frá blautu barnsbeini.

Í lok bréfsins kom Pétur svo að nýrri fjárvon fyrir Brynjólf: „Sigurdur gamli í Krossanesi væntir eptir Bréfi frá þér og fornærmadist í Vetur, ad hann eckert féck med póstskipi, en eg sagdi hönum þu hefdir fyrir 1/2 Klt: verid buinn ad fá Bréf hans þegar postskipid fór og hefdir því ej gétað skrifad, en bedid mig ad bera hönum kjæra Qvedju þína; Nu er sagt sé kominn Uppstytta í hann vid Jón Hallsson svo ei muni verda af Fjórdungsgjöfinni til hans; nu ættir þu ad smída ámedann Járnid er heitt. —" Sigurður Jónsson hreppstjóri í Krossanesi var vel fjáður og hniginn að aldri. Hann hafði mikið dá-

[4]* *fyrir sunnan* er skrifað fyrir ofan orðin í svigunum, e. t. v. sem leiðrétting.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

læti á Brynjólfi og studdi hann fjárhagslega. Seinna arfleiddi hann Brynjólf, eins og síðar verður frá greint.

Því miður eru öll bréf Brynjólfs til Péturs glötuð frá þessum árum, svo að lítið er hægt að vita um hug hans í þessum málum, nema hann hefir látið að vilja bróður síns, og séra Benedikt hljóp þegar undir bagga fjárhagslega, eins og sjá má af bréfi frá Pétri til Brynjólfs 26ta ágúst 1836, en þar segir:[6] „Vid Sra Bened: taladi eg í morgun sagdist hann hafa sent Anviisningu med Nisson svol. ad þu hefdir peningana i Terminum, ecki afþvi, ad hann heldi þu eiddir þeim, heldur hinsvegna, ad þegar landar vissu, ad þu hefdir peninga, mundu þ[ei]r ecki láta þig i Ronni og þu ecki standast Áleitun þeirra. Þu ættir helst að hjálpa Joni, ef þu værir aflagsfær, annars mun þér ecki veita af þeim sjálfum, ef þu kynnir ad veikjast i Vor svo þu nædir ecki Examíni, sem eg þó vona ecki verdi. Sra B. sagdist heldur vilja þu bidir til Vors ef þu ecki þæktist viss með Laud".

Þessu bréfi lauk með fjálglegri lýsingu á hinu fyrirhugaða konuefni: „Mikid held eg sje varid í Jomfru C . . . . . og besta Ord fær hun af öllum, hun synist hafa mikid Receptivitet fyrir aandelig Kjærlighed, en hun er halfudsprungen Knop endnu; hun er rétt falleg i Vexti, en nokkud feit sem þó mun strax mínka vid Giptingu; þad er heldr ecki til líta; stór Augu blá falleg, litaskipti eru nokkud snöggleg, ɔ: Overg[an]gen frá þeim rauda til þess hvíta, en þad kémur af Æsku; Fadir hennar sagdi, hun væri gudhrædd vel og gjedstilt, en hefdi þó gjed til og hann hefur sagt þad einsog þad var; hann sagdi hana vantadi Dannelse, því hann hefdi alitid naudsynlegt ad kenna henni Isl. Buskap fyrst; þó skrifar hún, saumar vel og skilur Dönsku; hun á ad perfectionerast i öllu þessu i Vetur; hun hefur dáfallega Hönd, nokkud þykkva: Sakleisi og næm ɔ: fiin Fölelse lysir sér á öllu hennar Vidmóti; "

Meðal eftirlátinna bréfa og skjala, sem skiptarétturinn tók til athugunar, voru vasabækur Brynjólfs, þar sem hann hélt nákvæman reikning yfir fjárreiður sínar. Hann hafði fært inn í þær nöfn lánardrottna sinna, en þar er þetta peningalán ekki fært til bókar. Af bréfum Péturs bróður hans má ráða, að hann hafi haft úti allar klær að útvega honum fé, þó að misjafnlega gengi. Sá galli er á bókfærslu Brynjólfs á skuldum hans, að þess er að jafnaði ekki getið, hvenær til þeirra er stofnað, en um þetta leyti urðu nokkrir til að lána Brynjólfi fé, svo sem síðar verður frá greint.

Bréfin sem fóru á milli þeirra bræðra, Brynjólfs og Péturs, á þessum árum eru öll glötuð, þegar þessu sleppir. Hins vegar eru til bréf frá Pétri til Jóns bróður þeirra, og þar er vikið að meyjamálum Brynj-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ólfs, til að mynda skrifar hann 19da september 1836[7] „. . . . eg hefi haft mikid Ummstáng fyrir hann í Sumar, sem Dr: veit, ad eg ecki tel eptir mér, þó meira hefdi verid; eg fremur gledst mikil. afþvi ad Utfallid vard svo gott og verdr hönum til sannrar lukku ef hann kann rétt med ad fara; sem eg vona hann gjori. C. er sérlega væn Stulka, vidkvæm og gód; en er nu ad fullkomnast, tel eg þann mann heppinn sem hana hlytur. En — hvad á ad gjöra vid S*ra* J.[8*]— hann hefur utvegad Br. Penínga og verdur nu uppvægur, þvi hann gjörir vist Rád fyrir, ad B. egi Marglittuna, þvi þad gengr þadann trui eg staflaust, ad þau sjeu trulofud nl. gamaltrulofud ur Ørkinni; sem eg þori ad sverja er ósatt, eg er viss umm Br. hefur aldrej litid vid henni, þvi sídur meira; eda hvad segir hann sjalfur til þess, eg vildi heldur ej ad svo væri."

Í vasabók Brynjólfs stendur eftirfarandi greinargerð um 100 dala skuld við séra Jón á Miklabæ. „Sú skuld hefir staðið rentulaus í mörg ár, og Sjera Jón seígist ekki vilja hafa neínar leigur, enn að jeg skuli borga, þegar jeg eigi hægt með." Þessi skuld var greidd snemma árs 1847 af arfahluta Brynjólfs eftir Sigurð gamla í Krossanesi.[9]

Lesandanum dettur helzt í hug, að „Marglittan" sé Margrét, elzta dóttir séra Jóns á Miklabæ, þau Brynjólfur voru mjög jafnaldra, og hún var ógefin í föðurgarði 26 ára gömul, þegar þetta var. Hver svo sem undirmálin hafa verið milli þeirra Brynjólfs og séra Jóns í sambandi við þessa 100 dali, sem Brynjólfur fékk lánaða, þá hélzt einlæg vinátta milli þeirra á meðan Brynjólfur lifði og í bréfasafni Brynjólfs eru varðveitt 18 bréf frá séra Jóni, sem vitna um, hvern hug séra Jón bar til þessa gamla nágranna síns.

Það má lesa á milli línanna í bréfi Péturs til Jóns, sem áður var vitnað til, að Brynjólfur hafi verið á báðum áttum í meyjamálunum, því að Pétur kemur enn að þeim og segir: „Eg vik aptur til Br: Br: m., þvi mjer liggur þad svo þungt á Skapi, eg vona hann haldi stadfastl. áframm med þad sem hann hefr byrjad, þad væri lika Sind annad, þvi Stulkann er svo væn og hann gjetur skapad hana eptir sinu Höfde öldungis; þad er árídandi fyrir mann ad gjöra ecki Stulkr ólukkulegar med Kjærligheds Affairer; Br. er lika svo vænn eg veit hann gjörir þad ecki og svo skinsamur, ad hann hefur vit á ad meta lukku sína einsog verdt er." Á eftir kom svo nákvæm lýsing á konuefninu, sem „er dáindis falleg, og mikid falleg þykir öllumm hér hun; hun hefur vist mikid Receptivitet for Kjærlighed eda de blidere Fölelser, þad er audsjed á hennar bláu, stóru serl. fallegu Augumm. Fas hennar er ecki lagad eptir den store Verden, en þad hefr samt einhvörja

[8*] Það hefur verið skrifað ofan í stafina C, S*ra* J. með X, Z og Y.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Tilfinning umm innvortis Værd og Stadfestu; hun er nokkud fyldig af Legems Bygning, med frída Hönd nokkud þykkva, gjedgód, stilt, falleg í Máli, en hefur vist Skap; þetta held eg þjer leidist, eg hefdi att að skrifa Br. þad, . . .“

Svo er að skilja orð Péturs, að Brynjólfur hafi verið tregur í taumi í þessum kvonbænamálum, hvað svo sem valdið hefir. Eitthvað hefir Brynjólfur fært þessi mál í tal við séra Tómas Sæmundsson, því að í bréfi, sem Tómas skrifar honum 20sta febrúar 1837, segir svo:[10] „Mein var að því, að þú gazt ekki tekið examen í haust og náð í aðra hvora sýsluna, sem laus er, því varla svarar það kostnaði fyrir okkur að tefja lengi í Danmörku eftir það; því flestum verður það útdráttarsamt og mörgum vegurinn til að komast í óendanlegt skuldavafs, sem manni veitir erfitt að losast við hérna fyrst í stað, því hér þarf svo margt fyrst, til að koma sér laglega fyrir. Líka fer maður þá helzt „að læra slánaskap á billardhúsum“ eður slá sér lausum, þegar maður ekki er bundinn við neitt, og verður manni fyrir það að vilja hafa meiri kostnað, því alt af hindrar mann efnaleysið þegar hingað er komið, og ástundi maður ekki því betur að verja tímanum sér til framfara, má þó kaupa nokkuð af bókum sér til skemtunar smátt og smátt eður alt í einu fyrir það, sem eins árs vera í Kaupmannahöfn hleypur. Mér sýnist, [að sú] ætti að vera reglan okkar allra, að komast inn í embættin svo fljótt sem við getum; það verður, skaltu sanna, til d[r]júgstu framfaranna og líka til mestrar uppbyggingar landinu. Ekki lýti ég neinn fyrir það, þó hann fari nokkuð að ríkidæmi, þegar hann er að gifta sig, en hægast eiga þó sýslumenn af öllum með að gera það að „Smagsag“, og vildu þeir vera svo sem 2 eða 3 ár heima lausamenn, má vera búið að leggja upp æði stóra heimanfylgju; forliebelsen hverfur skjótt, en vináttan dregur drjúgast, sem á góðu kostunum er grundvölluð. Þú áttir samt ekki, né þið Jónas, að segja mér neitt um trúlofanir, því nærri má geta, að það sé ekki nema til þess að kvelja mig, fyrst ég ekki fæ að vita hver það er, og þú fer og þess vegna á mis við mín heilræði í því efni, sem þó eru nokkurs virði.“

Brynjólfur virðist ekki hafa gert mikið með ráðleggingar Tómasar, og það fór eins og Tómas sagði fyrir um, að hann komst í „óendanlegt skuldavafs“, sem fylgdi honum til æviloka.

Brynjólfur bjóst til Íslandsferðar að loknu prófi vorið 1837 og náði heilu og höldnu heim til föðurhúsa. Gísli Konráðsson sagnaritari segir frá komu hans í Sögu frá Skagfirðingum á þessa leið:[11] „Brynjólfur Pétursson, bróðir Péturs prests, kom út um sumarið, ok settist at á Víðivöllum hjá foreldrum sínum, reið hann brátt til

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Mælifells, ok litlu síðar heim at Hólum á fund Benedikts prófasts Vigfússonar, ok vissu fáir um eyrindi hans. Á engjaslætti reið hann vestur at Helgafelli at finna Pétr prest, bróður sinn, ok með honum Sigurðr Arnþórsson stúdent á Víðivöllum, mágur þeirra bræðra. Dvöldu þeir með Pétri presti nokkra daga í góðum fagnaði, ok gengu þeir jafnan upp á Fellið um daga, ok þótti þeim skemmtilegt. Reið svo Brynjólfur norður aptur til Skagafjarðar, ok bjóst til utanferðar með Nitsson kaupmanni; enn áður enn hann færi, bað hann Sesselju dóttur Benedikts prófasts, tók prófastur því vel, og hjet honum mærinni, lánaði honum þar með 400 specíur til farareyris; ljet hún sjer þetta vel líka, fór svo Brynjólfur utan."

Þannig hljóðar frásögn Gísla Konráðssonar. Það mun helzt við hana að athuga, að honum hefir ekki verið fullkunnugt um þátt Péturs í undirbúningi þessa máls, en þetta er eina heimildin um þá fjárupphæð, sem Benedikt lét Brynjólf fá í hendur.

Pétur Pétursson yngri var orðinn prestur á Helgafelli, þegar þetta bar til. Hann skrifaði Jóni bróður sínum til Kaupmannahafnar og byrjaði bréfið 3ja ágúst 1837 og segir þar:[12] „Fyrir skömmu féck eg bréf frá Brinjulfi Bródur ockar, var hann þá fyrir einumm degi kominn ad Vidivöllumm og hafdi geingid Ferdinn allvel; . . . eckert hafdi hann utásad sig og ecki vissi hann, hvört hann mundi géta komid hingad vestur í Sumar vegna Hestaleisis. Þad gremst mér, hér er skrafad, hann hafi bedid beggja Stadarfellis Systranna, sem eg veit hönum hefr ei komid til Hugar;" Pétur hélt svo áfram með bréfið 28da ágúst og segir þá: „Hérvid hætti eg á deginumm Besti Brodir! afþvi eg þá eckert hafdi ad skrifa umm. Sídann komu Br. og Sigurdur Arnorsson hingad og dvöldu hér 5 Nætur, æ þad var svo stutt; . . . Br. Br. ockar, sem ætlar ad sigla med Nisson, segir Þér allar Fréttirnar, ef hann kémst klaklaust til Hafnar, sem eg vona Gud géfi."Síðar í bréfinu segir Pétur: „Ecki er Br: réttvel ánægdur med Cez: sem ecki er nema Vitleisa, þvi vid nákvæmari þeckíngu er hun elskværdig, en í fyrsta Aliti ecki svo fasfalleg. Gódsemd og digdir gjöra mest til Hjónabandsins Lukku."

Það átti ekki fyrir Brynjólfi að liggja að reyna „Hjónabandsins Lukku". Þeir bræður, hann og Jón, fengu bréf frá Pétri bróður þeirra skrifað vestur á Helgafelli 7da október 1837. Þar segir Pétur:[13] „. . . . eg fór nordur umm Gángnatímann ad finna ockar Ástvini á Vidiv. og Flugum. lifdu þá allir vid bærilega Heilsu; ecki kom eg ad Hólum, yngsta dóttir S*ra* Benedicts lá veik."

Þegar Brynjólfur las þessar línur, höfðu meiri tíðindi gerzt á Hólum, og Gísli Konráðsson segir svo frá þeim í Sögu af Skagfirðingum:[14]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

„Kristín yngsta dóttir Benedikts prófasts á Hólum sýktist og deyði, lögðust þar á eptir hinar dætur hans báðar. Ljet þá prófastur sækja Eggert Jónsson lækni á Akureyri, ok vann hann ekkert á til bata þeim systrum, ok deyði Sesselja fyrstu vetrarnótt, tveimur stundum fyrir dag. Hún var efnileg á vöxt ok at nokkru fögur álitum; hafði einn maðr því fyrir henni spáð, at ei mundi hún gömul verða, ok kveðið um nokkrar stökur, ok er þetta ein:

Flest er hátt í heimi valt,
hnígur þrátt að foldu,
hringsól dátt með hrósið snjallt,
hún fer brátt í moldu.

Gjörði prófastur útför dætra sinna at sið höfðingja ok söng yfir Sesselju Hannes prestur á Ríp . . . (Benedikt) keypti legsteina stóra í Kaupmannahöfn, ok ljet leggja yfir dætur sínar í Hóla kirkjugarði, líka gaf hann eptir biðlum dætra sinna peninga þá alla, er hann hafði þeim lánað ok áður er getið." Dánardagur Sesselju var 20sti október og banameinið var taugaveiki, sem lagði hana í gröfina aðeins 17 ára að aldri.

Nú veit enginn, hvernig Brynjólfi varð við, þegar honum barst þessi fregn, eða hvenær hún barst honum. Tæpum 9 árum seinna varð Konráð Gíslason fyrir sömu raun og tók missinn svo nærri sér, að hann varð ekki mönnum sinnandi. Í bréfi, sem Konráð skrifaði Brynjólfi 2an ágúst 1846 frá Þýzkalandi, var honum þungt í skapi, og þar hrutu þessi orð úr pennanum:[15] „Þið munuð vera sælli, sem eruð svo mikils verðir að þið getið ekki elskað neitt fram yfir ykkur sjálfa, eða (rjettara að segja) nema Ykkur sjálfa, og jeg mundi vera farsælli enn jeg er, ef j[e]g gæti öfundað Ykkur." Það er ekki gott að segja, hvað Konráð er að fara, en vel má láta sér detta í hug, að Brynjólfur hafi brugðizt öðru vísi við meyjarmissinum en hann. Í Skírni 1839 birtust eftirmæli eftir þær systur á Hólum. Þar á meðal var þetta kveðið eftir Ceciliu:[16]

Til foldar hníga
hin fögru blóm
alda jafnt
og aldina;
en hreinar sálir
til himins hverfa
og lifa æ við unað.

Vinum Brynjólfs var fullkunnugt um allt þetta mál. Í bréfi, sem Kristján Kristjánsson skrifaði Brynjólfi 3ja marz 1842, var séra Benedikt kallaður „teingdafaðir þinn í núliðinnar tíðar formi."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Jónas Hallgrímsson skrifaði honum frá Reykjavík 8da október 1841 og sagði honum frá ferðum sínum. „Við Sigurður urðum síðan samferða ifir Heljardalsheiði, og svo sá jeg leiði unnustu þinnar á Hólum."[17]

Benedikt Vigfússon fékk hinar mestu mætur á Brynjólfi. Í bréfasafni Brynjólfs eru varðveitt 32 bréf frá honum frá árunum 1841–51, sem bera því vitni, að séra Benedikt bar hag og veg Brynjólfs mjög fyrir brjósti. Til að mynda eggjar hann Brynjólf „ad taka á ny Examen practic: so nædud þér í því fullum Character stædi ydur opinn Vegur til Assessors Emb: hér, edur líkrar Befordríngar," skrifaði hann 9da febrúar 1842.[18]

Séra Benedikt var Brynjólfi hin styrkasta stoð í framboðsraunum hans. Hann fór ekki á kjörþing vorið 1844, „þegar eg hafdi aungva vissa von umm, komu ydar til landsins á nærstl. Vori gafst mér ej Færi á, ad velja ydur, enn á aungvum ödrum hafdi eg þartil augastad", skrifaði hann Brynjólfi 24ða janúar 1845.[19] Hann lét ekki þar við sitja, þegar leið að næstu kosningum og Jón Samsonarson alþingismaður fór að undirbúa jarðveginn með fundahöldum, snerist séra Benedikt þannig við, eftir því sem hann segir: „ad eg var svo framm-hleípinn í hausted leíd, ad rádleggja hönum bréflega, ad losa sig vid alþíngismálefna vandann, — eíns og þér af vidlagdri Afskrift þóknanlega séd getid — sem hönum mun ej hafa velgedjast medframm vegna þess, ad hann hefir ej þad sama Álit á hæfilegleíkum ydar til, ad koma aptur í sinn stad, sem eg lét hönum í ljósi". Þannig skrifaði séra Benedikt 9da febrúar 1847.[20] Þetta varð þó allt til einskis, svo sem síðar verður frá greint.

Þess er áður getið, að Brynjólfur hafi haft nákvæmt bókhald yfir fjárreiður sínar. Vasabækur hans eru fullar af upplýsingum um skuldamál hans og fjármálaviðskipti. Ein þessara vasabóka virðist ná yfir tímabilið frá 1843–1848, þar sem hann færir til bókar nöfn lánardrottnanna og upphæðina, sem hann skuldar, og afborganir af skuldum. Á eftir koma svo heildarreikningar yfir skuldirnar, sem ná fram til ársins 1849.

Elzta skuldin, sem færð er inn í bókina, er 60 dalir frá árinu 1834, og það var séra Guttormur Þorsteinsson á Hofi, sem lánaði féð. Brynjólfur hefir skrifað svohljóðandi skýringu við þetta lán:[21] „Faðir minn sæli hafði beðið sjera G. að lána mjer þessa peninga 1834, og veit jeg ekkji, hvort hann hefur borgað þá eða ekki.

Nú dreg jeg þá út úr því jeg hef ekki verið krafinn til 1845."

Aðrar skuldir frá háskólaárunum eru sennilega 100 dala skuld við séra Jón á Miklabæ, sem áður er getið um, 90 dala skuld við

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Þórð Jónasson, sem seint gekk að greiða upp, 100 dala skuld við Tómas Sæmundsson og ekkju hans. Þá hefir Brynjólfur fengið 75 dali hjá Jens Benedictsen með þeim skilmálum, að Jens „hafði sagt til mín, jeg skyldi ekki borga, firr enn jeg væri orðinn síslumaður". Þessa skuld hafði Brynjólfur greitt upp haustið 1846. Brynjólfur Bogason í Flatey hafði lánað honum 50 dali, sem ekki er frekar vitað um.

Áður er getið um þann fjárstyrk, sem Brynjólfur fékk hjá séra Benedikt á Hólum, en svo er að skilja, að það hafi ekki verið nóg, því að í bréfi, sem Sigvaldi Snæbjarnarson prestur í Grímstungum skrifar honum 12ta febrúar 1841,[22] krefur séra Sigvaldi Brynjólf um 200 dala skuld. Brynjólfur hafði fengið þetta fé lánað hjá Magnúsi bróður séra Sigvalda, „ádur þér sigldud hedann frá landi í sidara sinni," segir í bréfinu. Nú var Magnús andaður, og Þóra gamla á Víðivöllum hafði greitt 50 dali til útfarar Magnúsar. Hún hafði verið í vitorði með Brynjólfi við þessa lántöku, en þau virðast hafa farið bak við Pétur gamla með þetta, þangað til hann var krafinn, þegar dánarbú Magnúsar var skrifað upp, en þá færðist Pétur undan að greiða skuldina. Þegar bið varð á, að skuldin yrði greidd, skrifaði Lárus Thorarensen sýslumaður Brynjólfi og krafði hann um skuldina í bréfi dagsettu 24ða ágúst 1841. Brynjólfur náði samkomulagi við málsaðila um greiðsluna, því að hann hefir skrifað í vasabókina: „Sjera Sigvaldi í Grímstungum hefir lofað, að sú skuld mætti standa þangað til jeg ætti hægt með að borga.

Þessa skuld borgar Sjera Sigurður mágur minn af arfi Sigurðar í Krossanesi".[23]

Það er ekki hægt að segja með fullri vissu um, hvenær þetta lán var tekið, því að orðalagið bendir helzt til haustsins 1831, en það er ósennilegt, að Brynjólfur hafi þá þegar verið kominn í slíka fjárþröng, að hann hafi tekið lán án vitundar föður síns, en á hinn bóginn virðast þær aðstæður hafa verið fyrir hendi sumarið 1837. Samvizkan virðist hafa ónáðað hann vegna þessarar skuldar, því að hann segir í bréfi til Jóns bróður síns 12ta maí 1846:[24] „Skuldin til erfingja Magnúsar heitins Snæbjarnarsonar yrði þar á ofan að vera sú fyrsta sem jeg greiddi, ef nokkuð rýmkaðist um fyrir mjer, því mjer svíður það ekki lítið, að þar kunna fátæklingar að gjalda mín."

Ef marka má frásögn Gísla Konráðssonar af fé því, sem séra Benedikt lét Brynjólf hafa í farareyri haustið 1837, þá hefði hann ekki átt að vera fjárhagslega á flæðiskeri. Samt var það svo, að sumarið 1838 fékk hann lánaða 100 dali hjá Þórði Daníelssyni „á Strandmöllen", sem hann virðist hafa greitt,eftir að hann var orðinn yfir-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

maður í íslenzku stjórnardeildinni, því að þá hverfur skuldin af skuldalistanum.

Lánið frá Þórði Daníelssyni entist ekki lengi, því að haustið 1838 fékk Brynjólfur lánaða 500 dali hjá séra Þorgeiri Guðmundssyni, síðar presti á Glólundi. Þessi skuld entist Brynjólfi ævilangt. Hann greiddi ekki einu sinni vexti af henni fyrstu árin, svo að hún var komin upp í 600 dali 1844, eftir það greiddi hann vexti af henni,og síðustu árin gat hann lækkað hana verulega.

Hér verða ekki taldir upp allir lánardrottnar Brynjólfs Péturssonar, en það er marglitur hópur manna frá okurkörlum og upp til virðulegra lánastofnana, en þar í milli voru skósmiður, bóksölumenn, klæðskerar, „Conditorar", úrsmiður að ógleymdum „Kvisti", sem prentaði Fjölni, og er þá engan veginn allt talið hvorki í Danmörku né á Íslandi. Richard Cleasby komst meira að segja á blað hjá Brynjólfi, því að hann lánaði honum 200 dali, sem voru endurgreiddir 1845.

Cecilia Benediktsdóttir hafði ekki legið lengi í gröf sinni, þegar séra Pétur Pétursson fór á ný að svipast um eftir konuefni handa bróður sínum. Hann skrifaði Jóni bróður sínum 9da október 1838 og segir þá:[25] „. . . blessadur reindu til ad koma Br. inn til mín í Vor, svo hann bídi hér þangad til hann fær Embætti; hann kémst í obotnandi Skuldir, en — ómögulegt ad fá Peningalán." Síðan kemur stefið: „Í öllumm Bænumm látid ecki yngstu Dottir Boga gánga úr Greipumm Yckar, hún er sögd falleg, væn og skörpust þeirra Barna,". Þannig vildi til, að Sigríður Bogadóttir frá Staðarfelli hafði siglt til Kaupmannahafnar sumarið 1837.[26] Þau Brynjólfur hafa sennilega sézt þar, því að Pétur segir svo frá í bréfi til Jóns 9da febrúar 1839:[27] „Jómfru Sigridur Benedictsen fór í Haust heim ad Stadarfelli til Foreldra sinna; mælt er, að Sysslum. Haldór Einarsen hafi tvivegis komid þángad sidann í Fyrra sumar í K[v]onbænaferdir, enn muni hafa farid jafn nær, hvört þad er satt veit eg ecki, eg held hun sé forliebt í Brynjulfi, eg hefi talad vid mann sem sagdi hun hefdi blódrodnad þegar á hann var minnst; þid ættud nu ad taka sina Systirina hvör, þá væri Hagur Yckar í besta Horfi og eg held Stulkurnar séu vænar, og hér er nu ekki ordid umm audugann gard ad gresja; Br: gétur bedid Sigridar i Sumar ef hann kémur lifandi inn, enn fyrir þig skal eg fara því á Flot; verst er, ad eg hefi ekki séd Stulkuna, en hun hefur besta ord á sér — einsog bádar þær Systur.—"

Þegar Pétur skrifaði þetta, var fiskisagan löngu flogin, því að Jósep Skaftason skrifaði Jóni Péturssyni 1sta ágúst 1838 og segir:[28] „Heilsadu Brinjúlfi bródur þínum. Er þad satt sem hér gengur staflaust, ad hann sé trúlofadur einni Stadarfells systurinni, sé so,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

gratulera jeg alúdlega.—“ Sennilega á Jósep við Sigríði, því að Ragnheiður gekk í heilagt hjónaband 8da febrúar 1838 og er þar með úr sögunni, en raunar varð þetta aldrei nema umræðan ein.

Nú gerðist það, að séra Pétur missti konu sína Önnu Sigríði Aradóttur 9da maí 1839. Hann sigldi það sama ár til Kaupmannahafnar og varð „licentiatus theologiæ“ 11ta maí 1840, svo að nú voru þeir bræður allir í Kaupmannahöfn, þangað til Pétur sigldi aftur heim til Íslands vorið 1841, og þá var kvonbænaþráðurinn tekinn upp að nýju með nokkrum breytingum, því að Pétur hafði ekki verið lengi heima, áður en hann flutti bónorð sitt við Sigríði á Staðarfelli og fékk hennar, svo að sá draumur rættist á annan veg en búizt var við. Pétur skrifaði Brynjólfi 7da september 1841 og hélt sig enn við efnið:[29] „Eg hefi ádur og nuna skrifad Jóni bródur okkar Ferdasögu mína hingad í Sumar og hvörninn mér sídann hefr vegnad, svo eg nenni ekki ad vera ad skrifa þér þad sama, þó ætla eg ad segja þér frá því, ad eg þann 28*da* f. M. gyptist Jomfru Sigrídi frá Stadarfelli og ad því leiti lídur mér vel (G. s. L.); þegar eg trulofadist henni, þókti mér betra ad fá handa þér Systir hennar Jóhönnu ef kostur væri, heldurenn fara ad bidja Dóttr Síra Olafs, sem eg heirdi sagt væri ófríd, þar hin var bædi lagleg, væn og *afbragds gáfud,* fékk eg Sigr. til ad nefna þad vid hana, enn siálfr nefndi eg þad vid Foreldrana; Stulkan tók því ekki fiærri, enn Foreldrarn[ir] sögdu best ad láta þad bída þángadtil þu kiæmir siálfr; kvad eg þá uppur med Peníngastyrk handa þér og lofadi B . . . . n mér ad lána þér 100 Spec. enn seinna skrifadi hann mér, ad hann giæti þad ekki, enn hvatti mig til ad lána þér af heimannmundi konu m. sem áttu ad vera 1000*rd,* enn þegar til átti ad taka, þá höfdu þessir peníngar verid lagdir inní Felagshöndlun þeirra Brædra og Kolbeinsens, sem nu er sundurleist, svo eg med Naumindumm fékk þad hálfa, þaraf hefi eg bedid Jon ad láta þig fá 100*rd,* sem ad sönnu er ekki neitt, enn Drottinn veit, ad eg gét ei betur af eginn Ramleik; þetta giöri eg bara í Brádina, ef þu giætir haft einhvörn Styrk af því þángad til þu lætur mig vita Fyrirætlan þína, hvört eg á öldungis ad aftala þetta aptur og byrja í Flatey eda annarstadar eda hvörgi; enn ætlir þu ad halda því áframm, verdr þu siálfr ad koma hingad med Vorskipumm, því þad er sá einasti Vegr til þess ad því verdi frammgeíngt og þá færdu ecki einasta vænt Konuefni heldur og ad líkindumm töluverdann Peningastyrk. Eg skal líka reína í Flatey ef þu vilt og heirir, ad Stulkan sé ólofud nu med Haustskipumm; eg vona þad æxlist nu svo til, ad þu fáir einhvörja Syslu vid Fráfall Amtmanns Thorarensens. Konan m. ræður þér til ad halda áframm vid Jóhönnu, enn ekki

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

skaltu bidja Rodemester NB. umm Peningalán eda leita hanns í þessháttar Sökumm. Nái nu þessi Sedill til þín ádur enn Póstskip fer, þá skrifadu mer umm þetta, því eg vil hafa eitthvad víst ad gánga eptir. Þad eru daudans Bágindi hér í Sveitinni vegna Fiskileisis; 120*rd* á eg utistandandi fyrir 2 ár af mínumm litlu Tekjumm; 450*rd* á eg nu í Haust ad klára fyrir þig ɔ: 150*rd* til Clausens og 300*rd* til Sass; af peningumm Konunnar m. ɔ: 500*rd* sem eg nu fæ, hefi eg bedid Jón ad borga Sass 150*rd* enn hitt verdur Magnusen cautionisti minn ad taka."

Þetta bréf ber með sér, að fjárhagur þeirra bræðra stóð höllum fæti, og Pétur ætlaði enn á ný að rétta Brynjólf við með auðugu kvonfangi og augu hans beindust helzt að Katrínu,dóttur séra Ólafs Sivertsens í Flatey. Hún var 18 ára, þegar þetta var. Þetta mál ber síðan mjög á góma í næstu bréfum Péturs. Til að mynda segir hann í bréfi 2an febrúar 1842:[30] „Ef þu hugsar til ad ná i Stulkuna (Jóhönnu á Staðarfelli), verdr þu, hvörninn sem fer, ad koma, því eg hefi heyrt henni sé næst Skapi ad sigla og vid þad ræd eg ekkert; öllu þessu gétr þu nu snuid i Hendi þinni þegar þu ert siálfur kominn; annars skaltu þá ekki leingi gánga eptir henni, því sagt er umm Dottur S*ra* S .... ad hun sé væn, og þarhjá svo vellrík!" Það gerði sitt til, að Pétur vænti þess, að Brynjólfur mundi fá Snæfellsnessýslu þetta vor, þá var hyggilegt að hafa konuefnið til reiðu, en allt gekk þetta úr skaftinu.

Jón Pétursson lauk embættisprófi í lögfræði í vetrarbyrjun 1841, en vann síðan í rentukammerinu, unz hann sigldi heim til Íslands um vorið. Hann kom í Stykkishólm og ætlaði til Flateyjar að ganga frá þessu tvíþætta máli við séra Ólaf, en sú ferð var aldrei farin, heldur skrifaði hann séra Ólafi „og bað hann senda þér í hið minnsta 600*rbd,* meira vogaði eg ekki til að taka, af því eg gat ekki fundið hann sjálfur; allir þarna vestra hæla ógnina sjálfa dóttur hans. Eg bað hann hið fyrsta að gefa mér svar, og senda það Petri bróður okkar, enn það hefi eg ekki fengið ennþá," skrifaði hann Brynjólfi 16da september 1842.[31]

Sóknarþunginn beindist nú að Flatey, og í bréfi, sem Pétur skrifaði Brynjólfi 23ja júlí 1842, sagði hann:[32] „Ekki held eg sje vert fyrir þig ad halda áframm á Stf. (Staðarfelli) og er þó Stulkan væn, enn þadann er litils Styrks ad vænta."

Nú bar það til, að Pétur gamli á Víðivöllum andaðist 29da júlí, og séra Pétur, sonur hans, fór norður til að standa yfir moldum hans. Hann mun hafa haft augun hjá sér á ferðalaginu, því að hann skrifaði Brynjólfi 19da ágúst 1842 og sagði:[33] „Eg er viss umm, ad Jón

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

leggr sig í Líma ad utvega Penínga, hann er kominn í mesta Gengi hiá Syslumanni Laurusi, sem á, ad Sögn, afbragds frída og væna Dóttr; annars leitst mér sérlega vel á dóttr Bls, og eg held Jóni líka, enn ad hönum hefr verid skrökvad, hun vilji ega einhvörn annann, sem liklega er tóm Ligi."

Nú er að segja deili á þeim, sem hér eru nefndar til sögunnar. Dóttir Lárusar Thorarensens sýslumanns hét Maren Ragnheiður Friðrika, og kemur hún lítið hér við sögu, en dóttir Bjarnar Blöndals sýslumanns hét Oddný Sigríður, og er hennar oft getið í bréfum þeirra bræðra næstu árin.

Það leið og beið og séra Ólafur í Flatey svaraði engu málaleitan Jóns, svo að séra Pétur skrifaði honum og bað um svar.[34] Það var komið fram í miðjan september, þegar séra Pétur fékk svar Ólafs í hendur. Hann skrifaði Brynjólfi 21sta september 1842 frá Búðum og sagði:[35] „Fyrir Viku sídann kom til mín Bréf frá O. S. . . . . n til J. br. okkar, sem eg strax convoluteradi og sendi hönumm; samt las eg þad fyrst; enn því midur var þad ekki efter Ønske med Peníngana nu, enn hitt þarámóti liuft, ef hvörutveggi semdi vid Samfundi; enn eg giöri Rád fyrir J. skrifi hönumm og aftaki þad hreínt fyrst Peníngarnir ekki fengust." Þar með var þeirri málaleitan lokið, en séra Pétur var ekki af baki dottinn, og í bréfi til Brynjólfs 22an febrúar 1843 segir hann:[36] „Kondu nu besti Bródir! og biddu Dóttr J. Thorarensens í Vididalstungu; hun er nu mest i Ry af öllum Stulkumm Nyrdra og Fadirinn ríkur; einasta veit eg ekki, hvört hann vill hjálpa med einsmikla Penínga og þu þarft vid; enn géti eda vilji hann þad ej, þá er þad heldr einginn herá landi, sem umm leid egi jafn fallega dóttir."

Eftir þetta varð nokkurt hlé á af hálfu séra Péturs, því að hann sigldi á ný til Kaupmannahafnar haustið 1843 og var þar fram á sumar 1844. Það kom því í hlut Jóns Péturssonar að sjá Brynjólfi farborða fjárhagslega. Hann var í Hvammi í Vatnsdal veturinn 1842–1843 hjá Birni sýslumanni Blöndal og skrifaði Brynjólfi þaðan 10da febrúar 1843 og segir:[37] „Guði sé Lof, að þer leið bærilega, jafnvel þó eg viti að þú hljótir að vera í mikilli peníngaþraung; sem þig grunaði vildi eigi Síra O. verða til, þóktist hann einga penínga hafa, sem stæði, enn ef hann hefdi seð þig, og henni þá og sér hefdi þú geðjast vel ígéð myndi hann hafa freystað þess, er hann hefdi gétað; mikil ógjæfa er það, að þú eigi skulir géta sem snoggvast skroppið inn til að trúlofa þig; því þér gengi hiklaust hvar sem þú leitaðir á og fengir næga penínga; reyndu nú til að koma híngað inn á Skagaströnd og biðja dótturinnar hérna; það er að mínu áliti hin vænsti

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

kvennkostur her nyrðra; hún er serlega greind í tali, er menn fara að kynnast við hana; en það lakasta við hana er, að hún er feimin við ókunnuga, þó ekki svo mikið, og ekki heldur fríð, en þó gagn tækkelig af íslendskum stúlkum að vera, svo að Petur sagðist hefdi orðið forliptur í henni, hefdi hann eigi verið giptur konunni sinni. — Að þú mundir fá hana — þó Bl: kannske reyðist mér, er eg fer heðan — efast eg ekki um, og með henni fengir þú ærna peninga, því hún er sjáaldur auga hans, og nóg er hér af þeim fyrir."

Af bréfum Jóns er ekki að sjá, að hann hafi rætt hjúskaparáform við Blöndal sýslumann. Hins vegar fékk hann því til leiðar komið, að hann lánaði Brynjólfi 400 dali. Jón skrifaði Brynjólfi 3ja september 1843 frá Akureyri og segir:[38] „. . . . eg hefi fengið hjá syslumanni Blondahl 400*rbd* eður Vexil uppá þá réttara að segja, og lofað honum að móðir okkar skuli setja jarðir í pant fyrir þeim; þó hefi eg aptur fengið þó hjá honum leifi til að fresta því nokkuð að tala við hana um pantsetninguna. Þenna Vexil, eður réttara peningana sem hann hljóðar uppá lanar hann þér; að útvega þér aðra peninga eður fleiri enn þessa hefir verið mér lífs ómögulegt, . . . þú ræður hvort þú biðlar nú til dottur hanns edur ekki, þú ert laus, en það held eg samt, að hvorki þú né jeg fáum nokkrum tíma vænni stúlku, en hún er í ýmsum greínum."

Í bréfi, sem séra Pétur skrifaði Jóni bróður sínum 9da ágúst þetta sumar,[39] harmaði hann, að Brynjólfur gat ekki komizt inn hjá Blöndal og losnað á þann hátt úr öllum skuldum og eignazt væna og laglega konu, og áleit, að máske væri Brynjólfur trúlofaður ytra. Brynjólfur vék að þessum málum í bréfi til Jóns bróður síns 27da september 1843 og sagði:[40] „Jeg hefi einhvurn grun á, þú haldir mig trúlofaðan hjer; enn því fer öldungjis fjærri. Það hefði þó altjend verið seínasta úrræðið, sem jeg hefði gripið til; enn eíns fjarlægur er jeg því, sem stendur, að hugsa uppá nokkra stúlku heíma, og hvað væn sem dóttir Blöndahls er, reíni jeg ekkji að ná í hana, því ef þjer lítst nóguvel á hana ættir þú að reína til að gjera það sjálfur."

Það birti heldur til á fjármálahimninum upp úr 1840 við komu Cleasbys til Kaupmannahafnar, því að hann skapaði þeim Konráði og Brynjólfi atvinnu og lánaði þeim fé, svo sem áður er getið. Þá hefir það orðið Brynjólfi mikið gleðiefni, að Sigurður Jónsson bóndi í Krossanesi arfleiddi hann og séra Jón Hallsson að eigum sínum og konu sinnar með erfðaskrá dagsettri 13da júlí 1841, en þar segir:[41] „I tilefni heradlutandi Hugleidinga minna fastáqved eg og aqvarda hermed, ad Candidatus juris Brynjulfur Petursson í Kaupmannahöfn, og Sistursonur minn Capellan S*ra* Jon Hallsson á Felli gangi til jafnrar

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fullkominnar eignar og erfdar á öllum mér tilheyrandi fjármunum í föstu og lausu gótsi,kviku svo vel sem daudu. — Hvad allt er minn og konu minnar sálugu handafli".

Sá galli var á gjöf Njarðar, að Sigurður lifði í 5 ár eftir þetta, svo að Brynjólfur ól ugg í brjósti, að Sigurður mundi lifa hann og arfsvonin verða að engu. Í bréfasafni Brynjólfs eru varðveitt sex bréf frá Sigurði gamla til hans, sem sýna, hvaða hug gamli maðurinn bar til hans síðustu æviárin.

Það dró heldur úr þeim bræðrum Jóni og Pétri, að Brynjólfur tók dauflega í kvonbænamálin. Í áðurnefndu bréfi 10da febrúar 1843 frá Jóni barst talið að Grími Jónssyni amtmanni,og í framhaldi af því sagði hann:[42] „Ertu ekki trúlofaður dóttur hans? Það ættir þú nú að gjöra; skyldu ekki Creditorarnir mildast við það, því þá væntu þeir heldur að þú mundir fá embætti og géta borgað sér."

Séra Pétur bar Jón bróður sinn ekki síður fyrir brjósti, því að Jón skrifaði Brynjólfi 1sta október 1844 og sagði:[43] „Síra Petur bróðir minn vill láta mig biðja Johönnu eður Steinunnar á Staðarfelli, en hveriga þeirra hefi eg séð, samt vegna þessa let eg vera að biðja nú í þessari ferðinni dottur Lárusar sýslumanns, sem mér lítst prydisvel á í mörgum greinum þó ekki öllum, og hvort sem eg bið J eður St: eður ekki, mun svo fara að eg biðji hinnar aldrei; það verða og víst nógu margir að keppa um hana þó eg láti það vera."

Hann endar svo bréfið með þessu heilræði: „Danskri stúlku vænni ættir þú víst að gipta þig; mér lítst lángtum verr á þær íslendsku í Almindelighed".

Nokkrum dögum áður, eða 24ða september, skrifaði séra Pétur Brynjólfi og segir þá:[44] „Vid fórumm á deginumm innad Stadarfelli og vórum þar 3*r* nætur; med okkur kom tilbaka Fröken Steinun Thorarensen og verdur hún her hjá okkur lítinn tíma. Þad vildi eg þú þekktir hana, eg skyldi vita hvört þer þæktu þá allar ísl. stúlkur ósidadar; hún er rett falleg og ágjætl. nett í vexti, allra vænsta stúlka, prydilega ad ser og hefur gáfur födurs síns, spilandi og skemtilegar."

Þetta var upphafið að síendurteknu stefi um ágæti Steinunnar, elztu dóttur Bjarna Thorarensens, og nú var það Jón, sem gekk fram fyrir skjöldu. „En hvað þú skulir ekki fara að gipta þig, það er ekki örðugra að uppihalda sér með letta familíu, að eg held, ytra, enn lifa svona einn." skrifaði hann 10da september 1845.[45] Í bréfi skrifuðu 20sta júlí 1846 skrifaði Jón Brynjólfi, að hann væri að trúlofa sig,og í næsta bréfi, 21sta ágúst 1846, fékk Brynjólfur fulla vitneskju um þetta mál:[46] „. . . eg er nú orðinn trúlofaður Jóhönnu dóttur Boga gamla; hún lítur gagnsiðsamlega út og er þægileg í umgengni . . ." Síðar í

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

bréfinu segir hann: „. . . Steínunnar ann eg eingum nema þér. Æ! komdu nú inn að ári, besti bróðir! til þess að sjá hana; ef þú ætlar þer að koma hingað nokkurn tíma aptur, þá ættir þú að eíga íslendska konu, en ætlir þú þer það, þá er það synd fyrir þig að sleppa svo af henni að sjá hana ekki; en það má ekki dragast, því piltarnir rífast um hana, þegar þeir sjá hana; til allrar lukku er hún þarna nokkuð afskekkt. Deyi Jóhanna, aður enn eg géti átt hana, bið eg Steínunnar strax, verðir þú ekki búinn að klófesta hana, þetta er nú mín meíning um hana; og það er engin íslendsk stúlka þori eg að segja nú uppi, sem sé jafn góður kvennkostur sem hún. Það er sjálfsagt, að hún er ekki rík, en það er líka synd að meta nokkra ríkisdali meíra, en svo ágjæta kvennkosti. Að vera í Höfn ógiptur, kostar þig allt eíns mikið og þó þú værir giptur. Guð framfleytir þér og eins her eptir sem hingað til, þer til hins besta, þó þú giftur værir.“—

Brynjólfur vék að þessu í bréfi, sem hann skrifaði Jóni 29da september sama ár, og segir þar:[47]

„Úr því jeg nú minntist á Boga verð jeg þá að minnast á þá systur hans, sem þú ert að hæla svo mikið við mig. Sjera Pjetur hefur líka hælt henni við mig áður, og jeg efast ekki um að stúlkan sje í allan máta girnileg. Jeg hef líka frjett af henni áður — bæði kost og löst. En hvernig getur þú, nema í spaugi, ætlast til að jeg geti brugðið mjer heim til að skoða stúlku, þó aldrei væri hún nema afbragð. Þjer væri nær, að senda mjer hana hingað niður. En annað er spaug og annað alvara. Það er þó hörmulegt, að geta ekki sjeð einusinni það sem almennilegt er af stúlkum í landinu!“

Jón tók þetta til gaumgæfilegrar athugunar og skrifaði Brynjólfi 3ja febrúar 1847 og sagði:[48] „Satt væri það: gaman væri að koma Steínunni út til þín, því hvornig sem þer svo lítst á hana, þá lítst mér vel á hana, og best af öllum íslendskum stúlkum, sem eg hefi seð. — Eg ætla nú að hvetja Móður hennar til að láta hana sigla svo sem eítt ár til að sjá sig um ytra, en það mun aldreí duga, hún tímir því ekki Kellíngin, en sárt væri það, ef ein hverr útí loptið hlypi með hana, en eg vona að það verði ekki, það væri og synd.“

Í næstu bréfum kom Jón aftur og aftur að þeirri hugmynd að láta Steinunni sigla, en það bar ekki árangur, því að bréf, sem hann skrifaði Brynjólfi 28da ágúst 1847, endar hann á þessa leið:[49] „P: S: Ekki gat eg fengið móður St: til að láta hana sigla, hún getur ekki heldur kostað hana þar, hún barði við efnaleýsinu; eg vildi að eg hefdi verið svo ríkur að eg hefði gétað kostað hana, en því var öðru nær; hvornig á að láta Ykkur sjást? Ef eitthvað raknar fram úr fyrir

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mér, skal eg þó reyna til að ýta á hana að sumri, ef Guð lofar, svo hún þá fari."

Árið leið samt svo, að Steinunn sigldi ekki, og Jón skrifaði Brynjólfi 21sta nóvember 1848 og sagði:[50] „Besti bróðir! svo eg nú vaði úr einu við þig og í annað; þú vilt ekki sækja um Amtmanns embættið vestra; eg vil láta þig vera hér búsettan og eiga íslendska konu, og ef þú ætlar þér að ega íslendska konu, þá ættirðu að eiga St:, þetta er nú mín einlæg meining og ósk. Á eg ekki að reyna til þess, að láta hana sigla í sumar? Móðir hennar tímir því víst ekki, svo eg yrði að sjá um það á einn eður annan hátt, að hún gjæti það, ef mér yrði það auðið; þú ættir þó besti bróðir að gifta þig, og eiga íslendska stúlku, því ekki get eg heldur vitað það, að afkomendur þínir yrðu Danskir."

Eftir þetta hljóðnaði allt tal um Steinunni og kvonbænir í bréfum þeirra bræðra um sinn. Brynjólfur var nú orðinn forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar og fjármálaútlitið orðið betra. Hann þurfti því ekki að grípa til þess úrræðis að kvænast til fjár, enda sagði hann í bréfi til Jóns bróður síns 26ta september 1848:[51] „Jeg gipti mig aldrei. Það er hefnd forlaganna; rjettvís, eins og við er að búast." Hins vegar gat hann þess ekki, fyrir hvað forlögin voru að hefna, en það mun Jón hafa átt að vita.

Svanasöngurinn í þessum kvonbænamálum er í bréfi frá prófessor Pétri 24ða október 1850, þegar Brynjólfur var orðinn veikur. Þar segir svo:[52] „Jeg er svo daudans hræddur um, ad þig vanti nóga hreifingu sem er svo öldúngis ómissandi fyrir mann í þinni stödu; það er skylda þín [að] nota öll saklaus lífgunar og styrkíngarmeðöl. Eitt hefur mjer l[íka] dottid í hug, ad þú gjördir rjettast í ad gypta þig og velja þjer einhverja góda og vel siðada stúlku. Þad gefur lífinu nyja stefnu og nyjann blæ og tvístrar mörgum hugsunum, sem annars festast hjá ma[nni]."

Ekki fór Brynjólfur að þessum ráðum fremur en áður. Bréf hans og dagbækur bera með sér, að hann grunaði feigð sína og kaus að ganga einn og óstuddur til æviloka, og það er algjör undantekning, að kunningjar hans víki eitthvað að kvenfólki í sambandi við hann. Jónas Hallgrímsson yrkir um hann og „Vallöspiger" í bréfi, sem hann skrifar honum 1sta janúar 1844, en það eru sjálfsagt gamanmál ein.[53*]

[53*] Kviðlingurinn var á þessa leið: „Var Du hen hos Vallöspiger / hos de únge Klosterjomfrur, / hos de ranke friske Vidjer / Skovens Börn med favre Kinder?,/ eller sad Du midt i Bunken / dypt i gamle Regnskabs Sager / midt imellem Extrapaabud / O du Skalk med röde Læber!"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Í Vallö voru ógiftar danskar aðalskonur, svo að ekki var í kot vísað. Frekar væri að taka eitthvert mark á því, að Konráð Gíslason spyr Brynjólf í bréfi frá Dresden 31sta október 1844:[54] „Hefur engin „mörk lobbanda malabreið" orðið þér hættuleg í sumar", eða þegar Grímur Thomsen skrifar honum 4ða janúar 1847 frá París og segir frá vinkonum sínum þar í borg:[55] „Það er nú til dæmis Mademoiselle mín *Angèle,* hún hefur svart hár og svört augu, er gyrndin sjálf með góð brjóst, mikinn rass og miðmjó, og það á við þig, ef mig ránginminnir ekki, . . . "

SKULDASKIL

Hér á undan hefir verið nokkuð frá því greint, hvernig fjárhagur Brynjólfs Péturssonar var fram til þess tíma, að hann varð fulltrúi í rentukammerinu. Eftir það varð hann öllu stórtækari í lántökum sínum. Til að mynda fékk hann lánaða 500 dali hjá Jacobsen þann 9da janúar 1845 með þeim skilmálum að greiða 100 dali þriðja hvern mánuð. Færslur í vasabók hans sýna, að hann hefir greitt lánið upp 3ja janúar 1846. Þetta fé notaði hann til að greiða ýmsar smærri skuldir, og þar var af nógu að taka. Sjöunda janúar 1845 gekk hann á milli lánardrottnanna og greiddi Hitz „Conditor" 20 dali og 80 skildinga, sem voru eftirstöðvar af gamalli skuld, Lyhs á Vesturbrú fékk að fullu greidda „matarskuld og drykkjar", sem var 44 dalir, þegar hæst bar. Þá lækkaði hann gamla skuld við Proschowsky skraddara frá 1sta nóvember 1839, sem var komin upp í 76 dali og 48 skildinga í október 1843, og greiddi hana að fullu 8da apríl 1845. Okurkarlinum Schovelin greiddi hann 202 dali og var þar með laus úr klóm hans, og þar með var skuldagreiðslum lokið 7da janúar 1845. Þann 12ta janúar greiddi hann Bókmenntafélaginu tillag sitt fyrir 3 síðustu árin, og 22an janúar greiddi hann Jóni Sigurðssyni 5 dali, sem voru eftirstöðvar gamallar skuldar, og sama dag greiddi hann Reitzel 10 dali og 52 skildinga. Hann gleymdi heldur ekki Hansen skraddara, sem hann hafði átt mikil skipti við og skuldaði 123 dali og 16 skildinga, þegar bezt lét. Sú skuld var komin niður í 31 dal, sem Brynjólfur greiddi 6ta janúar 1845.

Eftir að Brynjólfur var orðinn fulltrúi í rentukammerinu, opnuðust nýjar lántökuleiðir, sem hann notaði dyggilega, eins og sjá má af greinargerð Vilhjálms Finsens um fjármál Brynjólfs, sem samin var fyrir atbeina skiptaréttarins í Kaupmannahöfn (Skiftecommissionen) og dagsett er 19da marz 1852.[1]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Vilhjálmur Finsen fór í gegnum bréf og skjöl, sem skiptarétturinn hafði tekið í sína vörzlu við andlát Brynjólfs, og vann upp úr þeim áðurnefnda greinargerð. Bréfin sýna, að Brynjólfur hefir keypt sér líftryggingar (Livsforsikkringspolicer) hjá „Livrente- og Forsörgelses-Anstalten af 1842" og „Livsforsikkrings-Anstalten" í Kaupmannahöfn. Þessar líftryggingar notaði hann til að tryggja lán, sem hann fékk,og er fyrst að telja, að hann fékk 800 dala lán úr sjóði hjá „Livrente- og Forsörgelses-Anstalten" 22an september 1845 á 4% vöxtum gegn jafnhárri líftryggingu, sem greiddi lánið eftir dauða hans.[2*]

Með konungsúrskurði 16da janúar 1847 var Brynjólfi veitt 800 dala fyrirframgreiðsla á launum, sem hann átti að endurgreiða með 100 dölum á ári. Þetta lán tryggði hann einnig með jafnhárri líftryggingu, sem lækkaði jafnhliða skuldinni, svo að skuldin var komin niður í 400 dali við andlát hans.[3*]

Brynjólfur virðist hafa verið í miklu vinfengi við Chr. Vilh. Rimestad, sem var skólastjóri Borgardyggðaskólans í Kaupmannahöfn um þetta leyti. Hann fékk 1000 dala lán með 4% vöxtum úr „den almindelige Skolefond" með konungsúrskurði 24ða júní 1849, en Brynjólfur ábyrgðist lánið fyrir hann með því að kaupa 10 líftryggingar (Policer), en af einhverjum orsökum var líftryggingariðgjaldið

[2*] Í greinargerðinni segir svo: „Til Sikkerhed for et ham af Livsforsikkringsanstaltens Kasse under 22 Sept 1845 tilstaaet Laan af 800 Rbdlr stillede han en Police mod Udbetaling i levende Live af Laansummens Störrelse. Denne Police er ifölge sin Beskaffenhed ved Pjeturssons Död tilfaldet Anstalten til Dækning af Gjælden, uden at noget Overskud af Policen kan tilfalde Boet".

[3*] „Ved kgl. Resolution af 16 Jan 1847 blev Pjetursson bevilget et Gageforskud paa 800 Rbdlr mod Tilbagebetaling ved aarlige Afdrag af 100 Rbdlr. Til Sikkerhed stillede han en i Januar 1847 dateret, aftagende Police af Laansummens Störrelse, hvis Belöb saaledes i Januar f. A. var reduceret til 400 Rbdlr. Afdragene skulde efter Resolutionen have taget deres Begyndelse fra 1 April 1847, hvorefter Gjælden ved Udlöbet af Januar Qvartal f. A. vilde have været bragt ned til 400 Rbdlr, og ved Pjeturssons Död den 18 October f A., da Afdraget for October Qvartal f A. allerede var blevet indeholdt i hans Gage for det forudgaaende Juli Qvartal, til 325 Rbdlr, og hvorved Boet saaledes af Policen vilde været tilfaldet et Overskud af 75 Rbdlr. Efter Finantsernes Beregning (hvis Rigtighed Pjetursson iövrigt synes at have betvivlet) ere Afdragene imidlertid först begyndte fra 1 Jan 1848, og da, som foran bemærket, Afdraget for forrige Aars sidste Qvartal allerede inden Dödsfaldet var betalt, udgjorde Gjælden ved Dödsfaldet 400 Rbdlr, der saaledes ere dækkede ved Policens tilbagestaaende Belöb, uden at denne giver Boet noget Overskud.

3. Under 29 Juni 1849 tegnede Pjetursson efternævnte forskjellige Policer: a, Ved kgl. Resol. af 24 Juni 1849 blev Bestyrer af Borgerdydskolen i Kjöbenhavn, Cand. phil. C. V. Rimestad bevilget et Laan a 4% af den almindelige Skolefond paa 1000 Rbdlr, at tilbagebetale i 12 paa hinanden fölgende Aar, mod Sikkerhed i en af Pjetursson tegnet Livsforsikkringspolice af Laansummens Störrelse, hvorhos Pjetursson

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ekki greitt fyrir árið 1850, svo að tryggingin gekk úr gildi. Til þess að tryggja lánið fyrir Rimestad að nýju lagði Brynjólfur fram aðra líftryggingu upp á 1200 dali. Rimestad hafði greitt lánið nokkuð niður, svo að þessi líftrygging færði dánarbúi Brynjólfs 345 dali og 62 skildinga tekjumegin. Þá er enn ótalin líftrygging að upphæð 600 dalir. Hún var notuð til að tryggja 600 dala lán, sem Brynjólfur fékk hjá tryggingarstofnun (Livsforsikkringsanstaltens Kasse) með þeim skilmálum að greiða það niður um 100 dali á ári. Þessi líftrygging færði dánarbúinu 189 dali og 12 skildinga. Að síðustu kemur svo líftrygging upp á 1200 dali, sem tekin var til að tryggja 1200 dala lán hjá tryggingarstofnuninni, en það átti að greiða niður um 100 dali á ári. Þessi líftrygging færði dánarbúinu 187 dali og 53 skildinga tekjumegin.

Þess er áður getið, að Sigurður Jónsson bóndi í Krossanesi arfleiddi þá Brynjólf Pétursson og Jón Hallsson að eigum sínum með erfðaskrá dagsettri 13da júlí 1841. Síðan leið og beið, unz Sigurður andaðist 28da júní 1846. Þá var eignum hans skipt milli Jóns Hallssonar og Brynjólfs, og þar fékk Brynjólfur 1576 dali og 49 og 1/2 skilding í arf. Séra Sigurður Arnórsson mágur hans og séra Halldór Jónsson, sem þá var prestur í Glaumbæ, sáu um skiptin fyrir hönd Brynjólfs. Brynjólfur fékk 536 dali og 49 og 1/2 skilding í peningum

indvilgede i at de stipulerede Afdrag og Renter samt Præmien for Policen indeholdtes i hans Gage. I Henhold hertil tegnede Pjetursson under fornævnte Datum 10 St. (aftagende) Policer hver paa 100 Rbdlr. Paa Grund af en „Misforstaaelse", som det hedder i Cultusministeriets Skrivelse til Pjetursson af 15 Febr. 1851, blev imidlertid i Aaret 1850 Præmien ikke betalt til Livsforsikkringsanstalten til den bestemte Termin 29 Juni, hvoraf Følgen var, at Policerne exspirerede. Pjetursson stillede da istedet, ifölge Ministeriets Paalæg, den nedenfor under Litr b. anförte Police.

b. En livsvarig Police paa 1200 Rbdlr. Denne Police, saavelsom den næstefter under Litr. c. nævnte paa 600 Rbdlr synes den Afdöde at have tegnet uden oprindelig at have haft til Hensigt at anvende samme til Sikkerhedsstillelse, men derimod alene for at dække den Restgjæld, der ved hans Död endnu maatte paahvile hans Bo. Ved Exspireringen af de nysomtalte til Sikkerhed for Rimestads Laan deponerede Policer, afgav Pjetursson imidlertid den nævnte Police paa 1200 Rbdlr til Sikkerhed for Laanet . . .

c. En Police, paa Forsikkring paa 4 Aar, stor 600 Rbdlr. Da Pjetursson under 4 Juni 1850 erholdt et Laan af Livsforsikkringsanstaltens Kasse paa 600 Rbdlr, mod aarlig Afbetaling af 200 Rbdlr, stilledes bemeldte Police til Sikkerhed for dette Laan. Denne Police afgiver, da der paa Gjælden er afbetalt 200 Rbdlr, ifölge hvad mig i Livsforsikkringsanstalten er opgivet, et Overskud af 189, 12.

4, For et af samme Anstalts Kasse under 5 Oct 1849 erholdt Laan paa 1200 Rbdlr, mod aarlig Afbetaling af 100 Rbdlr, tegnede den Afdöde under samme Datum en Police af Laansummens Störrelse. Da der paa Gjælden er afbetalt 200 Rbdlr, afgiver denne Police, efter hvad jeg i Livsforsikkringsanstalten har erfaret, et Overskud af 187, 53."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

við skiptin,og svo keypti Jón Hallsson af honum helming jarðanna Krossaness og Löngumýrar fyrir 1040 dali. Nokkur hluti þessa fjár gekk til að greiða gamlar skuldir í Skagafirði, svo sem til séra Jóns á Miklabæ, erfingja Magnúsar Snæbjarnarsonar og skuld við erfingja Gunnvarar, sem var ekkja Magnúsar. Afgangurinn mun hafa verið sendur til Kaupmannahafnar.[4]

Í skiptabókinni kemur fram, að Brynjólfur hefir fengið lánaða 200 dali hjá Jóni Jónssyni í Húsey, sem Sigurður í Krossanesi hefir greitt 3ja september 1841, og var sú skuld 5 ára gömul, og Jón Hallsson áleit, að Sigurður hefði gefið Brynjólfi þessa peninga, enda voru þeir ekki reiknaðir dánarbúi Sigurðar til tekna.[5]

Svo sem áður segir, andaðist Pétur prófastur, faðir Brynjólfs, 29da júlí 1842. Móðir hans sat í óskiptu búi, unz hún andaðist 8da september 1843. Þau áttu nokkrar jarðeignir, sem skipt var á milli systkinanna, þannig að Elinborg fékk jafnt og hver bræðra hennar. Í hennar hlut komu jarðirnar Sjávarborg, Gerði, Áshildarholt og Brennigerði, en bræðurnir þrír fengu sinn þriðjunginn hver í Víðivöllum, Víkurkoti, Hellu og Vöglum. Jón Pétursson annaðist alla fjárgæzlu í umboði Brynjólfs viðvíkjandi þessum jörðum. Vaglir voru seldir árið 1847 fyrir 750 dali, svo að Brynjólfur fékk þar 250 dali í sinn hlut, Víðivellir árið 1849 á 2400 dali. Þar fékk Brynjólfur 800 dali til hlutar. Hella og Víkurkot voru hins vegar óseld, þegar hann dó, en Vilhjálmur Finsen áætlaði, að hlutur dánarbús Brynjólfs í Hellu næmi 150 dölum.[6]

Jón Pétursson, bróðir Brynjólfs, hafði þann starfa á hendi frá 1842 að útvega bróður sínum lánsfé heima á Íslandi. Eftir því sem árin liðu, hlóðust skuldirnar upp. Í bréfi frá Brynjólfi til Jóns 29da febrúar 1848 rekur Brynjólfur þessi skuldamál þeirra bræðra, og á meðfylgjandi miða eru reikningarnir gerðir upp. Samkvæmt þeim voru skuldirnar 1,721 rd. Þar á móti hafði Brynjólfur greitt fyrir Jón ýmsar skuldir, sem námu 370 dölum og 70 skildingum. Jarðeignir þeirra bræðra voru þá ýmist óseldar eða ógreiddar, og þar reiknaði Brynjólfur með að eiga 1274 dali í vonum á móti skuldinni við Jón. Samkvæmt þessum reikningum skuldaði Brynjólfur Jóni 76 dali og 26 skildinga.[7]

Vilhjálmur Finsen rakti einnig skuldamál þeirra bræðra í greinargerð sinni og studdist þar við vasabækur Brynjólfs. Hann byrjaði á skuldinni við Björn Blöndal frá árinu 1843 og endaði 1849. Þá var skuld Brynjólfs við Jón komin upp í 1810 dali. Á móti þessari upphæð tíndi Vilhjálmur Finsen saman ýmislegt, sem Brynjólfur hafði greitt fyrir Jón,og með hinum seldu jarðeignum og með því að áætla hluta

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

dánarbúsins í Hellu 150 dali varð sú upphæð 1626 dalir og 10 skildingar. Á tímabilinu frá 1849 og til æviloka Brynjólfs minnkaði þessi mismunur, en útkoman varð sú, að dánarbúið skuldaði Jóni 37 dali og 48 skildinga, og með því að taka þriðjunginn af Hellu ekki með í reikninginn nam skuldin 187 dölum og 48 skildingum.

Pétur Pétursson hafði miklu minni veg og vanda af fjárreiðum bróður síns. Af bréfum þeirra sést, að Brynjólfur hefir annazt innkaup á ýmsu fyrir bróður sinn, en Pétur sent honum fé til að greiða þær skuldir, svo að þau viðskipti eru ekki í frásögur færandi.

Brynjólfur greiddi megnið af skuldum sínum síðustu æviárin með lánum þeim, sem getið er hér að framan. Af ógreiddum skuldum tilgreinir Vilhjálmur Finsen 225 dala skuld við séra Þorgeir Guðmundsson, 69 dala skuld við Bertelsen klæðskera og 100 dala skuld frá árinu 1848 við Þorstein Jónsson sýslumann í Suður-Múlasýslu. Áður er getið skuldarinnar við Brynjólf Bogason Benedictsen í Flatey. Hún var 50 dalir, og þess sjást engin merki, að hún hafi verið greidd, en Vilhjálmur Finsen færir hana ekki til skuldar í greinargerðinni og getur þess til, að hún hafi verið greidd, og hið sama gildir um 25 dala skuld við Pétur Hafstein.

Í vasabókum Brynjólfs má sjá, hvernig skuldir hans uxu ár frá ári. Árið 1843, þann 4ða október, eru skuldirnar 3283 dalir og 36 skildingar, og 6ta janúar 1844 hafa þær aukizt um einn dal. Rösku ári seinna, 22an janúar 1845, eru þær komnar upp í 3531 dal. Síðan er þriggja ára eyða í þessa þróunarsögu, en 20sta janúar 1848 eru skuldirnar orðnar 5048 dalir og 59 skildingar. Eftir það virðist skuldasöfnunin hafa stanzað, því að 1sta júlí 1849 telur Brynjólfur skuldirnar vera 3703 dali og 74 skildinga alls. Af því segir hann, að skuldin við Jón bróður sinn sé 73 dalir og 86 skildingar. Þann 1sta október voru skuldirnar komnar niður í 3288 dali, en 31sta desember sama ár voru þær aftur orðnar 4018 dalir og 4 skildingar, en 6ta apríl 1850 voru þær komnar niður í 3510 dali og 80 skildinga. Skuldirnar skiptust þannig niður, að hann skuldaði opinberum lánastofnunum (Finantserne og Livsassurancen) 2541 dal og 56 skildinga, einstaklingum í Danmörku 756 dali og 24 skildinga og einstaklingum heima á Íslandi 213 dali. Lánardrottnarnir í Danmörku voru Buch (376 dalir og 24 skildingar), Bertelsen (170 dalir), Jón Espólín (130 dalir) og Eiríkur Jónsson (80 dalir), en á Íslandi voru það Þorsteinn Jónsson (100 dalir), Pétur Hafstein (25 dalir), Brynjólfur Bogason (50 dalir) og Jón Pétursson (38 dalir). Þess skal getið, að skuldin við séra Þorgeir Guðmundsson er hin sama, sem hér er á nafni Buchs.[8]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Einhver kynni að spyrja, hvað hafi eiginlega orðið af öllu því fé, sem Brynjólfur Pétursson komst yfir um ævina, þegar þess er gætt, að frá 1844 var hann í sæmilega launaðri stöðu um tæpra 5 ára skeið og frá upphafi árs 1849 í tekjuhæstu stöðu, sem völ var á og tengd var stjórn Íslands. Launin voru 2400 dalir á ári. Veturinn 1848–49 sat hann á grundvallarlagaþinginu. Þess er ekki getið í heimildum frá hans hendi, hvað þingfararkaupið var mikið alls, en á nokkrum stöðum í vasabókum hans færir hann „Diæter" hálfsmánaðarlega, sem námu 60 dölum fyrri hluta árs 1849, sem gætu verið þingfararkaupið, sem hefði þá átt að vera nálægt 650 dalir.[9]

Í greinargerð Vilhjálms Finsens kemur ekki fram, hvað Brynjólfur greiddi mikið fé fyrir líftryggingarnar, en í vasabækurnar eru færðar inn greiðslur fyrir líftryggingar, til að mynda stendur við 30sta júní 1849:[10] „fyrir Livsassurance Police uppá 1200*r*, handa mjer 19*r* 48, fyrir D*o* af 600*r* handa mjer 9. 72 fyrir D*o* af 1000*r* handa Rimest: 16.32", sem er alls 45*r* 56. Hins vegar er ljóst af greinargerð Vilhjálms Finsens, að tryggingafélögin urðu að greiða verulegar fjárhæðir við dauða hans, eins og sjá má af því, sem að framan greinir.

Vasabækur Brynjólfs leysa þá gátu, hvað varð af því fé, sem hann komst yfir. Hann var einstakur fédrengur, og flesta Íslendinga í Kaupmannahöfn skorti að jafnaði fé, og þá var leitað til Brynjólfs, ef þar var eitthvað að hafa. Þegar sú bjargarvon brást, var hann fenginn til að ábyrgjast víxla og lán, og oftar en ekki varð endirinn sá, að hann sat uppi með skuldina. Í bréfasafni Brynjólfs er álitlegt safn af föllnum víxlum, sem segja sína sögu.

Vilhjálmur Finsen tók þessa hlið á peningamálum Brynjólfs til rækilegrar athugunar í greinargerð sinni. Í vasabókum Brynjólfs eru tvær skrár yfir skuldunauta hans. Hin fyrri er dagsett 6ta apríl 1850, sama daginn og hann gerði grein fyrir sínum eigin skuldum, sem getið er hér að framan. Hin er dagsett 31sta marz 1851. Upp úr þessum skrám vann Vilhjálmur einn þáttinn í greinargerð sinni og samkvæmt henni voru skuldunautarnir 29 talsins og upphæðin 3317 dalir og 38 skildingar.

Nafn Chr. Vilh. Rimestads er fyrst á skuldalistanum, enda bar skuld hans ægishjálm yfir allar hinar, því að hún er 1277 dalir og 38 skildingar samkvæmt greinargerð Vilhjálms Finsens. Rimestad var nokkru yngri en Brynjólfur, fæddur 1816, en stúdent 1832 og hóf þá háskólanám, en lauk aldrei prófi, heldur gerðist kennari og síðar skólastjóri við Borgaradyggðaskólann í Kaupmannahöfn. Eftir 1848 áttu stjórnmálin hug hans allan, og hann skipaði sér í sveit

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

þjóðfrelsismanna og var þar í hópi hinna róttækustu. Í bréfasafni Brynjólfs er varðveitt eitt bréf frá honum til Brynjólfs, dagsett 14da nóvember 1850, og er erindið að biðja Brynjólf að bjarga föllnum víxli, sem hann getur ekki borgað,[11] en talar um að skíra nýfæddan son sinn í höfuðið á honum í staðinn. Vilhjálmur Finsen segir í greinargerð sinni, að Rimestad hafi verið orðinn skuldugur Brynjólfi, áður en stofnað var til lántökunnar í júní 1849, sem áður getur. Sú skuld hafi orðið til við endurtekin peningalán og greiðslu á skuldum, sem Brynjólfur ábyrgðist. Samkvæmt skuldaskrám Brynjólfs var sú upphæð orðin 324 dalir og 16 skildingar 31sta marz 1851, og þegar Vilhjálmur gekk frá greinargerðinni, var hún 423 dalir og 4 skildingar. Við þetta bættist svo afgangurinn af láninu, sem nam 833 dölum og 32 skildingum, og að auki vaxtagreiðslur, sem námu 21 dal og 2 skildingum.

Í bréfi, sem Petersen málafærslumaður skrifaði Jóni Péturssyni 29da september 1852, vék hann að nokkrum skuldunautum Brynjólfs og sagðist hafa talað við Rimestad um skuld hans við dánarbúið, og hann hafi ekki talið, að sér bæri að greiða dánarbúinu nema hluta af þeirri upphæð, sem Vilhjálmur Finsen færði inn á nafn hans í greinargerð sinni.[12]

Rimestad leit svo á, að honum kæmi ekki við sá hluti skuldarinnar, sem tryggður var með líftryggingu Brynjólfs, þar sem sú líftrygging hafi raunar verið eign hans og hann greitt iðgjaldið af henni, þó að hún væri á nafni Brynjólfs, og vitnaði til orða Brynjólfs máli sínu til stuðnings. Sjálfur taldi Rimestad, að skuld hans við dánarbúið væri röskir 200 dalir.[13]

Petersen málafærslumaður segir í áðurnefndu bréfi til Jóns Péturssonar, að hann geri næsta lítið með þessar mótbárur frá Rimestad, en hins vegar sé efnahagur hans svo bágur, að þaðan sé lítils að vænta.

Jón Pétursson svaraði þessu bréfi 11ta nóvember 1852 og lýsti því yfir, að hann vildi ekki sýna Rimestad nokkra vægð, því að hann ætti það ekki skilið.[14*]

[14*] Í bréfinu segir Jón meðal annars: „Det er nu min og Medarvingers fælleds Ønske, som mindst muligt, at violere den Pietet, vi skylde vor afdöde Broder, altsaa ikke at indkræve Boets udestaaende Fordringer og som Vi vide, at vor Broder har villet eftergive, videre end som nödvendigt er, for at samme kan blive solvent. Selv bryde vi os ikke om nogen Arv, men paa den anden Si[de] ville Vi dog ikke skyde noget til fra os selv, saalænge Boet har udestaaende Fo[rd]ringer, som kan dække dets Gjeld, hvis de vare indkaldte; dog vilde vi under ingen Omstændigheder eftergive Institutbestyrer Rimestad noget af, hvad han skylder Boet, da hans Opförsel imod vor afdöde Broder i den seneste Tid, denne levede, ingenlunde skal have været saadan, at han fortjener nogen Skaansel af os Arvinger, ligesom vor afdöde Broders afgivne

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Skiptarétturinn hótaði Rimestad málssókn, og þá leitaði hann samkomulags um skuldamálin, og var sætzt á þá skilmála, að hann greiddi 500 dali með jöfnum greiðslum, sem námu 10 dölum á mánuði. Hann hafði greitt 40 dali, þegar Petersen skrifaði síðustu skýrsluna um dánarbúið 17da apríl 1855.[15]

Þeir feðgar, Ólafur Gunnlaugsson og Stefán Gunnlaugsson, skipuðu annað sæti á skuldalistanum hjá Brynjólfi. Ólafur kom til Kaupmannahafnar sumarið 1848, og faðir hans fól Brynjólfi að líta eftir honum og annast fjárreiður hans. Vilhjálmur Finsen segir í greinargerð sinni, að í byrjun febrúar 1849 hafi Ólafur verið kominn í fjárþrot og skuldað Brynjólfi 15 dali að auki. Engu að síður lét Brynjólfur hann hafa 15 dali á mánuði. Fyrsta júlí 1849 skuldaði Ólafur Brynjólfi 107 dali, en Vilhjálmur telur, að þessar skuldir og aðrar, sem síðar var stofnað til, hafi verið greiddar að einni undanskilinni, sem nam 31 dal, og er hún á listanum hjá Vilhjálmi Finsen.

Grímur Thomsen var í þriðja sæti með 250 dala skuld. Af henni voru 95 dalir þannig til komnir, að Grímur fékk þá að láni hjá Friedrich Strempel 7da febrúar 1845, en Brynjólfur var ábyrgðarmaður, og það kom í hans hlut að greiða skuldina fyrir Grím. Brynjólfur hafði mælt svo fyrir, að ekki mætti krefja nema fáa útvalda meðal skuldunautanna um greiðslu á skuldum þeirra við dánarbúið. Grímur Thomsen var í hópi þeirra, sem áttu að fá eftirgjöf, en engu að síður sést af síðustu skýrslu Petersens um dánarbúið, að Grímur hefir greitt 25 dali af skuld sinni, enda hafði skiptarétturinn krafið hann um hana, hvað svo sem valdið hefir. Jón Pétursson nefnir þann möguleika, að Grímur hlaupi undir bagga, svo að dánarbúið verði „solvent", í bréfi sínu til Petersens, sem áður er getið.[16*]

Viljeserklæring, om at ville eftergive hans Debitorer, hvad de skyldte ham, aldeles ikke kan strække sig til de Skolefonden senere godtgjorte 854 *Rbd* 34 s.

Imidlertid maa vi dog gandske og aldeles overlade til Dem, at træffe saadanne Overeenskomster med Rimestad paa vor Vegne, som De maatte ansee bedst stemmende med vort Gavn, og skulde han da tilbyde en vis Sum, som fuld Betaling, da at modtage dette hans Tilbud, hvis De antager den tilbudne Sum nogenledes antagelig, og De forresten skulde antage, at saadant bedst stemmede med vor Interesse; men skulde han heller ville betale noget vist aarligen, og De antage, at saadant Tilbud var bedre for os, da tillade vi os, at anmode Dem om at paasee, at Afdragene i rette Tid blive indkrævede efter Haanden, som de forfalde til Betaling.—"

[16*] Þar segir Jón: „Ifald om Sterboet ikke skulde blive fuldkomment solvent, naar det indkommer, som man kan erholde hos Rimestad eller som man godvilligen maaske kunde erholde fra Magister Grímur Thomsen, saa troer jeg, at vi Arvinger gjorde rettest i, ikke at tage Sterboet extraderet, med mindre De allerede skulde have gjort det, men i saa Fald vilde jeg önske, at mig maatte gives Leilighed til at yttre mig nærmere over adskillige Poster angaaende Sterboets Status her i Landet.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Næstur Grími kom Þorleifur Repp með 117 dala skuld, sem var leifarnar af 200 dala víxli, sem Brynjólfur hafði skrifað upp á og síðan orðið að borga og 60 dali í vexti að auki.

Þá kemur „Toldassistent" Kaae með 65 dala skuld. Brynjólfur hafði skrifað upp á tvo víxla fyrir hann, sem hann varð að borga í desember 1846.

Konráð Gíslason var næstur í röðinni með 200 dala skuld, og fjármálaviðskipti þeirra má lesa út úr vasabókum Brynjólfs, en Vilhjálmur Finsen rekur þau ekki í greinargerð sinni.

Þá kom Bjarni Thorlacius, sonur séra Einars Thorlacius í Saurbæ í Eyjafirði, sem kenndi Brynjólfi undir skóla. Hann skuldaði 30 dali. Bjarni, sonur séra Þorgeirs Guðmundssonar, skuldaði Brynjólfi 20 dali, Eiríkur Jónsson, síðar varagarðprófastur, var með 35 dala skuld, Julius Grönbech cand. juris með 160 dali, Gunnlaugur Þórðarson með 6, Magnús Eiríksson guðfræðingur með 74, Sigurður Hansen, eins og hann var kallaður af Íslendingum, var með 5 dala skuld, Skúli Thorlacius með 276 dala skuld, Gulbrandsen með 25, Jón Hjaltalín, síðar landlæknir, með 15, Sæmundur Gunnlaugsson með 20 dala skuld, Funch með 15, Þórarinn Árnason með 10, hann var við landbúnaðarnám í Danmörku.

Heima á Íslandi var einn tugur skuldunauta. Fyrstur á blaði var Jón Thoroddsen með 260 dala skuld. Brynjólfur hafði skrifað upp á 200 dala víxil fyrir hann 29da febrúar 1848, og síðan orðið að framlengja hann og greiða af honum vexti og síðast að greiða hann upp.

Þá kom Bjarni Gunnarsson stúdent með 100 dala skuld og séra Gísli Thorarensen með 36 dala og 48 skildinga skuld, og hún var önnur þeirra skulda, sem Brynjólfur vildi láta innheimta samkvæmt skuldaskránni frá 6ta apríl 1850, hin var skuld þeirra feðga, Ólafs og Stefáns Gunnlaugssonar.

Næstur á eftir Gísla kom Hjálmar Jónasson bóndi á Skagaströnd með 91 dal, þá Símon Guðmundsson beykissveinn með 13 dala skuld, Árni Gíslason sýslumaður í Skaftafellssýslu með 20 dali, Benedikt Gröndal skáld með 50, Gísli Magnússon kennari við Lærða skólann með 20 dala skuld, Jónas Guðmundsson kennari við sama skóla með 50 og Halldór Kr. Friðriksson starfsbróðir þeirra með 46 dala skuld.

Öruggt má telja, að með þessu hafi engan veginn verið allt upp talið, því að skuldaskráin frá 6ta apríl 1850 hefir svohljóðandi yfirskrift: „Jeg á hjá öðrum (að ótöldum smáskuldum, svosem 300*r* að jeg man, og aldrei vil láta minnast á)". Síðan koma nöfn þeirra manna, „sem ekki má krefja, ef jeg dey". Í þeim hópi eru þeir Grímur Thom-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sen og Rimestad, þar er skuld hins síðarnefnda talin 539 dalir og 80 skildingar.

Í eldri vasabók er einnig skrá yfir skuldunauta, sem ber yfirskriftina; „Jeg á hjá öðrum (sem jeg ætla að heímta)". Síðan hefur hann strikað yfir öll nöfnin nema eitt og svo rækilega yfir upphæðirnar, að einungis tvær er hægt að lesa. Þarna eru nokkur sömu nöfnin og á seinni skuldaskrám. Fyrstur á blaði er Ari Arason með 28 dali frá árinu 1837. Aðrir, sem ekki komust síðar á blað, voru menn eins og Jónas Hallgrímsson, Gísli Jóhannesson og Jóhann Halldórsson. Jóhann Halldórsson er skráður í vasabók Brynjólfs í sambandi við 14 dala skuld við „Bjerre, Brændevinsbrænder". Brynjólfur hefir skrifað eftirfarandi skýringu við hana: „Skuld Jóhanns Haldórssonar, sem jeg utvegaði honum. Hana dreg jeg nú út, úr því hann er dauður, og Bjerre krefur mig ekki."

Árið 1844 birtu Ný félagsrit og Fjölnir boðsbréf um minnisvarða eftir séra Tómas Sæmundsson. Þau voru send vítt um land, og safnaðist svo mikið fé á Íslandi og hjá Íslendingum í Kaupmannahöfn, að hafizt var handa um smíðina. Myndhöggvari að nafni B. Reinhold gerði minnisvarðann, og af reikningsbók, sem Brynjólfur Pétursson hefir fært að mestu leyti, sést, að Reinhold hafa verið greiddir 170 dalir fyrir minnisvarðann, Jón Sigurðsson fékk greidda 30 dali fyrir bikar og Reinhold 15 dali fyrir umbúðir.[17] Af kvittunum má ráða, að Reinhold hafi unnið þetta verk árið 1846.

Gísli Thorarensen var einn þeirra fimmmenninganna, sem skrifuðu undir boðsbréfið. Hins vegar sést ekki á fyrrnefndri reikningsbók, að hann hafi lagt annað fé til minnisvarðans en 38 skildinga fyrir lakk. Samt lítur svo út, sem skuld hans við dánarbú Brynjólfs hafi verið í einhverju sambandi við smíði minnisvarðans, því að Gísli segir í bréfi til Jóns Guðmundssonar 24ða nóvember 1854:[18] „Enn á minnisvardakrofunni var eg hlessa! því bædi var þad, ad eg held eg hafi haft hvad mest fyrir honum í Kaupmannahöfn, og svo loxins þegar eg fór frá Kaupmannahöfn, tok eg til láns, med kátion Br Peturssonar peninga hiá gydingi og borgadi honum sjálfum af þeim tillag mitt, en allt lánid hefi eg sídan borgad Assessor J. Peturssyni eptir kröfu til bús Br, eg tok ad sönnu ekki kvittun hia Br:, en eg held þad hafi eingi giört, . . ."

Jón Guðmundsson ritstjóri var vel kunnugur þessu máli. Í 7da árgangi Þjóðólfs 8da september 1855 er greinarkorn um minnisvarðann. Þar segir, að minnisvarðinn hafi verið albúinn 1846, en fé hafi skort til að búa um hann til flutnings og greiða flutnings-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

kostnaðinn, og þar við hafi setið, unz Jón Sigurðsson „lagði út af fé sjálfs sín hér um bil 43 rdd. til þess að búa um varðann og í flutníngskaup undir hann, út til Eyrarbakka.“ Þetta var vorið 1853.

Í bréfi til Jóns Sigurðssonar dagsettu 1sta júní 1855 víkur Jón Guðmundsson að skuldamálum Brynjólfs og minnisvarðanum með eftirfarandi orðum:[19] „Eg hafði nú tal af J. P. og segir hann, að skuld sú sem séra G. Th. hafi verið í til Brynjólfs sál hafi verið annað hvort Vexel — eða Selvskyldnercautionsskuld, — hann segir og að af öllum þeim skuldum, sem Br. sál átti hjá löndum, þá hafi hann teiknað við þær allar, að hann gæfi þær upp, nema hjá Gisla presti og öðrum til, þá tvo vildi hann beinlínis krefja; þú sér af bréfi séra G. Th. sem eg læt fylgja en vil fá aptur vegna loforða hans við Skraddarann, að hann þykist hafa borgað Br. af þessum peníngum sem Br. caveraði fyrir allar sínar skuldir til „varðans“.

—Varðinn er nú kominn heim í k[ir]kjugarð á Brbst. fluttur á æki í vetur með forgaungu Sigurðar á Barkarst. mágs séra Tómasar sál; eg hefi pantað greinilega lýsíngu svo eg geti látið blaðið segja frá öllu saman greinilega; —“

Vilhjálmur Finsen samdi viðbót við greinargerð sína, sem áður er getið. Þessi viðbót er dagsett 4ða júní 1852. Hann rekur þar viðskipti þeirra Brynjólfs og Gísla Thorarensens og gerir grein fyrir ástæðunum, sem lágu til þess, að Brynjólfur vildi láta Gísla standa skil á skuld sinni.[20*]

Í vasabók Brynjólfs stendur við 1sta júlí 1849 „hjá öðrum . . . Gísli Thorarensen Vex: 36. 64 / minnisvarði eptir T. S. 8.72“, þannig að skuld Gísla nam 45 dölum og 40 skildingum.

Á sama hátt gerir Vilhjálmur nánari grein fyrir skuldamálum Brynjólfs og Stefáns Gunnlaugssonar og Ólafs sonar hans. Vilhjálmur byrjar á því að segja, að sér sé kunnugt um, að Stefán Gunnlaugsson ætli sér að gera 150 dala kröfu í dánarbúið, en það var afgangurinn af eftirlaunum Stefáns fyrir árið 1848, en þau voru 200 dalir. Stefán hafði mælt svo fyrir, að Ólafur sonur hans ætti að fá

[20*] Vilhjálmur segir svo frá: „Det er mig fra tidligere Tid bekjendt, at Justitsraaden fra den i min Beretning V, 22 anförte Debitor, Sognepræst G. Thorarensen i sin Tid havde modtaget en Anvisning til Dækning af hans Gjæld til Justitsraaden, men da denne præsenterede Anvisningen for Assignatus, oplystes det, at G. Thorarensen ligesaa lidt med eet Ord havde anmodet denne om at honorere nogen saadan Anvisning, som han efter deres Forhold iövrigt kunde have nogen Grund til at vente saadant af ham, og Udstedelsen af Anvisningen saaledes ikke uden Grund af Justitsraaden kunde betragtes som et Spilfægteri. Denne Anvisning, der saaledes ingensinde blev indfriet, har jeg nu fundet i Papirerne, den er udstedt den 30 Sept 1747, til Last Kjöbmand Th. Johnsen og lyder paa 30 Rbdlr.“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

50 dali, og í vasabók Brynjólfs stendur við 1sta desember 1848:[21] „af eptirlaunum St. Gunnl. 200 /borgað Ólafi 50 / eptir — sem senda á St. Gunnl. 150."

Í bréfasafni Brynjólfs Péturssonar eru varðveitt 6 bréf frá Stefáni Gunnlaugssyni til Brynjólfs, þar af eru fimm frá 1850 og eitt frá 1851. Ólafur hafði verið heima á Íslandi fyrri hluta vetrar 1849–50, en sigldi með póstskipinu í upphafi marzmánaðar 1850. Svo sem að líkum lætur víkur Stefán oft að syni sínum í þessum bréfum og þá ekki sízt að fjármálum hans. Til að mynda segir hann í bréfi til Brynjólfs 12ta júni 1850:[22] „Innilegast þakka eg ávarpid frá 11ta fm:, og rádstöfun þína med þá 50*rdl,* hvörja eg mun endurgjalda kaupm JM: þótt eg eigi ördugt med, sökum fiölskyldu minnar, og af því ekkert bætist mér, ad svo stöddu, sem umm muni. Annars er mér ómögulegt, ad borga fleyri skuldir Olafs, þó til væru, og hlýt eptirleidis, ad vísa sérhvörjum til laganna, sem lána ómyndugum penínga, nema í lífs naudsyn, einsog lög giöra rád fyrir; jafnframt vil eg innilegast bidja þig fyrir ennþá einusinni, ad giöra rádstöfun mín vegna honum vidvíkandi, sem er þessi. Ad ef hann ekki í August nærstk: tekur philologicum, ásamt Skúla Gíslas: og ödrum, sem eptir urdu í vor, og philosophicum nú í haustid kémur, þá bid eg þig umm, patria potestate ad senda mér hann heim til Islands med fyrstu ferd, ef hann ekki tæki philologicum í Augusti, og ekki væri ástundunarsamur med ad gánga til professora og á Examinatoria til philosophicum; þótt hann hafi ei mikla penínga, þá er honum ekki vorkun, ad hafa ofanaf fyrir sér jafnframt, med Jnformationum í túngumálum, og med skriptum, því svona giördi eg, og þad væri þarfara enn ad drekka og drabba med Udhalere og sofa framm á midjan dag einsog allir milliferdamenn frá skýra, og umm þetta vildi eg bidja þig ad tala vid hann *NB alvarlega.* — Giæti hann ekki feingid *stödugar* skriptir í Departementinu, eda einhvorsstadar, sem þú þekktir til; stödug störf mundu stödva hann, því hann hefir Arbeidsdygtighed, ef hann kjæmist í kröggur, og þyrfti ad beita sér, og í túngumálum er hann heima; enn léttúdugur félags skapur hefir giört hann hvikulan. Þarftu ekki privat Secretéra? Hann hefir Dannelse, og er vel kunnugur töktum Dana, líka landsmönnum; Stjórnin ætti ad launa þínum Privat Secretéra, eda láta þig hafa Tillæg til ad launa einum Amanuensis. Á mínu Contoiri var hann ötull og duglegur. Eg treysti þér nú sem fyrri, ad giöra vid hann, hvad þú álítur best eptir kríngumstædunum, og þartil géf eg þér hérmed mína fullkomnustu fullmakt í öllu tilliti, sem lög ítrast leyfa födur, nær sonarins rádlag er á reiki."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Þegar Brynjólfur fékk þetta bréf í hendur, var hann veikur maður, og það er alls óvíst, að hann hafi svarað því. Stefán Gunnlaugsson skrifaði honum aftur 8da ágúst sama ár og segir þá:[23] „Eg er því í mestu kröggum med penínga og hlýt því ad bidja þig svovel giöra, ad rádstafa Olafi heim til mín med fyrstu ferd, ef hann ekki med skriftum og Informationum giæti sialfur haft ofanaf fyrir sér, því þad er honum ekki vorkun. þó *kjinni* eg, *ef hann væri búinn ad taka philologicum og philosophicum og héldi áframm vel ad lesa,* eitthvad ad styrkja hann lítid. Eingar hans skuldir gét eg borgad, né heldur vil, því þeir sem láta ómynduga og órádna fá í hendur peninga, skada þá meira enn þeir gagna þeim, nema í lífs naudsyn eitthvad lítid, og heldur rífur þiki mér þú hafa verid á peningum við Ólaf, og til hvörs hann hefir brúkad svo mikla penínga er mér óskiljanlegt, og hann átti ekki að fá nema lítid eitt í einu, enn betra ad vísa honum á Information og skrif[t]ir; svona tánadi eg þad; — Hversu mikla peninga fekk hann hjá þ[er].“ Á fyrstu síðu þessa bréfs stendur á blaðröndinni: „Frá 1*ta* Juli hefi eg ávísad 50*rd* paa Gage til Ólafs, og ekkert meira“.

Í einni af vasabókum Brynjólfs undir fyrirsögninni skuldareikningar eru viðskipti hans og Ólafs Gunnlaugssonar bókfærð. Tekjumegin eru 26 dalir frá Jóni Markússyni, ferðapeningar Ólafs 78 dalir og 32 skildingar og „tekið upp á föður hans“ 150 dalir, alls 254 dalir og 32 skildingar. Þetta fé virðist Brynjólfur hafa fengið síðast á árinu 1848 og í upphafi árs 1849. Síðan koma greiðslurnar til Ólafs, sem nema 211 dölum og 32 skildingum í lok júnímánaðar, svo að Ólafur á enn eftir 43 dali, sem endast honum fram til 29da september 1849. Af þessu er helzt að ráða, að Brynjólfur hafi aldrei sent þessa 150 dali heim, heldur hafi þeir gengið til Ólafs. Þess er áður getið, að Vilhjálmur Finsen taldi, að Brynjólfur hefði verið búinn að leggja út 107 dali fyrir Ólaf um mánaðamótin júní-júlí 1849, en fyrsta júlí það sama ár færir hann 43 dali til skuldar við Ólaf í vasabók sína og þar með er dæmið gengið upp. Þann 14da janúar 1850 greiddi Brynjólfur 50 dala skuld fyrir Ólaf „í Caution til Lunds, sem jeg ætla að biðja föður hans að borga Jóni Markussyni“, og af bréfinu frá Stefáni, sem síðast var vitnað til, er að sjá, að hann hafi greitt hana. Að vísu er hún á skuldalistanum frá 6ta apríl 1850 og önnur þeirra, „sem má krefja“, en Stefán Gunnlaugsson hafði ekki fyrr greitt hana en Brynjólfur varð að greiða nýja skuld fyrir Ólaf við Bertelsen klæðskera, sem nam 31 dal og Brynjólfur hafði ábyrgzt fyrir hann. Allar líkur benda til þess, að Brynjólfur hafi

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

viljað láta krefja þá feðga um greiðslu vegna þess, að hann hafi litlar þakkir hlotið fyrir þá hjálp, sem hann veitti Ólafi.

Vasabækur Brynjólfs ljóstra því upp, að hann virðist hafa lagt allmikla stund á að spila upp á peninga, og þar má fylgjast með vinningum og tapi frá degi til dags síðustu æviárin. Til að mynda hefir hann setið við spil nær annan hvern dag frá 1sta til 15da janúar eitt árið og tapað 26 dölum og 64 skildingum á þeim tíma. Þannig tapaði hann 19 dölum og 8 skildingum þann 7da janúar. Á öðrum stað í vasabókum hans eru samfelldir spilareikningar frá 14da ágúst 1849 til 11ta maí 1850. Á þeim tíma tapaði hann 38 dölum og 59 skildingum. Af framanskráðu er deginum ljósara, að fé varð honum aldrei við hendur fast, þó að hann hefði úti allar klær að afla þess til að mynda með því að spila í happdrætti, og 19da september 1849 vann hann 90 dali; „þaraf gefið í Douceur 6", segir í vasabókinni.

Í framhaldi af því, sem rakið hefir verið hér að framan, skal tekið fram, að margir greiddu Brynjólfi aftur það fé, sem þeir fengu að láni hjá honum, sumir allt, aðrir nokkurn hluta. Á einum stað í vasabókum hans má sjá þær upphæðir, sem hann lánaði frá 13da ágúst 1849 og fram til 29da maí 1850. Þessar færslur hafa yfirskriftina „lánað öðrum" og þar kennir margra grasa, en nokkur sömu nöfnin koma aftur og aftur, tvisvar og jafnvel þrisvar í sama mánuðinum. Þau verða ekki talin upp hér, en til gamans má geta þess, að frá 13da til 27da ágúst 1849 lánaði Brynjólfur 44 dali, í september 71 dal og 70 skildinga, október 352 dali og 80 skildinga, nóvember 73 dali og 80 skildinga, desember 65, janúar 1850 248 dali, febrúar aðeins 55, marz 201, apríl 322 dali og 43 skildinga og í maí 126 dali og 64 skildinga.

Í bréfi, sem Brynjólfur reit Jóni bróður sínum 12ta júní 1850, er helzt að skilja, að honum hafi þótt nóg að gert, því að hann segir:[24] „Ef jeg hefði farið almennilega að ráði mínu, og ekki lánað öðrum eða gengið í borgun fyrir þá svo fautalega, sem jeg hef gert, þá hefði jeg geta[ð] goldið Þjer það sem þú átt hjá mjer og látið þig fá miklu meira." Í öðru bréfi til Jóns frá 16da marz sama ár segir hann:[25] „Jeg er nú nokkurnveginn búinn að koma fyrir peningasökum mínum svo að þegar jeg dey fá allir það, sem þeir eiga hjá mjer, af Livsassecuration." Honum var það áhyggjuefni fyrr á ævinni, að fátæklingar yrðu að gjalda þess, að hann gat ekki greitt skuldir sínar, nú hafði hann leyst sig frá þeim ótta og gat beðið þess, sem verða vildi, með meiri ró. Hann taldi það einnig beztu hliðina á stöðu sinni í íslenzku stjórnardeildinni „að geta goldið hverjum sitt, og hafa þó

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

dálitið eptir til að rjetta þeim með hjálparhönd, sem minna hafa enn jeg", eins og hann sagði í bréfi til Jóns bróður síns 14da marz 1849.[26]

HIÐ ÍSLENZKA SAMFÉLAG Í KAUPMANNAHÖFN

Allt frá þeim tíma, að æðsta stjórn Íslands fluttist til Kaupmannahafnar og íslenzkir stúdentar tóku að sigla þangað til háskólanáms, var að jafnaði íslenzk „nýlenda" í Kaupmannahöfn. Sumir þeirra, sem þangað sigldu, áttu ekki afturkvæmt til Íslands. Þannig var það löngum með nokkurn hluta hinna íslenzku lærdómsmanna, svo sem kunnugt er.

Á fyrri hluta 19du aldar bar Finnur Magnússon ægishjálm yfir alla Íslendinga í Kaupmannahöfn fyrir frægðar sakir. Hann var jafnan hjálpfús og greiðvikinn við landa sína, þó að hann byggi við örðugan efnahag og andstreymi í einkalífi. Hins vegar virðast íslenzkir stúdentar ekki hafa litið upp til hans undir ævilokin, og það vottar jafnvel fyrir lítilsvirðingu, þegar *„Finnur minn"* er nefndur á nafn.

Eftir lát Finns naut Brynjólfur Pétursson mestra mannvirðinga meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, meðan honum entist líf og heilsa, þar sem hann var bæði forseti Bókmenntafélagsins og forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar.

Brynjólfi virðist hafa verið ljúft að blanda geði við landa sína, og í „Dagbók í Höfn" má sjá, að hann hefir verið tíður gestur hjá Mjóna, þar sem íslenzkir stúdentar áttu sér daglegt mót og sátu saman kvöldin út. Það gat heldur ekki hjá því farið, að Brynjólfur nyti vinsælda meðal landa sinna vegna greiðvikni og hjálpfýsi. Samt sem áður virðist hann hafa farið í taugarnar á Gísla Brynjúlfssyni, því að hann segir á einum stað í dagbókinni:[1] „. . . einkum get eg ei þolað Br(ynjólf) Pétursson, hann er svo reigingslegur og þóttalegur, en þó ei rækilegri í hugsunum sínum um Ísl(and) en Odilon Barrot um Frakkland". Þessi vitnisburður fer að vísu einn sér, því að yfirleitt virðist Brynjólfi hafa reynzt auðvelt að vinna sér traust og vináttu manna. Páll Þórðarson Melsteð hafði litlar mætur á honum fram til þess tíma, að þeir urðu persónulega kunnugir, en það varð veturinn 1848–1849. Umskiptin eru ljós af bréfi, sem Páll skrifaði Brynjólfi 26ta ágúst 1849, en það hefst með þessum orðum:[2] „Eptir því, sem mig minnir, er það gamall og gódur íslendskur vani

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ad byrja öll sendibréf svona: „eg þakka þér hjartanlega fyrir alt undanfarid ágæti". Þegar þetta hefur stundum verid skrifad, hefur máské ekki ætíd hugur fylgt máli; en þegar jeg nú skrifa hér þessi algengu ord, þá er þad af innsta hjartans grunni. Já, eg segi þér þad satt, elsku vinur! ad eg aldrei mun gleyma öllu því ástríki, er þú sýndir mér ókéndum í vetur."

Benedikt Gröndal minntist Brynjólfs einkar hlýlega í Dægradvöl, og er sú frásögn á þessa leið:[3] „Brynjólfur Pétursson var hár maður og herðalotinn, nefljótur; hafði smáar hendur og fætur og var ætíð snyrtilegur í fötum og framgöngu; hann gekk með gullgleraugu eins og Konráð. Hann var hneigður til hjartveiki, og málrómurinn veiklegur og skjálfandi. Hann var einhver hinn drenglyndasti og göfuglyndasti maður, sem ég hef þekkt, og þar eftir hygginn og séður, en ekki sá hann í skildinginn, og fé vantaði hann aldrei. Enginn var við mig eins og Brynjólfur. Oft þegar hann mætti mér á götu, eftir að ég var nýkominn, þá tók hann mig undir hönd sér og leiddi mig um allt til að sýna mér hvað eina, og á milli fór hann með mig á veitingastaði og veitti hvað sem ég vildi hafa; oft spurði hann mig, hvort ég þyrfti einskis með, og gaf mér peninga — fimm eða tíu dali — alveg óbeðið eða án þess ég gæfi tilefni til þess . . . Brynjólfur var ástúðlegri við mig en aðra Íslendinga".

Benedikt Gröndal kom til Kaupmannahafnar haustið 1846 og komst þá fljótlega í kunningsskap við þá Brynjólf og Konráð, því að hann segist hafa búið öll kvæði Jónasar Hallgrímssonar undir prentun fyrir þá, en þau voru fullprentuð með vordögum 1847, eins og áður greinir. Þeir Brynjólfur og Benedikt Gröndal voru samtíða í Kaupmannahöfn um fjögurra ára skeið, því að Gröndal sigldi heim til Íslands sumarið 1850. Í bréfasafni Brynjólfs er varðveitt eitt bréf frá honum til Brynjólfs, eftir að hann er kominn heim til Reykjavíkur, og var erindið að biðja Brynjólf að útvega sér skrifarastarf á væntanlegum þjóðfundi.[4] Honum var veitt sú bón, hvort sem Brynjólfur hefir þar nokkru um ráðið, og lauk með því samskiptum þeirra.

Öllu sögulegri urðu samskipti Gísla Jóhannessonar og Brynjólfs. Þeir voru frændur, og Gísli virðist hafa notið þess á margan hátt. Í bréfasafni Brynjólfs eru varðveitt 6 bréf frá Gísla á árabilinu 1846–1850, en hann fór alfarinn frá Kaupmannahöfn 1846. Í bréfi, sem Gísli skrifaði Brynjólfi frá Flugumýri 18da september 1846, rekur hann ævi sína á Hafnarslóð, en hann hafði gert stutta samantekt um það helzta, sem á daga hans hafði drifið, og var það honum örlagaríkt, en frásögn Gísla er á þessa leið:[5] „jeg hafdi einhvörn-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

tíma í Hafnarólund minni skrifad á lausan bladskratta æfisögu mína, eins og hún var í Kaupmannahöfn; þetta bölfad blad hafdi borist hingad til lands í tjörgum mínum einhvornveginn mjer öldúngis óvitandi, en, ámedan jeg var nyrdra, hafdi fadir minn fundid bladid; ekki sagdi hann mjer samt frá því, en las alla söguna uppúr sjer og spurdi mig svo útúr spurníngunum; jeg vissi ekki hvadan á mig stód vedrid, og sá ekki annad rádlegra, enn ad gángast vid því sem jeg vard ad gángast undir, en jeg gjördi þó undantekníngar og breytingar þar sem þeim vard vid komid; seinna nádi jeg bladinu, og þó jeg skammist mín nidur í hrúgu, þá verd jeg samt ad skrifa þjer ordrjett þad sem á bladinu var, en þad var þetta:

„Fyrsta veturinn sem jeg var í Kmhöfn; þessi vetur var upphaf báginda minna, jeg lánadi landa mínum einum mikid af peníngum þeim sem jeg kom med, en hann gat ekki borgad mjer þá aptur, svo jeg vard fjeþurfi um veturinn; þetta auk annars var tilefni til sundurlindis milli mín og laxmanns míns, jeg undi ekki heima, fór ad leggjast á kippen og spila Billard; svo fór, sem vid var ad búast, ad jeg las ekkert um veturinn og fjekk gat í mælingarfrædi um vorid; þetta þókti mjer óþolandi mínkun, því þángadtil var jeg haldinn ydinn og gáfadur, jeg hafdi þaradauki vilyrdi um árlegan styrk, ef mjer gengi bærilega við fyrstu Lærdómsprófin. — Nú þókti mjer sem álit mitt væri med öllu farid og peningastyrkinn gat jeg nú alls ekki feingid; jeg gat mjer til ad illur ordrómur mundi leggjast á mig heima og erlendis; nú greip jeg til þess sem sídst skyldi: jeg ætladi mjer ekki ad skeyta um dóm annarra og var mjer úti um peninga hvar sem jeg gat og brúkadi þá til ad svæfa samvitskuna, jeg sókti þær gladværdir sem jeg gat, þær veittu mjer reindar litla ánægju, en jeg gleimdi ámedan bágindum mínum, sem löggdust þúngt á mig, þegar jeg var med sjálfum mjer og huxaði einsamall um hagi mína; svona fjölgudu einlægt skuldir mínar, þángad til ekki var leingur hægt, ad fá fje, fædi eda klædi. — Þegar svona var komid, bættist þad á, ad jeg var tekinn fastur sem óbótamadur fyrir alls einga sök; jeg hafdi rádid um kvöldid, þegar jeg var látinn laus, ad losa mig frá þessari vanvyrdu og basli daginn eptir; en jeg komst ekki á fætur fyrir fataleysi, og sá madur sem jeg á líf mitt ad launa, nádi mjer í rúminu“ — Þú mátt nú gjeta nærri, hvört ekki muni hafa komid svipur á födur minn, þegar hann las þennann pistil, hann ætladi hreint ad verda hamslaus og hélt ad jeg mundi hafa gjört eitthvört óhæfuverk, en jeg sagdist hafa verid tekinn fastur ad kvöldi dags fyrir slark sem jeg hefdi komist í med drukknum mönnum, en hitt sagdi jeg einsog satt var, ad þú hefdir verid sá sem hjálpadir mjer. —

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Nú gjöri jeg rád fyrir, ad fadir minn hafi bedid S*ra* Sigurð mág þinn, eda einhvörn annan, ad komast eptir hjá þjer, hvörnig á þessu hefdi stadid og ödru sem mjer var þar vidkomandi og veit jeg, ad þú munir svara sem best, ef til þess kjemur. — Þegar fadir minn spurdi um skuldir mínar í Höfn, mátti jeg til ad ljúga; jeg þordi ekki ad segja frá meiru enn 100 Rbd og þókti honum þad þó heldur enn ekki mikid; og ómögulegt hefur mjer verid ad ná meiru enn 60 Rbd saman, sem jeg ætla ad senda þjer seinna, handa Antoniugötu gidíngnum og Hansen Skraddara, og þó hefi jeg sagt födur mínum, til ad hafa stundarfrid, ad þessa peninga verdi jeg ad borga fyrir bækur og föt, sem jeg hafi ordid ad pantsetja í Kaupmannah. ádur enn jeg fór, því hann ærdist líka útaf því, ad jeg skyldi koma fata- og bókalaus heim aptur". —

Gísli getur þess ekki frekar í bréfum sínum, á hvern hátt Brynjólfur varð honum að liði. Í bréfi, sem hann skrifaði Brynjólfi hjá „Trekroner" 11ta júní 1846, þegar hann var í þann veginn að láta í haf frá Kaupmannahöfn, segist hann hafa verið nokkurs konar „Don Juan",á meðan hann var þar í borg, en segir svo í framhaldi af því:[6] „. . . . það væri líka heimska að hæla sér af því að vera Don Juan, þegar maður er uppá aðra kominn, og það eins og eg hef verið, og það hef eg aldrei fundið einsog í morgun, þegar eg átti að kveðja þig, þig, sem eg átti mitt líf að launa, og það ekki einu sinni heldur opt og morgum sinnum;"

Bréfritarinn var að vísu hálffullur, þegar hann skrifaði þessi orð, svo að það má vera, að hann hafi ekki gert minna úr þessu en efni stóðu til, en það er ljóst af því, sem hér hefir verið frá greint, að Brynjólfur hefir gert allt, sem hann gat, til að hjálpa þessum frænda sínum út úr ógöngunum.

Af Gísla Jóhannessyni er það síðan að segja, að hann fór í Prestaskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi síðsumars 1849. Eftir það varð hann kennari í Reykjavík og síðan prestur á Reynivöllum í Kjós, sem hann þjónaði til æviloka, og lýkur þar frá honum að segja.

Þorsteinn Jónsson sýslumaður var samtíða Brynjólfi í Kaupmannahöfn 1836–1846, en þá var hann settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu og átti heima á Ketilsstöðum á Völlum. Í bréfasafni Brynjólfs eru varðveitt 9 bréf frá honum til Brynjólfs,og þar lætur hann hugann reika til liðinna samverustunda í Kaupmannahöfn. Honum farast orð á þessa leið í bréfi dagsettu 16da janúar 1847:[7] „Af mér er þad ad segja, ad eg lifi sona-a; heill hef eg verid og hraustur, en stundum leidist mér, og komum vid P[étur] H[afstein] þó stundum til Njáls á kvöldin; en því komid þid ekki þángad eins og vant

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

er, aldrei hittum vid þar neinn; þú ert víst altaf hjá Mjóna ad tebla Domínó um ölkollur!"

Til skýringar má geta þess, að Njáll var veitingahús,og var nafnið þannig orðið til, að sá, sem rak það, hét Genelli, en Íslendingar færðu nafn hans í íslenzkan búning og kölluðu Njál. Mjóni var á sama hátt kenndur við veitingamanninn Jacob Mini.

Nokkru seinna, eða 4ða ágúst sama ár, skrifaði Þorsteinn Brynjólfi að nýju og hóf mál sitt með þessum orðum:[8] „Ertu þá lifandi enn! gráhærði, mórendi, tindilfætti horngleraugubera ndi, ekki-strítam lemjandi, eða Piquet spilandi og veiðileiði herra Kammerass-esionibus! líkann þessum — og þó ólíkann — hefi eg þekkt mann bæði frá Mjóna og Njáli; en nú held eg mér, sindugum ormi, verði aldrei auðið að þekkja hann aptur, eptir þessa miklu Metamorphose sem orðin er; við fyrstu 4. einkennin kannast eg, en þá eru hin öll — og Kammerassessórinn med — sem eg held eg aldrei geti áttað mig á; en hvað um það, jeg held eg tæki í mórenða Kjólinn, ef eg sæi hann einhvernstaðar á leið minni, og heldi mér þar föstum, að minnsta kosti þángadtil rödd innanúr honum segði, að Kammerass. ekki *væri heima!*"

Þegar Þorsteinn skrifaði þetta, var Brynjólfur nýorðinn kammer-assessor. Það skýrir að vísu ekki orðasambandið „ekki-strítam lemjandi", sem eftir orðanna hljóðan gæti merkt, að Brynjólfur hafi ekki lagt fyrir sig að spila keiluspil, því að keilan var stundum kölluð strýta. Hins vegar virðist Brynjólfur hafa verið fús að spila Piquet, því að í bréfi frá Þorsteini 19da janúar 1849 segir hann að síðustu við Brynjólf:[9] „Fyrirgefdu nú þetta, elskuvin! og taktu allt einsog þad hefdi verid talad eda skrifad sumarid 1845 þegar vid vorum ad spila Piquet á loptinu í Hotel du Nord eda í Silkigötu;" Þessir bréfkaflar bregða upp smámynd af hinu daglega lífi Íslendinga í Kaupmannahöfn, og hvað þeir gerðu sér helzt til dægrastyttingar að dagsverkinu loknu.

Brynjólfur Pétursson átti töluvert bókasafn. Það var skrifað upp eftir andlát hans og virðist hafa numið 238 bindum.[10] Mestur hluti safnsins voru íslenzkar bækur, svo sem útgáfur íslenzkra fornsagna og bækur þær, sem Bókmenntafélagið hafði gefið út. Hann virðist hafa átt mikið af þeim bókum, sem komu út á íslenzku á þeim árum, sem hann lifði, og nokkurn hluta íslenzkra bóka frá 18du öld. Svo sem vænta mátti voru bækur um lögfræðilegt efni í bókasafninu, einnig bækur um stærðfræði og náttúrufræði og yfir 20 bindi af verk-um Charles Dickens á ensku og 2 bækur eftir Bulwer-Lytton. Brynj-ólfur hafði mikið dálæti á verkum Dickens,og hann virðist hafa náð

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

svo miklu valdi á málinu, að hann gat lesið enskar bókmenntir sér til skemmtunar. Hins vegar kemur það fram í bréfi frá Grími Thomsen, að Brynjólfur kunni sama og ekkert í frönsku.

Ekki er vitað um alla bústaði Brynjólfs, eftir að hann fluttist út af Garði og fram til 1841. Helztu upplýsingarnar er að fá af utanáskriftum á bréfum til hans. Þar sést, að hann hefir búið í Store Fiolstræde 172 undir árslok 1841, en er svo fluttur inn á Hotel du Nord snemma árs 1842,og þar bjó hann í þrjú eða fjögur ár og virðist hafa flutt þaðan til Vestergade 11 og bjó þar á annarri hæð (2. Sal) a. m. k. síðari hluta árs 1846, en segir í bréfi til Gríms Thomsens, að hann flytji í „Pilestræde Nr 120, 1 Sal, þann 20sta október það ár. Síðan virðist hann hafa búið í Pilestræde 120 fram til hausts 1850, þá fluttist hann til Vestergade 46 og bjó hjá ekkju, sem hét Björg Ormsdóttir Lund. Hún virðist hafa verið íslenzk og reyndist Brynjólfi einkar vel í veikindum hans undir ævilokin. Vestergade 46 var síðasta heimili Brynjólfs í Kaupmannahöfn.

Þess gætir víða, að kunningjar og skólabræður Brynjólfs báru óskorað traust til hans í flestum málum. Hann þótti gætinn og gjörhugull. Þórður Jónasson talaði um það í bréfi til hans 12ta nóvember 1848, að hann væri „circumspect og varasamur".[11] Dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður taldi það álit Gríms Thomsens,[12] að „Brynjólfur var hreint yfir að taka sá maður, sem honum fanst mest til um allra þeirra manna, er hann hafði þekkt", og var þá ekki lítið sagt.

Séra Einar Thorlacius sagði í vitnisburði sínum um Brynjólf, að hann væri efni í latínuskáld með tilsögn og æfingu og líka nettan skrifara og teiknara. Latínukveðskapur hans er fallinn í gleymsku og ekki er vitað um teikningar eftir hann. Hins vegar eru varðveittar nokkrar stökur eftir hann í ljóðabréfi, sem Brynjólfur o. fl. sendu Jónasi Hallgrímssyni til Sóreyjar haustið 1843.[13] Kveðskapurinn í bréfinu er á engan hátt merkilegur, en hann sýnir, að Brynjólfur gat kastað fram stöku, þegar þess þurfti með í kunningjahópi. Ummæli Tómasar Sæmundssonar í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar 3ja október 1831 bera með sér, að Tómasi var fullkunnugt um, að Brynjólfur gat lagt fyrir sig ljóðagerð.[14] Það vill svo til, að í handritasafni Landsbókasafns Íslands er varðveitt kvæði og kvæðisbrot með hendi Brynjólfs. sem erfiðlega hefir gengið að feðra.[15] Þau voru samt prentuð í einni af ljóðmælaútgáfum Jónasar Hallgrímssonar,[16] en síðan ekki söguna meir, enda stinga þau svo í stúf við annan kveðskap Jónasar, að það er nær óhugsandi, að hann geti verið höfundurinn. Það sannar að vísu ekki, að Brynjólfur hafi

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ort þetta, og á það má benda, að til eru uppskriftir af kvæðum Jónasar með hendi Brynjólfs.[17] Að lokum skal þess getið, að af skriftinni má ráða að Brynjólfur hafi skrifað eða ort þetta tvennt á stúdentsárum sínum í Kaupmannahöfn, og kvæðisbrotið er einmitt lýsing á borginni að næturþeli.[18*]

Í ljóðmælum Jónasar Hallgrímssonar eru þrjú gamankvæði til Brynjólfs, og er talið, að eitt þeirra: „Við, sem annars lesum lögin" sé eftir þá Jónas og Konráð í sameiningu. Hin kvæðin eru bæði varðveitt í eiginhandarritum Jónasar, og kvæðið „Mér er glatt í geðinu mínu góðkunningi" er dagsett 17da nóvember 1835 á Regensi. „Ein nýgjörð og gamansöm Bindindisvísa" gæti verið frá útmánuðum 1844, því að Brynjólfur þóttist þá fullvís um að verða sýslumaður í Rangárvallasýslu, og hann þakkar Jónasi „fyrir vísuna" í bréfi 10da apríl 1844.[19] Í „Kvæðum Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandriti" er þess til getið, að það sé ort ári síðar.[20] Um aldur vísnanna „Við, sem annars lesum lögin" er það eitt að segja, að þær eru sennilega frá þeim tíma, þegar svo átti að heita, að þeir Konráð og Jónas væru að lesa lögfræði, eða frá árunum 1832–1835, og þar gæti verið vikið að einhverjum löngu liðnum atvikum frá samveru Jónasar og Brynjólfs í Goðdölum. Þess ber þó að geta, að Páll Melsteð taldi þær ortar til Brynjólfs á afmælisdegi hans 15da apríl 1837 eða 1838, en þá voru þeir Jónas og Konráð löngu hættir að lesa lög.[21]

Það hefir lengi verið siðvenja Íslendinga í Kaupmannahöfn að fara í svonefnda skógarför að vorinu til. Ein og ein hefir meira að segja orðið góðskáldum að yrkisefni, en flestar eru löngu gleymdar, og þannig er með skógarferðirnar, sem Íslendingar fóru, meðan Brynjólfur Pétursson var ofar moldu, nema vorið 1850, þá var skógarferðin farin um hvítasunnuna 19da maí, og heimildin er vasabók Brynjólfs, því að hann færði kostnaðinn inn í hana, sem nam 8 döl-um og 10 skildingum.[22] Það hefir sennilega verið síðasta skógarferðin, sem hann fór með löndum sínum, og Brynjólfur haldið vana sínum og verið óspar á fé.

Brynjólfur var gerður að kammerassessor 22an janúar 1847. Hann virðist ekki hafa verið hégómagjarn og sagði í bréfi til Jóns bróður síns 18da marz 1847:[23] „Mjer fjell það illa, að jeg var gjörður að Kammerassessor hjerna á dögunum. Var það þó nokkur bót

[18*] Þriðja og fjórða erindið í „Broti" eru á þessa leið: „Kvikt var á götu:/ karlar og sprund/ ýmist saman/ eða einsömul/ gengu greiðan/ sem gata flutti/ eða löbbuðu hægan/ og litu um kring./ Sumir komu/ frá sjónarspilum,/ aðrir frá öðrum/ unaðsemdum,/ nokkrir fóru/ til nýrrar gleði,/ aðrir leituðu/ eftir henni.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

í máli að konungur tók það upp hjá sjálfum sjer, án þess jeg væri innstilltur til þess af rentukammerinu."

Þegar íslenzka stjórnardeildin var sett á stofn og Brynjólfur gerður að forstöðumanni hennar, varð hann jafnframt justitsráð. Bæði bréfin eru dagsett 8da desember 1848 og undirrituð af konungi. „Voru Departementscheferne gjörðir að Departementsdirecteurer og fengu þeir justizráðs nafnbót, sem ekki höfðu hærri nafnbót áður, og voru það ekki nema tveir fyrir utan mig. Kærði jeg mig ekki um að setja mig móti því, af því jeg hefði hvort sem var orðið að halda ólukkans Kammerassessors titlinum," skrifaði hann Jóni bróður sínum 14da marz 1849.[24]

Tæpu ári síðar en Brynjólfur var gerður að justitsráði fékk hann bréf frá innanríkisráðuneytinu dagsett 26ta október 1849 og undirritað af Heltzen, ritara innanríkisráðherrans, með fyrirmælum um, hvernig einkennisbúningur Brynjólfs ætti að vera við hátíðleg tækifæri og hversdagslega.[25*]

Brynjólfur varð að gera eins og boðið var, og í vasabók hans sést, að Bertelsen skraddari hefir saumað á hann „einkennisföt" fyrir 115 dali, sem færðir eru til skuldar 23ja nóvember 1849.[26] Þessi einkennisbúningur kom aftur við sögu, þegar eignir Brynjólfs voru skrifaðar upp að honum látnum 5ta nóvember 1851. Þar er skráður „en Uniformskjole með Guldbroderi og D*o* Benklæder" virt á 80 dali.[27] Auk einkennisbúningsins átti hann 3 frakka og 3 kjóla, sem voru virtir á 16 og 14 dali, eða alls 30 dali, en af því má ráða, að mikið hafi verið borið í einkennisbúninginn, úr því hann var virtur svona hátt.

Páll Melsteð sagnfræðingur, sem mat Brynjólf mjög mikils, minntist hans í æviminningum sínum með þessum orðum:[28] „Eftir því sem eg kynntist löndum mínum við háskólann, fann eg það, að mér féll bezt við *Brynjólf Pétursson* og Gísla Hjálmarsson; mér varð vel við þá, mér fannst eg batna af náveru þeirra og tali, og eg fann glöggt,

[25*] Bréfið er á þessa leið: „Paa Finantsministerens efter Conference med Indenrigsministeren vedlagte allerunderdanigste Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under 21*e* dennes allernaadigst at tillade Finants- og Indenrigsministeriets Departementsdirekteurer og Committerede, forsaavidt der ikke for dem er normeret nogen anden Uniform, eller de have personlig Berettigelse til at bære en saadan, at anlægge den respektive for Deputerede og Committerede i de ophævede Kammer-Collegier tilforn bestemte Uniform, dog at det tilstedes til Galla at bære blaae Beenklæder med Guldtresse istedetfor hvide, samt at der som daglig Uniform *kan* istedetfor Kjole bæres en kort blaa Frakke med Vaabenknapper og det sædvanlige Guldbroderi paa Kraven, uden Broderi for Hænderne.

Hvilket efter Ordre herved meddeles Hr Justitsraaden til behagelig Underretning."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

að mig skorti á við þá tvo menn, bæði hreinleik hjartans og mikilleik gáfnanna. Gísla þekkta eg enn betur en Brynjólf, . . . en þó þekkti eg hann svo, að eg hefði helzt kosið að vera sem hann. Bræður hans hefi eg þekkt talsvert, en hvorugan þeirra, Pétur eða Jón, tek eg til jafns við Brynjólf. Hann var glæsilegur maður bæði til lífs og sálar."

Þess hefir áður verið getið, að það greri aldrei um heilt milli Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar, eftir að Jón gekk úr Fjölnisfélaginu í upphafi árs 1841. Það kom í hlut Jóns Sigurðssonar að mæla nokkur orð eftir Brynjólf á aðalfundi Bókmenntafélagsins 10da apríl 1852, því að hann varð forseti Kaupmannahafnardeildarinnar á eftir Brynjólfi, en við það tækifæri fórust honum orð á þessa leið:[29]

„Vér höfum mist ekki allfáa félagsmenn á þessu ári. Fyrst tel eg jústizráð *Brynjólf Pétursson,* forstöðumann hinnar íslenzku stjórnardeildar og forseta deildar vorrar; hann andaðist 18da Október í haust er var. Félag vort má segja sama einsog föðurland vort, að einmitt þegar vér gátum átt von á að hann gæti farið að koma mestu góðu til leiðar, þá var honum svipt frá oss, en enginn sá, sem þekkti hans brennandi ást til Íslands, gat efast um, að vilji hans og ásetningur var svo hreinn og góður, sem bezt mátti verða. Ísland má nú harma hann einn af þeim, sem það hefir mist á bezta aldri, vinir hans trygðreyndan og ástúðlegan vin, og vér landar hans bezta félaga úr hinu fámenna samkvæmi voru."

STÉTTAÞINGIN OG BÆNARSKRÁR UM ALÞINGI

Þess er áður getið, að tilskipun konungs um tilhögun stéttaþinganna var gefin út 15da maí 1834. Margt í tilskipuninni var sniðið eftir prússnesku þingunum. Í úrskurði konungs 4ða júní 1832 var svo á kveðið samkvæmt tillögum frá kansellíinu, að fulltrúar Íslands á stéttaþingunum skyldu vera þrír og konungur sjálfur skyldi kveðja þá til þingsetu, unz komið yrði á hentugri skipan um kosningar í landinu sjálfu. Rúmum tveimur árum seinna, 19da september 1834, kvaddi konungur tvo fulltrúa til setu á þingi Eydana í Hróarskeldu í stað þriggja, sem um var talað 1832. Fulltrúarnir voru þeir Finnur Magnússon prófessor og L. A. Krieger stiftamtmaður. Hróarskelduþing átti að hefjast 1sta október 1835, og konungur kvaddi þá til þingsetunnar með bréfi 8da maí 1835. Kjörtímabilið var sex ár.

Eftir að Baldvin Einarsson féll frá, hafði ekkert verið ritað opin-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

berlega á íslenzku um þátttöku Íslendinga í stéttaþingunum, fyrr en Tómas Sæmundsson vék að þessum málum í „Úr bréfi frá Íslandi, dagsettu 30sta jan. 1835", sem birtist í 1sta árgangi Fjölnis. Hann gerði þar grein fyrir afstöðu þjóðarinnar til þessa máls og „nytsemi þvílíkrar stjórnarlögunar".[1*]

Tómas virðist hafa óttazt, að íhlutun danskra stéttaþinga leiddi af sér verra stjórnarfar en áður. Þess vegna var það honum kappsmál, að stofnað yrði sérstakt þing fyrir Íslendinga. Þeir Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason skrifuðu fréttirnar í Skírni árið 1836. Þar tala þeir um það sem höfuðgalla á dönsku stéttaþingunum, að þau séu ekki háð í heyranda hljóði, og ekki leynir sér í orðum þeirra, að þeir eru hlynntir þingræðinu, sem var að skjóta rótum í Danmörku. Jón Sigurðsson og Magnús Hákonarson sömdu fréttirnar árið eftir og tóku þar í sama streng. Þannig birtu þessir ungu menn þjóð sinni skoðanir sínar á hinu nýja stjórnskipulagi, sem lá í loftinu í Danmörku.

L. A. Krieger stiftamtmaður hafði upphaflega verið andvígur sérstöku fulltrúaþingi fyrir Ísland. Eftir setu á einu þingi í Hróarskeldu virðist hann hafa skipt um skoðun. Tómas Sæmundsson segir Konráði Gíslasyni frá viðræðum sínum við Krieger í bréfi 1sta ágúst 1836 og segir þar: „Samtalið gekk mest út á skólann og provincialstöndin fyrir Ísland og voru hans meiningar upp á það liberalasta í því öllu."[2]

[1*] Tómasi farast orð á þessa leið: „Lítið er hér talað um hina nýju stjórnarskipun; alþýðan veit ekki hvað það er, enn það þráir einginn sem hann þekkir ekki; meðal embættismannanna eru sumir slíkri stjórnarlögun ekki meðmæltir, sjá hennar lítinn ávinníng, segja almúgamenn bera litla vitsmuni til að starfa að stjórnar-efnum, og þaraf leiða óróa einn og virðíngarleysi við yfirboðana. Um nytsemi þvílíkrar stjórnarlögunar sýnist mér þó mannkyns-sagan bera ljóst vitni, og þá ætla ég þjóðirnar hafa komist hæðst, þegar þær hafa fengið að taka þátt í löggjöfinni. So virðast mér bændur hjá oss upplýstir, að brátt muni þeim skiljast hvað um er að vera, ef til þeirra kasta kæmi; fár er so ókænn, að ekki kunni skin á hvað honum er helzt til óhæginda, og hvurnig ráða mætti bót á því með nokkru móti. Valla mundu þau lög eiga síður við landið, sem komin væru frá skinsömum mönnum vor á meðal, þó ólærðir væru, enn hin sem sprottin eru af útlendri rót; flestir bændur sýna so mikla hlýðni við lögin, þó þeir viti ekki grundvöll þeirra, að ekki væri hætt við þeir yrðu óhlýðnari sínum lögum, sem þeir sæu að væru nauðsynleg. Það eru lögin, og embættismaðurinn einúngis að því leiti sem hann er þeirra vörður og talsmaður, sem af öllum eiga hlýðni og virðíngu skilið, og að því slepptu sýnist mér ekki gera so mikið til virðíngar hvurt starf maðurinn á hendi hefir, sem það, hvurnin hann fylgir sinni köllun. — Aðrir hafa ekki í tvímælum nytsemi slíkrar stjórnarlögunar þar sem henni verður viðkomið, og þjóðirnar kunna með að fara, enn telja, þegar til Íslanz er litið, mörg vankvæði á vera til þess hún geti ákomist, og halda menn muni finna til örðugleika og kostnaðar sem þaraf leiði, enn ávöxturinn muni verða tvísýnn, meðan ekki er miðað til stærri hluta.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Árið 1837 var sáningartími stjórnskipulagshugmynda Íslandi til handa. Á öndverðu því ári voru hafin almenn samtök um að senda konungi bænarskrár um innlent fulltrúaþing. Jón Sigurðsson telur þá Pál Þórðarson Melsteð sýslumann og Bjarna Thorarensen amtmann hafa verið aðalhvatamennina.[3] Hins vegar skrifaði Bjarni Thorarensen kansellíinu bréf með bænarskránum úr Norður- og Austuramtinu, sem dagsett er 24ða júlí 1838, og segir þar, að Þórður Sveinbjarnarson hafi sent sér samrit af bænarskránni úr Suðuramtinu, sem hann hafði samið.[4**] Þórður Sveinbjarnarson greinir frá þessu í ævisögu sinni með þessum orðum: „Um sumarið aftalaðist það fyrir mjer, Melsteð kammerráði og amtmanni Thorarensen, að samin væri bænaskrá til konungs um, að Ísland fengi lausn frá Hróarskeldu þinginu, og samkomu sjer. Voru samdar um þetta þrjár einshljóðandi bænarskrár, og átti amtmaður Thorarensen og sýslumaður Blöndahl að safna undirskriptum nyrðra; við Melsteð í suðuramti, og þriðja var falin amtmanni Thorsteinsson, en hann stakk henni undir koddann. Þær tvær fóru því, og voru að jeg ætla, fyrsta hvöt til alþingisveitingarinnar. En við sjálft lá hjer syðra, að enginn þyrði að skrifa fyrstur undir, því margir óttuðust, að kongi kynni að mislíka bænin, og kasta reiði sinni á þann, er fyrstur stæði. Jeg varð samt til þess, og mun bænarskráin bera það með sér."[5]

Í skjalasafni kansellísins í Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveitt fjögur eintök af þessum bænarskrám. Þrjú þeirra sendi Bjarni Thorarensen ásamt bréfi því, sem áður var vitnað til. Fjórða eintakið er það, sem Þórður Sveinbjarnarson segir frá í ævisögu sinni, að hann hafi skrifað fyrstur undir. Sú bænarskrá er dagsett 5ta júlí 1837, og hún endar á þessum orðum: „at det allernaadigst maatte behage Deres Majestæt:

at forunde Island en særlig Forsamling af raadgivende Provindsial-Stænder, der maatte forsamles i Landet selv."[6]

Í bænarskránum var gerð rækileg grein fyrir þeim ástæðum, sem lágu til þess, að óskað var eftir innlendu þingi. Kostnaðurinn af setu fulltrúa Íslendinga á Hróarskelduþingi var þjóðinni þyrnir í augum, og það virtist næsta erfitt að koma því skipulagi á kosningu fulltrúanna, að hún legði þjóðinni ekki þyngri byrði á herðar en hún

[4**] Í bréfinu segir svo: „I forrige Aars Sommer blev mig, af Herr Lands Overrets Justitiarius *Sveinbjörnsen* med en privat Skrivelse, tilstillet en Gjenpart af en af ham forfattet og efter Sigende af særdeles mange paa Sönderlandet underskreven allerunderdanigst Ansögning om: at Island allernaadigst maatte forundes en særlig Forsamling af Provindsialstænder der maatte forsamles i Landet selv —".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

gæti risið undir, auk þeirrar fyrirhafnar, sem leiddi af tvöföldum kosningum. Hitt var ekki síður þungt á metunum, að meðal danskra þingmanna var þess tæpast að vænta, að nokkur úr þeirra hópi hefði þá þekkingu á íslenzkum málum, að hann gæti unnið þeim nokkurt gagn. Afgreiðsla íslenzkra mála á Hróarskelduþingi gat því orðið næsta tilviljunarkennd, þar sem danskir þingmenn gátu fellt tillögur fulltrúa Íslendinga, ef þeim sýndist svo, eða greitt þeim atkvæði, án þess að vita til nokkurrar hlítar, hvað þeir voru í rauninni að gera. Í þriðja lagi gátu þeir leitt málin hjá sér og látið fulltrúa Íslands eina um hituna, og jafnvel þeir gátu haft takmarkaða þekkingu á sumum íslenzkum málum, svo sem réttarvenjum, atvinnuvegum og fleira.

Til þess að vera hæfir til þingsetu á Hróarskelduþingi var nauðsynlegt, að þingfulltrúar Íslands hefðu fullkomið vald á danskri tungu. Í hópi kjörgengra manna á Íslandi voru það einkum embættismenn og kaupmenn, sem höfðu þá kunnáttu til að bera, en embættismennirnir komu tillögum og skoðunum sínum á framfæri við stjórnina eftir öðrum leiðum, svo að frá þeim var lítils nýs að vænta, þó að þeir bæru mál sín fram á nýjum vettvangi. Þar við bættist, að þeir urðu e. t. v. að dveljast í Danmörku allt kjörtímabilið vegna erfiðra og strjálla samgangna við Ísland eða vera frá embætti sínu meiri hluta ársins, sem hlaut að leiða af sér meiri eða minni vanrækslu á embættisstörfum. Ekki þótti fýsilegra að láta kaupmennina vera einu málsvara Íslendinga á dönsku stéttaþingunum. Að vísu nefndi Bjarni Þorsteinsson amtmaður þann möguleika, að kaupmannastéttin fengi einn fulltrúann af þremur í álitsgerð sinni frá 31sta desember 1831,[7] en hinir væru valdir úr röðum veraldlegrar og andlegrar stéttar manna, og allir þrír útnefndir af konungi, eins og raunin varð.

Í bænarskránum var talað um, að Ísland þarfnaðist „Almeenaandens Oplivelse". Innlent þinghald átti að vekja þjóðina, og höfundar bænarskránna voru ekki í vafa um, að í landinu vantaði fjölmennt þing, menntaða miðstétt, tímarit og þekkingu og kynni við önnur lönd í Evrópu. Þingtíðindi frá innlendu þingi prentuð á íslenzku máli áttu að verða almennt lestrarefni og hafa víðtæk og vekjandi áhrif.

Hins vegar drógu bænarskrárnar enga dul á, hve áhugaleysið á hlutdeild Íslands í dönsku stéttaþingunum var almennt á Íslandi og þjóðin vænti sér einskis úr þeirri átt. Kostnaðurinn gæti jafnvel skapað viljaleysi eða andúð gegn þeim og það höfuðmarkmið að hnýta fastar þau bönd, sem sameina konunginn og þjóðina, náist ekki til

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fullnustu á Íslandi, meðan málunum sé skipað á þennan hátt, heldur með því að verða við þörfum, óskum og bænum þjóðarinnar í þessum málum.

Efni bænarskránna verður ekki rakið hér frekar, heldur sagt frá því, hvernig þeim var tekið og hvernig þeim reiddi af. Bænarskrárnar úr Norður- og Austuramtinu voru þrjár og allar ódagsettar. Sú, sem gekk um Múlasýslurnar, var undirskrifuð af þrjátíu mönnum. Það voru prestar, hreppstjórar og sjálfseignarbændur. Bænarskráin úr Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum var með 23 nöfnum, og var nafn Bjarna Thorarensens þar fyrst á blaði. Hin þriðja var úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Undir henni voru aðeins tíu nöfn, og þar var Björn sýslumaður Blöndal fyrstur á blaði. Aðrir, sem koma við þessa sögu og skrifuðu nöfn sín á þessa bænarskrá, voru Benedikt Vigfússon á Hólum, Einar Guðmundsson á Hraunum, faðir Baldvins Einarssonar, og Lárus Thorarensen, sýslumaður Skagfirðinga.

Bjarni Thorarensen skrifaði bréf með bænarskránum dagsett 24ða júlí 1838. Hann gerði þar grein fyrir áhuga amtsbúa á þessum undirskriftum, en gat þess, að hann hafi ekki látið aðra skrifa undir en þá, sem höfðu kosningarétt og kjörgengi.[8*]

Af þessum undirskriftum gátu dönsku stjórnarskrifstofurnar komizt að raun um, að í sex sýslum voru einungis röskir 60 kjósendur, eða rúmlega 10 í sýslu til jafnaðar, og betur var ekki hægt að sýna og sanna stjórninni, hve skilyrðin fyrir kosningarétti og kjörgengi hentuðu illa á Íslandi.

Þegar Bjarni Thorarensen samdi álitsgerð sína um hlutdeild Íslands í dönsku stéttaþingunum, sem var dagsett 18da febrúar 1832, var höfuðinntakið þess efnis, að komið yrði á fót í landinu sjálfu ráðgefandi þingi, sem hefði til að mynda þann starfa á hendi að velja einn ráðgjafa á dönsku stéttaþingin, og þar skyldi hann bera fram þau mál, sem rædd höfðu verið á hinu íslenzka þingi. Í álitsgerðinni vék hann einmitt að kosningaréttinum og taldi, að ekki bæri að binda hann við jarðeign eingöngu.[9*]

[8*] Þar segir svo: „At disse Underskrifter ikke ere flere, er ikke fordi Sagen mindre har interesseret Folk her end i Sönder Amtet, men derimod min Skyld, efterdi jeg anmodede Sysselmændene at præsentere Ansögningen kun for de fornuftigste Mænd inden deres respective Syssler og som tillige havde de Egenskaber, at de hvis den ansögte Indretning bevilgedes i Island, vilde være Valgberettigede og endog selv valgbare. Intet havde været lettere end at samle en heel Mængde Underskrifter.—"

[9*] Þar segir svo: „For her i Landet at kunne deeltage i Valget af Valgmænd og Repræsentanter, formener jeg,at Grundbesiddelse vel burde være Hoved — men ikke udelukkende Betingelse, thi Principet for Valgbarheden torde vel egentlig være *Uafhængighed* og *Fælledsskab i Interesse med Massen af Landets Beboere*".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Nokkru áður en hann skrifaði þessa álitsgerð gerði hann Baldvin Einarssyni grein fyrir hugmyndum sínum um alþing í bréfi dagsettu 25ta ágúst 1831, en þar segir svo:[10] „Þér spyrjið: hvort eigi mundi betra, að fulltrúar söfnuðust saman á Íslandi? — ég svara: það er ekki áhorfsmál, við þurfum fulltrúa einn í Danmörk, sem hefði instruction frá fulltrúunum á Íslandi — brevi: Við þurfum alþing, fyrst til að velja fulltrúann í Khöfn (því hvernig verður það öðruvísi svo vel fari?) og því næst til að instrúera hann, því hvort það eru einn eða tveir, þá, ef þeir ei verða að heiman instrúeraðir, verða þeir Íslands löggjafar, og það er meira, að fulltr. í Khöfn ætti að bannast að própónera nokkuð, sem ei væri viðtekið af fulltrúa samkomu á Íslandi, og á henni vildi ég absolut hafa helming allan embættislausa jarðeigendur . . . — ég vil hafa alþing við Öxará, ekki í Reykjavík, annaðhvort ár, helzt það árið sem stönd ekki safnast í Danmörku, með það viðtekna skyldi ísl[enzkur] fulltrúi fara Danmerkurárið og fyrirleggja það Sjálands etc. provincial-stöndum, og svo collegiis."

Í bréfinu til kansellísins, sem fylgdi bænarskránum og áður er vikið að, gerir Bjarni Thorarensen grein fyrir því, að hann skuli nú skrifa undir bænarskrá um innlent þing, þar sem hann hafi áður viljað senda fulltrúa á stéttaþing Eydana. Hann vék að álitsgerð sinni frá 18da febrúar 1832 og hugmyndum sínum um innlent þing og taldi betra en ekki, að embættismennirnir á Íslandi kæmu saman.[11*] Hugmyndin um samkomu íslenzkra embættismanna var ekki ný af nálinni. Bjarni Thorarensen getur þess í áðurnefndri álitsgerð, að Grímur Jónsson hafi tvívegis sent kansellíinu tillögur um slíka samkomu.

[11*] Í bréfinu segir svo: „Jeg har under 18*de* Februar 1832 afgivet en udförlig Betænkning til den daværende Stiftamtmand Krieger angaaende denne Gjenstand, hvori jeg har erklæret mig for en instruerende Valgforsamling i Island til Stænderforsamlingen for de Danske Öestifter. — At jeg dog findes at have underskrevet den nærværende Ansögning, er ikke fordi jeg heri har forandret min Mening, men fordi jeg finder en Almindelig Sammenkomst for Island i Island selv, af Mænd valgte af Folkets Midte og ligeledes af Embedsklassen, aldeles fornöden; hvad enten den har Navn af en instruerende Valgforsamling, eller raadgivende Provindsialforsamling for dette Land, thi kun paa denne Maade kan Regjeringen erholde en aldeles tilforladelig Kundskab om det Islandske Folks egen Mening om dets Anliggender, om Lovenes Overholdelse og Embedsmændenes Opförsel m. v. endog en blot af Embedsmænd bestaaende Forsamling vilde være bedre end intet. — Men det Spörgsmaal om det er raadeligt at Island har blot sin egen Forsamling uden Repræsentant ved Öestifternes Forsamling, egner sig netop mest af alle til at forlægges den förste Islandske Valgforsamling, som netop efter min ommeldte Betænkning og Forslag vilde, som instruerende — i Grunden tillige blive den virkelige raadgivende Stænderforsamling for Landet.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Sumarið 1837 lét L. A. Krieger stiftamtmaður af störfum, en við tók C. E. Bardenfleth. Það kom í hans hlut að veita bænarskránum úr Suðuramtinu viðtöku haustið 1837. Hann sendi þær til kansellísins og skrifaði bréf með, sem dagsett er 4ða október. Bardenfleth gat þess í upphafi bréfsins, að hann skorti mjög þekkingu á landi og þjóð og hann gæti því ekki talað af nægilegri reynslu um þetta mál, sem bænarskráin fjallaði um. Hann benti á þá galla, sem fram hefðu komið á þátttöku Íslands í dönsku stéttaþingunum, þar sem einungis tveir þingmenn úr sjötíu manna hópi hefðu þekkingu á íslenzkum málum. Hann endaði bréf sitt á því að leggja til, að komið yrði á fót sérstakri embættismannasamkomu á Íslandi.[12*]

Bænarskráin úr Suðuramtinu var tekin til meðferðar í kansellíinu og rentukammerinu upp úr áramótunum 1837–1838. Þann 14da febrúar 1838 skrifaði æðsti maður kansellísins, P. C. Stemann, álit sitt um málið, sem hófst á því, að hann teldi það útkljáð og efalaust, að Ísland ætti ekki að fá sérstakt þing.[13*] Með þeim orðum batt hann enda á þær umræður, sem stefndu að annarri úrlausn en þeirri, sem Bardenfleth hafði reifað í bréfi sínu með bænarskránni. Hins vegar féllst Stemann á tillögur Bardenfleths um embættismannasamkomuna, og bréfaskiptin milli kansellísins og rentukammersins leiddu til þess, að konungur gaf út tilskipunina um embættismannasamkomurnar (Kongelig Resolution ang. en raadgivende Forsamling af Embedsmænd i Island) 22an ágúst 1838. Þessi tilskipun var sniðin eftir tillögunum í bréfi Bardenfleths í öllum aðalatriðum.

[12*] Um það segir svo: „Jeg mener saaledes at det burde befales Landets 3 Overövrigheder med 2 af de dueligste Sysselmænd fra hvert af de 3 Amter, Landets Biskop med nogle faa af de indsigtsfuldeste Geistlige, Landsoverrettens Justitiarius og Landfogden, af og til at samles for personligen at conferere og raadslaae om de vigtige Anliggender, der deels i den senere Tid alt have været bragte paa Bane og deels af hver af de Mödende maatte forelægges til fælleds Overveielse, for derefter i Forening at afgive Betænkninger og Forslag til de höie Collegier.—

I hvilken Forbindelse dette mit underdanige Forslag staaer til Hovedgjenstanden for nærværende Skrivelse er let at indsee; thi blandt en saadan Forsamlings förste Hverv maatte det være at afgive Betænkning over, hvorvidt Stænd[er]institutionens endelige Organisation for Islands Vedkommende nu maatte være tilraadelig, og da paa hvilken Maade. At en saadan Betænkning, forinden videre ved denne Sag foretages, blev indhentet i Lighed med hvad der ifölge allerhöieste Rescript af 13*de* Marts 1832 blev foretaget til Forberedelsen af Stænderinstitutionen i Danmark, var vist dobbelt nödvendigt her, hvor ma[n] ikke uden hos en i Landet selv afholdt Forsamling kan vente at antræffe den [Local]kundskab, der vilde udfordes til at afgive Forslag om et hensigtsmæssigt Valgsyste[m] under hvilkensomhelst Form end den Islænderne allernaadigst tilsagte umiddelbare Deeltagelse i Institutionen maatte ordnes."

[13*] „At Jsland ikke bør gives noen særlig Stænderforsamling antager jeg som afgiort og som aldeles utvivlsomt".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Hins vegar mun bréf Bjarna Thorarensens og bænarskrárnar úr Norðuramtinu tæpast hafa borizt stjórnarskrifstofunum í hendur fyrr en í þann mund, sem tilskipunin sá dagsins ljós. Að minnsta kosti er hvorki minnzt á bréf Bjarna né bænarskrárnar úr Norðuramtinu í greinargerðinni fyrir tilskipuninni.

Þess var naumast að vænta, að kansellíið yrði við óskum bænarskrárinnar, þar sem Stemann tók svo eindregna afstöðu gegn þeim. Hins vegar voru til í Danmörku menn, sem litu öðruvísi á þetta mál. Bjarni Þorsteinsson amtmaður segir frá því í dagbókarbroti sínu frá 26ta ágúst 1834 til 31sta maí 1835, að hann hafi verið hjá Kristjáni krónprinsi 27da apríl 1835 og rætt við hann í hér um bil hálfan tíma, „hann taladi mest um Provincialstóndin og lét í ljósi ad Isl. Representat. þari í Roeskild[e] væri til einskis gagns, enn nægiligs kostnadar; hollara leitst honum, ad organisera vidlíka samkomu á Íslandi, m. m. hvoriu eg ei mótmælti. Margt annad midur áridandi kom ogsvo til umtals.“[14]

Krónprinsinn hafði ekki mikil áhrif á dönsk stjórnmál um þetta leyti, og Bjarni Þorsteinsson taldi innlent þing „midur áridandi“, svo að honum hefir þótt lítið til koma. Hins vegar var höfundum bænarskránna mikill styrkur að hafa slíkan bakhjarl, eins og síðar kom á daginn, hvort sem þeim hefir verið kunnugt um skoðun prinsins eða ekki.

Hins vegar var Friðrik konungur VI á annarri skoðun. Hann vildi hvergi láta bregða út af boðum tilskipunarinnar frá 28da maí 1831. Þannig lét konungur fulltrúa sinn á Hróarskelduþingi lýsa yfir því, „að það þyrfti ekki að búast við því, að frumvörp, sem lytu að því, að fá komið fram nokkurri breytíngu í tilskipaninni um standaþíngin, fengju áheyrslu hjá honum.“[15] Það voru höfundar þessarar stefnu, sem réðu svörum, þegar bænarskránum um endurreisn alþingis var synjað.

Enn eru ónefndar gagnmerkar tillögur um breytingar á íslenzku stjórnarfari frá árinu 1837. Höfundur þeirra var L. A. Krieger stiftamtmaður. Hann skrifaði rentukammerinu bréf 10da maí 1837, en hann var þá í þann veginn að láta af embætti. Hann hóf bréfið með því að skilgreina stöðu Íslands í danska ríkinu og taldi, að ekki ætti að líta á það sem nýlendu, heldur sem hluta af ríkisheildinni.[16*]

[16*] Í bréfinu segir svo: „Saavidt vides har det i det forrige Aarhundrede været sat under Qvæstion, om Island skulde betragtes som en Colonie, og Bestyrelsen derefter indrettes, eller om det skulde betragtes som udgjörende et Heelt med Moderlandet, og som saadant staae under Regjeringscollegiernes umiddelbare Tilsyn. — Den sidstnævnte Anskuelse vandt det største Biefald, og Island dannedes til eet Stift og 3 Amter.—“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Krieger vék því næst að þeim vandkvæðum, sem stöfuðu af því, að Ísland var svo fjarri Danmörku og samgöngur milli landanna einungis 2svar sinnum á ári. Af því leiddi, að afgreiðsla íslenzkra mála vildi dragast á langinn. Embættismennirnir hefðu lítið samband við stjórnarskrifstofurnar í Kaupmannahöfn og sín í milli, svo að þær álitsgerðir, sem stjórnin fengi frá þeim, væru oft næsta sundurleitar, og í embættisfærslu sinni færu þeir sínu fram, þannig að í hvert skipti, sem embættismaður dæi eða skipti um starf, yrði jafnframt breyting á rekstri embættisins.

Til þess að bæta úr þessum göllum lagði Krieger til, að komið yrði á fót innlendri stjórn (Centralbestyrelse paa Island selv). Hann gerði því næst grein fyrir skipulagi og starfssviði hinnar innlendu stjórnar. Aðsetur hennar átti að vera í Reykjavík, og hún átti að vera skipuð af forseta eða landstjóra (Præsident eller Gouverneur) og tveimur ráðgjöfum (Regjeringsraader). Landsyfirréttur, biskup, Bessastaðaskóli, landfógeti og heilbrigðismál áttu að lúta þessari stjórn.[17*]

Auk þeirra starfsmanna, sem hér hafa verið taldir, lagði Krieger

[17*] „Denne Centralbestyrelse (en Provincialregjering eller Gouvernement:) antages at burde være i Reykevig, og bestaae af en Præsident (eller Gouverneur) og 2 Regjeringsraader, hvor af den ene tillige skulde være Secretair. Jeg antager det under alle Omstændigheder for en Nödvendighed, at Vesteramtet foreenes med Sönderamtet, og formener, at disse 2 Amter directe kunde bestyres af denne Regiering paa samme Maade, som jeg troer at Øen St Croix staaer directe under General-Gouvernementet i Christjanstad.

Under denne Regiering vilde saaledes henlægges alle Forretningerne med Landsoverretten, Biskoppen, den Lærde Skole, Landfogderiet, Medicinalvæsenet, Nord- og Østeramtet og enten directe med Sönder- og Vesteramterne, eller indirecte igjennem en Amtmand; desuden maatte denne Regjering bemyndiges til alle de Expeditioner af Bevillinger etc, som allernaadigst ere tillagte Regieringen i Vestindien. — Endeligen vilde igennem denne alle Sagerne expederes fra og til Collegierne, og de forlangte Erklæringer vilde, naar de vare samlede fra de forskiellige Embedsmænd, sikkert kunne fremsendes med et modnere Overblik over selve Sagerne; ligesom ogsaa sikkert Conseqventsen i Forretningernes Gang vilde kunne bedre udföres af en saadan Bestyrelse; idet Forandring af Personalet ikke vilde kunne have den Indflydelse paa Grundsætningerne, som ethvert Embedsskifte nu medförer. —

Jeg formener ogsaa at en saadan Forandring i Bestyrelsen gjorde det nödvendigt, at der ansættes en Revisor, der skulde gjennemgaae og revidere alle de islandske Regnskaber under Regieringens Decision, og burde der i Fremtiden da ikkun nedsendes det aarlige Jordebogskasseregnskab til det Höje Collegii egen Revision, hvorved Expeditionerne af de islandske Sager i Kiöbenhavn vilde udkræve et mindre Personale end det, der haves for Tiden. Denne Revisor skulde tillige være Bogholder ved Jordebogskassen, og det kunde komme under nærmere Overveielse, hvorvidt denne Post kunde forbindes med et af Lands Over Rets Assessoraterne, og da med en mindre Gage, end den her for neden under anslaaede."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

til, að sérstakur endurskoðandi annaðist endurskoðun allra íslenzkra reikninga, nema reikningar Jarðabókarsjóðs skyldu sendir árlega til endurskoðunar í Kaupmannahöfn. Með þessum breytingum taldi Krieger, að afgreiðsla íslenzkra mála í Kaupmannahöfn mundi þarfnast minna starfsliðs, svo að það mundi vega nokkuð á móti þeim kostnaði, sem hin innlenda stjórn krafðist. Landstjórinn átti að hafa 2.500 dali í laun, eða sömu laun og stiftamtmaður, ráðgjafarnir sín 1.500 hvor, endurskoðandinn 800, og 1000 dölum skyldi varið í skrifstofukostnað. Heildarkostnaðurinn við þessa innlendu stjórn átti að nema 7.300 dölum, en þar frá drógust laun stiftamtmanns og amtmannsins í Vesturamtinu, sem námu 4.400 dölum, auk minni skrifstofukostnaðar í Kaupmannahöfn, svo að niðurstaða Kriegers varð sú, að kostnaðurinn mundi aukast um 2.300 dali á ári.

Rentukammerið sendi kansellíinu tillögur Kriegers 4ða nóvember 1837 og bað um álit þess í málinu. Einnig leitaði það álits hjá kammerjunker Hoppe.[18] Hann svaraði með greinargerð, sem dagsett var 4ða ágúst 1837. Hann viðurkenndi, að sumt í tillögum Kriegers gæti verið til bóta, en í heild latti hann, að nokkru yrði breytt. Kansellíið svaraði hins vegar ekki fyrr en 24ða marz 1838.[19] Í greinargerð þess var afstaðan ótvíræð. Það lagðist gegn tillögunum og taldi, að þær mundu ekki koma að nokkru gagni.[20*]

Hinn 17da júní 1839 hófst fyrsti nefndarfundur íslenzkra embættismanna í Reykjavík. Danska stjórnin lagði tíu mál fyrir fundinn, og var þar fyrst á blaði, „hvörnig hæfileg kosningarlög yrðu bezt samin fyrir Ísland, þegar landið ætti að senda fulltrúa á standaþingin í Hróarskeldu, svo og, hvörnig sá kostnaður, er af því leiddi, yrði borinn og borgaður".[21] Nefnd var kjörin til að rannsaka þetta mál, og var hún skipuð amtmönnunum Bjarna Thorarensen og Bjarna Þorsteinssyni og Páli Þórðarsyni Melsteð. Þórður Sveinbjarnarson baðst undan setu í þessari nefnd. Af störfum þeirra þremenninganna og embættismannafundarins í þessu máli er það skemmst að segja, að eftir miklar vangaveltur var kosningalagafrumvarp samið með nákvæmri hliðsjón af dönsku kosningalögunum og því einu breytt, sem ekki þótti geta átt við á Íslandi. Fulltrúinn átti ekki að vera nema einn, kosinn með tvöföldum kosning-

[20*] Þar segir til að mynda: „Selve Forslaget er iövrigt ikke gjennemarbeidet i Detaillen, men hvad de udhævede Motiver, hvorpaa det i Hovedsagen er støttet, angaaer, da forekommer de ikke Cancelliet at være af nogen Vægt.—" Greinargerðin endar með þessum orðum: „I det Man indskrænker sig til forestaaende Bemærkninger, maa Cancelliet være af den Formening, at det omhandlede Forslag ikke egner sig til at tages til Følge.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um, og kosningaréttur og kjörgengi bundið við það, að hlutaðeigandi annað hvort væri jarðeigandi eða hefði fengið jörð til ábúðar ævilangt. Jafnframt þessari tillögu skaut embættismannafundurinn því undir álit og úrskurð kansellísins, „hvört það, eptir kríngumstæðum þessa máls, ei mundi bezt tilfallið og haganlegast, að konúngur, að minnsta kosti fyrst um sinn eins og híngað til, allranáðugast veldi einn eða tvo menn í Danmörku, sem væru kunnugir landinu, og léti þá halda svörum uppi fyrir Íslands hönd á þínginu í Hróarskeldu".[22] Þar með gafst embættismannasamkoman í raun og veru upp á innlendum kosningum, enda hraus mönnum hugur við kostnaðinum, sem bættist við kostnaðinn af embættismannasamkomunni. En skyndilega skipaðist veður í lofti og víkur nú sögunni suður til Eyrarsunds.

KRISTJÁN VIII OG ALÞING HIÐ NÝJA

Friðrik konungur VI andaðist 3ja desember 1839. Hann naut alltaf mikillar lýðhylli í Danmörku, enda þótt hann væri ekki mikill þjóðarleiðtogi. Hann var hins vegar samvizkusamur og góðviljaður, og það aflaði honum vinsælda hjá háum og lágum. Við fráfall hans kom bezt í ljós, hve vinsældir hans voru almennar. Það eru til að mynda athyglisverð orð, sem standa í bréfi frá Stemann til M. H. Rosenørns 18da apríl 1840 um konung og vinsældir hans hjá þjóðinni.[1*]

Ríkisarfinn, Kristján VIII, bar langt af fyrirrennara sínum að gáfum, menntun og glæsimennsku. Hann varð landstjóri í Noregi á unga aldri og konungur Noregs 17da maí 1814. Nafn hans var tengt norsku grundvallarlögunum, sem kennd eru við Eiðsvöll. Stjórnarskrá Noregs 1814 veitti þegnum ríkisins mest frelsi í allri Evrópu, en sumarið 1814 skipaðist skjótt veður í lofti í norskum stjórnmálum, og Kristján konungur kom um haustið til Danmerkur með klofinn hjálm og rofinn skjöld.

Friðrik konungur VI var engan veginn hrifinn af frjálslyndi ríkisarfans á árunum, sem hann fór með völd í Noregi, enda þótt hann hefði vissa samúð með Norðmönnum vegna þeirrar úlfakreppu, sem Kílarfriðurinn leiddi þá í. Kristján VIII hafði lítil afskipti af dönskum stjórnmálum lengi eftir að hann kvaddi Noreg. Til að

[1*] Ummælin eru þessi: „Vor herlige afdøde Konge har aldrig været saa rigtig paaskiønnet som nu, og man føler i Folket alt mere og mere hvad han var for det".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mynda fékk hann ekki sæti í ríkisráðinu (statsrådet) fyrr en árið 1831, þá orðinn 45 ára, og þar gætti áhrifa hans lítið fyrst í stað.

Frjálslyndir menn í Danmörku bundu miklar vonir við valdatöku Kristjáns VIII. Þeim þótti biðin löng, og Friðrik VI hafði varla tekið síðasta andvarpið, þegar Orla Lehmann boðaði stúdentana til fundar á d'Angleterre, og þar var samþykkt eftir harðar umræður að biðja konunginn um álíka frjálslynda stjórnarskrá til handa Danmörku og hann hafði áður veitt Noregi.

Sjálfur lýsti konungur yfir því, þegar hann tók við völdum, að hann mundi vinna að þeim umbótum, sem reynslan benti til að mundu verða þjóðinni til heilla.

Orla Lehmann var fyrirliði sendinefndar þeirrar, sem valin var á stúdentafundinum og flutti konungi ávarp fundarins, en svar konungs var í samræmi við yfirlýsingu þá, sem áður getur, og kvað allar breytingar svo beztar, að reynslan gæti mælt með þeim, og taldi stéttaþingin nægilega stórt spor í þá átt að veita þjóðinni hlutdeild í stjórn landsins.

Fjöldamörg ávörp sama efnis komu í kjölfar stúdentaávarpsins, en svar konungs var jafnan hið sama. Þess gætti víða, að konungur vildi láta þjóðhöfðingjaskiptin hafa sem minnstar breytingar í för með sér, til að mynda lét hann ríkisráðið sitja áfram óbreytt. Prentfrelsið var ekki leyst úr læðingi. Þetta var ýmsum valdamestu mönnum ríkisins mjög að skapi. Í bréfi því, sem áður var vitnað til, lét Stemann í ljós ánægju sína yfir fyrstu sporum konungs á valdaferli sínum. Eini bletturinn á honum var í augum Stemanns, að hann skyldi hafa undirritað norsku stjórnarskrána.[2*]

Íslendingar í Kaupmannahöfn efndu einnig til fundahalda. Finnur Magnússon var þar með í ráðum. Þessi fundur var haldinn 11ta desember 1839. Á fundinum var samið ávarp til konungs og það rætt og síðan undirritað af 48 Íslendingum.[3*] Síðan var valin fimm manna sendinefnd til að færa konungi þetta ávarp. Hana skipuðu

[2*] Í bréfinu segir svo: „Man maa ogsaa erkiende at hans Efterfølger (Kristján VIII) er utroelig arbeidsom og besiælet af den bedste Villie. Han vilde have meget lettere ved at vinde almindelig Yndest, dersom han ikke havde sanctioneret den norske Constitution og derved hos det demagogiske Parthie havde opvakt Forventninger, hvilke han længe har indseet at maatte blive skuffede naar han vilde fremme Folkets sande Vel. I øvrigt driver den fule Aand ogsaa her slemt sit Spil og meget ulmer som det vil høre megen Klogskab og Fasthed til at forhindre ikke at skulle frembringe Skadeild".

[3*] Allerunderdanigst Adresse til H. M. Kongen fra henved 40 her i Staden nu tilstedeværende Jslændere — udkastet i deres Forsamling, samt discuteret og saaledes vedtaget den 11*te* Decbr 1839.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Finnur Magnússon prófessor, Pétur Pétursson, síðar biskup, Andreas Hemmert kaupmaður, Jón Hjaltalín, síðar landlæknir, Þorleifur Guðmundsson Repp og Kristján Kristjánsson, síðar amtmaður.

Ásamt heillaóskum til konungs birti ávarpið óskir og vonir fundarmanna um, að verzlunarfrelsi á Íslandi yrði aukið, skólinn bættur, prestsefnum gefinn kostur á betri og hagkvæmari kennslu, kjör þeirra bætt og læknum fjölgað. Að lokum segir í ávarpinu, að reyndir og skynsamir Íslendingar ættu í landinu sjálfu að ráðgast um málefni þjóðarinnar.[4]**

Þetta ávarp er til í frumriti með hendi Finns Magnússonar og í eftirriti, en nöfn þeirra, sem skrifuðu undir, eru einungis í eftirriti. Finnur Magnússon skrifaði fyrstur undir, og það er ástæða til að ætla, að hann hafi átt góðan hlut að þessu máli.

Konungur tók þessu ávarpi mjög vel og kvaðst skyldi bera hag Íslendinga fyrir brjósti og það mundi gleðja sig að geta eflt velgengni þeirra. Hann talaði einnig um það, að Ísland væri merkileg ey vegna sagnarita sinna, og að endingu talaði hann um, að Friðrik krónprins, sonur sinn, væri mjög hlynntur Íslandi. Kristján VIII reyndist Íslendingum að öllu leyti vel. Hann kom þessum málum vel á veg þau fáu ár, sem hann sat á veldisstóli, enda hlaut hann gott eftirmæli hjá Íslendingum.

Brynjólfur Pétursson var einn þeirra, sem skrifuðu undir ávarpið. Hann skrifaði einnig fréttirnar í Skírni fyrir árið 1840, eða frá vordögum 1839 til vordaga 1840. Þegar að Danmörku kom, fórust honum orð á þessa leið:[5] „Það sem borið hefir hjer til tíðinda firra hluta ársins 1839 er so ómerkjilegt hjá því, sem við bar undir lok þess, að það þikjir tilhlíðilegt, að birja frjettirnar frá Danmörku á 3. deígi desembers í vetur. Þá varð sá atburður, litlu firir dagmál, að hjer urðu höfðíngjaskjipti, er Friðrik konúngur sjetti andaðist, enn

[4]** Í ávarpinu segir m. a.: „Vi undertegnede, her i Staden nu tilstedeværende Jslændere, hvem Födelandets Velfærd, ældgamle Videnskabelighed, Literatur og Almeenoplysning ligge paa Hjerte, frembære derfor, i dybeste Ærefrygt vor hjerteligste Lykönskning til Deres Majestæts Thronbestigelse, i det visse Haab, at den vil modtages i Naade, og at den Kongelige Bevaagenhed fremdeles vil blive vor af Naturen saa lidet begunstigede Fædreneöe til Deel. Den for Jsland vigtige Handelsfriheds Beskjærmelse og hensigtsmæssig Udvidelse maa det tillidsfuldt haabe af Deres Majestæts vise og naadige Styrelse. Dets lærde Skolevæsens fornödne Reform; en manglende Forberedelsesanstalt for tilkommende Præster; Geistlighedens Trang til Forbedring af dens Vilkaar; det for en vidtadspredt Befolkning utilstrækkelige Medicinalvæsen; Jslands erfarne og oplyste Jndbyggeres hensigtsmæssige Andeel i Raadgivning om og Forvaltning af dets offentlige Anliggender i selve Landet.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

kom til ríkjis frændi hans, Kristján konúngur, hinn áttundi með því nafni". Síðar í fréttunum vék hann að hinum nýja konungi með þessum orðum:[6] „Enn á hinn bógjinn væntust menn mikjils af Kristjáni konúngji, þar hann er maður vitur og höfðínglindur, og hefir um lánga tíma verið stirkasta stoð menta og vísinda hjer í Danmörku; enn firir mörgum árum síðan hefir hann sínt mönnum, hve mjög hann ann þjóðfrelsinu, er hann gjörðist aðalfrumkvöðull þess, að Noregsmenn feíngji þá stjórnarlögun, er nú hafa þeír".

Málefni Íslands voru ofarlega í hugum Íslendinga í Kaupmannahöfn um þessar mundir. Hið innlenda þing var orðið baráttumál á ný. Þann 16da marz 1840 birtist grein í „Fædrelandet", sem hét „Islands Deeltagelse i Danmarks Provindsialstænder". Greinin er nafnlaus, en það leynir sér ekki, að það er Íslendingur, sem heldur á pennanum. Í greininni er þráðurinn tekinn upp á ný allt frá því stéttaþingin komu fyrst á dagskrá. Þar er lýst þeim fögnuði, sem vaknaði vorið 1831, þegar fyrstu fregnirnar um stofnun stéttaþinganna bárust til Íslands og menn gerðu sér vonir um, að alþingi yrði endurreist í samræmi við kröfur tímanna, og síðan vonbrigðunum, þegar ljóst var orðið, að gagnið af setu íslenzkra fulltrúa á þingi Eydana vó á engan hátt á móti kostnaðinum, sem af henni leiddi. Kansellíið var minnt neðanmáls á bænarskrárnar frá 1837. Enn fremur var á það bent, að mál Íslendinga væri svo frábrugðið danskri tungu, að það eitt væri næg ástæða til, að Íslendingar hefðu sérstakt þing. Val fulltrúa Íslands á þing Eydana yrði að miða við kunnáttu þeirra í danskri tungu, en það komi í veg fyrir, að margir þeirra, sem annars væru hæfastir til að vera fulltrúar þjóðarinnar, gætu tekizt það á hendur. Embættismennirnir séu þeir einu, sem hægt sé að velja, en af því hljótist, að þeir verði í lengri tíma frá störfum í embættum sínum, auk þess séu þeir ekki fulltrúar almennings í landinu, heldur embættismannastéttarinnar, sem hafi greiðan gang til stjórnarinnar eftir öðrum leiðum.

Þá var vikið að því, hve lög og siðir Dana og Íslendinga séu ólíkir og dönsku fulltrúana skorti þekkingu á málefnum og staðháttum á Íslandi, sérstöðu einstakra héraða og sérmálum þeirra og jafnvel fjórir íslenzkir fulltrúar, er sé það mesta, sem hægt sé að gera sér vonir um að senda á þingið, sé ekki nóg. Til að afla djúptækrar og alhliða þekkingar á þessum málum þurfi einn til tvo fulltrúa úr hverri af þeim 18 sýslum, sem landinu er skipt í. Slíkan fulltrúafjölda geti Ísland ekki sent til Danmerkur. Síðan var drepið á allt það óhagræði, sem því fylgdi að senda fulltrúana til Danmerkur, og þing skipað 36 fulltrúum heima á Íslandi yrði kostnaðarminna

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

en seta tveggja fulltrúa á dönsku þingi. Ísland verði auk þess að standa straum af kostnaðinum, sem embættismannasamkoman hefir í för með sér, en með stofnun innlends þings yrði hennar engin þörf.

Enn var á það bent, að enda þótt fulltrúarnir á þingi Eydana kynnu að geta leyst þarfir lands síns, þá yrði samband þeirra við íslenzkt þjóðfélag næsta lítið og þjóðin færi á mis við þann félagsanda, sem innlent þing mundi skapa, og kosningalögin, sem fulltrúarnir yrðu kosnir eftir á þing Eydana, mundu skapa óánægju hjá þjóðinni. Annað yrði uppi á teningnum, ef Ísland fengi innlent þing. Það myndi hafa í för með sér almennan áhuga á landsmálum og skilning á hinu borgaralega lífi í þjóðfélaginu, og alþýðan gæti valið eigin fulltrúa til að koma áhugamálum sínum á framfæri, og íslenzka bændastéttin, sem er kjarni alþýðunnar, hafi jafnan fengið það orð að vera jafnoki alþýðu annarra landa. Að síðustu var það tekið fram, að innlent þing væri ekki ósk einstakra manna, heldur sameiginlegt áhugamál allra Íslendinga, sem náð hafa að láta skoðun sína í ljós. Þetta hafi komið fram í bænarskránum frá 1837 og bænarskránni, sem Íslendingar í Kaupmannahöfn sendu Kristjáni konungi VIII, þegar hann kom til ríkis, og hjá fleiri málsmetandi mönnum, sem um þetta hefðu ritað.

Þessi grein ber það með sér, að höfundurinn hefir farið í smiðju til manna eins og Baldvins Einarssonar og Bjarna Thorarensens. Hann beitir svipuðum rökum og leggur áherzlu á sömu atriðin og þeir gerðu. Það er freistandi að láta sér detta í hug, að hann hafi haft bænarskrárnar undir höndum, þegar hann var að semja þessa grein.

Höfundur þessarar greinar er ekki þekktur. Jón Sigurðsson var sjúkur þennan vetur og ekki talið, að hann sé höfundurinn, a. m. k. ekki einn. Þorleifur Bjarnason segir í grein, sem hann skrifaði í Skírni 1911, að hann hafi heyrt, að þeir Jón Sigurðsson og Brynjólfur Pétursson hafi skrifað í sameiningu grein eða greinar um Íslandsmál, sem birtust í dönsku blaði.[7] Í Kaupmannahöfn voru fleiri Íslendingar, sem vel þekktu til þessara mála og höfðu aðgang að skjölum rentukammersins vegna vinnu sinnar í skrifstofum þess, svo að seint verður úr því skorið, hver höfundurinn er, en þess má geta, að Brynjólfur hóf vinnu sína í rentukammerinu um svipað leyti og greinin birtist.

Tveim mánuðum síðar en greinin birtist í „Fædrelandet", eða 20sta maí 1840, birtist úrskurður Kristjáns konungs VIII um endur-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

reisn alþingis á Íslandi. Brynjólfur Pétursson skrifaði fréttirnar í Skírni 1841, og er bezt að láta hann segja frá þessum atburði:[8]

„Nú er að minnast lítið eítt á Ísland, og er þá first að gjeta konúngsúrskurðar þess, er merkjilegastur er allra þeírra, er gjörðir hafa verið af danakonúngum Íslandi til góðs, og verða má Íslendíngum til meíri viðreístar, ef þeír kunna að færa sjer hann í nít, enn tilskjipan sú, er afsalaði stjórninni eínkarjett til að versla við Íslendinga, og fjekk hann í hendur Dönum. Úrskurður þessi birtist 20. dag maímánaðar í firra vor, og er hann so látandi. . . . Firir þá skuld er það vilji vor, að „kansellí" vort skori á menn þá, er konúngur bauð í nefnd 22. dag ágústmán. 1838, að ráðgast um það að sumri komanda, er þeír eíga fund með sjer, hvurt ekkji muni vel til fallið að stofna ráðgjafaþíng á Íslandi, og láta þar eíga setu menn þá, er landsmenn hafa sjálfir til kjörið, so marga sem þurfa þikjir, auk nokkurra þeírra manna, er mestar hafa þar síslur firir vora hönd, og vjer munum sjálfir til nefna. Það mál skulu þeír og íhuga, hvað opt menn skuli til þings koma, enn menn eíga að hafa þar alla hína sömu síslu og á hinum öðrum fulltrúaþíngum vorum, so og hvurnig jafna ætti kostnaði á landsmenn, og hvað annað er þurfa þikjir þessu máli til framkvæmdar. Enn eínkum eíga þeír vel að því að higgja, hvurt ekkji sje rjettast að nefna fulltrúaþíngjið alþíng, og eíga það á Þíngvöllum eíns og alþíng hið forna, og laga það eptir því, so mikjið sem verða má. Enn er „kansellíið" hefir feíngjið í hendur álit nefndar þessarar, á það með þegnsamlegri lotníngu að bera málefnið undir oss, og skjíra oss frá áliti sínu." Þegar Íslendíngar þeír, sem hjer voru í bænum, sáu úrskurð þenna, áttu þeír fund, og kusu þá Finn Magnússon etatsráð, Pjetur Pjetursson prófast og Þorleíf Repp málfræðíng til að færa konúngji þakklæti sitt firir úrskurðinn. Tók konúngur þeím mildilega og óskaði Íslendíngum heppnaðist so að færa sjer hann í nít, sem vilji hans og ósk væri til."

Úrskurður konungs um endurreisn alþingis er fyrir margra hluta sakir merkilegur. Rentukammer og kansellí skiptust á bréfum um „Udkast til en Anordning angaaende Valget af Deputerede fra Island til Stænderforsamlingen for Sjellands med flere Stifter".[9] Kansellíið hafði sent rentukammerinu ályktanir embættismannasamkomunnar í Reykjavík 1839 um kosningu fulltrúa Íslands á fulltrúaþing Eydana ásamt bréfi dagsettu 21sta janúar 1840. Rentukammerið svaraði með öðru bréfi dagsettu 7da marz 1840. Það féllst á tillögur embættismannasamkomunnar, að konungur skyldi

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

halda áfram að velja fulltrúa Íslendinga, en vildi hins vegar, að Íslendingar greiddu kostnaðinn af þingsetunni, en kansellíið hafði lagt til, að Íslendingar slyppu við öll útgjöld af stéttaþingunum.

Þann 11ta maí 1840 lagði kansellíið fyrir konung „Allerunderdanigst Forestilling om Indföresle af et Valgsystem med Hensyn til Valget af Deputerede fra Island til Stændersamlingen for Öestifterne, m. v." Kansellíið lagði þar til, að sami háttur yrði áfram á vali fulltrúanna til Hróarskelduþings, eins og tilskipunin frá 15da maí 1834 kvað á um, nema konungi þóknaðist að gefa kansellíinu fyrirmæli um að semja tillögur um fulltrúakjör í landinu sjálfu. Einnig lagði það til, að kostnaðurinn við þingsetuna yrði greiddur úr konungssjóði.[10]

Af þessu er ljóst, að málið var komið í hnút, sem torvelt virtist að leysa, svo að það voru ekki nema tveir kostir fyrir hendi, annað hvort að láta allt vera eins og áður var eða höggva á hnútinn, eins og konungur gerði. Úrskurður konungs var andstæður tillögum rentukammersins. kansellísins og embættismannasamkomunnar, en í samræmi við bænarskrárnar frá 1837 og ávarp Íslendinga í Kaupmannahöfn frá 11ta desember 1839. Engu að síður var það undantekning frá reglunni, að konungur úrskurðaði gagnstætt tillögum stjórnardeildanna, svo að hér hefir persónuleg sannfæring hans tekið af skarið. Konungur hafði látið þá skoðun í ljós, að Ísland ætti að hafa sitt eigið þing, við ýmis tækifæri, eins og greint hefir verið frá hér að framan. Þess ber þó að geta, að seta Íslendinga á þingi Eydana var í upphafi skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun, sem reynslan hafði sannað, að lítið gagn var að, en erfitt reyndist að vinna bót á.

Hinn 20sta júní 1840 skrifaði kansellíið embættismannasamkomunni bréf um „en særlig raadgivende Forsamling for Island".[11] Þar var embættismannasamkomunni falið að fjalla um málið og senda kansellíinu síðan álitsgerð, áður en málið yrði lagt fyrir konung til endanlegs úrskurðar.

Boðskapur konungs um endurreisn alþingis var Íslendingum mikið fagnaðarefni. Sigurður Melsteð, síðar prestaskólakennari, skrifaði föður sínum um þessa atburði í bréfi dagsettu 29da júní 1840 á þessa leið:[12] „Þann 20*ta* Maí mánadar skipadi kóngur Kansellíinu ad ļáta Kommissionina heima ad sumri rádslaga um hvörnig raadgivende Stænder best giætu verid heima hvört ei væri best ad þad væri nefnt Alþing sem fyrrum og hvört ei hentugast ad þad væri haldid á þingvöllum sem í fornöld o. s. fr. Um þetta þótti okkur vænt hér, og sendum Deputation upp til kóngs til ad þakka hönum

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fyrir; í henni vóru Etatsraad Magnusen Sira Pétur og Repp. Kóngur tók þeim vel og sagdist ei hafa gétad fyrst um sinn giört annad sem Islandi mundi koma betur og einúngis lægi á ad þeir heima brúkudu þad vel".

Jónas Hallgrímsson var heima á Íslandi, þegar þetta gerðist. Kvæði hans „Alþíng hið nía" er fegursti þakklætisvotturinn, sem Íslendingar færðu konungi að launum.

UM SKIPULAG ALÞINGIS HINS NÝJA

Ný félagsrit hófu göngu sína vorið 1841. Jón Sigurðsson skrifaði þar viðamikla grein, sem hét „Um alþing á Íslandi". Þar ræddi hann rækilega um hið væntanlega alþingi, undirbúning þess og skipulag. Með þessari grein hugðist hann vekja þjóðina til umhugsunar um málið. Hann beindi orðum sínum sérstaklega til embættismannasamkomunnar og sagði: „alþíngislögin eiga að vera handa *Íslandi;* þetta er ekki sagt í þeirri veru, að eigi megi hafa hliðsjón af tilskipunum um héraðaþíng í Danmörku, jafnvel fremur enn annara landa lögum um það efni, en meiningin er sú, ad *Íslands* þarfir og *Íslands* stjórn eiga alltaf að vera hið fremsta, og skal ekki reyna til hvort ekki mætti nota hitt eður þetta, nema þar sé nauðsyn og gagn að."[1]

Jón Sigurðsson vék einnig að þingstaðnum og neitaði því ekki, að hvergi væri hátíðlegri staður en við Öxará til að hefja starf alþingis að nýju, en samt varð niðurstaðan hjá honum sú, „þótt hugur og tilfinníngar mæli fram með Þíngvelli, þá mælir að minni hyggju skynsemi og forsjálni með Reykjavík."[2] Síðan færði hann ýmis rök fyrir því, að alþingi yrði betur í sveit sett í Reykjavík en á Þingvelli.

Þetta sama ár komu út „Þrjár Ritgjörðir" eftir Tómas Sæmundsson, sem kostaðar voru í sameiningu af Fjölnismönnum og þeim, sem gáfu út Ný félagsrit.

Ein ritgerðanna fjallaði um hið væntanlega alþingi og skipulag þess. Tómas batt sig einkum við þrjú höfuðatriði, sem voru í eðlilegu framhaldi af boðskap Kristjáns VIII um endurreisn alþingis. Þau voru þessi: 1) Að þingið sé sem líkast alþingi hinu forna, að orðið getur, 2) að það sé haft á sama stað og 3) að það hafi sama nafn. Í stuttu máli sagt vildi Tómas víkja eins lítið frá skipulagi hins forna alþingis og frekast væri hægt. Hann lagði höfuðáherzluna á, að þingið yrði haldið á Þingvöllum, og sagði, að traðkað væri vilja konungsins, ef það yrði haldið annars staðar. Hins vegar var hann andvígur því, að leitað yrði erlendra fyrirmynda um skipulag þings-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ins. Þessi ritgerð er að því leyti merkileg, að Tómas fer sínar eigin götur, og málaflutningurinn var sérstæður og persónulegur, enda þótt raunsæið hefði mátt vera meira um sum atriðin.

Bréf Jóns Sigurðssonar bera með sér, að hann mat tillögur Tómasar ekki mikils. Þeim bar þó lítið á milli, þegar þeir ræddu um kosningarétt og kjörgengi. Í fyrsta árgangi Nýrra félagsrita komst Jón svo að orði um þessi atriði:[3] „Þegar um kosningar skal tala þá kemur til álita: 1) hvort allir skuli kjósa eður eigi, og 2) hvort alla megi kjósa til fulltrúa eður eigi. Eptir því sem á Íslandi hagar, skil ég eigi að það geti komið neinu illu af stað,(sízt um sinn), þó öllum sé leyft að kjósa sem myndugir eru (25 ára), og búfastir á landinu, ef þeir hafa ekki liðið neitt mannorðstjón fyrir laganna dómi". Síðan dregur Jón þó í land og segist engan veginn vilja binda kosningaréttinn við meira en Baldvin Einarsson vildi, en það var til 10 hundraða tíundar, en viðurkenndi þó, að sú takmörkun „gjörði eins mikinn skaða og gagn". Hann benti á, að „jafnvel kosningarétturinn getur vakið menn til eptirþánka um hagi landsins, og kveikt laungun, framtakssemi og alúð á að vinna fósturjörðunni gagn eptir mætti". Jón vildi binda kjörgengi sömu reglum: „vér verðum að gæta, að vér sízt útilokum þá fyrir fátæktar sakir, sem með viti sínu og kunnáttu mættu vinna hið mesta gagn".

Þau skilyrði fyrir kjörgengi og kosningarétti, sem Tómas Sæmundsson vildi hafa, eða eins og hann orðaði það: „hvurjir velja meigi lögrjettumenn og hvurja til lögrjettumanna meigi taka", skilgreindi hann með þessum orðum: „Virðist hjer eiga að vera aðalreglan, að láta það hvurttveggja, alþingisnefnu og alþingissetu, vera sem frjálsast og fæstum skilmálum bundið. Það færi varla so, þegar valið er í margra höndum, að ekki irði þeir valdir, sem líklegastir eru firir vits sakir og vilja, og slíkir eru best kjörnir til alþingissetunnar, hvurnig sem ástatt er firir þeim að öðrum kosti. Það virðist því ekki ástæða til að meina nokkrum að taka þátt í valinu, sem t. a. m. hefir verið 5 ár við bú, og ekki nítur nie hefur notið sveitarstirks. Sama er að seigja um hvurja þá aðra, sem eru eigendur að so sem 100 dala virði í fasteign. Í Norveigi meiga allir norskir borgarar velja fulltrúa til þjóðfundarins (stórþingsins), sem hafa 25 ár á baki, hafa verið búsettir í landinu í 5 ár og dvelja þar, og annaðhvurt eru eða hafa verið í embættum, eður eiga, eða í meir enn 5 ár hafa haft til biggingar, upp til sveita jörð, sem metin er að dírleika (matriculeret), eða hafa borgarrjett í kaupstöðum, eða eiga þar eður annarstaðar við sjávarsíðu, þar sem skip leggja að til farms töku, garð eða lóð, sem ekki er minna enn 300 dala virði."[4]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Af þessu má sjá, að þeim Jóni Sigurðssyni og Tómasi bar ekki mikið á milli um þessi atriði. Jón Sigurðsson vitnar til Baldvins Einarssonar, Tómas vitnar til norsku stjórnarskrárinnar, báðir tilgreina sama aldurstakmark, sem er hið sama og í Noregi. Allt bendir þetta til, að þeir hafi fest augun á norsku stjórnarskránni, þegar hugað var að haganlegri fyrirmynd að skipulagi hins væntanlega þings.

Mánudaginn 5ta júlí 1841 hófst samkoma embættisnefndarinnar í annað skipti. Hún var skipuð sömu mönnum og árið 1839, nema Th. A. Hoppe stiftamtmaður var forseti hennar í stað Bardenfleths. Á fyrsta fundi nefndarinnar var alþingismálið tekið til meðferðar og valin nefnd til að fjalla um málið. Þeir Bjarni Þorsteinsson, Bjarni Thorarensen, Þórður Sveinbjarnarson, sr. Árni Helgason og Páll Þórðarson Melsteð áttu sæti í henni, og var Páll Melsteð framsögumaður hennar. Hún komst að þeirri niðurstöðu, „að fulltrúar Islendínga ættu á þingi þessu að hafa alla hina sömu sýslu, sem fulltrúarnir á hinum öðrum fulltrúaþingum; þótti þeim af þessu leiða, að lögun þess hins nýa alþingis ætti sem mest að líkjast þeim hinum dönsku fulltrúaþingum, og að einúngis mætti afbregða þar sem ástand Íslands bersýnilega krefðist þess."[5] Nefndin var einnig á einu máli um, að einn fulltrúi skyldi kjörinn úr hverri sýslu og einn úr Reykjavík. Kjörtímabilið skyldi vera 6 ár, konungkjörnir þingmenn 6 og aldrei færri en 4. Kosningaréttur var bundinn við lögaldur, óflekkað mannorð og að vera fjár síns ráðandi, eiga 10 hundruð í fasteign eða hafa lífsfestu fyrir 20 hundraða jörð. Í Reykjavík eða öðrum verzlunarstöðum urðu menn að eiga múr- eða timburhús, sem væri 1000 rbd. virði að löglegri virðingu.

Kjörgengir voru menn þrítugir að aldri, sem fullnægðu sömu skilyrðum og sett voru fyrir kosningarétti, með þeirri undantekningu, að þeir, sem höfðu lokið prófi í lögfræði, guðfræði eða læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla eða numið dönsk lög og fengið góðan vitnisburð, voru undanþegnir jarðeignarskilyrðunum.

Af „Tíðindunum" er ekki að sjá, að ágreiningur hafi risið nema um eitt atriði í tillögum nefndarinnar um alþingismálin, og það var alþingisstaðurinn. Flestir fundarmenn vildu hafa aðsetur þingsins í Reykjavík. Stefán Gunnlaugsson landfógeti vildi láta hið fyrsta alþingi koma saman í Reykjavík, en þingmenn sjálfa síðan ákveða því stað. Björn Blöndal sýslumaður í Húnavatnssýslu vildi hafa þingið á Bessastöðum, en Bjarni Thorarensen og Jón Jónsson sýslumaður í Strandasýslu mæltu fram með Þingvöllum.

Þessar tillögur brutu að því leyti í bága við úrskurð konungs, sem

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

vildi, að hið væntanlega þing yrði haldið á Þingvöllum og lagað eftir alþingi hinu forna, svo mikið sem verða mátti. Að vísu var hlutverk hins væntanlega þings sama eðlis og þinganna í Danmörku, en tillögur nefndarinnar um kosningalögin meinuðu mestum hluta landsmanna að taka þátt í alþingiskosningunum. Prússnesku kosningalögin, sem voru samin til að tryggja völd ríkrar jarðeigendastéttar og Danir höfðu tekið upp lítið breytt, höfðu borizt til Íslands, og nú átti að gróðursetja þau á Íslandi. Embættismannasamkoman fór hér troðnar slóðir og fylgdi þeim vel. Þar virtist enginn muna tillögur Baldvins Einarssonar um alþingi á Íslandi, meira að segja Bjarni Thorarensen virðist hafa dregið í land frá því sem áður var og getið hefir verið hér að framan. Sumir nefndarmanna, eins og Bjarni Þorsteinsson amtmaður, voru andvígir innlendu þingi í hjarta sínu. Allir voru þeir gamlir „rojalistar", eins og Bjarni Thorarensen, sem átti þó mesta samleið með yngri kynslóðinni, og allir voru þeir fylgjendur einveldisins. Það var því tæpast nýmæla að vænta frá nefndinni, eins og þar var allt í pottinn búið.

Samt var einn maður á þessari samkomu, sem ól ugg í brjósti, að þessi lög mundu lítt henta hér á landi. Það var Páll Þórðarson Melsteð. Ekki er vitað, hvenær ritgerðir Tómasar og fyrsti árgangur Nýrra félagsrita komu honum fyrir sjónir, en þar var skipulag alþingis hugsað allt öðruvísi en hjá embættismannasamkomunni. Hvernig sem þessu hefir verið háttað, er þar skemmst frá að segja, að Páll gerði verulegar breytingar á frumvarpinu. Eignarskilyrðin voru lækkuð niður í 5 hundruð og kosningar gerðar tvöfaldar (óbeinar). Breytingartillögur Páls voru í 12 liðum og miðuðu að því að veita öllum nema kotungum, sem ekki áttu 5 hundruð í tíundarskyldri eign, rétt til að kjósa kjörmenn, en þeir áttu síðan að kjósa þingmanninn á sérstökum kjörfundi. Þessar breytingartillögur og greinargerð fyrir þeim var dagsett 4ða október 1841 og undirrituð af Páli Þórðarsyni Melsteð.[6]

Hoppe stiftamtmaður skrifaði kansellíinu 6ta október og sendi því tillögur Melsteðs. Stiftamtmaður segir í bréfinu, að hann hafi sýnt þessar tillögur embættismönnum þeim, sem búi í Reykjavík og nágrenni og höfðu átt sæti á embættismannasamkomunni. Einnig segist hann hafa sent þær Bjarna Þorsteinssyni og öðrum fundarmönnum, sem fjarri bjuggu, í eftirriti. Stiftamtmaður hafði meira að segja fund með Steingrími Jónssyni biskupi, Árna Helgasyni stiftprófasti, Þórði Sveinbjarnarsyni og Stefáni Gunnlaugssyni landfógeta um málið. Stiftamtmaður viðurkenndi, að sitthvað í tillögunum stefndi í rétta átt og samkvæmt þeim væru erfiðleikarnir

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

við prentun og sendingu kjörskránna úr sögunni, samt tók hann hvorki afstöðu með né móti tillögunum.[7]*

Þetta var ekki í fyrsta skiptið, sem Páll Þórðarson Melsteð birti kansellíinu skoðanir sínar í alþingismálinu. Þegar kansellíið leitaði álits íslenzkra embættismanna um hlutdeild Íslands í dönsku stéttaþingunum, var Páll Þórðarson sýslumaður í Norður-Múlasýslu. Hann skrifaði kansellíinu langa og merkilega greinargerð um þingmálið. Hann var andvígur því, að Íslendingar sendu fulltrúa sína til þingsetu í Danmörku, en miðaði allar tillögur sínar við innlent þing. Hann lagði til, að einn eða tveir þingmenn væru kosnir í hverri sýslu, kosningar væru einfaldar, kosningarétturinn nái til jarðeigenda, sem eiga jarðnæði metið til 5 hundraða, en einnig til leigulíða konungsjarða og bændajarða, ef þeir ættu 5 hundruð í lausafé, jafnvel þótt þeir greiði ekki skatt vegna ómagafjölda. Í kaupstöðunum áttu þeir að njóta kosningaréttar, sem áttu húseign metna til 200 ríkisdala silfurverðs.[8]

Þegar þessar tillögur eru bornar saman við breytingartillögur Páls Melsteðs við ályktanir embættismannasamkomunnar, ber ekki mikið á milli annað en það, að nú vildi hann hafa óbeinar eða tvöfaldar kosningar.

Næst bar það til tíðinda í alþingismálinu, að kansellíið skrifaði rentukammerinu bréf 24ða febrúar 1842 og leitaði álits þess.[9]

Bréfinu fylgdu 4 skjöl: 1) álitsgerð embættismannasamkomunnar um stofnun alþingis á Íslandi, 2) uppkast embættismannasamkomunnar að reglugerð þingsins, 3) breytingartillögur Páls Melsteðs við uppkast kosningarlaga embættismannasamkomunnar og 4) bréf stiftamtmannsins með breytingartillögum Melsteðs. Rentukammerið var svo beðið um álit sitt á málinu í heild og þó sér í lagi, hvernig skyldi standa straum af kostnaðinum við þinghaldið.

Svarbréf rentukammersins var dagsett 10da maí 1842.[10] Þetta er langt og rækilegt bréf. Það hófst á því, að vikið var að mikilvægi þess, að skipulag kosninganna væri þannig úr garði gert, að Íslendingar fengju almennan áhuga á þinginu og stofnun þess. Rentukammerið var þeirrar skoðunar, að uppkast embættismannasamkomunnar væri mikið um of sniðið eftir tilskipuninni um stéttaþingin í Danmörku frá 1834, en „alt for lidet blevet taget Hensyn til Islands særegne Forhold". Því næst var vikið að öllum þeim ann-

[7]* Í bréfinu segir t. a. m.: „Vi vare alle enige i at erkjende det Træffende i flere af de i dette Forslag fremsatte Bemærkninger, uden dog nu at finde Anledning til, efterat Forsamlingen in pleno har afgivet sin endelige Indstilling angaaende denne Materie, at yttre vore individuelle Anskuelser angaaende alle Forslagets forskjellige Punkter."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mörkum, sem því fylgdu, að farið var svo mjög eftir tilskipuninni frá 15da maí 1834. Rentukammerið hallaðist helzt að því, að bezt væri að fella niður hin raunverulegu skilyrði fyrir kjörgengi (give Slip paa de reelle Betingelser for Valgbarheden). Hins vegar tóku þeir ekki eins afdráttarlaust af skarið með kosningaréttinn, en bentu á, að margir, sem ekki hefðu kosningarétt, yrðu að standa straum af kostnaðinum, sem af þinginu leiddi. Rentukammerið var hlynnt tillögum Páls Melsteðs um tvöfaldar kosningar og taldi þær betur henta á Íslandi, og misræmið milli kjörgengis og kosningaréttar í Danmörku og á Íslandi jafnaðist, þar sem annars vegar yrðu beinar, en hins vegar óbeinar kosningar.

Þá vildi rentukammerið einungis velja þá menn til þingsetu, sem mæltu á íslenzka tungu, og öll þingstörf færu fram á íslenzku, því að óvíst væri, að hinir íslenzku þingfulltrúar skildu ræður, sem fluttar væru á danska tungu, og slíkt mundi hafa í för með sér bæði tímatöf og rugling.

Þetta bréf er fyrir margra hluta sakir merkilegt. Það er 11 blaðsíður að lengd, svo að ekki er hægt að saka rentukammerið um að hafa flaustrað svarinu af. Hitt er þó merkilegra, hvað það gengur í mörgum atriðum á móti tillögum embættismannasamkomunnar, sem fallið höfðu í góðan jarðveg í kansellíinu. Það er freistandi að láta sér detta í hug, að Brynjólfur Pétursson hafi staðið á bak við þessar breytingartillögur. Að vísu hafa þeir starfsmenn rentukammersins, sem fengust við málefni Íslands, haft nokkra þekkingu á landinu gegnum bréfagerðir embættismannanna og aðrar heimildir, sem þeim bárust í hendur. Flest atriðin, sem rentukammerið vildi láta breyta, voru hin sömu og Brynjólfur barðist fyrir, nema óbeinu kosningarnar. Þær eru sama eðlis og breytingartillögur þær, sem Balthazar Christensen flutti á Hróarskelduþingi og runnar voru undan rifjum Brynjólfs Pétursssonar, sem brátt verður að vikið. Brynjólfur leitaði allra bragða að koma þinginu í það horf í upphafi, sem hann taldi nauðsynlegt til þess að það gæti orðið þjóðinni að tilætluðum notum.

Hróarskelduþing kom saman 7da júlí 1842. Í „Fréttum frá Fulltrúaþingi í Hróarskeldu 1842" eru þingtíðindin birt í íslenzkri þýðingu. Þar segir svo frá alþingismálinu:[11] „Þegar „kansellíið" var búið að skrifast á við „rentukammerið" um málefni þetta, (þ. e. alþingismálið), bar það frumvarpið undir konúng, ásamt með laungum athugasemdum, er nefndin hafði látið fylgja því, og sagðist verða að mæla fram með, að Ísland yrði skilið frá fulltrúaþingum Eydana, og fengi ráðgjafa þing sér með alþingis nafni, en ástæður

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sínar væri bæði bygðar á konúngsúrskurði 20 dag Maím., er áður var nefndur, og á því, er nefndin hefði fram flutt fyrir konúnginn. Svo hélt „kansellíið" og, að það væri meðmælisvert, er nefndin hefði þrædt svo mjög ákvarðanir tilskipunarinnar 15da dag Maím. 1834, sem unnt væri. Og enda þótt það hefði verið ákjósanligt um sum atriði, að þau hefði verið betur löguð eptir ásigkomulagi landsins, hlaut þó kansellíið að álíta réttast, að fara að mestu eptir frumvarpi því, sem nefndin hafði sent, og samið var af þekking og hafði á sér góðan blæ. Þessvegna var stúngið uppá, að bera það með stöku breytíngum undir fulltrúa Eydana til atkvæða."

Það var A. S. Örsted, sem lét álit sitt á alþingismálinu í ljós með þessum orðum. Hann var fulltrúi konungs á Hróarskelduþingi og lagði frumvarpið fyrir þingið á 4ða fundi þess, sem haldinn var 11ta júlí. Það er bezt að láta „fréttirnar" halda áfram að segja frá tíðindum:[12] „Til að rannsaka mál þetta skyldi kjósa 5 manna nefnd, og voru í hana kjörnir Grímur amtmaður Jónsson með 64 atkvæðum, Hvídt etazráð með 39, Algreen-Ússíng háskólakennari með 37, Finnur etazráð Magnússon með 36 og Davíð háskólakennari með 33". Grímur Jónsson var framsögumaður nefndarinnar, en hann og Finnur Magnússon voru fulltrúar Íslands á þinginu.

Brynjólfur Pétursson vildi nú reyna til að hafa áhrif á meðferð Hróarskelduþings á alþingismálinu. Hann tók það ráð, að hann fór á fund Balthazars Christensens, eins þingmannsins á Hróarskelduþingi, „og fræddi hann um það sem mjer þótti þurfa".[13] Um þetta leyti var Christensen í sveit þeirra, sem stóðu að útgáfu „Fædrelandet". En ekki er kunnugt um kynni þeirra Brynjólfs eða ástæðurnar til þess, að Brynjólfur leitaði liðsinnis hans í alþingismálinu.

Alþingismálið var tekið til umræðu 24ða dag ágústmánaðar á 39da fundi Hróarskelduþings. Grímur Jónsson etazráð, framsögumaður nefndarinnar, gerði grein fyrir störfum hennar og lagði til, að tillögur embættismannasamkomunnar yrðu samþykktar með smábreytingum. Meginbreytingin var sú, að hann og Finnur Magnússon lögðu til, „að hverr leiguliði, sem hefir að byggíngu æfilángt eður að áratali svo dýra jörð sem frumvarpið til greinir, eigi að fá kosníngarrétt og kjörgengi".[14] Meiri hlutinn eða hinir dönsku nefndarmenn vildu ekki ráða til svo mikillar breytingar á frumvarpinu af þeirri ástæðu, að með því „viki það að öllu frá grundvallarreglum þeim, sem fulltrúaþíngin í Danmörku eru byggð á".[15] Aðrar breytingar, sem nefndin mælti með, voru smávægilegar. Konungsfulltrúi lagðist gegn þeirri tillögu þeirra Gríms og Finns Magnússonar, „að fyrsta alþíng, sem sett verður á Íslandi, nái að segja álit

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sitt um þær breytíngar á lögmáli þessu (þ. e. alþingislögunum) sem þurfa þætti, eptir því sem til hagar á Íslandi, og einkum um þá lagfæríngu kosníngarlaganna, sem ásigkomulag landsins þætti heimta".[16]

Þegar konungsfulltrúi hafði lokið máli sínu, kvaddi Balthazar Christensen sér hljóðs. Hann hélt langa ræðu og gagnrýndi frumvarp embættismannasamkomunnar og meðferð þess á Hróarskelduþingi og bar síðan fram tillögur um verulegar breytingar á frumvarpinu. Varla þarf að draga í efa, að hann mælti hér fyrir munn Brynjólfs Péturssonar.[17*]

Christensen var hlynntur því, að hið fyrsta alþingi gæti breytt lögunum um skipulag þingsins, en þrátt fyrir það vildi hann, að Hróarskelduþing reyndi að koma þinginu eins vel á fót og hægt væri. Í fyrsta lagi vildi Christensen láta fjölga kjördæmakjörnum þingmönnum úr 20 í 42, þannig að 1, 2 eða 3 væru kjörnir í hverri sýslu eftir fólksfjölda, svo að með konungkjörnum þingmönnum yrði þingmannatalan hin sama og á alþingi hinu forna. Þá vildi hann láta veita leiguliðum kosningarétt og kjörgengi, þingstaðinn vildi hann hafa á Þingvöllum og kosningar tvöfaldar samkvæmt tillögum Páls Melsteðs og kjörgengið frjálst.

Breytingartillögur Christensens urðu þó aðeins þrjár. Hin fyrsta var fjölgun þingmanna úr 20 í 42. Hinar voru: „Að engum sé leyft á alþíngi að mæla aðra túngu enn íslenzka" og „Að hverjum, er vill, sé leyft að hlýða á það er fram fer á alþíngi".[18]

Helzt er að skilja á bréfi Brynjólfs, sem síðast var vitnað til, að honum hafi ekki með þessu þótt nóg að gjört hjá Christensen, þar sem hann talar um, að hann hafi ekki haft áræði til að stinga upp á, að allri kjörskipaninni væri breytt.

Íslendingar í Kaupmannahöfn voru ekki aðgerðarlausir, meðan Hróarskelduþing sat á rökstólum. Jón Sigurðsson boðaði til fundar, sem haldinn var 27da júlí 1842. Þar var rætt um útgáfu á fréttum frá Hróarskelduþingi og undirbúning undir það starf. Hitt er ekki vitað, hvort það hefir verið að undirlagi fundarins, að Brynjólfur fór á fund Christensens. Það er að minnsta kosti ólíklegt, að fundurinn hafi verið á einu máli um, að þingið yrði á Þingvöllum.

Þegar fregnin um framgöngu Balthazars Christensens í alþingismálinu barst til Kaupmannahafnar, stakk Brynjólfur upp á

[17*] Í bréfi til Jóns Péturssonar 28da september 1842 segir Br. svo frá: „Jeg fór í Christensen á laun og fræddi hann um það sem mjer þótti þurfa. Stakk hann uppá þeim endurbótum: að alþingismennirnir irði fleiri, að talað irði allt á íslendsku, að þingdirunum væri ekkji lokað. Aptur hafði hann ekkji áræði til að stinga uppá að allri kjörskipaninni væri breitt. Christensen stóð so að seigja einn uppi með þetta mál."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

því við Jón Sigurðsson, að hann fengi Íslendinga til að senda Christensen þakklætisbréf.[19]

Í bréfasafni Jóns Sigurðssonar í Þjóðskjalasafni Íslands er varðveitt fundarboð dagsett 1sta september 1842. Fundarboðendur eru 12 og er nafn Brynjólfs Péturssonar þar fyrst, en síðast er nafn Þorleifs Repps. Jón Sigurðsson hefir skrifað fundarboðið og er meðal fundarboðenda. Samkvæmt því á þessi fundur að vera haldinn laugardaginn 3ja september hjá „Vincenti á konungs-nýjatorgi" og ræða um alþingismál Íslendinga.[20*]

Fátt er vitað um það, sem gerðist á þessum fundi, og 6ta september var haldinn fundur að nýju. Þar var samið þakklætisbréf til Christensens og annað til þeirra Gríms og Finns Magnússonar, þar sem skorað var á þá að fylgja sem fastast eftir tillögum Christensens.

Daginn eftir sagði „Fædrelandet" frá ávarpinu til Christensens og ferð þeirra Jóns Sigurðssonar og Brynjólfs til Hróarskeldu til að færa Christensen ávarp fundarins.[21*]

Svo er að sjá, að þeir Jón og Brynjólfur hafi verið í Hróarskeldu 8da september, sama daginn og lokaumræðurnar um alþingismálið fóru fram. Þetta kemur til að mynda fram í orðum Gríms Jónssonar í upphafi umræðnanna, sem stóðu frá því kl. 6 til 10½ um kvöldið.

[20*] Fundarboðið var á þessa leið: „Á þinginu í Hróarskeldu verður nú vonum bráðara útkljáð alþingis mál vort Íslendínga. Af því sem fram hefir farið þar á þinginu þykir oss tvísýnt mjög, hvort frumvörp þau, sem fram hafa verið flutt, og oss þykja að öllu nauðsynlig til þess að alþíng verði þjóð vorri og fósturjörðu að svo miklum notum sem vér vildum óskað hafa, muni framgáng fá eður eigi, en verði þeim ekki framgengt, einkum að því sem viðvíkur kosníngarlögum, fulltrúafjölda og móðurmáli voru, þykir oss sem þíngið muni að litlum notum verða og óvíst hvenær bóta verði auðið. Oss þykir eigi ólíkligt, að Íslendingar þeir, sem hér eru nálægir, mundu eiga kost á að styðja mál þetta að nokkru, og vér treystum því, að þá bresti á engan hátt til þess samheldi og áræði, en það er ómissanda að allir vér kæmum saman til að ráðgast um, *hvað* til bragðs skuli taka og *hversu* ráðinu skuli fram fylgja.

Vér leyfum oss nú með bréfi þessu að stínga uppá, að vér höfum allir fund á laugardaginn kemur (3*ja* Septembr) einni stundu eptir miðaptan (kl. 7. e. m.) í herbergjum hjá Vincenti á konúngs-nýja-torgi, og tökum þar ráð vor saman um þetta mál.

Vér biðjum yður alla, hvern um sig, að rita hér á nöfn yðar, og hvort yðar er von á fund eður eigi!

Kaupmannahöfn 1*ta* Septembermán. 1842.

[21*] Fréttin var á þessa leið: „En Deputation af Islændere (Dhrr. Brinjólf Peturson og Jón Sigurdsson) er idag afreist til Roeskilde, for at overrække Stænderdeputeret Hr. Balthazar Christensen en Takadresse, underskreven af de herværende Islændere som repræsenterende 17 islandske Sysler, for hans Deltagelse og Virksomhed i Althingssagen. Vi önske, at de gode Islændere ikke maatte komme denne Gang *post festum*."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Brynjólfur segir í bréfi sínu til Jóns bróður síns, að þeir hafi talað við marga menn, og þeir unnu það á, að í lokaumræðunum fylgdu þeir Finnur og Grímur Jónsson Christensen að málum. Konungsfulltrúinn A. S. Örsted var hins vegar mótfallinn breytingartillögum Christensens og þótti lítið koma til málaflutnings þeirra Finns og Gríms, þar sem þeir voru komnir á öndverðan meið við sjálfa sig, enda fengu þeir að heyra það úr fleiri áttum.

Finnur Magnússon skrifaði Jóni Sigurðssyni daginn eftir fréttirnar af umræðunum og segir frá á þessa leið:[22] „Alþingismálid í gjærqvöld varadi frá kl. 6 til circa 10½. Christensen og Lehmann gengu ákaft framm, enn hinn sídastnefndi erti sárlega þá Hvidt, David og Ussíng; hinn fyrstnefndi þagdi enn hinir tveir hefndu sín á okkur tveimur Jslendíngum og rifu okkur sundur og saman, hvarundir Drewsen sjerílagi tók. Eg óttast fyrir ad vid, fyrir okkar meiníngarbreytíng, verðum álitnir hér og vídar framvegis eins og pólitískir svikarar eda strokumenn".

Þeir Brynjólfur og Jón Sigurðsson voru síðbúnir um of með breytingartillögur sínar. Það gegnir nokkurri furðu, að Brynjólfur skyldi ekki reyna til að fá þá Grím og Finn til að flytja þær í staðinn fyrir Balthazar Christensen þegar í upphafi. Sú skýring er nærtækust, að hann hafi ekki álitið, að þeir mundu leggja þessum breytingartillögum lið og þess vegna leitað liðsinnis þjóðfrelsismannsins Balthazars Christensens. Finnur Magnússon hafði lítinn áhuga á þjóðmálum Íslands og vildi raunar koma sem minnst nálægt stjórnmálum. Í bréfi því til Jóns Sigurðssonar, sem áður var vitnað til, kemur það samt fram, að hann hefði ekki verið ófús að fylgja Christensen að málum frá upphafi, og þótti för sín orðin næsta ill.[23*]

Finnur Magnússon hafði tæplega nokkra fastmótaða skoðun um skipulag hins væntanlega alþingis, og þess var ekki að vænta, að Hróarskelduþing væri ginnkeypt fyrir gagngerðum breytingum á frumvarpi, sem kansellíið hafði lagt blessun sína yfir. Það var því rétt, sem Orla Lehmann sagði í einni ræðu sinni, „að Íslendíngar mega sjálfum sér um kenna" og þeir hafi „„þrælbundið" sig við þínglög vor, þá valda Íslendíngar því sjálfir, að frumvarpið á eigi við".[24] Hugmyndir landsmanna um alþingi voru mjög á reiki, eins og fram kom af hinum ýmsu tillögum, sem komu fram á sjónar-

[23*] Í bréfinu segir svo: „Ávinníngurinn af okkar Jslendínga vidleitni vard því hardla lítill fyrir sjálft málefnid, enn báda okkur fulltrúana gjörir hún sannarlega ad einskonar pólitiskum Píslarvottum. Hefdum vid fengid þau tilmæli og skilríki sem B. Chr. fékk, ádur enn vid fórum til Hróarskeldu, edur litlu sídar, mundi útfallid hafa ordid allt annad, — enn nú tjáir ekki ad idrast!"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sviðið. Í bréfi því, sem Íslendingar í Kaupmannahöfn sendu þeim Grími og Finni, og sömuleiðis í bréfinu til Christensens, var höfuðáherzlan lögð á fimm atriði:[25] 1) að fasteign sé óhæfilegur grundvöllur kosningaréttarins og skiptitíundin sé hinn vissasti grundvöllur, kosningarnar skuli vera einfaldar og ógjörningur að binda kjörgengi manna við nokkra fjáreign, 2) að þjóðkjörnum þingmönnum verði fjölgað upp í 42, 3) allt á þinginu fari fram á íslenzku, 4) þingstofan verði öllum opin, og 5) „Að því leiti sem þingstaðnum viðvíkur erum vér allir samdóma um, að skjóta því undir úrskurð alþingis sjálfs og vilja Hans Hátignar konungs vors, að því leiti sem ástæður og vilji þjóðar vorrar mætti verða með eður móti". Það er greinilegt, að hér hefir orðið málamiðlun á milli Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar og fylgjenda hans, því að Balthazar Christensen mælti með Þingvöllum og Jón Sigurðsson með Reykjavík í grein, sem hann skrifaði í „Kjöbenhavnsposten" og hét „Nogle Bemærkninger med Hensyn til det islandske Althing." Þessi grein birtist dagana 31sta ágúst og 1sta september. Undir henni stóð „Islendingr", og markmið hennar var að afla tillögum Christensens fylgi, því að Jón var þar hlynntur öllum breytingartillögunum meira að segja tvöföldum kosningum, að einni undanskilinni, að þingið yrði haldið á Þingvöllum. Að vísu var Jón aftur horfinn til einfaldra kosninga, áður en vikan var liðin, því að í bréfinu til Christensens stendur: „Vér leyfum oss enn að geta þess, að vér vildum allir kjósa einfaldar kosningar",[26] og það hefir sjálfsagt ekki staðið þar án vilja Jóns.

Jón Sigurðsson kynntist stéttaþingsmálefnum Íslendinga, þegar hann var skrifari hjá Steingrími biskupi Jónssyni. Kansellíið lét leita álits biskups um hlutdeild Íslands í hinum dönsku ráðgjafarþingum árið 1831, og álitsskjal biskups er dagsett 28da nóvember 1831 og er með hendi Jóns, hvern þátt sem hann kann að hafa átt í því að öðru leyti. Áður er getið ritgerðar hans í fyrsta árgangi Nýrra félagsrita. Þetta ár kom þar önnur ritgerð, þar sem hann snerist öndverður gegn tillögum Tómasar Sæmundssonar um skipulag alþingis og alþingisstaðinn. Ekki þarf að draga í efa, hver áhrif þessar greinar höfðu heima á Íslandi, en í Danmörku gætti áhrifa þeirra ekki nema meðal Íslendinga, en með greininni í „Kjøbenhavnsposten" var reynt til að hafa áhrif á málið, meðan það var í deiglunni.

Í lokaumræðunum um alþingismálið á þinginu í Hróarskeldu kom á daginn, að breytingartillögur Balthazars Christensens höfðu unnið fylgi meðal þingmanna. Þegar hann bar þær fyrst fram, heyrðist ein-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ungis ein rödd, sem var honum sammála. Það var C. H. Hansen sjálfseignarbóndi á Fjóni. Orla Lehmann var einnig tortrygginn á ágæti frumvarps embættismannasamkomunnar, en hann vildi láta alþingi, þegar það væri komið á laggirnar, semja sín eigin þingsköp. Af atkvæðagreiðslunni um framkomnar breytingartillögur við alþingisfrumvarpið að loknum umræðum að kvöldi 8da september 1842 er þetta að segja: tillaga Lehmanns „að þingmenn mæli aðeins með, að frumvarpið fái lagagildi fyrst um sinn, en sé eigi lögleidt að staðaldri, fyrr enn alþingismenn, er kosnir verða eptir því, hafa allraþegnsamligast sagt upp álit sitt um það", var samþykkt með 35 á móti 20 atkv.

Tillaga nefndarinnar, „að þingmenn mæli með, að frumvarpið fái lagagildi, og leggi jafnframt til, að alþingismönnum sé veittur kostur á, þá er þeir koma saman eð fyrsta sinn, að hreifa áliti sínu um breytíngar á lagaboðinu, eptir því sem haga þætti á Íslandi, og einkum um lagfæríng á kosníngarlögunum, þá er þeim þætti við eiga," var samþykkt með 49 atkv. á móti 6.

Breytingartillaga Christensens, „að eingum sé leyft á alþingi að mæla á aðra túngu enn íslenzka", var samþykkt með 28 atkv. gegn 27, og breytingartillaga hans, „að öllum er vilja sé leyft að hlýða á það er fram fer á alþingi" var samþykkt með 30 atkv. gegn 25.

Breytingartillaga þeirra Gríms Jónssonar og Finns Magnússonar, „að allir leiguliðar hafi kosningarrétt og kjörgengi, þeir er hafa að byggíngu æfilangt eða að ártali jörð, þá er eigi er minni enn 20 hundruð að dýrleika . . ." var felld með 33 atkv. gegn 22. Á sama hátt var tillaga Christensens, „að í alþíngi skuli vera 42 menn þjóðkjörnir, . . ." felld með 36 atkv. gegn 19.[27]

Þessi úrslit voru ekki fullnaðarsigur, en ekki heldur ósigur, því að hér opnaðist leið til að færa síðar í lag þau atriði, sem ekki náðu fram að ganga í þessari lotu. Þess má að síðustu geta, að fjárhagur Brynjólfs var svo bágborinn, að hann fékk 5 dali að láni hjá Jóni Sigurðssyni til að standa straum af kostnaðinum af ferðinni til Hróarskeldu haustið 1842, og af vasabókum hans má sjá, að hann hefir greitt Jóni skuldina 7da janúar 1845.[28]

LOKAÞÁTTUR ALÞINGISMÁLSINS — FRAMBOÐSRAUNIR

Alþingismálið fór rétta boðleið frá Hróarskelduþinginu til kansellísins. Það skrifaði rentukammerinu og sendi því álitsgerð (Be-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

tænkning) Hróarskelduþings. Rentukammerið svaraði með bréfi dagsettu 14da janúar 1843. Það gagnrýndi aftur frumvarp embættismannasamkomunnar[1*] og lýsti yfir fylgi sínu við breytingartillögur Christensens, „Að engum sé leyft á alþingi að mæla á aðra túngu enn íslenzka", og „Að hverjum, er vill, sé leyft að hlýða á það er fram fer á alþingi".[2]

Kansellíið tók hins vegar ástfóstri við frumvarp embættismannasamkomunnar þegar í upphafi. A. S. Örsted skrifaði álitsgerð um frumvarpið 26ta október 1841, en Stemann gerði ýmsar athugasemdir við hana og frumvarpið á spássíuna, og í einni þeirra lætur hann einmitt í ljós ánægju sína yfir því, að embættismannasamkoman skuli hafa farið svo nákvæmlega eftir tilskipuninni um dönsku stéttaþingin.[3*]

Þessi afstaða breyttist að sjálfsögðu ekki, þar sem sömu menn sátu í embættunum og allt var líkt og var. Íslendingum í Kaupmannahöfn bauð í grun, að kansellíið mundi ekki samþykkja breytingartillögur Hróarskelduþings, hvað þá gera frekari breytingar, og Brynjólfur Pétursson er líklegur til að hafa vitað, hvað klukkan sló innan veggja kansellísins. Febrúarmánuður 1843 fór í fundahöld og ráðagerðir, hvað gera skyldi til að fá kansellíið til að fallast á framkomnar breytingartillögur, og var Jón Sigurðsson þar fremstur í flokki. Á fundi, sem haldinn var 25ta febrúar 1843, var samið bréf til konungs. Það var bæði á dönsku og íslenzku og undirritað af

[1*] Í bréfinu segir svo: „Hvad bemeldte Forsamlings principale Indstilling betræffer, da have vi i Skrivelse til det Kongelige danske Cancellie af 10*de* Mai forrige Aar yttret den Formening, at den ved allerhöiest Resolution af 22*de* August 1838 anordnede Forsamling af islandske Embedsmænd, i sit Forslag til en Anordning angaaende Indretningen af en særskilt raadgivende Forsamling for Island, alt for lidet har taget Hensyn til Islands særegne Forhold, navnligen i Henseende til det Valgsystem, hvorpaa denne Indretning skulde baseres, og vi maae derfor ansee det tilraadeligt, at det, med bemeldte Forslag hovedsagelig overeensstemmende, Udkast til en Anordning om denne Gjenstand, der har været den roeskildske Stænderforsamling forelagt til Betænkning, ikkun emanerer som provisorisk Anordning, indtil det derefter valgte Althing har givet Betænkning over samme. —

Betræffende Forsamlingens tvende sidste subsidiaire Indstillingspuncter skulde vi tjenstligst bemærke, at vi, i Anledning af Udkastets § 43, have i ovenanförte Skrivelse til det Kongelige danske Cancellie yttret os i samme Retning som Forsamlingen, og at vi finde de af Forsamlingen for dens Indstilling til Udkastets § 78 anførte Grunde vægtigere end de Betænkeligheder, der kunde være forbundne med at tilstæde Althingets Forhandlinger for aabne Dörre."

[3*] Í annarri spássíugreininni segir Stemann: „Det er efter min Anskuelse særdeles hældig at den Jslandske Forsamling i sit Forslag, saa nøye har holdt sig til de for de danske Stænderforsamlinger givne Bestemmelser, og jeg bør derfor tilraade, saa nøye som mueligt at folge dette Forslag, . . . St."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

41 manni. Uppkastið er með hendi Jóns Sigurðssonar og varðveitt í handritasafni hans (J. S. 148 a, fol.), en bréfið sjálft er með hendi Sigurðar Hansens og varðveitt í Þjóðskjalasafni.[4] Þeir Kristján konungur og Friðrik konungsefni fengu sitt eintakið hvor af bréfinu með sömu undirskriftum. Bæði þessi bréf eru prentuð fyrir aftan „Fréttir frá Fulltrúaþingi í Hróarskeldu 1842," bls. 225–233.

Í bréfinu var farið fram á fjórar breytingar. Hin fyrsta var, að konungi þóknaðist að veita „frjálsa kjörgengi til alþingis" og að ríkun kosningaréttarins, sem minni hluti nefndarinnar á Hróarskelduþingi stakk upp á, næði fram að ganga. Í öðru lagi var þess óskað, að 42 þjóðkjörnir fulltrúar fái setu á alþingi. Þriðja atriðið var, að einungis yrði töluð íslenzka á þinginu og konungsfulltrúi ætti sízt að fá undanþágu til að mæla á danska tungu, enda von þeirra, sem að bænarskránni stóðu, „að jafnan verði einnhverr sá Íslendíngur uppi sem trúanda væri fyrir þessu starfi", og í fjórða lagi, að allt færi fram á alþingi í heyranda hljóði.

Af bænarskránni sést, að fundarmenn voru ekki allir á einu máli um þessar breytingar, sem um var beðið. Þannig var fyrsta breytingaratriðið samþykkt með 36 atkvæðum gegn 5, en í minnihlutanum voru þeir Grímur Jónsson og Finnur Magnússon, og þeir vildu binda kosningarétt og kjörgengi við fasteign (tíu hundraða eignar- eða leigujarðir). Grímur Jónsson vildi ekki heldur fallast á, að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað upp í 42, vegna þess að hann óttaðist, að kostnaðurinn yrði of mikill. Hann var einnig þeirrar skoðunar, að konungsfulltrúi ætti ætíð að vera danskur maður, sem mætti tala á danska tungu.

Kansellíið hafði samið uppkast að „Forestilling" um alþingismálið 15da febrúar 1843. Þar var saga málsins rakin frá upphafi og gerð grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins. Á spássíu eru athugasemdir með hendi Örsteds, og Stemann hefir einnig farið yfir hana.

Kristján VIII lagði bænarskrána frá 25ta febrúar fyrir kansellíið með bréfi 1sta marz 1843.[5]*

Kansellíið settist enn á rökstóla og lét semja viðamikla greinargerð um málið.[6] Hún er ódagsett, en hefir verið samin á tímabilinu

[5]* Það er á þessa leið: „Over vedlagte Andragende, hvori 41 herværende Islændere allerunderdanigst anholde om forskjellige Forandringer i den paatænkte Anordning angaaende Indretningen af det islandske Althing, ville Vi allernaadigst, at Vort Cancellie afgiver allerunderdanigst Betænkning, der bliver at referere i Vort geheime Statsraad i Forbindelse med Cancelliets Forestilling betræffende Udkastet til bemeldte Anordning."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

frá 1sta til 8da marz. Fyrst var efni bænarskrárinnar rakið og síðan lagt út af textanum. Það var bent á það, að meiri hlutinn væri aðallega íslenzkir stúdentar, sem ekki hefðu lokið prófi, en menn eins og þeir Grímur Jónsson og Finnur Magnússon í minni hluta. Greinargerð kansellísins miðaði að því að andæfa breytingartillögum bænarskrárinnar og hafði Grím Jónsson sem skjöld fyrir sér. Síðan var málið í heild tekið til afgreiðslu í ríkisráðinu, en ekki er vitað, hvað þar gerðist. Hins vegar skrifaði konungur við greinargerð kansellísins um bænarskrána frá 25ta febrúar 1843, að málið væri útkljáð.[7]*

Þann 8da marz birtist svo úrskurður konungs í alþingismálinu, þar sem frumvarp embættismannasamkomunnar var samþykkt lítið breytt.[8]*

Þannig lauk hinni fyrstu hríð í alþingismálinu, og þess var raunar tæpast að vænta, að öðru vísi færi, eins og af stað var farið af embættismannasamkomunnar hálfu. Þetta var að sjálfsögðu verulegt áfall fyrir þá, sem harðast höfðu barizt fyrir breytingunum, og það þarf ekki annað en lesa „Annað kvæði um alþing" eftir Jónas Hallgrímsson til að sjá, hvernig gremjan sauð í Fjölnismönnum. Brynjólfur Pétursson skrifaði Jóni bróður sínum 16da maí 1843 og sagði tíðindin með þessum orðum:[9] „Lítið kom útaf öllum tilraunum okkar Íslendinga með alþingjismálið, að so miklu leiti, sem konungur, eða rjettara sagt Kansellíið hefir ekkjert breitt frumvarpinu sem stendur í Frjettunum, og komið er nærri því orðrjett frá nefndinni í Reíkjavík; enn á hinn bógjinn hefir maður þó við þetta komið hreífingu á hjá þjóðinni; enn aldreí verður Alþingi til nokkurs gagns, ef það verður í því sama formi, sem það er nú í."

Brynjólfur Pétursson hafði mikinn áhuga á íslenzkum stjórnmálum á þessum árum. Meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn voru

[7]* Denne sag ansee Vi som afgjort ved Vor allh. Resol. af Dags Dato paa Vort Cancellies Hovedforestilling angaaende det islandske Althing.
Kbhvn 8 Marts 1843.
CR.

[8]* Í handritinu hefst úrskurður konungs með þessum orðum: Ligesom Vi ikke have fundet Anl. til overeensstemmende med den roeskildske Stænderforsamlings principale Indstilling at lade Anordningen angaaende det islandske Alting emanere som provisorisk saaledes have Vi ogsaa fundet Betænkelighed ved efter bemeldte Stænderforsamlings Henstilling at give allerede det først sammentrædende Alting nogen bestemt Opfordring til at yttre sig angaaende de Forandringer i den nævnte Lov, hvortil der efter de locale Forhold maatte findes Anledning, hvorimod det maa være Altinget overladt, naar en længere Tids Erfaring maatte vise Hensigtsmæssigheden af slige Forandringer at indkomme med Forslag desangaaende".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

þeir Jón Sigurðsson sennilega þeir einu, sem hùgsuðu til þingmennsku, þegar alþingi yrði komið á laggirnar. Sá var gallinn á, að Brynjólf vantaði tilskilda jarðeign til að vera kjörgengur. Faðir hans andaðist þetta sumar, og í bréfi til Jóns bróður síns 28da september 1842 fór hann þess á leit, að svo yrði um hnútana búið, að hann yrði kjörgengur.[10*]

Hann ámálgaði þetta á ný í bréfi til Jóns bróður síns 16da maí 1843 og segir þar:[11] „Mjer er það fullkomin alvara, að jeg vildi með öllu móti reina til að verða fulltrúi núna í firsta skjipti. Það er óvíst hvurt þeir láta kjósa fulltrúa í haust eða ekkji, enn það sínist vera orðið mikjils til of seint. Jeg verð nú að biðja þig firir hvurn mun elsku Jón! að láta mig koma á Kjörskrárnar í Skagafjarðarsíslu, og til þess þarf ekkji annað, enn gjefa síslumanni til vitundar, að jeg hafi feingjið 10" í tiltekinni jörð í arf eptir föður okkar sælan; enn skjildi Sigurður í Krossanesi vera dáinn, þá þarf þess ekkji, enn þá verður þú þá samt að biðja hann firir mig brjeflega að taka mig á kjörskrárnar. Jeg gjöri mjer að sönnu litla von um að jeg muni verða kjörinn, því jeg hefi eingann duglegann kosningarmann til að tala mínu máli, nema ef so skjildi fara að Sigurður færi vestur að Borg, enn jeg vil þó ekkji láta mitt eptir liggja, því jeg er sannfærður um, að Íslendingar eíga ekkji völ á mörgum, sem þeim væri hæfari til fulltrúa enn jeg, þó jeg á hinn bóginn viðurkjenni vanmátt minn".

Til er eitt bréf frá Brynjólfi til Þóru móður hans skrifað 28da september 1843, en hún fékk það aldrei í hendur, því að hún andaðist 8da september það ár, og bréfið var sent aftur til Kaupmannahafnar og varðveittist meðal bréfa til hans, en þar víkur hann að því, að hann hafi hug á þingmennsku, með þessum orðum: „Mikjið hefði mjer þótt undir því komið að jeg hefði gjetað orðið alþíngjis-

[10*] Í bréfinu segir svo: „Ekkjert giska jeg á hvurnin þið munið hafa farið að þa[r] heima, hvurt móðir mín hefir viljað sitja í óskiptu búi, [eða] þið hafið skipt pro forma, eða ætlið að gjera það. Til þess ekkjert verði í veíginum við það; að jeg er fjærverandi, ætla jeg að leggja hjer innaní „Fuldmagt" til þín. — Þú veíst besti Jón að mjer dettur ekkji í hug, að fá þar nokkurs skjildings virði, því það veít hamingjan, að jeg er firir laungu búinn að taka út miklu meir, enn það er minn partur hefði verið, af því *öllu* sem eptir er, hvað þá heldur því hálfa. En ef að þið skjiptið þá ánafnið þið mjer einhvur 10" í jörð, til þess jeg gjeti orðið alþingismaður ef einhvur vill kjósa mig; enn jeg lofa því aptur, að jeg skal ekkji hafa þá ánöfnun til nokkurs annars enn til þessa. Það er sosem sjálfsagt, að láta móður okkar hafa þetta litla, til er, til fullkominna umráða meðan hún lifir; enn jeg held firir það, að best væri þó að skipta því pro forma. Jeg læt Ikkur samt öldungjis ráða því. En þá verð jeg þó að biðja þig, að móður okkar gjefi mjer undireins — að nafninu eintómu — 10" í jörð, og veit jeg þó varla hvurt það mundi koma nógu snemma til firstu alþingjiskosningar, því gjöfin verður að vera tveggja ára gömul, enn arfur ekkji."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

maður, enn það er ekkji til þess að hugsa, því eingjinn kís mig, þótt jeg hefði það til að bera, sem jeg ekkji hef, nefnilega 10ᵐ í jörð að nafninu til, sem jeg þirfti þó ekkji að eíga eínn skjilding í."[12]

Það voru fleiri, sem lögðu því máli lið, að hann yrði þingmaður. Í bréfi, sem Jósep Skaftason skrifaði Jóni Péturssyni 16da apríl 1844, má sjá, að hann hefir talað máli hans við Skagfirðinga,[13*] og Pétur Pétursson skrifaði Jóni bróður sínum 25ta maí 1844 og sagði: „Blessadur skrifadu Sýslumanni L. Thorarensen, ad þú hafir ekkert ámóti því, ad vid Br. fáum sín 10ᵐ hvor ur Vidivöllum, svo hann géti sett okkur á kjörskrárnar, vid höfumm bedid hann þess".[14]

Þessi eftirrekstur þeirra bræðra, Péturs og Brynjólfs, leiddi til þess, að Jón Pétursson gat skrifað Brynjólfi þau tíðindi 29da júlí 1844 frá Enni, heimili Lárusar Thorarensens sýslumanns í Skagafirði, að nöfn þeirra bræðra væru komin á kjörskrárnar.[15*] Þetta var að vísu heldur um seinan, því að kosningarnar höfðu farið fram um vorið.

Svo er að skilja, sem Skagfirðingar hafi ekki verið alls kostar ánægðir með þingmann sinn, Jón bónda Samsonarson, því að Páll Þórðarson Melsteð skrifaði Jóni Sigurðssyni 16da september 1844 og ræddi til að mynda um úrslit kosninga og sagði þannig frá:[16] „I Nordr og Austr Amtinu er, ad eg held, hraparlega ílla valid; Er þad sjálfsagt nokkud ad kénna þekkíngarleysi Kjósenda, en líklega einnig því, ad þeir Skynsamari hafa látid sig völin eingu varda. I Skagafjardar Sysslu heyrdi eg sagt ad menn eptirá hefdu ydrast eptir valinu; og skrifadi eg þá Kunníngja mínum, sem leitadi Ráda til mín, ad þeir skyldu fa Þingmannin og Varaþingmannin til ad segja af sér, og velja aptr Brynjólf Peturson. Sídan hefi eg ei þadan heyrt."

Brynjólfur tók þessum úrslitum með jafnaðargeði og skrifaði Jóni bróður sínum 29da september þetta ár og sagði þá:[17] „Þú hefir líklega sjeð, að jeg mundi ekki verða kjörinn hvort sem var, eða að minnsta kosti að það mundi ekki svara ómaki, að jeg kæmist

[13*] Í bréfinu segir Jósep m. a. þetta: „Eins og eg gat um ádan, var eg nordur í Skagafyrdi rúmann hálfann mánud. Var eg ad tala máli Yckar Vídivalla brædranna í krapti, ad þid ecki hefdu verid gérdir kjörgengir, sem mér sýnast mestu Rángindi og heimska, þegar menn þá vilja géra sem flesta kjörgenga, því hvörn F. kémur þeim þad vid, hvört Skuldir eru á Búinu, ogso eru þeim þær ad miklu leiti ókunnar, en Fastegnin viss. Þegar þeir ecki áttu völ á gódum Fulltrúa, — og þad ega þeir ecki — þá hefdu þeir þess heldur átt ad taka á móti Yckur brædrum med útbreiddum Fadmi.—"

[15*] Í bréfinu segir Jón: „Nú erum við komnir allir 3 brædurnir á Kosningarlistan, en Kosningin fór her fram í vor, svo eigi verðum við valdir í þetta sinn. Að setja okkur fyrr á skrána, álít eg ólöglegt, þar viðurkenning okkar ekki kom fyrri um hvað við ættum."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

á þær fyrri, og í því ætla jeg að vera þjer samþykkur. Áður enn kjörið var þótti mjer svo mikið undir því komið, að nafnið mitt kæmist á skrárnar, og því var jeg allt af að nauða á þjer með það, en nú, úr því búið er að kjósa, segi jeg: Svo fór bezt sem fór."

RITDEILUR UM SKIPULAG ALÞINGIS

Árið 1843 komu út „Fréttir frá Fulltrúaþingi í Hróarskeldu 1842..." Þeir, sem sáu um að íslenzka „Fréttirnar", voru Jón Sigurðsson, Brynjólfur, Gísli Magnússon, Sigurður Melsteð og Jóhann Halldórsson, en bókin er sögð gefin út af „nokkrum Íslendíngum". Í formála segir, „að nokkrir af stúdenta flokki í Kaupmannahöfn hafa tekizt á hendur að íslenzka og síðan láta prenta allt það sem stendur í þíngbók Eydana enni prentuðu um þessi mál", og „Í bók þessari eru nú komin fram öll þau skírteini um alþíngismálið, sem kostur var á að fá, og mestu varða, nema álitsskjal rentukammersins, sem mjög hefir verið landinu meðmælt að því sem ráða er." Embættismannasamkoman fékk heldur slæma dóma fyrir sinn þátt í málinu, svo sem vænta mátti. „En þó lítt hafi orðið ágengt híngaðtil, þá er viss von að batna muni ef landsmenn bregðast ekki, heldur sýna einlægan fastan vilja, samheldi og föðurlandsást, láta ekki smámuni villa fyrir sér sjónir, eða ótta fyrir hugarburði einstakra manna, heldur halda fast fram aðalmálum sínum og aðalatriðum hvers máls, og láta engan bilbug á sér finna, þar sem réttindi og sannleikur fylgir máli þeirra, þó tregt gángi um hríð.—"[1] Þessi afstaða varð leiðarljós Jóns Sigurðssonar í ævilangri baráttu fyrir réttindum og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar.

Í 7da árgangi Fjölnis birtist ritgerð eftir Brynjólf Pétursson, sem bar heitið „Um alþingi". Nafn hans er að vísu ekki undir henni, en í bréfi til Jóns bróður síns 19da maí 1844 segir hann:[2] „Jeg hef ekki komizt til að rita neitt í Fjölni. Þó flaustraði jeg af dálítilli ritgjörð um alþingi, og gengur yfir mig að öllum hjer þykir hún vel samin, sem jeg hef heyrt geta hennar, . . ."

Ritgerðin var hugsuð sem hugvekja til væntanlegra þingmanna og kjósenda, þar sem brýnt var fyrir hinum fyrrnefndu að breyta skipulagi alþingis, þar sem þingið sé ekkert nema nafnið í núverandi mynd. Brynjólfur vildi láta þingmennina ganga fram fyrir skjöldu og þjóðina styðja þá af öllu afli, því að það væri sama og að fresta

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

framförum landsins að fresta að breyta tilhögun þingsins. Því vildi hann, að menn bæðu konung þegar á hinu fyrsta þingi að breyta þingsköpunum.

Brynjólfur ræðst á embættismannasamkomuna fyrir það, hve báglega henni hafi tekizt að semja alþingislögin, þar sem hún hafi samið þau upp úr dönsku stéttaþingslögunum. Síðan vék hann að lögunum um kosningarnar og benti á, að skilyrðin fyrir kosningarétti og kjörgengi séu hvergi bundin við fasteign nema í Prússlandi og Danmörku og það eigi mjög illa við á Íslandi að taka þau upp. Brynjólfur lagði því til, að menn beiddust þess: „1) að kosningarrjettur verði ekki bundinn við annað enn fjárforráð og óskerta mannvirðing — eða að minnsta kosti ekki við meiri fjáreign enn 5 hundraða; 2) að kjörgengi verði með öllu óbundin við fjáreign, og 3) að kosningar verði látnar vera einfaldar".

Brynjólfur taldi tillögu Christensens um tölu þjóðkjörinna þingmanna í fullu samræmi við eðli og ástand landsins. Hann taldi, að þing með 48 fulltrúum yrði litlu kostnaðarsamara en þing með 26 þingmönnum, sem kosnir væru eftir kosningalögum embættismannasamkomunnar, enda hefði það verið viðurkennt, að það væri nauðsynlegt að fjölga fulltrúum. „Menn eiga því að biðja um, að þjóðin megi kjósa sjer 42 fulltrúa, en kjósa annaðhvort enga varafulltrúa, eður kjósa þá sjer í lagi".

Að síðustu fjallaði hann um þrjú atriði, sem hann taldi harðla mikilvæg, en það voru þingstaðurinn, málið og „hvort mæla skal á laun eða í heyranda hljóði". Ritgerðin endaði á þessum orðum: „Vjer skorum því á landa vora að beiðast þess, að alþingi verði átt á þingvelli, og allt verði mælt á þinginu á íslensku og í heyranda hljóði.

Að endingu tökum vjer það fram, sem áður er á drepið, að menn verða, að senda almennar bænarskrár til hins fyrsta alþingisfundar um öll þessi atriði. Seinna meir verður allt óhægra við að eiga".

Brynjólfur hefir án efa vitað, að hann mælti fyrir munn allrar alþýðu, þegar hann óskaði eftir, að alþingi yrði haldið á Þingvöllum. Til að mynda skrifaði Páll Melsteð yngri Jóni Sigurðssyni 1sta september 1840 frá Reykjavík og sagði:[3] „Flestir, sem eg hefi talað við, vilja heldur hafa alþíng við Öxará en í Reykjavík", og séra Halldór Jónsson í Glaumbæ skrifaði Brynjólfi 16da febrúar 1842 og sagði:[4] „Um Skagaf: Sýslu (og vídar) hefr — ad undirlagi amtmannsins sál: (Bjarna Thorarensens) verid leitad atkvæda hjá almúga, hvar þeir vildu láta alþíng halda, og næstum allir hafa kosid gamla stadinn á Þingvöllum; en þad er hætt vid þad verdi nú ekki

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

meíra úr þessu, fyrst Nefndarmenn voru flestir á því ad þad héldist í Reíkjavik".

Ritgerðin fékk misjafna dóma. Séra Jón Hallsson skrifaði Brynjólfi 6ta febrúar 1845 og segir þannig frá viðtökunum:[5] „Samt hefi eg fáa heýrt hníta við alþíngisþættinum í þessum seínast útkomna Fjölni, hvað mér þýkir líka skammþakkarlaust".

Hins vegar virðist Páll Þórðarson Melsteð hafa talað fyrir munn flestra íslenzkra embættismanna, þegar hann skrifaði Jóni Sigurðssyni 22an febrúar 1845 og vék að alþingisþættinum með þessum orðum:[6] „Þará móti er, t. D. yfir seinasta Alþíngisþættinum í Fjölnir einhvör slíkur Blær, ad eg ómögulega fæ felldt mig vid hann. Þad sem þarí ekki er lapid úr Ritum Ydar og annara, er einkisverdt Þar er töluverdt af Spidsfindighed og falsk Vittighed, en lítid af sannri Skarpsýni og verulegri Findni. Einhvörntíma, hefdi svo legid á mér, mundi eg hafa refsad þeim Ritlíngi hardt; Og eitthvad má Höfundr þess Artikula sýna mer betra, ef eg á ad géta álitið hann færan um ad ega mikin Þátt í árídandi Stjórnarmálefnum".

Brynjólfur gerði sér ljóst, að hann hafði farið heldur geyst, eins og fram kemur í bréfi til Þórðar Jónassonar 12ta maí 1844, en þar segir hann:[7] „Alþingisritgjörðin hefur orðið of „polemisk", en hún var rituð í slíku flaustri hjer um daginn, að ekki var tími til að steypa henni um aptur. En þó mönnum svíði alldrei svo sárt, hvernig nefndin hefur þrælbundið sig við dönsku þingsköpin, þar sem hún hafði þó öldungis frjálsar hendur, hefði þó eflaust verið rjettara að sitja enn betur á sjer".

Þrátt fyrir þetta hafði ritgerðin nokkur áhrif, þegar farið var að semja bænarskrár um rýmkun á kosningarétti og kjörgengi, en hinu fyrsta alþingi bárust 17 slíkar bænarskrár undirritaðar með 1986 nöfnum. Ein þeirra var frá Kaupmannahöfn. Hún var samhljóða tillögum Brynjólfs í Fjölni, nema þar var ekkert minnzt á alþingisstaðinn.

Jón Pétursson greinir frá samningu bænarskráa, sem átti að senda til alþingis 1845, í bréfi sem hann skrifar Brynjólfi 20ta febrúar það ár. Þar segir hann svo frá:[8] „Bænarskrár um verdslunarfrelsi munu verda her samdar af Kammerráði Jóni og eins um Alþingiskosningarlögin, skal eg reyna til að fá hann til þess að hafa þau sem líkast Fjolnisþættinum, það er og sannfæring mín, að þau væri langt best svo sem þau þar eru, nema þetta, að eg vil heldur hafa alþíngið í Reykjavík, enn þíngvelli, . . "

Það var galli á bænarskránum, að þær voru nokkuð ósamhljóða. Konungsfulltrúinn, C. E. Bardenfleth, færði sér það í nyt og mót-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mælti því, að nokkrar breytingar yrðu gerðar á skipulagi þingsins, þar sem þær væru ekki tímabærar. Samt var skipuð nefnd og Jón Sigurðsson átti sæti í henni, og hann var flutningsmaður bænarskrárinnar frá Kaupmannahöfn, sem áður er getið. Fyrsta málið, sem rætt var á hinu nýja alþingi, var, hvort það skyldi háð í heyranda hljóði. Það var séra Hannes Stephensen, sem flutti tillöguna. Bardenfleth lagðist gegn henni og var málið ekki frekar rætt á því þingi, og þinginu lauk þannig, að engar breytingar voru samþykktar um skipulag þess.

Dagana 8da til 11ta júní 1843 birtu „Berlingske Tidende" grein eftir Pál Þórðarson Melsteð, sem hét: „Bemærkninger om Sagen, angaaende en særlig raadgivende Forsamling for Island, med Hensyn til Forhandlingerne derom i den Roeskildske-Stænderforsamling". Í greininni andmælti Páll þeim breytingartillögum, sem komið höfðu fram á þinginu í Hróarskeldu, og dró í efa, að þær mundu hafa haft nokkurt fylgi á Íslandi og auk þess óhentugar, en taldi hins vegar óbeinu kosningunum flest til gildis.

Frjálslyndi Páls Melsteðs var farið að fjara út, og hann fór hálfgerðum lítilsvirðingarorðum um afskipti íslenzku stúdentanna í Kaupmannahöfn af þingmálinu á þinginu í Hróarskeldu, og það er eftirtektarvert, að hann orðar hugsanir sínar líkt og kansellíið gerði, þegar það daufheyrðist við bænarskránum, sem stúdentarnir sendu konungi, en Páll kemst svo að orði í greininni:[9] „Eg get eigi heldur gjört harðla mikið úr áliti enna 27 Íslendínga um þetta mál, og ber þrennt til þess: fyrst það, að þeir eru flestir úngir menn og óreyndir, og hafa nýlokið fyrsta eða öðru lærdómsprófi við háskólann, og hafa fyrir þær sakir eigi átt færi á, að kynna sér vel eða ýtarliga stjórnarhagi Íslands".

Það þurfti minna til, að Jón Sigurðsson færi fram á ritvöllinn á móti Páli. Hann skrifaði svargrein í „Fædrelandet", sem birtist 30sta júní og 1sta og 3ja júlí 1843. Greinin hét „Svar paa Kammerraad Melsteds „Bemærkninger" om Althingssagen". Hún er að vísu skrifuð undir dulnefninu „Islendingr", en alkunnugt, hver höfundurinn var. Greinin er allhvöss ádeila á embættismannasamkomuna og afskipti Páls, og Jón ber honum á brýn, að hann hafi ranga hugmynd um eðli og markmið þingsins.

Við þessari grein Jóns kom svo svargrein í „Berlingske Tidende" 21sta til 23ja júlí og 25ta júlí sama sumarið. Hún var skrifuð undir dulnefninu „En Ven af Island", og var Bardenfleth, fyrrverandi stiftamtmaður, höfundurinn. Hann tók upp hanzkann fyrir Pál Melsteð og embættismannasamkomuna, en deildi jafnframt á ís-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

lenzku stúdentana. Greinin hét: „Nogle Bemærkninger ved en „Islændingers" Svar paa Kammerraad Melsteds Bemærkninger om Althingssagen".

Jón svaraði þessari grein svo í „Fædrelandet" 5ta og 7da ágúst 1843 með grein, sem hét „Gjensvar paa en „Danskers" Bemærkninger om Althingssagen". Deilan snerist enn sem fyrr um frumvarp embættismannasamkomunnar og breytingartillögurnar frá þinginu í Hróarskeldu, en auk þess blönduðust skólamálin og spítalamálin inn í deilurnar. Þessar fjórar greinar, sem nú hafa verið taldar, voru gefnar út þetta sama ár af Magnúsi Eiríkssyni og öðrum Íslendingum, og hlutu þær heitið „Fjórir þættir um alþíng og önnur málefni Íslendinga".

Fjórir þættir bera þess ljósan vott, hve andstæðar fylkingarnar voru. Annars vegar voru hinir ungu menn, sem voru í erfiðri vígstöðu sakir æsku sinnar og áhrifaleysis, en hins vegar voru íslenzkir embættismenn og danskir ráðamenn hins einvalda konungs. Þess var því ekki að vænta, að hin fámenna sveit íslenzkra æskumanna í Kaupmannahöfn bæri sigur af hólmi.

Þessum hjaðningavígum vegna alþingis lauk með því, að Páll Þórðarson Melsteð gaf út bækling, sem hét „Nýar Athugasemdir vid nokkrar ritgjørdir um alþíngis-málid samdar af Páli Melsted Sýslumanni í Árnessýslu, Kammerráði og Riddara af Dannebroge". Bæklingurinn kom út 1845 og fjallaði um alla ritlingana, sem prentaðir höfðu verið á íslenzku um alþingismálið og hér hefir verið getið að framan. Í eftirmála tók hann ritgerð Brynjólfs Péturssonar í Fjölni fyrir. Þar segir hann, að hann vilji ekki lengja ritkorn þetta með því að „benda á alla þá villustigu, sem høfundurinn hefur farid",[10] og það fer ekki milli mála, að Páli hefir orðið sérlega uppsigað við ritgerð Brynjólfs, því að hann brigzlar Brynjólfi um gífuryrði, ósamkvæmar og lélegar rökfærslur, enda var Páll á öndverðri skoðun um þau atriði, sem hann drepur á.

Í formálsorðum bæklingsins segir Páll, að sumum þyki hann e. t. v. vera nógu þungorður við mótstöðumenn sína, en hann telur samt, að þeir muni finna, „ad eg hafi ei tekid ofdjúpt í árinni, þegar þeir adgjæta, hvad hardlega og þó ránglega þeir menn, sem eg hefi átt ordastad vid, hafa álasad embættismannanefndinni í Reykjavík."[11]

Með þessum bæklingi Páls Melsteðs var bundinn endi á ritdeilurnar um skipulag hins endurreista alþingis. Svo var ráð fyrir gert, að alþingi kæmi saman sem fyrst eftir að alþingistilskipunin var birt, og í því skyni setti konungur erindisbréf öllum kjörstjórum á Íslandi

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

24ða marz 1843 að láta kosningar fara fram sem fyrst. Eftir því bréfi var alþingi kvatt til setu 1sta júlí 1844. Málið dróst samt á langinn hjá kansellíinu, svo að konungur hvarf að því ráði að kveðja það saman 1sta júlí 1845 með bréfi 6ta marz 1844.

„Í FRIÐI VIÐ STJÓRNINA"

„Það sje jeg að verður mestur munurinn milli okkar Jóns Sigurðssonar í því — þó við viljum báðir sama „Resultat" — að hann vill ná því með að stríða við stjórn Dana, og þikjir nóg, ef hún fæst til að láta undan með illu eða góðu, þar sem jeg vildi vera í friði við stjórnina, enn útríma so því óþjóðlega úr þjóðinni, að stjórnin irði og hliti af sjálfu sjer að snúa sjer eptir henni."[1] Þessi orð eru í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði 16da maí 1843. Hann var þá nýgenginn í þjónustu stjórnarinnar og vissi, að ekki þýðir að deila við dómarann.

Í upphafi var Brynjólfur einungis sjálfboðaliði í rentukammerinu. Á þeim árum beitti Kristján konungur VIII sér fyrir endurbótum á fjárstjórn ríkisins, en af því leiddi, að vitneskja var fyrir hendi um fjármál Íslands og hvernig þeir reikningar stóðu miðað við ríkisheildina, og það fékk Íslendingum margt að hugsa.

Áttundi árgangur Fjölnis 1845 hófst á grein, sem heitir: „Áætlun um tekjur og gjöld hins íslenzka jarðabókarsjóðs, árið 1845." Brynjólfur bar allan veg og vanda af þessari grein. Hann íslenzkaði reikningana og athugasemdirnar við þá og skrifaði inngang og eftirmála frá eigin brjósti.

Greinin hófst með þessum orðum:[2] „Fyrir ekki all-mörgum árum var það álit flestra manna á Íslandi, og verið getur svo sje víða enn, að allt það fje, sem varið er af stjórninni til þarfa landsins eða einstakra manna, sje lagt Íslendingum af hinni dönsku stjórn sjálfri, eða jafnvel af hinni dönsku þjóð, eins og hreppsómögum er lagt af fjármunum sveitarinnar."

Markmið þessarar greinar var að sýna Íslendingum, að þeir væru enginn bónbjargalýður og sú skoðun hefði ekki við rök að styðjast, að landinu hafi verið lagðar 20 til 30 þúsundir ríkisdala á ári hverju, en svo hafði Grími amtmanni verið sagt í rentukammerinu, að því er greinir í Fréttunum frá fulltrúaþinginu í Hróarskeldu 1840. Að vísu kom reikningurinn þannig út, að gjöldin urðu rúmum 8100 dölum hærri en tekjurnar, en athugasemdirnar leiddu í ljós,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

að í rauninni urðu það ekki nema 601 ríkisdalur og 9 skildingar, sem ríkissjóðurinn þurfti að leggja til Íslands, og sitthvað mátti enn tína til og jafna hallann. Síðan segir Brynjólfur:[3] „En þá er samt ekki öllu enn á botninn hvolft, heldur er eitt eptir, og þegar það er tekið í reikninginn og rjett metið, þá fær reikningurinn annan blæ, og Ísland fer heldur að verða ofan á í skuldaskiptunum. Það er verzlunarokið, sem ótalið er. Það er sjálfsagt, það er ekki hægt að meta það rjettilega. Það er líka auðvitað, að svo er um það, sem hvað annað, sem rangt er og óskynsamlegt; það er ekki Danmörku til jafnmikils hagnaðar og það er Íslandi til skaða". Í áframhaldi af þessu segir Brynjólfur, að öll vara, sem flutt sé frá Íslandi til Danmerkur, sé nálægt 1,000,000 ríkisdala virði,og þá megi gera ráð fyrir, að ef hún væri seld öðrum þjóðum, þá mundi verðið verða einum tíunda hærra, eða með öðrum orðum þá tapi Ísland 100,000 ríkisdölum á ári á verzluninni auk annars óhagnaðar.

Í framhaldi af þessu kemur hann svo að því, hvað Ísland eigi að greiða til hinna sameiginlegu mála ríkisins og segir þá:[4] „Vjer getum t. a. m. ekki skilið, að oss beri, Íslendingum, að taka þátt í útlátum þeim, sem varið er til herliðsins, eða til að greiða með leigur af ríkisskuldunum. Hins vegar þætti oss rjett, að vjer tækjum þátt í gjöldum þeim, sem ganga til hæstarjettar og þeirra stjórnarráðanna, sem hafa afskipti af landstjórn á Íslandi, og einkum bæri oss að leggja fje fram á konungsborð, eptir tiltölu. En hjer er aptur allt undir því komið, að menn kunni að meta, hvað rjett sje eptir tiltölu; því í því efni eru margar greinir, sem vel og vandlega þyrfti að íhuga".

Það er dálítið gaman að bera saman tillögur hans um hin sameiginlegu mál í frumvarpinu til þjóðfundarins við það, sem hér er frá greint, og síðar verður vikið að. Hér er hann andvígur því að taka þátt í afborgunum af ríkisskuldunum, en þær voru meðal hinna sameiginlegu mála í frumvarpinu, og hitt er ekki síður athyglisvert, að um þetta leyti er hann farinn að velta því fyrir sér, hver hin sameiginlegu mál ættu að vera.

Það leið ekki á löngu, unz Brynjólfur fékk fjármál ríkisins til frekari meðferðar, því að í bréfi til Jóns bróður síns 28da september 1845 segir hann:[5] „Jeg má nú bæði til að búa til Regnskab og Budget fyrir rentukammerið, því Justitsraad Larsen, sem það starf hafði á hendi, er ekki orðinn frískur aptur eptir fall sitt í fyrra, og hvílir það þungt á mjer í þessari tíð að semja þetta hvorttveggja".

Í öðrum árgangi Nýrra félagsrita birtist ritgerðarkorn, sem hét „Um fjárhag Íslands", og var það fyrsta greinin af mörgum um það

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

efni, sem birtust í Nýjum félagsritum. Hins vegar var þetta í eina skiptið, sem Fjölnir fjallaði um þetta mál.

Áttunda dag aprílmánaðar 1844 sendi konungur rentukammerinu og kansellíinu bréf þess efnis, að sérhver, sem vill fá embætti á Íslandi, skuli hafa numið svo mikið í íslenzku, að hann skilji málið að minnsta kosti og geti komið fyrir sig orði við landsmenn, og þess vegna skuli þeir, sem beiðast embætta á Íslandi, vera skyldir til að bera fram áreiðanlega vitnisburði um kunnáttu sína á málinu.

Þetta konungsbréf var mikill áfangi að gera íslenzkuna að máli allra íslenzkra embættismanna, enda héldu „íslenzkir bókmenntamenn" í Kaupmannahöfn fund og sömdu þakklætisbréf og færðu konungi. Þetta bréf er prentað bæði í Fjölni og Nýjum félagsritum 1844. Í bréfinu segir til að mynda:[6] „Guðleg forsjá hefur kjörið Yðar Hátign til að ráða úr miklu vandamáli: að vernda ólík þjóðerni, sljetta ójöfnur þær, sem upp eru komnar, og vísa hverri þjóð til sætis í rjettu rúmi. Enginn hefði verið betur kjörinn til slíks vanda. Djúpsæi Hátignar Yðar hefur glögglega skilið þau hin miklu sannindi: að það er ekki efni til skilnaðar, heldur miklu fremur til sambands, og að það veikir ekki, heldur treystir og festir vináttu millum þjóða, eins og milli einstakra manna, ef hverjir kannast við upphafleg rjettindi annara, og láta það á sannast í orði og verki."

Þetta bréf var dagsett 16da apríl 1844, og konungi var fært það af þar til kjörinni sendinefnd, sem þeir Finnur Magnússon, Pétur Pétursson og Jón Hjaltalín skipuðu.

Eftir þetta tók danskan að hopa sem embættismál. Í Reykjavík var hún svo föst í sessi, að jafnvel kennslan í barnaskólanum fór fram á dönsku, en upp úr þessu hófst undanhaldið, og Stefán Gunnlaugsson land- og bæjarfógeti gerði sitt til að velta dönskunni úr hásætinu árið 1848, en hann hafði áður viljað nota hana við réttarhöld, enda þótt Íslendingar ættu í hlut.[7] Rosenørn stiftamtmaður var Íslendingum vilhallur „í tilliti til íslenzka málsins", og Trampe stiftamtmaður innleiddi þegar þann nýja sið að skrifa öll embættisbréf sín á íslenzku, og Bókmenntafélagið valdi hann heiðursfélaga sinn í virðingar- og viðurkenningarskyni á fyrsta dvalarári hans hér á landi.[8] Konungsfulltrúi var jafnan íslenzkur eða mæltur á íslenzka tungu, og bréfagerðir íslenzkra embættismanna urðu æ meira á íslenzku máli. Í þessu var fólgin viðurkenning á þjóðerni Íslendinga og vegleik tungu þeirra, og að sjálfsögðu var þetta mikil þjóðernisleg hvatning, sem átti eftir að bera sína ávexti.

Fram að þessu var að jafnaði strjálingur af dönskum embættismönnum á Íslandi. Stiftamtmaðurinn var löngum danskur og auk

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hans nokkrir læknar og sýslumenn. Þessir menn reyndust misjafnlega, og bar ýmislegt til. Fæstir þeirra kunnu nokkuð í íslenzku, en af því leiddi, að danskan hlaut að verða embættismannamál að meira eða minna leyti.

Þegar Brynjólfur fór að svipast um eftir sýslumannsembætti að prófi loknu, fékk hann að reyna það, að danskir menn voru teknir fram yfir íslenzka lögfræðinga. Eftir að hann fór að hafa nokkur áhrif í herbúðum dönsku stjórnarinnar, reyndi hann að bægja dönskum mönnum frá embættum á Íslandi, ef þess var einhver kostur. Eftir að hann var orðinn yfirmaður íslenzku stjórnardeildarinnar, gat hann ráðið miklu um þetta, en sá var hængurinn á, að íslenzkir kandidatar voru ekki alltaf fyrir hendi, til að mynda vorið 1849, en þá voru 6 sýslur lausar, „og ekki einn einasti íslenzkur Candidat í allar þessar sýslur, já, ekki einusinni von um, að nokkur muni koma bráðum, til að fylla í skarðið. En jeg vil fyrir hvern mun ekki setja upp til Íslands danska menn, sem ekkert þekkja til. Það er sú mesta eyðilegging, og á jeg nú bágt með að sameina þetta", segir Brynjólfur í bréfi til Jóns bróður síns 14da marz 1849.[9] Þetta var leyst á þann veg, segir Brynjólfur í bréfi til Jóns 24ða maí sama ár:[10] „Við höfðum engan íslenzkan candidat til að setja í sýslurnar, og til þess að þurfa ekki að gefa þær ónýtum dönskum mönnum, höfum við constituerað þessa. Í Snæfellsness sýslu Pál Pálsson Melsteð í 3 ár; í Ísafjarðarsýslu Magnús Gíslason í 3 ár; í Strandasýslu Vigfús Thorarensen í 2 ár, og síðar í Skaptafells sýslu Jón Guðmundsson í 3 ár." Svipað varð uppi á teningnum við sýsluveitingarnar vorið 1850, að Íslendingar fengu allar þær sýslur, sem lausar voru. Einn þeirra var Jón Thoroddsen, sem var settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu, enda hafði hann ekki lokið prófi.

Á síðari hluta 18du aldar vaknaði áhugi á ýmsum endurbótum og nýjungum í búnaði meðal Íslendinga. Stefán amtmaður Þórarinsson var mikill áhugamaður um ræktun matjurta, og gætti áhrifa frá honum vítt um Norðurland. Áður er getið um garðyrkju séra Péturs prófasts á Víðivöllum, og áhugi á öllu, sem að búnaði laut, fylgdi afkomendum hans. Brynjólfur sonur hans fór ekki varhluta af því, og í bréfum sínum víkur hann aftur og aftur að túnaræktun og áveitum og öðrum jarðabótum og ætlaði sér ekki að láta sitja við orðin tóm, ef hann yrði sýslumaður heima á Íslandi. Það átti ekki fyrir honum að liggja, en síðustu æviárin átti hann þess kost að greiða götu ungra manna, sem komu til Danmerkur að kynna sér landbúnað. Einn þeirra var Guðmundur Ólafsson frá Hvammkoti.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Hann kom til Danmerkur 1847 og lærði garðyrkju, en ferðaðist einnig til Svíþjóðar.[11]

Föðurbróðir Guðmundar var Guðbrandur Stefánsson. Hann var þjóðhagasmiður og hugvitsmaður. Skömmu áður en Guðmundur kom til Danmerkur hafði Guðbrandur fundið upp verkfæri til að slétta með tún, sem hann kallaði sléttunarjárn. Af bréfum Guðbrands til Brynjólfs er ljóst, að hann hefir leitað á náðir konungs um fjárstyrk, en ekki fengið, og Brynjólfur hefir reynt að leggja honum það lið, sem hann mátti. „. . . . nærst Guði er það Yður að þacka að nockuð varð ágeingt með sljettunarjárna tilbúningin og er eg nú af reinslu nockra Greindra Manna, orðin sanfærður umm að þau verða með tímanumm að miklumm notumm; einstaka Menn eru komnir uppá að brúka þau til allra eð[u]r fleirstra Torfverka sem þeir aður brúkuðu Pálinn, og þikir þeim miklu skipta bæði með hægd og verkaflítir. — Að sljetta eptir þau sjeu betri og varannlegri viðurkjenna allir þeir sem reint hafa hvörutveggja", skrifaði Guðbrandur Brynjólfi 26ta ágúst 1849.[12]

Af bréfum Guðbrands verður ekki ráðið, með hverjum hætti Brynjólfur hjálpaði honum. Í bréfi til Brynjólfs 5ta september 1850 talar Guðbrandur um að sækja um „eptirgjöf á skuldinni" og talar um að stíla bænarskrá til konungs, og af bréfum hans er að ráða, að sléttunarjárnin hafi verið smíðuð úti í Danmörku og hann hafi séð um dreifingu og sölu hér heima.[13]

Jón Espólín Hákonarson kom sama árið og Guðmundur Ólafsson til Danmerkur til að nema jarðabætur. Hann ferðaðist um Danmörku og til Þrándheims í sambandi við nám sitt. Brynjólfur batt miklar vonir við hann, en Jón varð skammlífur, svo að honum auðnaðist einungis að segja til lærisveinum í búfræði heima á Frostastöðum veturinn 1851–1852. Af vasabókum Brynjólfs má sjá, að hann hefir verið fjárhaldsmaður þeirra Guðmundar og Jóns og greitt götu þeirra á allan hátt.

Þegar Brynjólfur samdi frumvarpið til þjóðfundarins veturinn 1849–1850, gætti hann þess vel, að ríkisþingið gæti hvorki lagt beina né óbeina skatta á Íslendinga. Persónuleg reynsla hans hafði kennt honum, að þessa gat verið full þörf. Þannig var mál með vexti, að 5ta júní 1848 var lögboðinn styrjaldarskattur í Danmörku með konungsbréfi. Þegar ljóst var, að styrjöldin mundi hefjast að nýju á útmánuðum 1849, skrifaði fjármálaráðherrann, Sponneck greifi, íslenzku stjórnardeildinni og bað um tillögur þess efnis, hvernig styrjaldarskattur yrði lagður á Ísland, Færeyjar og Grænland, og

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

tók fram þrjú atriði til leiðbeiningar, að skatturinn yrði greiddur af öllum landslýð (samtlige Beboere), eftir því sem hægt væri, og farið yrði eftir konungsbréfinu frá 5ta júní 1848 eins og ástæður leyfðu. Í þriðja lagi átti að taka tillit til hlutfallsins milli íbúafjöldans og skattgreiðslunnar í Danmörku til viðmiðunar. Þetta bréf var dagsett 24ða febrúar 1849.[14*]

Tillögurnar, sem fjármálaráðherrann bað um, eru varðveittar í uppkasti með hendi Brynjólfs Péturssonar og í ódagsettu og óundirrituðu skjali, sem ber yfirskriftina „Til Herr Finantsminister, Kammerherre Grev Sponeck". Af uppkasti Brynjólfs má ráða, að hann hafi samið það í marz 1849.

Í tillögum sínum benti Brynjólfur á, að ekki væri hægt að leggja þennan skatt á almenning, eins og ráðherrann virtist gera ráð fyrir. Þannig væri ekki hægt að leggja skatt á Grænlendinga með öðrum ráðum en þeim að hækka taxtann á innfluttum vörum eða lækka verðið á framleiðsluvörum þeirra, og það yrði nær óframkvæmanlegt að fara eftir ákvæðum hins opna bréfs frá 5ta júní 1848. Hér verður ekki gerð frekari grein fyrir þeim röksemdum, sem hann taldi fram, en í lokin kom hann með þær tillögur, að á Grænlandi yrði skatturinn einungis lagður á embættismenn og verzlunarþjóna, en í Færeyjum kæmi hann fram sem verðhækkun á áfengi, kaffi, sykri, tóbaki og fleira, sem næmi ákveðinni upphæð.

Með tilliti til Íslands lagði hann til, að frumvarp um styrjaldarskattinn yrði lagt fyrir alþingi 1849.[15*]

Það er þess virði að veita því athygli, að Brynjólfur vildi láta alþingi taka allar ákvarðanir um þennan skatt, og í framhaldi af því benti hann á, að í sumum greinum væri ekki hægt að láta það sama gilda í Danmörku og á Íslandi í þessari skattheimtu. Að síðustu minnti hann á, að góðæri hefði verið í Danmörku síðustu árin, en í Færeyjum og á Íslandi hefði kornverð stigið til muna og valdið dýrtíð. Auk þess hefði síðastliðið sumar verið eitt hið versta á Íslandi, svo að búpeningi hefði verið fækkað, og af því leiddi, að bændur væru mjög varbúnir að mæta nýjum álögum.

Í raun og veru voru þessar tillögur ekkert annað en kurteisleg synjun, enda varð sú raunin á, því að 7da maí 1849 var þessi styrjaldarskattur til umræðu í ríkisráðinu, og þar varð niðurstaðan, að

[14*] Dagsetningin sést af skjalinu með tillögunum, sem varðveitt er í Þskjs. Íslands í skjalaböggli merktum „Forfatningssagen".

[15*] For *Islands* Vedkommende at der forelægges det til 1ste Juli d. A. sammentrædende Althing Udkast til en Lov om Paabydelse af en Krigsskat, udarbeidet i Overeensstemmelse med Grundsætningerne i Fr 5. Juni f. A."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Vestur-Indíur, Ísland, Færeyjar og Gineuströnd skyldu ekki krafin um styrjaldarskatt.[16*]

Þann 12ta maí 1849 skrifaði fjármálaráðuneytið innanríkisráðuneytinu um úrslit þessa máls í ríkisráðinu, en bætti því við, að sjálfsagt hefði þótt, að íslenzkir, færeyskir og grænlenzkir embættismenn, sem hefðu aðsetur í Danmörku og fengju laun sín greidd þar í landi, skyldu vera seldir undir sömu sök og aðrir danskir embættismenn.[17] Þar með var Brynjólfur kominn undir það ok, sem hann hafði frelsað landa sína og Færeyinga og Grænlendinga undan.

Eitt af því, sem Brynjólfur hafði hug á að koma á fót, var útgáfa eins konar stjórnartíðinda fyrir Ísland. Hann drepur á þessa hugmynd í bréfi til Péturs bróður síns 27da september 1849 með þessum orðum:[18] „Við Oddgeir ætluðum hjer líka að gefa út blað, eins og jeg trúi jeg hafi skrifað Þjer áður, og vildum láta stjórnina halda okkur skaðlausa fyrir svo sem 100 dölum, ef blaðið gæti ekki borið sig sjálft. Það vildi Sponech ekki leyfa, . . .“ Jón Sigurðsson hefir vitað um þessa hugmynd og greinir nánar frá henni í Nýjum félagsritum 1850 með þessum orðum:[19] „Vér höfum verið að vona, að landar vorir þeir, sem nú hafa fengið hlutdeild í stjórn Íslands, mundu takast á hendur að skýra þjóð vorri frá helztu stjórnarathöfnum, og jafnvel kannske um álit stjórnarinnar á ymsum aðalatriðum í málefnum Íslands, og láta það koma fram í riti á voru máli, svo vér þyrftum ekki lengur að leita að mögrum og léttvægum skýrslum um þessi efni í dönskum stjórnartíðindum. Vér þurfum ekki að benda þeim til, hversu áríðanda væri að fá greinilegar skýrslur um allan hag landsins á hverju ári (fólkstölu — fædda og dauða o. s. frv. — búskapar ástand — verzlun — fjárhag — alþjóðlegar stofnanir — störf stjórnarinnar og fyrirætlanir í landsins þarfir, bæði í lögum og stjórnar-athöfn) auk annars þess, sem enginn getur betur frædt menn um en þeir, sem í stjórninni eru. Vér vitum með vissu, að þeim er sjálfum eins umhugað eins og oss, að slíkar skýrslur gæti komið á prent á hverju ári, en vér væntum þess, að þeir láti ekki neitt smávegis aptra sér frá að koma því fram, og þó það væri satt, sem flogið hefir, að hinn danski fjárvörður hafi ekki viljað styrkja svo mikið að því fyritæki, að hann hafi viljað ábyrgjast 100 dala tillag til prentkostnaðar, ef ritið bæri hann ekki sjálft — en ritlaunin skyldi engin vera — þá er reyndar auðsætt þar af, á hverju maður mundi eiga von

[16*] „Efterat dernæst *Finantsministeren* [Sponneck] til Statsraadets Overveielse havde henstillet, hvorvidt der var at opkræve Krigsskat i Vestindien, paa Island, Færøerne og Kysten Guinea og udhævet, . . . vedtog Statsraadet, at der i de nævnte Colonier og nordlige Bilande ingen Krigsskat blev at opkræve.“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

til hinna stærri fyritækja í Íslands þarfir, þegar landið væri orðið „svo sem einn limur á líkama Danaríkis", en hitt ætti líka að sýna sig, og það gæti Íslendingar sýnt, að landið þyrfti ekki liðveizlu heils kóngsríkis til að geta náð prentuðum skýrslum um sjálfs síns hagi frá stjórn síns sjálfs, enda væri það varla trúlegt, að ekki fengizt nógir áskrifendur til slíks rits ef boðsbréf gengi". Þetta boðsbréf var þó ekki samið, en Brynjólfur lét sér detta í hug að láta prenta í Lanztíðindum, „hvað merkilegt gjörst hefur í stjórn Íslands, sjeð frá þeirri hlið, sem stjórnin hefur sjeð það, statistiske Optegnelser, og þesskonar."[20] Af þessu varð þó ekkert, svo sem kunnugt er.

Engin vitneskja er fyrir hendi um það, hvort Brynjólfur hefir haft hönd í bagga við fjárlagasamningu danska ríkisins, nema í þetta eina skipti, sem getið er um hér að framan. Hins vegar sést í dagbók hans, að hann hefir verið með í ráðum við samningu fjárlagafrumvarpsins, sem átti að leggja fyrir fyrsta ríkisþingið 1850. Þannig skrifar hann við 23ja nóvember 1849:[21] „Referat hjá Rosenørn Jeg var hjá honum allt kvoldið að tala um Íslands Budget", og næstu daga segist hann vera að vinna að því sama, svo að allar líkur benda til, að hann hafi þar nokkru ráðið.

Að síðustu má nefna það, að Grímur Thomsen kemst svo að orði í eftirmælum sínum um Pétur biskup Pétursson, að hann hafi einna fyrstur „vakið máls á því við stjórnina, að koma hjer upp innlendum prestaskóla, en bróður hans Brynjólfi, sem þá rjeði miklu í hinni íslenzku skrifstofu dómsmálastjórnarinnar — hin íslenzka stjórnardeild var þá eigi stofnuð — var það sjer í lagi að þakka, að málið komst í kring".[22]

Um þátt Brynjólfs í þessu máli er ekki frekar vitað, en ekki er ástæða til að ætla annað en Grími hafi verið fullkunnugt um þetta mál og ástæðulaust sé að draga í efa, að rétt sé frá greint.

LOK EINVELDISINS Í DANMÖRKU OG STOFNUN ÍSLENZKU STJÓRNARDEILDARINNAR

Í upphafi konungdóms síns hafði Kristján konungur VIII í hyggju að endurbæta skipulag kansellíanna á svipaðan hátt og gert var við stjórnarskrifstofur fjármálanna, en þær breytingar voru erfiðari viðfangs. Í kansellíunum voru mál hertogadæmanna og Danmerkur aðskilin. Konungur og ráðgjafar hans í Þýzka kansellíinu vildu gera þær breytingar að koma á fót dóms-, innanríkis- og menntamála-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ráðuneyti, en það hefði haft í för með sér sameiginlega afgreiðslu á málum Danmerkur og hertogadæmanna, því að ekki þótti fært að setja tvö sams konar ráðuneyti á laggirnar, fyrir Danmörku annars vegar en hertogadæmin hins vegar. Æðstu menn danska kansellísins voru lítið hlynntir þessum breytingum, og vaxandi viðsjár milli hertogadæmanna og Danmerkur ollu því, að konungur sá þann kost vænstan að láta allt kyrrt liggja.

Kristján VIII hafði falið P. G. Bang að semja greinargerð um stjórnarskrármál danska ríkisins 14da desember 1847. Konungi entist ekki aldur til að ræða hana við ríkisráðið (statsraadet), því að hann var lagztur á banabeð daginn, sem greinargerðin átti að vera til umræðu. Á banasænginni skrifaði konungur Friðriki syni sínum bréf og lagði honum ýmis góð ráð í einkalífi og ríkisstjórn, til að mynda „at tilsige det danske folk og hertugdømmerne en fælles konstitutionel forfatning".[1]

Kristján konungur VIII andaðist 20sta janúar 1848. Síðasta árið var hann kominn á þá skoðun, að hann yrði að verða við óskum manna um nýja stjórnarskrá. Hinn nýi konungur, Friðrik VII, hélt áfram undirbúningnum að hinni nýju stjórnarskrá, sem faðir hans hafði látið byrja á. Þann 28da janúar 1848 voru meginatriðin birt, en þau féllu í grýttan jarðveg bæði meðal frjálslyndari Dana og í hertogadæmunum. Höfuðatriðin voru þau, að Danmörk og hertogadæmin skyldu heyja sameiginlegt þing með jafnmörgum fulltrúum og þingið skyldi hafa ákvörðunarrétt í löggjöf, skattamálum og fjármálum. Það eitt var tekið fram um Ísland, að það skyldi hafa alþingi eins og áður.

Um svipað leyti kom út bæklingur eftir þá J. F. Schouw grasafræðing og H. N. Clausen prófessor í guðfræði. Þessi bæklingur hét „Ved tronskiftet 1848". Þar var lögð áherzla á, að stjórnarskráin, sem óskað var eftir 1839, væri nú orðin nauðsyn, og hún átti að vera fyrir Danmörku og Slésvík „en frie Forfatning, med Skattebevillingsret, Andeel i den Lovgivende Myndighed, og ansvarlige Ministre".[2] Hins vegar áttu Holsetaland og Lauenburg að hafa sitt eigið þing, löggjöf, fjármál og hermál. Ísland var þar tæpast nefnt á nafn.

Hinn nýi konungur uggði um sinn hag, þegar hann tók við völdum. Þjóðin bar takmarkað traust til hans, svo að hann var á báðum áttum, hvað gera skyldi. Stjórnmálaskoðanir konungs voru töluvert mótaðar af æskuvini hans C. E. Bardenfleth, fyrrverandi stiftamtmanni á Íslandi, ekki sízt í stjórnarskrármálinu, en þar vildi Bardenfleth breytingar í frjálslyndari átt, og eitt af því fyrsta, sem kon-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ungur gjörði, var að senda boð eftir Bardenfleth og gera hann að „Geheime Statsminister".[3] Hann var sá eini í ríkisráðinu, sem var sammála Þjóðernisflokknum um nauðsyn nýrrar stjórnarskrár.

Suður í Evrópu gerðust veður öll válynd. Febrúarbyltingin 1848 hófst með því, að borgarakonunginum í Frakklandi var steypt af stóli. Kjörorð byltingarinnar var frelsi, jafnrétti og bræðralag. Óánægja öreiganna í Frakklandi var kveikjan að uppreisninni, og hin róttæka borgarastétt sigraði með aðstoð öreiganna. Áhrif byltingarinnar bárust eins og logi yfir akur um meginland Vestur-Evrópu, en þar skipuðu hinar sósíalistísku hugsjónir ekki öndvegið eins og í Frakklandi. Í löndunum frá Rín til landamæra Rússaveldis var kjörorðið frelsi og föðurland, þjóðernisvitundin var í öndvegi. Í Þýzkalandi riðuðu þjóðhöfðingjarnir til falls. Ráðherrarnir hrukku úr stólum sínum, og öflug hreyfing kom upp, sem vildi skapa nýtt þýzkt ríki með frjálslegri stjórnarskrá fyrstu dagana í marz.

Þessi hreyfing gaf þjóðernis- og sjálfstæðiskröfum Holseta byr undir vængi, svo að nú var skammt að bíða mikilla atburða. Fregnin um febrúarbyltinguna var vikuna að berast til Kaupmannahafnar og í kjölfar hennar komu fregnir af því, sem gerðist í Þýzkalandi og barst eins og eldur í sinu til hertogadæmanna. Hinn 18da marz var haldinn fundur í Rendsborg og þar var ákveðið að senda nefnd til Kaupmannahafnar á fund Friðriks konungs VII til að krefjast sameiginlegrar stjórnarskrár fyrir Slésvík og Holsetaland og upptöku Slésvíkur í þýzka sambandið. Þessi sendinefnd hélt til Kaupmannahafnar 21sta marz. Hún var skipuð mönnum, sem vildu komast eins langt að skilja hertogadæmin frá Danmörku og frekast var unnt.

Í Kaupmannahöfn dró einnig bliku á loft um þessar mundir. Orla Lehmann hafði verið erlendis, þegar konungaskiptin urðu. Hann skildi, að nú var stundin runnin upp, og hraðaði sér heim. Þegar heim kom, gerðist hann lífið og sálin í samtökum hinna frjálslyndu afla í Danmörku. Eins konar nefnd var skipuð, og verksvið hennar var að sameina Danmörku og Slésvík á grundvelli þingstjórnar. Að tilhlutan hennar var haldin samkoma í Casinoleikhúsinu í Kaupmannahöfn 11ta marz, þar sem Lehmann og H. N. Clausen ræddu samband Slésvíkur og Danmerkur, grundvallað á frjálslegri stjórnarskrá. Kvöldið eftir var fundur í Hippodromen í Nørregade, þar sem félagssamtök iðnaðarmanna komu saman, og þar hljómaði krafan um jafnrétti og bræðralag og almennan kosningarétt, og einn ræðumanna neri Þjóðernisflokknum því um nasir, að hann hefði brugðizt í þeim efnum.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Fregnirnar af þessum fundum í Kaupmannahöfn höfðu borizt til Kílar, áður en Rendsborgarfundurinn var haldinn, og þær drógu ekki úr ókyrrðinni í hertogadæmunum, og þegar fréttin um Rendsborgarfundinn barst til Kaupmannahafnar 20sta marz, var boðað til fundar í Casino á ný. Þetta kvöld voru fundir á þremur stöðum í Kaupmannahöfn. Auk fundarins í Casino voru stúdentarnir á sérstökum fundi, og iðnaðarmennirnir komu aftur saman í Hippodromen. Fundarefnið í Casino var hið sama og áður, og auk þess var konungur beðinn að láta stjórnina fara frá völdum.

Forráðamönnum Danmerkur var orðið órótt innanbrjósts. Bardenfleth var mikils ráðandi í ríkisráðinu, þar sem konungur hlítti hans ráðum. Hann var að nokkru leyti hlynntur Egðustefnunni. Hins vegar átti stefnuskrá janúarbréfsins (Forfatningsreskriptet af 28. Januar) dvínandi fylgi að fagna.

Þegar konungi bárust fregnirnar af síðari Casinofundinum, tjáði hann ráðherrunum, að stefnubreyting væri nauðsynleg, og hún yrði að vera í samræmi við vilja þjóðarinnar. Þar með sögðu ráðherrarnir af sér.

Myndun nýrrar stjórnar var ekki auðsótt verk. Bardenfleth hafði ekki hugsað sér að fá þjóðfrelsismönnum völdin í hendur, heldur vildi hann koma á fót stjórn, sem hefði alríkisstefnuna að leiðarljósi. Samt ætlaði hann sér að draga tennurnar úr Þjóðfrelsisflokknum með því að hafa fulltrúa frá þeim í stjórninni, en sú leið reyndist ekki fær. Það var A. W. Moltke greifi af Bergentved, sem leysti hnútinn. Hann myndaði að síðustu stjórn á nokkrum klukkutímum með stuðningi Þjóðfrelsisflokksins, og þegar Lehmann spurði hann, hver stefnuskrá hinnar nýju stjórnar yrði, svaraði hann: stefnuskrá Casinofundarins.

Með myndun marzráðuneytisins var einveldið í Danmörku endanlega úr sögunni. Hin nýja ríkisstjórn tók til starfa 24ða marz. Hún var af tvennum toga spunnin. Úr röðum þjóðfrelsismanna voru ráðherrarnir Lehmann, Hvidt og Monrad, og Tscherning var gamall skoðanabróðir þeirra. Moltke, Bardenfleth, Knuth og Bluhme voru hins vegar menn hins gamla tíma, en sá sem gaf þessari ósamkynja og sundurleitu stjórn kjölfestu og samstöðu, var forsætisráðherrann Moltke. Honum tókst að brúa bilið milli hinna andstæðu skoðana innan stjórnarinnar og koma þjóðinni yfir þessi erfiðu tímamót.

Eitt fyrsta verk hinnar nýju stjórnar var að svara sendinefndinni frá hertogadæmunum. Það kom í hlut Lehmanns að semja svarið, sem var þess efnis, að Slésvík og Danmörk skyldu vera áfram í

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

órjúfandi sambandi, en Holsetaland skyldi fá nýja stjórnarskrá sem sjálfstætt þýzkt sambandsríki. Með þessu svari hafði danska stjórnin sagt sitt síðasta orð, en þetta svar réð samt ekki úrslitum, því að áður en sendinefndin komst aftur til Kílar, hafði þar verið mynduð bráðabirgðastjórn, og vopnuð uppreisn hafin, án þess að beðið væri eftir svari frá dönsku stjórninni.

Hin fyrsta hríð Slésvíkurstyrjaldarinnar var hafin, og hún átti eftir að draga langan slóða, til að mynda hafði hún mikil áhrif á málefni Íslands bæði beint og óbeint. Meðal fyrirliða uppreisnarinnar voru þeir Kristján hertogi af Augustenborg og Friðrik bróðir hans, og Friðrik átti sæti í bráðabirgðastjórninni í Kíl, sem mynduð var 24ða marz. Danir sigruðu her uppreisnarmanna í fyrstu lotu, en í aprílbyrjun komu Prússar til hjálpar, og þá snerist gangur styrjaldarinnar við.

Þessir atburðir höfðu mikil áhrif á Íslendinga í Kaupmannahöfn. Benedikt Gröndal segir til að mynda þannig frá:[4] „Stríðið við Þjóðverja stóð yfir um þetta leyti og truflaði marga, fjöldi stúdenta komst á ringulreið og þar á meðal vér Íslendingar, því lífið í Kaupmannahöfn gekk ekki í öðru en söngvum á götunum, mannfundum og húrrahrópum fyrir stjórnarbreytingunni, konunginum og ráðgjöfunum, og þó að við ekki tækjum neinn verulegan þátt í þessu, þá öskruðum við með hinum í fjörinu; þannig var ég einu sinni á leiðinni til að eta, en mætti mannfjölda, mörgum hundruðum, sem troðfyllti götuna, og Gísli Magnússon í broddi fylkingar; var allur þessi her á leiðinni til þess að orga húrra fyrir Hvidt etazráði, sem þá hafði alþýðuhylli; ég varð að snúa við og fara með."

Viðsjárnar og uppreisnin í hertogadæmunum fengu Brynjólfi erfitt verkefni í hendur. Eitt af því, sem uppreisnarmennirnir í hertogadæmunum fundu því til foráttu að vera í sambandi við Danmörku, var, að hertogadæmin væru beitt órétti í niðurjöfnun á skattabyrðum ríkisins.

Í handritadeild Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn er varðveitt uppkast að svari við þessum ákærum, sem marzráðuneytið hefur falið Brynjólfi að semja.[5] Um örlög þess er ekkert vitað að öðru leyti, en sennilegt má telja, að það hafi aldrei komizt til réttra aðila vegna styrjaldarinnar. Af uppkastinu er helzt að sjá, að það hafi verið samið um það leyti, sem styrjöldin hófst. Og það sýnir svart á hvítu, hvílíkt traust marzráðuneytið bar til Brynjólfs, að það skyldi fela honum á hendur svo vandasamt verk.

Sú skoðun hafði verið ríkjandi í hertogadæmunum, að þau biðu fjárhagslegt tjón af sambandinu við Danmörku. Á þeim árum, þegar

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fjárhagur danska ríkisins var í sem mestu öngþveiti eftir Napóleonsstyrjaldirnar, var þetta rétt, en Brynjólfur færði rök fyrir því, að síðasta áratuginn hefðu málin snúizt við. Þrátt fyrir þessa þróun gerðist það á stéttaþinginu fyrir Slésvík 1844, að þingið óskaði eftir, að fjárhagur Danmerkur og hertogadæmanna yrði aðskilinn. Þessu fylgdi beiðni til konungs að láta rannsaka þetta mál og leggja niðurstöður rannsóknarinnar fyrir næstu stéttaþing, en þessar rannsóknir leiddu í ljós, að hertogadæmin höfðu alls ekki borið skarðan hlut frá borði, heldur hið gagnstæða, svo að þar með hefðu þessi kærumál verið kveðin niður til fullnustu, ef allt hefði verið með felldu.

Kæruatriðin voru í þremur liðum. Þar var til að mynda sagt, að hertogadæmin greiddu hærri skatta en Danmörk, þegar allt væri talið, og tiltölulega lítill hluti af tekjum ríkisins kæmi í hlut hertogadæmanna.

Brynjólfur hrakti þessi atriði lið fyrir lið í greinargerðinni, svo að marzráðuneytið hefir mátt vel við una, ef það hefir þá nokkurn tíma borið hana fyrir sig. Þegar þessu sleppir, er ekki vitað til, að Brynjólfur hafi verið kvaddur til að fjalla um deilumál hertogadæmanna og Danmerkur.

Á meðan brimgnýr byltingarinnar færðist nær og nær sat Jón Sigurðsson og skrifaði Hugvekju til Íslendinga í Ný félagsrit. Hún er að meginhluta skrifuð á tímabilinu frá því Kristján konungur VIII andaðist og fram til þess, að marzráðuneytið var myndað. Vorskipin fluttu hana heim til Íslands. Þessi ritgerð er einstæð í sögu sjálfstæðisbaráttunnar, því að Jóni Sigurðssyni var ljóst, að hér gafst hið gullna tækifæri til að freista að fá stjórnina á ný inn í landið, og Hugvekja til Íslendinga varð að eins konar stefnuskrá í baráttunni. Þeir Jón Sigurðsson og Brynjólfur Pétursson sáu þegar í stað, að með afnámi einveldisins í Danmörku áttu Íslendingar leik á borði að öðlast aukið sjálfsforræði.

Í bréfi, sem Brynjólfur hóf að skrifa Jóni bróður sínum 29da febrúar 1848, rakti hann sögu þeirra stjórnmálaatburða, sem urðu við andlát Kristjáns VIII og fram til þess dags, að fregnirnar um febrúarbyltinguna bárust til Danmerkur. Síðan segir hann:[6] „Þjer þykir víst undarlegt, að jeg hef enn ekkert minnst á Ísland, hvernig með það sje farið í þessu efni. Það er af því Ísland er enn þá „tabula rasa“ í því efni. Í „Forfatnings-Rescriptet“, sem kallað er, er ekkert minnst á það annað, enn að það skuli halda alþingi, öldungis eins og hingaðtil, en þar af má og berlega ráða, að það skuli enga fulltrúa senda til „löggjafarþingsins“. Þetta sýnist mjer vera það skásta, sem við var að búast í bráðina. Það eru ekki nema tveir vegir til

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um stjórn Íslands. Annaðhvort verðum við að eiga einn sjóð saman við Dani, eða eiga sjóð okkur. Ef við eigum sjóð saman við Dani, þá er það bæði heimska og órjettlæti, að segja við skulum bera okkur sjálfir. Stjórnin á þá, að gjöra það fyrir okkur, sem við þurfum með og efni alls ríkisins leyfa, en taka af okkur svo mikið gjald, sem samsvarar efnum okkar í samanburði við það, sem hinir aðrir gefa í afgjald af sínum efnum. Hinn vegurinn er að láta okkur eiga sjóð fyrir okkur og annast sjálfa alla[r] okkar þarfir og leggja fje fram eptir tiltölu til þeirra þarfa, við eigum með hinu ríkinu (en það er nú í rauninni ekki annað enn konungsættin). Hvorugu þessu hefur hingaðtil verið fylgt. Jeg get nú ekki borið móti því, að jeg fyrir mitt leyti kýs miklu heldur seinni mátann. Jeg er hræddur um, það yrði alltaf hallað á okkur ef fyrri mátinn væri hafður og að ríkið þættist aldrei hafa neitt aflögu handa okkur þegar við þyrftum einhvers við. Það er að minnsta kosti í öllu tilliti valtara. Og það yrði í rauninni sífelt óánægjuefni á báðar síður, sem von er af því allt er svo ólíkt, þarfirnar og gjaldsmátinn, og svo íllt öllu fyrir þá skuld niður að jafna. En ef seinni mátinn væri hafður, þá er allt hægra við að eiga, nema eitt, og það er: hver á að ráða því þá, hvað mikið Ísland skuli leggja fram, að tiltölu, til konungs, o. s. fr.? (eptir fyrra mátanum yrði Íslendingar að eiga fulltrúa saman við Dani og álögur Íslendinga yrði þá á kveðnar á lögþingi ríkisins). Það er auðsjeð rjettast væri, það væri afgjört af jafnmörgum mönnum af fulltrúum Dana og Íslendinga, og að konungur skæri úr þegar ágreiningur yrði, en að tillagið væri að eins áskorðað fyrir nokkur ár í senn. En margir vildu líklega láta Íslendinga ráða því sjálfa, hvað mikið þeir ætti að leggja til ríkisþarfanna. Ekki er samt held jeg nokkurntíma að búast við því. Nú er það sem við eigum að ná í: jafn rjettur til löggjafar fyrir okkur, sem alsherjarþingið hjer fær fyrir Danmörku".

Þeim Jóni Sigurðssyni og Brynjólfi var báðum ljóst, að við endalok einveldisins breyttist ríkisréttarstaða Íslands, og enda þótt Brynjólfur nefni hér ekki hin sögulegu rök, hefir hann samt mið af þeim. Þegar hugmyndir Brynjólfs og Jóns Sigurðssonar eru bornar saman, ber ekki mikið á milli. Brynjólfur talar um aðskilinn fjárhag landanna og jafnan rétt til löggjafar til handa Íslandi eins og ríkisþingið fái fyrir Danmörku, og hann talar um, að það sé konungsættin fyrst og síðast, sem tengi löndin saman, og bæði löndin greiði hlutfallslega þann kostnað, sem konungdæminu fylgir. Þetta er tæpast hægt að skilja á annan hátt en þann, að Brynjólfur hafi hugsað sér samband Íslands og Danmerkur einungis sem konungssamband. Hitt er svo annað mál, að hann gerði sér ljóst, að eftir því

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sem lengra leið frá því hann skrifaði þetta bréf, urðu sífellt minni líkur til þess, að þessar hugmyndir gætu orðið að veruleika, enda þótt hann reisti síðar tillögur á þessum grunni.

Það er athyglisvert, að Brynjólfur skuli næstum aldrei drepa á hin sögulegu rök til stuðnings hugmyndum sínum um samband Íslands og Danmerkur. Þar mun ekki hafa verið um vanþekkingu að ræða, heldur hitt, að hann mun ekki hafa álitið vænlegt til árangurs að veifa þeim framan í dönsku stjórnina. Hann stríddi aldrei við stjórnina eins og Jón Sigurðsson, og hann vissi, að hinn sögulegi réttur var ekki hafður í sömu hávegum innan veggja hjá stjórninni eins og hjá Íslendingum.

Eitt af viðfangsefnum marzráðuneytisins var undirbúningur að frjálslegri stjórnarskrá. Stjórnin lét semja frumvarp til kosningalaga, sem lagt var fyrir stéttaþingin. Eftir hinum nýju kosningalögum átti síðan að kjósa fulltrúa á hið fyrirhugaða grundvallarlagaþing. Ráðherrarnir voru ekki á eitt sáttir um kosningaréttinn, en endalokin urðu þau, að sérhver þrítugur karlmaður með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi öðlaðist kosningarétt. Hins vegar átti konungur að velja fjórða hluta þingmanna.

Í ríkisstjórninni hafði Tscherning lagzt gegn því, að konungur eða stjórnin veldi svo marga þingmenn, og á þinginu í Hróarskeldu lögðust fulltrúar bænda gegn konungkjörinu með Balthazar Christensen í broddi fylkingar. Iðnaðarmennirnir í Kaupmannahöfn fylgdu þeim að málum, svo að kosningarnar til grundvallarlagaþingsins snerust að verulegu leyti um það, hvort frambjóðandinn væri meðmæltur eða mótsnúinn konungkjörnum þingmönnum. Kosningarnar urðu þess vegna ekki síður átök milli stétta en stjórnmálaskoðana. Þar stóð byggð á móti bæ. Bændavinirnir unnu stórsigur á eyjunum. Þeir fengu 44 þingmenn, Þjóðfrelsisflokkurinn 32 og hægri menn 33. Konungkjörnir þingmenn voru 38 að tölu. Kosningarnar fóru fram 5ta október, en aðeins þriðjungur atkvæðisbærra manna neytti kosningaréttar.

Brynjólfur Pétursson komst snemma á snoðir um stjórnarskrárfrumvarp stjórnarinnar. Hann skrifaði Jóni bróður sínum 4ða maí 1848 og vék þá að frumvarpinu með þessum orðum:[7] „Nú á að fara að velja til þjóðsamkomu, til að ræða um stjórnarskipunina. Er frumvarp um kosningarlög nú fyrir fulltrúasamkomunni í Hróarskeldu, sem kölluð hefur verið saman til að ræða um það. Eptir frumvarpinu hefur hver þrítugur maður, sem fjár síns er ráðandi og ekki eru lagalíti á kjörgengi og kosningarrjett. Á að kjósa einn fulltrúa fyrir hverjar 12,000 manna, og verður það fyrir Danmörk og Sljes-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

vík 145 manns. Þar að auk velur konungur sjálfur 48 manns. Af þeim verða 5 kosnir fyrir Ísland. Það verður svo að vera fyrst ekki er tími til að heyra tillögur Íslendinga sjálfra áður þjóðsamkoman verði. En ekki álít jeg okkur Íslendinga bundna við hina nýju stjórnarskrá, ef hún er ekki svo löguð hvað okkur sjálfa snertir, að við getum með góðri samvizku fallizt á hana. Við ætlum hjer öldungis að halda okkur í skefjum þangað til við sjáum, hvernig frumvarp stjórnarinnar verður".

Styrjöldin breytti gangi málanna þannig, að Slésvík kaus ekki fulltrúa á grundvallarlagaþingið, svo að bæði kjördæmakjörnir og konungkjörnir þingmenn urðu færri en Brynjólfur talaði um í bréfinu. Þá öðluðust karlmenn kjörgengi 25 ára að aldri, en ekki þrítugir, eins og Brynjólfur segir, ef öðrum skilyrðum var fullnægt.

Sama daginn og marzráðuneytið tók til starfa, gaf konungur skipun um að leysa upp „kollegíin". Í rauninni var einveldið einungis úr sögunni í orði kveðnu með myndun marzráðuneytisins, því að þá hófst undirbúningurinn að þeim stjórnarbreytingum, sem eru samfara þingræði.

Hinn 4ða apríl 1848 kom út opið bréf, þar sem birt voru ákvæði um, hvaða „kollegí" hver ráðherra ætti að taka að sér, þangað til lokið væri að skipuleggja hin nýju ráðuneyti. Meiri hluti ráðherranna hafði áður starfað í „kollegíunum", svo að þeir voru þar öllum hnútum kunnugir. A. F. Tscherning varð fyrstur til að koma ráðuneyti sínu á laggirnar, og var það mjög að vonum, að jafn hatrammur óvinur einveldisins biði ekki boðanna.

Þegar kom fram á vorið 1848, voru dómsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og her- og flotamálaráðuneyti tekin til starfa, en fjármál og viðskiptamál voru enn „kollegial". Hér var skipulag innanríkismálanna þrándur í götu, svo að ekki var hafizt handa fyrr en með haustinu. Þau mál, sem hið væntanlega innanríkisráðuneyti átti að fara með, höfðu áður verið afgreidd í kansellíinu, rentukammerinu og tollkammerinu. Ráðagerðir um hið væntanlega innanríkisráðuneyti og skipulag þess hófust þegar vorið 1848, en þær áttu að fara leynt.

Í sambandi við athuganir á skipulagi innanríkismálanna skaut upp hugmyndinni um sérstaka íslenzka stjórnardeild, og forstöðumaður hennar skyldi leggja málin fyrir ráðherrana til úrskurðar eftir eðli málanna. Þessi hugmynd kom fyrst fram í ríkisráðinu 22an apríl 1848. Það var menntamálaráðherrann D. G. Monrad, sem bar tillöguna fram, og ríkisráðið samþykkti að leita álits rentukammersins og dómsmálaráðuneytisins.[8]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Brynjólfur Pétursson hefir að öllum líkindum verið fyrsti Íslendingurinn, sem komizt hefir á snoðir um þetta, enda hefir það varla getað farið fram hjá honum, þar sem álits rentukammersins var leitað. Hann getur um þetta í bréfi til Jóns bróður síns 4ða maí 1848 og telur það góða byrjun, en dregur jafnframt í efa, að úr verði.[9]*

Á fundi í ríkisráðinu 15da maí 1848 las forsætisráðherrann A. W. Moltke upp tillögu frá menntamálaráðherranum Monrad um íslenzka stjórnardeild og álit rentukammersins og dómsmálaráðuneytisins um það mál. Síðan var samþykkt að koma á fót íslenzkri stjórnardeild, sem jafnframt færi með mál Grænlands og Færeyja, og hinum væntanlega forstöðumanni falið að gera tillögur um skipulag hennar.[10]

Dómsmálaráðherrann, Carl Emil Bardenfleth, tjáði Brynjólfi, að ráðherrunum hefði komið saman um að gera hann að forstöðumanni hinnar væntanlegu stjórnardeildar. Brynjólfur getur þessa í bréfi til Jóns bróður síns 17da júní 1848.[11]*

Stofnun stjórnardeildarinnar dróst samt á langinn, svo að Brynjólfur var tekinn að óttast, að ekkert yrði úr henni. Þessi töf stafaði af því, að ráðherrarnir höfðu í mörg horn að líta, þegar átti að ganga frá heildarskipulagi hins nýja stjórnarkerfis. Bardenfleth hafði falið T. Algreen-Ussing að semja álitsgerð um skipulag ráðuneytanna, og þó innanríkisráðuneytisins sér í lagi. T. Algreen-Ussing afhenti hana 9da september 1848, og hún varð grundvöllurinn að skipulagi innanríkisráðuneytisins og allra hinna ráðuneytanna. Tillögur Algreen-Ussings féllu í góðan jarðveg, en samt varð nokkur töf á, að hafizt yrði handa um að ganga endanlega frá nýskipan ráðuneytanna. Sumarið leið án þess að forsætisráðherrann færði íslenzku stjórnardeildina frekar í tal. Brynjólfur var farinn að hugleiða að sækja um Vesturamtið, þó að honum væri það ekki ljúft. Þessi ótti reyndist samt ástæðulaus, og 26ta september gat Brynjólfur skrifað Jóni bróður sínum þau tíðindi, að stofnun stjórnar-

[9]* Í bréfinu segir: „Nú hefur komið til orða, að safna öllum íslenzkum málum saman, og gera úr þeim eitt Departement og láta chefinn standa undir öllum Ministeriis, eptir því hvers kyns málin eru. Þetta er nú miklu skárra, enn að þeim verði slengt saman við dönsku málin, og eflaust góð byrjun, en hvort henni verður framgengt eða ekki er öldungis óvíst. Yrði það, kemst jeg líklega þar inn undir, en annars verð jeg líklega fyrst um sinn á lausum kili".

[11]* Í bréfinu segir svo: „Nú var það í brugggerð, að safna öllum íslenzkum málum saman í eitt Departement og leggja þar til Færeyjar og Grænland. Skyldi Chefen ekki eiga undir neinn einstakan Minister, heldur undir alla eptir eðli málanna. Þetta var nú afgjört í ministerio, og Bardenfleth sagði mjer að mönnum hefði komið saman um, að gjöra mig að Departementschef þar".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

deildarinnar væri næstum ráðin og hann ætti að vera þar æðsti maður.[12] Tveimur dögum síðar, 28da september 1848, skrifaði Bardenfleth M. H. Rosenørn, stiftamtmanni á Íslandi, og sagði honum frá hinni væntanlegu stjórnardeild og forstöðumanni hennar.[13*]

Íslenzka stjórnardeildin var stofnuð með konungsúrskurði 10da nóvember. Í greinargerðinni, sem fer á undan úrskurðinum, er greint frá þeim ástæðum, sem leiddu til stofnunar deildarinnar, og skýrt frá bréfaskriftum milli ráðherranna um málið. Greinargerðin er samin af forsætisráðherranum A. W. Moltke, en þess er getið meðal annars, að dómsmálaráðherrann, C. E. Bardenfleth, hafi talið, að bæði afgreiðsla og endurskoðun gætu farið fram í einni skrifstofu í hinni nýju stjórnardeild. Hann taldi einnig æskilegt, að reikningsúrskurðir deildarinnar féllu saman við önnur störf forstöðumannsins. Þá segir í greinargerðinni, að ráðherrann þekki engan hæfari en Brynjólf til að veita stjórnardeildinni forstöðu bæði vegna kunnáttu og æfingar í embættisstörfum og þekkingar á málefnum Íslands, Grænlands og Færeyja.[14*]

Tillaga Bardenfleths að hafa einungis eina skrifstofu fyrir afgreiðslu og endurskoðun bendir til, að hann hafi ekki hugsað sér verulega breytingu frá skrifstofu Íslandsmála í rentukammerinu. Þar fór afgreiðsla og endurskoðun fram í sömu skrifstofu, eins og áður er frá greint, en nú voru dagar marzráðuneytisins senn allir, og nóvemberráðuneytið tók við völdum.

P. G. Bang varð innanríkisráðherra í hinni endurskipulögðu ríkisstjórn. Hann hófst þegar handa að ganga frá heildarskipulagi ráðuneytanna og þá ekki sízt sínu eigin. Í konungsúrskurðinum frá 10da nóvember 1848 var væntanlegum forstöðumanni falið að bera fram tillögur um, hversu haga ætti verkaskiptingu í íslenzku stjórn-

[13*] Í bréfinu segir Bardenfleth: „Endnu har jeg ikke berørt, at det er under Ventilation at oprette et særligt Departement for alle de islandske, grønlandske og færøiske Sager; Departementschefen, hvortil Br. Pjetursson er udseet, skulde da ressortere directe under alle Ministerierne, saaledes at han refererede alle Sager til den vedkommende Minister. Paa denne Maade haaber man at kunne opnaae den fornødne Eenhed i Bestyrelsen og undgaae den evige Correspondance mellem Ministerierne. Men sagen er endnu ikke moden til Afgjørelse."

[14*] Í greinargerðinni segir til að mynda: „Til Departements-Chef „vidste Ministeren Ingen bedre at foreslaae, end den nuværende Fuldmægtig under Rentekammeret, Kammerassessor Pjetursson, der er en yngre Mand, som med flersidige Kundskaber og Routine i Embedsforretninger forener et nöie Kjendskab til de islandske Forhold i det Hele, og i sin hidtilværende Stilling i Rentekammeret har haft Leilighed til ogsaa at gjöre sig bekjendt med de vigtigere færöeske og grönlandske Sager"."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ardeildinni. Samkvæmt því skrifaði Brynjólfur Bang bréf um skipulag stjórnardeildarinnar 24ða nóvember 1848.[15] Þar lagði hann til, að stjórnardeildin skyldi starfa í tveimur skrifstofum. Önnur annaðist afgreiðslu, en hin endurskoðun. Þetta var gagnstætt því, sem Bardenfleth hafði lagt til. Brynjólfur rökstuddi tillögur sínar með því, að á komandi tímum mundu stjórnardeildinni verða á hendur falin svo ólík og fjölþætt verkefni, að henni yrði illkleift að leysa þau af hendi í einni skrifstofu, og nefndi dæmi um nokkur viðfangsefni, sem vænta mætti, að kæmu til kasta hennar.

Þessu næst gerði Brynjólfur grein fyrir því, hversu marga og hvaða starfsmenn hann vildi fá í hvora skrifstofu, hvaða laun þeir ættu að fá og hve miklu skrifstofukostnaðurinn mundi nema. Hann lagði til, að Oddgeir Stephensen yrði skrifstofustjóri í „Expeditionskontoiret", Carl Peter Leuning fulltrúi í sömu skrifstofu ásamt tveimur aðstoðarmönnum, en í „Revisionskontoiret" yrði Hans Peter Kofoed skrifstofustjóri og Niels Secher fulltrúi ásamt einum aðstoðarmanni. Auk þess óskaði hann eftir, að Vilhjálmur Finsen yrði starfandi í stjórnardeildinni, jafnframt því að hann yrði „Cancellist" í innanríkisráðuneytinu.

Bang féllst á þessar tillögur og skrifaði „Allerunderdanigst Forestilling, Angaaende den indre Ordning af Indenrigsministeriet".[16*] Laun starfsmanna stjórnardeildarinnar áttu að vera þessi: Forstöðumaðurinn fékk 2400 dali í laun, skrifstofustjórarnir 1600 hvor, fulltrúarnir 800 hvor og aðstoðarmennirnir 500, 400 og 300, en alls voru þetta 8400 dalir. Auk þess var skrifstofukostnaðurinn 700 dalir í „Expeditionskontoiret" og 400 í „Revisionskontoiret", eða alls 1100 dalir, svo að heildarkostnaðurinn við stjórnardeildina nam 9500 dölum.

Á meðan rentukammerið fór með málefni Íslands, var kostnaðurinn miklu minni. Við lok einveldisins virðast útgjaldaliðirnir hafa verið þessir: Skrifstofustjórinn fékk 1600 dali í laun, fulltrúinn 800 og sjálfboðaliðarnir 300 hvor. Skrifstofukostnaðurinn var 400 dalir, svo að þetta urðu 3400 dalir alls. Við þetta bættist 200 dala kostnaður sem laun sjálfboðaliða, sem var aðstoðarmaður hjá „Revisor ved den grönl. og færöeske Handels Hovedregnskaber", svo að stjórnardeildin kostaði danska ríkið næstum þrisvar sinnum meira en áður var.

[16*] Þar segir svo um íslenzku stjórnardeildina: „Efter at jeg om sammes indre Organisation, ifölge sidstnævnte allerh. Resolution har indhentet hoslagte Betænkning fra vedkommende Departementschef . . . tillader jeg mig allerund. at foreslaae, at dette Departement inddeles i 2 Contoirer med följende Personale, . . . "

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Brynjólfur hafði frá ýmsu að segja í sambandi við þetta nýja starf. Í bréfi til Jóns bróður síns 14da marz 1849 sagðist honum þannig frá:[17] „Staða mín hefur töluvert batnað, síðan jeg skrifaði þjer seinast. 10 nóvember í haust var jeg gjörður að „Departementschef" fyrir „Departementet for de islandske grönlandske og færöeske Sager" sem búið var til um leið, og mjer skipað að koma fyrirkomulagi á. Svo uppleystist Marzmínisteríið 22. nóvember, og þá var farið fyrir alvöru að skilja sundur ministeríin. Mitt Departement hjelzt eins og áður, svo jeg skyldi eins og fyrr var ráð fyrir gjört bera hvert mál undir úrskurð þess stjórnarherra, sem það ætti undir eptir eðli sínu, en Departementet sjálft var sett inn undir Indenrigsministeriet."

P. G. Bang samdi reglugerð um starfsemi og skipulag innanríkisráðuneytisins, sem var prentuð sem umburðarbréf og dreift meðal starfsmanna ráðuneytisins og ber því vitni, hvernig embættisfærslan var.[18*]

Þar sem íslenzka stjórnardeildin var lögð undir innanríkisráðuneytið, má telja víst,að sömu reglur hafi verið þar í gildi. Seinna var stjórnardeildinni breytt, en það verður ekki rakið hér.

Þegar litið er á þær breytingar, sem urðu á daglegum störfum við endalok einveldisins í stjórnarskrifstofunum, þá var breytingin meiri í orði en á borði. Höfuðbreytingin var sú, að yfir hverju ráðuneyti var ábyrgur ráðherra, sem fékk að vísu nokkuð af valdi sínu í hendur ráðuneytisstjóra, sem tók ákvarðanir í hans nafni, en ráðherrann bar eftir sem áður ábyrgðina. Þetta var meginbreytingin frá því, sem áður var, þegar nefnd manna afgreiddi málið og meirihlutinn skar úr. Hér við bættist, að í mörgum tilfellum voru það

[18*] Reglugerð Bangs var á þessa leið: „I hvert Kontor skal føres en Journal; indkomne Sager fordeles af Sekretæren til de forskellige Departementer, og Direktørerne (Departementscheferne) fordeler da atter Sagerne mellem Kontorerne i sit Departement. Naar en Sag er færdig til Resolution, paategner Kontorchefen sit Forslag paa en samlet Liste over de til enhver Tid færdige Sager, og denne Liste overgives sammen med Sagerne til Direktøren, der egenhændig skriver sin Resolution i Journalen, hvorefter Kontorchefen har at sørge for Sagens fuldstændige Expedition. Ministeren vil personlig gennemse Journalen hvert Kvartal. — Hvis Sagen skal refereres Ministeren, sker dette af Kontorchefen i Direktørens Overværelse. Ministeren vil da ligeledes egenhændig skrive Resolution i Journalen. — Til Ministerens egen Afgørelse forbeholdes Sager, 1) som han har forsynet med særligt Mærke, 2) som skal forelægges Kongen, eller hvorom der skal brevveksles med andre Ministerier, naar deri udtales en foreløbig Anskuelse, 3) som Direktøren finder tvivlsomme, 4) som Kontorchefen ønsker forelagt, fordi han er uenig med Direktøren. I alle andre Tilfælde er Direktøren bemyndiget til at resolvere og underskrive. — Kontortiden er fra 11–3, dog fra Kl. 10 naar der holdes Rigsforsamling. I øvrigt er det en Selvfølge, at Personalet om fornødent maa arbejde udenfor den faste Kontortid."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sömu mennirnir, sem urðu ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar, sem áður höfðu haft svipuð störf á hendi, meðan einveldið var við lýði. Breytingin á embættisfærslunni var til að mynda sáralítil. Bréfabækur og önnur skjalagögn héldu sínu gamla útliti, og kansellístíllinn var ríkjandi mál á skjölum og bréfum.

Þau mál, sem rak á fjörur íslenzku stjórnardeildarinnar, voru af margvíslegum toga spunnin. Til hennar komu mál frá Íslandi til afgreiðslu, svo að dæmi sé tekið, og á sama hátt mál, sem komu frá stjórninni og snertu Ísland. Starfsmenn deildarinnar kynntust landi og þjóð við afgreiðslu bréfa og bænarskráa, en einnig afstöðu danskra valdamanna til íslenzkra mála.

Brynjólfur Pétursson átti ekki því láni að fagna að starfa lengi í þessu embætti. Það er tæpast hægt að segja, að hann hafi unnið þar nema eitt og hálft ár, enda þótt hann væri forstöðumaður að nafninu til fram á banadægur. Frá því sumarið 1850 var hann svo heilsubilaður, að hann gat ekki sinnt störfum sínum nema að litlu leyti, og þann tíma, sem hann naut nokkurrar heilsu, hlóðust á hann tímafrek aukastörf, svo sem seta á grundvallarlagaþingi Dana. Þegar þessa er gætt, var tæpast að vænta, að hann gæti komið miklu til leiðar, en að því verður vikið síðar.

VOR YFIR ÍSLANDI

Fyrstu vorskipin komu til Íslands um miðjan apríl 1848 og með þeim fregnirnar um konungaskiptin í Danmörku, febrúarbyltinguna og uppreisnina í hertogadæmunum. Ný félagsrit komu snemma til Íslands þetta ár og færðu landsmönnum Hugvekju til Íslendinga. Jón Sigurðsson stóð einnig í bréfaskriftum við marga og þar á meðal við nafna sinn Jón Guðmundsson í Reykjavík. Það var að ráðum Jóns Sigurðssonar, að Jón Guðmundsson beitti sér fyrir almennum fundum um landsins gagn og nauðsynjar og naut við það aðstoðar séra Hannesar Stephensens að Ytra-Hólmi á Akranesi, en fyrr en varði rak hann sig á óvænt sker.

Árið áður höfðu orðið stiftamtmannsskipti á Íslandi. Hinn nýi stiftamtmaður hét Mathias Hans Rosenørn. Hann var lögfræðingur að mennt og samtíða Brynjólfi Péturssyni við laganám. Hann var hægrimaður, alinn upp undir áhrifavaldi Stemanns, en þekkti þó vel til hinna frjálslyndari manna, sem flestir voru á svipuðu reki og hann. Í ríkisskjalasafni Danmerkur (Rigsarkivet) er varðveitt

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

uppkastsbrot að sjálfsævisögu Rosenørns (Momenter til Autobiografi),[1] sem talið er, að hann hafi skrifað um 1853. Hann segir þar frá dvöl sinni á Íslandi og ástæðunum, sem lágu til þess, að hann fór þangað, þegar stiftamtmannsembættið var auglýst laust til umsóknar í upphafi árs 1846. Hann segir, að Brynjólfur Pétursson hafi verið meðal þeirra, sem hvöttu hann til að sækja um embættið, en Rosenørn þóttist sjá fyrir, að til tíðinda mundi draga í Evrópu og innan veggja Danmerkurríkis, og valdi þann kostinn að vera hvergi nærri.

Í ævisögubroti sínu segir Rosenørn frá því, að 1848 hafi fyrsta skipið til Reykjavíkur komið um miðjan apríl. Það kom frá Altona og flutti vörur fyrir Ditlev Thomsen, sem kom með skipinu. Rosenørn getur þess, að Thomsen hafi verið hertogadæmunum hliðhollur og ekki dregið dul á það. Hann hafði með sér „Slesvig-Holstenske Kokarder" og dreifði þeim út meðal Reykvíkinga. Rosenørn lét stöðva dreifingu þessara merkja og slævði áróður Thomsens. Nú er ekki vitað, hvaða merki þetta hafa verið, en á fundinum í Rendsborg 18da marz báru margir þýzk merki, og má vera, að hér hafi um sams konar merki verið að ræða.

Rosenørn mun hafa orðið var lítillar samúðar í garð Dana hjá Reykvíkingum og ekki litizt á blikuna, þegar Jón Guðmundsson fór að undirbúa jarðveginn fyrir fundahöld og almennar bænarskrár, sem áttu að færa konungi heim sanninn um vilja íslenzku þjóðarinnar, eins og Jón Sigurðsson hafði eggjað þjóðina að gera í Hugvekju til Íslendinga, en stiftamtmanni tókst að koma í veg fyrir fundahöld í Reykjavík í fyrstu lotu, og margir embættismenn voru tómlátir í þessu máli. Samt fór svo, að fundur var haldinn 11ta júlí hjá Pétri Péturssyni, síðar biskupi, og samið ávarp til konungs þess efnis, að Íslendingar fengju sjálfir að velja fjóra af þeim fimm fulltrúum, sem boðað var, að ættu að eiga sæti á væntanlegu grundvallarlagaþingi. Þetta ávarp var undirritað af 24 mönnum, en ekki gekk það auðveldlega að koma þessu í kring, eftir því sem Pétur Pétursson skrifaði Brynjólfi 12ta júlí 1848.[2*] Séra Hannes Stephensen afhenti stiftamtmanni ávarpið, og hann sendi það síðan til dómsmálaráðuneytisins ásamt rækilegu og merkilegu bréfi, sem dagsett er 21sta júlí og er að öðrum þræði skýrsla um stjórnmálaástandið á

[2*] Pétur segir þannig frá: „Lítil samtök finnst mér vera hér í embættismönnum og med naumindum vard *svo miklu* ákomid, að bænarskrá væri samin um, ad bidja konúng um, ad þjódin mætti velja 4 þeirra fulltrúa, sem til bölfunar eiga ad mæta á ríkisfundinum. Þessu vard ágeingt eptir mikid rifrildi, því sumir vildu, ad kgr veldi, sumir alþíng."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Íslandi og viðhorf Rosenørns og íslenzku þjóðarinnar til þeirra breytinga, sem í vændum voru. Í bréfinu drepur Rosenørn á afstöðu Íslendinga til sambands Íslands og Danmerkur og gerir grein fyrir skoðun sinni á því máli og nefnir í því sambandi, að málum Slésvíkur og Íslands mætti koma fyrir á svipaðan veg („Den Ordning af Forholdene, som i disse Henseender synes antydet for Slesvig, turde maaskee give nogen Analogie for Islands Vedkommende"). Einnig lagði hann til, að konungsfulltrúi á alþingi 1849 yrði Íslendingur, vegna þess, sem gerzt hefði á hinum dönsku þingum, væri illt að synja alþingi um slíkt.[3*]

Rosenørn gekk þess ekki dulinn, að það voru veðrabrigði í lofti á Íslandi og að þjóðernistilfinning var að sækja í sig aukinn þrótt. Þess vegna vildi hann láta athuga þann möguleika, að fulltrúar Íslands á hinu fyrirhugaða grundvallarlagaþingi yrðu kosnir af Íslendingum, annaðhvort fjórir eða allir, og þá yrði landinu skipt í fimm kjördæmi, og það taldi Rosenörn, að betur mundi henta.[4*]

Þjóðernisvakningin tók sér bólfestu í hugskoti æskunnar, og blandaðist smám saman við skáldskap og rómantík, eins og sjá má í bréfi, sem Steingrímur Thorsteinsson skrifaði 12ta ágúst 1848, en það endar á þessum orðum:[5] „Gaman væri nú að vera orðinn alþingismaður og ríða til Öxarár til þess að kalla dagroða þessa tíma upp úr Almannagjá; hvað mun niðurinn kveða í ánni annað en: „vaknið! vaknið!" og hljóma dimmt í eyrum allra, sem heyra, allra, sem nokkru vilja fórna á altari ættjarðar sinnar og glæða eld þann, sem

[3*] Bréfið hefst með þessum orðum: „Det kan vistnok ikke overraske Nogen, at de Efterretninger, som i dette Foraar og Sommer hertil ere indløbne fra Danmark, navnlig sett i Forbindelse med de almindelige Begivenheder i Evropa, ogsaa have fremkaldt en vis Bevægelse blandt dette isolerede Ølands besindige Indvaanere. — ...

Den ved Regjeringsskiftet bebudede Udsigt til en friere Forfatning havde vel sine lyse Sider, men som det forekommer mig, traadte disse dog herpaa Landet tilbage for en vis Uro, der ikke blot havde sin Grund i den Usikkerhed, som Overgangen fra tilvante faste Forhold til en endnu kun löselig skizzeret Udvikling maa fremkalde, men i Særdeleshed i den Betragtning, at medens Islændere og Danske hidtil paa lige Maade havde været den fælleds Enevoldskonge undergivne, vilde Statsforholdenes nye Ordning maaskee komme til at fremtræde i en Skikkelse, hvorved Island betragtedes som Danmark underordnet — et Forhold, der vilde möde en stærk og almindelig Indsigelse herfra Landet, hvor der endog, om vel kun af meget Enkelte, næres Anskuelser, som vanskelig lade sig forene med en retlig begrundet uoplöselig Statseenhed mellem begge Lande.—"

[4*] Rosenørn segir í bréfinu: „Ligesom imidlertid den Beskyttelse, der strax fra Foraarets Begyndelse af var bleven den danske Skibsfart paa Island til Deel, havde udövet en meget gunstig Indvirkning paa Stemningen, saaledes troer jeg at turde nære den Forvisning, at der ikke ved de ovennævnte Forhold og Bestræbelser endnu er indtraadt nogen Lösning af de moralske Baand, som knytte de besindigere, vel-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

úr þessu aldrei má slokkna; illt er að hafa aldrei komið á Þingvöll, sannarlega vekur hann hugann fornri minningu til þess að gráta í hjarta sínu hugmiklum saknaðar- og vonartárum; ég vildi það væri meta viarum [takmark] okkar beggja að koma þangað og vinna eitthvað að liði."

Það er erfitt að verjast þeirri spurningu, hvort Rosenørn hefir í rauninni vitað, hvað þeir menn hugsuðu, sem hann áleit vera bundna „af de moralske Baand" við danska ríkið. Í bréfi, sem Pétur Pétursson skrifaði Brynjólfi 6ta ágúst 1848, segir hann til að mynda:[6] „Í mínu seinasta bréfi gat eg um, ad hér hefdi — þó med naudúng — verið klúdrad upp bænarskrá; nú eru 11 eda 12 manns komnir á þingvöll og halda þar samkomu í dag; eg gat ekki komist þangad fyrir tannpínu, enda hefi eg lítid traust á henni ɔ: samkomunni í þetta sinn. Vidsjált synist mér, ad láta íslenzk málefni sortera undir öll Ministeria, því líklega yrdi eptirmadur þinn danskur, og þá hefdi hann ekki vit á islenzk[u]m málum, og þá þyddi ábyrgd stjórnarherranna ekki neitt hvad Ísland snerti, því væru þeir vellátnir í Danmörku, gætum vid aungu áorkad. Jeg vildi hafa stjórn Islands hér, en — þig fyrir Referent í Statsrádinu og þá sjalfsagt medlim stjórnarinnar hér, eda einhvernveiginn svol. og eiga ekki undir dönsku stjórnarherrunum meira enn þyrfti."

Íslendingar urðu nokkurs vísari um afstöðu Rosenørns í bréfi því, sem hér á undan hefir verið getið, því að efni þess var rakið í Departementstidenden fyrir árið 1848 (nr. 50), og Jón Sigurðsson endursagði það í grein í Nýjum félagsritum 1849, sem hét „Um stjórnarhagi Íslands", en þar skýrði hann rækilega frá því, sem gerzt hafði á Íslandi 1848.

Rosenørn gat þess í bréfi sínu, að í ráði væri að halda fund í upphafi ágústmánaðar á Þingvöllum. Pétur Pétursson talaði af lítilli virðingu um þessa samkomu í bréfi sínu, sem vitnað var til hér að framan. En sannleikurinn er sá, að það, sem gerðist á þessum fundi, átti samt eftir að hafa víðtæk áhrif á allan gang sjálfstæðisbaráttunnar næstu árin, því að konungsbréfið 23ja september 1848 var beint svar við annarri grein í bænarskrá þeirri, sem samin var á þess-

menende og noget indsigtsfuldere Islændere, og med dem hidtil Folkets Masse, til den danske Stat. Men vistnok have de ved Forholdene og Omstændighederne foranledigede Overvejelser, i de Enkeltes Sind, ved Brevvexling og ved Sammenkomster, fremkaldt en almindelig Overbeviisning og Forventning om, at ogsaa Island bör have og vil faa sin Andeel i de Goder, som den inden Grændserne af lovlig Orden størst mulige politiske Frihed og fuldstændig Anerkjendelse af en, skjöndt liden, dog ved sin udprægede Ejendommelighed og stærke Bevidsthed selvstændig Nationalitet kan medføre.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um fundi, en hún er á þessa leið:[7] „2. að Íslandi verði gefinn kostur á, að kjósa fulltrúa eptir frjálslegum kosníngarlögum, til að ráðgast í landinu sjálfu um þau atriði í hinni fyrirhuguðu stjórnarskipun Danmerkur ríkis, sem beinlínis og eingaungu viðkoma Íslandi, og sérílagi hvað áhrærir fyrirkomulag þjóðþings vors, áður en þau verða staðfest af yðar Hátign".

Í konungsbréfinu 23ja september 1848 segir hins vegar:[8] „þá er það þó ekki tilgángur vor, að aðal-ákvarðanir þær, sem þurfa kynni til að ákveða stöðu Íslands í ríkinu að lögum, eptir landsins frábrugðna ásigkomulagi, skuli verða lögleiddar að fullu og öllu, fyrr en eptir að Íslendíngar hafa látið álit sitt um það í ljósi á þíngi sér, sem þeir eiga í landinu sjálfu, og skal það sem þörf gjörist um þetta efni verða lagt fyrir alþíng á næsta lögskipuðum fundi".

Jón Guðmundsson skrifaði grein í Þjóðólf 29da nóvember 1870, sem heitir „Stjórnarstöðu-frumvarp Kriegers, og stjórnmál Íslendínga eptir alþingið 1869". Hann víkur þar að Reykjavíkurfundinum og Þingvallafundinum 1848 og konungsbréfinu frá 23ja september og segir, að „niðurlag" konungsbréfsins sé svar við 2ri grein bænarskrárinnar frá Þingvallafundinum, en fyrri hluti konungsbréfsins svar við erindi Reykjavíkurfundarins.

Það virðist mega rekja slóð bænarskrárinnar frá Þingvallafundinum beina leið í hendur Bardenfleths, því að Rosenørn stiftamtmaður skrifaði Bardenfleth 14da ágúst 1848 og sendir bænarskrá Þingvallafundarins í danskri þýðingu.[9*] Skipið, sem bréfið var sent með, hefir fengið óskabyr, því að 24ða ágúst er dagsett skjal undirritað af Carl F. Simony, sem var fyrir annarri deildinni í dómsmálaráðuneytinu (Chef for Justitsministeriets 2. Departement), þar sem hann leggur ráðin á, hversu brugðizt skuli við bænarskránni.[10*] Dómsmálaráðherrann Bardenfleth hefir einnig skrifað eins konar

[9*] Bréf Rosenørns er á þessa leið: „I Forbindelse med min Skrivelse af 9*de* ds tillader jeg mig at eftersende dansk Oversættelse af Thingvalla Petitionen, der nu circulerer til Underskrift i Syslerne for at overleveres de Deputerede til Rigsforsamlingen til Fremlæggelse i denne. Saavidt jeg deraf kan skjönne, er det Ønsket, at for Fremtiden ingen Islændere skulle möde paa Rigsforsamling med Danske. —

Jeg fik först Afskriften i dette Öieblik ihvilket jeg staaer i Begreb med at tiltræde en Reise til Borgarfjorden og det nordlige Arnes Syssel, og derfor bliver denne Skrivelse saa kort."

[10*] Tillögur Simony eru svo hljóðandi: „Det indkomne Andragende kunde formeentlig forelægges Hans Majestæt Kongen ved en Forestilling, indeholdende en Extract af Stiftamtmand Rosenørns Skriv. og hvorved foreslaaes et allh. Svar til Petitionærerne, der oplyser Islænderne om Grunden til at de Medlemmer af den nu forestaaende Rigsforsamling, som møde for Island, for dennesinde vælges af Kongen samt meddeles dem, *deels* hvorledes Regjeringen har til Hensigt at ordne Islands

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

uppkast á þetta skjal, sem er nær samhljóða síðari hluta konungsbréfsins frá 23ja september 1848.[11]*

Þessar heimildir skera úr um það, að konungsbréfið 23ja september 1848 var ekki sízt að þakka þeim Carl F. Simony og Bardenfleth, enda hafa danskir sagnfræðingar bent á, að þeir komu hér til skjalanna og gengu frá bréfinu.[12]*

Fundurinn á Þingvöllum var haldinn 5ta ágúst, en hann var fámennari en vænzt hafði verið, því að einungis 19 manns voru á fundi, en Þingvallafundirnir urðu merkissamkomur og skipa virðulegan sess í sögu sjálfstæðisbaráttunnar, þó að hinn fyrsti vísir væri mjór.

Þeir Jón Guðmundsson og séra Hannes Stephensen beittu sér einnig fyrir undirskriftum undir bænarskrár, þar sem óskað var eftir, að engar ákvarðanir yrðu teknar um stjórnarfyrirkomulag Ís-

Forhold til de fremtidige Rigsforsamlinger — hvilket vel maa skee omtr. i Lighed med hvad der er bebudet med Hensyn til Slesvig — *deels* hvilken Udvidelse Man har paatænkt af den Althinget indrömmede Virkekreds, /: i Henhold til den indgivne Petition :/ *deels* endelig, at Bestyrelsen af de Islandske Sager vil blive udsondret fra det øvrige Riges og henlagt under et eget Departement."

[11]* Uppkast Bardenfleths hefst á þessa leið: „Svaret til Petitionairerne maatte vel skee i et allerh. Rescript til Stiptamtmanden, hvilket af denne kunde bekjendtgjöres. Som Grund, hvorfor ikke den samme Fremgangsmaade kunde iagttages med Hensyn til Valget af islandske Medlemmer af Rigsforsamlingen, som for danske, maa fornemmeligen anføres, at det paa den ene Side ifølge Islands fra Danmark bortfjernede Beliggenhed vilde have været umulig at faae en til den Ende udarbeidet Valglov forelagt Althinget, derefter approberet af H. M. og endelig bragt til Udförelse samt de i Island valgte Deputerede nedsendte til Danmark, Alt i det Tidsrum, hvori disse Forberedelser til Rigsforsamlingen kunde foregaae i Danmark, og det uagtet Krigsforholdene havde medført en Forsinkelse i den jydske Stænderforsamlings Sammentræden, som ikke kunde forudsees da den allerh. Kundgjörelse af 4*de* April d A emanerede; medens paa den anden Side de for Danmark indtraadte alvorlige Forhold ingenlunde kunde tilstede at Rigsforsamlingens Indkaldelsestid blev gjort afhængig af, naar de fornødne Forberedelser for Islands Vedkommende kunde tilendebringes.

Uagtet Kongen efter disse Omstændigheder har maattet lade den Islænderne forholdsviis tilkommende Deeltagelse i Rigsforsamlingens Forhandlinger over Forfatningen fremtræde paa en anden Maade, end for Beboerne i de danske Provindser, er det dog derfor ikke Hs Ms Hensigt at de Grundlovbestemmelser, der med Hensyn til Islands særegne Forhold maatte være nödvendige for at ordne denne Landsdeels forfatningsmæssige Stilling i Riget, skulle endeligen vedtages førend efterat Islænderne i en egen Forsamling i Landet derom ere hørte, og vil det i saa Henseende Fornødne blive forelagt Althinget i dets næste ordentlige Sammenkomst."

[12]* Jørgen Steining segir svo um konungsbréfið frá 23ja september 1848: „Dette tilsagn skyldtes foruden Rosenørns indstilling justitsminister Bardenfleth og justitsministeriets chef C. F. Simony, som udtaler, at Islands forfatning påtænkes indrettet på lignende måde, som man havde tænkt sig Slesvigs."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

lands, fyrr en stjórnarlög þess hefðu verið rædd á innlendri samkomu af þjóðkjörnum þingmönnum kosnum á sama hátt og í Danmörku. Að vísu munu þessar bænarskrár ekki hafa borizt til Kaupmannahafnar, þegar konungsbréfið var gert, sem áður er nefnt, en hitt má vera, að stjórninni hafi verið kunnugt um þær til að mynda fyrir atbeina stiftamtmanns. Jón Sigurðsson gefur Rosenørn góða einkunn fyrir afskipti hans af þessum málum í Nýjum félagsritum og segir, „að hann hafi tekið bæði vel og forsjálega í málið“,[13] og um konungsbréfið frá 23ja september segir Jón, að það sé „árangur af bænarskránum frá Íslandi, og þó vér ætlum, að vér eigum mikið að þakka undirtekt stiptamtmannsins og viturlegum tillögum hans, þá eru þær (þ. e. konungsbréfið 23ja sept. og bréfið um íslenzkan konungsfulltrúa s. d.) einnig árangur bænarskránna“.[14]

Rosenørn stiftamtmaður fylgdist vel með því, sem gerðist á Íslandi þetta ár. Í ævisögubroti sínu (Momenter til Autobiografi) dregur hann enga dul á, að honum leizt ekki á þróunina, og hann kenndi Norðurfara um þann uppreisnaranda, sem gróf um sig í landinu. Hitt er þó merkilegra, að Rosenørn vissi um, að það hafði verið dreift út frá Vesturlandi áskorun til Íslendinga að vera ekki eftirbátar svertingjanna í Vestur-Indíum, sem höfðu knúið landstjórann með vopnavaldi til að láta undan, og stjórnina síðan til að staðfesta það sem orðið var.[15*]

Eftir lok Þingvallafundarins 1848 var hafizt handa að semja og undirrita bænarskrár úr öllum sýslum landsins, sem flestar voru sniðnar eftir samþykktum Þingvallafundarins. Á skömmum tíma söfnuðust um 2500 nöfn undir þessar bænarskrár, svo að af því mátti ráða, að þær féllu ekki í grýtta jörð.[16]

Jón Guðmundsson lét ekki hér við sitja. Hann skrifaði nafna sínum Sigurðssyni til Kaupmannahafnar og sagði honum frá fundinum á Þingvöllum og efni bænarskrárinnar og sendi þetta með skipi, sem fór 10da ágúst frá Reykjavík.[17] En ekki er vitneskja fyrir hendi, hvenær þetta skip kom til Kaupmannahafnar.

[15*] Rosenørn segir svo frá: „Den Rolighed som hidtil havde hersket paa Øen begyndte imidlertid efterhaanden at undergraves. Et Cötteri af unge Islændere i Kjøbenhavn sögte at ophidse Stemningen med politiske Sværmerier der navnlig gjennem et poetisk-politisk Flyveskrift Norðurfari udbredte paa Hovedlandet og i en Adjunct som Cultusministeren sendte op til Skolen, erholdt det nationale Parti paa Øen for en virksom Medhjælper. Derfor blev det Exempel, som var givet i Vestindien, hvor Generalgouverneurens Eftergivenhed mod en væbnet Opstand var bleven stadfæstet af Regjeringen, opstillet som Forbillede, og et Opraab til Islænderne om ikke at staae tilbage for Negerne blev fra Vesterlandet utbredt i Afskrifter.

Dog var det først i 1849, at Følgerne af disse Bestræbelser fremtraadte; i Efteraaret

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Danska stjórnin hafði öðrum hnöppum að hneppa en brjóta heilann um málefni Íslands um þessar mundir. Á fundi í ríkisráðinu 26ta ágúst las dómsmálaráðherrann Bardenfleth upp bænarskrá (Andragande) frá nokkrum Íslendingum, þar sem þeir óskuðu eftir að velja sjálfir fulltrúana fyrir Ísland á ríkisþinginu.[18] Á fundi í ríkisráðinu 30sta ágúst greindi forsætisráðherrann Moltke frá því sama.[19]

Á fundi í ráðinu þann 20sta september las Bardenfleth upp frumvarpið að grundvallarlögunum, sem átti að leggja fyrir grundvallarlagaþingið, en á eftir því kom viðbætir þess efnis, að engar ákvarðanir yrðu teknar um stöðu Íslands og Slésvíkur í danska ríkinu, fyrr en álits þeirra hefði verið leitað.[20*]

Þann 12ta október 1848 tilnefndi konungur fulltrúa Íslands á grundvallarlagaþingið, en það voru Brynjólfur Pétursson, Jón Guðmundsson, Jón Jónsson, Jón Sigurðsson og Konráð Gíslason.

Nú nálgaðist sá tími, að grundvallarlagaþingið kæmi saman. Jón Guðmundsson sigldi til Kaupmannahafnar til þess að lesa dönsk lög þetta haust, en minna varð úr því en ætlað var, þegar hann varð þess vísari, að hann var einn af þingfulltrúum Íslendinga, en það vissi hann fyrst, eftir að hann kom til Kaupmannahafnar. Þeim fimmmenningunum var nokkur vandi á höndum og héldu fundi um, hvað gera skyldi, þegar í þingsalina kæmi. Svo er jafnvel að skilja, að þeir hafi verið á báðum áttum, hvort þeir ættu að sitja á þinginu og taka þátt í störfum þess. Konungsbréfið frá 23ja september var ekki birt fyrr en 22an október, eða degi áður en þingið hófst. Þar var svo fyrir mælt, að ekki skuli lögleiddar ákvarðanir um stöðu Íslands í ríkinu fyrr en eftir að Íslendingar hafi látið álit sitt í ljós á

1848 nöiedes man endnu med at holde en lidet talrig Forsamling paa Thingvalla, hvorfra et Bönskrift nedsendtes til Danmark . . .

Jeg havde flere Gange ved udførlig private Breve gjört Minister Bardenfleth bekjendt med Tingenes Stilling paa Island. Da den Vei var bleven bekjendt, som man vilde gaae med Hensyn til Indförelsen af en Forfatning, gjörde jeg endnu opmærksom paa Önskeligheden af, at de Islændere, der skulde deeltage i den grundlovgivende Rigsforsamling, valgtes af Landet selv i samme Forhold, som dette skete i Kongeriget, men man gik ikke ind herpaa, skjöndt derom ogsaa var anholdt af adskillige ansete Mænd, som Sýnoden havde forsamlet i R. og bragte det derimod til det uheldige Resultat, at Grundloven vel ogsaa vedtoges af Islændere, som af Kongen vare dertil udnævnte, men at der tillige gaves det tvetydige Løfte, at den ikke skulde indføres paa Island, forinden Islænderne i en Forsamling i selve Landet derover vare hörte."

[20*] Viðbætirinn er á þessa leið: „De Grundlovsbestemmelser, som med Hensyn til Slesvigs og Islands særegne Forhold skulle anordne disse Landsdeles forfatningsmæssige Stilling i Riget, skulde først vedtages, efterat Slesvigere og Islændere derom ere hørte."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

þingi sér, sem þeir eiga í landinu sjálfu, „og þótti þá réttindum lands vors minni háski búinn en áður, svo ekki þótti nauðsyn á að áskilja berlega neitt um það efni, sem áður hafði komið til orða, fyrr en menn sæi hverju fram vindi", sagði Jón Sigurðsson í Nýjum félagsritum um þetta mál.[21] Þessi ummæli má skilja svo, að þeir hafi ætlað sér að reyna að koma í veg fyrir, að grundvallarlagaþingið ákvæði nokkuð um stöðu Íslands, eins og raunin varð á.

Brynjólfur Pétursson leit einnig svo á, að grundvallarlagaþingið ætti ekki að fjalla um málefni Íslands, því hann segir í bréfi til Jóns bróður síns 4ða maí 1848:[22] „. . . . ekki álít jeg okkur Íslendinga bundna við hina nýju stjórnarskrá, ef hún er ekki svo löguð hvað okkur sjálfa snertir, að við getum með góðri samvizku fallizt á hana. Við ætlum hjer öldungis að halda okkur í skefjum þangað til við sjáum, hvernig frumvarp stjórnarinnar verður."

Fregnirnar af því, sem gerðist á Íslandi sumarið 1848, fengu á sig ýmsar myndir, þegar kom til Kaupmannahafnar. Í Nýjum félagsritum 1849 segir, að sú fregn hafi gengið um alla Kaupmannahöfn mánuð eða lengur, að megn uppreisn væri á Íslandi og hefði byrjað á fundi á Þingvöllum, þar sem menn hefðu lýst því yfir, að þeir vildu taka upp frjálsa þjóðstjórn á ný.[23]

Í bréfi frá Pétri Péturssyni til Jóns bróður hans 27da október 1848 voru enn nánari fregnir af upphlaupinu, sem Jón Guðmundsson átti að hafa stjórnað, en þar segir Pétur svo frá:[24] „Altalad var í Höfn, ad Jón Guðmundsson hefdi ridid uppá alþíng í sumar og gjört upphlaup, hefdi verid í rádi, ad 1000 Cavalleristar eda riddarar kjæmu frá nordurlandi, en Infanterie ad sunnann, sem áttu ad drepa alla danska embættismenn og alla dansksindede og sjálfsagt alla kaupmenn." Hér er að vísu farið frjálslega með sannleikann, en á þessu ári skapaðist nýtt viðhorf hjá þjóðinni, sem átti ýmislegt skylt við þann anda, sem hratt af stað vopnuðum uppreisnum víðs vegar um Norðurálfuna.

ROSENØRN OG AFSTAÐA HANS TIL ÍSLENZKRA MÁLA

Í ævisögubroti Rosenørns (Momenter til Autobiografi), sem áður hefir verið vikið að, er greint frá ýmsu, sem lítið hefir verið haldið á loft af Íslendingum, en sumt af því kemur nokkuð við þessa sögu.

Á unga aldri voru stjórnmálaskoðanir Rosenørns mótaðar af

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Stemann, en stjúpmóðir Rosenørns var dóttir hans, og þess gætir í ævisögubroti hans, að þjóðfrelsismennirnir og sú hreyfing, sem þeir ollu í dönsku þjóðlífi, var honum ekki alls kostar geðfelld. Hins vegar var Rosenørn á sama reki og forvígismenn þjóðfrelsismannanna og bændavinanna, svo að afstaða þeirra til danskra stjórnmála var honum á engan hátt framandi.

Hér að framan hefir verið greint frá því, hvernig Rosenørn snerist gegn Ditlev Thomsen, þegar hann ætlaði að reka erindi hertogadæmanna vorið 1848. Á sama hátt lét hann í ljós andúð sína á Norðurfara og þeim boðskap, sem hann flutti Íslendingum.

Það var raunar ekki að undra, að Danir væru uggandi um ríki sitt, því að ókyrrðin gerði einnig vart við sig í nýlendum Dana vestan hafs á því herrans ári 1848. Það var einungis á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum, sem fátt bar til tíðinda. En merkisárið 1848 var ekki á enda, þegar bliku dró á loft á Íslandi.

Svo er að skilja, að Rosenørn hafi fengið ritgerð eftir séra Ólaf E. Johnsen á Stað í hendur kringum áramótin 1848–1849. Hún er varðveitt í tveimur allmismunandi gerðum, og sú gerðin, sem prentuð var í Nýjum félagsritum 1849, bls. 1–8, virðist hafa komið fyrir augu stiftamtmanns, því að þar er talað um, hvernig „Blökkumenn á Vestureyjum fengu nýlega frelsi sitt allt í einu."[1*]

Rosenørn telur þetta umburðarbréf hafa borizt austur um Norðurland og dreifzt um Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslur, en Arnór Árnason sýslumaður í Húnavatnssýslu hafi náð í það og komið í veg fyrir dreifingu þess í sýslu sinni.

Auk þess telur Rosenørn, að beint samband hafi verið á milli þessa bréfs og norðurreiðar Skagfirðinga að Möðruvöllum vorið 1849. Rosenørn setti Þórð Jónasson amtmann yfir Norður- og Austuramtið eftir andlát Gríms amtmanns, en svo er jafnvel talið, að Grímur hafi látizt af afleiðingum af heimsókn Skagfirðinga.

Rosenørn greinir einnig frá því, að bændur í Árnessýslu hafi neitað að greiða alþingiskostnað (det nylig paabudne Paalæg til Althinget), og hann hafi með tilstyrk löghlýðins hreppstjóra kippt þessu í lag, enda tók Rosenørn sér ferð á hendur austur til að fylgja þessu eftir.

[1*] Í ævisögubrotinu stendur: „Derfor blev det Exempel, som var givet i Vestindien, hvor Generalgouverneurens Eftergivenhed mod en væbnet Opstand var bleven stadfæstet af Regjeringen, opstillet som Forbillede, og et Opraab til Islænderne om ikke at staae tilbage for Negerne blev fra Vesterlandet udbredt i Afskrifter". Í þeirri gerð þessa ávarps, sem til er með hendi Ólafs E. Johnsens og prentuð er í Vestlendingum II², bls. 127–132, segir, að hún sé skrifuð í nóvember 1848, en þar er ekki minnzt á blökkumenn á Vestureyjum.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Það er einnig ljóst, að Rosenørn leit undirbúninginn að Þingvallafundi 1849 óhýru auga, því að hann segir, að hann hafi tekizt þessa ferð á hendur að nokkru leyti með það markmið fyrir augum að koma í veg fyrir, að fundurinn tæki óheillavænlega stefnu.[2]*

Í umburðarbréfi séra Ólafs á Stað var rætt nokkuð um undirbúning að samkomuhaldi að vori, áður en alþingi skyldi hefjast. Þar segir svo:[3] „Lífið verður því að koma frá sjálfri þjóðinni, og það verður að byrja með almennum samkomum, fyrst í hverju héraði sér í lagi, og síðan á einum stað frá öllu landinu; á fundum þessum þarf að ræða um þau málefni, sem mest er í varið, t. a. m. stjórnarlögun landsins, verzlunarfrelsi og fyrirkomulag verzlunarinnar, póstgaungur, kosningarlögin, jarðamatið og þesskonar fleira, bænarskrár þarf að semja um það sem þurfa þykir úr hverju héraði, og loks þarf að ákveða hverir fara ætti úr hverju héraði skömmu fyrir alþíng til allsherjar fundar við Öxará, tel eg þá ekkert líf vaknað með oss, ef ekki hrökkva tíu menn upp úr dúrnum í sýslu hverri, og komi þeir allir saman við Öxará, nokkrum dögum fyrir alþíng; þar sé enn á ný rædt um málefnin og að því búnu ríði allur flokkurinn til alþíngis og láti nokkra þá menn, er kosnir verða til eyrindisreka, gánga inn um opnar dyr þínghússins og leggja bænarskrárnar á borð þíngsins fyrir forseta, með þeim fyrirmælum og upphvatníngarorðum sem þar til heyra, bæði til þíngsins og þeirra sem túlka eiga mál vort fyrir konúnginum".

Rosenørn hefir verið kunnugt um þessar ráðagerðir, því að hann segir frá þessu í ævisögubrotinu, og hann gerði ráðstafanir til að mæta fundarmönnum Þingvallafundarins, þegar þeir kæmu til alþingis í þeim tilgangi að knýja þingið til að fallast á kröfur Þingvallafundarins.[4]*

[2]* Í ævisögubrotinu segir svo: „Saasnart jeg kom til Kundskab herom, afsatte jeg Repstyrerne i de Districter, hvor Skattevægringen havde fundet Sted, og begav mig kort efter paa en Reise til Østerlandet deels for at fremskynde Udförelsen af denne Ordre, der syntes at drages i Langdrag, og deels for at söge at modvirke en uheldig Retning af et stort Möde, som man havde i Sinde at tilveiebringe paa Thingvalla.

Som Bevægelsens Grundlag havde man opstillet den Sætning, at da Island havde bevaret sit eget Sprog, og da alt politisk Liv maa knyttes til Folkesproget, fremgik det heraf som Forsynets Villie, at Island maatte have politisk Selvstændighed."

[4]* Rosenørn segir svo frá í ævisögubrotinu: „Det syntes at være Planen at vedtage dette (kröfuna um stjórnmálalegt sjálfstæði) i en stor Folke-forsamling paa Thingvalla og derpaa i Masse at begive sig til Reykjavík for at tvinge det der forsamlede Althing til at proclamere disse Beslutninger.

Det lykkedes mig nu at formaae flere besindige Mænd, der dog, som gode og nationalsindede Patrioter havde megen Indflydelse paa deres Landsmænd, til at begive sig til Thingvalla og der afholde Forsamlingen fra en overilet Optræden. Dette blev iövrigt

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Gísli Konráðsson var meðal Skagfirðinga, sem riðu á Þingvallafund sumarið 1849, og hann og Tómas Tómasson á Hvalnesi riðu síðan til Reykjavíkur til að vera við opnun þingsins, eins og um var talað í umburðarbréfinu, „voru þeir vel teknir af allri alþýðu".[5] Rosenørn greinir frá þessu í ævisögubroti sínu, og hann brá á það ráð að fá franskan skipstjóra til að leggja skipi sínu í Reykjavíkurhöfn dagana, sem fundurinn var á Þingvöllum, í því skyni að geta leitað til hans að halda uppi lögum og reglu. Þessar varúðarráðstafanir reyndust óþarfar, og Rosenørn þakkar það því, að afleiðingarnar af norðurreiðinni hafi þá verið orðnar alkunnar og það hafi dregið móðinn úr fundarmönnum.

Rosenørn getur þess einnig, að menn hafi farið þess á leit við sig, að störf alþingis færu fram í kirkjunni í Reykjavík til þess að áheyrendur gætu verið uppi og fylgzt með þingstörfum líkt og gerðist í Frankfurt.

Af framanskráðu er ljóst, að Rosenørn var í andófi gegn alþýðu manna á Íslandi. Hins vegar átti hann góða vini meðal íslenzkra embættismanna í Reykjavík, eins og sjá má af bréfum þeim, sem þeir skrifuðu honum, eftir að hann fluttist aftur til Danmerkur. Einn þeirra var Pétur Pétursson, síðar biskup. „Vid gaungum út samann á hverjum morgni um fótaferdartíma," skrifaði Pétur Brynjólfi bróður sínum 21sta apríl 1849,[6] og í bréfum sínum til Brynjólfs lýkur Pétur miklu lofsorði á Rosenørn og segir, að hann hafi öðlazt miklar vinsældir meðal þingmanna vegna sannsýni og lipurðar.

Það er ekki ósennilegt, að Pétur hafi verið einn þeirra, sem Rosenørn fékk til að hafa áhrif á Þingvallafundinum 1849, en Pétur var fundarforseti, svo sem áður er getið, og réð miklu um, hvaða stefnu fundurinn tók, enda segir Pétur í bréfi til Brynjólfs bróður síns 24ða ágúst 1849;[7] „Þad gledur mig, ad Rosenörn hefur haft nokkurt traust á mér, enda verd jeg ad segja þad, ad jeg átti gódann þátt í því,

lettet ved den nylig intrufne Begivenhed paa Nordlandet, hvis sörgelige Udfald neppe havde ligget i Vedkommendes Beregning og i alt Fald berövet dem deres Landsmænds Sympathie.

Det var saaledes kun et ringe Antal fra andre Sysler og forholdsvis et noget större fra Skagafjorden, som begav sig fra Thingvalla til Reykjavík, og da jeg havde formaaet Capitain Mancroix til at anlöbe denne Havn samtidig med Mödet ved Thingvalla, gik Althingets Aabning for sig i Rolighed . . . Jeg havde vel meddeelt Autoriteterne i Kjöbenhavn, at Nærværelsen af en dansk Krigsskib var önskelig, men gjört dette privat, da jeg forudsaa, at man ikke kunde gaae ind derpaa uden at svække Forsvaret Hjemme, der selvfölgelig var af langt større Vigtighed. Den constituerede Politimester maatte iøvrigt anvende sin hele personlige Indflydelse over de paagjældende for at holde dem tilbage fra at trænge ind i Althingssalen efter de Deputerede".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ad Þingvallafundurinn gékk svo vel; en — þad vil jeg ekki, ad landar okkar heyri í Höfn."

Brynjólfur gat þó ekki alls kostar þagað um þetta, því að hann skrifaði Grími Thomsen 18da ágúst 1849 og sagði þar meðal annars:[8] „. . . . það gladdi mig meðal annars að Þingvalla samkoman prestúeraði sig ekki, eða rjettara sagt málefni okkar. Var það líklega mikið að þakka Pjetri bróður mínum sem þar var kosinn til oddvita og hjelt snjalla ræðu frá Lögbergi til þingheymsins."

Veturinn 1848–1849 vann Rosenørn að því að semja álitsgerð um íslenzka verzlunarmálið. Hún er varðveitt í bréfabók stiftamtmanns 1847–1848 (Æ) og ber þess vitni, að Rosenørn hefir lagt mikla vinnu í að kynna sér málið, enda var hann mikill starfsmaður.

Verzlunarmálið var mjög á dagskrá um þetta leyti, og Íslendingar væntu þess, að sá dagur væri í nánd, að það yrði útkljáð. Pétur Pétursson segir til að mynda í bréfi til Brynjólfs bróður síns 7da september 1849:[9] „Óskandi væri, ad verzlunarmálid yrdi útkljád í vetur og allt búid sem best undir samkomuna ad sumri". Eins og kunnugt er dróst þetta samt um árabil.

Þegar Rosenørn kom til Kaupmannahafnar haustið 1849, var risinn upp skoðanamunur meðal ráðherranna í sambandi við Slésvíkurmálið. Innanríkisráðherrann Bang fór einn sér. Hann hafði einnig á prjónunum gagngerðar breytingar á landbúnaðarlöggjöf Dana, sem hinir ráðherrarnir vildu ekki eiga hlutdeild í. Rosenørn segir í ævisögubroti sínu, að Bardenfleth hafi komið að máli við sig og óskað þess, að hann tæki við af Bang, og þar sem Rosenørn féllst á afstöðu stjórnarinnar til Slésvíkurmálsins, tók hann við ráðherraembættinu 21sta september 1849, sem hann gegndi fram í júlí 1851. Í ríkisstjórninni fór Rosenørn meðalveginn, því að hann fylgdi hvorki hægri mönnum né þjóðfrelsisflokknum að málum, þó að hann hallaðist frekar á sveifina með þeim síðarnefndu í Slésvíkurmálinu.

Innanríkisráðherrann réð miklu um málefni Íslands, svo að það skipti meginmáli, hver þar var í forsvari. Þetta var Brynjólfi vel ljóst, enda segir hann í bréfi til Jóns bróður síns 24ða september 1849:[10] „Jeg tók bónarskrá þína um landsyfirdómara embættið og fjekk Rosenörn hana, og bað hann að mæla fram með henni skriflega. Nú veit jeg ekki hvort hann gerir það skriflega; því jeg skal seigja Þjer sögu — Hann er orðinn Indenrigsminister. Þjer mun nú þykja það eins undarlegt, eins og flestum sem hjer eru; því enginn maður átti von á því, eða gat dottið í hug að hann mundi verða það. Bang vildi komast frá, hvort sem það hefur nú verið vegna þess hann gat

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ekki komið sjer saman við hina í Sljesvíkurmálinu, sem hann bar fyrir, eða hann hefur ekki treyst sjer að komast heill á hófi gegnum allar þær Reformer i Landbolovgivningen, sem hann er búinn að velta á stað. Rosenörn hefur nú tekið við, og má hamingjan vita hvernig honum reiðir af. Jeg varð þess undir eins vissari þegar þeim datt í hug að taka Rosenörn, og fann það því meiri skyldu mína, að styðja að því það lítið sem jeg gat, sem jeg var hræddur um að fá annan langtum verri mann fyrir íslenzku málin, og veit að hann í *nokkrum* greinum er á sama máli og jeg, þó aldrei væri annað enn um íslenzkuna. En hvort honum tekst nú að koma nokkru fram í þeim efnum, sem á ríður, það er eptir að vita."

Það kemur samt fram í bréfum Brynjólfs um þetta leyti, að hann telur þessi ráðherraskipti ekki hafa verið breytingu til batnaðar. Til að mynda segir hann í bréfi til Péturs bróður síns 27da september, þegar hann hefir lokið að segja frá þessum atburðum:[11] „En Rosenörn er þó altjend í nokkrum efnum á mínu máli um Íslands hagi sem óvíst er að aðrir hefðu orðið. En hvers af honum er að vænta í því efni yfir höfuð, það er ómögulegt fyrir mig að leiða getur um. Þó finn jeg, að hann vill ekki gefa okkur sömu kosti og Bang, og jeg er sannarlega mikið hræddur um, hann vilji ekki gefa okkur mikið ráð yfir álögum þeim, sem á okkur skal leggja".

Rosenørn skorti ekki vitneskju um það, sem til bar á Íslandi bæði áður og eftir að hann fór þaðan. Þórður Jónasson skrifaði honum norðan frá Friðriksgáfu 18da júlí 1849 og sagði honum frá aðkomu sinni þangað.[12] Hann vék að sjálfsögðu að heimreiðarmálinu og dró enga dul á, að hann hafði komizt að raun um, að Grímur amtmaður hefði verið kominn í verulega andstöðu (stærk Opposition) við amtsbúa, einkum þó í Skagafirði, og af bréfaskriftum hans og sýslumannanna í amtinu megi sjá, að ágreiningur (Disharmonie) hafi verið milli hans og þeirra.

Það kom í ljós í framburði Gísla Konráðssonar um fundinn á Kalláreyrum[13] „ad hid svonefnda vestanbrjef, er afskrift af kom hingad med Jóni Bjarnasyni þá á Egildarhollti, er hann fór vestur ad Reykhólum í vetur kunni ad hafa hvatt menn til fundarins, en þad sje ekki fremur stílad til Skagfirdinga, enn Islendinga yfir höfud".

Þorbergur Jónsson hreppstjóri á Dúki greinir svo frá í framburði sínum um fundinn á Kalláreyrum:[14] „Mál sem þar hafi verið rædd seigir hann hafi verið *fyrst* um að senda einn eða tvo menn úr hverjum hrepp til fundarins á Þingvöllum í Júní mánuði í *öðrulagi* um jarðamatið eða reglur fyrir því *þriðja* um jarðarkúgyldi, . . .

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Kansellibygningin.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fjórða um tíundargjald til presta og kirkna . . . fimta uppástúnga um að biðja þáverandi amtmann að seigja af sér embættinu".

Þessi játning ber með sér, að fundurinn á Kalláreyrum hefir mótazt af „Ávarpi til Íslendinga", enda kemur það fram í yfirheyrslunum, að ávarpið hefir gengið milli manna í héraðinu, og í málsskjali nr. 12, sem er eins konar ávarp til Skagfirðinga, „ritað við byrjun August mán: 1849" segir svo:[15] „Ekki hefi eg fengið að sjá bréfið vestanað, sem sagt er að hafi geingið um hjá Yðr í vor eða vetr og heyri eg þó sagt að búið sé að prenta nokkuð af því í Félagsritinu nýa.—"

Þegar Þórður Jónasson skrifaði Rosenørn 18da júní 1849, vissi hann um, að Jón Bjarnason hafði komið með umburðarbréfið að vestan, því að hann segir Rosenørn frá því í lok bréfsins.[16] Af heimreiðarmálinu er það frekar að segja, að Eggert Briem annaðist yfirheyrslurnar í Eyjafirði og Skagafirði, og að því loknu sendi Þórður Jónasson dómsmálaráðuneytinu málið í eftirriti ásamt greinargerð.[17] Þórður Jónasson sagðist senda dómsmálaráðuneytinu málið, til þess að það skyldi ákveða, hvort því skyldi haldið frekar áfram. Raunar taldi hann, að vegna sjálfrar norðurreiðarinnar hafi verið nóg að gert með því að kalla hlutaðeigendur fyrir rétt, en hins vegar varhugavert að láta við svo búið standa, þegar þeir stóðu uppi í hárinu á yfirvöldunum með því að mæta ekki fyrir rétti. Skagfirðingar fá þann vitnisburð, að sjálfræðisandinn og virðingarleysið fyrir lögum og rétti sitji þar í öndvegi.

Þórður greinir svo frá, að hann hafi látið rannsaka málið eftir að hafa ráðfært sig við stiftamtmann, enda hafi sá orðrómur verið uppi, að fleiri embættismenn mættu eiga von á svipuðu og Grímur amtmaður, og óánægjan, sem risið hafi gegn Grími, hafi ekki stafað af því, að hann hafi gengið á rétt manna, heldur hafi þessi óánægjuólga (Bevægelses- og Utilfredshedens-Aand), sem svo víða skjóti upp kollinum, verið hér að verki. Þá getur hann þess, að norðurreiðarmenn hafi þekkt frásagnir af uppþotum (Optöjer) gegn ríkisstjórn og yfirvöldum og í samræmi við það snúið sér gegn Grími amtmanni.

Hann getur þess einnig, að þessi atburður hafi vakið mikla eftirtekt, því að sambúð yfirvalda og alþýðu hafi verið góð til þessa, og norðurreiðin hafi hlotið mjög misjafna dóma, því að sumir hafi talið, að hér hafi menn tjáð sig á löglegan hátt, en aðrir, að um refsivert athæfi hafi verið að ræða.[18*]

[18*] Í greinargerðinni segir svo: „Sagen vakte almindelig Opsigt, og det saa meget des heller, som Amtmanden kort efter afgik ved Döden; en Demonstration af denne Beskaffenhed var desuden noget ganske Nyt og Uhört her i Landet, hvor Forholdet

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Greinargerðin og málsskjölin komu til Kaupmannahafnar fyrir mánaðamótin október-nóvember 1848, því að þau eru færð inn í bréfadagbók íslenzku stjórnardeildarinnar 1sta nóvember. Síðan fóru þau rétta boðleið í dómsmálaráðuneytið, og það svaraði með bréfi til amtmannsins í norðuramtinu 17da nóvember 1849, þar sem það taldi, að úr því ekkert var frekar aðhafzt þegar í stað, væri um seinan að gera nokkuð í málinu, og aðalatriðin í bréfinu eru auk þess færð inn í bréfadagbókina með hendi Brynjólfs Péturssonar.[19*]

Að því verður engum getum leitt, hvort Brynjólfur Pétursson kunni að hafa haft einhver áhrif á afstöðu dómsmálaráðuneytisins í þessu máli. Honum var vel kunnugt um af bréfum frá íslenzkum sýslumönnum, að Grímur amtmaður var hvorki vinsæll af alþýðu manna né embættismönnum, sem jafnframt gerðu því skóna, að Brynjólfur yrði eftirmaður Gríms sem amtmaður.

Brynjólfur kvað upp þann dóm um Þórð Jónasson sem amtmann, að hann hafi staðið vel í stöðu sinni, „nema hvað hann var svo irresolut í málinu um heimreiðina til Gríms sáluga, að hann gerði ekki annað enn senda það hjer niður, þó hann mætti hafa sjeð, að úr því hann gerði ekkert strax væri það öldungis vitlaust að taka það upp aptur í sumar, og það vildi hann þó láta vera".[20]

Vel má það vera, að þeir atburðir, sem gerðust í Reykjavík veturinn 1849–1850, hefðu orðið með öðrum hætti, ef harðara hefði verið tekið á norðurreiðinni af hálfu dómsvaldsins, en hvort tveggja var, að málstaður Gríms amtmanns þótti ekki góður, og gætnir menn hikuðu við að ganga undir eggjar alþýðu manna, þegar hún var í uppreisnarhug.

Það bar einnig til tíðinda vorið 1849, að héraðsfundir voru haldnir að Kollabúðareyrum og Þórsnesi. Séra Ólafur Sivertsen mun hafa átt drýgstan þátt í að hrinda þessum fundum í framkvæmd, en Jón Sigurðsson hafði hvatt hann til að ljá þessu máli liðsinni sitt. Fundinn á Kollabúðareyrum sóttu yfir 80 manns frá Vestfjörðum. Þar voru samdar bænarskrár um ótakmarkað verzlunarfrelsi, að skýrsla um fjárhag landsins yrði sem bráðast samin og birt almenningi og

mellem Øvrighed og Undergivne overhovedet hidtil har været kjærligt og i sin gode Orden; denne Demonstration blev i midlertid bedömt meget forskjellig, idet Nogle ikkun saae i den en legitim Brug af Yttringsfriheden, medens Andre derimod saae i den en strafværdig Misbrug af samme, og et Forspil til Noget endnu Værre."

[19*] Þau eru svohljóðandi: „Amtmanden tilskrives, at da han Intet strax har foranstaltet til Sagens videre Forfölgning, finder Ministeriet, at der, paa den Tid Svar kan indlöbe herfra, vil være hengaaet saa lang Tid, at videre Foranstaltninger ikke ville faae den tilsigtede Nytte."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

að embættismenn skrifi á íslenzku. Þá vildu þeir láta halda alþingi á Þingvöllum og fjölga þjóðkjörnum þingmönnum upp í 56 á hinum væntanlega þjóðfundi. Þessi fundur stóð í 2 daga, 18da og 19da júní. Þar voru samþykktar 7 bænarskrár, kosnir menn til að mæta á fundinum á Þórsnesi og einnig voru valdir menn til að fara með bænarskrárnar til Þingvallafundarins 28da júní.

Fundurinn á Þórsnesi stóð einn dag. Hann var með líku sniði og fundurinn á Kollabúðareyrum, því að bænarskrárnar þaðan voru samþykktar og fengnar þeim mönnum, sem fundurinn sendi á Þingvallafundinn. Á Þórsnesfundinum voru 60 manns úr Snæfellsnes-, Mýra- og Dalasýslu að þeim, sem komu frá Kollabúðareyrum, meðtöldum.[21]

Af framansögðu er ljóst, að héraðsfundir þeir, sem hér hefir verið getið, hafa í höfuðatriðum farið eftir forskriftinni, sem gefin var af séra Ólafi á Stað í „Ávarpi til Íslendinga!"

GRUNDVALLARLAGAÞINGIÐ

Grundvallarlagaþingið var sett 23ja október 1848. Í bréfasafni Brynjólfs Péturssonar eru varðveitt þrjú bréf og skjöl, sem snertu setu hans á grundvallarlagaþinginu. Meðal þeirra eru bréf konungs dagsett 12ta október 1848, þar sem Brynjólfur er kvaddur til þingsetu sem konungkjörinn þingmaður. Í bréfinu er ekki talað um, að hann sé valinn fyrir Ísland, heldur vitnað til 1stu greinar kosningalaganna frá 7da júlí það ár.[1*] Í öðru lagi er prentað blað með leiðbeiningum handa þingmönnunum í sambandi við guðsþjónustuna í „Christiansborg Slotskirke" og um leiðina yfir í þingsalinn að guðsþjónustunni lokinni. Þetta skjal er dagsett 21sta október og nafn dómsmálaráðherrans Bardenfleths undir.

Konungur setti þingið með stuttri ræðu. Því næst tók forsætisráðherrann A. W. Moltke til máls. Svo er talið, að ræðan, sem hann

[1*] Bréfið er svohljóðandi: „Vor Naade! I Henhold til den under 7*de* Juli d: A: emanerede Valglov § 1, hvorved Vi have forbeholdt Os at udnævne et vist Antal Medlemmer af den ved Vor allerhøieste Kundgjørelse af 4*de* April d: A: bebudede Rigsforsamling, give Vi Dig hermed tilkjende, at Vi allernaadigst ville have Dig udnævnt til Medlem af bemeldte Forsamling.

Thi haver Du at rette Din Leilighed efter at kunne møde i Forsamlingen d: 23*de* denne Maaned, til hvilken Dag vi have befalet, at Rigsforsamlingen skal sammentræde.—

Dermed skeer Vor Villie.— Befalende Dig Gud.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

flutti, hafi raunar verið samin af Orla Lehmann, en þar var svo að orði komizt um Ísland:[2*] „Tilhaganir þær, sem eiga við hið frábrugðna ásigkomulag Íslands og snerta það sérílagi, geta ekki komizt í kring fyrr en búið er að heyra álit um þau (sic) frá þingi á Íslandi".

Daginn eftir að grundvallarlagaþingið var sett, var lagt fram frumvarp til grundvallarlaga fyrir konungsríkið Danmörku og Slésvík ásamt frumvarpi til kosningalaga. Í grundvallarlagafrumvarpinu var Íslands hvergi getið, en í kosningalagafrumvarpinu var svo fyrir mælt, að Ísland skyldi kjósa 5 þingmenn til þjóðþingsins (Folketinget), en 2 til landsþingsins (Landstinget).[3] Þessi atriði í kosningalagafrumvarpinu stungu mjög í stúf við orð A. W. Moltke daginn áður og fyrirmæli konungsbréfsins frá 23ja september, því að af þeim var auðséð, „að svo hefir verið til ætlazt af höfundum frumvarpanna, að Ísland skyldi vera undir grundvallarlögum þessum eins og eitthvert amt í Danmörku sjálfri, sem sendi eins marga fulltrúa að tiltölu",[4] svo að notuð séu orð Jóns Sigurðssonar.

Á 10da fundi þingsins 2an nóvember 1848 voru skrifarar þingsins kjörnir, en það voru þeir N. L. Westergaard með 145 atkvæðum, Brynjólfur Pétursson með 129, W. Ussing með 113 atkvæðum og Cederfeldt de Simonsen með 65.[5] Sama dag var þinginu skipt í 5 deildir þannig,að þingmenn voru látnir draga um það, í hvaða deild þeir ættu að vera. Brynjólfur lenti í 4ðu deild, Jón Guðmundsson og Konráð í 3ju deild, Jón Sigurðsson í fyrstu deild og Jón Johnsen í annarri deild. Í hverri deild voru annað hvort 30 eða 31 þingmaður.

Svo var ráð fyrir gert, að þingdeildirnar skyldu fjalla um frumvarpið til grundvallarlaganna, en jafnframt var kjörin 17 manna nefnd til að ganga frá því. Þessi nefndarkosning fór fram 21sta desember 1848. Fyrst kaus hver deild 2 nefndarmenn eða 10 alls, en því næst kaus allt þingið 7. Til þess að vera rétt kjörinn þurfti helming gildra atkvæða, en 128 þingmenn greiddu atkvæði. Í fyrstu lotu hlutu aðeins 2 lögmæta kosningu. Sex seðlar voru ógildir, en þeir tveir, sem náðu kjöri, voru Jacobsen (með 66 atkv.) og Brynjólfur (með 62). Síðan var kosið aftur og aftur, unz 7 voru kjörnir.

Danskir sagnfræðingar skipta þingmönnunum á grundvallarlagaþinginu í þrjá hópa, hægri menn, miðflokk (Centrum) og vinstri.

[2*] Í dönsku þingtíðindunum stendur: „At alle de særlige Bestemmelser, som skulle give Slesvigs Selvstændighed en grundlovmæssig Hellighed, kun kunne vedtages efter Freden og kun i Forening med Slesvigerne, er en Selvfølge. De til Islands eiendommelige Forhold svarende, for samme særegne, Indretninger kunne først ordnes, efterat en islandsk Forsamling derover er bleven hørt."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Hægri mennirnir voru gamlir embættismenn og jarðeigendur, þjóðfrelsismennirnir töldust vera í miðflokknum og vinstri mennirnir voru úr röðum bændavinanna. Mörkin milli þessara hópa voru þó ekki skýr. Hver þeirra var nærri því einn þriðji hluti þingmanna, þó þannig, að hægri og vinstri voru hvor um sig fjölmennari en miðflokkurinn.

Í grundvallarlaganefndinni urðu miðflokksmennirnir fjölmennastir. Þar áttu þeir níu þingmenn, hægri menn fimm og vinstri þrjá. Raunin varð einnig sú, að miðflokkurinn lét mest að sér kveða á grundvallarlagaþinginu. Brynjólfur Pétursson taldist til miðflokksins, og það gerði aðstöðu hans í nefndinni sterkari að hafa þar svo marga skoðanabræður.

Nefndin skilaði áliti sínu 22an febrúar og 26ta marz. Mestar umræður urðu um 30stu til 36tu grein, en þær voru til umræðu frá 9da marz til 29da sama mánaðar.

Það hefir verið talið mikið happ fyrir Íslendinga, að Brynjólfur Pétursson skyldi verða valinn í nefndina, og það sýnir, hvert álit danskir stjórnmálamenn höfðu á honum, að hann skyldi verða valinn bæði sem skrifari og nefndarmaður. Hann minnist í tveimur bréfum til Jóns bróður síns á störf sín í þinginu. Í fyrra bréfinu frá 14da marz 1849 segist honum svo frá:[6] „Opt [hef] jeg áður haft mikið að gjöra, enn það hefur kastað tólfunum fyrir mjer í vetur. 23 oktober í haust var ríkissamkoman sett, og var jeg kosinn þangað fyrir Íslands hönd ásamt Jóni Sigurðssyni, Johnsen assessor, Konráði og Jóni Guðmundssyni. Var jeg kosinn fyrir skrifara á þinginu ásamt 3*ur* öðrum, og höfum við að sönnu ekki mikið að gera í því embætti, nema hvað við alltaf verðum að vera við. En það sem verra var fyrir mig, að jeg var valinn í nefndina, sem gefa átti áliktun yfir Grundlovudkastet, og þar hef jeg setið 6 tíma hvern virkan dag síðan á nýári, nema þegar mót hefur verið í þingsalnum, þó ekki nema þrjá tíma. Getur þú nærri að mjer muni því hafa verið og vera erfitt að ljúka störfum mínum í departementinu."

Sú hugmynd hafði skotið upp kollinum hjá dönskum stjórnmálamönnum, að sambandi Slésvíkur og Danmerkur og Íslands og Danmerkur yrði komið fyrir á líkan hátt. Rosenørn stiftamtmaður vék að þessu í bréfi til dómsmálaráðuneytisins 21sta júlí 1848, sem getið var hér að framan. En Slésvíkurdeilan dróst á langinn, og danska stjórnin sagði upp vopnahléinu, sem gert hafði verið um sumarið, þann 26ta febrúar 1849. Styrjöldin hófst að nýju í byrjun aprílmánaðar.

Í bréfi því, sem Rosenørn stiftamtmaður skrifaði dómsmálaráðu-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

neytinu 21sta júlí 1848, drap hann á, að æskilegast væri, að konungsfulltrúinn á næsta alþingi yrði íslenzkur maður. Ríkisstjórnin féllst á þessa tillögu og kvaddi Pál Þórðarson Melsteð, sem þá var sýslumaður í Árnessýslu, til að koma til Danmerkur og búa sig undir starfið. Hann fór til Danmerkur og tók til óspilltra málanna við undirbúninginn.

Innanríkisráðuneytið óskaði eftir því, að Páll Melsteð legði fram rökstudda álitsgerð um, hvaða mál stjórnin ætti að leggja fyrir næsta alþingi. Páll gerði eins og fyrir hann var lagt,og er álitsgerðin dagsett 5ta febrúar 1849.[7]

Álitsgerðinni lýkur með því, að Páll telur upp þau mál, sem hann vildi láta leggja fyrir alþingi, en það var frumvarp að lögum um kosningar til alþingis, frumvarp um kosningu fulltrúa til ríkisþingsins, ef Íslendingum yrði fenginn sá réttur í hendur og fulltrúarnir yrðu valdir af þjóðinni. Í þriðja lagi var svo frumvarp um grundvallarlög Íslands og stöðu þess í konungsríkinu, auk tveggja frumvarpa um breytingar á erfðalögum og lögum um vogrek.[8**]

Greinargerð Páls Melsteðs er fyrir margra hluta sakir athyglisverð og merkileg. Hann lagði til, að hin nýju kosningalög yrðu reist á frjálsu kjörgengi (fri Valgbarhed), víðtækari kosningarétti en áður og óbeinum kosningum. Hins vegar þótti honum ekki ástæða til að fara eins að og í Danmörku að leggja fyrst fyrir alþingi kosningalagafrumvarp, sem kosið yrði eftir einu sinni, og leggja síðan fyrir það þing frumvarpið til hinna endanlegu kosningalaga, því að slíkt drægi málið um of á langinn. Í stað þess vildi Páll láta alþingi 1849 ganga frá kosningalögunum fyrir Ísland á sama hátt og grundvallarlagaþingið gerði fyrir Danmörku.

Samkvæmt kosningalagafrumvarpinu, sem lagt var fyrir grundvallarlagaþingið, var svo fyrir mælt í 23ju og 42ri grein, að Íslendingar ættu að eiga sæti á ríkisþinginu. Um þetta atriði vildi Páll láta setja sérstök lög. Hann taldi nær ógerlegt að semja kosningalög fyrir þessa þingsetu, enda taldi hann, að þingfulltrúar Íslands ættu lítið erindi á ríkisþingið, því að sambandi landanna yrði þannig háttað, að sameiginleg þingmál yrðu fá. Þess vegna vildi hann, að hætt yrði við hlutdeild Íslands í dönsku þingi, eins og hún var hugsuð í frumvarpinu, en konungur tilnefndi 2 menn til að vera fulltrúa

[8**] 1, Udkast til en Valglov for Valg af Medlemmer til Althinget. 2, Udkast til en Lov om Valgene til Rigsdagen, dersom en slig Valgret skal overdrages til Islænderne, eller hvis Island deri skal have en folkevalgt Repræsentation. 3, Udkast til en Lov om Islands grundlovsmæssige Forfatning og Stilling i Kongeriget."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Íslands, sinn í hvorri deild, þegar sameiginleg mál landanna væru til umræðu, en síðan yrðu þau lögð fyrir alþingi sem ráðgefandi aðila.

Páll Melsteð vildi láta alþingi 1849 ganga frá sambandi Íslands og Danmerkur, „hvorefter Island som en særegen Provinds skal indorganiseres i Danmark som et constitutionelt Kongerige". Hann áleit það heitustu ósk Íslendinga, að gengið væri frá þessum málum sem fyrst, og hugði, að ekki skipti máli, þó að alþingi hefði einungis tillögurétt (blot raadgivende), þar sem Íslendingar vildu helzt taka við stjórnarskrárréttindum sínum sem gjöf úr hendi konungs. Páll áleit, að ekkert mundi vinnast við að bíða átekta og láta fjölmennara þing og valdameira (forsynet med større Myndighed) fjalla um málið.

Í sambandi við alþingi benti Páll Melsteð á, að viðsjárvert væri að fella niður konungskjör á alþingi vegna starfshæfni og þekkingar hinna konungkjörnu og einnig af þeirri ástæðu, að í einmenningskjördæmunum mundu bændur verða fyrir valinu.

Páll Melsteð óttaðist, að Slésvíkurdeilan mundi stemma stigu fyrir því, að gengið yrði frá sambandsmálum Íslands og Danmerkur. Honum duldist ekki sú hætta, sem Dönum gat stafað af því að ganga frá sambandi Íslands og Danmerkur, áður en málin höfðu verið gerð upp við Slésvík, og benti á, að sum þeirra mála, sem mundu verða sameiginleg hjá Danmörku og Slésvík, yrðu sérmál hjá Íslendingum, sem alþingi yrði að fjalla um.

Tillögur Páls verða ekki raktar frekar, en þær gengu síðan í gegnum hendur Brynjólfs Péturssonar og ráðherranna Bardenfleths og P. G. Bangs, sem var innanríkisráðherra.

Jón Sigurðsson vænti þess í upphafi árs 1849, að grundvallarlagafrumvarp yrði lagt fyrir alþingi þá um sumarið. Samkvæmt því, sem Jón skrifar Þorgeiri Guðmundssyni 9da janúar 1849, hafa þeir Páll Melsteð og hann hugsað sér, að alþingi fjallaði sem ráðgefandi þing um grundvallarlagafrumvarpið.

Í bréfinu til Þorgeirs talar Jón um, að alþingi skuli fá skattamálin í sínar hendur (Skattebevillingsret) og löggjafarvald í málefnum Íslands. Stjórnin flytjist inn í landið, en hefði eins konar stjórnarfulltrúa í Kaupmannahöfn, og Íslendingar sendi enga fulltrúa á ríkisþingið.[9*]

[9*] Í bréfinu kemst Jón að orði á þessa leið: „Vore (islandske) Sager har jeg endnu ikke noget daarligt Haab om, vi gaae langsomt og sagte, men — som jeg troer — sikkert frem. I de danske Sager blande vi os (af Princip) slet ikke. Pétursson er i Grundlovs-Comiteen. Vor Plan gaaer ud paa at faae en Grundlov for Island forelagt Al-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Málið tók brátt aðra stefnu en þeir Páll Melsteð og Jón Sigurðsson ætluðust til. Brynjólfur mun hafa fengið álitsgerð Páls í hendur og síðan látið hana ganga til ráðherranna. Hann samdi einnig álitsgerð um tillögur Páls, en því miður er hún ekki til, svo að vitað sé, nema í eftirriti Jóns Sigurðssonar, og þá ekki í heilu lagi.[10]

Af álitsgerðinni er að sjá, að Brynjólfur hafi verið sömu skoðunar og Jón og Páll, að alþingi 1849 skyldi fjalla um grundvallarlög Íslands. Síðan víkur Brynjólfur að því, hvernig sambandi landanna verði bezt fyrir komið. Hann bendir á þrjár allmismunandi leiðir — *a, b* og *c*. Samkvæmt *a* átti að veita Íslandi sömu ríkisréttindi og öðrum hlutum ríkisins, afnema alþingi og láta Íslendinga senda fulltrúa sína til ríkisþingsins í Kaupmannahöfn. Tala þingmannanna yrði þá miðuð hlutfallslega við fólksfjölda, en ríkisþingið og konungur í sameiningu samþykktu öll lög og ákvarðanir varðandi Ísland.

Samkvæmt *b* átti Ísland að vera óaðskiljanlegur, en að öllu leyti algjörlega sjálfstæður ríkishluti með eigin stjórn og löggjafarsamkomu og krúnan einungis sameiginleg með Danmörku. Samkvæmt *c* átti að gera Ísland að sérstökum ríkishluta með eigin stjórn sinna mála (provindsiel Selvstændighed) og löggjafarvaldi — að sjálfsögðu í samráði við konung — í eigin málum, en tæki þátt í ákvörðunum um hin almennu mál ríkisins.

Brynjólfur segir síðan álit sitt á þessum þremur leiðum og kvað upp þann dóm yfir *a*, að hún mundi ekki fá neitt fylgi, enda mundi hún verða „ödelæggende for Island". Hann víkur síðan að *b* og segir að sú staðhæfing muni örugglega koma fram, að hið gamla íslenzka ríki hafi sameinazt Noregi með gagnkvæmum sáttmála (gjensidig Traktat), sem hafi veitt Íslandi fullkomið sjálfstæði með tilliti til löggjafar, stjórnskipunar og réttarfars. Þessi sáttmáli hafi í rauninni aldrei verið numinn úr gildi, heldur einungis ýtt til hliðar við einveldistökuna, en ætti nú að ganga í gildi að nýju við afnám einveldisins. Í greinargerð sinni var Brynjólfur þeirrar skoðunar, að

thinget i Sommer, samt en ny Valglov til et Althing med Skattebevillingsret og lovgivende Myndighed saavidt Island angaaer. Vi ville en concentreret Regjering i Landet selv, og een Mand her, med ministeriel Competence for Islands Vedkommende. Derimod önske vi ingen Repræsentation paa den danske Rigsdag, og jeg haaber vi sætte dette igjennem allerede nu, derimod ville de förste Punkter langsommere, men jeg haaber ligesaa sikkert komme frem. Jeg veed at De benytter dette med Discretion, thi om De end dömmer uden Partiskhed, kunne dog muligen andre ansee saadanne Yttringer for Separatisme, skjöndt de i sig selv ikke er andet end hvad ganske simpelt följer af Forholdene. Melsted kom hertil först i December og reiser op i Foraaret som Commissarius, han er enig med os, saavidt jeg kan skjönne, og vil hjelpe os hvad han kan, navnlig er han meget ivrig mod Repræsentation paa den danske Rigsdag."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

það mundi ekki verða neinn ábati fyrir Ísland að ganga svo langt á skilnaðarbrautinni, og hann vildi helzt velja þann veg, sem gæti orðið bæði Íslandi og ríkisheildinni að mestum notum.

Brynjólfur vildi fara milliveg og gerði *c* að tillögu sinni. Bardenfleth skrifaði athugasemdir við þessar þrjár leiðir, sem Brynjólfur hafði nefnt, og var andvígur bæði *a* og *b*, en sagði, „Spörgsmaalet dreier sig kun om Modaliteten af det tredje Alternativ."[11*] Vel má vera, að Brynjólfur hafi vitað allan hug stjórnarinnar til þessara mála og því ekki árætt að spenna bogann hærra. Hann tók svo *c*-tillöguna fyrir og gerði nánari grein fyrir því, hvernig hann hugðist skipa málum. Hin sameiginlegu mál áttu að vera „alle Grundlovssager", sem ekki snertu Ísland sérstaklega. Hlutdeild Íslands í sameiginlegum ríkisútgjöldum vildi hann láta grundvalla á eign. Ríkisþingið átti að ákveða upphæðina, en Ísland að greiða sinn hluta. Útgjöldin vildi hann láta ákveða fyrir 10 ár eða fleiri í senn. Í þessu sambandi benti Brynjólfur á, að þess þyrfti að gæta að íþyngja ekki landinu um of með þessum útgjöldum, en þau voru borðfé konungs og kostnaður vegna ríkisþingsins, ráðuneytanna, hæstaréttar, sendiráðanna og ræðismanna og að nokkru leyti flotans.

Samband ríkisþingsins og alþingis og þátttaka Íslands í störfum ríkisþingsins var það, sem Brynjólfur taldi erfiðast að koma lagi á. Hann var sömu skoðunar og Páll Melsteð, að bezt yrði, að alþingi veldi einn eða tvo fulltrúa eftir því, hvort ríkisþingið starfaði í einni eða tveimur deildum.

Brynjólfur sendi þessar athugasemdir við álitsgerð Páls Melsteðs til innanríkisráðherrans, P. G. Bangs, ásamt ódagsettu bréfi.[12] Þar leggur Brynjólfur til, að ekki verði óskað eftir, að grundvallarlagaþingið fjalli um „Islands forfatningsmæssige Stilling i Riget", þar sem hann sé sannfærður um, að Íslandi beri „större provindsiel Selvstændighed" en Slésvík, þar sem Ísland sé miklu ólíkara Danmörku en hún. Hins vegar geti það haft vandræði í för með sér, ef Slésvíkingar komist á snoðir um hið fyrirhugaða samband Íslands og Danmerkur, hvernig svo sem það verði hugsað. Brynjólfur segist skuli koma því til leiðar í grundvallarlaganefndinni, að hún óski ekki eftir, að stjórnin láti álit sitt í ljós um þetta mál.

Á fundi í ríkisráðinu 17da marz 1849 leitaði innanríkisráðherr-

[11*] Athugasemdirnar voru svohljóðandi: „De 2 under a og b fremsatte Alternativer synes mig at staae aldeles otiosa; der vilde höre ligesaamegen Uvidenhed og Mangel paa Sagkundskab til at foreslaae Alternativet a, som politisk Dumdristighed eller fræk Separatisme til at forlange Alternativet b.

Spörgsmaalet dreier sig kun om Modaliteten af det tredje Alternativ."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ann Bang álits fundarmanna á því, hvort þeir væru ekki sama sinnis og hann, að það ætti ekki að leggja neitt fyrir hið næsta alþingi um væntanlega stöðu Íslands í ríkinu, og var það samþykkt.[13*]

Þessi ákvörðun ríkisráðsins var í beinu framhaldi af bréfi Brynjólfs, enda hefir Bang skrifað á örkina, sem bréfið er á, að hann teldi ekki tímabært að hugsa um „Islands forfatningsmæssige Stilling", þar sem hvorki væri séð fyrir endalok grundvallarlagaþingsins né nokkuð ákveðið í Slésvíkurmálinu.[14]

Það, sem Bang hafði hripað aftan við bréf Brynjólfs, varð kjarninn í álitsskjali hans um tillögur Páls Melsteðs, sem hann gekk frá 20sta marz 1849. Auk þess voru fyrirmæli um nokkur atriði í hinum væntanlegu kosningalögum í álitsskjalinu.[15]

Dómsmálaráðherrann Bardenfleth skrifaði einnig álitsgerð um tillögur Páls Melsteðs, sem er dagsett 16da marz 1849. Hann féllst á að fresta öllum ákvörðunum um Ísland og stöðu þess í ríkinu og bar sömu ástæður fyrir og Bang.

Brynjólfur hefir ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna hann hvarf frá því ráði að láta alþingi 1849 fjalla um grundvallaratriðin í sambandi Íslands og Danmerkur. Bardenfleth talar um það í álitsskjali sínu, að það hafi verið vilji hans og Páls Melsteðs. Þessi breyting virðist hafa orðið mjög skyndileg, því að í bréfinu, sem fylgdi athugasemdum hans, vildi hann láta fresta málinu, en alls ekki í athugasemdunum sjálfum. Hér skal bent á tvennt, sem kann að hafa ráðið miklu um. Í lok febrúarmánaðar skipaðist veður í lofti í sambúð hertogadæmanna og Danmerkur. Danir sögðu upp vopnahléinu í febrúar, og þar með var samkomulag við Slésvík úr sögunni um ófyrirsjáanlegan tíma og samningar við Íslendinga orðnir óæskilegir vegna þess, að með þeim var skapað fordæmi um samband Slésvíkinga og Dana, en þar vildu Danir hafa óbundnar hendur.

Einnig kom fram í athugasemdum þeirra Bangs og Bardenfleths, að danska stjórnin ætlaði sér ekki að verða um of örlát á stjórnfrelsi til handa Slésvík og Íslandi. Þetta tvennt kann að hafa verið orsökin til þess, að Brynjólfur vildi bíða átekta og vænti þess, að seinna kæmi tækifæri til að ná betri samningum um samband landanna. Hann virðist jafnvel hafa búizt við, að Danir mundu missa Slésvík

[13*] Þar segir svo: „*Indenrigsministeren* [Bang] forelagde Statsraadet, om de ikke med ham var enigt i, at der ikke skulde forelægges Islands forestaaende Althing Noget angaaende, hvorledes Islands fremtidige Stilling skulde være, men alene en Valglov for det Althing, som til næste Aar skal afgive Betænkning over Forfatningssagen.

Statsraadet erklærede sig enigt heri, idet *Indenrigsministeren* [Bang] derefter tilføiede, at han skulde lade udarbeide en saadan Forordring til Forelæggelse for Statsraadet".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

úr greipum sínum í þessum átökum og þá yrði auðveldara að ná þeim samningum, sem Íslendingar væru ánægðir með.

Eins og málin stóðu var eðlilegt, að stjórnin vildi láta fresta að ganga frá þessum málum, og hún hefði sennilega gert það án þess að Brynjólfur hefði vakið máls á því.

Fátt er vitað um störf grundvallarlaganefndarinnar, og Brynjólfur segir hvergi frá því, með hvaða rökum hann fékk nefndina til að fallast á að taka engar ákvarðanir varðandi Ísland. Jón Sigurðsson segir, að Brynjólfur hafi einnig „fengið því komið áleiðis við nefndina, að hún hefir stúngið uppá, að konúngur staðfesti í opnu boðunarbréfi loforð það sem Íslandi er veitt í konúngsbréfinu frá 23. September . . .“[16]

Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Jóni bróður sínum 24ða maí 1849, segir hann svo frá:[17] „Af sjálfum mjer er ekkert nýtt að segja. Jeg skal einungis geta þess, að þar sem þú heldur jeg muni hafa sagt mart á ríkisdeginum, þá er það að svo miklu leyti ekki tilfellið, að jeg aldrei hef talað eitt orð í salnum. Komum við okkur saman um það Íslendingar, nema Johnsen, sem ómögulegt er að þegja, enn aldrei hefur sagt neitt að gagni heldur æfinlega gert verr í að tala. Við höfum gengið út frá því, að þessum ríkisdegi kæmi það ekki við, sem snertir Ísland sjer í lagi, enda er því og nú öllu rýmt burtu. Það hef jeg áunnið í Comiteen, því þar hef jeg ekki getað komist hjá að tala.“

Af þingtíðindunum frá grundvallarlagaþinginu er að ráða, að Brynjólfur hafi skömmu síðar lokið við að ganga frá þessum málum í nefndinni, því að á þingfundi 19da apríl 1849 var síðasti hlutinn af álitsgerð grundvallarlaganefndarinnar til umræðu, þar sem lagt var til, að þær breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu með konungsboði (kongelig Kundgjørelse), sem heitið var með konungsbréfinu frá 23ja september 1848.[18] Samkvæmt þessu urðu þær breytingar á kosningalögunum, að þar var hvergi talað um setu íslenzkra fulltrúa á danska ríkisþinginu, heldur einungis sagt: „De nærmere Bestemmelser for Slesvig, Island og Færøerne forbeholdes“.[19]

Svo er að sjá, að íslenzku þingmennirnir hafi verið heldur lausir við þingið, þegar á leið og Ísland var horfið af sjónarsviðinu. Jón Sigurðsson fylgdi Bændavinaflokknum að málum um almennan kosningarétt, en Brynjólfur var í sveit hinna frjálslyndustu meðal þjóðfrelsismanna, sem stóðu næst Balthazar Christensen og fylgismönnum hans.[20]

Heima á Íslandi biðu menn frétta af þinginu. Til að mynda skrifaði Jón Pétursson Brynjólfi bróður sínum 20sta febrúar 1849 og

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sagði:[21] „Mest langar mig til að fretta af ríkisfundinum, hvað þar hefir gjörst, og sjá Debatterne. Eg veit af því, að þú hefir verið fyrir Íslands hönd þar, og að þú einn hefir talað þess máli af hendi Íslendinga, er að nokkru liði hefir verið, þó hefi eg dágott auga með á Jóni Sigurðs syni, og mikið á Alþing honum að þakka. Á hinum, er nefndir munu hafa verið, hefi eg allt minna traust. Assessor Johnsen finnst mér aldrei vera nema, sérvitur grunnhygginn þvaðrari og svo mun vera um fleiri þeirra, því verr. Það verður annars gaman að heyra það, hvornig þeir nú fara með íslendsku málefnin; eg vildi helst óska, að Minister yrði valinn fyrir hönd Íslands. Værir þú og viss með það að líkindum, því danskan Minister vil eg engan hafa fyrir það".

KOSNINGALÖGIN

Alþingi 1847 bárust bænarskrár víðs vegar að af landinu, þar sem óskað var eftir breytingum á skipulagi alþingis. Bænarskrárnar voru nokkuð ósamhljóða innbyrðis, en helztu atriðin voru þau, að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað, kosningaréttur og kjörgengi gefið frjálst eða bundið við minni eign, þingið háð fyrir opnum dyrum og íslenzka ein töluð á þinginu. Auk þess heyrðust einstaka raddir, sem vildu heyja þing á Þingvöllum eða Bessastöðum. Nefnd var kjörin í málinu. Í henni áttu sæti Jón Sigurðsson, Hannes Stephensen, Páll Þórðarson Melsteð, Jón Johnsen og Jón Guðmundsson. Jón Sigurðsson var framsögumaður nefndarinnar. Það urðu miklar umræður um málið. Konungsfulltrúinn C. E. Bardenfleth lagðist gegn þessum tillögum og beitti þeim rökum, að með þeim breytingum, sem um væri beðið, yrði grundvallarmunur á alþingi og dönsku þingunum. Þingmenn voru hlynntir sumum breytingartillögunum, en öðrum ekki, og verður það ekki nánar rakið.

Eitt atriði virtist njóta mikils fylgis meðal þingsins, en það voru tvöfaldar kosningar. Jón Sigurðsson gerðist nú talsmaður þeirra, og í lok þingsins, þegar gengið var frá bænarskrá um breytingu alþingisskipunarinnar, var beðið um 6 breytingaatriði, sem flest miðuðu að sama marki og Jón Sigurðsson og Fjölnismenn höfðu stefnt að.[1*]

[1*] Breytingaratriðin voru þessi: 1) „Að kosningarréttur verði veittur öllum búsettum mönnum, þeim sem ekki eru öreigar . . ."
2) „Að kjörgeingi verði einnig með öllu óbundið við fjáreign."
3) „Að kosningar verði tvöfaldar . . ."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Fjölgun þingmanna var ekki nefnd í þessari bænarskrá, hvað sem valdið hefir. Sá kostnaðarauki, sem af því leiddi, var mörgum þyrnir í augum.

Páll Þórðarson Melsteð þótti fyrir margra hluta sakir vel til þess fallinn að semja frumvarp til kosningalaga handa hinum fyrirhugaða þjóðfundi. Síðan átti hann að leggja það fyrir alþingi 1849.

Í áðurnefndu álitsskjali frá 5ta febrúar 1849 um það, hvaða mál skyldu lögð fyrir alþingi á því ári, hafði Páll Þórðarson Melsteð gert þeim Bang og Bardenfleth nokkra grein fyrir því kosningaskipulagi, sem hann taldi bezt henta á Íslandi, og taldi,að kosningalögin ættu að vera í samræmi við bænarskrána frá alþingi 1847,[2]* sem greint er frá hér að framan. Svo er að sjá, sem ráðherrarnir hafi talið þetta stefna í rétta átt, því að í álitsskjali P. G. Bangs frá 20sta marz 1849 eru tilgreind helztu atriðin, sem ríkisráðið ákvað, að lögð yrðu til grundvallar í kosningalagafrumvarpi stjórnarinnar, en þau voru, að kosningar yrðu óbeinar, hver sýsla eitt kjördæmi, en velja fleiri eða færri þingmenn eftir stærð, reglurnar um kosningarétt og kjörgengi skyldu vera þær sömu og ákveðnar voru í frumvarpinu til grundvallarlaganna fyrir Danmörku með þeim breytingum að færa aldurstakmarkið niður í 25 ár og skilyrðið um fasta búsetu í kjördæminu félli burt, þingmönnum fjölgað upp í 40, en af þeirri tölu væru 6 konungkjörnir, kjörmennina átti að kjósa á manntalsþingum,og í hinum stærri sýslum áttu að vera 2–3 þingmenn.[3]

Dómsmálaráðherrann Bardenfleth hafði skrifað álitsskjal sitt á undan Bang,eða 16da marz 1849. Bang kynni að hafa haft það við höndina, þegar hann samdi sitt, því að þar gengur varla hnífurinn á milli. Álitsskjal Bardenfleths ber með sér, að Brynjólfur hefir fjallað um hið fyrirhugaða kosningaskipulag í álitsgerð sinni. Sá hluti hennar er ekki í eftirriti Jóns Sigurðssonar og því ekki þekktur, en af orðum Bardenfleths er helzt að ráða, að Brynjólfur hafi viljað veita fleirum kjörgengi en Páll Melsteð hafði lagt til, og það þótti

4) „Að íslenzka ein verði töluð á þinginu, bæði af konúngsfulltrúa og öðrum."
5) „Að þinghöld fari fram í heyranda hljóði."
6) „Að því verði bætt við fyrsta lið 79. greinar í tilskipun 8. Marts 1843, að prenta skuli í hvert sinn reikninga alþingismanna."

[2]* Í álitsskjalinu segir svo: „Valgloven formener jeg bör i alt Væsentligt affattes i Overeensstemmelse med den af det sidstafholdte Althing indgivne Petition. Urvalgene, eller Valget af Valgmænd, burde saaledes skee ifölge en almindelig, af ingen reelle Betingelser eller Census betinget Valgret; ligesom Valget af Valgmænd heller ikke burde være bundet til nogen reelle Qvalificationer. Valgbarheden til Althinget burde ligeledes være aldeles fri, og ligesom Valgretten kun betinget af de hidindtil lovbestemte personlige Qvalificationer."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Bardenfleth of langt gengið.[4]* Svo er einnig að sjá, sem Brynjólfur hafi hugsað sér, að stiftamtmaður og amtmennirnir yrðu alltaf í hópi konungkjörinna þingmanna og landinu yrði skipt í kjördæmi án tillits til sýslumarka. Báðar þessar tillögur mættu andstöðu hjá þeim Bardenfleth og Bang, enda þótt ljóst væri, að kjósendafjöldinn bak við hvern þingmann yrði allmismunandi, þó að fleiri en einn þingmaður væri kosinn í fjölmennustu sýslunum, eins og ráðherrarnir lögðu til.

Brynjólfur var ekki ánægður með frumvarpið, sem Páll Melsteð fór með heim vorið 1849, enda gengu mörg veigamikil atriði í berhögg við það, sem Brynjólfur hafði viljað. Það var að sjálfsögðu samið samkvæmt þeirri forskrift, sem ráðherrarnir gáfu Páli Melsteð og hér hefir verið vikið að. Helzta frávikið var það, að kosningarétturinn og kjörgengið var miðað við 30 ára aldur í staðinn fyrir 25, eins og kom fram í fyrirmælum Bangs, sem oft hefir verið vitnað til hér að framan.[5]

Í „ástæðunum" fyrir frumvarpinu er farið svofelldum orðum um aldur kjósenda:[6] „Vegna þess að kosningarétturinn er látinn laus við alt ákveðið eignarhald, og einúngis bundinn við það, sem ákveðið er að menn skuli hafa sjálfir til að bera, þókti nauðsyn á að heimta það þar á meðal, að hver kjósandi skuli vera fullroskinn að aldri, svo að hann sé að minnsta kosti 30 ára gamall, eins og ákveðið er í Danmörku."

Ákvörðunin um 30 ára aldurstakmarkið var tekin á fundi í ríkisráðinu 12ta maí 1849.[7] Með þeirri breytingu var það hið sama og í kosningalögunum til grundvallarlagaþingsins og í kosningalögunum til ríkisþingsins. Á þessum sama fundi voru einnig gerðar smávegis orðabreytingar.

Frumvarpið, sem Páll Þórðarson Melsteð átti að leggja fyrir alþingi 1849, var í 25 greinum. Í „ástæðunum" má til að mynda sjá, hve misjafn fólksfjöldinn var bak við hvern þingmann. Fámennustu kjördæmin voru Vestmannaeyjar með 396 íbúa og Reykjavík með 961. Árnessýsla var hins vegar fjölmennust með 5159 íbúa og 3 þingmenn, eða 1720 menn á hvern þingmann. Mýrasýsla hafði 2360 íbúa, en aðeins einn þingmann. Í Gullbringusýslu voru 4644 íbúar og 2 þingmenn, svo að hvor þeirra hafði 2322 íbúa að baki sér.

Það kemur fram í bréfum Brynjólfs, að hann taldi þetta skipulag gera kjósendum mishátt undir höfði. Til að mynda segir hann í bréfi

[4]* Bardenfleth kemst svo að orði um það: „. . . jeg kan aldeles ikke tiltræde Justitsr. Pjeturssons Forslag i Henseende til Valgbarheden, der vilde indrömme enhver Tjenestekarl og Fattiglem Valgbarhed".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

til Jóns bróður síns 24ða maí 1849:[8] „Næsta þing á að vera 40 manns. Þaraf kýs konungur 6 enn landsmenn 34. Þeir vildu absolut (þ. e. Bardenfleth) halda sýslunum sem kjörþingum og verða úr því mestu rangindi. Kosningar eru tvöfaldar, og á að kjósa kjörmenn á manntalsþingum. Það er líka úr Bardenfleth, og sýnist mjer það miður henta. Kosningarrjett hafa 30 [ára] menn, sem sjálfs síns eru. Aldurinn er settur af stjórnarráðinu til að hafa það eins og í Danmörku við landsþingið. Kjörgengi er öldungis frjáls, (eins og kosningarrjetturinn), þó skal til hvorutveggja gott mannorð og þessháttar."

Það bar til tíðinda á Íslandi sumarið 1849, að fundur var haldinn á Þingvöllum dagana 28da og 29da júni. Fundurinn var boðaður í Þjóðólfi,og sóttu hann um 180 manns, þar af 30 skólapiltar, og voru fundarmenn úr öllum sýslum landsins nema Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum. Pétur Pétursson, síðar biskup, var kjörinn forseti fundarins, en Hannes Stephensen og Skúli Thorarensen læknir varaforsetar. Á þessum fundi voru ræddar bænarskrár, sem fundinum höfðu borizt. Ein þeirra fjallaði um kosningar til þjóðfundarins og samband Íslands og Danmerkur framvegis. Aðrar bænarskrár snerust mest um kosningalögin. Nefnd var kjörin til að gera tillögur um þau. Hún skilaði áliti sínu seinni fundardaginn, og voru helztu atriðin, að þingmenn skyldu vera 48, þar af 42 þjóðkjörnir, 3 úr 4 fjölmennustu sýslunum, 2 úr hinum nema einn úr Reykjavík og Vestmannaeyjum. Kosningar skyldu vera einfaldar og hver 25 ára maður með óflekkað mannorð og eigin fjárforræði hafa kosningarétt. Um kjörgengi vildu nefndarmenn láta gilda sömu reglur — nema Halldór Kr. Friðriksson vildi, að kjörgengi væri óbundið. Þegar tillögurnar voru ræddar á fundinum, urðu nokkrar umræður um, hvort menn vildu hafa einfaldar eða tvöfaldar kosningar, og fór svo, að einfaldar kosningar urðu fyrir valinu. Fundurinn sendi síðan væntanlegu alþingi bænarskrána og víkur nú sögunni þangað.

Páll Þórðarson Melsteð lét í haf frá Kaupmannahöfn 4ða júní,[9] en hreppti svo mikinn mótvind, að hann náði ekki til Reykjavíkur, fyrr en undir lok júlímánaðar. Á meðan straumar og vindar töfðu ferð hans, biðu þingmennirnir komu hans, unz Rosenørn stiftamtmaður tók á sig rögg og setti þingið 2an júlí.

Þingmenn biðu þess með óþreyju, að konungsfulltrúi kæmi og legði frumvörp stjórnarinnar fyrir þingið, en dagarnir liðu hver af öðrum, og hann kom ekki. Á 9da fundi þingsins 12ta júlí voru kosningalögin tekin fyrir, og Jón Thorsteinsson landlæknir las upp bænarskrána frá Þingvallafundinum, og að því búnu tók stiftamt-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

maður til máls og lagði til, að beðið yrði með að skipa nefnd til að fjalla um málið. Á eftir urðu nokkrar umræður, og lauk þeim svo, að nefnd var kjörin. Í henni voru Þórður Sveinbjörnsson, Jón Guðmundsson, Stefán Jónsson, Kristján Kristjánsson og Jón Johnsen. Frumvarp og álitsskjal nefndarinnar var svo tekið fyrir á 25ta fundi þingsins 27da júlí. Jón Guðmundsson var framsögumaður nefndarinnar og las upp frumvarp og álitsskjal hennar. Eftir því áttu þjóðkjörnir þingmenn að vera 40, 2 úr hverju kjördæmi, en konungkjörnir þingmenn 6. Kosningarétturinn var miðaður við 30 ára aldur, óflekkað mannorð og svo framvegis. Kjörgengi var bundið svipuðum skilyrðum, nema aldurstakmarkið var 25 ár. Kosningar áttu að vera einfaldar, og var löng röksemdafærsla um það atriði í álitsskjali nefndarinnar. Að síðustu var talað um, „Að setning þjóðfundarins verði ákveðin mánudaginn 15. júlímánaðar 1850".[10]

Stiftamtmaður lét þá skoðun í ljós í umræðum, sem urðu á eftir um frumvarp nefndarinnar, hvort ekki ætti að kjósa 3 úr fjölmennustu kjördæmunum, en einn úr þeim fámennustu, og nefndi sem dæmi, að Vestmannaeyingar ættu nú að senda tvo fulltrúa á þjóðfundinn, en hefðu áður engan sent til alþingis.

Jón Guðmundsson, kvað það álit nefndarinnar, að því yrði ekki komið við að ákveða fjölda þingmannanna eftir íbúafjölda kjördæmanna. Umræður snerust síðan um þetta og einfaldar og tvöfaldar kosningar, því að einstaka þingmaður var hlynntur tvöföldum kosningum. Meðal þingmanna heyrðust einnig þær raddir að lækka kosningaaldurinn niður í 25 ár.

Þeir Páll Þórðarson Melsteð og Jón Sigurðsson komu til Íslands 29da júlí. Jón hafði verið kjörinn forseti þingsins og tók nú við störfum.

Á 28da fundi þingsins 30sta júlí skýrði Páll Þórðarson Melsteð frá frumvörpum stjórnarinnar og óskaði eftir, að þingtíminn yrði lengdur. Þetta varð, og 31sta júlí var kjörin ný nefnd til að fjalla um frumvarp stjórnarinnar til kosningalaga til þjóðfundarins. Í henni voru Þórður Sveinbjörnsson, Jón Guðmundsson, Hannes Stephensen, Jón Johnsen og Stefán Jónsson. Jón Guðmundsson var framsögumaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði áliti á fundi 4ða ágúst og fann kosningalagafrumvarpi stjórnarinnar flest til foráttu og lagði að síðustu til, „að frumvarp þetta til kosníngarlaga til þjóðfundarins, sem heitinn er með kgs. úrsk. 23. septbr. 1848, verði ekki löggilt."[11]

Það bar til nýlundu, að Pétur Pétursson, síðar biskup, tók sæti á

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Frúarkirkja.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

þinginu 2an ágúst sem varamaður. Hann flutti hverja breytingatillöguna á fætur annarri til að gera frumvarp stjórnarinnar sem líkast kosningalagafrumvarpi alþingis. Til að mynda breytti hann fyrstu greininni þannig, að þjóðkjörnir þingmenn skyldu vera 40 í stað 34, og annarri grein þannig, að kjósa skuli 2 þingmenn úr hverju kjördæmi. Þá átti að fella niður lagagreinina um tvöfaldar kosningar, og aðrar breytingatillögur miðuðu að því að afmá úr frumvarpinu þau atriði, sem lutu að tvöföldum kosningum. Þessi breytingaatriði voru flest tekin úr kosningafrumvarpi þingsins.

Pétur gaf þær skýringar á breytingatillögunum, að það mundi hafa litið illa út í augum stjórnarinnar, að frumvarpi hennar hefði verið hrundið að öllu leyti, enda fór það svo, að breytingatillögur Péturs voru samþykktar, en þegar atkvæða var leitað um það, hvort þingið vildi taka frumvarpið þannig lagað sem varafrumvarp, var það fellt með 14 atkvæðum gegn 10.

Í greinargerðinni til konungs, þar sem fjallað var um kosningalagafrumvarp stjórnarinnar, varð niðurstaðan sú „að ráða yðar konúnglegu hátign frá, að veita þessu frumvarpi stjórnarinnar til kosníngarlaganna lagagildi."[12] Hins vegar óskaði alþingi eftir, að þrjú breytingaatriði kæmu sem varatillögur við 20stu og 21stu grein alþingisfrumvarpsins, ef þær greinar þættu miður henta.

Páll Þórðarson Melsteð skrifaði innanríkisráðuneytinu 16da ágúst 1849 og rakti gang kosningalagafrumvarpsins og sendi ráðuneytinu þingskjölin, sem fjölluðu um frumvarpið.[13] Einnig sendi hann konungi greinargerð (Beretning) um kosningalagafrumvarpið. Páll Melsteð gerði ekki ráð fyrir því, að konungur mundi samþykkja frumvarp þingsins óbreytt, og lagði til, að því yrði breytt á þann veg, að lögin yrðu sem líkust kosningalögunum í Danmörku frá 7da júlí 1848.[14*]

Samkvæmt því lagði Páll til, að kosningarnar yrðu beinar og kosningaréttur og kjörgengi bundin sömu skilyrðum, konungur veldi allt að einum fjórða hluta þingmannanna, og fjöldi þeirra yrði

[14*] Í greinargerðinni segir Páll m. a.: „Da det ifölge Lovgivningen er en nödvendig Betingelse for Lovenes Emanation, at de have været *forelagte* en raadgivende Forsamling til Betænkning, kunde jeg ikke andet end ansee det for uomgjængelig nödvendigt, forat en Lov om Valgene til den Island allernaadigst lovede Forsamling *kunde udkomme*, at det af mig medbragte kongelige Lovudkast *blev Althinget forelagt*, især da jeg, efter Beskaffenheden af det af Thinget forfattede og vedtagne Valglov-Udkast, samt ifölge den af Regjeringen hidtil fulgte Fremgangsmaade, ikke let kunde forestille mig Mueligheden af at Deres Majestæt allernaadigst vilde sanctionere Thingets Valglov-Udkast uforandret.—"

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

færður niður í sömu tölu og í stjórnarfrumvarpinu, og þeim skipt niður í kjördæmin á sama eða svipaðan hátt og í stjórnarfrumvarpinu.[15*]

Brynjólfur Pétursson hafði frá öndverðu mikinn áhuga á íslenzkum kosningalögum, svo sem rakið hefir verið hér að framan. Þess hefir áður verið getið, að hann hafi eitthvað drepið á kosningarétt og kjörgengi í álitsskjali sínu um álitsgerð Páls Melsteðs 5ta febrúar 1849. Hins vegar er varðveitt ódagsett og ártalslaust skjal, sem virðist vera frá því um vorið 1849.[16] Þar hallast hann að tillögunum frá alþingi 1847 um óbeinar kosningar og fellst á tillögur alþingis um kosningarétt og kjörgengi, enda þótt hann telji, að kosningarétturinn verði með þessu móti takmarkaðri en í Danmörku.

Auk þessara breytinga vildi Brynjólfur bæta 4 breytingaatriðum við: 1sta var fjölgun þingmanna, 2að lækkun dagpeninganna, 3ja breyting á útreikningum á alþingiskostnaðinum og 4ða breyting á kjördæmunum.

Alþingi 1847 hafði viljað hækka tölu þingmanna upp í 40, en af þeim áttu 6 að vera konungkjörnir. Brynjólfur taldi, að þingið mætti ekki vera fámennara, en vildi breyta þessu á þann veg, að konungur veldi aðeins 4, biskupinn og 3 veraldlega embættismenn, en þjóðkjörnir þingmenn yrðu 36. Dagpeningana vildi hann lækka niður í 2 dali á dag og breyta fyrirkomulaginu á greiðslunum vegna ferðakostnaðar þingmanna í samræmi við tillögur frá alþingi. Að síðustu lagði hann til, að Íslandi yrði skipt niður í 36 einmenningskjördæmi með um 1640 íbúa.[17*]

[15*] Í greinargerðinni segir svo um þetta: „At Valgene bleve directe, og Valgretten, saavelsom Valgbarheden bleve bundne til de samme Betingelser, som efter den nysnævnte Lov om Valgene til Rigsforsamlingen. Men at dermed blev forbunden Stilling af Valg-Candidater, deels for at betrygge Valgene og deels for at undgaae de practiske Vanskeligheder, der ville være forbundne med de ellers uundgaaelige Omvalg; Og at Deres Majestæt Selv valgte indtil en fjerde Deel af Althingsmændene, samt endelig, at disses Antal indskrænkedes til det i Regjeringens Valglov-Udkast bestemte Antal, og at deres Fordeling paa Jurisdictionerne, eller Valgdistricterne blev enten den samme, eller nærmede sig til den, der i bemeldte Valglov-Udkast er anordnet.

Til denne min Henstilling troer jeg at have saa meget mere Anledning, som jeg er overbevist om: *At* det islandske Folk overhovedet ønsker, at Loven for Valgene til den næste Forsamling maa blive bygget paa ligesaa liberale Principer, som Loven for Valgene til Rigsforsamlingen for Danmark; *At* det er det islandske Folks inderlige og eenstemmige Ønske, at vælge dets bedste, sindigste og indsigtsfuldeste Mænd til den forestaaende Forsamling; Og *at* dette Folk intet vil have imod, men tvertimod indseer Nødvendigheden af, at den definitive Lov for Valgene til Althinget i Fremtiden indeholder storre Garantier end Loven for Valgene til den næstforestaaende Forsamling."

[17*] Um þetta síðasta atriði segir svo í skjalinu: „Endelig synes mig det være al-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Í bréfum þeim, sem Brynjólfur skrifaði síðari hluta septembermánaðar 1849 og varðveitt eru, má fá glögga hugmynd um óánægju hans yfir öllum gangi þessa máls. Hann segir til að mynda í bréfi til Péturs bróður síns 14da september 1849:[18] „Þegar jeg komst ekki fram í vor með baráttu mína við Bardenfleth og Melsted um kosningarlögin lifði jeg í þeirri von, að þingið mundi reysa við það sem rangsnúið var. Það var nú að sönnu grundvallarlaus von hjá mjer, sem þekki svo glöggt, hvað ómögulegt alþingi er, að rjetta nokkurn hlut í lögum, þar sem það aldrei hefur brugðist, að hafi breytingaratkvæði þess slampast á að hitta á eitthvað órjett, hafa þau altjend komið með verri vitleysu í staðinn".

Þann 18da september 1849 fékk Brynjólfur „bónarskrá og álitsskjal alþingis um kosningarmálið" í hendur frá konungi.[19] Hann hellti úr skálum reiði sinnar í bréfum sínum, og segir þar, að konungsfrumvarpið hafi verið „mesta óræsti" og það, sem illt hafi verið í því, hafi verið komið frá alþingi sjálfu.

Brynjólfur brá nú á það ráð að semja nýtt lagafrumvarp ásamt greinargerð (Forestilling), þar sem hann sneið verstu agnúana af frumvarpinu samkvæmt eigin áliti. Hann skrifaði Páli Þórðarsyni Melsteð 27da september 1849 og skýrði fyrir honum, hvaða breytingar hann hafði gert og hvernig málinu reiddi af, en honum farast orð á þessa leið:[20] „Hjartans þakklæti fyrir tvö elskuleg brjef, annað frá Christjánssandi í Noregi, en annað frá Reykjavík í Íslandi. Með því seinna komu öll alþingismálin, og var aptur nærri farið óheppilega fyrir kosningarlögunum, því þau komu ekki fyrr enn 18 sept: og hittu hjer á illan leik, þar sem Bang var þá nýbúinn að segja sig frá völdum, og enginn kominn í hans [stað]. En jeg tók undir eins málið, las það og skrifaði nýtt frumvarp og Forestilling á tveim dögum og fjekk Bang, áður hann stje niður úr hásætinu. Nú er málið komið úr Statsraaðet og á að fara til konungs í dag, og liggur í prentsmiðjunni um leið, svo jeg vona það komist með póstskipinu. Jeg hefi haldið mjer til frumvarps þingsins svo mikið sem mögulegt var, eins og þú sjer. Það eina, sem mjer fannst ógjörningur að samþykkja, var, að láta velja jafnmarga úr hverri sýslu,

deles nödvendigt at sætte Repræsentationen i et mere ligeligt Forhold til de forskjellige Districter, end nu er Tilfældet. Nu vælger nemlig hvert Syssel og desuden Reykjavík 1 Deputeret. Men heraf fremkommer et stort Misforhold, idet flere Sysseler have over 4,000 og eet endog over 5000 Indbyggere, medens flere andre ikkun have lidet over 1000 og eet endog ikkun 300 (hvor desuden efter den hidtil gjældende Valglov ikke har været een eneste Vælger). Dette synes mig burde forandres saaledes, at Landet inddeles i 36 Valgdistricter, hvert paa omtrent 1640 Indbyggere, hvilket ikke vilde medföre stor Vanskelighed."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

því það er sama og að eyðileggja alla þýðing af fulltrúakosning. Jeg stakk því upp á að skipta þeim 40 þjóðkjörnu fulltrúunum, sem þingið hafði beðið um, á sýslurnar eptir fólksfjölda, eins og meiningin var í frumvarpi þínu. Vildi jeg auka töluna til 42 og hefði þá engin misfella orðið á. En það vildu ekki stjórnarherrarnir. Þeir þorðu ekki að auka kosnaðinn meir enn alþing beiddi. Og Bardenfleth setti það í gegnum í Statsráðinu, að uppástungan um 2 fulltrúa fyrir hverja sýslu var samþykkt."

Kosningalagafrumvarp Brynjólfs er varðveitt meðal annarra skjala frá hans hendi, sem varða kosningalögin. Það ber yfirskriftina „Nýt Udkast til en Valglov for Dannelsen af den ved allerhöiest Resolution af 23 Sept: 1848 bebudede Forsamling i Island".[21] Síðan hafa verið gerðar ýmsar útstrikanir og breytingar á orðalagi og efni einstakra lagagreina með blýanti, og þannig er frumvarpið prentað í Departementstidenden 1849, bls. 841–844. Þessar breytingar eru hinar sömu og Brynjólfur segir frá í bréfinu til Páls Melsteðs, og eru þær helztar, að þingmönnunum er fækkað úr 48 í 46, og hinir þjóðkjörnu þingmenn, sem áttu að vera 42 samkvæmt frumvarpi Brynjólfs, urðu 40, og tveir kjörnir úr hverju kjördæmi, en samkvæmt frumvarpi Brynjólfs áttu Eyjafjarðarsýsla, Skagafjarðarsýsla, Húnavatnssýsla, Ísafjarðarsýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla og Rangárvallasýsla að velja þrjá þingmenn hver, Suður-Múlasýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Barðastrandarsýsla, Snæfellsnessýsla, Mýra- og Hnappadalssýsla, Borgarfjarðarsýsla og Skaftafellssýslur að velja tvo hver, og önnur kjördæmi einn þingmann hvert.

Samkvæmt þessu var tala þjóðkjörinna þingmanna hin sama og Brynjólfur talaði um í grein sinni í Fjölni 1844, en sá munur á kjördæmunum, að Skaftafellssýslur og Vestmannaeyjar áttu að vera eitt kjördæmi og kjósa þrjá þingmenn. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Reykjavík áttu einnig að vera eitt kjördæmi og kjósa þrjá þingmenn, en Dalasýsla 2 þingmenn.

Rosenørn stiftamtmaður tók við embætti innanríkisráðherrans 22an september.[22] Á fundi í ríkisráðinu 26ta september 1849 lagði hann fram frumvarp til kosningalaga fyrir Ísland, sem hefir verið það, sem Brynjólfur samdi og getið er hér að ofan. Rosenørn rakti alla sögu frumvarpsins og lét ræða þau atriði, sem hann taldi vafasöm, en það var fjöldi þingmanna og að hvert kjördæmi skyldi velja tvo fulltrúa.[23*]

[23*] Í fundargerðinni segir svo: „Der blev i Henseende til Repræsentanternes betydelige Antal yttret Betænkeligheder af *Finantsministeren* [Sponneck], og Stats-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Oddgeir Stephensen drap einnig á afskipti ríkisráðsins af kosningalagafrumvarpinu í bréfi til Páls Þórðarsonar Melsteðs 29da september 1849 og segir þar:[24] „Eins og þú sér, féllst stjórnin á uppástúngu þíngsins nærfellt óbreytta, og ætladi þó Br: P: ad reyna til ad fá þá til ad fara ekki eingaungu eptir sysslu-umdæmunum heldur um leid eptir fólksfjölda, en þad kom fyrir ekki, og var Bardenfl: ad sagt er, einkum fastur á, ad halda uppástúngu þíngsins, og ad vísu er þad mikid áhorfsmál ad raska þíngsins ályktunum þó þær stundum kunni ad vyrdast midur hentugar."

Greinargerðin (Forestillingen), sem Brynjólfur samdi og lét fylgja kosningalagafrumvarpinu, er ekki til með hans eigin hendi, svo að kunnugt sé. Hins vegar má ætla, að „Motiverne", sem eru í Departementstidenden 1849, bls. 845–853, séu að stofni til frá henni komnar, og greinargerðin, sem er í „Forestillings og Resolutions Protocol" íslenzku stjórnardeildarinnar frá árinu 1849, er ekki með hendi Brynjólfs, en með því að bera saman þessar tvær gerðir, kemur í ljós, að hin prentaða greinargerð er styttri og orðalagi víða breytt, þar er til að mynda hvergi talað um *et nyt Udkast,* en í greinargerðinni í „Forest. og Resol. Prot." víkur höfundurinn að því, að hann hefði kosið að hafa kjördæmin óháð sýslumörkunum og minni til að létta kjósendum kjörsókn og skipta landinu í álíka fjölmenn kjördæmi, en það hafi ekki verið framkvæmanlegt á skömmum tíma.[25*] Af þessum ummælum má ráða, að greinargerðin sé komin frá Brynjólfi með áorðnum breytingum.

Í greinargerðinni, sem fylgir kosningalögunum, segir einnig, að ráðuneytið hafi goldið varhuga við ákvörðun alþingis um tvo þingmenn fyrir hvert kjördæmi án tillits til íbúafjölda.[26]

raadets samtlige Medlemmer kunde ikke finde det Princip aldeles rigtigt, hvorefter ethvert Syssel uden Hensyn til Folkemængde skulde vælge tvende Repræsentanter; men da det forelaae, at Islænderne med Bestemthed i disse tvende Retninger havde udtalt deres Ønske, og da det ei kunde have nogen politisk Conseqvents med Hensyn paa Forholdet til Danmark, saa vedtog Statsraadet saavel disse Bestemmelser som den øvrige Del af Udkastet."

[25*] Í Departementstidenden 1849 er textinn nær samhljóða og á þessa leið: „Da der ikke fandtes at kunne blive Spørgsmaal om enten at substituere istedetfor de i Regjeringsudkastet omhandlede Valgmændsvalg paa Mandtalsthingene Valg i Repperne eller Communerne, eller at ombytte de i Althingets Udkast foreslaaede Valgdistrikter efter Jurisdictionerne med andre af mindre Udstrækning, eftersom begge disse Foranstaltninger, der desuden ikke havde været undergivne Thingets Discussion, vilde kræve Forberedelser, hvortil der for denne Gang ikke vilde blive Tid, var der ikke Andet for, end enten at tage den middelbare Valgmaade, saaledes som den var udført i Regjeringens Udkast, eller den umiddelbare med Sysselerne som Valgdistrikter, til Følge."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Alþingi hafði lagt til, að kostnaðurinn við þjóðfundinn yrði greiddur af jarðabókarsjóði, en hins vegar var ekki vikið að því, hvernig jarðabókarsjóðurinn ætti að afla þess fjár, sem til þyrfti.

Kosningalögin til þjóðfundarins voru undirrituð af konungi 28da september 1849. Í Forest. og Resol. Prot. íslenzku stjórnardeildarinnar fyrir árið 1849 er lögin að finna með undirskrift konungs og fjölda aukaskjala frá alþingi.[27]

Mánuði síðar en kosningalögin voru undirrituð af konungi birtist grein í danska blaðinu „Tilskueren", sem hét „Den islandske Valglov". Hún er nafnlaus, en ber það með sér, að höfundurinn gjörþekkir allan gang málsins og hefir sömu skoðanir á því, sem hann telur, að miður hafi farið, og Brynjólfur Pétursson. Með því er ekki sagt, að Brynjólfur sé höfundur greinarinnar, en það er ekki vitað um annan, sem er líklegri en hann að hafa skrifað hana, enda er kunnugt, að hann skrifaði í þetta blað.[28]

Í upphafi greinarinnar var vikið að því, að í lok greinargerðarinnar í Departementstidenden hafi því verið haldið fram, að kosningalögin sem heild hafi verið reist á sama grunni og dönsku kosningalögin frá 7da júlí 1848 með nokkrum undantekningum, og eru þrjár þeirra nefndar í greinargerðinni.

Höfundur greinarinnar bætir síðan sex undantekningum við, svo að alls verða þær níu talsins. Meðal þeirra, sem hann nefnir, er, að Íslandi var ekki skipt niður í einmenningskjördæmi með svipaða íbúatölu, svo sem gjört var í Danmörku með kosningalögunum 7da júlí, heldur eru sýslurnar kjördæmi án tillits til fólksfjölda og víðáttu; þingmannatölunni ekki jafnað niður á sýslurnar eftir mannfjölda, heldur velur hver sýsla tvo fulltrúa. Að síðustu benti höfundur á þann mun, að konungur tilnefnir aðeins einn sjöunda hluta þingmannanna á Íslandi, en einn fjórða hluta í Danmörku.

Í framhaldi af þessu rekur höfundur sögu kosningalaganna 28da september 1849 frá upphafi vega og víkur síðan að þeim atriðum, sem hann hafði talið upp, og nefnir fyrst það atriði, að til þess að vera kjörgengur og hafa kosningarétt verði hlutaðeigandi að leggja til sveitar af sjálfs sín efnum. Þessa skerðingu taldi höfundur „forkastelig" á Íslandi, þar sem hinn fátæki alþýðumaður væri á hærra menningarstigi en víðast hvar annars staðar.

Í sambandi við einmenningskjördæmin kemst höfundurinn að þeirri niðurstöðu, að alþingi og ríkisstjórn hafi ekki brugðið á það ráð vegna þeirrar skoðunar, að sýslumennirnir væru einir færir um að stjórna kjörfundi. Hins vegar muni víðátta einstakra kjördæma

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

valda því, að hinir fátækari, sem eiga heima langt frá kjörstað, geti ekki neytt kosningaréttar.

Það atriðið, sem höfundurinn gagnrýndi mest, var, að hvert kjördæmi skyldi velja tvo fulltrúa án tillits til íbúatölu. Í greininni eru birtar tölur yfir íbúafjölda hverrar sýslu, og eru það sömu tölur og alþingi hafði í höndum, og höfundur furðar sig á, að stjórnin skyldi víkja frá því sjónarmiði að skipa þingmönnunum niður í kjördæmin eftir mannfjölda, eins og gert var í frumvarpi hennar, sem lagt var fyrir þingið, úr því að gerðar voru breytingar á kosningalagafrumvarpi alþingis á annað borð.

Hér verður ekki dvalið frekar við þau atriði, sem á milli bar í kosningalögum Danmerkur frá 7da júlí 1848 og kosningalögunum til þjóðfundarins frá 28da september 1849. Þess skal að síðustu getið, að höfundurinn talar um „Ubekjendtskab til Forholdene", þegar hann ræðir um skiptinguna í einmenningskjördæmi með jöfnum mannfjölda. Það kann að virðast undarlegt, að Íslendingur taki svo til orða, en þess eru þó nokkur dæmi, hver svo sem ástæðan kann að hafa verið.

Eins og ljóst er af framansögðu, voru skoðanir manna nokkuð skiptar um það, hvernig kosningum yrði haganlegast komið fyrir á Íslandi. Slíkt er bæði eðlilegt og skiljanlegt, en hitt gegnir meiri furðu, hve oft menn skiptu um skoðun á einstökum atriðum, svo sem beinum eða óbeinum kosningum, þingmannafjölda, aldurstakmarki í sambandi við kjörgengi og kosningarétt og svo framvegis. Þetta bendir til, að menn hafi ekki haft fastmótaðar skoðanir á þessum málum, og það verður ekki annað sagt en stjórnin hafi látið að vilja alþingis með einstakri auðsveipni í þessu máli, enda þótt það gengi á móti tillögum hennar í veigamiklum atriðum, og er sú skýring nærtækust, að henni hafi þótt litlu skipta, hvernig þessi mál yrðu til lykta leidd.

Það er tæpast hægt að segja, að nokkur málsaðili hafi verið sjálfum sér samkvæmur frá upphafi til enda, og má nefna í því sambandi alþingi, dönsku ráðherrana, Pál Þórðarson Melsteð, Jón Sigurðsson og Brynjólf Pétursson. Að sjálfsögðu krefst öll málamiðlun þess, að deiluaðilar gefi nokkuð eftir, en það stefnuleysi, sem fram kom í sambandi við þetta mál, verður samt ekki skýrt til hlítar með því.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

LÍFIÐ Í REYKJAVÍK

Reykjavík tók nokkrum stakkaskiptum á áratugnum milli 1840 og 1850. Æðstu valdamenn landsins svo sem stiftamtmaður, biskup og landfógeti, höfðu haft þar aðsetur, það sem af var öldinni, og landsyfirrétturinn hafði þar einnig sinn samastað frá upphafi. En á síðasta áratugnum fyrir miðja öldina bættust nýjar stofnanir í hópinn svo sem embættismannasamkomurnar (1839) og alþingi, lærði skólinn og prestaskólinn, svo að um miðja öldina var Reykjavík bæði miðstöð innlendrar landstjórnar og æðri menntunar í landinu. Þar var eina prentsmiðjan á landinu, og þar hófst útgáfa tímarita samhliða skólahaldi og þinghaldi.

Reykjavíkurpósturinn hóf göngu sína 1sta október 1846. Í upphafi voru útgefendurnir þrír, þeir Þórður Jónasson og bræðurnir Páll og Sigurður Melsteð. Sigurður var þó einungis fyrsta árið við útgáfuna, en þeir Þórður og Páll gáfu út næsta árgang í sameiningu. Þórður Jónasson var svo einn með þann þriðja, nema Páll Melsteð var ritstjóri þriggja síðustu heftanna, þar sem Þórður var þá settur amtmaður norðan og austan. Síðasta heftið kom út 12ta september 1849.

Í Reykjavíkurpóstinum voru innlendar og erlendar fréttir, greinar um ýmis mál og kvæði og auglýsingar. Honum svipaði að sumu leyti til Sunnanpóstsins, enda sveif líkur andi yfir vötnunum. Þórður Jónasson hafði skrifað fréttirnar í Skírni um árabil, svo að hann var enginn viðvaningur. Páll Melsteð hafði lipran penna og skrifaði læsilega um söguleg efni, en hann gerðist sýslumaður í Snæfellsnessýslu sumarið 1849, og þar með var ævi Reykjavíkurpóstsins öll.

Vorið 1848 vöknuðu margháttaðar hræringar í íslenzku þjóðlífi, til að mynda að hefja útgáfu á *„ærlegu blaði“*, svo að notuð séu orð Jóns Guðmundssonar. Heimildum ber ekki saman um, hver var upphafsmaður að stofnun Þjóðólfs,[1] því að síðar meir vildu allir þá Lilju kveðið hafa. Hvað sem því líður þá kom út þann 5ta nóvember 1848 „hálfsmánaðar-rit handa Íslendingum kostað og gefið út af E. Jónssyni, H. Helgasyni og E. Þórðarsyni“. Þetta var Þjóðólfur, og fyrsti ritstjóri hans og ábyrgðarmaður var Sveinbjörn Hallgrímsson, aðstoðarprestur.

Þjóðólfi varð auðið langra lífdaga, enda varð hann eitt aðalmálgagn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni, og stofnun hans var með fyrstu sporunum, sem stigin voru á þeirri löngu leið. Í fyrstu greininni skipaði Þjóðólfur sér undir merki Baldvins Einarssonar og Fjölnismanna. Markmiðið var að vekja þjóðina til íhugunar á þeim málefn-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um, sem mestu varða fyrir land og lýð, „en það er þjóðleg stjórn fyrir land vort, og frjálsleg verzlunarviðskipti við aðrar þjóðir.“[2]

Ekki leið á löngu, unz Þjóðólfur fór að reka hnýflana í Reykjavíkurpóstinn, því að hann dró fremur taum embættismanna, þar sem Þjóðólfur gerðist málsvari alþýðu. Svo sem vænta mátti,tóku stjórnmálin verulegt rúm í blaðinu, til að mynda var birt ágrip af frumvarpi stjórnarskipunar Frakka í fyrsta árgangi Þjóðólfs, og ágrip af „stjórnarlögum“ Norðmanna birtist í öðrum árganginum, og þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, hvaða lærdóma Íslendingar hafi átt að draga af þeirri lesningu.

Af öðru stjórnmálalegu lestrarefni má nefna, að Þjóðólfur birti greinina um „Kosningalögin íslenzku“, sem kom í danska blaðinu Tilskueren 27da október 1849 og áður hefir verið getið. Í fáeinum formálsorðum segir, „að greinin sje ekki með öllu óþörf; því að að minnsta kosti vonast menn eptir, að ný kosningalög verði lögð fyrir þingið að ári, og væri þá vel, að menn sæu, hverjir eru gallarnir á kosningalögum þeim, sem alþingi samdi í fyrra, og ættu þeir þá hægra með, að forðast þessa galla eða aðra þeim líka.“[3]

Þessi ummæli sýna, að sitthvað hefir þótt athugavert við kosningalögin, og þau atriði, sem vikið var að í greininni, hefðu mátt betur fara að dómi þess, sem skrifaði þessar línur. Höfundarins er ekki getið, enda ósennilegt, að nokkur vitneskja hafi verið fyrir hendi um það, hver hann var.

Í samræmi við stefnu ritsins var einnig skrifað um verzlunarfrelsið, þó að það mál félli í skuggann vegna undirbúningsins að þjóðfundinum.

Auk þessa voru í Þjóðólfi bæði innlendar og erlendar fréttir, auglýsingar og fleira af því tagi. Hins vegar var fátt um sagnfræðileg efni í Þjóðólfi með þeirri undantekningu, að „Samþykktir Íslendinga við Hákon Hákonarson Noregskonung, árið 1262“ birtust 20sta júní 1849 og það fylgdi með, að sáttmálinn sé prentaður til að allir geti lesið hann,og síðan er bætt við: „Það er ekki ætlun vor, að menn skuli beinlínis leggja hann til grundvallar fyrir sambandi voru við Danmörku framvegis, en hann getur þó leiðbeint hugsunum manna í ýmsu, er menn íhuga hann vel, og sumt hvað er það í honum, er enn á vel við, t. a. m. að allir embættismenn á Íslandi sjeu Íslendingar.“[4]

Af framanskráðu er ljóst, að Þjóðólfur lét íslenzk stjórnmál sitja í fyrirrúmi þegar í upphafi, enda leið ekki á löngu, unz stjórnarvöldin reyndu að bregða fæti fyrir hann.

Þá er ótalið þriðja ritið, sem kom út í Reykjavík, en það var hálfs-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mánaðarritið Lanztíðindi. Ritstjóri þess var Pétur Pétursson, síðar biskup. Lanztíðindi hófu göngu sína 5ta september 1849 og enduðu hana 15da maí 1851. Um stefnuskrá Lanztíðinda var farið svofelldum orðum:[5] „Aðalstefna blaðsins er að reyna til að hlynna að öllu því, er á einhvern hátt miðar til að efla heill og framfarir fósturjarðar vorrar og jafnframt skýra frá helstu atburðum innan lanz og utan, þegar færi gefst á."

Reykjavíkurpósturinn var í andarslitrunum, þegar Lanztíðindin litu dagsins ljós. Í fyrstu heftum Lanztíðindanna var greinaflokkur, sem hét „Um kosníngarnar til þjóðfundarins að ári", þar sem vikið var að höfuðviðfangsefni hins væntanlega þjóðfundar, og í lokin var bent á þá menn, sem vænlegt mundi að kjósa sem fulltrúa á þjóðfundinn, og voru tilnefndir frá þremur og upp í fimm menn í kjördæmi. Lanztíðindin birtu einnig kosningalögin, þegar þau komu til landsins haustið 1849, og „Grundvallarlög Danaríkis" í upphafi árs 1850.

Í síðasta hefti Lanztíðindanna 1849 hófst greinaflokkur, sem hét „Sundurlausar hugmyndir um stjórnarskipun hjer á landi eptirleiðis". Þetta voru hugleiðingar um þær breytingar, sem mundu verða, og þá gagnsemi, sem af þeim mundi leiða. Það kom greinilega í ljós, að höfundinum stóð stuggur af þeim kostnaðarauka, sem innlend stjórn mundi hafa í för með sér. Í því sambandi minntist hann á að leggja niður amtmannsembættin í sparnaðarskyni, enda þótt hann kæmist að þeirri niðurstöðu, að það yrði ekki alls kostar hagkvæmt. Hins vegar bar höfundur fram ákveðnar tillögur um skipulag alþingis eftirleiðis, en þær voru:[6] „að alþíng sje skipað 26 mönnum, sem sjeu valdir til 6 ára, og þíng sje haldið annaðhvort ár; að þínginu sje skjipt í tvær deildir, og sjeu 18 menn í annari, en 8 í hinni; þessir 8 sjeu embættismenn, 4 andlegrar og 4 veraldlegrar stjettar, er veljist í fyrsta sinn af þjóðfundinum í sumar og síðan af hinum 18 seinasta árið áður en ný völ fara fram, kosníngarrjettur sje eins frjáls og til tekið er í kosníngarlögunum til þjóðfundarins og þó að eins bundinn við 25 ára aldur. Af hinum 18 sjeu að minnsta kosti 5 útskrifaðir úr skóla, eða hafi tekið eitthvert lærdóms próf, og sjeu þeir kosnir af fjölmennustu kjördæmunum og Reykjavík. Í þessari uppástúngu er gjört ráð fyrir, að kjördæmin sjeu 18, að Vestmannaeyar fylgi Rangárþíngi og að 1 þíngmaður sje fyrir hvert kjördæmi."

Pétur Pétursson vildi fara að öllu með gát í stjórnarmálefnum Íslands. Í bréfi til Brynjólfs bróður síns 24ða ágúst 1849 segir hann til að mynda:[7] „Nú ætla jeg ad bidja Þig ad gjöra svo vel ad gefa mér

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

einhverjar bendíngar vidvíkjandi því, hvad lángt Þú heldur, ad jeg megi fara í ad drepa á „stjórnarmálefni Islands“ og yfirhöfud, hvornig jeg best muni geta búið undir, ad skynsamlegar meiníngar í þeim efnum geti hér rudt sér til rúms. Þú mátt geta nærri, ad jeg muni vilja fara sem varlegast ad í þeim efnum og ekki spilla málefnunum med því ad fara oflángt inní þau svona fyrirframm.“

Afstaða Péturs Péturssonar til þjóðmálanna kom ótvírætt í ljós í bréfi, sem hann skrifaði Brynjólfi 12ta október þetta sama haust, en þar farast honum orð á þessa leið:[8] „Þad sem eg held verdi verst vidfángs ad sumri er aðskilnaður á Íslanz og Danmerkur fjárhag; þad er í þessu efni búid ad gjöra alþydu óda og uppvæga og embættismennirnir skipta sér ekkert af því, þvíad ísl. embættis menn eru svo miklu verr launadir en í Danmörk, ad þeir sjá, þad muni ekki verda verra þó Isl. launi þeim. En jeg held, ad vid getum ekki stadid okkur vid þennann adskilnad, nema Danmörk vilji gefa okkur svosem 1 Millión í skadabætur fyrir verzlunnina og söluna á stólsgótsinu og þad mun Danmörk aldrej gjöra. Hvornig á þá ad koma þessu heim? Fyrir mitt leyti kjæri jeg mig ekkert um þennann adskilnad; einúngis landið geti varid einhverju fje til þarflegra fyrirtækja, án þess þad sé af nád og miskunsemi og ad embættismönnum sé launað nokkurnvegin einsog í Danmörku, einkum læknum, landsyfirrjettinum og skólunum.“

Í bréfi, sem hann hóf að skrifa Brynjólfi 24ða janúar 1850, fellir hann svofelldan dóm yfir stjórnmálaþróuninni á Íslandi:[9] „Allt „politiskt Liv“ hér hefur negativ stefnu ɔ: ad skilja sem mest vid Danmörku og hatast vid öll yfirvöld; og þetta er nú mælikvardinn fyrir frjálslyndinu og födurlandsástinni; . . . Þad er nú vilji almennings ad standa eingaungu undir Danm. konúngi, en slíta sambandid ad öllu ödru leiti. Þó er þad verst, ad alþyda hefr misst vyrdíngu fyrir lögunum og vill sjálf afsetja þá embættismenn, sem henni líkar ekki vid.“

Þegar Pétur skrifaði þetta, höfðu þeir atburðir gerzt í Reykjavík, að vandalaust var að færa að því full rök, sem nú skal greina:

Við andlát Steingríms biskups Jónssonar varð séra Helgi Thordersen dómkirkjuprestur biskup yfir Íslandi. Í stað hans varð séra Ásmundur Jónsson prestur í Odda dómkirkjuprestur, en hann hafði áður verið settur í það embætti um tæplega eins árs skeið, 1835–1836. Séra Pétur Pétursson hafði haft hug á báðum þessum störfum, og þótti fram hjá sér gengið.

Dómkirkjan í Reykjavík var endurbyggð á árunum 1847–1848. Eftir umbæturnar var kirkjan mun stærri en áður. Hún var vígð 28da

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

október 1848. Séra Ásmundur virðist ekki hafa verið hafður í sérlegum hávegum af sóknarbörnum sínum. Hann var lágmæltur og óheyrilegur í ræðustól, og eftir að kirkjan var stækkuð, þóttust menn ekki geta heyrt til hans, og dró mjög úr kirkjusókn af þeim ástæðum. Svo gerðist óvenjulegur atburður sunnudaginn 10da febrúar 1850 í dómkirkjunni,og er bezt að láta Pétur halda áfram, þar sem fyrr var horfið frá:[10]

„Ekki sé jeg neirn mögulegleika til, ad S*ra* Asmundur geti haldid sér *hér*? Almenningur er ordinn óvenjulega óvinveittur honum. Hvorki þykjast þeir heyra til hans í kyrkjunni, né þykir neitt til hans koma. Fyrra sunnudag embættadi biskupinn og var kyrkjan full — annars er hún vön ad vera tóm — en eptir messu eda eptir bænina stód fyrrv. Kapellan Sveinb. Hallgrímsson upp og beiddi biskup ad visitera og ad söfnudurinn fengi annann prest, því hann hefdi eingin not af þessum, þared ekki heyrdist til hanns. Fyrir þetta var höfdad mál ámóti S*ra* Sveinb. Sama kvöldid fóru nokkrir embættism[enn] og kaupmenn upp til S*ra* Asm. og letum vid í ljósi, ad okkur mislíkadi adferd S*ra* Sveinb. Ef biskup skerst ekki í leikinn og embættar hér vid og vid, þá má Gud vita, hvort hér verdur ekki Scandale; 150 borgarar og tómthúsmenn hafa nú bréf á prjónun[u]m til S*ra* Ásm. ad bidja hann annadhvort ad resignera eda taka sér Kapellan; þetta gjördist á fundi, sem þeir áttu í bæarþingstofunni og var Fógetinn vid, en hann gat ei talid þeim hughvörf. — Eg hefi reynt til ad milda alla sem eg hefi átt tal vid, en þad hefur ei tjád og þó hefur einhver hér af óvild vid mig verid svo oforskammadur ad segja, ad jeg væri ámóti S*ra* A.; en þesshättar verdur ei umflúid hér. Jeg hefi ætíd látid hann njóta sannmælis, en jeg get ekki sagt þad gott, sem er slæmt og jeg álít þad ógudlegt ad bæla nidur kristilegar tilfinningar og laungun manna eptir ad heyra gudsord; en alþyda er hér trúrækin og kyrkjurækin, ef hún hefdi almennilegann prest. Nú er þó sagt, ad Christjanson hafi komid þeim sáttum á vid sóknarmenn, ad þeir *gjöri sig ánægda med, ad Biskupinn embætti eda fái einhverja til ad predika 4da hvern sunnudag*.

(Þann 1 Marts) Þá er nú aptur sagt, ad presturinn muni ekki vilja gánga ad þessu. Þad er vonandi, ad þetta uppþot hjadni aptur nidur eda jafnist med gódu."

Brynjólfur Pétursson fékk þessi mál í hendur um sumarmálin 1850, því að stiftsyfirvöldin sendu málið til kirkju- og kennslumálaráðuneytisins (Ministeriet for Kirke- og Underviisningsvæsenet).[11] Meðal málsskjalanna er vitnisburður Þórðar Sveinbjarnarsonar um það, hvernig honum gangi að heyra til séra Ásmundar,og undir hann

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

skrifa kaupmenn og betri borgarar auk nokkurra húsmanna og bænda.[12] Í vitnisburðinum segir Þórður, að hann sitji lengra frá predikunarstólnum en meginið af söfnuðinum, en þrátt fyrir það að hann sé á 64ða ári heyri hann ræðu prestsins, en leggur þó til, að predikunarstóllinn verði fluttur í miðja kirkju. Vitnisburður Þórðar er dagsettur 28da febrúar 1850, og Þórður sendi hann til kirkju- og kennslumálaráðuneytisins ásamt bréfi, sem dagsett er 4ða marz 1850. Af bréfinu má ráða, að þeir, sem skrifuðu undir, hafi verið eins konar hjálparsveit séra Ásmundar og almúgi og betri borgarar hafi staðið í öndverðum fylkingum í þessu máli.[13*]

Séra Ásmundur skrifaði ráðuneytinu einnig um þetta mál og gerði grein fyrir afstöðu sinni. Bréfið er dagsett 27da febrúar, og því fylgja 6 fylgiskjöl sem heimildir. Séra Ásmundur rekur þar allan gang málsins, en skellir að lokum skuldinni á þann hluta safnaðarins, sem hafði óskað eftir því, að hann segði af sér eða tæki sér aðstoðarprest.[14*]

Mótgangsmenn séra Ásmundar sendu biskupi undirskriftaskjal, sem heimilisfeður og einhleypir menn skrifuðu undir. Þar skýrðu þeir málið frá sínum bæjardyrum og sögðu, „að oss allmörgum bændum í söfnuðinum kom ásamt um, að rita presti brjef, og biðja hann að ráða bót á þessu“ (að miklum hluta safnaðarins er alls ó-

[13*] Bréfið er svohljóðandi: „Sandhed og Billighed have affordret mig her ærbödigst vedlagte Erklæring; og da ieg med Fornöielse seer at den er tiltraadt af den beste Deel af Reykevigs Domkirke Sogns Befolkning, saa tillader ieg mig lige ærbödigst herved at indsende den til det höie Kirke- og Undervisnings-Ministerium, som Bilag til Domkirkepræst Provst Asmund Johnsens Andragende til det höie Ministerium, i Anledning af de i Sognet opkomne Uroeligheder.“

[14*] Bréf séra Ásmundar endar á þessum orðum: „Dette allene vil jeg til Slutning tillade mig at yttre om hele denne Sag: *At* intet er lettere i disse urolige Tider, end at ophidse den uvidende Mængde, som er opægget til Had imod alt Bestaaende, og til Uvillje imod Embedsmænd overhoved, og saaledes at samle Underskrifter, som jeg hører at de har faaet mange; *At* det glæder mig, at, saavidt jeg har kunnet erfare, have de intet andet endnu anført imod mig, end min svage Stemme, men som jeg haaber, at efter alle Retsindiges Dom, ikke er saa svag, at den er paaklagelig, da jeg troer, at formedelst Prædikestolens uheldige Stilling i Kirken, ville der være meget mange, som ikke kunne lade sin Tale höres over hele Kirken; Og *at* ingen af de bedste og mest Oplyste i Menigheden ere i disses Tal, da jeg tvært imod har Aarsag til at troe at de ere höjligen indignerede over denne Adfærd, ligesom ogsaa nogle af dem, paa en hjertelig Maade, den samme Aften Skandalen i Kirken skeete, offentligen gave mig det tilkjende.

Men beklageligt er det, dersom slige Optrin, og sligt Uvæsen ikke kan, ad Rettens Vej, straffes, standses, og for Fremtiden forhindres, og den raae Masse skal saaledes kunne sætte al Övrighed Stolen for Døren, og efter eget Tykke afsætte og indsætte Embedsmænd, samt foreskrive hvad den finder for godt, naar den blot holder sammen.“

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mögulegt að heyra kenningu hans) „annaðhvort með því að taka sér aðstoðarprest, eða þá ef honum svo mætti þóknast að sækja um annað embætti, þar vjer algjörlega örvæntum um, að hann geti bætt róm sinn eða framburð.“ Séra Ásmundur tók þessari málaleitan fjarri, og Kristján Kristjánsson, sem þá var landfógeti, reyndi að miðla málum. „Þessvegna sömdum við nú enn við herra Kristjánssen að vjer skyldum láta oss nægja ef hann gæti komið því til leiðar vid prestinn, að presturinn feingi ydur til að takast á hendur að prédika eða fá menn til þess, sem heyrðist til, svo opt sem svaraði 4*da* hverjum helgum deigi“, segir í undirskriftaskjalinu. Þessi málaleitan fór út um þúfur, þar sem séra Ásmundur hafnaði boði andstæðinganna að sættast á þessa lausn (fylgiskjal nr. 5).

Þegar málið var komið í svo óvænt efni, „að oss vyrðist nú horfa til þeirra vandræða að kristinndómur vor gángi til þurðar, af skorti á hinni opinberu Guðsdýrkun, því nú stendur kyrkjan því nær tóm á hverjum helgum deigi, því hversu feignir sem vjer viljum, getum vjer eigi haft not af að sækja kirkjuna af því vjer heyrum ekki orðið, . . . höfum vjer nú eigi önnur úrræði, en að heita á yður, sem föður og fyrrverandi sóknarprest okkar og nú yfirmann kirkjunnar hjer í landi, að bera fram málefni vort við hlutaðeigandi Stjórnarráð og biðja það vor vegna að hlutast til um það, að prestur þessi annaðhvort sæki í burtu frá brauðinu eða taki sjer dugandi aðstoðarprest sem í hans stað geti fullnægt safnaðarins andlegu þörf.“

Þetta undirskriftaskjal var dagsett 5ta marz 1850, og undir því voru alls 175 nöfn. Helgi Thordersen biskup sendi þetta skjal til ráðuneytisins ásamt meðfylgjandi bréfi, þar sem hann dró enga dul á, að kvartanir safnaðarins hefðu við nokkur rök að styðjast og séra Ásmundur hefði ekki viljað koma til móts við andstæðingana. Hann gat þess einnig, að séra Ásmundur hefði ekki notið álits sem predikari, þegar hann var settur í embættið, og þess hafi gætt, þegar hann kom til þess aftur seinna. Sjálfur vildi biskup ekkert gera í málinu, heldur fól ráðuneytinu það á hendur. Þetta bréf var dagsett 8da marz 1850.[15]

Brynjólfur Pétursson virðist hafa mótað afstöðu kirkju- og kennslumálaráðuneytisins í þessu máli. Meðal skjalanna, sem fjalla um þetta mál, eru tvö með hans hendi. Annað þeirra er ódagsett og án undirskriftar. Hitt er uppkastið að bréfinu, sem ráðuneytið sendi biskupi 18da maí 1850, með viðaukum með annarri hendi. Í hreinskrift þessa bréfs er uppkast Brynjólfs og viðbæturnar gerðar að einni heild, og það er undirritað af kirkju- og kennslumálaráðherranum Madvig og Oddgeiri Stephensen.[16]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Skjalið, sem er ódagsett, er eins konar álits- og greinargerð um málið. Það ber yfirskriftina „Reykjavíks Præstekald", og þar er rakin saga málsins frá upphafi. Þar segir, að þegar séra Ásmundur var settur í Reykjavíkurbrauðið 1845, hafi mestur hluti safnaðarins óskað eftir, að hann fengi ekki brauðið, þar sem ekki heyrðist til hans vegna þess, að röddin væri svo veik og framburðurinn óskýr.

Séra Ásmundur fékk heldur andstæðan dóm í þessu skjali, því að þar er sagt um hann, að hann hafi kennt söfnuðinum um athæfi eins manns, sem söfnuðurinn átti engan þátt í, og valið honum óviðurkvæmileg orð. Þá segir enn fremur, að séra Ásmundur skilji ekki afstöðu sína (Forhold) til safnaðarins, en hins vegar sé ekki ástæða til að víkja honum frá, skipa honum að taka sér aðstoðarprest eða sækja um annað embætti án hans vilja. Flutningur predikunarstólsins komi heldur ekki til greina, heldur skuli biskupinn og forstöðumaður prestaskólans predika til skiptis eftir samkomulagi 3ja eða 4ða hvern sunnudag, og biskup eigi að hvetja hann til að sækja um annað brauð við tækifæri, og ráðuneytið lýsi vanþóknun sinni yfir þeim tón, sem skýrsla séra Ásmundar sé skrifuð í.

Bréf kirkju- og kennslumálaráðuneytisins er að verulegu leyti sama efnis og þessi álitsgerð, sem hefir sennilega verið látin fylgja málinu til ráðuneytisins til endanlegs úrskurðar. Einnig kemur fram í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Grími Thomsen á sumardaginn fyrsta 1850, að honum hefir ekki fallið, hvernig séra Ásmundur tók á þessu máli, og segir, að hann hafi „ósköp skemmt fyrir sjer" með því að skrifa ráðuneytinu og gjöra söfnuðinn ábyrgan fyrir þessu.[17]

Nokkru áður en atburður sá, sem hér hefir verið fjallað um, gerðist í dómkirkjunni í Reykjavík, hafði dregið til tíðinda í Lærða skólanum í Reykjavík. Sveinbjörn Egilsson varð rektor Lærða skólans vorið 1846. Skólahaldið fór fyrst vel fram, en veturinn 1848–1849 bryddi á nokkurri ókyrrð. Síðustu árin, sem skólinn var á Bessastöðum, voru skólasveinar í bindindisfélagi, og hélzt það fyrstu árin í Reykjavík, en haustið 1849 gerðust 4 skólasveinar tregir að ganga í félagið. Það voru þeir Stefán Þ. Thorsteinsen, Magnús Hannesson Stephensen, Stefán Stefánsson Stephensen og Magnús Magnússon Stephensen. Fyrir jólin léku skólapiltar *Den Stundeslöse* eftir Holberg fyrir bæjarbúa, en bæjarbúar buðu þeim í staðinn til veizlu og á dansleik, *og þar er nú komin rót spillingarinnar*, skrifaði Jón Þorleifsson Helga Hálfdanarsyni 28da febrúar 1850.[18]

Sveinbjörn Egilsson rektor samdi skýrslu um hið svonefnda „pereat", og lagði fyrir kirkju- og kennslumálaráðuneytið í Kaup-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

mannahöfn.[19] Hún er dagsett í Reykjavík 10da marz 1850. Hann segir þar, að dagana 10da og 11ta janúar 1850 hafi 15 skólasveinar sagt sig skriflega úr bindindisfélaginu og myndað leynilegt drykkjufélag. Af þessum 15 gengu átta skólasveinar aftur í bindindisfélagið og lofuðu bót og betrun. Kennararnir reyndu að fá hina sjö aftur inn í félagið, en árangurslaust. Síðan gerðist hvort tveggja, að óvildin þrútnaði milli rektors og kennara annars vegar og skólasveina hins vegar og skólasveina greindi á um, hve ströng lög bindindisfélagsins ættu að vera.

Þorsteinn Jónsson sýslumaður gegndi störfum stiftamtmanns, þegar þetta bar til. Hann og Helgi biskup Thordersen voru stiftsyfirvöldin, en þau voru sett yfir skólann. Þeir sendu einnig kirkju- og kennslumálaráðuneytinu skýrslu, sem er dagsett 3ja marz og undirrituð af þeim báðum.[20]

Helgi biskup hélt fund með kennaraliði skólans 14da janúar, og Sveinbjörn segir í skýrslu sinni, að hann hafi ekki aðeins talið það æskilegt, heldur nauðsynlegt, að skólasveinar héldu sig frá áfengum drykkjum, og taldi leyfilegt að banna þeim, sem sjálfviljugir gengu í bindindisfélagið, að ganga úr því, og jafnvel mætti skipa þeim, sem komnir væru úr því, að ganga í félagið á ný.

Við þetta jukust viðsjárnar um allan helming. Skólasveinar héldu fund undir berum himni, og rektor reyndi að fá hina sjö til að koma aftur inn í bindindisfélagið. Steingrímur Thorsteinsson var í fyrirsvari, og gekk hvergi saman. Af þessu leiddi, að allir skólasveinar nema einn gengu úr bindindisfélaginu. Einnig bannaði rektor fundahöld skólasveinanna. Þegar hér var komið sögu, var Arnljótur Ólafsson mest fyrir skólasveinum.

Þann 14da janúar kom Sveinbjörn með ný „Bindindislög Reykjavíkur lærða skóla".[21] En Jón Þorleifsson einn skrifaði nafn sitt undir þau og sætti svo illri meðferð hjá skólabræðrum sínum fyrir vikið, að rektor tók hann heim til sín. Þegar hér var komið sögu, skrifuðu rektor og kennarar stiftsyfirvöldunum bréf, dagsett 15da janúar, þar sem lagt var til að leggja niður kennslu um stundarsakir, reka 6 nemendur úr skóla, þar á meðal Arnljót Ólafsson og Steingrím Thorsteinsson, en 8 skólasveinum skyldi vísa úr heimavist (tabe Elevpladsen), nemendur, sem bjuggu í bænum, máttu ekki láta sjá sig í skólanum utan ákveðinna tíma. Þeir, sem ekki fylltu þessa flokka, áttu að fá hæfilega ráðningu að tveimur undanskildum, og allir áttu að hlýða bindindislögum þeim, sem rektor hafði sett.[22]

Stiftsyfirvöldin svöruðu þessu bréfi samdægurs og vildu ekki fall-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ast á þessar refsiaðgerðir nema banna skólasveinum, sem bjuggu í bænum, að vera í skólanum utan lestrartíma, það sem eftir var af skólaárinu. Bréfið var stílað til rektors og kennara, og samkvæmt skýrslu rektors lagði hann það fram á fundi, sem haldinn var degi síðar heima hjá Sveinbirni. Það kemur fram í skýrslu Sveinbjarnar, að honum þótti biskup líta málið öðrum augum (ganske omstemt) en tveim dögum áður, og ekki er laust við gremju í garð biskups í skýrslu Sveinbjarnar, þegar hann greinir frá þessu.

Morguninn eftir þennan fund gerðist það, að Sveinbjörn flutti reiðilestur yfir skólasveinum og gerði grein fyrir þeim ráðstöfunum og breytingum, sem áttu að ganga í gildi, en í stað þess að fara í kennslustofurnar þustu nemendurnir út úr skólanum og hlýddu í engu skipunum rektors, gengu síðan fylktu liði um bæinn og hrópuðu „pereat" fyrir rektor við hvert einasta hús í bænum og enduðu fyrir utan skóladyrnar.

Pétur Pétursson skrifaði Brynjólfi bróður sínum þessi tíðindi viku eftir að „pereatið" átti sér stað, eða 24da janúar. Honum farast orð á þessa leið:[23] „Hedan úr Reykjavík eru ekki neinar gódar fréttir ad skrifa. I Latínu skólanum hafa allir skólapilltar sagt sig úr bindindi og þegar Rector vildi koma þeim í þad aptur, fóru þeir og hrópudu pereat! fyrir honum vid hvert hús í bænum, svo hann hefur ej vogad ad koma uppí skólann sídan. Ephoratid hefur haldid alteinar rádstefnur, en ekki tekið neina ályktan en; því mun þykja ísjárvert ad reka alla skólapillta út — og væri einn rekinn út, færu allir — í þessari tíd þegar komid er hér los á allt, því einginn veit, hvad þaraf hlotnadist og þad væri ad kveikja politiska óánægju um allt land og „plante Oprörsfanen" því dónarnir sympathisera med skólapilltum; þó veit jeg ekki, hvad Stiftid rædur af, ef ekki kémst lögun, á þetta eda midlun fyrir Examen, sem byrjar í midjum Febrúar, því þad er hart, ad okkar besta vísindamanni sé sparkad svoleidis burt og hefur óttalegar Conseqventser ef ekki er komid í veg fyrir þetta eptirleidis. Þó kynni þad ad vera best fyrir Landid — ef Egilsen fengi fullkomna Satisfaction — ad nota þetta tækifæri til ad fá *duglegann Rector* í hanns stad, sem væri bædi hardur og eptirlitasamur og leti ekki mokka sig. Skólinn er ordinn ad polítisk[u]m Klubbi, fullur af sjálfrædisanda og því er midur, ad einstöku menn blása ad þeim kolunum, og þad embættismenn, sem eiga þar einhverja sér venslada.[q] Þad lá vid sjálft, ad hrópad væri líka pereat! fyrir Jens Sigurðssyni, því hann hefur helst reynt til ad halda vid aga í skólanum

q En blessadur vertu! Þetta er ógætil[ega] skrifad og máske rángt. (skrifað á spássíu).

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

og þarvid áunnid sér hatursmenn. Ef svo færi, ad hér yrdi settur nýr Rector, — og jeg þykist sjá, ad þad muni hljóta ad verda — þá veit jeg aungvann, sem væri hæfari til þess en *Jón Sigurðsson;* hann hefur skapad tímann og best ad lofa honum ad slíta sér út á tímanum; hann er „liberal" en þó rádríkur og mundi *þessvegna* reyna til ad stífla óstjórnaranda í skólanum.

Dr. Schevíng ætti ad fara frá skólanum; hann er ordinn gamall og ónytur og rjett „Legetöj" fyrir skólann; mér þykir hann heldur ekki hafa farid sem hreinlyndislegast í þetta mál.

Jeg sagdi ádur, ad skólinn væri polítiskur; en jeg tek þad aptur; þad er ekki svo vel; jeg held þar sje einsog nú er ástatt mikid lítid um nokkrar alvarlegar hugsanir og spillir þad honum mikid, ad þeir hafa hvörki nógu marga, né nógu duglega kennendur."

Pétur Pétursson hefir gjörþekkt þetta mál, því að prestaskólinn var í húsakynnum Lærða skólans, og hann virðist líta á þetta mál nokkuð hlutlausum augum. Vel má vera, að hann hafi fyrstur manna látið sér detta í hug að gera Jón Sigurðsson að rektor skólans, og rúmum mánuði síðar benda þeir Helgi biskup og Þorsteinn Jónsson á hann sem eftirmann Sveinbjarnar, eins og síðar verður rakið.

Sama daginn og „þereatið" hljómaði um Reykjavík skrifuðu rektor og kennarar stiftsyfirvöldunum og sögðu þeim, hvað orðið var, og óskuðu þess, að Arnljóti Ólafssyni yrði vikið úr skóla.[24] Rektor og stiftsyfirvöld settust síðan á rökstóla, og samkvæmt skýrslu rektors voru þeir Helgi biskup og Þorsteinn óráðnir í, hvað gera skyldi (temmelig raadvilde), en niðurstaðan varð, að þeir skyldu koma í skólann ásamt rektor og kennurunum næsta morgun, en þessi dagur var ekki að kvöldi kominn, þegar þeim hafði snúizt hugur af ótta við nýtt „þereat", segir í skýrslu rektors, og brugðið á það ráð að halda fund með kennurum skólans daginn eftir. Þessi fundur varð sögulegur, því að samkvæmt skýrslu rektors benti hann á tvær leiðir: að beita hörðu og hreinsa skólann og reka hina seku eða taka mildum höndum á þessu og reyna að láta nemendur átta sig og biðja um fyrirgefningu, en kennsla skyldi falla niður á meðan. Helgi biskup hallaðist að síðari leiðinni, og Pétur Pétursson, sem þarna var mættur, studdi hans mál og vildi ekki láta þröngva skólasveinum í bindindi. Helgi biskup virðist hafa talið kennarana á sína skoðun, svo að niðurstaðan varð sú, að kennslu skyldi haldið áfram, en Sveinbjörn neitaði að mæta til kennslu, og Hallgrímur Scheving tók við rektorsstörfum til bráðabirgða. Sveinbirni féllu þessi málalok þungt, og honum hefir þótt biskup reikull í ráði og

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

fljótur að skipta um skoðun.[25*] Stiftsyfirvöldin reyndu að fá Sveinbjörn til að hefja kennslu á ný, enda höfðu þau komizt á snoðir um, að nemendur voru þess fýsandi, en Sveinbjörn kvað nei við. Hann sótti síðan um leyfi til að sigla til Kaupmannahafnar vegna þessa máls og fékk leyfi stiftsyfirvaldanna til þess.

Í lok skýrslu sinnar drap Sveinbjörn stuttlega á ástandið í skólanum eftir „pereatið". Nemendur fóru frjálsir ferða sinna og risið var ekki hærra en svo á aganum, að Björn Gunnlaugsson þakkaði nemendum fyrir að koma í tíma í lok fyrstu kennslustundanna eftir „pereatið". Skólasveinar léku lausum hala á kránum í bænum og drukku óspart. Margs konar skemmdir voru unnar á skólanum sjálfum og munum hans þennan vetur, og Hallgrímur Scheving lét slíkt afskiptalaust.

Tildrög þessara atburða voru margþætt. Því verður ekki á móti mælt, að Sveinbjörn var ekki að sama skapi mikill stjórnandi og hann var frábær kennari, og af ýmsu má ráða, að hann hafi verið að missa tökin á skólanum með hverju árinu sem leið. Byltingarnar í Evrópu vöktu bergmál á Íslandi, einkum meðal æskumanna þjóðarinnar. Stefán Stephensen skrifaði um „pereatið" í Nýju kirkjublaði 1911 og sagði, að þeir Arnljótur Ólafsson og Bjarni Sigvaldason hafi skrifazt á við skólabræður sína í Kaupmannahöfn um „pereat", þess vegna hafi það verið fyrirhugað og bindindismálið notað sem æskilegt tilefni. Steingrímur Thorsteinsson kvað hafa sagt Jóhannesi Sigfússyni yfirkennara, að Ólafur Gunnlaugsson hafi sagt skólabræðrum sínum ýmsar sögur frá útlöndum, einkum frá Þýzkalandi, að nemendur hrópuðu „pereat" fyrir kennurum, sem þeir vildu losna við, og hugmyndin þróazt í skólum samfara frelsishugmyndunum eftir 1848.

Það var einkennandi fyrir veturna 1847–1850, að nemendur virtu að vettugi reglur skólans og létu ekki skipast, þó vandað væri um við þá. Í greinargerð (underdanigst Betænkning til Bestyrelsen for den Lærde Skole i Reykjavík), sem Jens Sigurðsson samdi um skólann 20sta desember 1849, kemur greinilega fram, hvert stefndi. Bessastaðaskóli var miklu einangraðri en Lærði skólinn var í Reykjavík. Bæjarlífið glapti nemendur, og í skýrslu Sveinbjarnar andar

[25*] Hann segir svo um þetta í skýrslunni: „Sligt Ufald havde Ephoratets Conference med Lærerne, og dog havde Rektor og Lærerne ventet et andet, i Følge Ephoratets Bestemmelse i Skriv. af 15. jan., „at enhver Uorden, fremtrædende som Ringeagt eller Trods med Lærernes Formaninger og Befalinger, vilde ufravigelig have til Følge, at den eller de Paagjeldende skulde excluderes af Skolen eller miste de dem forundte Stipendier."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

köldu til Stephensensættarinnar, enda voru þrír þeirra, sem ekki vildu ganga í bindindisfélagið haustið 1849, af þeirri ætt. Kona Helga biskups var dóttir Stefáns amtmanns Stephensens, og það má vel geta sér þess til, að frændlið hennar hafi valdið nokkru um, hve biskup var reikull í ráði í þessu máli. Pétur Pétursson dylgir um, að embættismenn, sem eigi einhverja sér venzlaða í skólanum, blási að þeim kolunum að auka sjálfræðisandann í skólanum, og má vera, að hann eigi þar við Stefánunga.

Greinargerð stiftsyfirvaldanna um „pereatið" snýst að verulegu leyti um það, að það hafi ekki verið hægt að gera neitt frekar í málinu en þau gerðu. Þegar kennarar skólans vildu láta reka Arnljót Ólafsson úr skólanum, lögðust stiftsyfirvöldin gegn því, því að þá mundu allir skólasveinar fara úr skólanum. Hins vegar viðurkenna þau, að það hafi ekkert unnizt með því að bíða átekta og nemendur hafi ekki gefið eftir í neinu og ekki sýnt nein iðrunarmerki. Þrátt fyrir það sáu þau sér ekki fært að vísa nemendum úr skóla og færðu fyrir því margar ástæður, svo sem að ferðalögin heim gætu orðið lífshættuleg á þessum árstíma, skólasveinar mundu bíða fjárhagslegt tjón og þetta mundi auka á ókyrrðina og óánægjuna í landinu.

Sveinbjörn Egilsson fær þann dóm í þessari greinargerð, að enda þótt hann sé frægasti vísindamaður landsins og ágætur kennari, þá vanti hann þá skapfestu (Bestemthed i Karakteren) og lagni, sem skólastjórnin krefst. Hann sé hneigður til kyrrlátrar fræðimennsku fremur en umsvifa hins ytra lífs. Auk þess sé hann tekinn að eldast og það geri hann síður hæfan til skólastjórnarinnar. Í framhaldi af þessu telja þeir æskilegast, að Sveinbjörn haldi áfram sem rektor og haldi launum sínum, en hið daglega eftirlit yrði skilið frá öðrum störfum rektors (Disciplinen blev adskilt fra hans Rectorat) og falið yfirkennara skólans, og þar sem Hallgrímur Scheving sæki um lausn á þessu ári, þurfi að fá nýjan yfirkennara að skólanum, en enginn þeirra kennara, sem nú séu við skólann, geti talizt vel hæfur í þetta starf. Greinargerðin endar á því, að þeir hafi fest augun á Jóni Sigurðssyni sem hæfasta manninum til að taka að sér þetta starf og leggja til, að hann verði fenginn í starfið.[26*]

Brynjólfur Pétursson fékk þessa skýrslu í hendur um sumarmálin 1850, eða um svipað leyti og mál séra Ásmundar. Hann virðist hafa ráðið mestu um, hvernig stjórnin tók á málinu, því að meðal skjalanna í safni íslenzku stjórnardeildarinnar um þetta mál er stutt ódagsett álitsgerð um málið og uppkast að bréfi til stiftsyfirvaldanna dagsett 18da maí 1850, hvort tveggja með hendi hans.

[26*] Í skjalinu stendur: „at Secretair Sigurdsson maatte indstilles til denne Post."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Í álitsgerðinni, sem ber yfirskriftina „Om Uordenen i Reykjavík Skole", er kveðinn upp dómur í málinu í þremur liðum þess efnis, að rektor og kennararnir eigi nokkra sök í málinu, stiftsyfirvöldin hafi ekki tekið málið réttum tökum í upphafi og síðan tekið ákvarðanir, sem virðast vera mjög óheillavænlegar, og nemendur verði allir að taka afleiðingunum af mótþróa sínum og einstöku eigi að refsa þar að auki.[27*]

Brynjólfur víkur síðan nánar að þessum þremur liðum og segir, að rektor og kennararnir hafi gengið of langt með því að vilja reka þá nemendur úr skóla, sem ekki var hægt að þvinga aftur inn í bindindisfélagið, og láta það varða brottrekstri, að nemendur neyti víns. Þá segir hann, að ræða rektors hafi verið óviðurkvæmilega orðuð (upassende Udtrýk) og ekki samin af sáttfýsi (affattet í en uforsonlig Aand).

Stiftsyfirvöldin gagnrýnir hann fyrir það að hafa hvorki rekið fyrirliðann úr skólanum né refsað skólasveinum á nokkurn hátt. Hið sama gilti um þá ákvörðun stiftsyfirvaldanna, að ekki skyldi einungis brautskrá þá, sem höfðu rétt til þess, heldur einnig þá forsprakka, sem ekki átti að brautskrá samkvæmt reglum skólans.

Að síðustu segir Brynjólfur, að það leiði af sjálfu sér, að þetta skólaár verði ekki reiknað með, þannig að enginn verði brautskráður í lok skólaárs, nema hann hafi ekki tekið þátt í „pereatinu", og alls ekki þeir, sem séu í 3ja bekk a. Arnljót Ólafsson skuli reka úr skóla, hversu efnilegur sem hann annars sé. Hinir fyrirliðarnir, sem hafi fengið ölmusur, skuli missa þær.

Greinargerðinni lýkur með því, að Brynjólfur segir, að höfuðmunurinn á afstöðu rektors og biskups hafi verið, að rektor vildi leysa upp skólann eftir 17da janúar, en biskup vildi það ekki.

Bréf kirkju- og kennslumálaráðuneytisins er dagsett 18da maí 1850 og stílað til biskups og stiftamtmanns.[28] Það er miklu langorðara en álitsgerðin, sem getið er hér að framan, en nær eins efnislega í þeim atriðum, sem álitsgerðin fjallar um. Til gamans má geta þess, að í bréfinu er lagt bann við, að Steingrímur Thorsteinsson fái að taka burtfararpróf þá um vorið, þar sem hann var einn af fyrirliðunum í „pereatinu".

[27*] Þessir 3 liðir eru svohljóðandi: „1. at Rector, og de övrige Lærere for en Deel, bære Skylden for *den* Opsætsighed af Disciplene, der maa medföre Straf for dem; 2. at Stiftsövrigheden deels har vist en stor Mangel paa Conduite under Disciplenes Opsætsighed, deels siden har truffet enkelte Bestemmelser, som sýnes at være meget fordærvelige;
3. at Disciplene bör *alle* föle Fölgerne af deres Opsætsighed, og *enkelte* desuden straffes."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Ráðuneytið hafnaði þeirri tillögu stiftsyfirvaldanna, að yfirkennarinn tæki að sér daglega stjórn í skólanum, þar sem slíkt væri hin augljósasta vantraustsyfirlýsing á stjórnlagni rektors. Á sama hátt taldi ráðuneytið ekki rétt, að rektor segði af sér, því að það mundi gefa þeim anda, sem ríkti í skólanum, byr undir vængi, heldur valdi það þann kost að setja hann aftur í embættið og eggjaði stiftsyfirvöldin að styðja hann með ráðum og dáð. Raunar var ráðuneytið þeirrar skoðunar, að Sveinbjörn gæti ekki skapað nýtt andrúmsloft í skólanum (at bringe en ny Aand ind i Skolen), en stiftsyfirvöldin áttu að kalla nemendur saman og brýna fyrir þeim hið refsiverða í framkomu þeirra og aðvara þá með tilliti til komandi tíma. Af framangreindu er ljóst, að Brynjólfi hefir fundizt aðgerðaleysi stiftsyfirvaldanna aðfinnsluvert, og til að auka þeim erfiði lagði hann svo fyrir, að þau létu rannsaka klúbbferðir skólasveina, sem urðu alltíðar eftir „pereatið".

Þetta varð til þess, að Trampe greifi skipaði rannsókn í málinu, og Þórður Guðmundsson sýslumaður yfirheyrði August Thomsen veitingamann, sem viðurkenndi, að hann hefði séð þann kost vænstan að láta það viðgangast, að skólasveinar heimsæktu klúbbinn, enda hefði það verið samkvæmt ráði Kristjáns Kristjánssonar bæjarfógeta. Kristján var síðan kallaður fyrir réttinn og játaði, að hann hefði ráðlagt Thomsen að vera ekki of strangur við nemendur, og sagðist ekki hafa þekkt opið bréf frá 28da nóvember 1828, en þar er lagt blátt bann við, að veitingamenn leyfi skólasveinum að sitja í húsakynnum sínum við drykkju og spil. Hins vegar sagðist hann hafa reynt til að draga úr ferðum þeirra í klúbbinn. Trampe þótti ekki nóg aðgert með þessu og fyrirskipaði frekari rannsókn, þar sem sjálfur dómstjóri landsyfirréttarins, Þórður Sveinbjarnarson, kom fyrir rétt vegna þess, að hann hafði leyft syni sínum Lauritz Edvard að spila „Billardspil" í klúbbnum á sunnudögum, eftir að „pereatið" varð í skólanum. Bæjarfógetinn varð að játa, að hann hefði veitt 4–5 skólapiltum púns 10da marz 1850 í klúbbnum í litlum glösum, þegar hann var að árna þeim fararheilla, sem ætluðu til Kaupmannahafnar með póstskipinu.[29]

Það var Brynjólfur, sem benti á brotið gegn hinu opna bréfi, og í bréfinu til Gríms Thomsens, sem áður er vitnað til, segir hann um Kristján:[30] „Það er fullsannað að Kristján, bæjarfógetinn sjálfur, hefur verið pottur og panna í þessu, og síðan piltar gengu úr bind[ind]isfjelaginu drukkið með nokkrum þeirra á hverju kvöldi. Rosenörn er svo reiður Kristjáni út úr þessu, að jeg held hann biti

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hann á barka, ef hann gæti náð í hann, og vill hann fyrir alla muni koma honum úr Reykjavík, án þess að gefa honum amtmannsembættið."

Kristján Kristjánsson skrifaði Brynjólfi 10da marz 1850[31] og þakkaði honum fyrir allt gamalt og gott úr Fortúnastrætinu og víðar, en kom svo að „pereatinu" og segir þá um skólapilta; „. . . þeir eru saklausir og hafa ekki adhafst annad enn þad sem vid á þeirra aldri hefdum giört í sömu kríngumstædum, ef einhvör hefdi ordid til ad stínga uppá því, og af því lærisveinar hér *yfirhöfud* eru rádsettari menn enn í nokkrum ödrum skóla, þá eiga þeir ekki ad verda fyrir neinum straungum lögum eda þola nokkur ámæli fyrir stjórnleysi þeirra, sem ega ad stýra þeim. Ef því málefni þetta kémur nokkurstadar nálægt hlustum þínum, þá legdu þeim lidsyrdi og syndu ofan í ad allt hvad þeir hafa giört, er fet fyrir fet framkallad af ödrum. E[gilsen] gétur verid gódur madur og er lærdur madur, enn ekki vel fallinn til stödu sinnar sem stiórnari og kæmi hann aptur sem slíkur, má búast vid nýrri uppreisn."

Kristján hafði fullan hug á að komast burt úr Reykjavík, enda var sú bónin í enda bréfsins að biðja Brynjólf að gera sitt til, að hann fengi norður- og austuramtið, en þar segir svo: „Heilsadu frá mér honum Fridriki 7*da* og beiddu hann ad géfa mér nordur og austuramtid, med þeirri ordsendíngu, ad mig lángi hedan, því her sé allt ordid á annan veg, enn þá eg var hér ádur, því þá hafi verid hér fridur og eindrægni manna ámilli, en nú séu í þess stad komid úlfbúd, flokkadrættir og rógburdur. Þetta veit eg nú vel ad á ad vera afqvæmi þjódarandans og þjódfrels[is]ins, en hamingjan hiálpi okkur ef þetta á ad heita frelsi, því þá vil eg heldur lifa í ófrelsi, enda koma brádum þær tídir, ad ófrelsid birtist, ef huxunarháttur fólks ekki lagast."

Þetta var síðasta bréfið, sem Kristján skrifaði Brynjólfi, enda snerist Brynjólfur gegn honum í máli skólapilta, og Pétur Havsteen varð amtmaður í norður- og austuramtinu. Stiftamtmaður sendi stjórninni yfirheyrslurnar vegna heimsókna skólasveina í klúbbinn, og dómsmálaráðherrann Bardenfleth kvað upp þann dóm, að August Thomsen veitingamaður skyldi vera laus við þetta mál, en ráðuneytinu hafi alvarlega mislíkað afstaða Kristjáns til þess.[32*]

[32*] Í bréfinu segir svo: „Foranlediget heraf undlader jeg ikke til behagelig Efterretning tjensligen at melde, at ligesom jeg med Herr Stiftamtmanden maa være enig i, at der efter Omstændighederne ikke vil være at foretage Videre imod Klubvært August Thomsen i bemeldte Anledning, saaledes maa Ministeriet alvorligen mis-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Þorsteinn Jónsson fór með embætti stiftamtmanns frá því Rosenørn fór af landinu og þangað til Trampe kom snemma árs 1850. Þorsteinn var góðkunningi Brynjólfs Péturssonar, og í bréfasafni Brynjólfs eru varðveitt 9 bréf frá Þorsteini, en bréf Brynjólfs eru ekki varðveitt. Í síðasta bréfinu, dagsettu 18da október 1850, gerir Þorsteinn grein fyrir afstöðu sinni til „þereatsins" og ver aðgerðarleysi sitt og Helga biskups. Bréfakaflinn er á þessa leið:[33] „Þú segir mér, elskuvin! ad eg ekki fái dynjandi skammir fyrir embættisfærslu mína árid sem leid. Þad þykir mér vænt um. Sídur þykir mér þad, ad þid ekki kennið mer eins og biskupi um þad hversu skólamálinu reiddi af, þar eg á eins mikla skuld á því, já, og er jafnvel montinn af ad þad fór eins og þad fór, fyrst strídid vard á annad bord. Hefdir þú og þid þekkt til eins og eg, trúi eg varla ödru en þid hefdu gjört slíkt hid sama. Þid segid ad vid ekkert höfum gjört til ad koma sáttum á eda réttara til ad sefa pilta. Þad kom til tals, ad vid bádir færum uppí skóla og ad biskup heldi rædu fyrir piltum (— til mín var ekki ad taka til þeirra mála; þú þekkir þad —) og til þessa eggjadi bædi eg og Rector; en er eg hugsadi betur útí þad og Biskup taldi þad úr (afþví hann eigi vildi sömu förina og Egilsen) þóttist eg siá ad þad mundi koma fyrir ekki, einkanlega óttadist eg þad, ad Biskup nú, og víst alla tíd, hefir verid í litlu eda aungu uppahaldi í skóla og ad piltar því mundi gjöra lítinn róm ad máli hans, þó þad kæmi alt frá „hjartanu"; en ad resikera ad piltar hræktu á okkur, þótti okkur ekki hæfa. Enda gat Forhold Rektors til pilta, úr því sem komid var, aldrei ordid eins og þad átti ad vera og til hvers var þá ad *reyna* ad koma því heim, sem sjá mátti ad var ómögulegt. — Rector hafdi farid ad eins og flón, og ad skamma hann í áheyrn pilta var þó ótækt"

Þorsteinn kenndi kennurunum að verulegu leyti um það, sem orðið var, og sagðist aldrei hafa séð eða heyrt meiri „Taktlöshed" en frá þeirra hálfu í vetur við pilta.

Dönsku stjórnina skorti ekki vitneskju um það, sem var að gerast í Reykjavík og á Íslandi eftir áramótin 1849–1850. Í bréfasafni Rosenørns eru bréf frá eftirtöldum embættismönnum í Reykjavík: Helga biskupi, Þórði Sveinbjarnarsyni, Kristjáni Kristjánssyni og kennurunum Jens Sigurðssyni og Hannesi Árnasyni.[34] Þessi bréf

billige det af Politimesteren Overretsassessor Christiansson, i denne Sag udviste Forhold, i hvilken Henseende det Fornödne bedes ham tilkjendegivet.

Justitsministeriet, den 19*de* September 1850.

Bardenfleth / Oddg. Stephensen.

Til/ Herr Stiftamtmand, Grev Trampe.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

eru skrifuð fyrstu dagana í marz, og að sjálfsögðu er „pereatið“ og mótblásturinn gegn séra Ásmundi í öndvegi. Í bréfi Kristjáns landfógeta er til að mynda sagt, að fyrirrennari hans, Stefán Gunnlaugsson, hafi stappað stálinu í Sveinbjörn Egilsson að ganga ekki inn á nokkra málamiðlun.

Bréfritararnir luku upp um það einum munni, að í ráði sé að setja embættismenn frá embætti og bændur muni verða kosnir á þing, þar sem embættismennirnir fylgi stjórninni að málum. Helgi biskup kvað upp úr með það, að það stefndi að stjórnleysi í landinu, og Kristján Kristjánsson sagði, að það væri í mesta máta æskilegt, að stjórnin gæti sent herskip til Íslands með hinn nýja stiftamtmann og það væri komið, þegar þing hæfist, og lægi á höfninni, meðan það stæði yfir, þó að tilgangurinn með því liti einungis út fyrir að vera sá að flytja æðsta embættismann landsins hingað upp með þeim virðuleika, sem honum hæfir.

Hannes Árnason greinir frá því í bréfi sínu, að sú skoðun sé ríkjandi hjá almenningi, að stjórnin muni ekki líta atburði eins og norðurreiðina alvarlegum augum, heldur sem saklausan barnaleik, sem ekki muni hafa nokkrar alvarlegar afleiðingar.

Í óprentaðri ritgerð, sem Ólafur Oddsson cand. mag. skrifaði um norðurreiðina 1849, bendir hann á, að á fundinum við Vallalaug hafi Gísli Konráðsson samið ávarp, sem sniðið var eftir ávarpi, sem Hvidt etatsráð færði Friðriki konungi VII 20da marz 1848, þar sem óskað var eftir, að konungur fengi ráðherrana til að segja af sér. Reykjavíkurpósturinn birti þetta ávarp í apríl 1848, og skyldleikinn í efnisatriðum og orðalagi leynir sér ekki. Umbrotin í hinu íslenzka þjóðfélagi verða að vissu leyti skiljanlegri, ef sá hugsunarháttur hefur legið þar að baki, að með þessum aðgerðum væri verið að undirbúa líkar stjórnarfarsbreytingar og urðu í Danmörku fyrri hluta árs 1848. Vorið 1848 beið Jón Sigurðsson þess „að heyra stjórnarbylting frá Íslandi“, og þegar hann var nýkominn heim til Íslands sumarið 1849, skrifaði hann Brynjólfi Péturssyni 6ta ágúst 1849 og sagði: [35] „Nú sé eg ekki betur en Íslendíngar sé vaknaðir, og eg vildi hafa óskað þú værir hér nú, því í stað þess þeir hafa áður verið svo daufir, að maður hefir getað sagt að stíngi í stúf að koma híngað, þá eru þeir nú svo fjörugir, að það er yndi að tala við þá, fullir af von og trausti og þjóðlegri tilfinníng. Það væri sorglegt ef nú kæmi tálmi í veginn, og gæti þó ekki annað en espað þá enn meir. Gjörðu nú hvað þú getur, elskan mín, því nú liggur á, og þegar stiptamtmaður kemur mun hann ekki eggja annars, því hann sér að okkur er alvara.“

Það er ástæða til að ætla, að Jón Sigurðsson hafi ekki verið jafn

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ánægður með fjörið í bændum um það leyti, sem árið 1849 var á enda, því að veturinn 1849–1850 var bréf í umferð á Vestfjörðum, þar sem að honum var vegið, svo að óvíst var, hvort hann yrði kosinn á þjóðfundinn. Sagt er, að höfundur þessa bréfs hafi verið bóndi við Djúp og það muni hafa lagt leið sína suður á land.[36]

Ný félagsrit 1850 enduðu á ávarpi, sem hét „Til Íslendínga", þar sem sagt var frá frestun þjóðfundarins og jafnframt skorað á landsmenn að sýna embættismönnum ekki vanvirðu eða ótilhlýðilegan mótþróa, þar sem þeir væru settir til að gæta laganna, „en með lögum skal land byggja en með ólögum eyða."

VIÐBÚNAÐUR AÐ ÞJÓÐFUNDI

Atburðir eins og norðurreiðin, „pereatið" og mótblásturinn gegn séra Ásmundi dómkirkjupresti vöktu að vonum mikla athygli, enda af sumum talið, að leynipræðir lægju þar á milli.

Íslendingar væntu þess, að þjóðfundurinn yrði sumarið 1850, og undirbúningur að kosningunum var víða mikill. Fundir voru haldnir, og áhugi á þjóðmálum virtist almennur. Árni Thorlacius skrifaði Bjarna amtmanni Þorsteinssyni 15da apríl 1850 og sagði, að pólitískir klúbbar risu nú upp í hverjum hreppi,[1] en ekki er ósennilegt, að mest hafi þetta verið í kringum Breiðafjörð.

Það var gamall draumur Brynjólfs Péturssonar að verða þingmaður Skagfirðinga, en af því gat ekki orðið. Í bréfum, sem þeir séra Sigurður Arnórsson, mágur hans, og séra Jón Hallsson skrifuðu honum í ársbyrjun 1850, sögðu þeir frá kosningaundirbúningnum í Skagafirði. Jón Hallsson skrifaði 4ða febrúar og sagði þar svo frá:[2] „Alþingismadur okkar Skagfirdínga er alltaf ad halda samkomur í syslunni, og skora á bændr ad kjósa menn til þjódfundarins; hefi eg sannspurt, ad flestir hafa kosid syslumann okkar og sjálfann Alþingsmanninn, svo ekki vill enþá úraka. Bændamúgurinn hefir óumrædilegt traust á þeim sídarnefnda, án þess ad géta þó fært nokkra ástædu fyrir því, nema hans eigin raup og sjálfhælni. Ekki þýkir þeim vid þad komandi ad kjósa ydur, og telja á því svo hæfulaus og meídandi tormerki, ad þau skéra mig til hjartans". Frásögn séra Sigurðar Arnórssonar er svipaðs efnis.

Brynjólfur vék að þessu í bréfi því til Gríms Thomsens, sem áður hefir verið vitnað til, og segir:[3] „Jeg var nefndur í Skagafirði við prófkosning, en jeg fjekk þar ekkert atkvæði, og Sjera Jón Hallsson,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sem skrifar mjer þetta, seigist ekki vilja skrifa mjer þau „meiðingarorð“ sem um mig hefðu verið höfð.“

Jón Hallsson drap einnig á norðurreiðarmálið og sagði:[4] „Margrædt er um hreífíngar medal þeírra svokölludu frelsisvina útí sveítinni, ekki síst á Skaganum, því hann má nærstum því heíta hjartad úr skákinni, og er í gétgátum, ad þeír muni rádast í eíttthvert hreístiverkid þegar hlína fer í deplum, því nú óttast þeír ekki leíngr, ad hreíft verdi vid Fridriksgáfu-heímreídinni, enda þýkjast þeír ekki uppgéfnir, þó svo kynni ad verda, og láta nú altaf fjúka í kvedlíngum um hann dauda Grím. Líka fá þeír Th. Jónassen og E: Briem rúmlega reíkinn af réttunum, því hverugur þeírra er álitinn húshæfur, sídan nordrferdin góda var ransökud, sem því midur var þó ekki nema til málamindar, eda máské réttara sagt: til ad stæla uppí þeím strákinn.“

Jón getur þess einnig, að Húnvetningar muni ætla að gera sýslumanni sínum heimreið, áður en langt um líði, annað hvort til að láta hann bæta ráð sitt eða segja af sér. Það virtist því allra veðra von heima á Íslandi.

Það bar einnig til í Reykjavík í upphafi árs 1850, að stiftsyfirvöldin bönnuðu útkomu Þjóðólfs, en í blaðinu átti að vera ræða sú, sem ritstjórinn Sveinbjörn Hallgrímsson hélt í dómkirkjunni í Reykjavík og áður hefir verið frá greint, og frásögn af „pereatinu“. Bréf stiftsyfirvaldanna var dagsett 20sta febrúar, og þau gáfu þá skýringu, að þau vildu ekki láta prenta neitt í prentsmiðju landsins, sem gæti orðið því skaðlegt.[5]

Helgi biskup Thordersen gefur þá skýringu á þessu banni í bréfi til Rosenørns dagsettu 5ta marz 1850, að stiftsyfirvöldin hafi gert þetta til að hindra almennan mótþróa og sundrungu, þegar fregnirnar af „pereatinu“ og máli séra Ásmundar bærust út um landsbyggðina.[6] Sveinbjörn Hallgrímsson brá á það ráð, að hann sigldi til Kaupmannahafnar með sömu ferð og Sveinbjörn Egilsson, og þar lét hann prenta hið umrædda blað og kallaði það Hljóðólf. Hann fékk því einnig til leiðar komið, að dómsmálaráðuneytið nam úr gildi bann stiftsyfirvaldanna gegn prentun blaðsins.[7] Þjóðólfur hélt síðan áfram að koma út og var nú vinsælli en áður.

Af framansögðu er eðlilegt að álykta sem svo, að stjórnmálaáhugi hafi verið mjög almennur meðal Íslendinga um þetta leyti. Bænarskrár og fundahöld virðast bera því vitni. Hins vegar verður nokkuð annað uppi á teningnum, ef athugað er, hvernig kjörsóknin var í kosningunum til þjóðfundarins vorið 1850. Kosningarnar fóru fram í síðari hluta maí, og það vill svo vel til, að Páll Þórðarson

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Melsteð, amtmaður í Vesturamtinu, sendi innanríkisráðuneytinu skýrslu um kosningarnar í amtinu.[8] Kosningarétt höfðu 1363, en atkvæði greiddu 343, eða rúm 25,1%. Kjörsóknin var þó nokkuð mismunandi eftir sóknum og sýslum, en í skýrslunni er gerð grein fyrir kjörsókn í hverri sókn í amtinu, getið um kjörstað, hve margir greiddu atkvæði, hve margir höfðu kosningarétt og hverjir hlutu kosningu. Bezt var kjörsóknin í Barðastrandarsýslu, þar greiddu 93 af 272 atkvæði,eða rúm 35,5%, en verst í Ísafjarðarsýslu, þar greiddi 51 af 354 atkvæði,eða nærri 14,7%. Enginn kaus í fæðingarsókn Jóns Sigurðssonar og ekki heldur í næstu sókn, hins vegar fékk Jón Sigurðsson öll greidd atkvæði nema eitt, og eins var með Pál Pálsson Melsteð og Ásgeir Einarsson, en þeir voru þingmenn Snæfellsnessýslu og Strandasýslu. Ólafur E. Johnsen fékk hins vegar aðeins 44 atkvæði af 93 greiddum í Barðastrandarsýslu.

Það hefir ekki verið neitt leyndarmál, að Vestfirðingar ætluðu ekki að kjósa Jón Sigurðsson á þjóðfundinn, því að Brynjólfur skrifaði Grími Thomsen, að þeir hafi ekki ætlað sér að kjósa Jón, „ef Melsteð hefði ekki „skipað" þeim það."[9] Kosningaáhuginn var litlu meiri hjá Húnvetningum, að því er ráða má af orðum Jóseps Skaftasonar í bréfi til Brynjólfs 30sta júlí 1850, en hann segir svo frá:[10] „Óvíðast hafa, að minni hyggju, kosníngarfundirnir í vor sannað það ágjæti eður áhuga almennings fyrir einföldum kosníngum, sem svo mikið hefur verið aflátið, og var þó ekki ólíklegt að við fyrstu kosníngar briddi á nokkurskonar nýabrumi. Í góðu veðri, allsæmilegu færi, og um annalítinn tíma mætti þó ekki 1/4 partur af kjósendum."

Svipaða sögu er að segja úr Norður-Múlasýslu. Þar höfðu 329 manns kosningarétt, en aðeins 73 kusu, sem eru rúmlega 22%. Kjörstaðurinn í Norður-Múlasýslu var Fossvellir í Jökulsárhlíð, og kjörsóknin var þeim mun minni, sem lengra dró frá kjörstað. Til að mynda komu engir úr Klyppsstaða- og Desjarmýrarsókn.

Á Suðurlandi var kjörsókn mun betri. Í Árnessýslu höfðu 563 kosningarétt, og þar af greiddu 278 manns atkvæði, sem er næstum 50%. Í Skaftafellssýslum greiddu 245 atkvæði af 388, sem er rúm 63%, og í Rangárvallasýslu greiddu 360 atkvæði af 536, sem er meira en 67%.

Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýsla voru eitt kjördæmi 1850. Kjörstaðurinn var Hafnarfjörður, og kosningarétt höfðu 509 manns, þar af kusu 220, sem eru rúm 43%.

Í Húnavatnssýslu höfðu 144 kosningarétt við kosningarnar 1844.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Af þeim kusu 100, eða meira en 2/3 hlutar. Hins vegar kusu einungis 76 vorið 1850, sem var tæplega 1/4 hluti, svo að áhuginn hafði stórlega dvínað þann tíma, sem alþingi hafði verið við lýði. Því miður eru kjörgögnin úr öllum sýslum landsins ekki fyrir hendi, svo að ekki er hægt að segja um með fullri vissu, hversu hár hundraðshluti atkvæðisbærra manna neytti kosningaréttar síns yfir allt landið, en allar líkur benda til, að það hafi verið töluvert minna en 50 af hundraði. Enda þótt kjörsóknin í þeim þrem sýslunum, þar sem hún var bezt, væri til jafnaðar nærri 60%, þá var hún í Vesturamtinu aðeins rúm 25%, og sú vitneskja, sem fyrir liggur um kosningarnar í Norður- og Austuramtinu, bendir ekki til mikillar kjörsóknar.

Á mælikvarða nútímans hefði þetta þótt léleg kjörsókn, en þess verður að gæta, að hér var um langt og erfitt ferðalag að ræða hjá öllum fjöldanum, og sé þetta borið saman við kjörsóknina í Danmörku, þegar kosið var til grundvallarlagaþingsins 5ta október 1848, þá er greinilegt, að kjörsóknin á Íslandi vorið 1850 hefir verið snöggtum betri en í Danmörku, því að þar kusu einungis 33%, og lægstu stéttir þjóðfélagsins, svo sem jarðnæðislausir húsmenn og verkamenn, virðast alls ekki hafa neytt kosningaréttar síns, og svo er að sjá, að þessar stéttir hafi ekki gert sér grein fyrir því, sem um var að ræða.[11]

Það sama verður ekki sagt um íslenzka alþýðu um miðja 19du öld. Þjóðmálaáhuginn var óbundinn efnahag og stöðu. Þess má geta kennimannastéttinni til lofs, að í sumum sóknum var það presturinn einn, sem lagði á hesta sína og reið á kjörstað, og prestastéttin hafði víða forustu í héraði um samkomuhald og undirskriftir bænarskráa. Menn eins og Hannes Stephensen, Ólafur E. Johnsen, Halldór Jónsson á Hofi og fleiri stóðu í fylkingarbrjósti í þessari fyrstu sóknarlotu.

Það var almennt álitið að Brynjólfur yrði konungsfulltrúi á þjóðfundinum, enda var svo ráð fyrir gert af hálfu stjórnarinnar í upphafi, þó að raunin yrði önnur; „eg bíst við besti Bróðir, að, ef eg tóri til sumarsins, fái eg að sjá þig í Reykjavík, því eg get ekki skylið í því, hvern stjórnin fyrir sína hönd ætti að senda annan á hann (þ. e. þjóðfundinn), enn þig, jafnvel þó eg sjái það, að sú staða ekki verði sem þægilegust fyrir þig, sem ert slíkur föðurlandsvinur, því mér finnst að þingið ætti að óska að Ísland sem mest yrði aðskilið frá Danmörku, nema í því eina, að hafa sameginlegan konung með henni, og eru þó Islendingar, því miður, engan veginn svo menntaðir,

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

að þeir seu færir um að ráða lögum og rétti, ef það ætti að fara í nokkru lagi,—" skrifaði Jón Pétursson Brynjólfi 16da febrúar 1850.[12]

Jón hefir áreiðanlega talað fyrir munn alls þorra þjóðarinnar um samband Íslands og Danmerkur. Hins vegar voru menn eins og til að mynda Pétur, bróðir þeirra, ekki trúaðir á, að konungssambandið eitt væri gæfuvegur fyrir Íslendinga að svo komnu máli. Í bréfi því, sem Pétur Pétursson skrifaði Brynjólfi 24ða janúar 1850, kemur afstaða hans skýrt í ljós, en hann segir þar:[13] „Allt „politiskt Liv" hér hefur negativ stefnu ɔ: ad skilja sem mest vid Danmörku og hatast vid öll yfirvöld; og þetta er nú mælikvardinn fyrir frjálslyndinu og födurlandsástinni; þú verdur ekki öfundsverdur Besti Bródir! ef Þú kémur sem konúngsfulltrúi hingad út í sumar og ef stjórnarfrumvarpid verdur mjög conservativt, sem jeg nú byst vid ad verdi og raunar gyldir einu, hvörnig þad verdur, því alltaf verdur heimtad meira; þó er þetta mikid undir því komid, hvernig völin heppnast, en jeg hefi litla trú á, ad þetta takist vel, heldur en annad . . .

Hér held jeg, ad fáum gángi annad til ad velja Repp, en ad þeir hafa heyrt, ad hann hatist vid Danmörku og sé vel ad sér í stjórnarfrædi; jeg gat um lærdóm h[an]s í Lanztíðindunum, en hefi rádid öllum frá ad velja hann, sem þeir þó ekki gefa gaum ad, því þeir vóru búnir í haust strax ad taka sig saman um ad velja hann og hér verdur hann kosinn; svoad jeg sé ekkert rád nema þad ad þú vinnir hann til ad gjörast ekki oddviti þessara áköfu en hugsunarlitlu manna. Allstadar frettist þad nú ad þeir ætli ad velja tóma bændur enda þar sem þeir hafa bestu þíngmenn einsog í Húnavatnssyslunni, S*ra* Jón prófast í Steinnesi og Skaptesen lækknir;[14*] en bad er allt af óvild vid embættismennina. Þad er nú vilji almennings ad standa eingaungu undir Danm. konúngi, en slíta sambandid ad öllu ödru leiti. Þó er þad verst, ad alþyda hefr misst vyrdíngu fyrir lögunum og vill sjálf afsetja þá embættismenn, sem henni líkar ekki vid."

Pétur Pétursson átti sér helzt skoðanabræður meðal eldri embættismanna. Til þess lágu tvenn rök. Þeim var það ljóst, að valdi þeirra og áhrifum voru takmörk sett og það var að fæðast nýtt afl í þjóðfélaginu, sem beindist gegn þeim og gat látið þá kenna aflsmunar, ef í odda skærist. Gegn þessu afli var ekki hjálpar að vænta nema hjá dönsku stjórninni, og því víðtækari sem aðskilnaður Danmerkur og Íslands yrði, þeim mun minna styrks var þaðan að vænta. Þeir trúðu því heldur ekki, að það sjálfstæði, sem alþýðuna dreymdi

[14*] Á spássíunni stendur: „Þetta er borid tilbaka".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

um að gera að veruleika, yrði annað en hefndargjöf, þegar til alvörunnar kæmi.

Í bréfi, sem Þórður Jónasson skrifaði Brynjólfi 1sta október 1850 kemur þetta sjónarmið einnig fram, en honum farast orð á þessa leið:[15] „Eg er forvitinn um þad, hvernig stjórnarskipun okkar verdur; Hun má vera úr gulli giörd, ef mönnum á ad líka hún, og med almennum kosníngarretti held eg allt fari her á ríngulreid á þinginu eptirleidis — Ad skilja Island öldúngis fra Danmörku, og láta eingan mæta á ríkisfundi Dana, skil eg ekki hvernig á ad gánga til; Eg skil t. a. m. ekki hvernig verslunarmálid á ad geta leidst til lykta án þess ad þad komi undir umrædur ríkisfundarins. Ad ödruleyti strandar öll umbótartilraun her á peníngaleysinu, og þad mun sannast, ad þó margir af okkar yngri landsmönnum, sjái hér fé í hverri þúfu, mun reynslan syna þeim, ad þetta er ekki á rökum byggt. Allar útgiftir eru hér lika óþokkadar, því men giöra her mas utaf hverju skildingsvirdi, og med borgun Alþingiskostnadarins fer þad allt í molum; Almenníngr vill hafa þar allt fyrir ekkert eda sem allraminnst. Þessvegna þykir hér ad embættismennirnir hafi alltof mikil laun og ad þau því meigi mínka; sama rellan er útaf alþíngismanna Diæter etc. Sumir mæla med og hæla, ad sameina alla landsins stjórn í Reykjavík; þad er á móti mínu áliti. Eg álýt amtmannsembættin naudsynleg, en ad hafa þau, og setja landstjórn, yrdi alltof kostnadarsamt. — Þó eg feiginn vildi sjá þig ádurenn eg dej, óska eg reyndar þó ekki ad sjá þig sem konúngsfulltrúa á þinginu okkar, því þad verdur óþakklát stada, þú veitst landsmenn eru ekki þakklátari en adrir. Þad er rettast ad láta þesskonar eyrindi lenda á einhverjum desk. danskinum; landsmenn okkar eru miklu umburdarlyndari vid þá."

Dagana 10da og 11ta ágúst 1850 var haldinn Þingvallafundur. Samkvæmt frásögn Lanztíðindanna voru fundarmenn 181 að tölu, og voru flestir úr Árnessýslu. Aðalverkefni fundarins var að gefa sig við þeim málum, sem snertu undirbúning undir þjóðfundinn að ári. Lanztíðindin segja svo frá fundinum:[16] „Bænarskrá til konúngs var samin um að fá að sjá sem fyrst frumvarp stjórnarinnar til grundvallarlaga Íslands, svo landsmönnum gæfist kostur á að íhuga það sem vandlegast, áður þjóðfundurinn byrjaði; í sömu bænarskrá var beðið um frumvarp til verzlunarlaga Íslands og um greinilega skýrslu um fjárhags viðskipti Íslands og Danmerkur. Líka var bar samið ávarp til Íslendínga um þau atriði í stjórnarskipun Íslands, er fundarmönnum þókti mestu varða; voru þau atriði þessi: að Ísland væri í frjálsu sambandi við Danmörk með fullu þjóðerni og þjóðrjett-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

indum; að stjórn þeirra mála, sem sjerílagi snerta Ísland, eigi aðsetur í landinu sjálfu með 3. stjórnarherrum, en Danir hafi hjer jarl; að alþingi hafi öll þau rjettindi, sem þjóðþing hafa þar sem er takmörkuð konúngsstjórn; að landið eigi erindsreka í Danmörku milli konúngs og ennar hjerlendu stjórnar; að fjárhagur Íslands sje sjerílagi og Ísland gjaldi að sínum hluta árlega til almennra ríkisnauðsynja að tiltölu. Ætlaðist fundurinn til, að sýslunefndir væru kosnar í hverju kjördæmi til að íhuga þessi atriði og önnur þau, er merkileg þæktu viðvíkjandi stjórnarskipun landsins og að sýslunefndirnar sendu síðan álitsskjöl sín aðalnefnd þeirri í Reykjavík, sem kosin var þar á fundinum. Í þessa aðalnefnd voru kosnir: Trampe greifi, þeir Jens Sigurðsson og Haldór Kr. Friðriksson skólakennarar, stúdent Jakob Guðmundsson og prófessor P. Pétursson. Ætlunarverk aðalnefndarinnar er að birta uppástúngur sýslunefndanna um stjórnarskipunina og byggja á þeim frumvarp til bænarskrár til almenns fundar við Öxará að sumri, sem þar á þá að ræða og senda þjóðfundinum."

Í framhaldi af Þingvallafundinum var hafin útgáfa nýs blaðs, sem hét „Undirbúningsblað undir þjóðfundinn að sumri 1851." Í ritnefnd blaðsins voru þeir Halldór Kr. Friðriksson og Jakob Guðmundsson,og kom fyrsta blaðið út 23ja ágúst 1850. Þar var sagt frá Þingvallafundinum,og er sú frásögn rækilegri en í Lanztíðindunum. Lanztíðindin sleppa til að mynda þessu atriði úr ávarpinu til Íslendínga: „Eptir hinum forna sáttmála milli feðra vorra og Noregskonunga er Ísland þjóð sjer í lagi með fullu þjóðerni og þjóðrjettindum og frjálst sambandsland Danmerkur, en ekki partur úr henni, hvorki nýlenda nje unnið með herskildi." Á þessum grunni var sú skoðun almennings reist, að konungssamband eitt ætti að vera milli Danmerkur og Íslands. Höfuðatriðin voru hin sömu og í bæklingi Lornsens um samband hertogadæmanna og Danmerkur, sem kom út 20 árum fyrr og varð kveikjan til þeirrar sundurlimunar Danmerkurríkis, sem brátt fór í hönd. Það var því mjög að vonum, að tal sem þetta léti ekki vel í eyrum dönsku stjórnarinnar.

FRUMVARP
BRYNJÓLFS PÉTURSSONAR

Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Pétri bróður sínum 16da marz 1850, segir hann meðal annars:[1] „Af því, sem Íslandi við víkur, er

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

það, sem mest er undir komið, enn þá óútgjört. Það er eins og þeir sjeu degir á, að gjöra nokkuð við það mál, af því ekki lítur út fyrir, að stöðu Sljesvíkur muni verða komið fyrir fyrst um sinn. Þó hefur Rosenörn beðið mig að koma með uppástungu mína í næstu viku og liggur það mál nú þungt á hyggju minni. Hamingjan veit, hvað þeir ráða af í því efni, en jeg get ekki sjeð, að þar sje til nema einn máti, til að koma ásigkomulagi Íslands fyrir, og ef þeir steypa honum, verður það þungbært fyrir mig að koma því fyrir, sem byggja skyldi á annari hugmynd."

Hér á Brynjólfur við stjórnarskrárfrumvarp það, sem heitið var með konungsbréfinu 23ja september 1848 og átti að leggja fyrir sérstaka samkomu á Íslandi. Þessi samkoma átti að hafa hliðstætt starfssvið og grundvallarlagaþingið. Að minnsta kosti lögðu Íslendingar þann skilning í bréfið og höguðu undirbúningi sínum eftir því. Brynjólfi var vel kunnugt um, að skoðanir Íslendinga og dönsku stjórnarinnar á sambandi landanna fóru engan veginn saman, og bilið breikkaði með hverjum deginum, sem leið. Því var ekki að undra, að Brynjólfur væri uggandi um afdrif þessa máls eins og málin þróuðust heima á Íslandi og í Danmörku. Hann tók samt til óspilltra málanna og samdi uppkast að frumvarpinu og drög að greinargerðum með því.[2] Þau eru fjögur og hafa þessar fyrirsagnir: *„Islands fremtidige forfatningsmæssige Stilling i Riget, Bemærkninger ved Udkastet om Valg af Rigsdagsmænd for Island, Althingets Indretning* og *Nogle Bemærkninger om det Formelle ved Udkastet til Forfatningsloven.*"

Í bréfi til Péturs bróður síns 11ta apríl 1850 segir Brynjólfur:[3] „Jeg hef búið til frumvarp til stjórnarlaga Íslands og fengið Rosenörn, og held jeg, að jeg *kynni* að geta unnið *hann*. En hann er of deigur til að geta komið fram sinni meining við hina, af því hann raunar vill, að Ísland verði, sem mest má, sameinað Danmörku, þó hann hins vegar vilji gefa því frelsi í *egin* efnum, sem *honum* sýnast vera svo. Þó vildi jeg að jeg ætti við hann einn að eiga."

Af þessum orðum má sjá, að Brynjólfur hefir brugðið skjótt við og samið frumvarp og gert drög að greinargerðum varðandi helztu atriði þess. Samanburður við grundvallarlögin sýnir, að það er að miklu leyti soðið upp úr þeim, og einstakar lagagreinar svo til eins, og verður nánar vikið að því síðar.

Í uppkasti því, sem Brynjólfur nefndi „Islands fremtidige forfatningsmæssige Stilling i Riget", segir hann, að hann haldi sig við sömu meginatriði og hann hafi lagt til grundvallar í tillögum sínum frá því veturinn áður. Þar hafi hann talað um, að Ísland fengi „pro-

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

vindsiel Selvstændighed" og hann vænti þess, að stjórnin sé enn á sömu skoðun.[4**]

Frumvarpið sjálft er í tveim gerðum eða ef til vill í uppkasti og hreinriti. Orðamunurinn er verulegur, en höfuðmunurinn er sá, að hreinritið er í 41 grein, en uppkastið í 45 greinum. Þessar fjórar síðustu greinar í uppkastinu, sem ekki eru í hreinritinu, fjalla um stjórn sérmála Íslands, þær greinar grundvallarlaganna, sem ekki ná til Íslands, og viðbætur og breytingar á lögum.

Hér við bætast lagagreinar um starfsvettvang forstöðumanns íslenzku stjórnardeildarinnar á sérstökum örkum, og eru þær greinar í fjórum allmismunandi gerðum, og í einni þeirra eru tvær greinar um annað efni. Greinarnar um stjórnardeildina fyrir Ísland (Regjerings-Departement, hvortil alle Island vedkommende Regjeringssager ere henlagte) kveða svo á, að forstöðumaðurinn (Directeuren) skuli vera eins settur gagnvart viðkomandi ráðherra og hver annar ráðuneytisstjóri í sameiginlegum málum, sem nefnd eru í 3ju grein frumvarpsins, svo að þar var ekki um sjáanlega breytingu að ræða frá því sem varð við stofnun íslenzku stjórnardeildarinnar.

Í þriðju greininni um stjórnardeildina segir, að forstöðumaðurinn og viðkomandi ráðherra séu ábyrgir fyrir allri lagasetningu varðandi Ísland, enda öðlist engin fyrirmæli lagagildi, nema þau séu einnig undirrituð af forstöðumanni stjórnardeildarinnar.

Fjórða grein kveður svo á, að forstöðumaðurinn sé einn ábyrgur fyrir öllum öðrum stjórnarmálefnum, sem snerta Ísland.

Raunar var nokkur vísir að þessu fyrir hendi, því að stundum voru bréf stjórnarinnar einungis undirrituð af þeim Oddgeiri Stephensen og Brynjólfi, eftir að þeir urðu æðstu mennirnir í stjórnardeildinni, í stað þess að vera undirrituð af skrifstofustjóra og ráðherra.

Í frumvarpinu er hvergi vikið að innlendri stjórn. Hún hefði að sjálfsögðu dregið völdin úr höndum Brynjólfs og af þeim ástæðum

[4**] De daværende Ministre yttrede sig ikke om dette Spörgsmaal, da det af Statsraadet blev bestemt, at Udkast derom ikke skulde forelægges det da sammentræde[nde] Althing. Ikkun Justitsministeren udtalte sig ved en Anmærkning paa mine ovennævnte Bemærkninger, i det Hans Excellence yttrede den Mening, at der aldeles ikke kunde være Tale om Gjennemförelse af et andet Princip, end den af mig foreslaaede provindsielle Selvstændighed, og at der saaledes alene var om Modaliteten af dette Princips Gjennemförelse, der kunde blive Gjenstand for Behandling. Da jeg forudsætter at dette ogsaa vil være den nærværende Regjerings Anskuelse, skal jeg hverken, (som jeg da gjorde) fremstille de Följer, som de andre Principers conseqvente Gjennemförelse vilde have, eller pröve at udfinde saadanne Modificationer af disse Principers Udförelse, hvorom der kunde blive Spörgsmaal".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

hefir hann ef til vill ekki gert ráð fyrir henni, en hitt er þó miklu trúlegra, að honum hafi verið fullkunnugt, að danska stjórnin mundi ekki ljá máls á því, að innlend stjórn væri á Íslandi. Það kemur skýrt fram í bréfi frá Brynjólfi til Péturs bróður hans 16da marz 1850, að honum hafi leikið hugur á að verða stiftamtmaður á Íslandi,[5] og af því má ráða, að hann hafi getað hugsað sér annan starfsvettvang en íslenzku stjórnardeildina.

Stjórnarskrárfrumvarp Brynjólfs er í þremur höfuðþáttum. Fyrstu sjö greinarnar eru um sameiginleg mál Íslands og Danmerkur. Áttunda til 41sta grein fjalla um alþingi, skipulag þess og starfssvið. Á sérstökum blöðum eru svo greinarnar um íslenzku stjórnardeildina, sem skýrt hefir verið frá hér að framan.

Aðalatriðin í greinunum um sameiginlegu málin eru þessi: Í fyrstu greininni segir, að Ísland skuli taka þátt í löggjöfinni á ríkisþinginu um hin sameiginlegu mál, sem talin eru upp í 3ju grein. Önnur grein fjallar um setu íslenzkra þingmanna á ríkisþinginu og skiptingu þeirra milli þjóðþings og landsþings og önnur þau atriði, sem snerta þingsetuna. Þriðja greinin er um sameiginleg mál landanna.

Fjórða grein frumvarpsins fjallar um framlag Íslands til hinna sameiginlegu útgjalda, sem talin eru upp í 3ju grein. Brynjólfur hefir gert þetta reikningsdæmi upp á sérstakri örk, sem liggur með öðrum skjölum varðandi undirbúninginn að þjóðfundinum. Hér verður ekki farið út í þá sálma að gera grein fyrir því, hvernig hann setti dæmið upp, heldur einungis birtar niðurstöðurnar eins og hann fékk þær, en samkvæmt reikningi hans námu útgjöld Íslands til sameiginlegra mála ríkisins 147,844 dölum, en þar á móti kom hagnaðurinn af „Öresunds- og Strömtolden“ og „Overskud af Colonierne“, sem nam 48,632 dölum, svo að útgjöldin urðu 99,212 dalir. Af þessari upphæð átti Ísland að greiða einungis 10da hluta, 9,921 dal um 10 ára skeið frá 1sta apríl 1852 að telja, en næstu 10 árin þar á eftir 9da hlutann og síðan 8da hlutann í 10 ár.

Í uppkastinu að greinargerðinni með frumvarpinu, „Islands fremtidige forfatningsmæssige Stilling i Riget“, víkur Brynjólfur að þeim erfiðleikum og kostnaði, sem sé samfara „den indre Administration i Island“, svo að framlag Íslendinga til hennar verði tiltölulega miklu hærra en annars staðar í danska ríkinu, ekki sízt þar sem skattgreiðslugeta Íslendinga sé miklu minni en í öðrum hlutum ríkisins. Í framhaldi af þessu bendir Brynjólfur á, að hin almennu ríkisútgjöld komi hinum ríkishlutunum að gagni bæði beint og óbeint, þar sem Ísland njóti svo til einskis af þeim. Það væri því hvorki

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

réttlátt né mögulegt að krefja Íslendinga um sama framlag og aðra þegna ríkisins.[6]*

Fimmta greinin fjallar um nefnd, sem á að ákvarða að nýju um framlag Íslands til hinna sameiginlegu mála, sjötta og sjöunda grein fjalla um tekjur og gjöld, sem koma Íslandi einu við.[7]

Síðari hluti frumvarpsins frá § 8 til 41 er um alþingi og starfssvið þess. Fyrst er fjallað um samband konungs og alþingis, þá hvar og hvenær alþingi skuli koma saman, rétt konungs til að rjúfa þing og kalla saman aukaþing, síðan grein um konungsfulltrúa og valdssvið hans. Þá fimm greinar um kjördæmi, kosningarétt og skipulag kosninganna. Helztu atriðin voru þau, að landið átti að skiptast niður í einmenningskjördæmi, en takmörk þeirra skyldu ákveðin með lögum, kosningarnar áttu að vera tvöfaldar og þingmennirnir kjörnir til 8 ára og allir þjóðkjörnir. Í uppkastinu var talað um, að þeir ættu að vera 40 og kjördæmin jafnmörg, en í hreinritinu er eyða, þar sem tölurnar voru.

Síðustu 20 greinarnar fjalla um starfssvið alþingis. Fyrst um friðhelgi þess, síðan löggjafarvald, rétt til að senda konungi bænarskrár og skipa nefndir. Í 26tu grein er svo fyrir mælt, að engan skatt megi leggja á, breyta eða afnema án sérstakra laga. Í fertugustu greininni er svo fyrir mælt, að þingfundir skuli vera opnir, nema þingið óski að ræða eitthvert mál á lokuðum fundi. Hins vegar er hvergi vikið að því í frumvarpinu, að íslenzka ein skuli töluð á þinginu.

Brynjólfur hugsaði sér, að íslenzkir fulltrúar ættu sæti á ríkisþinginu danska til að fjalla um sameiginleg mál alls ríkisins. Tvær fyrstu greinarnar í frumvarpinu eru um þátttöku Íslands í danska ríkisþinginu og sagt, að um þau atriði skuli sett sérstök lög. Brynjólfur hefir samið þau og skrifað greinargerð með þeim. Lögin eru í 12 liðum og eru aðalatriðin þau, að alþingi velur þingmennina á ríkisþingið og eru sett ákvæði um það, hvernig þær kosningar eiga að fara fram. Til þjóðþingsins skal kjósa 4 þingmenn eða einn fyrir hverja 14 þúsund íbúa, en hálfu færri til landsþingsins. Þingmannatalan á þjóðþinginu skal vera jöfn og kjörgengur er sá, sem er það til

[6]* I Henhold hertil skulde jeg formene at det aldrig vil blive muligt, eller endog retfærdigt, om Muligheden var tilstede, at kræve et Bidrag af Island til de almindelige Statsudgifter, som stod i et combineret Forhold af Folketal og Formue til de övrige Statsdele. Men da en Opgjörelse af, hvad der nu medgaaer eller vil komme til at medgaae saavel til Islands som de övrige Statsdeles indre Administration, er det saa at sige umueligt at opgjöre og da derhos Islands Deeltagelse i de med almindelige Statsudgifter forbundne Fordele med Hensyn til de fleste af disse altid vil blive af meget ringe Betydning, kan jeg ikke see, at der kan udfindes nogen Maalestok for *princip*mæssig Ligelighed ved Delingen af de almindelige Udgifter."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

alþingis eða þjóðþingsins í Danmörku, en til landsþingsins sá, sem er kjörgengur til alþingis og er 40 ára að aldri eða hefir búsetu í Danmörku og er kjörgengur til landsþingsins. Þingmennina á þjóðþingið átti að velja til fjögurra ára en á landsþingið til átta ára og ákvæði sett um það, hvenær kosningar skyldu fara fram. Við þingrof í ríkisþinginu giltu sérstakar reglur um kjör alþingis á fulltrúum sínum. Tvær síðustu greinarnar eru um kjörbréfin, þingfararkaup og ferðastyrk þingmannanna.

Þetta skjal ber yfirskriftina „Udkast til en Lov for Island, angaaende Valgene til Rigsdagen". Brynjólfur samdi greinargerð með lagauppkastinu, „Bemærkninger ved Udkastet om Valg af Rigsdagsmænd for Island". Hann víkur að því í upphafi greinargerðarinnar, að á sínum tíma hafi mikið verið rætt um, hvernig hægt væri að kjósa fulltrúa fyrir Ísland á stéttaþingin, en það hafi ekki fundizt nein fær leið, og því hafi hann brugðið á það ráð að láta alþingi kjósa þingmennina, sem eiga að sitja á ríkisþinginu. Hann drap að vísu á þá leið, að hver fjórðungur veldi einn þingmann á þjóðþingið, en taldi það ekki betri lausn. Við þingmannafjöldann gerði hann þá athugasemd, að ef Íslendingar yrðu einhvern tíma 70 þúsund ættu þeir að hafa fimm þingmenn á þjóðþinginu, en þá væri ekki hægt að hafa þingmennina á landsþinginu helmingi færri.

Hér að framan hefir verið gerð nokkur grein fyrir frumvarpinu og því, sem með átti að fylgja. Sennilega hefir Brynjólfur hugsað sér að semja ný kosningalög, en honum ekki unnizt tími til þess. Í 16du til 20stu grein voru höfuðlínurnar dregnar upp og líklegt má telja, að hann hefði þá byggt á þeim grunni, sem hann hugsaði sér 1849 og áður hefir verið greint frá.

Hreinrit frumvarpsins hefst á inngangi og þar segir, að með þessu séu grundvallarlög Danmerkur gildandi á Íslandi, þar sem ekki séu gerðar breytingar með þessum lögum og öðrum undantekningum.[8*] Brynjólfur hefir skrifað á örkina við hliðina á inngangínum, að hann verði ekki lagður fyrir alþingi, heldur einungis um hann getið.[9*]

Þegar litið er yfir þetta frumvarp í heild, verða aðalatriðin þessi:

[8*] Þar segir svo: „Efter at Vi med den i Overeensstemmelse dermed sammentraadte Forsamling have ladet disse Grundbestemmelser forhandle, have Vi vedtaget efterfölgende Lov, som af Os og af Vore Efterfölgere paa Danmarks Throne ubrödeligen skal holdes, om Islands forfatningsmæssige Stilling i Danmarks-Rige, hvorved dette Riges Grundlov i alle dens Bestemmelser, hvori ingen Förandring er gjort ved nærværende Lov, bliver gjældende for Island, dog med Undtagelse af § 85 og den dertil sig sluttende midlertidige Bestemmelse, samt af § 90."

[9*] „Denne Indledning skulde naturligviis ikkun meddeles, og ei forelægges, undtagen det sidste Punct om Grundlovens § 85 og 90."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Grundvallarlögin áttu að ganga í gildi á Íslandi með þeim undantekningum, sem frumvarpið kveður á um. Sameiginlegu málin áttu að vera konungur og það, sem honum fylgdi, ríkisstjórn, hæstiréttur, landvarnir, utanríkismál og þau mál, sem snertu ríkisheildina og leggja átti fyrir ríkisþingið. Hins vegar var löggjafarvaldið í sérmálum Íslands hjá konungi og alþingi, og fjárhagur landanna aðskilinn að öðru leyti en því, sem Ísland átti að leggja fram til sameiginlegra mála.

Þetta frumvarp var aldrei tekið til alvarlegrar athugunar, hvorki af dönsku stjórninni né Íslendingum, svo að erfitt er að geta sér til um, hvernig stjórninni og Íslendingum hefði fallið það, en allar líkur benda til, að hvorugur málsaðili hefði sætt sig við það með glöðu geði, eins og málin stóðu.

Brynjólfur vék oft að frumvarpinu í bréfum sínum um þetta leyti. Til að mynda segir hann í bréfi til Páls Melsteðs amtmanns 27da maí 1850:[10] „Jeg stend á því svo fast, jeg get, að tollmálin t. a. m., geti ekki verið sameiginleg mál fyrir Ísland og Danmörk, eins og þau eiga að vera fyrir Sljesvík. Í Danm: og Sljesvík, er ástandið svo, að sömu eru þarfirnar, ávextirnir og meganin, eins og þessi lönd liggja líka saman. Ísland er þessu svo öldungis ólíkt, að það verður að setja lög sjer um tollinn og skipagjöldin á Íslandi, en ef þessi lög yrði lögð undir ríkisþingið, þá væri dönskum bændum gefið leyfi til öldungis út í loptið að kúga Íslendinga eins og þeir vildu. Yfir höfuð hef jeg lagað mitt frumvarp svo, að ríkisþinginu er ómögulegt að leggja skatta á Ísland, directe eller indirecte, og hef jeg sýnt og sannað að þetta yrði 10 sinnum verri harðstjórn, en nokkurntíma gæti orðið undir einvaldsstjórn. En jeg hef ekki haldið fast á öldungis sama valdi fyrir alþingið, sem ríkisþingið hefur móti konunginum."

Í síðari hluta af bréfi til Eggerts Ó. Briems, sem varðveitzt hefir, ræðir hann um frumvarpið og segir:[11] „. . . held jeg ekki að það verði fundið frumvarp, sem betra er fyrir Ísland. Það er ekkert raup. Jeg hef hugsað um þetta mál nú í 2 ár, og gengið út í allar æsir, og hef ekki sjeð neitt annað úrræði, en það, sem hér er nefnt. Þú sérð, vonar mig, glögglega, að þó jeg hafi haldið fast hugmyndinni um eitt ríki, eru sameiginl. málin í rauninni ekki annað enn nafn."

Þessi ummæli Brynjólfs eru athyglisverð og sýna glögglega, hverjum augum hann leit á verk sitt, og gaman að bera þau saman við það, sem hann sagði í bréfi til Jóns bróður síns sjö árum áður, þegar þessi mál bar á góma í bréfi 16da maí 1843, en þar talar hann um að „skilja so sem best verður að stjórn Íslands og Danmerkur — þó hvurttveggja sje undir Danakonungji."[12]

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Ef þetta frumvarp er borið saman við kröfur Íslendinga um eigið sjálfsforræði, sem segja má, að hafi fengið endanlega mynd í áliti stjórnlaganefndar þjóðfundarins og frumvarpi hennar um ríkisréttindi Íslands og samband þess við Danmörku, þá ber mest á milli, að í frumvarpi stjórnlaganefndarinnar áttu grundvallarlögin ekki að gilda á Íslandi, nema 4ða til 7da grein og 9da til 17da grein, stjórn Íslandsmála átti að hafa aðsetur í landinu sjálfu, en hafa erindreka hjá konungi, sem fjallaði um sameiginleg mál af hálfu Íslands. Hins vegar áttu Íslendingar ekki að hafa neina fulltrúa á ríkisþinginu. Þá segir í 7du grein, að dómsvaldið skuli vera hjá dómendunum í landinu sjálfu í öllum málum, er áhræra Ísland, og verða ekki sameiginlegt.

Þegar frumvarp Brynjólfs er hins vegar borið saman við frumvarp það, sem danska stjórnin lét leggja fyrir þjóðfundinn 1851, kemur í ljós, að þau hafa veigamikil atriði sameiginleg, svo sem að grundvallarlögin skuli gilda á Íslandi og Íslendingar sendi fulltrúa á ríkisþingið, en þegar þessu sleppir, er margt í frumvarpi Brynjólfs líkara því, sem er í tillögum stjórnmálanefndar þjóðfundarins. Til að mynda ber frumvarpi Brynjólfs og stjórnarinnar á milli í því, að hjá Brynjólfi voru fjármál og skattamál aðskilin, þegar frá var talið framlag Íslands til sameiginlegra útgjalda, en í frumvarpi stjórnarinnar var þannig frá fjármálunum gengið, að ríkissjóður Dana átti að greiða laun æðstu embættismanna Íslands, og í hann áttu allir óbeinir skattar af Íslandi að renna og þar að auki nafnbótarskatturinn og tekjurnar af jarðeignum konungs á Íslandi. Hins vegar átti svo að setja á stofn sérstakan landssjóð og þangað áttu beinu skattarnir að fara, en hann átti að standa straum af launagreiðslum til hinna lægri embættismanna, svo sem héraðslækna og sýslumanna.

Þegar litið er á greinarnar um kosningar til ríkisþingsins og alþingis, ber sitthvað á milli frumvarps Brynjólfs og stjórnarinnar. Samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar áttu þingmennirnir, sem kjörnir voru á þjóðþingið, að vera þjóðkjörnir og landinu skipt í 4 kjördæmi. Á alþingi áttu að vera 30 þjóðkjörnir þingmenn og skilyrðin fyrir kjörgengi og kosningarétti bundin við svipaða eign og í kosningalögunum frá 8da marz 1843.

Brynjólfur reyndi að búa sem bezt um hnútana varðandi fjárhag landsins. Hann notaði sameiginlegu málin til að afla Íslandi tekna af nýlendum danska ríkisins og sundatollunum. Það er rétt að gefa því gaum, að Brynjólfur notar sér „Helstatspolitiken" til að afla Íslandi tekna, þó að hann hefði löngum verið henni lítið hlynntur, en um þetta leyti var fylgi hennar að aukast innan stjórnarinnar.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Það er ekki að sjá, að frumvarp Brynjólfs hafi gengið á milli dönsku ráðherranna og þeir samið greinargerðir um það Hins vegar hefir þeim verið kunnugt um það og haft það til hliðsjónar við samningu stjórnarfrumvarpsins, sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851. Til að mynda má sjá af álitsgerð, sem Rosenørn samdi um hin sameiginlegu mál Íslands og Danmerkur: „Motiver til Grundtræk til Lov om Islands Stilling i Riget", að honum hefir fundizt fátt um, hvernig Brynjólfur reiknaði út þá fjárupphæð, sem Ísland átti að leggja til sameiginlegra útgjalda.[13*]

Svo er að sjá, að Rosenørn hafi lagt ráðin á um frumvarp stjórnarinnar til þjóðfundarins í meginatriðum. Þetta sést bezt með því að athuga bréfa- og álitsgerðir stjórnarinnar í sambandi við frumvarpið, en þar á Rosenørn mestan hlut. Starf Leunings, sem var falið á hendur að ganga frá frumvarpinu, virðist hafa verið lítið annað en fylla út í þann ramma, sem Rosenørn hafði markað. Rosenørn var vel ljóst, að gæta varð allrar varúðar að leggja ekki of þungar fjárhagslegar byrðar á Ísland. Það sést vel í greinargerð, sem hann sendi Bardenfleth 14da apríl 1851.[14*]

Í áðurnefndri greinargerð, „Motiver til Grundtræk til Lov om Islands Stilling i Riget", tekur Rosenørn til meðferðar tekjur og gjöld Íslands eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi stjórnarinnar, sem lagt var fyrir þjóðfundinn. Samkvæmt því áttu tekjurnar í hinn

[13*] Þar segir svo um framlag Íslands til sameiginlegra útgjalda: „At udtrykke en Landsdeels Forpligtelse til at bidrage til de egentlige Statsudgifter (eller som det nu kaldes: de fælleds Statsudgifter) ved at paalægge den en bestemt Qvotadeel af disse, svarer neppe til Statsforbindelsens sande Natur, i hvis Følge hvert Individ og hver Landsdeel egentlig bör bidrage, hvad der rammer samme efter fælleds gyldige Love. At fastsætte Qvotadelen til Statsudgifterne efter Indvaanertallet, er derhos aabenbart til Tab for mindre formuende Landsdele i Forhold til mere formuende. Danmark er gaaet ind paa denne Fordelingsmaade i Forhold til Holsten (og Lauenborg?), fordi man vilde oplöse Statsforbindelsen med disse Lande, og i Forhold til Slesvig, fordi man ikke driste sig til ganske at opretholde den. Med Hensyn til Island sees ikke nogen Nödvendighed for en saadan Opgivelse. Selv i saakaldte indre Forhold er Island nöie forbunden med Kongerigets Udvikling, saasom m. Hs. t. den overordnede locale Administration (Amtmænd), Retsorganisation (Overret og Höiesteret), kirkelige og Underviisningsforhold (navnlig Universitet), ja endog m. Hs. t. Sundhedspleie (Sundhedscollegium) og Straffeanstalter. Island *kan* derhos ikke udrede sin Qvotadeel til „fælleds Statsudgifter" ligefrem efter Folketal, og vil man gaae ind paa et nedsat Forholdstal, kommer man til et höist kunstigt og vilkaarligt System, som den vedlagte Beregning af Jstrd Pjetursson udviser."

[14*] „Imidlertid har jeg den Hovedbemærkning derved, at det med Hensyn til Indtægt og Udgift stiller Island selv for ugunstigt, da Landet ikke vil *kunne* udrede de Udgifter, som derved paalægges det, uden at det i alt Fald maatte tildeles flere af de nærværende islandske Indtægter end skeet er."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

sameiginlega sjóð danska ríkisins að verða 16,072 dalir, en gjöldin 27,608 dalir, en tekjurnar í hinn íslenzka landssjóð 5,942 dalir og útgjöldin 7,785 dalir.

Þegar „Frumvarp til stjórnskipunarlaga handa Íslandi", sem lagt var fyrir alþingi 1867, er borið saman við frumvarp Brynjólfs, kemur í ljós, að stjórnin hefir komið mikið til móts við kröfur Íslendinga. Samkvæmt því gilda aðeins sex greinar hinna endurskoðuðu grundvallarlaga á Íslandi. Hins vegar eru sameiginlegu málin mörg hin sömu og hjá Brynjólfi, þegar hæstiréttur og sameiginleg ríkisstjórn eru frátalin.

Ísland átti ekki að greiða neitt til hinna sameiginlegu mála fyrst um sinn, og það átti að hafa löggjöf og stjórn í öllum sínum málum út af fyrir sig og sú stjórn átti að vera í landinu sjálfu, en einn af ráðherrum dönsku stjórnarinnar jafnframt ráðherra fyrir Ísland, en Íslendingar áttu ekki að senda neina fulltrúa á ríkisþingið. Að vísu var enginn hæstiréttur á Íslandi, svo að í „ákvörðunum um stundarsakir" var ákvæði þess efnis, að hæstiréttur danska konungsríkisins yrði æðsti dómstóll, unz nýju skipulagi yrði komið á dómstólana með lagaboði.

„Frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu í ríkinu", sem lagt var fyrir alþingi 1869, var mikið frábrugðið frumvarpinu frá árinu 1867, sem á undan var getið. Til að mynda voru sameiginlegu málin talin upp í frumvarpinu 1867, en sérmálin 1869. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir, að grundvallarlögin giltu á Íslandi, en sérmálum landsins væri stjórnað af landsstjóra. Þá var gert ráð fyrir íslenzkum þingmönnum á ríkisþinginu til að fjalla um sameiginleg mál landanna, „Skattamál beinlínis og óbeinlínis" voru meðal sérmála Íslands, og Ísland átti ekki að leggja neitt til gjaldanna til hinna almennu mála ríkisins, þangað til öðru vísi yrði fyrir mælt.

Í frumvarpinu 1869 voru sum atriðin þau sömu og í frumvarpi Brynjólfs 1850 og dönsku stjórnarinnar 1851, svo sem seta íslenzkra þingmanna á ríkisþinginu og að grundvallarlögin skyldu gilda hér á landi.

„Lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu" eða hin svokölluðu „stöðulög" mæltu svo fyrir í fyrstu grein, að Ísland skyldi vera óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum. Í annarri grein var svo á kveðið, að á meðan Ísland ætti ekki fulltrúa á ríkisþinginu skyldi það ekki taka þátt í löggjöfinni um hin almennu málefni ríkisins og ekki leggja fram fé til hinna almennu þarfa þess. Í þriðju greininni eru talin upp sérmál Íslands í níu liðum. Fjórða

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

grein mælir svo fyrir, að gjöld til alþingis og landsstjórnar og önnur, sem nefnd eru í þriðju grein, skuli talin sérstök gjöld Íslands. Í fimmtu grein eru fyrirmæli um tillag úr ríkissjóði Danmerkur til að standa straum af útgjöldum Íslands og að afraksturinn af þjóðareignum Íslands og beinum og óbeinum sköttum o. fl. skuli mæta þeim útgjöldum, og öll skuldaskipti milli ríkissjóðsins og Íslands þar með úr sögunni. Sjötta grein mælti hins vegar svo fyrir, að ríkissjóðurinn skuli greiða kostnaðinn við æðstu stjórn íslenzkra málefna í Kaupmannahöfn og póstferðir milli landanna.

Stjórnarskráin 1874 var ávöxturinn af þeirri sókn, sem hófst vorið 1848 og markaði tímamót í sjálfstæðisbaráttunni. Eftir meir en aldarfjórðungs þóf, var svo langt komið, að Íslendingar höfðu fengið „Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands". Þar sannaðist hið fornkveðna, að lengi býr að fyrstu gerð, því að margt var þar með líkum hætti og í frumvarpi Brynjólfs nær aldarfjórðungi fyrr.

FRESTUN ÞJÓÐFUNDARINS

Með opnu bréfi dagsettu 16da maí 1850 gerði konungur kunnugt, að þjóðfundur sá, sem heitið var með konungsbréfi 23ja september 1848, skyldi koma saman 4ða júlí 1851. Menn höfðu almennt vænzt, að þjóðfundurinn yrði sumarið 1850, og sú virðist hafa verið ætlun stjórnarinnar fram undir þann dag. Í bréfinu er þessi skýring gefin: „Að sönnu hefði það verið ósk Vor, að fundurinn hefði getað verið þetta ár, en vegna þess ásigkomulags, sem verður að taka til greina, höfum Vér þó orðið að álíta þetta of tímanlegt".[1]

Danska stjórnin orðaði ástæðurnar fyrir frestuninni með mjög óákveðnum orðum, og öðrum heimildum, sem frá henni eru komnar, ber heldur ekki saman, en þeirra verður getið hér á eftir.

Í bréfi, sem Jón Sigurðsson skrifaði Páli Melsteð amtmanni 13da maí 1850, víkur hann að frestun þjóðfundarins með þessum orðum:[2] „Þú getur annars nærri um orsakirnar: a, að ekkert frumvarp var samið fyr en í ótíma, og þá kom upp ágreiningur líklega milli Br(ynjólfs) og R(osenörns). — b, óttinn um Slesvíkurmálið, að það præjudicerist við, ef slakað er til við okkur (— og: að verra sé að snúast við okkur meðan það mál er óklárað? — grunar þig það ekki líka? eða *má* þig ekki gruna það?) — c, hræðsla við óeyrðir á Íslandi, sem eg heyri sagt að ymsir hugprúðir og háttstandandi herrar þar hafi gefið ávæning um. d, ýmisleg smáatriði í öðrum efnum, sem menn vona að tíðin jafni þangað til að vori. Engin af þessum

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ástæðum er gild, nema Litr. *a*, að svo miklu leyti sem menn segja: „taki þeir það sem ekki er til.“ “

Þessi ákvörðun dönsku stjórnarinnar virðist ekki hafa haft langan aðdraganda. Á fundi í ríkisráðinu 6ta maí 1850[3] vakti Rosenørn máls á því, hvort það væri heppilegt að kalla saman í ár þing það á Íslandi, sem boðað hafði verið til með konungsbréfinu 23ja september 1848. Hann benti á, að það hefði ekki verið tiltekinn ákveðinn tími til þinghaldsins, og hann áliti það réttast að fresta því um eitt ár, því að það væri æskilegt, að það drægist um skeið, meðan ókyrrðin væri á Íslandi, enda hefði Trampe stiftamtmaður óskað eftir, að þjóðfundurinn yrði ekki þetta árið, og hann hafi ástæðu til að ætla, að fleiri málsmetandi menn á Íslandi væru sömu skoðunar. Rosenørn leitaði álits ríkisráðsins á því, hvernig hægt yrði að tryggja embættismönnunum nægilegt vald til að rækja embætti sín. Hann áleit, að í því tilliti væri hagkvæmt að senda nokkurn herstyrk þangað, sem gæti verið lögreglunni til aðstoðar. Einnig taldi hann heppilegt, að gert yrði lítið vígi á hentugum stað í staðinn fyrir hið ónýta vígi, svo að herflokkar, sem þar væru, gætu leitað þar hælis.

Hinir ráðherrarnir tóku síðan til máls og létu álit sitt í ljós. Bardenfleth var andvígur því, að herlið yrði sent til Íslands. Menntamálaráðherrann Madvig var sömu skoðunar, en vildi hins vegar senda herskip til Íslands. Sponneck fjármálaráðherra var hlynntur því að senda herskip til Íslands og hafa eins marga hermenn um borð og hægt væri sem hluta af skipshöfninni, en stiftamtmaður réði, hvort þeir færu aftur með skipinu eða yrðu eftir, en umfram allt vildi hann, að stiftamtmanni yrði veitt aukið vald til að senda óróaseggi til Danmerkur, ef nauðsyn krefði.

Zahrtmann flotamálaráðherra vildi láta reisa vígi á eyju í Faxaflóa, og hann tilnefndi herskipið Diana sem hentugan farkost til hinnar fyrirhuguðu ferðar, svo framarlega sem ekkert hafnbann yrði í Norðursjó.

Bardenfleth dómsmálaráðherra taldi hentugast að fara að ráðum Sponnecks og Zahrtmanns, en áleit ógerlegt að kalla þjóðfundinn saman þetta árið, þar sem ekki yrði lokið í tæka tíð að fjalla um frumvarpið og taka endanlega ákvörðun um höfuðatriði þess. Menntamálaráðherrann féllst á skoðun dómsmálaráðherrans, en taldi nauðsynlegt að gefa Íslendingum til kynna, að fundurinn yrði haldinn að ári, til þess að Íslendingum byði ekki í grun, að stjórnin ætlaði að ganga á bak orða sinna. Rosenørn áleit, að ekki væri hægt að leggja frumvarpið fyrir ríkisþingið, áður en það yrði lagt fyrir Íslendinga sjálfa, því að það mundi vekja óánægju hjá Íslendingum.

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Á hinn bóginn væri ekki hægt að eiga það á hættu, að meiri hluti ríkisþingsins yrði á móti því, sem alþingi og stjórnin hefði komið sér saman um. Til þess að tryggja fylgi meiri hlutans í ríkisþinginu vildi hann leggja frumvarpið fyrir nefnd, sem skipuð væri Íslendingum og þingmönnum ríkisþingsins. Fjármálaráðherrann samsinnti þessu, en taldi samt, að meiri hlutinn væri ekki tryggður, en með því hefði það verið gert, sem hægt væri.

Eftir að dómsmálaráðherra hafði bent á, að hið aukna vald, sem stiftamtmanni yrði veitt, ætti að fela í sér, að hann gæti krafizt hlýðni af embættismönnunum á Norðurlandi, lýsti hann sig sammála menntamálaráðherranum að tilkynna Íslendingum um þjóðfund að ári, og að nokkrir undirforingjar, sem gætu verið lögregluþjónar í Reykjavík, færu með hermönnunum.

Að síðustu ákvað ríkisráðið, að Diana yrði send til Reykjavíkur með eins marga hermenn innanborðs og skipshöfnin leyfði, þar á meðal undirforingja, sem áttu að starfa sem lögregluþjónar í Reykjavík.

Trampe stiftamtmanni átti að fá í hendur víðtækara umboðsvald, sem fól einkum í sér aukið vald gagnvart öllum embættismönnum á Íslandi og m. a. til að senda óeirðarseggi til Danmerkur; og að lokum, að opið bréf um þjóðfundinn, sem lofað var með konungsbréfi 23ja september 1848, yrði samið og sent til Íslands.

Þessi fundargerð ríkisráðsins er merkileg heimild. Hún staðfestir tvær (a og c) af ástæðunum fyrir frestun þjóðfundarins, sem Jón Sigurðsson nefndi í bréfinu til Páls Melsteðs amtmanns og getið er hér að framan. Hér kemur það skýrt í ljós, að danska stjórnin óttaðist óeirðir á Íslandi, og sá ótti gerði einnig vart við sig hjá íslenzkum enbættismönnum, Gagnráðstafanir stjórnarinnar voru einnig samkvæmt ráðum þeirra í sumum atriðum. Í bréfum þeim til Rosenørns, sem komu frá Íslandi með póstskipinu fyrir sumarmálin 1850, var að vísu hvergi minnzt á að fresta þjóðfundinum, en ástandinu í landinu var lýst þannig, að augljóst var, að til tíðinda gæti dregið, ef eitthvað bæri út af.[4]

Það er einnig augljóst af fundargerðinni, að stjórnin hefir ekki hugleitt frumvarp Brynjólfs til neinnar hlítar, enda bættist við önnur ástæða, sem gerði enn ákjósanlegra fyrir hana að fresta þjóðfundinum um eitt ár.

Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Jóni bróður sínum 13da maí 1850, vék hann að frestun þjóðfundarins með þessum orðum:[5] „Hjeðan eru mörg og ill tíðindi. Fyrst hefur uppreistarmálið hjerna aldrei staðið eptir því sem jeg held, efasamra enn nú, ef ekki kemur neinn, og

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

höggur í sundur þennan gor-diska hnút. Stjórnendurnir vona allt af að þeir missi ekki Sljesvík, heldur geti sameinað það við Danmörk, þó svo, að Sljesv: hafi fullkomlega aðskilda stjórn og löggjöf í málum þeim, sem henni einni við koma. Þú sjer hjer að allt kemur upp á hver mál skuli vera sameginleg og hver sjerstök fyrir Sljesvík. Mjer sýnist sambandsfrumvarp stjórnarinnar (sem annars er enn aldeilis heimuglegt) mikið nátturlegt og svo frjálslegt fyrir Sljesvík, sem hún með nokkrum rjetti getur heimtað. Stjórnarherrarnir vilja því ekki víkja hársbreidd frá þessu frumvarpi, sem nú er aðalágreiningurinn við friðarsamningana.

Þetta er nokkurskonar formáli fyrir því, sem þú víst verður búinn að heyra, að stjórnarráðið hefur fyrir skömmu síðan (5. maí) tekið þá ákvörðun, að stefna ekki til þjóðfundarins á Íslandi fyrr enn til 4. júlí næsta ár. Þeir segja: Ísland verður að hafa önnur sameiginleg mál, og getur ekki haft eptir náttúrlegum hætti sum sameiginleg mál, sem Sljesvík verður að hafa eptir sínu eðli. En ef við leggjum *nú* frumvarp fram um stöðu Íslands, verðum við að laga það svo, að þeir, sem semja frið með oss, eða Sljesvíkur menn sjálfir geti ekki haft það fyrir ástæður um sína stöðu. Við kjósum því heldur, að reyna til að draga málið eitt ár, vonandi að Sljesvíkurmálið verði þá útkljáð, svo að við þá getum borið frumvarp fram, sem ekki er lagað eptir öðru, enn Íslands egin þörfum. Mjer sýnast nú þessar ástæður ekki gildar, en mjer voru gerðir tveir kostir annaðhvort að fara nú með frumvarp, sem væri lagað eins og stjórnin vildi með tilliti til Sljesvíkur, eða láta bíða til að sumri, og láta þá leggja fyrir frumvarp, sem í öllum höfuðgreinum væri samkvæmt mínu. Jeg svaraði því, að væri jeg óholtur um, að þessháttar frumvarp væri borið upp að sumri, kysi jeg heldur að bíða. En hamingjan veit nú hvernig allt fer."

Af þessu er ljóst, að stjórnin hefir haft tungur tvær, því að Slésvíkurmálið var ekki nefnt á nafn á fundinum í ríkisráðinu, þegar ákveðið var að fresta þjóðfundinum, og Brynjólfur getur hvergi um það í bréfum sínum, að danska stjórnin hafi talað um ókyrrðina á Íslandi sem ástæðu fyrir frestun þjóðfundarins. Hins vegar þarf ekki að draga í efa, að Jón Sigurðsson fer með rétt mál, þegar hann segir, að óttinn við Slésvíkurmálið hafi verið ein orsökin fyrir frestuninni.

Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Páli Melsteð amtmanni 27da maí 1850, rekur hann alla málavöxtu og segir:[6] „Jeg verð að seigja, að stjórninni hafi gengið góður tilgangur til þessa, að minnsta kosti eptir því, sem mjer hefur verið sagt, og jeg setti í skrána til konungs um stefnuna til fundarins. Aðalástæðan var sú: Nú erum við að

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

semja frið, og aðalatriðið þarí, er hvernig sambandið skuli vera milli Danmerkur og Sljesvíkur. Þeir hafa búið til frumvarp til þessa sambands, og vilja ekki víkja um eitt spor frá því, enda sýnist mjer það svo eðlilegt og nauðsynlegt og frjálslegt, sem mögulegt er án þess að rífa Sljesvík öldungis frá Danmörk. En nú segja þeir: Það stendur allt öðruvísi á í Íslandi enn í Sljesvík. Einkum geta ekki sömu málin fyrir Sl. og Ísl. verið sameiginleg með Danmörk, því sum mál geta verið sameiginleg fyrir Ísland og Danmörk, sem verða einungis Sljesvíkurmál eptir frumvarpinu, en önnur mál, sem verða að vera sameiginleg mál fyrir Danmörk og Sljesvík, geta ekki verið það fyrir Danmörk og Ísland. Það er einkum þetta seinasta sem hnúturinn er í. Ef þeir nú skyldi leggja frumvarp fyrir Íslendinga, sem einungis væri lagað eptir Íslands þörfum, þá mundi þeir sem semja friðinn um Sljesvík, hafa frumvarpið um Ísland fyrir átyllu fyrir að mæla móti, að það væri sameiginleg mál fyrir Sljesvík, sem ekki eru það fyrir Ísland. Stjórnendurnir segja því: Þetta þorum við ekki. Við verðum því annaðhvort, að leggja fyrir þjóðfundinn, ef hann verður nú, frumvarp, sem er lagað eptir Sljesvíkur frumvarpinu, eða skjóta fundinum á Íslandi á frest. Mjer var boðið í vetur að semja frumvarp um stöðu Íslands, og gjörði jeg það og fjekk Rosenörn. Þegar hann nefndi fyrst við mig, að fara fyrir konungshönd til fundarins, gjörði jeg það að skilmála, að frumvarp mitt í aðalatriðunum yrði borið upp fyrir fundinn. Rosenörn sagði mjer síðar, að ekkert mundi vera á móti því, en daginn áður enn stjórnarherraráðið tók ákvarðanina, spurði hann mig að, hvort jeg vildi heldur fara með frumvarp nú, sem væri lagað, eins og ofan er sagt, eptir samningunum um Sljesvík, eða láta málið bíða næsta árs. Jeg svaraði því, að *jeg* skyldi kjósa heldur, að fara ekki nú með þetta frumvarp, ef jeg væri fullvissaður um, að stjórnin vildi leggja fyrir frumvarp eptir mínum aðalatriðum að ári, og jeg gæti ekki sjeð, að ástæður stjórnarinnar fyrir biðinni væri fullgildar."

Þessi frásögn Brynjólfs ber með sér, að stjórnin hefir lagt allt kapp á að fresta þjóðfundinum, svo að það mál yrði ekki til ógagns í samningunum við Slésvík. Það er eftirtektarvert, að Brynjólfur segir í báðum bréfunum, að sér finnist ástæður stjórnarinnar ekki gildar, en þá liggur nærri að spyrja, hvers vegna Rosenørn notaði ekki ókyrrðina á Íslandi sem ástæðu fyrir frestun þjóðfundarins, þegar hann ræddi málið við Brynjólf, þar sem ekki þarf að draga í efa, að hún hafði skotið stjórninni skelk í bringu. Af bréfum Brynjólfs má sjá, að hann leit þessa atburði öðrum augum en ráðherrarnir, og stjórninni gat verið kunnugt um, að hann teldi ástæðulaust

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

að fresta þjóðfundinum þeirra vegna, og stjórnin því fært fram ástæðurnar vegna Slésvíkurmálsins.

Á fundinum í ríkisráðinu 6ta maí 1850 var gert ráð fyrir, að ríkisþingið fjallaði um frumvarpið, sem leggja átti fyrir þjóðfundinn.[7]* Þetta kom fram í orðum Rosenørns og samkvæmt því átti þjóðfundurinn ekki að hafa sama vald í stjórnarskrármálinu og grundvallarlagaþingið hafði. Í framhaldi af þessu stakk hann upp á, að nefnd skipuð ríkisþingmönnum og Íslendingum tæki frumvarpið til athugunar til að tryggja því brautargengi í ríkisþinginu.

Það er ekki að sjá, að Íslendingar hafi gert ráð fyrir, að ríkisþingið ætti að koma hér til skjalanna og þeir munu ekki hafa lagt þann skilning í konungsbréfið frá 23ja september 1848, heldur að hér væri einungis við stjórnina að eiga.

Það leið nú að lokum afskipta Brynjólfs Péturssonar af þessu máli. Meðal skjala um undirbúninginn að þjóðfundinum er uppkast með hendi hans að „Allerunderdanigst Forestilling" um frestun þjóðfundarins til 4ða júlí 1851. Rosenørn hefir farið yfir skjalið breytt orðalagi, bætt inn í og strikað út. Þetta opna bréf er prentað í „Departementstidenden 1850" bls. 780–781 með smábreytingum frá því það fór í gegnum hendur Rosenørns.

Í uppkastinu rekur Brynjólfur sögu þessa máls allt frá því, að konungsbréfið 23ja september kom út og fram til þess, að ríkisráðið ákvað að fresta þjóðfundinum. Hann segir, að kosningalögin hafi verið gefin út 28da september 1849 með það fyrir augum, að þjóðfundurinn yrði haldinn 1850, en af ýmsum ástæðum hafi það verið álitið varhugavert, og einkum með tilliti til Slésvíkur. Brynjólfur tilgreinir sömu ástæðurnar og hann nefndi í bréfunum, sem vitnað er til hér að framan. Til að mynda segir hann, að þau mál, sem nauðsynlega verði að vera sameiginleg með Danmörku og Slésvík, geti ekki verið það fyrir Danmörku og Ísland og tilgreinir tollaálögur og tollamálin í heild.

Einnig færir hann það fram sem ástæðu til að fresta þjóðfundinum, að tíminn til að ganga frá frumvarpinu sé orðinn of skammur. Brynjólfur kemur svo í lokin að tillögu Rosenørns um að skipa nefnd í málið, og leggur til, að af Íslands hálfu verði hann og Jón

[7]* Í fundargerðinni segir svo: „*Indenrigsministeren* [Rosenørn] antog, at man ikke godt kunde forelægge Rigsdagen Udkast, forinden det forelagdes Islænderne selv, da dette vilde vække en høi Grad af Misnøie paa Island. Paa den anden Side gik det ikke heller an at udsætte sig for, at det, som Islænderne og Regjeringen vare komne overens om, fik Majoriteten mod sig paa Rigsdagen. Han havde derfor troet nogenlunde at kunne sikkre sig denne ved først at forelægge Udkastet for et Utvalg af dertil egnede Rigsdagsmænd med Tilkaldelse af nogle Islændere".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Sigurðsson tilnefndir, en úr hópi danskra þingmanna þeir F. A. Krieger prófessor og Balthazar Christensen málafærslumaður frá þjóðþinginu, en Schouw etatsráð frá landsþinginu.[8**]

Rosenørn hefir strikað út þennan hluta bréfsins, en skrifað í staðinn að skipun þessarar nefndar sé ekki tímabær, en virðist að öðru leyti vera henni hlynntur. Hins vegar vantar þennan kafla í prentaða textann í „Departementstidenden". Þetta uppkast var lesið upp í ríkisráðinu laugardaginn 11ta maí 1850 af Rosenørn og samþykkt með orðalagsbreytingum.[9**]

Vel má gera sér í hugarlund, að Brynjólfur hafi tekið hugmyndinni um skipun nefndarinnar tveim höndum og séð sér þar leik á borði að koma málinu í höfn með aðstoð hennar, úr því að stjórnin ætlaði sér að leggja frumvarpið fyrir ríkisþingið. Dönsku þingmennirnir, Krieger og Christensen, höfðu alltaf sýnt málefnum Íslands vinsemd og skilning, og Schouw var framarlega í flokki þjóðfrelsismannanna í Danmörku og mikill áhrifamaður meðal hinna eldri í flokknum. Balthazar Christensen var hins vegar síðan 1846 fyrirliði bændavinanna og gat ráðið miklu um afstöðu þeirra til þessa máls.

Nefndin var aldrei skipuð og með þessum atburðum var afskiptum Brynjólfs af þessum málum lokið, enda var heilsa hans á förum, svo að hann gat ekki sinnt sínum daglegu störfum, nema annað veifið, svo sem síðar verður frá greint.

Það var almennt álitið, að Brynjólfur yrði konungsfulltrúi á þjóðfundinum meðan ráðgazt var um að halda hann 1850. Þetta var þó lengst af vetrarins í lausu lofti. Í bréfi til Péturs bróður síns 16da marz 1850 segir Brynjólfur svo frá:[10] „Ekkert veit jeg hver Commissarius muni verða við þenna þjóðfund í sumar. Það hefur ekki verið minnst á það við mig enn, nema Rosenørn spurði mig einusinni að, hvort jeg áliti það ekki rjett, at gjöre det til fremtidig Regel, at Departementsdirecteuren for det isl. Depart: fungerer ved Althinget paa Regjeringens Vegne, en þar til svaraði jeg: jo vel! naar

[8**] Um nefndarmennina fer Brynjólfur svofelldum orðum: „Som saadanne har jeg tænkt mig, af Islændere, Directeuren for det islandske Departement, Justitsraad B. Pjetursson, og Archivar J. Sigurðsson, der sidste Gang var udnævnt til Althingets Præsident, af Landsthingsmænd: Etatsraad Schouw, og af Folkethingsmænd: Professor Krieger og Landsoverretsprocurator Balthazar Christensen, med Hensyn til hvilken jeg maa bemærke, at han, foruden at han besidder en vis Indflydelse i Rigsdagens Folkething, i tidligere Tid i roeskildske Provindsialstænder har vist en stor Interesse for de der behandlede islandske Sager."

[9**] Í fundargerðinni stendur: „Hvilket af Statsraadet vedtoges med nogen Modification i Udtrykkene".

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

han *ellers* duer dertil, og þar með var það efni út talað. Jeg er líka sannfærður um, að *jeg* er ekki fær um að vera það. Fyrst og fremst er jeg of heilsutæpur til þess, og þoli ekki sjóferðina, ef jeg þarf að velkjast í einhverri vesældarskútu, sem öll líkindi eru til að verði mitt hlutfall, ef jeg væri settur til þess, þar sem Marineministeren ekki vill lofa að senda herskip til Íslands í sumar . . .“

Nokkrum dögum áður en Brynjólfur skrifaði þetta bréf skrifaði innanríkisráðuneytið flotamálaráðuneytinu og grennslaðist eftir, hvort það sendi herskip til Íslands þetta vor og hvort konungsfulltrúi gæti fengið far með því. Í bréfinu var bent á, hversu illa hefði til tekizt með för konungsfulltrúa árið áður og þarna er sagt berum orðum, að þjóðfundurinn eigi að hefjast 1sta júlí þá um sumarið.[11] Þetta bréf er dagsett 12ta marz 1850, og flotamálaráðuneytið svaraði degi síðar og sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að konungsfulltrúi gæti fengið far með herskipi, ef það yrði sent til Íslands.[12]

Mánuður leið, án þess að nokkuð væri ákveðið um, hver yrði konungsfulltrúi. Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Pétri bróður sínum 11ta apríl 1850, segist honum svo frá:[13] „Hann (Rosenørn) hefur nefnt við mig nú nýlega, hvort jeg vildi ekki fara heim, sem Commissarius; en jeg svaraði honum; að ef ekki hefði verið um önnur mál að gera í þetta skipti, enn þau er lítið væri undir komið, mundi jeg ekki hafa tregðast við að gjöra það, þó jeg hefði ekki verið stjórninni samdóma í þeim málum og enginn hefði annar fengist. En nú, þar sem um Íslands velferð er að gjöra um aldur og æfi gæti jeg samvizku minnar vegna ekki tekizt Commissaríi embættið á hendur nema stjórnin vildi fallast á uppástungur mínar. Hann svaraði mjer því, að *hann* mundi ekki verða í stjórnarráðinu í höfuðefninu af annari meining, enn jeg; enn að hann vonaði, að jeg mundi ekki neita, ef því yrði framgengt, þó greinum sem minna er í varið, væri breytt. Þar upp á svaraði jeg: nei, ef þær breytingar draga ekki rót undan höfuðstofninum. Við höfum ekki talast við síðan, en hann hefur lofað mjer, að gjöra ekki neitt, fyrr enn við höfum talast nákvæmlega við um málið.“

Í bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Grími Thomsen á sumardaginn fyrsta, rúmri viku síðar, var allt við það sama.[14] „Jeg veit því ekkert um, hvernig fara muni um heimferð mína. En jeg bæði kvíði fyrir því, ef jeg á að fara heim, og fyrir því ef einhver verður annar kosinn af því jeg þá sje að málið fær aðra undirstöðu“, sagði hann. Einhvern daginn eftir að Brynjólfur skrifaði þetta bréf var það ákveðið, að hann yrði konungsfulltrúi, því að hann segir í bréfi til Páls Melsteðs yngra 27da maí 1850 frá frestun þjóðfundarins og bætir síðan

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

við:[15] „Jeg átti áður, enn þessi ákvörðun var gjörð, að fara heim fyrir konungshönd, og hafði jeg fengið far með herskipi, og var eflaus um nokkurn tíma, að jeg mundi fara". Það var herskipið Diana, sem Brynjólfur átti að fara með, og það fór af stað til Íslands 26ta maí að því er Brynjólfur segir í bréfi til Páls Melsteðs amtmanns 27da maí 1850.[16]

Frásagnir Brynjólfs bera það með sér, að það hefir verið einhver togstreita milli hans og Rosenørns út af samningu frumvarpsins. Brynjólfur víkur einmitt að samskiptum sínum og Rosenørns í áðurnefndu bréfi til Péturs Pétursonar 11ta apríl 1850 og segir:[17] „Jeg hef búið til frumvarp til stjórnarlaga Íslands og fengið Rosenörn, og held jeg, að jeg *kynni* að geta unnið *hann*. En hann er of deigur til að geta komið fram sinni meining við hina, af því hann raunar vill, að Ísland verði, sem mest má, sameinað Danmörku, þó hann hins vegar vilji gefa því frelsi í *egin* efnum, sem *honum* sýnast vera svo. Þó vildi jeg að jeg ætti við hann einn að eiga." Af þessu má berlega ráða, að þeir Brynjólfur og Rosenørn hafi ekki verið á eitt sáttir, og stjórnin hafi verið óráðin í, fram til hins síðasta, hvort Brynjólfur ætti að verða konungsfulltrúi, en hann á hinn bóginn sett skilyrði fyrir því að takast starfið á hendur.

Nú vill svo vel til, að í ævisögu sinni, „Løsrevne Blade af Livsminder" birtir Rosenørn greinargerð, sem hann samdi í samráði við Pechlin barón um samband hinna ýmsu hluta Danmerkurríkis.[18] Hann telur upp sameiginleg mál ríkishlutanna[19*] og skiptingu þeirra í landshöfðingjadæmi, sem skyldu kjósa fulltrúa á sameiginlegt þing, er hefði löggjafarvald í sameiginlegum málum. Hins vegar áttu þessir ríkishlutar að hafa sérstök þing í sérmálum sínum, og þau áttu að vera fjögur og skiptast þannig niður, að Lauenborg fékk eitt, Holsetaland og Suður-Slésvík annað, Norður-Slésvík og Danmörk

[19*] Í greinargerðinni segir um sameiginlegu málin: „Foruden de nævnte Gjenstande (Diplomati, Flag, Hær og Flaade med den nævnte Indskrænking) skulde Civilliste, Apanager, Lensadel, Rangfølge, Ordener, den til Marts 1848 stiftede og senere for hele Monarchiet contraherede Statsgjæld og de til Bestridelse af disse Udgifter fornødne Indtægter være fælles for hele Monarchiet, og de disse Forhold angaaende Beslutninger behandles i en fælles Repræsentation. Til dette Øjemed skulde hele Monarchiet inddeles i Landshøvdingsdømmer (for Kongeriget de nærværende Valgkredse til Landsthinget) efter Territorialgrændser (altsaa indbefattende Land, Kjøbstæder og adelige Godser) med en Repræsentation for Communalanliggender, og disse Repræsentationer skulde efter Hensyn til Folketallet vælge Medlemmerne af den fælles delibererende Forsamling, som skulde fastsætte Budgettet og Lovgivningen for Fællesanliggender, hvorimod de indre Landsanliggender skulde henhöre under de særskilte Landsrepræsentationer (i Lauenborg Landstænder, i Holsten og Sydslesvig Landdag, i Kongeriget og Nordslesvig Rigsdag, paa Island Althing)."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

það þriðja og Ísland það fjórða. Hér var gert ráð fyrir skiptingu Slésvíkur, en þeirri hugmynd hafði skotið upp bæði meðal erlendra stjórnmálamanna og hjá dönsku stjórninni eða öllu heldur hjá einstökum ráðherrum í henni.

Frumvarp Brynjólfs og tillögur Rosenørns gerðu ráð fyrir líku skipulagi hinna sameiginlegu mála. Samt virðist Rosenørn hafa verið tregur til að fallast á frumvarpið og hinir ráðherrarnir einnig. Öðru vísi er ekki að skilja orð Brynjólfs, að hann „*kynni* að geta unnið *hann*“ (Rosenørn).

Fyrsta ríkisþingið hófst síðast í janúar 1850. Þar flutti Balthazar Christensen frumvarp til sveitarstjórnarlaga, þar sem gert var ráð fyrir að skipta landinu í 6 landshöfðingjadæmi með eigin þingi.[20] Þetta frumvarp mætti mikilli mótspyrnu hjá stjórninni og Þjóðfrelsisflokknum og varð ekki afgreitt, en það kann að hafa gert sitt til, að Brynjólfur tilnefndi Christensen í nefndina, sem átti að fjalla um frumvarp hans og áður er getið.

Slésvíkurstyrjöldinni lauk með orustunni við Isted í júlímánuði 1850. Um líkt leyti boðaði danska stjórnin til fundar „valinkunnra manna“ (Notabler) og leitaði álits þeirra um heildarskipulag danska ríkisins. Þessi fundur varð ekki fyrr en um miðjan maí 1851. Þar lagði danska stjórnin fram frumvarp um hin sameiginlegu mál hertogadæmanna og Danmerkur, en þau voru: þjóðhöfðingi, konungserfðir, öll utanríkisþjónusta, floti og fáni og enn fremur „samræmt siglinga- og verzlunarkerfi, lögslátta, tollur og póstmál“. Hermálin voru sameiginleg fyrir Slésvík og Danmörku, en hvert hertogadæmi átti að hafa sérstakt þing með ákvörðunarrétti í sérmálum, en Slésvík og Danmörk höfðu auk þess sameiginlegt ríkisþing í einni málstofu.[21]

Þetta náði ekki fram að ganga, og nóvemberráðuneytið sagði af sér þá um sumarið. Rosenørn hafði sótt um að fara frá í desember árið áður, en sat samt fram í júlí með hinum ráðherrunum. Þar með var afskiptum hans af málefnum Íslands lokið.

Af framansögðu er ljóst, að danska stjórnin átti í ærnum erfiðleikum við að ganga frá málum sínum og hertogadæmanna eftir lok styrjaldarinnar. Mál hertogadæmanna var orðið eitt af milliríkjamálum stórveldanna í Evrópu. Norðurlönd og Rússland studdu Dani, en Rússakeisari leit engu að síður grundvallarlögin hornauga, svo að danska stjórnin sá þann kost vænstan að bægja hinum frjálslyndari öflum frá stjórnveli ríkisins, svo að Rússar sneru ekki baki við þeim. Þess var því tæplega að vænta, að frestun þjóðfundarins mundi færa Íslendingum betri kosti en þá, sem Brynjólfur vonaðist

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

til að geta fengið vorið 1850. Þess vegna reyndi hann að tryggja, að frumvarpið yrði lagt fyrir þjóðfundinn að ári, en hvort tveggja var, að hann var þá að dauða kominn, og til einskis fær í þeim efnum, en um gjörvalla Evrópu lutu frelsishræringar febrúarbyltingarinnar í lægra haldi fyrir andstæðum öflum.

Þeir sagnfræðingar, sem ritað hafa um þessa atburði, eru þeirrar skoðunar, að samband hafi verið á milli tillagna Rosenørns og frumvarps Brynjólfs, þannig að það hafi orðið að fara í sömu gröfina og tillögur Rosenørns, sem getið er hér að framan. Þess skal þó getið, að engin skjöl eru kunn, sem taka af öll tvímæli um samband þessara tillagna, en líklegt má teljast, að Brynjólfi hafi verið fullkunnugt um, hvað Rosenørn ætlaðist fyrir í þessu máli, og tekið mið af því við samningu frumvarps síns.

Það hefir verið talið, að frestun þjóðfundarins hafi valdið verulegum vonbrigðum meðal Íslendinga, og ekki þarf að draga í efa, að svo hefir víða verið. Engu að síður heyrðust raddir um hið gagnstæða, til að mynda skrifar sr. Sigurður Arnórsson Brynjólfi mági sínum 1sta ágúst 1850 og segir:[22] „aldeilis gillti einu, þó ekki yrdi af Fundinum í ár, ef ské kynni ad undirbúningurinn yrdi betri ad ári. jeg ætla nú ad predika vid og vid útaf mis mun þeim, sem er á milli *Frelsis* og *sjálfrædis* því þad fynnast mér vera Synonyma hjá alþídu; alt fyrir þad er ej nema ligi tóm umm uppreist í Islandi, því ekki eru Inbúar þess so vitlausir;“ Það kveður við svipaðan tón í bréfum til Brynjólfs frá Þórði Jónassyni. Til að mynda segir hann í bréfi, sem skrifað er síðari hluta sumars 1850:[23] „Mikid var þad í mörgu tilliti hentugt, ad þad vard ekki af fundinum í sumar, því menn setjast nokkud í kröfum sínum á medan; Her er öll þörf á því, og þarum ætla eg Þingvallafundurinn núna seinast bar ljósast vitni. —“ Hins vegar þótti Þórði málin ekki skipast á þann hátt, sem hann taldi æskilegt, og í bréfi til Brynjólfs 1sta marz 1851 segir hann svo frá:[24] „Þad er leidinlegt ad fretta ekkert í svo lángan tíma af vinum og kunníngjum, en þo þú nú finnir þig fullfrískan, þá samt taktu ekki ad þér ad mæta á fundinum hérna, því med því kynnir þú ad reyna ofmikid á þig. Þad verdur ekki heldur eptir öllum líkindum neitt sældar braud ad midla þar málum eptir því sem nú gjörast hér kröfur manna, og þad þeirra, sem taldir eru skynsamir og rádsettir menn. Eg veit nefnil. ekki betur, enn ad menn hér uppi nú vilji ekkert eiga saman vid Danmörku, nema konúng med suspensiv veto. Stjórnin öll vilja menn verdi hér, og eingir mæti á ríkisfundi Dana; en menn svo ættu ad geta stadid her straum af stjórninni og þeim kostnadi, sem þarmed naudsynl. er samfara skil eg

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

ekki; Eg get vel skilið, ad menn vilja ad stjórnin verdi her á einum stad, og amtmannaembættin takist af, þad hefur mikið fyrir ser i theorien, en in praxi eru á því mörg vankvædi, í landi, sem er svo strjálbyggt, og ómögulegt er ad koma á alminlegum póstgaungum; Þeir, sem mest mæla fram med öllu þessu, held eg ætli ser ad fiska í hrærdu vatni, eda svo lítur þad út. —"

Þess gætir víða í bréfum til Brynjólfs frá bræðrum hans og vinum, að þeir álitu, að konungsfulltrúinn mundi ekki baða í rósum á þjóðfundinum.

Sama daginn og konungur skrifaði undir „opið bréf" um frestun þjóðfundarins (16da maí) samþykkti hann annað skjal, sem bar yfirskriftina „Allerunderdanigst Forestilling. Angaaende midlertidig Overdragelse af en udvidet Embedsmyndighed til Stiftamtmanden over Island, Grev Trampe". Skjalið er dagsett degi áður í innanríkisráðuneytinu og undirritað af Rosenørn, en ekki af Oddgeiri Stephensen, svo sem venja var með skjöl, sem snertu Ísland, en af því er helzt að ráða, að þetta skjal hafi ekki komið fyrir augu starfsmanna íslenzku stjórnardeildarinnar, því að það er ekki fært inn í „Forestillingsprotocol" stjórnardeildarinnar, og það var ekki prentað í „Departementstidenden" þetta ár. Það mætti því ætla, að það hafi ekki átt að koma fyrir of margra augu.

Með þessu skjali liggur uppkast að „Forestillingen" með hendi Rosenørns og uppkast að bréfi til Trampe stiftamtmanns með sömu hendi, þar sem gerð er grein fyrir hinu aukna embættisvaldi, sem honum er í hendur falið með bréfinu. Þessi „Forestilling" er í beinu framhaldi af fundinum í ríkisráðinu 6ta maí og tilgreinir nánar um þær ástæður, sem lágu til þess, að þjóðfundinum var frestað, og ekki voru tilfærðar í hinu opna bréfi, en leiddu til þess, að Trampe voru fengin aukin völd í hendur.[25*]

[25*] Í „Forestillingen" segir svo: „Det kan nemlig ikke nægtes, at de Agitationer, som allerede i forrige Aar begynte paa Island og navnlig bevirkede et i flere Henseender beklageligt Skridt af Bønderne i Skagafjorden mod den daværende Amtmand i Nord- og Østamtet, nu afdøde Etatsraad Johnsen, i Vinterens Løb have taget en større Udbredelse og neppe ere uden Forbindelse med de uheldige Optrin, der have fundet Sted i Reykjavik, idet deels Skolediscipleine have viist en saadan Opsætsighed mod Skolens Rector, at denne derved er bleven foranlediget til at reise herned, og deels det store Fleertal af Menigheden i Reykjavik paa en lignende Maade er optraadt mod Domkirkepræsten sammesteds.

Gjentagelsen af saadanne Optrin, der vidne om, hvormeget Agtelsen for Autoriteten er svækket der i Landet, hører vistnok til Mulighederne, og for at gjøre det lettere for den offentlige Myndighed at optræde derimod, vil, hvis Deres Majestæt bifalder det, et Krigsskib blive opsendt til Landet.

Men i Forbindelse hermed sýnes der i Forholdene Grund til midlertidig at tillægge

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Hið aukna embættisvald, sem Rosenørn vildi fá stiftamtmanni í hendur, átti að vera fólgið í því, að hann gæti sent hættulega einstaklinga úr landi eða til annarra landshluta og vikið embættismönnum úr starfi eða sett þá í starf. Einnig var talað um að senda herlið til landsins til að halda uppi röð og reglu í landinu og hlíta boði stiftamtmanns að öllu leyti. Þessi ákvæði voru tekin úr tilskipunum um aukin embættisvöld til handa landstjóranum í Vestur-Indíum.

Rosenørn vantaði ekki upplýsingar um stjórnmálaástandið á Íslandi þann tíma, sem hann var innanríkisráðherra. Einn þeirra, sem hélt sambandi við hann, var prófessor Pétur Pétursson. Í bréfi, sem hann skrifaði Rosenørn 3ja marz 1851, gerir hann grein fyrir stjórnmálaástandinu á Íslandi og hvernig hann hugsar sér samband landanna.[26*] Af svarbréfi Rosenørns sést, að skoðanir Péturs og

Stiftamtmanden over Island en udvidet Embedsmyndighed, saaledes som tidligere har været Tilfældet paa andre Steder, hvor der maa handles uden direkte Forbindelse med Deres Majestæts Regjering, navnlig i Vestindien, hvor en saadan udvidet Myndighed blev overdragen Generalgouverneuren under 25*de* April 1817 og i endnu større Omfang under 12*te* August 1820, ligesom noget lignende fandt Sted ved den Instrux, der under 29*de* September 1848 meddeeltes den ad interim fungerende Generalgouverneur i Vestindien.

Det er navnlig tvende Bestemmelser i sidstnævnte Instrux, som jeg har troet specielt at burde fremhæves ved Overdragelsen af den omhandlede udvidede Embedsmyndighed til Grev Trampe, deels den i den vestindiske Instrux § 2 indeholdte Beføielse til at fjerne enkelte farlige Individer fra et givet Sted eller fra Landet i det Hele, hvilken formentlig forventes at ville kunne komme til Anvendelse ved enkelte Subjecter, som der maatte være Anledning til at udvise af den lærde Skole og i Forbindelse dermed at fjerne fra Reykjavik, og deels den i Instruxens § 6 indeholdte Beføielse til at suspendere og constituere Embedsmænd.

Det øvrige væsentlige Indhold af den fornødne Bemyndigelse kan sammenfattes i en almindelig Beføielse til at træffe de Foranstaltninger, som findes fornødne til at betrygge Landets Sikkerhed eller til at vedligeholde Orden og Rolighed, i hvilket Øiemed ogsaa de militaire Kræfter, som maatte opsendes til Landet, stilles til Stiftamtmandens Disposition.

I Henhold hertil har jeg tilladt mig at udfærdige det hoslagte Rescript til Stiftamtmand Grev Trampe, hvilket af Statsraadet er bifaldet, og som jeg saaledes, i Haab om, at samme maatte vinde Deres Majestæts allerhøieste Approbation, allerunderdanigst tillader mig at forelægge til Deres Majestæts

allerhöiste Underskrift.

Indenrigsministeriet, den 15*de* Mai 1850.

Allerunderdanigst

Rosenörn

/Th Rosenørn.

[26*] Í bréfinu segir Pétur svo frá: „Det som især har giort Thodolfur forhadt, er saavel Redacteurens intellectuelle Umyndighed, som Bladets smudsige Tone; derimod have dets Bestræbelser for at nære separatiske Tendentser destoværre forefundet her

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

stjórnarinnar hafa átt góða samleið, og Rosenørn gefur í skyn, að ný ríkisstjórn muni ekki gera Íslandi betri kosti, en stjórnarskipti liggi í loftinu. Rosenørn segir enn fremur, að hann hafi ekki notið aðstoðar Brynjólfs við gerð frumvarpsins vegna veikinda hans, og af þeim ástæðum hafi hann átt erfiðara með að koma því í gegn í ríkisráðinu, að alþingi yrði áhrifameira. Í bréfinu talar Rosenørn um, að um tvær leiðir sé að ræða, að láta allt vera við það sama með þeirri undantekningu, að fjárlög Íslands séu samin á ríkisþinginu, eða grundvallarlögin verði samþykkt á Íslandi.[27*]

Degi síðar en prófessor Pétur Pétursson skrifaði Rosenørn, ritaði Trampe stiftamtmaður innanríkisráðuneytinu rækilega greinargerð um „Udkast til Lov, hvorved Islands Stilling i Riget fastsættes" og stjórnmálaástandið í landinu. Þessi greinargerð er varðveitt í tvíriti, sem bæði virðast með hönd Trampe.

Af upphafi bréfsins sést, að Trampe hefir haft frumvarpið til þjóðfundarins í höndum í einhverri gerð, því að hann lætur í ljós skoðun sína á þeim breytingum, sem gerðar eru vegna sérstöðu Íslands, og segist hafa sagt nokkrum frá því í trúnaði, en þeir síðan

en altfor gunstig Jordbund og jeg maa beklage, at disse Tendentser ere temmelig udbredte her i Landet, hvilket navnlig fremgaaer af de hertil indsendte Forslag fra flere af de i Sysselerne nedsatte Comiteer, hvorom Grev Trampe formodentlig vil give Deres Høivelbaarenhed nærmere Underretning. Jeg kan derfor ligesom jeg tidligere har tilladt mig at yttre — ikke andet end være af den Formening, at der i Regjeringens Udkast til Islands forfatningsmæssige Stilling til Danmark maa gives visse Hovedpunkter og Grundbestemmelser, om hvis Realitet der egentlig ikke kan disputeres — saafremt Island skal blive en integrerende Deel af Monarchiet — samt at det vil være nødvendigt, for at faae en Ende paa Sagen, at stille det Alternativ til den forestaaende Forsamling, enten at gaae ind paa disse Punkter, eller at Kongen indtil videre som hidtil vedbliver at være uindskrænket her i Landet. Dog maa man ikke forestille sig Sagernes Tilstand værre end den i Virkeligheden er og det er slet ikke utænkelig, at man vil kunne vinde Forsamlingens Majoritet for en fornuftigere Betragtningsmaade end den som viiser sig i de indkomne Forslag, navnlig hvad det suspensive veto og Islands Repræsentation paa Rigsdagen angaaer; i det mindste skal jeg gjöre dertil alt hvad mine ringe Kræfter formaae; thi netop fordi jeg ønsker Island alt muligt Held og Lykke ønsker jeg ogsaa dets Tilslutning til Danmark, ligesom jeg paa den anden Side er fuldkommen overbeviist om, at Regjeringen, ved Ordningen af Islands indre Anliggender, vil tage dets fjerne Beliggenhed og locale Interesser i Betragtning."

[27*] Í bréfinu segir svo: „Iövrigt vil Islands egen velforstaaede Interesse maatte före til i det væsentlige at tiltræde Regjeringens Forslag, thi disse ere vistnok saa gunstige for Landet, som de vel kunne tænkes, og hvis de afvises, tvivler jeg meget paa, at de ville blive gjentagne. Man vil imidlertid da ikke kunne fölge det andet af dem ommeldte Alternativ, at lade Alt forblive in statu quo, eller, som De siger, fremdeles at lade Kongen være uindskrænket paa Island. For det Förste er nemlig det sidste allerede ikke saa ganske Tilfældet, eftersom Finansloven allerede nu omfatter

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

látið það berast út um landið eins og eitthvað, sem þeir héldu að vel mundi eiga við, og konungur vildi fallast á.[28*]

Trampe segir, að sér hafi heldur brugðið í brún, þegar hann fékk tillögur frá nokkrum sýslum í hendur, því að þar var alls staðar óskað eftir algjörum skilnaði við Danmörku, nema konungur átti að vera sá sami og hafa frestandi neitunarvald, seta íslenzkra fulltrúa á ríkisþinginu var talin ónauðsynleg, og fjármál landanna áttu að vera aðskilin. Þrír ráðherrar áttu að stjórna landinu, og það átti að koma á fót hæstarétti með 7–9 mönnum. Á Norðurlandi átti að vera vicebiskup og lærður skóli, og stórþingið í Noregi átti að skera úr, ef alþingi og ríkisþingið greindi á. Þá var óskað eftir verzlunarfrelsi.

Trampe varð þess fullviss, að þingmennirnir mundu flestir aðhyllast þessar tillögur, svo að fyrirsjáanlegt væri, að frumvarp stjórnarinnar mundi ekki fá fylgi meiri hlutans í þinginu. Hann taldi því nauðsynlegt, að grundvallarlögin yrðu lögleidd á Íslandi, án þess að þau yrðu lögð fyrir alþingi, en það fjallaði einungis um hin sérstöku lagaboð fyrir Ísland. Þá vildi hann, að sú breyting yrði á embætti stiftamtmanns, að hann fengi ráðherravald í innanlandsefnum, sem ekki hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Hann taldi óráðlegt, að Íslendingur gegndi starfi stiftamtmanns vegna frændgarðs og tengdafólks. Amtmannsembættin vildi hann leggja niður, en setja í stað þess á stofn tvö deildarstjóraembætti undir stiftamtmanni, þegar póstsamgöngur í landinu batna.

alle Statsudgifter og Statsindtægter ogsaa Island vedkommende, og dette Afsnit af dem, lige med de övrige, allerede nu behandles og vedtages af Rigsdagen. Dernæst fordrer ogsaa Grundloven, hvis fulde Gyldighed for Island hidtil kun har været udsat efter den nu afholdende Forsamlings Betænkning om Modaliteten af dens Indförelse, vedblivende sin Fyldestgjörelse ogsaa for denne Del af Riget. Det andet Alternativ, hvorpaa der kan tænkes, vil ogsaa være — forudsat at den hele nyere Udvikling staar fast ogsaa i Danmark, og i modsat Fald vil status quo ante af sig selv være given — at gjöre Grundloven og Rigsdagens deri begrundede Myndighed gjældende for Island uden anden Lempelse, end der följer af, at Islænderne ikke vilde have Representanter i Rigsdagen, eller med andre Ord, at lade Kongen og Rigsdagen udöve Statsmagten for Islands Vedkommende i dens fulde Omfang, uagtet ingen islandske Rigsdagsmænd give Möde, men med Iagttagelse af de hidtil bestaaende Love om Althinget som en raadgivende Provinsialinstitution."

[28*] Í greinargerðinni segir svo: „Da Udkastet i det Hele yder Island alle de samme Rettigheder, som Danmarks Riges Grundlov giver for det ovrige Rige og det derhos, paa Grund af Islands Fjernhed og særegne Beskaffenhed, indrömmer meget liberale Modificationer, navnlig ved at indrömme Islands Althing i Forening med Kongen den lovgivende Myndighed for alle de egentlige islandske Anliggender; hvilke saaledes ere bragte uden for alle det samlede Riges ovrige Sager; samt ved den Rettighed der i § 12 gives Islands Repræsentanter paa Rigsdagen.— Jeg burde saaledes ikke

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Trampe var sannfærður um, að frumvarp stjórnarinnar mundi mæta mikilli mótspyrnu, og taldi nauðsynlegt, að herskip yrði sent til Íslands og á því landher og hann ekki of fámennur, sem yrði hér, unz allt væri orðið rólegt. Auk þess taldi hann nauðsynlegt að veita konungsfulltrúa vald til að slíta þinginu jafnskjótt og það gengi lengra en frumvarp stjórnarinnar ætlaðist til þrátt fyrir mótmæli konungsfulltrúa.[29*]

Áformað var að láta prenta tillögurnar úr sýslunum, en Trampe lagðist gegn því, þar sem hann áleit, að slíkt mundi hafa skaðleg áhrif, þegar þær bærust út um landið, og lét prentsmiðjuna synja þess að prenta þær vegna þess, hve margar og langar þær væru. Þá voru þær sendar Jóni Sigurðssyni til Kaupmannahafnar, en Trampe skaut því til stjórnarinnar, hvort ekki væri réttast að koma einnig í veg fyrir prentun þeirra þar, því að hægara væri að dreifa þeim út um Ísland frá Kaupmannahöfn en Reykjavík.

Á sama hátt hindraði Trampe, að áskorun um Þingvallafund yrði birt í Lanztíðindunum og leitaði álits stjórnarinnar á því, hvort ekki væri réttast að banna hinn fyrirhugaða Þingvallafund.

Af þessu er ljóst, að Trampe hefir haft frumvarpið með höndum alllengi, þegar hann skrifar þessa greinargerð, og í raun og veru má segja, að örlög þjóðfundarins séu ráðin í öllum höfuðatriðum með þessu skjali, enda gekk það eftir, sem hér var ráð fyrir gert, svo sem alkunna er.

Brynjólfur Pétursson mun hafa vitað næsta lítið um það, sem

have noget Væsentligt ved Udkastet at bemærke, ligesom jeg ogsaa ved dets Modtagelse antog, at ingen her paa Island, i det mindste Ingen af dem, som henregnes til de mere dannede og oplyste, skulle kunne have Noget at indvende imod det. — Jeg troede det derfor hensigtmæssigt confidentielt at meddele det til Enkelte, hvis Anskuelser forud vare mig bekjendt og nogle af Disse have derefter atter meddeelt Hovedindholdet af Udkastet til Flere omkring i Landet; men ikke som et fra Regjeringen sendt Udkast; men som noget, der af dem ansaaes hensigtsmæssigt for Landet, og som de haabede var det, Kongen ville give. —"

[29*] Um stjórnarfrumvarpið segir svo í greinargerðinni: „Naar Udkastet maatte kunne gives den ovenanförte Modification, maa det vel antages, at enhver fornuftig Islænder maa kunne see, at Island i ingen Henseende kommer til at staae tilbage for nogen anden Deel af det samlede Rige; men jeg er dog overbeviist om, at Udkastet vil möde betydelig Modstand, hvis der ikke fra Regjeringens Side vises, at det er dens alvorlige Beslutning, ikke at indromme videre eller mere end Udkastet fastsætter; og maa jeg i saa Henseende ansee det aldeles nodvendigt, at et Krigsskib hertil opsendes forsynet med Landtropper ikke alt for Faa, og at disse sidste forblive her indtil man kan sige, at alle Forholde ere ordnede og alt roligt. — Det bliver derhos vistnok nodvendigt, at der gives den Kongelige Commissarius Myndighed til at hæve Forsamlingen saasnart denne, uagtet hans Remonstration, gaaer uden for eller videre end det forelagte Udkast."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

gerðist í þessu máli eftir að þjóðfundinum var frestað, og það voru fleiri en hann, sem ekki vissu, hvað var á seyði hjá stjórninni. Til að mynda skrifaði Jón Sigurðsson Gísla lækni Hjálmarssyni 29da september 1850 og sagði:[30] „Ekkert er nú gjört við stjórnarmálefnið okkar, því Brynjólfur Pétursson er nú lasinn þaraðauki, og guð veit hvort hann réttir við. Það er að vísu skaði mesti að missa hann, því bezti drengur hefir hann ætíð verið, en dugnaður og framkvæmd hans í málefnum Íslands hefir verið nokkuð sljó, þó viljinn hafi verið sá bezti. Mér hefir fundizt hann vera að digna smásaman, og verða innlífaðri dönskum hugsunarhætti, hérumbil einsog Lanztíðindin."

Að öllum líkindum hefir Jón skrifað þessar línur um svipað leyti og stjórnin var að senda Trampe frumvarp það, sem hann hafði með höndum veturinn 1850–1851.

Síðasta árið, sem Brynjólfur lifði, er lítið frá honum sagt, nema þá frá veikindum hans. Það var helzt í sambandi við aðalfund Bókmenntafélagsins vorið 1851, að menn höfðu eitthvað frá honum að segja. Jón Sigurðsson var kominn heim á leið til Íslands á þjóðfundinn, þegar fundurinn var haldinn, en einn þeirra, sem skrifuðu Jóni fréttir af stjórnmálaviðhorfunum í Danmörku, var Gísli Brynjúlfsson. Í bréfi dagsettu 11ta júní 1851 segir hann:[31] „Hvort Br. Pjetursson hafi sent bróður sínum frumvarp sitt eða ekki, veit eg ei, því hann er nú útá Klampenborg og eg hitti hann svo sjaldan. Því miður finnst mjer honum alltaf vera að vesna og ósköp tók hann sjer nærri að hann var ei valinn forseti aptur á bókmenntafjelagsfundinum, og þó eg viti vel að enginn er færari um að vera það enn þú, eins og nú líka er orðið, þá held eg þó að það hefði verið rjettara að gremja ei Brynjólf með þessu nú enn bíða heldur þangað til í haust, svo honum yrði hlíft í lengstu lög; Frú Hjaltalín segir hann hafi slitið af sjer hárið og rifið allt í sundur þegar hann kom út á Klampenborg um kvöldið, svo gramur var hann Íslendingum. Um Ísland hef eg heyrt hann segja það eitt, að þar verði aldrei frelsi, því Bardenfleth sje svo „slæmur" og Rosenörn hafi sent heim sinn „hjegóma", haft reyndar nokkuð úr frumvarpi sínu en tekið burt allt „andlitið" á því (eða *sjer* stundum) &c, og er þetta, eins og vant er, vit í óviti".

ÆVILOK OG EFTIRMÆLI

Brynjólfur Pétursson var aldrei við sterka heilsu eftir að hann náði þrítugsaldri. Hann var löngum ofhlaðinn störfum frá þeirri

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

stund, að hann var settur fulltrúi í rentukammerinu 1844. Við þetta bættust svo fjármálavandræðin, sem fylgdu honum fram á grafarbakkann. Á útmánuðum 1850 fann hann, að heilsan þvarr og á sumardaginn fyrsta skrifaði hann Grími Thomsen og sagði:[1] „Verra þykir mjer það að jeg get ekki náð heilsu minni aptur. Nú segir Hjaltalín það sje allt taugaveiki, sem í mjer er, og segir batni af engu, nema jeg geti tekið mjer tómstund frá störfum mínum. En það er ekki til þess að hugsa, jeg hef ósköp að gjöra. En svo er jeg orðinn magur og veiklegur útlits, að hver maður, sem ekki hefur sjeð mig nokkurn tíma, spyr hvort jeg hafi legið veikur.“ Í næstu bréfum, sem hann skrifaði bróður og vinum, vék hann hvergi að heilsufarinu, en í bréfi til Jóns bróður síns 30sta júlí 1850 segir hann:[2] „Mjer lýður bærilega með heilsuna og hef ekki miklar þjáningar nú af því, sem jeg hef haft áður, og jeg vona mjer batni smátt og smátt. Það er eiginlega taugaveiki sem gengur að mjer, og þyrfti jeg því að fá nokkra hvíld, og hana hef [jeg] nokkra von um að geta fengið. Að öðru leyti líður mjer vel, og jeg hef ekki áhyggjur fyrir sjálfan mig.“

Þessi vellíðan entist ekki lengi. Samkvæmt bréfi, sem Brynjólfur skrifaði Pétri bróður sínum 12ta marz 1851, veiktist hann aðfaranótt 27da ágúst 1850 og í bréfi til Jóns í september það ár segist hann hafa verið veikur „nokkurn tíma“.[3] Hann virðist hafa leitað til prófessors C. E. Fengers með veikindi sín, og að ráði hans fór Brynjólfur út á Klampenborg til Jóns Hjaltalíns.

Jón Sigurðsson skrifaði Páli Melsteð sagnfræðingi 29da september 1850 þessi tíðindi:[4] „Brynjólfur Pétursson er hættulega veikur, svo við erum hræddir um hann, veiki hans er lángvinn en þó engu betri fyrir það. Hann hefir ekki getað neitt gert núna í mánuð, og menn hafa tekið eptir því í sumar, að hann var orðinn málstamari en fyrri, og er einsog hann gleymi orðunum jafnframt og hann talar. Einhver óregla er í heilanum og í blóðinu, því það stígur honum til höfuðsins, kvíði og hræðsla er því samfara.“

Brynjólfur flutti í Vestergade 46 á horninu á Vestergade og Ny Kattesund í októbermánuði þetta haust. Það var Björg Lund, sem tók þessa íbúð á leigu, en Brynjólfur skrifaði undir samninginn sem ábyrgðarmaður. Þessi samningur er varðveittur meðal skjala skiptaréttarins í eftirriti. Hann er dagsettur fyrsta ágúst 1850. Brynjólfur mun þó ekki hafa verið þar lengi, því að í ódagsettu bréfi, sem Jón Sigurðsson skrifaði séra Þorgeiri Guðmundssyni fyrir áramótin 1850–1851, segir hann, að Brynjólfur hafi verið úti á Klampenborg nærri mánaðartíma (henved en Maaneds Tid),[5] og í öðru bréfi dagsettu 2an janúar 1851 segir hann, að Brynjólfur sé betri, en liggi

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

samt enn úti á Klampenborg.[6] Hann kann þó að hafa komið til borgarinnar annað veifið, en mestan hluta vetrarins hefir hann dvalið hjá Jóni Hjaltalín úti á Klampenborg, því að Hjaltalín gerði dánarbúinu reikning fyrir dvöl Brynjólfs á hælinu vetrarmánuðina janúar, febrúar, marz og hluta af maí 1851, og var sú upphæð 80 dalir og röskir 4 dalir fyrir meðöl að auki.[7]

Brynjólfur naut þess ekki lengi að eiga Hjaltalín að, því að hann sigldi heim til Íslands fyrri hluta sumars 1851 til að rannsaka brennisteinsnámur, og átti ekki afturkvæmt til Danmerkur. Í bréfasafni Brynjólfs eru 2 bréf frá honum til Brynjólfs og hið fyrra, sem er dagsett 20sta júní, er sent til Klampenborg, og Gísli Brynjúlfsson segir í bréfi til Jóns Sigurðssonar 11ta júní 1851 um Brynjólf:[8] „. . . hann er nú útá Klampenborg og eg hitti hann svo sjaldan."

Magnús Eiríksson guðfræðingur skrifaði Jóni degi seinna en Gísli og sagði, að Brynjólfur hefði ætlað að semja skýrsluna um aðalfund Bókmenntafélagsins 1851, sem fyrr hefir verið getið, en þegar til kom gat hann ekki notað hana.[9]

Rosenørn skrifaði Pétri bróður Brynjólfs um sama leyti eða 9da júní og segir þar, að heilsufar Brynjólfs sé bágborið og hann hafi verið frá störfum síðan haustið 1850.[10*]

Þegar þessum heimildum sleppir er fátt vitað, hvað á daga Brynjólfs dreif um sumarið 1851. Í lokareikningunum frá skiptanefndinni 17da apríl 1855 er lokið miklu lofsorði á Björgu Lund fyrir það, hve mikla fórnfýsi og þolgæði hún hafi sýnt í sjúkdómi hans.[11*] Þetta virðist benda til þess, að hann hafi verið heima á Vestergade 46 einhvern tíma úr sumrinu. Þessi sama heimild greinir einnig frá því, að Brynjólfur hafi verið fluttur á Friðriksspítala 26ta september. Það kemur og fram í reikningum, að prófessor Fenger hafa verið greiddir 50 dalir fyrir „Lægetilsyn".

[10*] Í bréfinu segir: „Det har i det hele gjort mig inderlig ondt at se og erfare, hvor svag Deres Broder er. Han er for Tiden kun som en Ruin af sin gamle Aandsstyrke og navnlig er det ham næsten umuligt i alt Fald mundtlig, at give sine Tanker et correct og fuldstændigt Udtryk; han har i Virkeligheden været dispenseret fra alle Forretninger lige siden forrige Efteraar, og hans Befindende viser endnu ikke kjendelige Spor til Bedring."

[11*] Það er byggt á „Nota", sem er svohljóðandi:„Da Justitsraad Pjetursson blev bragt paa Hospitalet den 26*de* September fandtes i hans Tegnebog 15 Rbd. Da Pjeturssons Værtinde, Madame Lund, med stor Opoffrelse og Udholdenhed havde passet ham og ydet ham al mulig Hjelp i hans svære Sygdom, fandt jeg det, efter derom at have raadført mig med en af hans Venner, Sysselmand Finsen, rettest, at lade hende tilflyde disse Penge som en, skjöndt formeentligen altfor ringe, Douceur i bemeldte Anledning, hvilket jeg ogsaa vidste vilde være stemmende med Justitsraad Pjeturssons eget Ønske efter hvad han til enkelte Tider havde yttret for mig desangaaende."

SLÆGTSFORSKERNES BIBLIOTEK

Sjúkravist Brynjólfs á Friðriksspítala varð ekki löng, því að 7da október var hann kominn út á „St. Hans Hospital paa Bidstrupgaard", sem var geðveikra- og kynsjúkdómahæli.

